Vefrit fjármálaráðuneytisins 2001–2009

II

Ábm:
Baldur Guðlaugsson, 22. mars 2001 – 5. febrúar 2009
Indriði H. Þorláksson, 12 febrúar 2009 – 11. júní 2009
Guðmundur Árnason, 18. júní 2009 – 3. september 2009

Umsjón:
Bolli Þór Bollason, 22. mars 2001 – 28. október 2004
Sigurður Guðmundsson, 4. nóvember 2004 – 3. mars 2005
Þorsteinn Þorgeirsson, 10. mars 2005 – 3. september 2009

Fjármálaráðuneytið
október 2009

Höfundar efnis árin 2005-2009 eru m.a.:

Angantýr Einarsson
Arna Sigurðardóttir
Arnar Þór Másson
Arnar Þór Sveinsson
Ása Ögmundsdóttir
Ásdís Kristjánsdóttir
Ásta Björk Sigurðardóttir
Baldur Guðlaugsson
Benedikt Valsson
Bergþóra Bergsdóttir
Björn Matthíasson
Björn Ragnar Björnsson
Dórothea Jóhannsdóttir
Elías Jón Guðjónsson
Elín Guðjónsdóttir
Elmar Hallgrímsson
Elva Ósk Wiium
Elvar Hrafn Árnason
Eyþór Benediktsson
Fjóla Agnarsdóttir
Guðmundur Jóhann Árnason
Guðmundur S. Guðmundsson
Guðrún Ögmundsdóttir
Gunnar Björnsson
Gunnar Gunnarsson
Hafsteinn S. Hafsteinsson
Hallgrímur Guðmundsson
Haraldur Steinþórsson
Harpa Theodórsdóttir
Helgi Hjálmtýsson
Hjördís Dröfn Vilhjámsdóttir
Hrund Sveinsdóttir
Huginn Freyr Þorsteinsson
Hugrún Ösp Reynisdóttir
Hörður Garðarsson
Ingibjörg Helga Helgadóttir
Ingvi Már Pálsson
Ingþór Karl Einarsson
Jóhann Gunnarsson
Jóhann Rúnar Björgvinsson
Jóhanna Þorgilsdóttir
Jóhannes Páll Gunnarsson
Jón Magnússon
Jónína B. Bjarnadóttir
Jóna Björg Guðnadóttir
Leifur Eysteinsson
Lilja Sturludóttir
Linda Garðarsdóttir
Magnús Óskar Hafsteinsson
Marinó Melsteð
Maríanna Jónasdóttir
Nökkvi Bragason
Ólafur Hjálmarsson
Pétur U. Fenger
Ragnheiður Snorradóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Sonja María Hreiðarsdóttir
Sóley Ragnarsdóttir
Stefán Jón Friðriksson
Sverrir Jónsson
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir
Viðar Helgason
Þorgerður Pálsdóttir
Þorsteinn Þorgeirsson
Þórður Reynisson
Þórhallur Arason
Ögmundur Hrafn Magnússon

Efnisyfirlit

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
6.1.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til nóvember 2004	15
	Innflutningur í desember	
	Hugsanlegar breytingar á upprunareglum fríverslunarsamninga	
13.1.2005	Fjölskyldumynstur framteljenda	16
	Bókhald og ársreikningar í erlendum gjaldmiðli	
	Erlend lánamál ríkissjóðs	
20.1.2005	Áætlað framboð vinnuafls árið 2005	17
	Lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara	
	Skuldir ríkissjóðs	
27.1.2005	Ný þjóðhagsspá	18
	Afkomuhorfur í sjávarútvegi	
	Eignarhlutir ríkisins í félögum	
3.2.2005	Innflutningur í janúar 2005	19
	Alþjóðlegur samanburður á tekjudreifingu	
	Ríkisstofnanir og samkeppnisrekstur	
10.2.2005	Um gengisspá fjármálaráðuneytisins	20
	Hagkvæm aðlögun í myntkörfu sjávarafurða	
17.2.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	21
	Lánshæfismat ríkissjóðs hækkar	
	Alþjóðlegt mat á íslensku efnahagslífi	
24.2.2005	Breyttar aðstæður á vinnumarkaði	22
	Frumvarp um ársreikninga	
	Staðan í tvísköttunarmálum	
3.3.2005	Innflutningur í febrúar	23
	Lítil verðbólga á Evrópska efnahagssvæðinu	
	Innflutningur einkabíla	
10.3.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar	24
	Stefna nýrrar framkvæmdastjórnar ESB á sviði ríkisaðstoðar	
	Aðhald í opinberum fjármálum eykst mest á Íslandi	
17.3.2005	Vöxtur samneyslu ríkissjóðs í samræmi við langtímamarkmið	25
	Reglugerð um litun á gas- og dísilolíu	
	Útboðsskylda hins opinbera	
31.3.2005	Ný Gallupkönnun um væntingar fyrirtækja	26
	Aðkoma ríkisins að kolefnisbindingu skv. ákvæðum Kyoto bókunarinnar	
7.4.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	27
	Innflutningur í mars	
	Ríkið sem kaupandi opinberrar þjónustu	
14.4.2005	Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	28
	Samstarf ríkis og fjármálastofnana um útbreiðslu rafrænna skilríkja	
	Gerð tvísköttunarsamnings við Mexíkó	
28.4.2005	Kröftugur hagvöxtur	29
	Verð á dísilolíu og bensíni	
12.5.2005	Áhrif olíugjalds á tekjur ríkissjóðs	30
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	
	Innflutningur í apríl	
19.5.2005	Samþykktar lagabreytingar á vorþingi 2005	31
	Umhverfisvæn ökutæki	
	Lægri skattar auka vinnuframboð	
26.5.2005	Er efnahagslífið að ofhitna?	32
	Hagvöxtur á Norðurlöndum	
	Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla	
2.6.2005	Innflutningur í maí 2005	33
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Ríkisstyrkjamál til ESA og EFTA dómstólsins	
9.6.2005	Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum	34
	Fjárveitingar til Háskóla Íslands	
	Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins	
16.6.2005	Framvinda íslensks efnahagslífs mjög eftirtektarverð	35
	Á að fresta skattalækkunum	
	Þróun tekjuskattsofns fólks á eftirlaunaaldri	
23.6.2005	Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja	36
	Hlutur skatta í bensínverði er mismunandi	
30.6.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2005	37
	Vöxtur framleiðni á Norðurlöndum	
	Af vettvangi tvísköttunarmála	
4.8.2005	Innflutningur í júlí	38
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júní 2005	
	Ráðstöfunartekjur eru enn að aukast	
11.8.2005	Frjáls lífeyrissparnaður verður stöðugt algengari	39
	Samningar um upplýsingaskipti í skattamálum	
	Vaxtakostnaður ríkissjóðs	
	Söluhagnaður Símans í ríkis– og þjóðhagsreikningum	
18.8.2005	Raunverð á bensíni hefur oft verið hærra en nú	40
	Staðan í samningamálum ríkisstarfsmanna	
	Af vettvangi tvísköttunarmála	
25.8.2005	Þróun útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	41
	Af vettvangi tvísköttunarmála	
1.9.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júlí 2005	42
	Endurskoðun reglna ESB um byggðastyrki	
	Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins	
8.9.2005	Innflutningur í ágúst	43
	Hlutfall verðtryggðra ríkisverðbréfa fer lækkandi	
15.9.2005	Mikil aukning í ráðstöfunartekjum heimilanna	44
	Innleiðing breytts launakerfis hjá stofnunum ríkisins	
	Breytingar í forstöðumannahóp ríkisins	
22.9.2005	Ríkisstyrkjamál fyrir EFTA dómstólnum	45
	Einkaframkvæmd	
	Leitað í smiðju til Íslendinga	
29.9.2005	Þjóðarbúskapurinn í fimmtíu ár	46
	Afkoma ríkissjóðs 2004	
	Aflagðir skattar	
6.10.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2005	47
	Svigrúm ríkisfjármála í hagsveiflu	
	Innflutningur í september	
13.10.2005	Skattbyrði á Íslandi og í OECD ríkjunum	48
	Framlög vegna sóknargjalda	
	Stofnkostnaður ríkissjóðs og hagvaxtarþróun	
20.10.2005	Afkoma ríkissjóðs og aðhald í ríkisfjármálum	49
	Hvert er hlutfall útlendinga á Íslandi?	
	Áhrif öldrunar samfélagsins á opinbera þjónustu	
27.10.2005	Efnahagshorfur á Norðurlöndum	50
	Kjarasamningar – í átt til launajafnréttis	
	Framsetning ríkisfjármála á þjóðhagsgrunni	
3.11.2005	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2005	51
	Álagning skatta á lögaðila hækkar verulega milli ára	
	Innflutningur í október	
10.11.2005	Umbreytingar í íbúaþróun	52
	Fundur fjármálaráðherra EFTA-ESB ríkjanna	

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
17.11.2005	Mikill vöxtur á vinnumarkaði	53
	Ný Gallupkönnun um væntingar fyrirtækja	
	Viðræður um tvísköttunarsamninga	
24.11.2005	Glöggt er gests augað	54
	Samanburður á þjóðhagsspám	
	Þróun meðaltekna eftir aldurshópum	
1.12.2005	Batnandi horfur í heimsbúskapnum	55
	Litlar launahækkanir þrátt fyrir mikil umsvif	
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2005	
8.12.2005	Innflutningur í nóvember 2005	56
	Ráðstöfunartekjur aldraðra á Norðurlöndum hæstar á Íslandi	
	Fjáraukalög og fjárlög samþykkt á Alþingi	
15.12.2005	Langtímamarkmið norrænu ríkjanna í ríkisfjármálum	57
	Frjáls og sérstök skráning vegna leigu eða sölu á fasteign	
	Staða tvísköttunarmála – fjöldi samninga	
22.12.2005	Fyrirframgreiðsla þinggjalda á árinu 2006	58
	Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu	
	Frumvörp fjármálaráðherra lögfest á haustþingi	
	Það eru dulin verðmæti í jólasmákökunum	
5.1.2006	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2005	59
	Innflutningur í desember 2005	
12.1.2006	Árangursupplýsingar við fjárlagagerð	60
	Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2006	
	Val á ríkisstofnun til fyrirmyndar	
19.1.2006	Skattar hafa lækkað	61
	Hækkandi útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála	
26.1.2006	Endurskoðuð þjóðhagsspá 2005-2007	62
	Skuldir ríkissjóðs	
	Þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2005	
2.2.2006	Hver eru skattleysismörkin?	63
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember 2005	
9.2.2006	Ný stefna fjármálaráðuneytisins tekur gildi	64
	Innflutningur í janúar 2006	
	Afnám eignarskatts er mikil kjarabót fyrir aldraða	
	Spá um framboð vinnuafls 2006	
16.2.2006	Viðmið fyrir góða starfshætti ríkisstarfsmanna	65
	Tvísköttunarsamningum fjölgar jafnt og þétt	
	Afkomunæmi hins opinbera gagnvart hagsveiflu	
	Reglugerðir um tollamál	
23.2.2006	Um efnahagslegan stöðugleika á Íslandi	66
	Verðhækkun íbúðarhúsnæðis í rénun	
	Hægfara bylting?	
2.3.2006	Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2006	67
	Ellilífeyrir hæstur á Íslandi af Norðurlöndunum	
9.3.2006	Innflutningur í febrúar 2006	68
	Samráð um fjármálastöðugleika og viðbúnað	
	Endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila	
16.3.2006	Hagvöxtur 2005	69
	Hækkun lágmarksveltuákvæðis virðisaukaskattslaga	
23.3.2006	Um skýrslu Danske Bank um íslenskt efnahagslíf	70
	Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja	
30.3.2006	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2006	71
	Almannaþjónusta, samkeppnisrekstur og aðskilið bókhald	
	Eru gildandi reglur um framkvæmd fjárlaga fullnægjandi?	
6.4.2006	Innflutningur í mars 2006	72

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Íslendingar í bestu háskólum heims	
	Auknar lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega	
27.4.2006	Þróun einkaneyslu	73
	Fjárfesting ríkissjóðs	
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2006	
4.5.2006	Ný skýrsla um fjármálastöðugleika á Íslandi	74
	Aðhald í ríkisfjármálum	
	Ný reglugerð um þjónustusamninga	
	Vöruinnflutningur í apríl	
11.5.2006	Áhrif gengis krónunnar á þjóðhagsspá	75
	Mikill vöxtur á vinnumarkaði	
	Kaupgeta á íbúðamarkaði dregst saman	
18.5.2006	Efnahagsleg samþætting Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	76
	Árangursstjórnun í 10 ár	
	Þróun útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	
1.6.2006	Aðkoma sveitarfélaga að hagstjórninni	77
	Hagvöxtur í heiminum fer vaxandi	
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2006	
8.6.2006	Um líkur á harðri lendingu	78
	Mikill straumur fólks til landsins í upphafi árs	
	Innflutningur í maí	
15.6.2006	Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja	79
	Útvistunarstefna mörkuð fyrir ríkið	
	Nýting persónuafsláttar til greiðslu útsvars	
22.6.2006	Þróun þjóðhagsspár fyrir árið 2006-2007	80
	Gott ástand á Norðurlöndunum	
29.6.2006	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2006	81
	Einkaneysla	
	Umhverfisskattar á Norðurlöndunum	
3.8.2006	Þörfnumst við CFC-löggjafar	82
	Mikil tekjuaukning landsmanna 2005	
10.8.2006	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2006	83
	Innflutningur í júlí	
	Barnabætur hækka umtalsvert	
17.8.2006	Stýrivextir hækka víðast hvar	84
	Skýrslur alþjóðastofnana um alþjóðamál	
	Hvar vinnur unga fólkið?	
24.8.2006	Ríkisreikningur 2005	85
	Tilskipun ESB um starfstengdan lífeyrissparnað	
	Áhrif samkomulags á vinnumarkaði að koma fram	
31.8.2006	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2006	86
	Lyfjaútgjöld sjúkratrygginga	
	Útgjöld til vegaframkvæmda	
7.9.2006	Bandaríkjadalur algengasti starfsrækslugjaldmiðillinn	87
	Viðskipti með losunarheimildir á Norðurlöndunum	
	Áherslur ESB á sviði ríkisaðstoðar 2005-2009	
	Vöruinnflutningur í ágúst	
14.9.2006	Aldursskipting í atvinnugreinum	88
	Vinnuaflsframboð á Norðurlöndum	
	Gerð tvísköttunarsamninga	
21.9.2006	Landsframleiðsla á mann	89
	Innleiðing á nýjum reglum ESB um opinber innkaup	
	Aðfluttir eru ekki allir eins	
28.9.2006	Framtíðartilhögun opinberrar skráningar og mats fasteigna	90
	Nýr tvísköttunarsamningur við Bandaríkin	

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2006	
5.10.2006	Innflutningur í september	91
	Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins	
	Sveiflujöfnunaráhrif í alþjóðlegum samanburði	
12.10.2006	Ný könnun um stöðu og horfur fyrirtækja	92
	Útgjöld til heilbrigðimála	
	Innflutningur vinnuafls slær öll met	
19.10.2006	Lækniskostnaður sjúkratrygginga	93
	Erlendir ríkisborgarar hafa fyllt þriðjung nýrra starfa	
	Sveiflur í fjármunamyndun	
26.10.2006	Inneign ríkisins í Seðlabanka Íslands	94
	Útgjöld til lífeyristrygginga	
	Langtímaáætlun ríkissjóðs 2007-2010	
2.11.2006	Lækkandi skuldabyrði ríkissjóðs	95
	Tekjuskattur lögaðila hækkar enn	
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2006	
9.11.2006	Aðhald í stjórn efnahagsmála árin 2004-2005	96
	Starfsumhverfi ríkisstarfsmanna kortlagt	
	Vöruinnflutningur í október	
16.11.2006	Enn um fjármálastöðuleika á Íslandi	97
	Efnahagshorfur á Norðurlöndum	
23.11.2006	Kröfugerð ríkisins í Þjóðlendumálum	98
	Vísitölubundinn persónuafsláttur	
	Um tekjudreifingu	
	Kaupmáttur launa eykst	
30.11.2006	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2006	99
	Breytingar á lögum um lífeyrissjóði	
	Rekstrarútgjöld Landspítala-háskólasjúkrahúss	
7.12.2006	Vöruinnflutningur í nóvember	100
	Mat á verkefnum ríkisins	
	Heimagreiðslur til foreldra	
	Hækkun atvinnutekna er mismunandi	
14.12.2006	Framlög til jöfnunarsjóð sveitafélaga	101
	Tímabundin lækkun olíugjalds framlengd	
	Um verðbólgumælingar	
21.12.2006	Tekjur og gjöld á mann hjá ríki og sveitarfélögum 1998-2005	102
	Ívilnanir fyrir umhverfisvæna orkugjafa og ökutæki	
	Hver fær stærstu jólagjöfin?	
4.1.2007	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2006	103
	Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2007	
	Innflutningur í desember	
	Reglur um skattmat og reiknað endurgjald	
11.1.2007	Fleiri íslensk fyrirtæki gera upp í dölum en evrum	104
	Samþykkt lög á haustþingi	
	Útgjöld félagsmálaráðuneytisins v. framkvæmdar laga um mál fatlaðra	
18.1.2007	Endurskoðuð þjóðhagsspá	105
	Fólksbifreiðum með díselvélar fjölgar ört	
	Útgjöld til háskóla og rannsókna hafa aukist um 176 %	
25.1.2007	Þensla á fasteignamarkaði gengin niður	106
	Stefna mörkuð um árangursríkan ríkisrekstur	
	Skuldir ríkissjóðs	
1.2.2007	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember 2006	107
	Um aðhaldsstig ríkisfjármála	
	Eldri borgarar og atvinnutekjur	
8.2.2007	Vaxtajöfnuður ríkissjóðs jákvæður	108

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Innflutningur í janúar	
	Rekstur ríkisstofnana og viðhorf forstöðumanna	
	Útgjöld félagsmálaráðuneytis árin 1998-2007 vegna vinnumála	
15.2.2007	Reglugerð um heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli	109
	Ellilífeyrisgreiðslur hæstar á Íslandi af Norðurlöndunum	
	Íbúðafjárfesting árið 2006 meiri en talið var	
	Þjónustusamningar hjá ríkinu	
22.2.2007	Aukin velta á gjaldeyrismarkaði	110
	Vöruviðskipti 2006 - meiri viðskiptahalli ern áætlað var	
	Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna eykst	
1.3.2007	Aðgerðir til að lækka matarverð á Íslandi	111
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2007	
8.3.2007	Vöruskiptahallinn minnkar í febrúar	112
	Búferlaflutningar 2006	
	Gengisbundin lán heimila	
15.3.2007	Hvers vegna reglugerð?	113
	Áhrif breytinga á viðrisaukaskatti á útsöluverð veitingahúsa	
22.3.2007	Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja	114
	Íslenskir ellilífeyrisþegar standa vel miðað við hin Norðurlöndin skv. OECD	
	Launa- og arðgreiðslur til eigenda einkahlutafélaga	
29.3.2007	Handbók um ráðningar hjá ríkinu	115
	Samþykkt lög á vorþingi	
	Stýrivextir á Íslandi	
12.4.2007	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2007	116
	Niðurstöður könnunar á starfsumhverfi ríkisstafsmanna	
	Innflutningur í mars	
26.4.2007	Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins	117
	Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna	
	Tekjuteygni skatta	
3.5.2007	Eiginleikar tekjuskattkerfisins	118
	Áhrif skattbreytinga	
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	
10.5.2007	Búferlaflutningar íslenskra ríkisborgara	119
	Tekjuskatta lögaðila	
	Innflutningur í apríl	
24.5.2007	Ráðherrafundur OECD í París	120
	Atvinnuleysi í lágmarki þrátt fyrir innflutning vinnuafls	
	Gengisþróun krónunnar	
31.5.2007	Hreyfingar á milli launahópa	121
	Íslendingar í Danmörku	
	Tilskipun ESB um endurskoðun ársreikninga	
7.6.2007	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2007	122
	Tilskipun um réttarúræði vegna opinberra innkaupa	
	Innflutningur í maí	
14.6.2007	Ný spá um vinnuafl	123
	Aðflutningur erlendra ríkisborgara	
	Búferlaflutningar Pólverja	
	Mikil aukning útgjalda til heilbrigðismála	
21.6.2007	Endurskoðuð þjóðhagsspá 2006-2009	124
	Konum fjölgar hjá ríkinu	
	Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja	
28.6.2007	Sameiginlegur skattgrunnur fyrirtækja í Evrópusambandinu	125
	Staða efnahagsmála á Norðurlöndunum	
	Nýtt rafrænt markaðstorg fyrir ríkið	
9.8.2007	Útsvarstekjur sveitarfélaganna	126

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	
	Raunlækkun áfengisgjalds	
16.8.2007	Spár um gengisþróun krónunnar	127
	Breytingar á fjölda fyrirtækja og félaga í eigu ríkisins	
	Staða ellilífeyrisþega í aðildarríkjum OECD	
23.8.2007	Launavísitala í júlí	128
	Af vettvangi tvísköttunarmála	
	Hávaxtamyntir	
30.8.2007	Greiðsluafkoma ríkissjóðs júlí 2007	129
	Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	
	Mikil aukning úrgjalda til menntamála	
6.9.2007	Samsetning skatttekna ríkissjóðs	130
	Breytingar á lánaumsýslu ríkissjóðs	
	Vöruviðskipti í ágúst	
13.9.2007	Ríkisstofnunum hefur fækkað	131
	Ríkisaðstoð vegna þjónustu í almannaþágu	
20.9.2007	Aldur og menntun ríkisstarfsmanna	132
	Seðlabanki Bandaríkjanna lækkar stýrivexti	
	OECD um menntamál	
27.9.2007	Hlutur skatta í bensínverði	133
	Staða lífeyrissjóðanna	
	Framkvæmd fjárlaga	
4.10.2007	Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins	134
	Um frávik í spám um hagvöxt og tekjur ríkissjóðs	
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs ágúst 2007	
11.10.2007	Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja	135
	Vöruviðskipti í september	
	Um ástand á fasteignamarkaði	
18.10.2007	Áhrif alþjóðavæðingar á innlenda eftirspurn	136
	Búferlaflutningar milli landa leiðandi í mannfjöldaþróun	
	Þróun samneyslu hins opinbera	
25.10.2007	Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum	137
	Mikil umsvif á vinnumarkaði	
	Nýr tvísköttunarsamningur við Bandaríkin	
1.11.2007	Greiðsluafkoma ríkissjóðs september 2007	138
	Álagning tekjuskatts á lögaðila	
	Undirritun upplýsingaskiptasamnings við Mön	
8.11.2007	Mikill hagvöxtur á Norðurlöndunum	139
	Vöruviðskiptin í október	
	Álitamál við skattlagningu ökutækja og eldsneytis	
15.11.2007	Fjármunamyndun hins opinbera	140
	Erlend lán heimila	
	Tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum innfluttra ökutækja	
22.11.2007	Tekjuskattur lögaðila eftir atvinnugreinum	141
	Útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála	
	Samspil peningamála- og ríkisfjármálastefnu á Norðurlöndunum	
29.11.2007	Greiðsluafkoma ríkissjóðs október 2007	142
	Aukning dagvöruveltu	
6.12.2007	Rammafjárlög og kostnaðarumsagnir	143
	Mismunandi áherslur norrænna velferðarkerfa	
	Vöruviðskiptin í nóvember	
13.12.2007	Íslenska þjóðin er ung	144
	Tvísköttunarsamningur við Indland	
	Losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum hefur aukist mikið	
20.12.2007	Allir fá þá eitthvað fallegt, í það minnsta kerti og spil	145

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Skattaumsýsla stórfyrirtækja	
	Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2008	
10.1.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs nóvember 2007	146
	Um gjafir og góða starfshætti	
	Vöruviðskipti í desember	
17.1.2008	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2007-2009	147
	Um tekjuafkomu ríkissjóðs	
	Val á fyrirmyndastofnun ríkisins 2008	
24.1.2008	Viðbrögð við óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum	148
	Árangurríkur rekstur: aðgerðaáætlun 2008-2010	
	Íbúaþróun	
31.1.2008	Skattlagning olíuleitar og -vinnslu í íslenskri lögsögu	149
	Sótt í ríkiskassann	
	Tollafgreiðslugengi	
	Ársreikningar og bókhald	
7.2.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	150
	Vöruskiptin í janúar	
	Framboð vinnuafls 2008	
14.2.2008	Atvinnuleysi í janúar hið lægsta í 20 ár	151
	Mikill aðflutningur	
	Stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans	
21.2.2008	Kjarasamningar breyta ekki spám um launaþróun	152
	Útgáfa á nýjum flokki ríkisbréfa	
	Breytingar í forstöðumannahóp ríkisins	
28.2.2008	Ný skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál	153
	Vöruviðskiptin 2007	
	Skattaleg meðferð söluhagnaðar í atvinnurekstri	
6.3.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2008	154
	Vöruviðskiptin við útlönd í febrúar 2008	
	Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri	
13.3.2008	Skýrsla OECD um skattlagningu launa	155
	Vinnuafl í fjármálageiranum	
	Athyglisverður dómur EFTA dómstólsins	
26.3.2008	Hagvöxtur á mann	156
	Atvinnu- og íbúaþróun	
	Tvísköttunarsamningur við Mexíkó	
3.4.2008	Hátt eldsneytisverð?	157
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2008	
	Vöruskiptin í mars	
10.4.2008	Niðurfelling stimpilgjalda vegna lána til fyrstu fasteignakaupa	158
	Tekjur aldraðra	
	Af vettvangi tvísköttunarmála	
17.4.2008	Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins	159
	Húsnæðisverð	
8.5.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	160
	Áhrif frekari stóriðjuframkvæmda	
	Vöruviðskiptin í apríl 2008	
	Breytt útgáfuáætlun ritsins Þjóðarbúskapurinn 2008	
15.5.2008	Fjármagnstekjuskattur	161
	Lágtekjuhlutfall á Íslandi merð því lægst í Evrópu	
	Ríkisstofnun til fyrirmyndar	
22.5.2008	Mikill aðflutningur til landsins á fyrsta ársfjórðungi	162
	Tvísköttunarsamningur við Suður- Kóreu	
	Stór áfangi í þróun rafrænna skilríkja	
29.5.2008	þróun skattkerfisins 1991-2007	163

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Virðisaukaskattur í viðskiptum yfir landamæri	
	Spá um lýðfræðilega þróun á næstu árum	
5.6.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar -apríl 2008	164
	Tillögur um skattlagningu eldsneytis og ökutækja	
	Vöruviðskiptin í maí	
12.6.2008	Þáttaskil í efnahagsmálum á Norðurlöndunum	165
	Sveiflur í vexti einkaneyslu	
	Samþykkt lög á vorþingi	
19.6.2008	Þróun eldsneytisverðs	166
	Teygni skatttekna í heild	
26.6.2008	Viðskiptin við útlönd það sem af er ári	167
	Kerfislæg afkoma	
14.8.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar -júní 2008	168
	Nýting heimildar til sérstakrar lántöku ríkissjóðs á árinu 2008	
	Tekjur landsmanna	
21.8.2008	Ríkisreikningur fyrir árið 2007	169
	Um varanleika aukinna skatttekna í OECD-ríkjum	
	Tvísköttunarviðræður hefjast við Katar og Albaníu	
28.8.2008	Mikill aðflutningur einkennir íbúaþróunina	170
	Víða er fylgst með lausum störfum hjá ríkinu	
	Rekstur ríkissjóðs janúar-júní 2008	
	Frumvarp til breytinga á lífeyrissjóðalögum	
4.9.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2008	171
	Vöruskiptin í ágúst 2008	
11.9.2008	Skattlagning olíuleitar og olíuvinnslu	172
	Ágreiningur við ESA vegna ríkisábyrgðargjalds	
	Ný lög um endurskoðendur	
18.9.2008	Hækkandi eldsneytisverð dregur úr akstri	173
	Skattar og hagvöxtur	
25.9.2008	Fjöldauppsagnir 174	
	50 ár frá fyrstu útgáfu tvísköttunarmódels OECD	
	Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins væntanleg	
2.10.2008	Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins	175
	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2008	
	Vöruviðskiptin í september	
9.10.2008	Um þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins	176
	Ákvarðanir útlendinga um þátttöku á innlendum vinnumarkaði	
16.10.2008	Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	177
	Skuldir heimilanna	
	Um auglýsingu embætta að liðnum tímabundnum skipunartíma	
23.10.2008	Tekjur ríkissjóðs - áætlun og útkoma	178
	Aðgerðir til að styðja við starfsemi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum	
30.10.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - september 2008	179
	Efnahagslíf Norðurlandanna	
	Undirritun upplýsingaskiptasamninga við Gurnsey og Jersey	
6.11.2008	Vöruskiptin í október	180
	Álagning opinberra gjalda á lögaðila 2008	
13.11.2008	Rekstur ríkissjóðs janúar-september 2008	181
	Breyting á lögum um stimpilgjald	
	Fullgilding tvísköttunarsamninga	
20.11.2008	Aðgerðir stjórnvalda á sviði opinberra fjármála	182
	Breyttar horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum	
	Munu erlendir ríkisborgarar flytjast héðan á næstunni	
27.11.2008	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2008	183
	Verðlagsþróun	

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
4.12.2008	Ísland verði eitt tollumdæmi	184
	Reglur um greiðslu barnabóta	
	Vöruskiptin í nóvember	
11.12.2008	Frumvörp fjármálaráðherra til meðferðar á Alþingi	185
	Atvinnuleysi hefur aldrei vaxið jafn ört	
18.12.2008	Uppfærð áætlun um tekjur ríkissjóðs	186
	Af vettvangi tvísköttunarmála	
	Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2009	
	Kvöldskattur	
8.1.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2008	187
	Rit um sameiningu ríkisstofnana	
	Vöruskiptin í desember	
15.1.2009	Afturvirk heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli	188
	Auknar kröfur um gæði endurskoðunar	
	Vinnumarkaður á fjórða ársfjórðungi 2008	
22.1.2009	Nú þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins	189
	Frávikspár fyrir árin 2009 og 2010	
	Lánamál ríkissjóðs 2009	
29.1.2009	Eigna- og skuldastaða ríkissjóðs	190
	Horfur í heimshagvexti	
5.2.2009	Séreignarsparnaður	191
	Framboð vinnuafls árið 2009	
	Vöruskiptin í janúar	
12.2.2009	Útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála	192
	Aukning atvinnuleysis	
19.2.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember 2008	193
	Frumvarp um afnám eftirlaunalaga	
26.2.2009	Frumvarp um tímabundna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar	194
	Búferlaflutningar innanlands hafa mikil áhrif á íbúaþróun	
5.3.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2009	195
	Hækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis	
	Vöruskiptin í febrúar	
12.3.2009	Atvinnuleysi vex mishratt eftir greinum og kynjum	196
	Eyrnamerktir skattar	
	Endurgreiðsla vörugjalds og virðisaukaskatts af útfluttum ökutækjum	
19.3.2009	Launatekjur eftir aldri	197
	Greiðslutilhögun fyrir atvinnulífið	
	Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða	
26.3.2009	Breytingar á vaxtabótakerfinu	198
	Staðgreiðslugögn	
	Fyrirspurnir vegna efnahagsvandans	
	Yfirlit um rammagreinar og viðauka í Þjóðarbúskapinn	
2.4.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs	199
	Ný hagspá OECD	
	Upplýsingaskiptasamningur við Cayman-eyjar	
	Vöruskiptin í mars	
16.4.2009	Meira um breytingar á vaxtabótakerfinu	200
	Færri auglýsingar birtar á Starfatorgi	
	Mikil lækkun raunlauna	
30.4.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2009	201
	Nýleg könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja	
	Breytingar á lögum um tekjuskatt	
7.5.2009	Staða samningaferlis við skilanefndir og kröfuhafa "gömlu bankanna"	202
	Vöruskiptin í apríl	
14.5.2009	Nýþjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins	203

Dagsetning	Greinar	Blaðsíða
	Atvinnuleysi að breytast	
28.5.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2009	204
	Þjóðhagsstærðir og vinnuafl	
4.6.2009	Um verð á eldsneyti	205
	Vöruskiptin í maí	
11.6.2009	Samningur um Icesave	206
	Efnahagslíf Norðurlandanna	
	Settur ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu	
18.6.2009	Nýleg könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja	207
	Eiginfjárhlutfall íbúðareigenda	
25.6.2009	Tekjuþróun árið 2009	208
	Frumvarp um bankasýslu	
	Eftirgjöf skulda - skattskylda eða skattfrelsi?	
2.7.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2009	209
	Vöruskiptin í júní	
13.8.2009	Greiðsluafkoma ríkisjóðs janúar-júní 2009	210
	Ríkisreikningur 2008	
	Vöruskiptin í júlí	
20.8.2009	Tekjuþróun breytileg eftir tekjubilum	211
	Um aðgerðir stjórnvalda	
27.8.2009	Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2009	212
	Íbúaþróun á árinu 2009	
3.9.2009	Fjármagnstekjur landsmanna eru að breytast	213
	Vöruskiptin i ágúst	
	Eigendastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum	

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - nóvember 2004

Nú liggja fyrir tölur um afkomu ríkissjóðs til nóvemberloka. Framsetning afkomuyfirlits hefur verið færð nær almennum sjóðstreymisyfirlitum. Við samanburð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að færsla gjalda er nú nær rekstrargrunni en áður. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærri en ella sem veldur því að tölur eru ekki samanburðarhæfar milli ára. Tekjur ríkissjóðs eru hins vegar gerðar upp með sambærilegum hætti og áður.

Samkvæmt nóvemberuppgjöri reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 8,2 milljarða króna sem er 14,5 milljörðum betri staða en á sama tíma í fyrra. Áætlun gerði á þeim tíma ráð fyrir um 10,9 milljarða króna lakari stöðu.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 247,7 milljörðum króna og hækkuðu um rúma 18 milljarða frá sama tímabili í fyrra eða um 8%. Skatttekjur ríkisins námu þar af 230,3 milljörðum króna sem er 13,7% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra eða um 10,3% hækkun að raungildi. Innheimta skatttekna á tekjur og hagnað nam tæplega 72,4% og hækkuðu um 17% frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjuskattar einstaklinga um tæpa 6 milljarða og tekjuskattur lögaðila um tæpa 2 milljarða. Innheimta tryggingagjalda jókst einnig á þessu tímabili eða um 10,3% frá því í fyrra en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,6% á sama tímabili. Innheimta eignaskatta nam tæpum 11 milljörðum króna í nóvemberlok sem er aukning upp á 44,2%. Hér ber að nefna að aukning í innheimtu stimpilgjalda nam tæplega 62,8% frá fyrra ári enda hefur landslagið á lánamarkaðinum tekið miklum breytingum á árinu sem hefur stuðlað að því að margir sjá kostina við að skuldbreyta lánum sínum. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs hefur einnig aukist eða um 12,7% frá fyrra ári sem nemur 9,3% að raungildi. Þar munar mestu um innheimtu tekna af virðisaukaskatti, sem jafngildir 9,7% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að talsverð aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um 36,4%. Sú aukning stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða en á fyrstu ellefu mánuðum ársins hefur nýskráning bifreiða aukist um 27,6% frá sama tímabili í fyrra.

Útgreiðslur fyrstu ellefu mánuði ársins nema 257 milljörðum króna og hækka um 16,6 milljarða milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkunin um 11,6 milljörðum króna, eða um 4,8%. Hækkun milli ára kemur að langmestu leyti fram í félagsmálum, eða 14,1 milljarður. Undir þann málaflokk falla nær 2/3 hlutar af öllum útgjöldum ríkisins. Þannig hækka greiðslur til heilbrigðismála um 5,4 milljarða, hækkun almannatrygginga nemur 3,6 milljörðum og 2,5 milljarðar eru vegna fræðslumála. Þar næst munar mest um 2 milljarða hækkun löggæslu og almennra opinberra mála. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 0,8 milljarð milli ára og greiðslur til atvinnumála hækka um 0,7 milljarða sem er innan við 2%. Í heild eru greiðslurnar 700 milljónum umfram áætlun fjárlaga að viðbættum fluttum fjárheimildum frá árinu 2003. Þar vegur þyngst að greiðslur til almannatrygginga eru 3,6 milljörðum umfram áætlun. Greiðslur til heilbrigðismála eru 2,1 milljarði umfram áætlun fjárlaga. Útgjöld til samgöngumála eru 3,2 milljörðum innan áætlunar þegar ónýttum heimildum fyrra árs er bætt við fjárlagaáætlun. Önnur frávik eru minni.

Lántökur námu 27,6 milljörðum króna en afborganir voru 32,3 milljörðum. Þá voru greiddir 6,9 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 2,1 milljarð á fyrstu ellefu mánuðum ársins.

Innflutningur í desember

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts sýna að vöruinnflutningur í desember nam tæpum 19 milljörðum króna, án skipa og flugvéla. Að raungildi er þetta tæplega fjórðungi meiri innflutningur en í desember í fyrra. Ef þriggja mánaða meðaltal er borið saman milli ára er aukningin 22%.

Heildar vöruinnflutningur fyrstu ellefu mánuði ársins nam um 219 milljörðum króna og ef skip og flugvélar eru ekki meðtalin, 212 milljörðum króna. Ef bráðabirgðatala desembermánaðar er lögð við má ætla að innflutningur ársins 2004 hafi numið 231 milljarði króna, án skipa og flugvéla. Meðalinnflutningur á mánuði, raunvirtur, nam skv. þessum tölum um 20 milljörðum króna en var árið 2003 um 17 milljarðar króna. Raunaukning milli ára er því 18%.

Í síðustu spá ráðuneytisins sem birt var 1. október sl. var gert ráð fyrir að heildarinnflutningur ársins yrði tæpar 234 milljarðar króna og eru skip og flugvélar þar meðtalin. Það er því ljóst að innflutningur varð eitthvað meiri en á móti vegur að útflutningur virðist einnig nokkru meiri er ráð var fyrir gert. Ráðuneytið er nú að vinna að nýrri þjóðhagsspá sem birt verður í lok mánaðarins.

Hugsanlegar breytingar á upprunareglum fríverslunarsamninga

Frá 1. janúar 1997 hafa gilt samræmdar reglur um uppruna vöru í innbyrðis fríverslunarsamningum Evrópubandalagsins, Íslands, Noregs, Lichtenstein, Rúmeníu og Búlgaríu. Það þýðir m.a. að framleiðsluvörur skulu taldar upprunnar á Íslandi ef þær verða til þar og innihalda efni sem upprunnin eru í öðrum ríkjum sem samræmdu upprunareglurnar taka til að því tilskildu að aðvinnsla á Íslandi sé umfram þær aðgerðir sem eru skilgreindar sem ófullnægjandi aðvinnsla samkvæmt ákvæðum samninganna.

Nú eiga átta ríki við Miðjarðarhaf (Alsír, Egyptaland, Ísrael, Jordanía, Líbanon, Marokkó og Sýrland) auk sjálfstjórnarsvæðis Palestínumanna og Færeyjar þess kost að gerast aðilar að samræmdu upprunareglunum. Þetta byggir á sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna og ríkja við Miðjarðarhaf ásamt sjálfstjórnarsvæðis Palestínumanna í Barcelona árið 1995 um að stefnt skyldi að nánari efnahagslegri samvinnu á svæðinu. Önnur ríki, þ.á m. Ísland, hafa fallist á að taka þátt í samstarfinu. Síðar var Færeyjum boðin þátttaka í samstarfinu. Það er hins vegar ekki ljóst á þessari stundu hvort áðurnefnd ríki og svæði kjósi að gerast aðilar að reglunum en til þess að öðlast aðild að reglunum þurfa þau að taka upp samræmdu upprunareglurnar í sína samninga. Aðild fleiri ríkja að samræmdu reglunum gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að leita aðfanga víðar með hagkvæmari hætti. Aðild Færeyja að samræmdu upprunareglunum mundi t.d. veita íslenskum fiskframleiðendum tækifæri til þess að nota hráefni, sem upprunnið er í Færeyjum, í auknum mæli til framleiðslu á vörum sem eiga að njóta fríðindameðferðar á grundvelli bókunar 4 við EES-samninginn.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember

12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember

12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember

M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárjöfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - desember	2,7	3,9
Kjarnaverðb.1– desember	3,0	3,5
Launavísitala - nóvember	5,5	5,4
Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Atvinnuleysi - nóvember	3.0	2,6

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Fjölskyldumynstur framteljenda

Eins og kunnugt er þurfa allir landsmenn sem orðnir eru 16 ára að telja fram til skatts. Fram að þeim tíma er litið á börn sem hluta af fjölskyldu foreldra sinna eða forráðamanna. Fróðlegt er að skoða hvernig fjölskylduaðstæður eru í þessu skattalega tilliti enda þótt margir búi áfram hjá foreldrum sínum þótt þeir séu orðnir sjálfstæðir einstaklingar í skattalegu tilliti. Árið 2003 voru þeir framteljendur sem voru ekki í sambúð og ekki með börn á framfæri sínu alls tæplega 96.000 en framteljendur allir um 230.000. Stór hluti þessa hóps er þó ungt fólk en 55.000 af þessum hópi var 25 ára og eldri. Hjón eða samsköttuð pör sem ekki eru með börn á framfæri (yngri en 16 ára) voru tæplega 30.000. Pör með eitt barn voru samtals rúmlega 12.000 en pör með tvö börn voru litlu færri. Næsti hópur þarna á eftir eru einstæðir foreldrar með eitt barn en í honum voru 6.700 fullorðnir. Einstæðir foreldrar með tvö börn voru rúmlega 5.100 en næsti hópur þar á eftir eru pör með þrjú börn, tæplega 4.600. Einstæðir foreldrar með 3 börn voru rúmlega 2.300. Pör með 4 börn og fleiri voru tæplega 800 en einstæðir foreldrar með svo mörg börn litlu færri.



Bókhald og ársreikningar í erlendum gjaldmiðli

Með lögum um breyting á lögum um ársreikninga, sem samþykkt voru á vorþingi 2002, var opnað á heimild til að félög geti fært bókhald í erlendum gjaldmiðli og samið og birt ársreikning í þeim gjaldmiðli, að fengnu leyfi ársreikningaskrár og að uppfylltu einu eða fleiri af eftirtöldum skilyrðum:

1. Félag hafi meginstarfsemi sína erlendis eða sé hluti af erlendri samstæðu þar sem starfrækslugjaldamiðill er annar en íslensk króna,

2. Félag eigi erlend dótturfélag/félög eða hlutdeild í erlendu félagi/félögum og meginviðskipti séu við þessi félög,

3. Félag hafi meginstarfsemi sína hér á landi en sé með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum,

4. Félag hafi verulegan hluta fjárfestinga sinna og skulda þeim tengdum skráðan í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. mgr. 2. gr. ársreikningslaga, og varðar eignir, rekstrartekjur og fjölda ársverka. Starfrækslugjaldmiðillinn skal vera skráðurhjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Frá árinu 2002 til loka árs 2004 hefur samtals 101 félagi verið veitt þessi heimild. Þar af fékk 21 félag slíka heimild á árinu 2004. Skipting heimilda milli gjaldmiðla er þessi:

Gjaldmiðill	Fjöldi félaga
Dollar	66
Evrur	25
Ensk pund	8
Norskar krónur	1
Kanadískur dollar	1

Átta þessara félaga eru skráð í Kauphöll Íslands. Þau eru Actavis hf., Bakkavör Group hf., Flugleiðir hf., Hampiðjan hf., Marel hf., Medcare Flaga hf., SÍF hf. og Össur hf. Þá eru mörg þessara félaga eignarhaldsfélög sem eru í tengslum við erlend félög.

Erlend lánamál ríkissjóðs

Erlendar skuldir ríkissjóðs voru í lok árs 2004 rúmlega 141 milljarður króna. Skipting eftir lánstíma er þannig að tæplega 128 ma.kr. eru löng lán en þar af eru rúmlega 27 ma.kr. til greiðslu á árinu 2005. Samkvæmt áætlun sem kynnt hefur verið á markaði, er stefnt að því að greiða niður 5 ma.kr. af erlendum lánum umfram nýjar lántökur á árinu 2005. Rúmlega 13 ma.kr. (jafnvirði 221 milljónir USD) eru víxlar sem gefnir eru út á grundvelli svonefnds ECP-samnings (e. European Commercial Paper) þar sem hámarksfjárhæð til útgáfu víxla á Evrópumarkaði er 500 milljónir USD. Þá hefur ríkissjóður einnig samning um útgáfu víxla á Bandaríkjamarkaði, svonefndan USCP-samning (e. United States Commercial Paper) fyrir allt að 1.000 milljónir USD.

Myntsamsetning erlendra lána ríkissjóðs hefur verið að breytast á undanförnum árum og hefur miðast við að færa hana nær samsetningu á s.k. landavog en á henni er gengisvísitala íslensku krónunnar byggð. Undanfarin ár hefur vægi evru í lánasafninu þess vegna verið að aukast jafnt og þétt. Hlutfall evru var í árslok 2004 50%. Hlutfall Bandaríkjadals var á sama tíma 27%, bresks punds 11%, japansks jens 8% og svissfranka 4%.

Skipting lána á milli fastra og breytilegra vaxta hefur verið að breytast. Hlutfall fastra vaxta af heildarlánum hefur verið að aukast og var hlutfallið 44,4% í árslok 2004. Hefur það verið gert ekki síst vegna lágra langtímavaxta á markaði, auk almennra sjóðstýringaþátta.

	Langtímalán	Horfur	Skammtímalán
Moody's	Aaa	Stöðugar	P - 1
Standard og Poor's	A +	Jákvæðar	A - 1+
Fitch	AA -	Stöðugar	F1 +

Lánshæfismat erlendra matsfyrirtækja á skuldbindingum ríkissjóðs í erlendri mynt er traust eins og sjá má í töflunni. Ríkissjóður fékk fyrst lánshæfismat á árinu 1986 og hefur það styrkst stöðugt á undanförnum áratug. Ein mikilvægasta breytingin var þegar Moody´s hækkaði lánshæfismat ríkissjóðs í október 2002 úr AA3 í AAA. Bætt mat Moody´s á skuldbindingum í erlendri mynt kom í kjölfar breyttrar aðferðafræði fyrirtækisins þegar mat á lánshæfi í innlendri og erlendri mynt var samræmt. Einungis lönd sem njóta óskoraðs trausts hjá Moody´s hljóta þessa hæstu einkunn. Lánshæfisfyrirtækin Fitch og Standard & Poor´s breyttu horfum á matinu til betri vegar á árunum 2002 og 2003.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárjöfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - janúar 2005	2,4	4,0
Kjarnaverðb.1– jan. 2005	2,7	4,0
Launavísitala - nóvember	5,5	5,4
Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Atvinnuleysi - nóvember	3.0	2,6

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Áætlað framboð vinnuafls árið 2005

Vinnumálastofnun birtir mánaðarlega tölur um hlutfall atvinnulausra af framboðnu vinnuafli í skýrslum sínum um atvinnuástand. Skráðum atvinnuleysisdögum er breytt í tapað vinnumagn með því að deila með fjölda virkra daga í mánuði og þannig fæst meðalfjöldi atvinnulausra. Sá galli er á gjöf Njarðar að skráð atvinnuleysi er nákvæmlega mæld stærð en framboð vinnuafls er áætlað og á undanförnum árum hefur það ekki verið leiðrétt eftir á. Fjármálaráðuneytið áætlar framboð vinnuafls í þjóðhagsspá og sú spá er grunnur atvinnuleysishlutfallsins. Áætlunin er gerð í ársverkum en þau eru mat á vinnumagni. Nú hefur slík spá verið gerð fyrir árið 2005. Í ár er áætlað að framboðið vinnuafl (sem samanstendur af starfandi og atvinnulausum) verði 2,4% meira en var á nýliðnu ári. Þetta er meiri vöxtur en samsvarar fjölgun fólks á starfsaldri en bæði er reiknað með aðflutningi vinnuafls, einkum vegna stóriðjuframkvæmdanna eystra og nokkuð aukinni atvinnuþátttöku. Grunnur áætlunarinnar er fjöldi fólks á starfsaldri eftir kyni og landshlutum á miðju síðasta ári og áætluð atvinnuþátttaka þessa hóps eftir kyni. Gert er ráð fyrir nokkuð mismunandi vexti vinnuafls eftir landshlutum og er vöxturinn langmestur á Austurlandi. Framboð vinnuafls sveiflast yfir árið. Það er minnst yfir vetrartímann og mest yfir hásumarið. Í þetta sinn hefur framboðið verið áætlað fyrir ársfjórðungana enda þótt tölur séu birtar fyrir einstaka mánuði. Tafla sem sýnir áætlað framboð vinnuafls mælt í ársverkum eftir landshlutum, kyni og mánuðum er hér.

Ráðuneytið hefur áður vakið athygli á því að þörf sé á því að endurmeta grunninn sem atvinnuleysishlutfallið byggir á. Það væri mikil úrbót, ekki síst vegna þess hversu mjög er horft til hlutfalls atvinnulausra í efnahagsumræðunni. Víðast erlendis er miðað við fjölda atvinnulausra annars vegar og fjölda þeirra sem eru starfandi og atvinnulausir hins vegar þegar atvinnuleysishlutföll eru reiknuð en eins og að ofan greinir hefur verið stuðst við aðra nálgun hérlendis við meðferð talna um atvinnuleysi. Þær upplýsingar er hægt að staðfesta, þótt það sé með nokkurra mánaða töf. Í framtíðinni verður áætlun ráðuneytisins uppfærð við endurskoðun þjóðhagsspár en hingað til hefur áætlunin einungis verið gerð einu sinni á ári. Það yrði mikill ávinningur að birta svo fljótt sem auðið er uppfærðar upplýsingar um framboð vinnuafls. Þá gæfist jafnframt tækifæri til að endurmeta hlutfall atvinnulausra.

Lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara

Á árinu 1996 var samið um það milli ríkisins og sveitarfélaganna að rekstur grunnskóla skyldi flytjast yfir til sveitarfélaganna. Samkomulagið fól m.a. í sér að lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara, sem þá voru starfandi eða komnir á eftirlaun, skyldu áfram vera á ábyrgð ríkissjóðs. Jafnframt skyldu sveitarfélögin greiða 9,5% viðbótariðgjald til ríkissjóðs til að mæta lífeyrisskuldbindingum vegna grunnskólakennara.

Vegna nýgerðs kjarasamnings sveitarfélaganna og grunnskólakennara hækka lífeyrisskuldbindingar B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) um 6,4 milljarða króna, en í lok árs 2003 námu heildarlífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR vegna grunnskólakennara 64,3 milljörðum króna.

Kjarasamningur grunnskólakennara nær til ársins 2008 en samkvæmt honum hækka skuldbindingar vegna lífeyrisþega á eftirmannsreglu um 20% og um 17% vegna starfandi kennara. Í B-deild LSR taka lífeyrisþegar lífeyri ýmist eftir svokallaðri eftirmannsreglu (lífeyrir ræðst af launum þess sem tekur við starfi lífeyrisþegans eða kjarasamningi sem lífeyrisþegi miðast við) eða meðaltalsreglu (hækkun lífeyris ræðst af þróun launavísitölu opinberra starfsmanna). Vægi grunnskólakennara í launavísitölu opinberra starfsmanna er á bilinu 14-15%. Afleidd breyting samningsins á launavísitöluna er því um 2,44% á samningstímabilinu. Lífeyrisskuldbindingar B-deildar vegna kennara á meðaltalsreglu og annarra sjóðfélaga, sem eiga geymd verðtryggð réttindi eða fá lífeyri samkvæmt. meðaltalsreglu, hækka í samræmi við það. Samkvæmt framansögðu verða bráttóáhrif samningsins 10,1 milljarður króna í auknar lífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR.

Í tryggingafræðilegu mati hefur þegar verið reiknað með 1,5% launahækkun umfram verðlag árlega. Sé gert ráð fyrir þeirri hækkun út árið 2008 nemur hún samtals 6,5% á samningstímabilinu en sú forsenda ein og sér hækkar lífeyrisskuldbindingar grunnskólakennara um 3,7 milljarða króna. Viðbótaráhrif af kjarasamningi grunnskólakennara á framtíðarskuldbindingar B-deildar LSR nema því 6,4 milljörðum króna.

Skuldir ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa farið lækkandi á undanförnum árum. Sé tekið mið af seinustu fjórum árum þá hefur hlutfallið lækkað úr rúmlega 38% í lok árs 2001 í rúmlega 28% í lok árs 2004.

Áætlað er að skuldir ríkissjóðs hafi í lok árs 2004 numið 254 milljörðum króna. Ríkissjóður gefur út skuldabréf bæði á innlendum og erlendum markaði og er áætlað að innlendar skuldir hafi í árslok 2004 numið 113 milljörðum króna og erlendar skuldir 141 milljarði. Hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs af heildarskuldum hans var um 56% í árslok 2004 og hafði þá lækkað úr því að vera 67% í árslok 2001. Sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF) voru erlendar skuldir 16% í árslok 2004 en voru tæplega 27% í árslok 2001. Fjallað var um erlendar skuldir ríkissjóðs í vefriti ráðuneytisins í sl. viku. Hlutfall innlendra skulda af landsframleiðslu hefur verið nokkuð stöðugt á undanförnum árum, var í árslok 2004 tæp 13% en í lok árs 2001 rúm 13%.

Skuldir ríkissjóðs



Fjármögnun ríkissjóðs innanlands hefur um nokkurt skeið aðallega átt sér stað með útgáfu á verðtryggðum spariskírteinum, óverðtryggðum ríkisbréfum og ríkisvíxlum. Fyrir um 4 árum tók ríkissjóður þá ákvörðun að draga úr útgáfu verðtryggðra bréfa og hafa spariskírteini ekki verið gefin út frá þeim tíma. Ríkissjóður hefur þess í stað gefið út óverðtryggð ríkisbréf og eru nú útistandandi þrír markflokkar að fjárhæð rúmlega 56 milljarðar króna á gjalddaga 2007, 2010 og 2013. Þá hefur ríkissjóður einnig gefið út ríkisvíxla og eru þeir nú gefnir út til 3ja og 3½mánaðar. Útistandandi stofn ríkisvíxla miðast við um 18 milljarða króna meðalstöðu að jafnaði.

Í apríl n.k. kemur til innlausnar flokkur spariskírteina að innlausnarvirði tæplega 21 milljarður króna. Þá verður aðeins einn markflokkur sparskírteina útistandandi sem er á gjalddaga árið 2015 og er uppreiknað verð hans í árslok 2004 um 22 milljarðar króna.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárjöfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - janúar 2005	2,4	4,0
Kjarnaverðb.1– jan. 2005	2,7	4,0
Launavísitala - nóvember	5,5	5,4
Heildarvelta janúar-ágúst	0,0	9,6
Smá.velta janúar-ágúst	0,3	4,3
Atvinnuleysi - desember	3,1	2,7

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Ný þjóðhagsspá - aðhaldsöm hagstjórn

Í nýrri skýrslu efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins „Úr þjóðarbúskapnum" er fjallað um framvindu og horfur efnahagsmála árin 2004 -2006. Helstu niðurstöður eru að hagvöxtur árið 2004 var um 5,8%. Í ár er spáð að hagvöxtur verði 5,5% og 4,7% á næsta ári. Meginþungi stóriðjuframkvæmda fellur til í ár og á næst ári vegna stækkunar við Norðurál og hröðun stóriðjuframkvæmda. Greiðari aðgangur að ódýrara lánsfé hefur áhrif til að auka einkaneysluna, sem er spáð að vaxi í heild jafn mikið og í síðustu uppsveiflu. Óhjákvæmileg afleiðing af mikilli aukningu þjóðarútgjalda er vaxandi viðskiptahalli fram til ársins 2006. Eftir það er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn dragist hratt saman og nálgist um 2% af landsframleiðslu árið 2010.

Efnahagstjórnin verður aðhaldssöm á meðan framkvæmdirnar eru í hámarki. Gert er ráð fyrir að stýrivextir hækki í 9,5% og að aðhald í opinberum búskap verði umtalsvert þrátt fyrir lækkun tekjuskatts um 1% árin 2005 og 2006 bæði árin. Síðan mun megin þungi skattalækkana falla til á árinu 2007 þegar verulega dregur úr stóriðjuframkvæmdum. Aðhaldið felst í því að vöxtur samneyslunnar er takmarkaður við 2% á ári og miklum samdrætti í opinberum fjárfestingum. Reiknað er með að aukið aðhald skili sér í afkomubata sem er metinn á um 3% af landsframleiðslu árin 2004 og 2005.

Framleiðslu– og vinnumarkaðsspenna og verðbólga



Auk hagsstjórnar, mun sveigjanleiki hagkerfisins styðja við aukna framleiðni og draga þannig úr verðbólguþrýstingi. Alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur einnig áhrif til að draga úr spennu á mörkuðum með greiðari aðflutningi erlendra aðfanga og vinnuafls í uppsveiflunni. Spáð er að framleiðsluspenna verði því hófleg á næstu árum og minnki síðan í kjölfar mestu framkvæmdanna.

Verðbólgu er spáð þannig að hún haldist innan þolmarka verðbólgumarkmiðs og verða 3,2% í ár og 3,5% á næsta ári, m.v. breytingu á milli ára. Einnig er spáð að atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla muni lækka úr 2,8% að meðaltali í ár í rúm 2% árið 2006.

Afkomuhorfur í sjávarútvegi – stendur af sér öldurót

Fjármálaráðuneytið hefur birt samhliða þjóðhagsspá mat á afkomuhorfum í sjávarútvegi í undanförnum skýrslum. Afkomumatið byggir á framreikningi á rekstri greinarinnar frá 2003 sem er ný samantekt frá Hagstofu Íslands. Afkoma sjávarútvegs á árinu 2003 var töluvert betri en framreikningur ráðuneytisins gaf til kynna. Þessi útkoma virðist sýna að greinin getur aðlagast með skjótum hætti þegar rekstrarskilyrði versna, en þess ber að geta að gengi íslensku krónunnar hækkaði um 6%, erlent verð sjávarafurða lækkaði um 5% og framleiðslan dróst saman um ½% árið 2003. Samkvæmt samantekt Hagstofunnar var vergur hagnaður (EBITDA) um 21% af tekjum í stað tæplega 16% eins og ráðuneytið hafði áætlað með hliðsjón meðal annars af framangreindum rekstrarskilyrðum. Munurinn er enn meiri þegar um er að ræða hreinan hagnað fyrir beina skatta en þar munar miklu um nýtt mat Hagstofunnar á svonefndri árgreiðslu sem lækkar um 2 ma.kr. milli 2002 og 2003.

Afkoma sjávarútvegs, ma.kr.

			Áætlun	
Milljarðar króna	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**
Tekjur	125,3	112,1	116,7	124,5
Rekstrargjöld	98,1	88,5	96,6	103,4
Vergur hagnaður	27,2	23,6	20,1	21,1
% af tekjum	*21,7*	*21*	*17,2*	*16,9*
Árgreiðsla (6%)	14,4	12,3	12,7	13,2
Hreinn hagnaður fyrir skatta	12,8	11,2	7,3	7,9
% af tekjum	*10,2*	*10*	*6,3*	*6,4*

Heimild: Hagstofa Íslands fyrir 2002 og 2003

Helstu forsendur framreiknings

Breyting frá fyrra ári, %	2004	2005
Magn	7,0	3,0
Afurðaverð erlendis	0,5	5,0
Fiskverð innanlands	-5,0	3,7
Útflutningsgengi sjávarafurða *	-3,2	-1,3
Laun	4,5	5,5
Olíuverð erlendis	31,0	-5,0
Innlent verðlag	3,2	3,2

*Mínus tala gefur til kynna hækkun á gengi íslensku krónunnar.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að hagnaður sjávarútvegs verði nokkru lakari eða rúmlega 6% af tekjum árin 2004 og 2005 samanborið við 10% árin 2002 og 2003. Einnig ber að taka fram að ekki er búið að reiknað með veiðigjaldi sem gæti leitt til þess að hagnaðurinn lækkaði á bilinu 1-1,5 ma.kr. hvort árið fyrir sig 2004 og 2005. Í sögulegu ljósi getur greinin vel við unað ef þessi áætlun gengur eftir. Í framangreindum framreikningum er stuðst í megin atriðum við sömu forsendur varðandi magn- og verðbreytingar sem liggja að baki síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Eignarhlutir ríkisins í félögum

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi svar við fyrirspurn um eignarhluti ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Spurt var í hvaða félögum íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sjóðir í eigu ríkisins séu hluthafar og hversu mikill eignarhluturinn sé í hverju félagi. Í svarinu eru alls listuð 208 félög. Hluti þeirra er þó nefndur til sögunnar oftar en einu sinni þar sem fleiri en einn framangreindra aðila á í nokkrum tilvikum eignarhlut í sama félagi. Að teknu tilliti til þessa eru félögin 179 talsins. Ástæða er til að benda á að stærstur hluti þessara eignarhluta er í eigu tveggja sjóða í C hluta sem sérstaklega er fengið það hlutverk lögum samkvæmt að fjárfesta í félögum. Þannig er Byggðastofnun skráð fyrir eignarhlutum í 78 félögum og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fyrir eignarhlutum í 65 félögum. Þá eiga rannsóknarstofnanir sem til þess hafa fengið lagaheimild eignarhluti í nokkrum félögum sem tengjast starfsemi þeirra. Loks skal nefnt að ríkisfyrirtæki sem breytt hefur í hlutafélög teljast nú félög í eigu ríkisins.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárjöfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - janúar 2005	2,4	4,0
Kjarnaverðb.1– jan. 2005	2,7	4,0
Launavísitala - desember	5,4	6,0
Heildarvelta janúar-okt.	0,4	9,7
Smá.velta janúar-okt	1,3	4,5
Atvinnuleysi - desember	3,1	2,7

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Innflutningur í janúar 2005

Vöruinnflutningur í janúar nam rúmum 17 milljörðum króna án skipa og flugvéla ef marka má bráðabirgðatölur byggðar á upplýsingum um innheimtu virðisaukaskatts. Þetta er 10% meiri innflutningur að raungildi en í janúar í fyrra og ef þriggja mánaða meðaltöl eru borin saman er aukningin um fimmtungur. Í krónum talið er munurinn milli janúarmánaða ekki eins mikill en þar spilar inn í áhrif sterkari krónu. Ef miðað er við gengisvísitölu innflutningsvogar var krónan um 7% sterkari að meðaltali nú í janúar miðað við janúar 2004. Meginskýring aukins verðmætis innflutnings virðist annars vegar vera innflutningur eldsneytis enda hefur olíuverð hækkað mikið á einu ári og hins vegar innflutningur fólksbíla. Aftur á móti var minna flutt inn af mat- og drykkjarvörum og neysluvörum samkvæmt þessum bráðabirgðatölum.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Vöruskiptajöfnuður hefur allt frá árinu 2001 verið jákvæður í janúarmánuði. Það er ef til vill bjartsýni að reikna með sömu niðurstöðu í ár en leiða má þó líkur að því að hann gæti orðið nálægt jafnvægi. Ágætlega hefur veiðst í janúar, munar þar reyndar mest um loðnuna og útflutningur sjávarafurða gæti því verið nokkur miðað við árstíma. Verð sjávarafurða fór hækkandi innan ársins 2004 og var svo komið í desember að þrátt fyrir sterkari krónu var verðvísitala sjávarafurða í íslenskum krónum ögn hærri en í janúar.

Alþjóðlegur samanburður á tekjudreifingu

Algengasti mælikvarðinn á tekjudreifingu er Gini-stuðullinn, sem er á bilinu 0 til 1. Skoðað er hvernig tekjur jafn stórra hópa sem raðað er eftir tekjustigi dreifast. Stuðullinn 0 þýðir að tekjudreifing er algerlega jöfn, m.ö.o. allir hóparnir hafa sömu tekjur. Stuðullinn 1 þýðir að allar tekjurnar renna til efsta tekjuhópsins. Flestar alþjóðlegar mælingar benda til að tekjudreifing sé á bilinu 0,2 (mikill jöfnuður) til 0,7 (mikill ójöfnuður). Varðandi alþjóðlegan samanburð á Gini-stuðlinum verður að hafa hugfast að slíkir útreikningar byggja oft á mismunandi skilgreiningum. Stundum er byggt á launatekjum en í öðrum tilvikum ráðstöfunartekjum. Í sumum tilfellum ná mælingarnar til allra starfandi en í öðrum tilfellum til ákveðins hóps.

Í skýrslu Sameinuðu Þjóðanna UN Human Development Report, 2004 eru birtar mælingar á Gini-stuðlinum sem byggja á launatekjum allra starfandi í löndum heims fyrir árið 2000. Svo virðist sem meiri jöfnuður sé í þróuðum ríkjum með hátt tekjustig og að mestan ójöfnuð í tekjudreifingu sé að finna í þróunarríkjum með lágt tekjustig. Í þróuðum ríkjum er Gini-stuðullinn oftast á bilinu 0,2 til 0,4. Í Portúgal og Grikklandi var stuðullinn nálægt 0,4, en á bilinu 0,25 og 0,3 í Svíþjóð og Finnlandi, sem hafa hærra tekjustig. Aðrir þættir hafa einnig áhrif á tekjudreifinguna. Mælingar sýna að í hátekjulöndum eins og Bandaríkjunum, Írlandi og Bretlandi er jöfnuður tekna minni (um 0,4) en í löndum eins og Þýskalandi og Frakklandi (um 0,3). Fyrri löndin leggja meiri áherslu á óhefta starfsemi á markaði sem leið til að auka hagvöxt og velferð. Síðari löndin leggja áherslu á hlutverk ríkisins við að jafna tekjudreifinguna ásamt miklum réttindum vinnandi fólks á vinnumarkaði. Reynslan bendir til að þar sem lögð er rík áhersla á tekjutilfærslur og kostnaðarsöm réttindi á vinnumarkaði, er afleiðingin oft sú að það dregur merkjanlega úr atvinnuþátttöku og hluti af vinnufæru fólki lokast inni í „fátæktargildrum" bótakerfa. Mikil opinber umsvif því tengt leiða síðan til hærri skatta sem hafa áhrif til að draga úr hagvexti. Mörg stærri ríkja Evrópu standa nú frammi fyrir þeim vanda.

Upplýsingar um Ísland voru ekki birtar í skýrslunni, en Gini-stuðullinn hefur nýlega verið mældur fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, með og án fjármagnstekna. Þar sem sú mæling nær ekki til allra er erfitt að bera þær mælingar saman við tölur Sameinuðu Þjóðanna. Þó má nefna að Gini-stuðullinn án fjármagnstekna mældist hér á landi 0,23 árið 2000, sem er mjög mikill jöfnuður í alþjóðlegu samhengi. Þegar fjármagnstekjur eru teknar með mældist stuðullinn 0,26. Síðan þá hefur Gini-stuðullinn án fjármagnstekna ekki hækkað á Íslandi. Með auknum fjármagnstekjum landsmanna hefur Gini-stuðullinn þar sem fjármagnstekjur eru teknar með hins vegar hækkað í 0,30 árið 2004. Reynslan bendir til að aukin fjármagnsmyndun leiði til hærri launa allra tekjuhópa þó það geti jafnframt dregið úr hlutfallslegum jöfnuði. Að lokum má nefna að tekjudreifing á Íslandi er áþekk því sem er að finna á hinum Norðurlöndunum og í mörgum Evrópulöndum.

Tekjur og tekjudreifing



Ríkisstofnanir og samkeppnisrekstur

Nokkuð er um að ríkisstofnanir og einkafyrirtæki starfi á sama markaði. Því er stundum haldið fram að það halli á einkareksturinn í þeim efnum og að ríkisstofnanir niðurgreiði samkeppnisstarfsemi sína með fé frá starfsemi sem nýtur einkaréttar eða framlaga úr ríkissjóði. Árið 1997 samþykkti ríkistjórnin stefnu um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri stofnana ríkisins. Fól hún það í sér að væri um að ræða umtalsverðan samkeppnisrekstur hjá ríkisstofnun, skyldi hann vera fjárhagslega aðgreindur frá öðrum þáttum í rekstri stofnunarinnar. Hversu langt ætti að ganga í slíkum aðskilnaði færi síðan eftir því hve umfangsmikill samkeppnisrekstur stofnunarinnar væri, að teknu tilliti til heildarveltu þessa hluta rekstrarins og stöðu stofnunarinnar gagnvart samkeppnisaðilanum. Í stefnunni komu jafnframt fram viðmiðanir um það hvenær ríkisstofnanir ættu að beita fjárhagslegum aðskilnaði og - í þeim tilvikum þar sem um væri að ræða verulegar fjárhæðir eða sterka markaðsstöðu - stjórnunarlegum aðskilnaði. Í kjölfar stefnumörkunarinnar gaf fjármálaráðuneytið síðan út leiðbeiningar til stofnana um fjárhagslega aðgreiningu. Leiðbeiningarnar eru enn í fullu gildi og hafa nýverið verið uppfærðar með tilliti til breytinga sem orðið hafa á bókhalds- og fjárhagskerfum ríkisins. Þær má nálgast á stjórnendavefnum.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárjöfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - janúar 2005	2,4	4,0
Kjarnaverðb.1– jan. 2005	2,7	4,0
Launavísitala - desember	5,4	6,0
Heildarvelta janúar-okt.	0,4	9,7
Smá.velta janúar-okt	1,3	4,5
Atvinnuleysi - desember	3,1	2,7

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Um gengisspá fjármálaráðuneytisins

Þjóðhagsspágerð fjármálaráðuneytisins byggir á haglíkani með yfir fimm hundruð jöfnum sem endurspegla samspil margvíslegra hagþátta í íslensku efnahagslífi. Mikil reynsla er komin á þetta líkan og það hefur verið í stöðugri þróun um langt árabil. Þá má nefna að þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins nýtur sérstöðu en ólíkt spágerð Seðlabanka Íslands og OECD er spáð fyrir um feril stýrivaxta Seðlabankans og gengis krónunnar, en ofangreindar stofnanir halda vöxtum og gengi föstu fyrir allt spátímabilið á þeim tímapunkti sem spár þeirra eru gerðar. Ef forsendur fjármálaráðuneytisins um þróun vaxta og gengis ganga eftir gefur það spá ráðuneytisins möguleika á að endurspegla þróunina af meiri nákvæmni en ella, þar sem þróun vaxta og gengis hafa mikil áhrif á efnahagslífið. Þrátt fyrir óvissu í spágerð gegna þjóðhagsspár mikilvægu hlutverki tengt starfsemi hverrar stofnunar. Fyrir starfsemi ríkisins má segja að þjóðhagsspáin geri ákvarðanatöku tengda framkvæmd fjárlaga og hagstjórnina í heild markvissari. Hér á eftir eru reifaðar helstu röksemdir að baki spá um gengi krónunnar í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var 25. janúar síðastliðinn.

Í fyrra var gengisvísitala krónunnar að meðaltali um 121 stig en lækkaði umtalsvert í lok síðasta árs 2004 og fór í 111 stig í byrjun þessa árs. Í spánni er gert ráð fyrir að gengi krónunnar veikist þegar líða tekur á árið, m.ö.o. að gengisvísitala krónunnar hækki og verði að meðaltali 119 árið 2005. Þetta jafngildir um 1¼% styrkingu frá fyrra ári. Þá er gert ráð fyrir að gengisvísitalan haldi áfram að hækka út árið 2006 og verði að meðaltali 124 það ár, sem jafngildir 4% veikingu milli ára. Því er reiknað með umtalsverðri hækkun á gengisvísitölunni á komandi misserum.

Að baki gengisspá fjármálaráðuneytisins liggja einkum fjórar forsendur:

- Gengi krónunnar byrjaði að hækka á miðju ári 2002, áður en gjaldeyrisinnstreymið hófst í tengslum við stóriðjuframkvæmdirnar. Að mestu leyti má rekja hækkunina til viðbragða markaðsaðila. Af þeim sökum má gera ráð fyrir að gengið lækki áður en framkvæmdirnar og gjaldeyrisinnstreymið þeim tengt byrja að dragast saman.
- Framkvæmdirnar hafa færst nær í tíma og falla að stærstum hluta til árin 2005 og 2006.
- Áætlanir um erlenda kostnaðarhlutdeild stóriðjuframkvæmdanna hefur verið að hækka sem gæti bent til þess að markaðurinn hafi yfirskotið genginu þar sem nettógjaldeyrisinnflæði verður minna en búast mátti við í upphafi.
- Það stefnir í met viðskiptahalla sem ýtir undir væntingar um lækkandi gengi krónunnar.

Að lokum má geta þess að aukið aðhald peningastefnu Seðlabanka Íslands, í formi hærri stýrivaxta, hefur meiri áhrif þegar gengið lækkar en þá verða erlend lán kostnaðarsamari. Við þær aðstæður hafa innlendir vextir meiri áhrif til að draga úr einkaneyslu, fjárfestingu og spennu í hagkerfinu. Um leið örvar lægra gengi framboðshlið hagkerfisins og dregur úr misvægi í erlendum viðskiptum en það mildar viðsnúninginn í hagsveiflunni. Forsendan sem gefin er varðandi gengisferilinn er því sérlega mikilvæg vegna áhrifa gengisins á framvindu þjóðhagsspárinnar í heild.

Hagkvæm aðlögun í myntkörfu sjávarafurða

Gengisþróun krónunnar hefur mikil áhrif á afkomu fyrirtækja og einstakra greina í útflutningi eða í samkeppni við innflutning. Um leið hafa fyrirtækin sýnt getu til að bregðast við háu gengi krónunnar með því að selja til þeirra landa sem einnig hafa upplifað sterkara gengi, en þar hefur gengisþróun krónunnar verið hlutfallslega hagstæðari. Útflutningsfyrirtæki hafa því breytt markaðssetningu á varningi sínum og þjónustu undanfarin ár. Meðfylgjandi mynd sýnir útflutning sjávarútvegsfyrirtækja eftir gjaldmiðlum síðastliðin fimm ár. Árin 2001 til 2004, þegar gengi krónunnar styrktist um 40% gagnvart dollara dróst hlutdeild útflutnings í dollurum talið saman um 20%, eða um helming. Á sama tíma styrktist gengi krónunnar mun minna gagnvart evru og pundi og útflutningshlutdeildin jókst um 10% í hvorum gjaldmiðli fyrir sig. Til samanburðar má geta þess að ef sjávarútvegsfyrirtækin hefðu flutt út til sömu gjaldmiðlasvæða og árið 2000 má áætla að útflutningur sjávarafurða hefði orðið um 14 milljörðum króna minni en raun varð á síðastliðinn fjögur ár. Sveigjanleiki í markaðssetningu útflutningsverðmætanna er til marks um sveigjanleika íslenska hagkerfisins í heild.

Útflutningur sjávarafurða eftir gjaldmiðlum



Þá má benda á að myntsamsetning einstakra útflutningsgreina getur verið nokkuð frábrugðin gengisskráningarvog þeirri sem liggur að baki gengisvísitölu krónunnar. Gengisskráningarvogin, sem er endurskoðuð árlega, endurspeglar utanríkisviðskipti árið á undan og byggist á inn- og útflutningi á allri vöru og þjónustu. Myntkarfa sjávarútvegsins er byggð á vöruútflutningi þessarar greinar. Árið 2004 samstóð myntkarfa sjávarútvegsins að mestu leyti af sex gjaldmiðlum: evru (37%), pundi (29%), dollara (20%), jeni (5%), norskri krónu (4%) og danskri krónu (2%).

Þegar þessar tvær körfur eru bornar saman sést að hlutur pundsins í myntkörfu sjávarútvegs janúar til nóvember 2004 er nær þrefalt stærri en í gengisskráningarvoginni, en hlutdeildir evru og dollara eru áþekkar. Gengi krónunnar mælt með myntkörfu sjávarútvegs hækkaði um 1% á tímabilinu janúar til nóvember 2004 frá sama tímabili á fyrra ári. Á þessum tíma lækkaði gengisvísitala krónunnar um tæp 2%. Það er því jafnframt ljóst að gengisþróunin í fyrra hafði lítils háttar jákvæð áhrif á útflutningsverðmætið en samkvæmt gengisskráningarvog hefði mátt ætla að tekjurnar hefðu dregist aðeins saman.

Með hliðsjón af framangreindu virðist nokkuð ljóst að sjávarútvegurinn hefur leitast við að ráðstafa og selja afurðir sínar í þeim gjaldeyri sem hefur lækkað minna gagnvart íslensku krónunni og þannig komist hjá lakari afkomu en ella á undanförnum árum. Í nýlegri vefgrein ráðuneytisins var gerð grein fyrir afkomu greinarinnar á yfirstandandi ári. Helsta niðurstaðan er sú að ekki stefni í hallarekstur þrátt fyrir hærra meðalgengi krónunnar m.v. árið 2004. Hins vegar ber að taka fram að hér er um að ræða mat á greininni í heild, en ekki er loku fyrir það skotið að einstakar greinar í sjávarútvegi eigi á brattan að sækja.

Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	7,6	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	7,7	17,0
Tryggingagjöld	11,0	10,3
Eignarskattar	-21,8	44,2
Veltuskattar	9,7	12,7
Tekjur alls	11,1	8,0

Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	1,7	8,2
Félagsmál	11,8	9,2
Atvinnumál	15,6	1,9
Vaxtagjöld	-23,3	-6,1
Önnur útgjöld	13,9	6,0
Gjöld alls	8,6	6,9

Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-22.687	-8.177
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.631	9.557
Afborgun lána	-30.666	-32.321
Br. lánsfjárjöfnuður	-39.172	-29.639
Lántökur	39.087	27.567
Greiðsluafkoma	-86	-2.072

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - febrúar 2005	2,3	4,5
Kjarnaverðb.1– febr. 2005	2,5	4,5
Launavísitala - desember	5,4	6,0
Heildarvelta janúar-okt.	0,4	9,7
Smá.velta janúar-okt	1,3	4,5
Atvinnuleysi - desember	3,1	2,7

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóð janúar - desember 2004

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2004 liggur nú fyrir. Við samanburð á afkomu fyrri ára verður að hafa í huga að mánaðaruppgjörið er nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomuyfirlits verið færð nær almennum sjóðstreymisyfirlitum.

Uppgjörið sýnir að handbært fé frá rekstri var því sem næst í jafnvægi, eða neikvætt um 0,3 milljarða króna. Það er tæpum 10 milljörðum betri staða en um áramótin þar á undan, en heldur lakara en spáð var sl. haust eða sem nemur 2½ milljarði króna.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 280,7 milljörðum króna á árinu 2004 og hækkuðu um 21 milljarð króna frá árinu á undan, eða um 8,1%. Þetta er liðlega 1,3 milljörðum króna meiri innheimta en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2004. Skatttekjur ríkissjóðs námu þar af um 260,7 milljörðum króna og hækkuðu um 13,1% frá fyrra ári sem er 3,1 milljarði króna meiri innheimta en áætlanir gerðu ráð fyrir. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 3,2% á tímabilinu þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 9,6%. Innheimta skatttekna á tekjur og hagnað hækkuðu um 10,7% frá fyrra ári. Þar af skiluðu tekjuskattar einstaklinga um 6,7 milljörðum krónum meira en árið 2003, sem er 12% aukning og tekjuskattar lögaðila skiluðu 0,8 milljarði króna meira en í fyrra, sem er 8,3% aukning. Innheimta tryggingagjalda jókst um 11,1% á milli ára en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 4,7% á sama tímabili. Tekjur af eignarskatti hækkuðu einnig frá fyrra ári, eða um 38,8% sem jafngildir 34,5% raunhækkun. Þar munar mestu um aukningu í innheimtu stimpilgjalda en þau hafa aukist um 73,6% á milli ára enda urðu miklar breytingar á íbúðarlánamarkaði á síðastliðnu ári sem leiddi til þess að fasteignaviðskipti og endurfjármögnun húsnæðislána jukust til muna. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst um 13,4% frá 2003 eða um 9,9% að raungildi. Þar af vegur 13,5% aukin innheimta virðisaukaskatts þyngst en aðrir óbeinir skattar jukust um 13,1%. Þess má geta að töluverð aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um 37,4% en hana má fyrst og fremst rekja til aukningu í innflutningi bifreiða.

Útgreiðslur ríkissjóðs námu 280 milljörðum króna á árinu 2004. Það er hækkun um tæpa 12 milljarða frá fyrra ári, eða 4,3%. Hækkunin kemur nær alfarið fram í félagsmálum, sem hækka um 11 milljarða. Greiðslur til þess málaflokks nema tæpum ⅔ af heildarútgreiðslum ríkissjóðs. Þannig hækka greiðslur til almannatrygginga um 3,8 milljarða, til heilbrigðismála um 3,2 milljarða og til fræðslumála um 1,9 milljarða króna. Hjá atvinnumálum munar mestu um 2 milljarða hækkun til samgöngumála. Á móti vega lækkanir til ákveðinna málaflokka og munar þar langmestu um 1,9 milljarða lægri vaxtagreiðslur heldur en árið 2003. Aðrar breytingar milli ára vega minna. Greiðslurnar eru í heild tæpum 8 milljörðum innan marka fjárheimilda og munar þar mestu um ónýttar inneignir til samgöngumála.

Lánshæfismat ríkissjóðs hækkar

Matsfyrirtækið Standard&Poor´s hækkaði í síðustu viku lánshæfiseinkunn ríkissjóðs á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt úr A+ í AA-. Hæsta einkunn S&P er AAA sem stendur fyrir framúrskarandi bréf með lægstu áhættu og sérlega mikla greiðslugetu. Skuldabréf með einkunnina AA eru aðeins að litlu leyti frábrugðin albestu bréfunum og er geta skuldara til að standa við skuldbindingar sínar talin mjög mikil. Einkunnin A lýsir sömuleiðis miklu hæfi til að endurgreiða vexti og höfuðstól en hæfið er þó talið viðkvæmara fyrir óhagstæðum breytingum á hagskilyrðum.

Lánshæfismat íslenska ríkisins hefur hækkað jafnt og þétt frá því að fyrst var óskað eftir formlegri einkunnargjöf frá matsfyrirtækjunum. Ísland er nú með hæstu einkunn fyrir langtímabréf hjá Moody´s og í næst hæsta einkunnarflokki hjá S&P og Fitch. Fyrir skammtímabréf fær ríkissjóður hæstu einkunn hjá öllum matsfyrirtækjunum.

	Horfur	Langt.bréf í erl. mynt	Skammt.bréf í erl.mynt	Langt.bréf í ISK	Skammt.bréf í ISK
Moody´s	Stöðugar	Aaa	P-1	Aaa	P-1
S&P	Stöðugar	AA-	A-1+	AA+	A-1+
Fitch	Stöðugar	AA-	F1+	AAA	

Moody´s og S&P voru fyrst beðin um lánshæfiseinkunn fyrir langtímaskuldabréf í erlendri mynt árið 1994 en þá fékkst einkunnin A frá S&P sem var síðan hækkuð í A+ árið 1996. Moody´s byrjaði á því að gefa ríkissjóði einkunnina A2 árið 1994 sem var síðan hækkuð í Aa3 árið 1997 og svo í hæstu einkunn í þeirra skala, Aaa, árið 2002. Þriðja matsfyrirtækið, Fitch, bættist í hópinn árið 2000 með einkunnina AA- og stendur það mat enn. Öll matsfyrirtækin telja horfurnar stöðugar sem þýðir að ekki er búist við breytingum á lánshæfiseinkunnum í bráð.

Alþjóðlegt mat á íslensku efnahagslífi

Á undanfarinni viku hafa tveir alþjóðlegir aðilar gefið út nýtt mat á horfum í íslensku efnahagslífi. OECD birti nýja ítarlega skýrslu um íslensk efnahagsmál og Standard&Poor´s hækkaði lánshæfismat ríkissjóðs. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf einnig út nýtt álit í lok október síðastliðinn og Moody´s og Fitch síðastliðið sumar. Þessir matsaðilar eru allir nokkuð samhljóma í meginniðurstöðum sínum. Þeir hrósa íslenskum stjórnvöldum fyrir margvíslegar skipulagsbreytingar á undanförnum áratug sem hafa aukið sveigjanleika og aðlögunarhæfni íslenska hagkerfisins. Einnig þykir staða ríkisfjármála vera sterk og sömuleiðis þótti rétt að taka upp verðbólgumarkmið. Helstu viðvaranir þessara aðila tengjast hættu á ójafnvægi í þjóðarbúskapnum vegna stóriðjuframkvæmdanna og er vaxandi viðskiptahalli nefndur til sögunnar í þeim efnum. Erlendar skuldir þykja einnig of miklar enda hlutfallslega meiri en í flestum öðrum ríkjum. Íslenskum stjórnvöldum er einkum ráðlagt að reyna að sporna við þenslu á næstu misserum til að viðhalda stöðugleika. Mælt er með auknu aðhaldi í peningamálum með frekari hækkunum stýrivaxta en auk þess er lagt til að dregið verði frekar úr útgjöldum ríkisins og stefnt að auknum afgangi af rekstri ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs jan-desember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	8,7	13,1
Skattar á tekjur og hagnað	12,2	10,7
Tryggingagjöld	11,5	11,1
Eignarskattar	-21,4	38,8
Veltuskattar	9,1	13,4
Tekjur alls	11,1	8,1

Gjöld ríkissjóðs jan-desember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,0	3,7
Félagsmál	11,6	6,4
Atvinnumál	12,3	2,6
Vaxtagjöld	-16,0	-12,5
Önnur útgjöld	16,0	3,2
Gjöld alls	8,9	4,3

Afkoma ríkissjóðs jan-desember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-9.272	-292
Hr. lánsfjárjöfnuður	11.843	22.408
Afborgun lána	-30.702	-32.477
Br. lánsfjárjöfnuður	-26.359	-17.569
Lántökur	24.749	25.867
Greiðsluafkoma	-1.610	8.298

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - febrúar 2005	2,3	4,5
Kjarnaverðb.1– febr. 2005	2,5	4,5
Launavísitala - desember	5,4	6,0
Heildarvelta janúar-okt.	0,4	9,7
Smá.velta janúar-okt	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar 2005	3,7	3,0

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Breyttar aðstæður á vinnumarkaði

Allmikil umsvif eru í íslensku efnahagslífi um þessar mundir og ekkert lát verður á þeim í nánustu framtíð. Innheimta tryggingagjalda ríkissjóðs, sem lögð eru á öll vinnulaun, bendir til þess að á síðastliðnu ári kunni ársvöxturinn að hafa verið 5% umfram vöxt launavísitölu og að vaxtarhraðinn hafi aukist eftir því sem leið á árið. Bætt innheimta frá fyrra ári kann að hafa einhver áhrif hér á en það breytir þó ekki þeirri meginályktun að umsvif á vinnumarkaði hafi aukist umtalsvert. Þróun atvinnuleysis bendir til sömu niðurstöðu. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi hefur farið stöðugt minnkandi frá því í júlí á síðasta ári. Fækkun á atvinnuleysisskrá seinni hluta sumars var meiri í fyrra en venja hefur verið undanfarin ár. Þá var aukning á atvinnuleysisskrá í vetur sömuleiðis minni en vant er. Atvinnuþátttaka hér á landi, sem er mjög mikil í alþjóðlegum samanburði, getur ekki aukist að neinu ráði nema ungt fólk kjósi fremur að fara út á vinnumarkaðinn en að halda áfram í skóla. Slík þróun yrði samfélaginu hins vegar skammgóður vermir. Á lokuðum vinnumarkaði er viðbúið að mikil spurn eftir vinnuafli leiði til launahækkana og aukinnar verðbólgu.

Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar



Aðstæður á vinnumarkaði hafa hins vegar verið að breytast undanfarin ár eins og á mörgum öðrum sviðum. Í síðustu uppsveiflu fluttist til landsins mikill fjöldi erlends fólks sem hefur í miklum mæli ílenst. Fyrst og fremst er um að ræða fólk frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins sem hingað fluttist á grundvelli atvinnu- og dvalarleyfa. Nú er þrýstingur aftur að aukast um að flytja hingað til lands vinnuafl erlendis frá bæði vegna stóriðjuframkvæmdanna og til starfa í öðrum atvinnugreinum. Atvinnurekendur leita í auknum mæli til starfsmannaleiga sem starfa innan evrópska efnahagssvæðisins. Reikna má með því að þeir starfsmenn sem þannig koma til landsins hverfi almennt aftur til síns heima þegar verkefnum þeirra hér á landi lýkur. Vísbendingar eru um að flestir þeirra hafi skamma viðkomu hérlendis. Þá hafa íslensk fyrirtæki í nokkrum tilvikum komið upp starfsemi í löndum ESB þar sem vinnuafl er ódýrara en hér og jafnvel flutt starfsemi sína þangað. Vegna alþjóðavæðingar efnahagslífsins má búast við að aukin spurn eftir vinnuafli í þessari uppsveiflu hafi minni áhrif á launaþróunina og almennt verðlag en í fyrri uppsveiflum.

Frumvarp um ársreikninga

Nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga. Með frumvarpinu er verið að innleiða ákvæði reglugerðar ESB nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Með innleiðingunni verða tiltekin félög skylduð til að haga reikningsskilum sínum í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Skyldan nær aðallega til samstæðureikninga félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES. Framangreindum félögum verður jafnframt gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga frá og með reikningsári sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Öðrum félögum verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín, en verður hins vegar heimilt að beita þeim, ef þau uppfylla tiltekin stærðarmörk. Félögum sem hvorki hafa skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum né heimild skulu fara eftir öðrum ákvæðum ársreikningslaga við gerð reikningsskila sinna.

Frumvarpið kveður einnig á um innleiðingu á tilskipun ESB nr. 51/2003, um breytingu á tilskipunum ESB, um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga. Með þeirri tilskipun hefur Evrópusambandið lokið heildarendurskoðun á reglum um ársreikninga. Með ákvæðum tilskipunarinnar, sem gert er ráð fyrir að verði innleidd í íslenskan rétt, verða afnumin þau ákvæði sem stangast á við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla. Frumvarpið miðar einnig að því að tryggja að allir valkostir reikningsskila sem tiltækir eru samkvæmt settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum séu til staðar fyrir önnur félög.

Staðan í tvísköttunarmálum

Á árinu 2004 lauk samninganefnd um gerð tvísköttunarsamninga við gerð slíks samnings við Austurríki. Þar með er Ísland orðið aðili að 28 tvísköttunarsamningum við 32 erlend ríki, en sameiginlegur samningur er í gildi milli Norðurlandanna.

Ljóst er að þó mikið hafi áunnist á þessu sviði á örfáum árum (18 samningar á átta árum) eigum við enn langt í land samanborið við hin Norðurlöndin, eins og sjá má á eftirfarandi yfirliti sem sýnir stöðuna á síðasta ári:

*	Danmörk	73 samningar
*	Finnland	64 samningar
*	Noregur	79 samningar
*	Svíþjóð	79 samningar

Af eðlilegum ástæðum hafa smærri ríki færri tvísköttunarsamninga en þau stærri. Er því fróðlegt til samanburðar að skoða fjölda tvísköttunarsamninga hjá smáum Evrópuríkjum. Í lok árs 2003 voru 43 tvísköttunarsamningar í gildi við Lúxemborg og 42 samningar í gildi við Kýpur.

Samningaviðræður eru nú í gangi við Mexíkó, Slóveníu, Úkraínu og Grikkland um gerð nýrra tvísköttunarsamninga. Þá eru einnig í gangi viðræður um endurskoðun gildandi samninga við Bandaríkin, Þýskaland og Norðurlöndin. Jafnframt er fyrirhugað að hefja viðræður við Rúmeníu í vor.

Langtímamarkmið nefndarinnar hefur verið að ljúka samningagerð við öll aðildarríki OECD á allra næstu árum. Þegar hafa verið gerðir samningar við 24 ríki af 30 aðildarríkjum, auk þess sem samningagerð við Grikkland og Mexíkó er langt komin. Þá eru 4 OECD ríki eftir en þau eru Ástralía, Japan, Nýja-Sjáland og Tyrkland. Leitað hefur verið eftir viðræðum við framangreind ríki með formlegum hætti en ekki liggja fyrir tímasetningar um hvenær viðræður geta hafist.

Þá hefur samninganefndin horft til þess að ljúka samningsgerð við nýju ESB-ríkin en af þeim er það einungis Kýpur sem eftir stendur. Jafnframt hefur verið sett á stefnuskrá nefndarinnar að óska eftir viðræðum við Búlgaríu, Chile, Suður-Afríku og Indland. Ennfremur hefur íslenskum stjórnvöldum borist beiðni frá Króatíu og Albaníu um að hefja tvísköttunarviðræður en tímasetningar liggja ekki fyrir um hvenær þær viðræður geta hafist.

Tekjur ríkissjóðs jan-desember

12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	8,7	13,1
Skattar á tekjur og hagnað	12,2	10,7
Tryggingagjöld	11,5	11,1
Eignarskattar	-21,4	38,8
Veltuskattar	9,1	13,4
Tekjur alls	11,1	8,1

Gjöld ríkissjóðs jan-desember

12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,0	3,7
Félagsmál	11,6	6,4
Atvinnumál	12,3	2,6
Vaxtagjöld	-16,0	-12,5
Önnur útgjöld	16,0	3,2
Gjöld alls	8,9	4,3

Afkoma ríkissjóðs jan-desember

M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-9.272	-292
Hr. lánsfjárjöfnuður	11.843	22.408
Afborgun lána	-30.702	-32.477
Br. lánsfjárjöfnuður	-26.359	-17.569
Lántökur	24.749	25.867
Greiðsluafkoma	-1.610	8.298

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - febrúar	2,3	4,5
Kjarnaverðb.1– febrúar	2,5	4,5
Launavísitala - janúar	3,3	6,6
Heildarvelta jan.-okt.03-04	0,4	9,7
Smá.velta jan.-okt. 03 - 04	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar	3,7	3,0

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Innflutningur í febrúar

Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts nam vöruinnflutningur án skipa og flugvéla 19,5 milljörðum króna í febrúar. Þetta er gífurlegur innflutningur ef rétt reynist, eða 45% meiri að raunvirði en í febrúarmánuði í fyrra. Ef þriggja mánaða meðaltöl eru borin saman milli ára er vöxturinn rúmlega fjórðungur sem er meiri aukning en sést hefur við sams konar samanburð undanfarin fimm ár.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Ef bráðabirgðatölur um vöruinnflutning í febrúar eru lagðar við innflutning í janúar er verðmæti innflutnings í ár um fjórðungi meiri en á sama tímabili í fyrra að raungildi. Meginskýring þessarar aukningar er innflutningur flutningatækja, bæði einkabíla og farartækja til atvinnurekstrar (ekki þó skip og flugvélar) og neysluvöru, einkum svo kallaðs hálf-varanlegs neysluvarnings en þar undir flokkast til dæmis fatnaður. Þriðja meginskýringin er mikill innflutningur á eldsneyti og smurolíum sem að miklu leyti skýrist af hækkun eldsneytisverðs frá sama tímabili í fyrra.

Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um rúma 3 milljarða króna í janúar og ef fer fram sem horfir má gera ráð fyrir að niðurstaða febrúarmánaðar verði svipuð. Vöruskiptajöfnuður fyrstu tvo mánuðina í fyrra var aftur á móti jákvæður um 436 milljarða króna og fór ekki að snúa til verri vegar fyrr en í apríl 2004. Útflutningur sjávarafurða var óvenju lítill í janúar. Sterk króna spilar þar inn í en hún var rúmlega 7% sterkari í janúar en í sama mánuði í fyrra miðað við gengisskráningarvog. Aftur á móti aflaðist ágætlega í janúar og bráðabirgðatölur um afla í febrúar benda til þess sama. Verðvísitala sjávarafurða í íslenskum krónum í janúar er örlítið hærri en í janúarmánuði í fyrra, þrátt fyrir hærra gengi en verð afurða í erlendum myntum hækkaði þegar líða tók á síðasta ár. Af framansögðu má álykta að útflutningur sjávarafurða verði allmiklu meiri í febrúar en í janúarmánuði og halli á vöruskiptum gæti því orðið svipaður milli mánaða þrátt fyrir óvenju mikinn innflutning í febrúar.

Lítil verðbólga á Evrópska efnahagssvæðinu

Hagstofa Evrópusambandsins, *Eurostat*, hefur um nokkurra ára skeið birt tölur um þróun samræmdrar vísitölu neysluverðs í löndunum á EES svæðinu. Það er athyglisvert að í samræmdu neysluverðsvísitölunni er kostnaður af eigin húsnæði ekki tekinn með í reikninginn en leigukostnaður er hins vegar talinn með. Það er vegna þess að aðferðir við að mæla kostnaðinn við eigið húsnæði í neysluútgjöldum heimilanna eru afar mismunandi hjá aðildarlöndunum og í nokkrum löndum er húsnæðiskostnaði eigenda alfarið sleppt. Geta má þess að verið er að vinna að því að leysa þennan vanda og stefnt að því að taka kostnað af eigin húsnæði inn í útreikninginn eftir fáein ár. Þó er viðbúið að vægi húsnæðiskostnaðar í neysluútgjöldum verði áfram meira hér á landi en erlendis vegna þess að hlutfall íslenskra heimila sem búa í eigin húsnæði er hærra en víða annarsstaðar.

Nýjustu mælingar á samræmdu neysluverðsvísitölunni, frá janúar 2004 til janúar 2005, sýna að verðbólga á Íslandi var um 2,7%. Á sama tíma hækkaði neysluverðsvísitala Hagstofunnar án húsnæðis um rétt rúm 2%, en þá er leigukostnaður einnig undanskilinn. Til samanburðar hækkaði íslenska neysluverðsvísitalan um tæp 4% á sama tímabili og í febrúar fór hún yfir þolmörk Seðlabankans sem leiddi til viðbragða af hálfu bankans í formi greinargerðar til ríkisstjórnarinnar og síðan 0,5% hækkunar á stýrivöxtum í kjölfarið. Þegar hækkun á húsnæðisverði, sem hefur verið helsta orsök mikilla verðhækkana hér á landi að undanförnu, er undanskilin virðist efnahagslífið því vera í meira jafnvægi og ekki að sjá að þensla sé að myndast í öðrum útgjöldum heimilanna, hvað sem síðar kann að verða. Þá er samræmd verðþróun á Íslandi svipuð og á EES-svæðinu í heild, en þar nam hækkunin á sama tímabili um 2%.

Innflutningur einkabíla

Innflutningur bifreiða jókst verulega á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá Umferðastofu voru 16.500 ökutæki nýskráð árið 2004. Til samanburðar voru 12.600 ökutæki nýskráð árið 2003, og aukning því um 31% milli ára. Þegar verðmæti innfluttra einkabíla á föstu verðlagi er skoðað kemur fram að verðmætið jókst úr 12.207m.kr. árið 2003 í 16.970 m.kr. árið 2004, sem jafngildir um 39% aukningu milli ára.

Þróunina í sögulegu samhengi má sjá á meðfylgjandi mynd sem sýnir verðmæti innfluttra fólksbíla og flutningatækja til einkanota á föstu verði undanfarin sex ár. Í niðursveiflunni árið 2001, þegar gengi krónunnar lækkaði mikið og samdráttur varð í innlendri eftirspurn, dróst innflutningur bifreiða verulega saman og hélst lítill árið 2002. Síðan þá hefur innflutningur ökutækja til einkanota farið stigvaxandi með styrkingu krónunnar, vaxandi kaupmætti og ódýrara lánsfjármagni. Verðmæti innfluttra bifreiða var mun meira í fyrra en mörg undanfarin ár. Þá má benda á að vegna þess að gengi krónunnar hefur styrkst hvað mest gagnvart dollara undanfarin misseri hefur innflutningur bíla frá Bandaríkjunum aukist mikið, þ.á.m. innflutningur pallbíla sem flokkast undir flutningatæki til einkanota. Verðmæti flutningatækja til einkanota á föstu verði jókst úr 556 m.kr. árið 2003 í 849 m.kr. árið 2004, eða um 53% milli ára.

Innflutt ökutæki til einkanota



Innflutningstölur í janúarmánuði í ár benda til þess að innflutningur bifreiða sé enn að aukast. Verðmæti innflutnings bifreiða á föstu verði nam um 1,8 milljarði króna í janúar 2005 en var tæpur 1 milljarður króna í sama mánuði á fyrra ári. Á föstu verði var aukningin því um 84% á ársgrundvelli í þeim mánuði.

Tekjur ríkissjóðs jan-desember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	8,7	13,1
Skattar á tekjur og hagnað	12,2	10,7
Tryggingagjöld	11,5	11,1
Eignarskattar	-21,4	38,8
Veltuskattar	9,1	13,4
Tekjur alls	11,1	8,1

Gjöld ríkissjóðs jan-desember		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,0	3,7
Félagsmál	11,6	6,4
Atvinnumál	12,3	2,6
Vaxtagjöld	-16,0	-12,5
Önnur útgjöld	16,0	3,2
Gjöld alls	8,9	4,3

Afkoma ríkissjóðs jan-desember		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-9.272	-292
Hr. lánsfjárjöfnuður	11.843	22.408
Afborgun lána	-30.702	-32.477
Br. lánsfjárjöfnuður	-26.359	-17.569
Lántökur	24.749	25.867
Greiðsluafkoma	-1.610	8.298

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - febrúar	2,3	4,5
Kjarnaverðb.1– febrúar	2,5	4,5
Launavísitala - janúar	3,3	6,6
Heildarvelta jan.-okt.03-04	0,4	9,7
Smá.velta jan.-okt. 03 - 04	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar	3,7	3,0

Umsjón: Sigurður Guðmundsson; netfang: sigurdur.gudmundsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2005

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstökum liðum.

Samkvæmt uppgjörinu var breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 2,7 milljarða króna í mánuðinum, sem er 4,4 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en í janúar í fyrra. Útkoman er því sem næst í samræmi við áætlanir. Tekjur reyndust um 6,4 milljörðum hærri en í fyrra en gjöldin hækka um 0,6 milljarða. Hreyfingar á viðskiptareikningum urðu 1,3 milljörðum króna óhagstæðari. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um 5,9 milljarða króna en var neikvæður um 2,2 milljarða í fyrra. Hagstæðari staða nú skýrist einkum af hærri innheimtum afborgunum og jákvæðari tekjujöfnuði heldur en í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 29,9 milljörðum króna og hækkuðu um 6,4 milljarða króna frá fyrra ári eða um 27%. Skatttekjur ríkissjóðs námu 28,4 milljörðum króna sem er 28,8% hækkun frá síðasta ári eða um 23,8% meiri innheimta að raungildi. Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam 16,3 milljörðum króna og hækkaði um 33,5% frá árinu á undan. Munar þar mestu um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en í janúar nam hún 8,8 milljörðum króna sem er 54,3% aukning frá sama tímabili árið á undan. Innheimta tryggingagjalda hækkaði einnig frá fyrra ári eða um 35,4%. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 6,6% á sama tímabili. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst um 14,6% frá sama tíma í fyrra eða um 10,2% að raungildi. Þar af vegur aukin innheimta virðisaukaskatts þyngst eða 11,9%. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst einnig mikið eða um 90,9% sem endurspeglar hliðstæða aukningu í innflutningi bifreiða, en í janúarmánuði fjölgaði nýskráningum bifreiða um 88,3% frá sama tíma í fyrra. Innheimta þungaskatts jókst jafnframt um 26,2%.

Greidd gjöld janúarmánaðar eru 25,3 milljarðar króna og hækka um 0,6 milljarða frá fyrra ári, eða um 2,4%. Aukningin kemur nær alfarið fram í vaxtagreiðslum sem hækka um 1,3 milljarða. Á móti vegur lækkun greiðslna til almannatrygginga um 1,2 milljarða og til landbúnaðarmála um 0,7 milljarða króna. Hér er um tilfærslu milli mánaða að ræða.

Lántökur námu 11,6 milljörðum króna og runnu til að fjármagna 9 milljarða afborgun langtímaláns og 2,6 milljarða forinnlausn sparisкírteina. Að auki voru stutt innlend lán greidd niður um 3,4 milljarða króna. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 0,3 milljarða í janúar 2005.

Stefna nýrrar framkvæmdastjórnar ESB á sviði ríkisaðstoðar

Í 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, eða framleiðslu ákveðinna vara, að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur undanfarin ár gefið út leiðbeinandi reglur um form- og efnisreglur í tengslum við ríkisaðstoð, þar sem m.a. kemur fram í hvaða tilvikum heimilt sé að veita ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur jafnóðum tekið þessar reglur upp og aðlagað þær að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nýverið gerði nýr yfirmaður samkeppnis- og ríkisstyrkjamála hjá framkvæmdastjórninni, Neelie Kroes, grein fyrir helstu áhersluatriðum framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar fyrir árin 2005 til 2009. Miða áformin að því að draga úr heildarfjárhæð ríkisaðstoðar og gera veitingu ríkisaðstoðar markvissari, m.a. í samræmi við markmið s.k. Lissabonferlis. Á tímabilinu verður sjónum sérstaklega beint að því að auka möguleika á ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna ásamt ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, samhliða því að einfalda alla stjórnsýslu við meðhöndlun tilkynninga um veitta ríkisaðstoð frá aðildarríkjunum. Á móti kemur að dregið verður úr hvers konar heimildum til að veita stærri fyrirtækjum ríkisaðstoð sem líkleg er til að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ennfremur hefur framkvæmdastjórnin nú til endurskoðunar þær reglur sem gilda um byggðaðstoð. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar verða samþykkt ný byggðakort fyrir hvert aðildarríkjanna, en þar er tilgreint á hvaða landsvæðum heimilt er að veita byggðaaðstoð sem og hversu mikla aðstoð veita má (sem hlutfall af fjárfestingu eða, í undantekningartilfellum, sem rekstraraðstoð). Þess ber að geta að núgildandi byggðakort fyrir Ísland rennur út í lok árs 2006 og fylgjast íslensk stjórnvöld náið með endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á reglunum um byggðaaðstoð.

Aðhald í opinberum fjármálum eykst mest á Íslandi

Samkvæmt áætlunum OECD mun aðhald í opinberum fjármálum aukast mest á Íslandi af OECD ríkjunum frá 2003 til 2005. Hagsveifluleiðrétt afkoma hins opinbera er mælikvarði á það hvort fjármálastjórn hins opinbera er aðhaldsöm eða aðhaldslaus. Leiðrétt er fyrir tekjur og útgjöld hins opinbera sem hljótast af hagvexti sem er meiri eða minni en það sem samræmist jafnvægi í efnahagslífinu. Eftir stendur hagsveifluleiðrétt afkoma sem gefur betri mynd af aðgerðum stjórnvalda á sviði opinberra fjármála og áhrifum þeirra á efnahagslífið.

Breyting á hagsveifluleiðréttri afkomu hins opinbera frá 2003 til 2005*



Heimild: OECD Economic Outlook, desember 2004 *) áætlun

Áætlað er að hagsveifluleiðrétt afkoma árið 2005 verði jákvæð um 0,7% af landsframleiðslu í stað neikvæðrar afkomu árið 2003 um 0,8%. Eins og myndin sýnir verður afkomubatinn, rúmlega 1,5% af landsframleiðslu, mestur hér á landi þessi ár. Með öðrum orðum, opinber fjármál hér á landi eru hvað aðhaldsömust í OECD ríkjunum um þessar mundir. Þessi árangur er í samræmi við langtímamarkmið stjórnvalda um að draga úr vexti samneyslunnar og minnka opinbera fjárfestingu þegar stóriðjuframkvæmdir standa hvað hæst.

Til samanburðar er gert ráð fyrir að hagsveifluleiðrétt afkoma í mörgum OECD ríkjum verði áfram neikvæð og versni jafnvel á milli ára. Því er spáð að tekjuhalli í Bandaríkjunum verði neikvæður í ár um 4% af landsframleiðslu líkt og árin tvö á undan. Svipaða sögu er að segja af opinberum fjármálum í Bretlandi. Í Belgíu verður hagsveifluleiðrétt afkoma neikvæð um 0,2% á árinu 2005 í stað jákvæðrar afkomu um 1,1% árið 2003 og versnar því einna mest í aðildarríkjum OECD á þessu tímabili eða um 1,3% af landsframleiðslu.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	20,9	28,8
Skattar á tekjur og hagnað	8,7	33,5
Tryggingagjöld	42,6	35,4
Eignarskattar	4,1	104,8
Veltuskattar	43,2	14,6
Tekjur alls	22,6	27,0

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	46,1	8,9
Félagsmál	36,2	-1,6
Atvinnumál	49,2	-19,8
Vaxtagjöld	-45,8	140,9
Önnur útgjöld	-27,7	1,7
Gjöld alls	27,0	2,4

Afkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-1.795	2.655
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.591	5.874
Afborgun lána	-17	-11.135
Br. lánsfjárjöfnuður	-2.233	-5.261
Lántökur	7.674	5.563
Greiðsluafkoma	5.442	302

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - mars	1,8	4,7
Kjarnaverðb.1– mars	2,3	4,7
Launavísitala - janúar	3,3	6,6
Heildarvelta jan.-okt.03-04	0,4	9,7
Smá.velta jan.-okt. 03 - 04	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar	3,7	3,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vöxtur samneyslu ríkissjóðs í samræmi við langtíma-markmið

Nýjar tölur Hagstofu Íslands benda til að samneysla hins opinbera hafi vaxið um 3,6% að magni til árið 2004. Aukningin er tvö prósentustig umfram 1,6% vöxt sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá janúar sl. Ástæðuna má aðallega rekja til aukinnar samneyslu sveitafélaganna, sem áætlað er að hafi vaxið um 6,8% að magni til árið 2004. Aukningin kemur fram í nýrri og ýtarlegri upplýsingum Hagstofunnar fyrir árið í heild. Þó ber að merkja að hluta aukinnar samneyslu sveitarfélaganna árið 2004 má rekja til þess að nýjar tölur um samneyslu á viðmiðunarárinu 2003 eru lægri en þær sem Hagstofa Íslands hafði áður birt.

Til samanburðar var vöxtur samneyslu ríkissjóðs um 1,2% árið 2004 og samneyslu almannatrygginga um 5,3%. Samanlagt var vöxtur samneyslu ríkissjóðs og almannatrygginga um 1,8% sem er í samræmi við langtíma-markmið ríkisstjórnarinnar um að vöxtur samneyslunnar verði ekki umfram 2%.

Samneysla hins opinbera

(ma. kr. á verðlagi hvers árs)

	2003	2004	Magn-breyting, %
Samneysla ríkissjóðs	119,6	126,2	1,2%
Samneysla sveitarfélaga	72,3	80,5	6,8%
Samneysla almannatrygginga	19,8	21,6	5,3%
Samneysla hins opinbera	211,7	228,3	3,6%

Heimild: Hagstofa Íslands, mars 2005

Þá má geta þess að fjárfesting hins opinbera jókst úr 27,2 ma. kr. árið 2003 í 34,6 ma. kr. árið 2004, eða um 22,8% að magni til, en gert var ráð fyrir um 18,3% samdrætti í janúarspá ráðuneytisins. Fjárfesting ríkissjóðs jókst um tvo ma. kr. árið 2004 vegna þess að útgjöld til ýmissa vegaframkvæmda sem samþykkt voru fyrir árið 2003 komu ekki til framkvæmda fyrr en árið 2004. Þá jókst fjárfesting sveitarfélaganna um 6 ma. kr. árið 2004, eða um 42%, sem var umfram áætlun ráðuneytisins. Hluta þeirrar aukningar má rekja til þess að fjárfesting sveitafélaganna árið 2003 varð minni vegna sölu Reykjanesbæjar á eignum að markaðsvirði um 3 ma. kr. það ár.

Það skal undirstrikað að framangreindar tölur Hagstofu Íslands fyrir árið 2004 eru áætlaðar og geta því tekið breytingum við endurskoðun. Ef þær tölur reynast hins vegar nærri lagi, eru aukin útgjöld sveitarfélaganna í fyrra nokkuð áhyggjuefni í ljósi þess hve mikilvægt það er að hið opinbera í heild sýni virkt aðhald í hagstjórninni í þeirri uppsveiflu sem efnahagslífið er að fara í gegnum.

Reglugerð um litun á gas- og dísilolíu

Fjármálaráðuneytið hefur birt í Stjórnartíðindum reglugerð nr. 283/2005 um litun á gas- og dísilolíu. Er reglugerðin gefin út í tengslum við undirbúning upptöku olíugjalds þann 1. júlí næstkomandi en þá munu lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., öðlast gildi. Samkvæmt lögunum ber að lita gjaldfrjálsa olíu til aðgreiningar frá gjaldskyldri. Til nánari fyllingar við lögin er í reglugerðinni kveðið á um gerð og samsetningu litar- og merkiefnis og hvernig staðið skuli að blöndun litunarefnis í gas- og dísilolíu. Í reglugerðinni er fjallað um leyfi til litunar og hvaða kröfur eru gerðar til litunarbúnaðar. Veitir ríkisskattstjóri leyfi til litunar en með umsókn um leyfi þarf að fylgja staðfesting frá Löggildingarstofu þess efnis að litunarbúnaður hafi verið viðurkenndur og uppfylli skilyrði reglugerðarinnar. Jafnframt eru ákvæði í reglugerðinni um uppsetningu, prófun og aðgengi að litunarbúnaði. Í 4. kafla reglugerðarinnar er fjallað um geymslu og afhendingu á litaðri og ólitaðri olíu og m.a. hvernig bregðast skuli við verði mistök við afgreiðslu litaðrar olíu. Sérstakur kafli er síðan í reglugerðinni um bókhald leyfishafa, útgáfu reikninga o.fl. Með reglugerð nr. 238/2005 er leitast við að tryggja að öll skilyrði séu fyrir hendi þannig að afgreiðsla litaðrar olíu geti hafist 1. júlí næstkomandi.

Í tengslum við upptöku olíugjalds er fjármálaráðuneytið, í samstarfi við ríkisskattstjóra og fleiri aðila, að vinna að gerð reglugerða um skilyrði fyrir undanþágu frá olíugjaldi, greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni olíugjaldsskýrslna, endurgreiðslu 80% olíugjalds almenningsvagna í áætlunarferðum, tegundir og útbúnað ökumæla og eftirlit með því að gjaldfrjáls lituð olía sé ekki misnotuð.

Útboðsskylda hins opinbera

Í ljósi umræðu um opinber innkaup og útboð er vert að draga fram nokkur meginatriði sem gilda á því sviði.

Þegar opinberir aðilar kaupa vörur, þjónustu og verk ber þeim að fylgja lögum nr. 94/2001 um opinber innkaup, en þeim ber jafnframt að virða gildandi tilskipanir ESB um opinber innkaup. Lögin taka efnislega mið af tilskipunum ESB í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þá ber opinberum stofnunum skylda til að bjóða út innkaup á EES svæðinu þegar þau nema hærri fjárhæðum en hér segir: Kaup á vörum 13,4 mkr., kaup á þjónustu 17,4 mkr., og kaup á verklegum framkvæmdum 435,7 mkr.

Ríkiskaup hafa það hlutverk að annast innkaup fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki og láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur, þar með talin lagalegar hliðar innkaupa. Ákvörðun um útboð, framsetningu tæknilegra krafna til bjóðenda og setning annarra skilyrða er hins vegar jafnan á forræði og ábyrgð þeirrar stofnunar sem kaupir viðkomandi vöru, verk eða þjónustu.

Tilboð eru metin á hlutlægum grunni og samkvæmt gagnsæjum leikreglum og er ákvörðun um töku tilboða alla jafna tekin í samráði Ríkiskaupa og kaupanda. Sjaldgæft er að Ríkiskaup, sem umsjónaraðili útboðs, og kaupanda greini á um val á tilboðum. Ef svo ber undir væri þó unnt að vísa ágreiningi til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið kemur að öðru leyti ekki að framkvæmd einstakra útboða eða ákvörðun um töku tilboða.

Bjóðendur í útboði sem ekki hljóta samning og telja að val á tilboðum hafi ekki byggst á lögmætum sjónarmiðum, geta kært viðkomandi kaupanda eða Ríkiskaup eftir atvikum. Eins ef útboðsskylda hefur ekki verið virt. Starfandi er kærunefnd útboðsmála sem er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla. Eins getur Eftirlitsstofnun EFTA rannsakað einstök mál, ýmist að eigin frumkvæði eða á grundvelli kæru. Úrskurðir sem falla kaupanda í óhag geta leitt til greiðslu skaðabóta.

Sameiginlegar leikreglur um opinber innkaup og útboð er ein af meginstoðum EES- samningsins sem varðar frjálst flæði á vörum og þjónustu innan EES svæðisins. Það þýðir að innlendir aðilar á markaði hafa tækifæri til að keppa á hinum stóra markaði sem EES-svæðið nær yfir, en þurfa jafnframt að taka þátt í samkeppni erlendis frá.

Að undanförnu hefur útboð á viðgerðum og endurbótum á skipum Landhelgisgæslunnar verið til umræðu. Viðgerðir og endurbætur flokkast sem þjónustukaup en ekki verklegar framkvæmdir á borð við mannvirkjagerð eða nýsmíði skipa. Eru slík kaup því útboðsskyld á EES svæðinu ef áætlaður kostnaður er talinn nema meiru en 17,4 mkr.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	20,9	28,8
Skattar á tekjur og hagnað	8,7	33,5
Tryggingagjöld	42,6	35,4
Eignarskattar	4,1	104,8
Veltuskattar	43,2	14,6
Tekjur alls	22,6	27,0

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	46,1	8,9
Félagsmál	36,2	-1,6
Atvinnumál	49,2	-19,8
Vaxtagjöld	-45,8	140,9
Önnur útgjöld	-27,7	1,7
Gjöld alls	27,0	2,4

Afkoma ríkissjóðs janúar		
M.kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-1.795	2.655
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.591	5.874
Afborgun lána	-17	-11.135
Br. lánsfjárjöfnuður	-2.233	-5.261
Lántökur	7.674	5.563
Greiðsluafkoma	5.442	302

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - mars	1,8	4,7
Kjarnaverðb.1– mars	2,3	4,7
Launavísitala - janúar	3,3	6,6
Heildarvelta jan.-okt.03-04	0,4	9,7
Smá.velta jan.-okt. 03 - 04	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar	3,7	3,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Ný Gallupkönnun um væntingar fyrirtækja

Nú hafa borist niðurstöður úr nýrri könnun IMG Gallup fyrir fjármálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands um stöðu og horfur veltuhæstu fyrirtækja landsins. Þessar kannanir eru gerðar tvisvar á ári og er þessi sú sjötta. Könnunin nú var gerð á tímabilinu 8. febrúar til 3. mars og voru 375 fyrirtæki í endanlegu úrtaki. Svarhlutfallið var 77%.

Vísitala efnahagslífsins



Forráðamenn fyrirtækjanna telja aðstæður í efnahagslífinu almennt góðar um þessar mundir eða 76% aðspurðra. Aðeins 7% telja aðstæðurnar slæmar en flestir þeirra eru í sjávarútvegi. Vísitala efnahagslífsins mælist 182 stig en var í síðustu könnun í haust 196 stig, sem er það hæsta sem mælst hefur og varla hægt að búast við betri niðurstöðu. Hagvöxtur var mikill á síðasta ári sem skýrist einkum af miklum vexti einkaneyslu og fjárfestinga enda voru forráðamenn fyrirtækja bjartsýnir. Nú hafa aðstæður breyst, þensluáhrif álvers- og virkjanaframkvæmda farin að sjást á verðlagi og gengi krónunnar og væntingar forráðamanna þegar horft er sex eða tólf mánuði fram í tímann endurspegla það.

Þegar spurt er um aðstæður sex mánuði fram í tímann telja langflestir að aðstæður verði óbreyttar eða 71% en þeim fjölgar aftur á móti sem telja að aðstæður versni (16%) frá síðustu mælingum og fækkar þeim er telja að þær verði betri (13%). Þegar forráðamenn eru beðnir um mat tólf mánuði fram í tímann telur um helmingur þeirra að aðstæður verði óbreyttar og tæpur þriðjungur að þær versni, en um 22% aðspurðra töldu að aðstæður myndu versna að ári í könnuninni í september 2004. Það er því greinileg tilhneiging hjá forráðamönnum fyrirtækja að álíta að það muni hægja á efnahagsbatanum þegar líða tekur á árið.

Ef viðhorf forráðamanna mismunandi atvinnugreina eru borin saman er ljóst að töluvert fleiri forráðamenn í flutningum og ferðaþjónustu og sjávarútvegi telja að aðstæður versni frekar en batni þegar litið er sex og tólf mánuði fram í tímann. Svipaða þróun, en í minna mæli, er að sjá í öðrum greinum. Forráðamenn í ráðgjöf og þjónustu eru undantekning en þeir telja að aðstæður batni frekar en versni. Þá er athyglisvert að forráðamenn fyrirtækja með veltu undir 250 m.kr. eru almennt bjartsýnni en forráðamenn stærri fyrirtækja.

Aðkoma ríkisins að kolefnisbindingu samkvæmt ákvæðum Kyoto bókunarinnar

Þær þjóðir sem hafa staðfest Kyoto-bókun Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hafa undirgengist þær skuldbindingar sem þessar samþykktir hafa í för með sér. Að því er Ísland varðar má almennt útstreymi gróðurhúsaloftegunda að meðaltali árin 2008-2012 verða 10% meira en það var árið 1990, eða 3,2 milljónir tonna af CO_2 eða ígildi þess því til viðbótar er heimilt að losa allt að 1,6 m.t í samræmi við það sem nefnt hefur verið „íslenska ákvæðið" en það fjallar um losun gróðurhúsalofttegunda frá nýrri stóriðju.

Stjórnvöld fylgjast náið með losuninni og hafa gripið til ýmissa aðgerða í þeim tilgangi að tryggja að Ísland standi við skuldbindingar sínar í þessum efnum. Má þar nefna breytingar á skattlagningu á díselolíu sem koma til framkvæmda 1. júlí n.k. Til viðbótar við aðgerðir sem ætlað er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er stjórnvöldum einnig heimilt að binda kolefni með landgræðslu og skógrækt.

Hlutverk landgræðslu og skógræktar er fyrst og fremst að vernda og bæta landkosti með því að stöðva jarðvegsrof og sandfok, græða land og rækta skóga. Við slíkar landbætur binst kolefni í gróðri og jarðvegi sem er jafnframt einn af mælikvörðum árangurs í málaflokknum, þótt vissulega séu markmið stofnananna fjölbreytt og skili sér misvel í mælanlegri kolefnisbindingu. Framlög ríkisins til skógræktar og landgræðslu hafa stóraukist, eða um 170% á föstu verðlagi frá árinu 1990.

Kolefnisbinding með landgræðslu og skógrækt felst í því að umbreyta koltvísýringi, CO_2-andrúmslofsins, í lífræn efni sem geymd eru í gróðri og jarðvegi. Samdráttur CO_2 losunar og kolefnisbinding eru því tvær mismunandi leiðir að sama markmiði, þ.e. að koma í veg fyrir breytingar á loftslagi jarðar. Í Kyoto bókuninni er kveðið á um að nota megi kolefnisbindingu skóga sem ræktaðir eru frá og með 1990 til frádráttar frá útstreymi koltvísýrings. Á aðildarþingi loftslagssamningsins haustið 2001 var auk þess ákveðið að þjóðir heims megi nota m.a. kolefnisbindingu með landgræðslu, skógarumhirðu og beitarstjórnun sem leiðir til að mæta skuldbindingum sínum. Aðeins er tekið tillit til skóga á landsvæði sem hefur verið skóglaust í meir en 50 ár. Meðfylgjandi mynd sýnir árlega bindingu kolefnis sem dregst frá losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Hvert uppkomið tré mun halda áfram að binda kolefni í um 100 ár frá gróðursetningu. Við landgræðslu heldur bindingin áfram í að minnsta kosti 60 ár eftir sáningu eða aðrar landbótaaðgerðir. Heildar koltvísýringslosun Íslendinga er um þrjár milljónir tonna árlega og því nemur bindingin tæpum 8% losunnarinnar.

Árleg binding í tonnum CO_2 til frádráttar frá losun



Heimsmarkaðsverð á losunarkvótum er frá 800 kr/t (10€. Til samanburðar er breytilegur einingarkostnaður við bindingu í landgræðslu eða skógrækt frá 400-2.000 kr/t samkvæmt upplýsingum frá Landgræðslu og Skógrækt ríkisins.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	20,9	28,8
Skattar á tekjur og hagnað	8,7	33,5
Tryggingagjöld	42,6	35,4
Eignarskattar	4,1	104,8
Veltuskattar	43,2	14,6
Tekjur alls	22,6	27,0

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	46,1	8,9
Félagsmál	36,2	-1,6
Atvinnumál	49,2	-19,8
Vaxtagjöld	-45,8	140,9
Önnur útgjöld	-27,7	1,7
Gjöld alls	27,0	2,4

Afkoma ríkissjóðs		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-1.795	2.655
Hr. lánsfjárjöfnuður	-1.591	5.874
Afborgun lána	-17	-11.135
Br. lánsfjárjöfnuður	-2.233	-5.261
Lántökur	7.674	5.563
Greiðsluafkoma	5.442	302

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - mars	1,8	4,7
Kjarnaverðb.1– mars	2,3	4,7
Launavísitala - febrúar	3,3	6,7
Heildarvelta jan.-des.03-04	1,4	11,2
Smá.velta jan.-des. 03 - 04	1,1	5,1
Atvinnuleysi	3,6	2,8

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Þróun skatttekna
12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - febrúar 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir febrúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu tekna og gjalda milli mánaða sem getur valdið óeðlilega miklum sveiflum á einstaka liðum.

Samkvæmt febrúaruppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 13,9 milljarða króna á tímabilinu, sem er 10 milljörðum króna hagstæðari útkoma heldur en fyrir sama tímabil í fyrra. Útkoman er auk þess 9,5 milljörðum betri en áætlað var. Tekjur reyndust 12 milljörðum hærri en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 3 milljarða. Hreyfingar á viðskiptareikningum urðu einum milljarði króna hagstæðari. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um 17,9 milljarða króna en var jákvæður um 2,6 milljarða í fyrra. Hagstæðari staða nú skýrist einkum af jákvæðari tekjujöfnuði og hagstæðari fjármunahreyfingum heldur en í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 60,7 milljörðum króna á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs sem er 12 milljörðum meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra eða 24,6% aukning. Þar af námu skatttekjur 57,4 milljörðum króna sem er 25,6% hækkun frá fyrra ári eða um 20,5% meiri innheimta að raungildi. Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam 22,8 milljörðum og hækkaði um 27,5% frá síðasta ári og innheimta tryggingagjalda nam 5 milljörðum og hækkaði um 23,9%. Hér ber að nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði á sama tímabili um 6,7% og almennt verðlag um 4,2%. Innheimta eignaskatta jókst um 0,8 milljarða og nam nú 2,4 milljörðum. Innheimta skatta á vöru og þjónustu jókst einnig frá í fyrra eða 22,4% sem er 17,5% raunhækkun. Hér ber helst að nefna aukna innheimtu virðisaukaskatts eða sem nemur 23,3% en innheimta annarra óbeinna veltuskatta jókst jafnframt eða um 20,7%. Munar þar mestu um 88,9% aukna innheimtu í vörugjöldum af ökutækjum sem endurspeglar stöðugt aukinn innflutning bifreiða það sem af er árinu en nýskráningum á bílum hefur fjölgað um 78,6%.

Greidd gjöld námu 47,9 milljörðum króna og hækkuðu um 3 milljarða frá fyrra ári, eða um 6,7%. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs eða um 68%. Tæpur helmingur hækkunar milli ára kemur fram í heilbrigðismálum eða 1,3 milljarðar. Næst mest er hækkunin til fræðslumála, eða 0,9 milljarðar og 0,5 milljarðar vegna vaxtagjalda. Á móti vegur lækkun greiðslna til landbúnaðar- og sjávarútvegsmála.

Innflutningur í mars 2005

Vöruinnflutningur í marsmánuði nam ríflega 22 milljörðum króna án skipa og flugvéla ef marka má bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts. Innflutningur í janúar og febrúar nam milli 17 og 18 milljörðum króna hvorn mánuð þannig að um verulega aukningu er að ræða. Þetta er 16% meiri innflutningur en í marsmánuði í fyrra, raunvirt og þriggja mánaða meðaltal innflutnings er 18% meira en á sama tíma í fyrra.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Ef framangreindar tölur reynast réttar má gera ráð fyrir því að vöruskiptajöfnuður í mars verði verulega óhagstæður. Sterk króna leiðir til lægra verðs í íslenskum krónum fyrir útflutning að öðru óbreyttu. Ágætlega hefur aflast af botnfisktegundum í marsmánuði skv. bráðabirgðatölum frá Fiskistofu en loðnuvertíð er aftur á móti lokið. Krónan styrktist aftur á móti nokkuð í mars, gengisvísitalan var að meðaltali 110,7 í febrúar en var 108,3 í mars. Gengi krónunnar í mars 2005 var 12% sterkara en í marsmánuði í fyrra. Ef útflutningur í mars hefur verið svipaður útflutningi febrúarmánaðar yrði vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 5 milljarða króna.

Ríkið sem kaupandi opinberrar þjónustu

Ríkið hefur í síauknum mæli samið við einkaaðila og sveitarfélög um að sinna ýmiskonar þjónustu fyrir hönd ríkisins, aðallega lögbundna þjónustu. Stærstu þjónustusamningar sem ríkið hefur gert eru um endurhæfingarþjónustu, framhaldsskóla- og háskólarekstur, hjúkrunarþjónustu, heilsugæslu, óperuflutning, verndaða vinnustaði, sjúkraflutninga og heilsugæsluþjónustu. Áætlað er að ríkið greiði um 16 milljarða króna á yfirstandandi ári samkvæmt þannig samningum, 12 milljarða fyrir þjónustu öldrunarstofnana samkvæmt daggjöldum og liðlega 3 milljarða fyrir þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Samanlagt greiðir ríkið því um 31 milljarða, eða 16% af rekstrarútgjöldum, fyrir opinbera þjónustu sem aðrir en ríkisstarfsmenn veita. Hér er um háar fjárhæðir og oft viðkvæma persónulega þjónustu að ræða og þess vegna þarf að standa vel að hlutunum. Til að auðvelda gerð, framkvæmd og eftirlit með þjónustusamningum hefur fjármálaráðuneytið gefið út handbók þar sem leiðbeint er um undirbúning samninga, val á samstarfsaðila og eftirlit með framkvæmd. Auk þess er farið ítarlega í flest efnisatriði sem koma til álita í samningi, svo sem lýsingu á þjónustu og gæðakröfum, kröfum til þess sem tekur verkið að sér, mat á áhættu, tilhögun eftirlits, viðbrögð við breyttum forsendum og meðferð ágreinings. Unnið er að því að yfirfara vinnulag við gerð þjónustusamninga í þeim tilgangi að efla ríkið sem kaupanda opinberrar þjónustu sem einkaaðilar veita almenningi gegn greiðslum frá ríkinu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	11,8	25,6
Skattar á tekjur og hagnað	13,2	27,9
Tryggingagjöld	11,5	23,9
Eignarskattar	24,5	50,6
Veltuskattar	9,9	22,4
Tekjur alls	10,4	24,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	19,8	4,5
Félagsmál	19,8	7,9
Atvinnumál	22,6	-0,5
Vaxtagjöld	-67,2	24,8
Önnur útgjöld	-14,8	-2,9
Gjöld alls	6,2	6,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar

M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	3.957	13.938
Hr. lánsfjárjöfnuður	2.622	17.948
Afborgun lána	-13.878	-11.215
Br. lánsfjárjöfnuður	-12.506	6.233
Lántökur	17.571	1.016
Greiðsluafkoma	5.064	7.249

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - mars	1,8	4,7
Kjarnaverðb.1– mars	2,3	4,7
Launavísitala - febrúar	3,3	6,7
Heildarvelta jan.-des.03-04	1,4	11,2
Smá.velta jan.-des. 03 - 04	1,1	5,1
Atvinnuleysi - febrúar	3,6	2,8

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa meira en tvöfaldast á árunum 1998 til 2005. Á árinu 1998 nam framlag ríkisins 3.280 m.kr. en í fjárlögum ársins 2005 er það 7.145 m.kr. sem er um 118% hækkun. Heildarframlög ríkisins í sjóðinn á þessu tímabili nema samtals um 45 milljörðum kr.

Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti. Annars vegar er 0,264% af álögðum útsvarsstofni og hins vegar 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkisins. Hlutfalli af innheimtum skatttekjum var lítillega breytt á árinu 2003 m.a. í tenglum við breytingar á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga. Frá árinu 2001 hefur verði greitt árlega framlag í sjóðinn til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja það ár. Þetta framlag var hækkað úr 1.100 m.kr. í 1.360 m.kr. árið 2002. Frá og með árinu 2003 var framlagið fært inn í hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkisins. Samtals má áætla að framlög vegna lækkunar fasteignagjaldstekna nemi rúmum 7,2 milljörðum króna í árslok 2005.

Auk þessa hafa komið framlög vegna sérstakra verkefna svo sem til átaks vegna einsetningar grunnskóla og til jöfnunar húsaleigubóta sem hvort tveggja eru verkefni sveitarfélaga. Greitt var til einsetningar grunnskóla til ársloka 2001 og námu samanlög framlög til þess verkefnis um 1,1 milljarði kr. frá árinu 1998 og samtals var varið rúmum 1,6 milljörðum kr. til jöfnunar húsaleigubóta til ársloka 2002 en frá árinu 2003 hafa framlög til húsaleigubóta ekki verið reiknuð sérstaklega og eru nú hluti af 2,12% almennu framlagi.

Framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 1998 til 2005



Loks má nefna að ríkissjóður hefur greitt sérstök tímabundin framlög vegna einstakra mála. Þannig voru t.d. greidd samtals 2.100 m.kr. fólksfækkunar-framlög á árunum 1999 til 2001 til sveitarfélaga þar sem íbúum hefur fækkað og samtals 800 m.kr. á árunum 2003 og 2004 til tekjulægstu sveitarfélaganna.

Samstarf ríkis og fjármálastofnana um útbreiðslu rafrænna skilríkja

Viðræðunefnd fjármálaráðuneytisins og Samtaka banka og verðbréfafyrir-tækja hefur lagt fram tillögu að viljayfirlýsingu þessara aðila um að leggja í sameiningu grundvöll að samstarfi um rafræn skilríki í tengslum við greiðslu-kort viðskiptabankanna og vinna að gerð samninga og áætlana um innleiðingu dreifilyklakerfis á þeim grundvelli. Stefnt er að undirritun yfirlýs-ingarinnar á næstunni og að niðurstöður liggi fyrir í september.

Í stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2004 - 2007, Auðlindir í allra þágu, er lögð rík áhersla á þróun rafrænnar stjórnsýslu og rafrænna viðskipta, sem ekki hafa tekið við sér í þeim mæli sem reiknað var með í upphafi aldarinnar.

Ein helsta forsenda þess að þessar greinar dafni er sú að rafræn málsmeðferð njóti sama trausts og hin hefðbundna. Því á að mega treysta að öryggi, trúnaður og festa við meðferð mála séu sambærileg óháð því hvaða aðferð er notuð. Rafrænar undirskriftir byggðar á dreifilyklaskipulagi (á ensku Public key infrastructure) eru þýðingarmikill þáttur í því að byggja upp slíkt traust.

Á vegum ríkisins stendur yfir tilraunaverkefni með rafræn skilríki þar sem safnast hefur verðmæt reynsla ásamt því að byggð hefur verið upp vottunar- og skráningarstöð rafrænna skilríkja. Ennfremur hafa innan ramma verkefnisins verið samin drög að vottunarstefnu fyrir íslenskt dreifilyklakerfi. Í október á síðasta ári, þegar fyrir lá að bankarnir hygðust taka í notkun greiðslukort búin örgjörvum sem gætu borið rafræn skilríki, óskaði ráðuneytið eftir samstarfi við fjármálastofnanir um útbreiðslu rafrænna skilríkja. Með tilliti til mikillar útbreiðslu greiðslukorta á Íslandi má ætla að hér sé tækifæri til að koma rafrænum skilríkjum í hendur alls þorra almennings auk fyrirtækja og stofnana.

Ljóst er að samstarf milli ríkis og banka um þetta verkefni myndi tryggja nauðsynlega samræmingu í gerð og notkun rafrænna skilríkja hér á landi og skapa grundvöll að öflugu rafrænu viðskiptalífi. Í slíku umhverfi verður unnt að stórauka rafræna þjónustu hins opinbera við borgarana, sem leiða mun til skilvirkari samskipta og hagræðis á báða bóga.

Gerð tvísköttunarsamnings við Mexíkó

Annar fundur samninganefnda Íslands og Mexíkó var haldinn nýverið í Mexíkóborg. Á fundinum náðist samkomulag um öll þau atriði sem útistand-andi voru frá fyrri fundi nefndanna og voru samningsdrög árituð af for-mönnum þeirra í lok fundarins. Samningurinn nær einungis til tekjuskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að samið var um 5% afdráttarskatt af arði ef félagið sem móttekur arðinn á a.m.k. 10% í félaginu sem greiðir arðinn, en í öðrum tilvikum var samið um 15% afdráttarskatt. Þá var samið um 10% afdráttarskatt af vöxtum og þóknunum. Einnig var samið um upplýsingaskipti á milli landanna varðandi þá skatta sem samningurinn nær til. Samkvæmt samningsdrögunum verður frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun. Samninganefndirnar voru sammála um að stefna að undirritun samningsins eins fljótt og auðið er.



Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	11,8	25,6
Skattar á tekjur og hagnað	13,2	27,9
Tryggingagjöld	11,5	23,9
Eignarskattar	24,5	50,6
Veltuskattar	9,9	22,4
Tekjur alls	10,4	24,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	19,8	4,5
Félagsmál	19,8	7,9
Atvinnumál	22,6	-0,5
Vaxtagjöld	-67,2	24,8
Önnur útgjöld	-14,8	-2,9
Gjöld alls	6,2	6,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	3.957	13.938
Hr. lánsfjárjöfnuður	2.622	17.948
Afborgun lána	-13.878	-11.215
Br. lánsfjárjöfnuður	-12.506	6.233
Lántökur	17.571	1.016
Greiðsluafkoma	5.064	7.249

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - apríl	2,2	4,3
Kjarnaverðb.1– apríl	2,7	4,6
Launavísitala - febrúar	3,3	6,7
Heildarvelta jan.-des.03-04	1,4	11,2
Smá.velta jan.-des. 03 - 04	1,1	5,1
Atvinnuleysi - mars	3,5	2,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Kröftugur hagvöxtur

Fjármálaráðuneytið kynnti í gær nýja þjóðhagsspá. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í ár verði um 5,9%. Aukinn hagvöxtur er vegna meiri neyslu, bæði einkaneyslu heimila og samneyslu sveitarfélaga, og fjárfestingar sem kemur til m.a. vegna þess að stóriðjuframkvæmdum hefur verið hraðað. Áætlað er að um 38% af heildarfjárfestingu stóriðjuframkvæmdanna 2003-2007 falli til á þessu ári. Sú breyting á tímaáætlun leiðir einnig til þess að úr framkvæmdum dregur árin 2006 og 2007.

Lykiltölur þjóðhagsspár

Magnbreytingar frá fyrra ári í % nema annað sé tekið fram

Þjóðhagsstærðir	2004	2005	2006	2007
Hagvöxtur	5,2	5,9	5,7	2,4
Þjóðarútgjöld	7,7	11,6	3,8	-5,1
Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-8,1	-12,1	-11,4	-6,2
Hrein staða þjóðarbúsins sem % af VLF	-88,5	-85,7	-94,6	-101,7
Þjóðhagslegur sparnaður sem % af VLF	13,4	14,2	13,7	13,2
Vinnumarkaður				
Vinnuafl (1000 ársverka)	147,7	152,0	154,7	155,6
Atvinnuleysi sem % af vinnuafli	3,1	2,4	2,2	3,5
Kaupmáttur tímakaups	1,4	1,8	1,2	1,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1,7	1,9	3,3	2,6
Laun sem % af vergum þáttatekjum	68,3	67,3	66,5	66,1
Utanríkisviðskipti				
Útflutningur sjávarafurða	5,4	2,0	3,0	1,0
Útflutningur áls	2,0	-0,7	29,6	58,6
Vöruútflutningur alls	9,2	4,3	10,0	16,8
Vöruinnflutningur alls	15,8	23,0	2,0	-9,5
Peninga- og verðlagsmál				
Vísitala neysluverðs, %	3,2	3,9	3,8	3,4
Gengisvísitala, stig	121,0	111,3	116,8	122,8

Gert er ráð fyrir að einkaneysla haldi áfram að vaxa á yfirstandandi ári. Upplýsingar um neysluútgjöld heimilanna það sem af er ári benda til að vöxtur einkaneyslunnar verði svipaður í ár og í fyrra eða um 7,6%. Samhliða háu stigi þjóðarútgjalda virðist stefna í methalla í viðskiptum við útlönd. Á þessu ári er reiknað með að hallinn verði um 12% af landsframleiðslu.

Spáð er að hagvöxtur verði áfram kröftugur á næsta ári eða um 5,7%. Þar gætir áhrifa framleiðsluaukningar í einkageiranum og að viðskiptahallinn byrjar að minnka það ár og verður um 11,4% af landsframleiðslu. Jafnframt mun áfram gæta aðhalds í útgjöldum ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr viðskiptahallanum á komandi árum og að það leiði hagvöxtinn í auknum mæli. Það hefur mikil áhrif á þróun utanríkisviðskipta að útflutningur áls eykst um tæp 30% að magni til árið 2006 og um 60% árið 2007. Þrátt fyrir aukinn innflutning aðfanga til álframleiðslu er vöruinnflutningi spáð að dragast saman um tæp 10% árið 2007.

Reiknað er með að verðbólga verði rétt undir efri þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabankans. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann mun hins vegar halda áfram að aukast, um 2% í ár og 3% árið 2006. Þar gætir áhrifa af ráðgerðri lækkun tekjuskatts einstaklinga. Eftirspurn eftir vinnuafli mun aukast verulega og gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði 2,4% af vinnuafli að meðaltali á árinu 2005 og 2,2% árið 2006.

Í ljósi þess að spáð er aukinni framleiðsluspennu árin 2005 og 2006 er brýnt að bæði ríki og sveitarfélög haldi aftur af útgjöldum á þessu og næsta ári og styrki þar með hagstjórnina. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á aukna ráðdeild í rekstri ráðuneyta og stofnana og sett langtímamarkmið um að raunvöxtur í samneyslu ríkis og almannatrygginga verði innan við 2% ár hvert og að raunvöxtur tilfærslna verði innan við 2,5%. Bráðabirgðatölur sýna að þessi markmið hafa náðst undanfarin tvö ár og í áætlun fyrir 2005 og 2006 er gert ráð fyrir að raunvöxtur þessara útgjalda verði innan settra marka. Þessi árangur endurspeglast í því að tekjuafgangur ríkissjóðs er talinn verða 1,2% af landsframleiðslu í ár og á næsta ári. Þá er áformað að fjárfesting ríkissjóðs verði einungis um 1,3% af landsframleiðslu í ár og 1,2% á næsta ári samanborið við um 1,9% á árinu 2004. Mjög brýnt er að sveitarfélögin, líkt og ríkið, haldi aftur af útgjöldum sínum til að styrkja opinbera fjármálastjórn í heild en tekjuhalli sveitarfélaganna nam 0,6% af landsframleiðslu árið 2004 og gert er ráð fyrir að hann verði svipaður á þessu ári. Á næsta ári er talið að hallinn minnki lítillega og mælist 0,3% af landsframleiðslu.

Samneysla hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu er talin hafa náð hámarki á árunum 2003 og 2004 er hún mældist 26,6% af landsframleiðslu hvort árið. Í ár og á næsta ári er áætlað að þetta hlutfall dragist saman um tæplega eitt prósentustig og verði komið í 25,3 prósent árið 2006.

Verð á dísilolíu og bensíni

Í umræðum að undanförnu hefur komið fram að vegna upptöku olíugjalds þann 1. júlí n.k. muni útsöluverð á dísilolíu verða hærra en verð á bensíni. Í því sambandi er rétt að benda á að verð á dísilolíu og bensíni er mjög háð þróun heimsmarkaðsverðs á þessum vörum. Verulegar sveiflur hafa orðið á heimsmarkaði fyrir olíu síðustu mánuði eins og sést á neðangreindu línuriti sem sýnir þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu og bensíni frá janúar 2002.

Verð á bensíni og dísel

Vísitala jan 2002 = 100



Eins og kemur fram á línuritinu hefur verð á dísilolíu á heimsmarkaði yfirleitt verið lægra en verð á bensíni. Á árinu 2002 var meðalverð á dísilolíu 11% lægra en á bensíni og 8% lægra að meðaltali 2003 og 2004. Þegar lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, voru samþykkt á Alþingi vorið 2004, var heimsmarkaðsverð á dísilolíu um 17% lægra en verð á bensíni. Viðsnúningur varð hins vegar á heimsmarkaðsverði á síðari hluta árs 2004 þegar verð á dísilolíu fór yfir verð á bensíni. Sem dæmi má nefna að í mars 2005 var heimsmarkaðsverð á dísilolíu 14% hærra en verð á bensíni. Með hliðsjón af þróun síðustu ára er óvenju mikill munur á heimsmarkaðsverði bensíns og dísilolíu um þessar mundir, dísilolíu í óhag. Langtímaspár gefa hins vegar til kynna að þessi þróun muni ganga til baka og að heimsmarkaðsverð á dísilolíu nálgist verð á bensíni á nýjan leik á þessu ári.

Með hliðsjón af þessum öru innbyrðis sveiflum á heimsmarkaðsverði á dísilolíu og bensíni undanfarna mánuði er því ekki unnt að segja til um með vissu hver munurinn verði á endanlegu útsöluverði á dísilolíu og bensíni þegar olíugjald verður tekið upp eða eftirleiðis.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	11,8	25,6
Skattar á tekjur og hagnað	13,2	27,9
Tryggingagjöld	11,5	23,9
Eignarskattar	24,5	50,6
Veltuskattar	9,9	22,4
Tekjur alls	10,4	24,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	19,8	4,5
Félagsmál	19,8	7,9
Atvinnumál	22,6	-0,5
Vaxtagjöld	-67,2	24,8
Önnur útgjöld	-14,8	-2,9
Gjöld alls	6,2	6,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	3.957	13.938
Hr. lánsfjárjöfnuður	2.622	17.948
Afborgun lána	-13.878	-11.215
Br. lánsfjárjöfnuður	-12.506	6.233
Lántökur	17.571	1.016
Greiðsluafkoma	5.064	7.249

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - apríl	2,2	4,3
Kjarnaverðb.1– apríl	2,7	4,6
Launavísitala - mars	3,8	6,5
Heildarvelta jan.-des.03-04	1,4	11,2
Smá.velta jan.-des. 03 - 04	1,1	5,1
Atvinnuleysi - mars	3,5	2,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Áhrif olíugjalds á tekjur ríkissjóðs.

Í greinargerð með frumvarpi um olíugjald, er varð að lögum nr. 87/2004 sl. vor, kemur fram að upptaka olíugjalds hafi hvorki áhrif á tekjur ríkissjóðs eða markaðar tekjur til vegagerðar, né muni almennt leiða til aukinna skattaálaga á bifreiðaeigendur. Samkvæmt gildandi lögum eru þungaskattur og sérstakt bensíngjald markaðir tekjustofnar til vegagerðar, en við gildistöku ofangreindra laga hinn 1. júlí nk. bætist olíugjaldið við sem markaður tekjustofn en þungaskattur fellur brott.

Fyrir lá að tekjur af olíugjaldi yrðu um 470 m.kr. minni en tekjur af þungaskatti en móti vógu auknar tekjur af virðisaukaskatti um samsvarandi fjárhæð þar sem þungaskattur ber ekki virðisaukaskatt. Að óbreyttu hefðu markaðar tekjur til vegagerðar því lækkað um 470 m.kr. þar sem tekjur af virðisaukaskatti renna beint í ríkissjóð. Til að vega upp á móti þessari tekjulækkun er einnig gert ráð fyrir í lögunum að sérstakt vörugjald á bensín, sem eins og fyrr segir er markaður tekjustofn til vegagerðar, hækki um 2,06 krónur á hvern lítra samhliða samsvarandi lækkun á almennu vörugjaldi á bensín, en tekjur af því renna beint í ríkissjóð. Hér er því eingöngu um að ræða tilfærslu milli tekjustofna án tekjuáhrifa fyrir ríkissjóð. Bensínverð breytist heldur ekki af þessum sökum

Þess ber að geta að framangreindar forsendur eru miðaðar við 45 kr. olíugjald. Á Alþingi í gær var afgreitt frumvarp fjármálaráðherra þess efnis að olíugjaldið verði tímabundið lækkað um 4 krónur, frá 1. júlí til 31. desember, eða um 5 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Áætlað er að þessi lækkun olíugjalds muni hafa í för með sér u.þ.b. 160 milljón króna tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu ári. Með hliðsjón af þessari tímabundnu breytingu er því fyrirsjáanlegt, þvert á það sem fram hefur komið í umfjöllun í fjölmiðlum, að ríkissjóður verði af tekjum við upptöku olíugjalds þann 1. júlí n.k.

Þegar nokkur reynsla verður komin á olíugjaldskerfið er ráðgert að fara að nýju yfir forsendur varðandi gjaldið sjálft og samræmið milli þess, bensíngjalds og kílómetragjalds sem lagt verður á þyngstu ökutækin.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - mars 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2005 sýnir að breyting á handbæru fé frá rekstri er jákvæð um 9,3 milljarða króna á tímabilinu, sem er 8,9 milljörðum króna hagstæðari útkoma en í fyrra. Þá er útkoman 13 milljörðum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur reyndust 14,8 milljörðum hærri en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 5,3 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um 15,5 milljarða króna en var jákvæður um 3,6 milljarða í fyrra. Tilfærslur greiðslna milli mánaða geta haft veruleg áhrif á samanburð við fyrra ár.

Heildartekjur ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi þessa árs námu um 79,5 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 14,8 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 25,4%. Þar af námu skatttekjur ríkisins 75,1 milljarði króna og hækkuðu ívið minna eða 22,8% sem jafngildir um 17,6% raunhækkun.

Skattar á tekjur og hagnað námu 29,3 milljörðum króna sem er 23,3% meiri innheimta miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þar af jókst innheimta skatta á tekjur og hagnað einstaklinga um 13,3%, lögaðila um 6% og innheimta fjármagnstekjuskatta jókst talsvert meira eða um 53,4%. Innheimta tryggingagjalda nam tæplega 7,6 milljörðum króna og hækkaði um 20,5% á milli ára. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 4,4% og launavísitala Hagstofu Íslands um 6,6%. Innheimta eignaskatta jókst einnig eða um 1,2 milljarða frá sama tíma í fyrra og endurspeglar sú hækkun fyrst og fremst aukna innheimtu stimpilgjalda enda hefur verið mikil aukning í veltu á fasteignamarkaðinum á fyrsta ársfjórðungi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra eða um 47,9%.

Þróun almennra veltuskatta, og þá sérstaklega virðisaukaskattsins, gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hækka almennir veltuskattar um 20,4% eða um 15,3% að raungildi. Þar munar mestu um tæplega 22,9% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá fyrra ári sem er talsvert meiri hækkun en átti sér stað á sama tímabili á síðustu tveimur árum þegar aukningin var tæp 12% milli ára. Auk þess skila vörugjöld af ökutækjum, bensíni og áfengi umtalsvert meiri tekjum en í fyrra, ekki síst vörugjöld af ökutækjum en á fyrstu þremur mánuðum ársins jókst innflutningur bifreiða um 61,4% frá fyrra ári. Að öllu samanlögðu gefa innheimtutölur, fyrstu þrjá mánuði ársins, enn frekari vísbendingar um að lítið lát virðist vera á almenni eftirspurn sem er takt við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá 27. apríl sl.

Greidd gjöld námu 70,3 milljörðum króna og hækkuðu um 5,2 milljarða frá fyrra ári, eða um 8%. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs eða um 67%. Þar af hækkuðu útgjöld til heilbrigðismála um 2,3 milljarða og 1 milljarð til fræðslumála. Þá hækka vaxtagreiðslur einnig um milljarð milli ára. Útgreiðslur vegna samgöngumála hækka um 0,6 milljarða en greiðslur til landbúnaðar- og sjávarútvegsmála lækka milli ára.

Innflutningur í apríl 2005

Samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts var vöruinnflutningur í aprílmánuði með allra mesta móti eða tæpir 22 milljarðar króna án skipa og flugvéla. Þetta er um 18% meiri innflutningur að raungildi en í apríl í fyrra. Meðaltal innflutnings síðustu þriggja mánaða er tæplega fjórðungi meira að raunvirði en á sama tímabili í fyrra.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Verðmæti vöruinnflutnings á fyrsta ársfjórðungi nam um 58 milljörðum króna en var á sama tímabili í fyrra um 52 milljarðar króna. Að magni jókst innflutningurinn um 15% en gengi íslensku krónunnar hefur styrkst um 9% miðað við innflutningsvog milli tímabilanna sem leiðir til lægra innflutningsverðs. Ef bráðabirgðatölum um innflutning í apríl er bætt við innflutning fyrstu þriggja mánaða ársins er innflutningurinn kominn í 80 milljarða króna sem er ríflega 8 milljörðum króna meira en í fyrra. Meginskýring aukins innflutnings er að enn vex innflutningur fólksbifreiða, áætluð verðmætaaukning er 60% þessa fyrstu fjóra mánuði ársins, innflutningur fjárfestingavöru og eldsneytis og olíu, sem skýrist að góðum hluta af hærra innkaupsverði.

Útflutningur á fyrsta ársfjórðungi nam tæpum 47 milljörðum króna sem er um 9 milljarða króna samdráttur frá fyrra ári. Að magni dróst útflutningur saman um tæplega 8% sem skýrist einkum af samdrætti í útflutningi sjávarafurða og annarar iðnaðarvöru t.d. lyfja. Vöruskiptajöfnuður var neikvæður um 11,5 milljarða króna á þessu tímabili. Ef útflutningur aprílmánaðar hefur verið í takt við útflutning síðustu tveggja mánaða má gera ráð fyrir að halli á vöruskiptajöfnuði í apríl verði yfir 5 milljarðar króna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	13,1	22,8
Skattar á tekjur og hagnað	16,1	23,3
Tryggingagjöld	11,8	20,5
Eignarskattar	22,0	51,4
Veltuskattar	10,6	20,4
Tekjur alls	-5,4	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	17,1	0,6
Félagsmál	13,3	8,3
Atvinnumál	10,0	6,2
Vaxtagjöld	-57,0	37,1
Önnur útgjöld	-8,7	1,5
Gjöld alls	5,0	8,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	435	9.301
Hr. lánsfjárjöfnuður	3.611	15.511
Afborgun lána	-13.950	-11.404
Br. lánsfjárjöfnuður	-12.214	3.257
Lántökur	34.626	1.094
Greiðsluafkoma	5.064	4.351

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - maí	3,2	2,9
Kjarnaverðb.1– maí	3,2	3,4
Launavísitala - mars	3,8	6,5
Heildarvelta jan.-des.03-04	1,4	11,2
Smá.velta jan.-des. 03 - 04	1,1	5,1
Atvinnuleysi - mars	3,5	2,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Samþykktar lagabreytingar á vorþingi 2005

Á nýafstöðnu Alþingi voru samþykktar margvíslegar breytingar á lögum sem eru á forræði fjármálaráðherra. Meðal þeirra eru breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda sem varða hækkun iðgjalds og aldurstengingu réttinda ofl., en einnig á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, en þær breytingar snúa einkum að aðildarskilyrðum að sjóðnum. Þá voru samþykktar breytingar á lögum um ársreikninga og bókhald, en þær felast einkum í innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Ennfremur voru lokafjárlög fyrir árin 2002 og 2003 samþykkt.

Á skattasviðinu ber fyrst að nefna að samþykkt voru ný heildarlög um tolla. Þá hafa undanþágur orkufyrirtækja frá greiðslu opinberra gjalda verið afnumdar með nýsamþykktum lögum um skattskyldu orkufyrirtækja. Jafnframt var sú breyting gerð á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að kveðið er skýrar á um almenna aðsetursreglu varðandi ótakmarkaða skattskyldu lögaðila. Þá voru gerðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. og lögum um vörugjöld, þar sem lögfestar voru tímabundnar lækkanir gjalda sem miða að því að gera skattaumhverfi fyrir innflutning umhverfisvænna bifreiða og sérhæfðra varahluta í þær hagstæðari. Ennfremur var gerð breyting á lögum um olíugjald, þar sem gjaldið var lækkað um 5 krónur á lítra að meðtöldum virðisaukaskatti. Samhliða voru gerðar minniháttar breytingar á lögum um fjáröflun til vegargerðar, en þær snúa uppgjöri þungaskattsins fyrir upptöku olíugjalds hinn 1. júlí nk. Að lokum voru samþykktar breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem lúta að samskráningu á virðisaukaskattsskrá þar sem opnað er fyrir þann möguleika að hlutafélög og einkahlutafélög sem stofnað hafa eitt eða fleiri dótturfélög geti skilað sameiginlega virðisaukaskatti fyrir öll félögin.

Umhverfisvæn ökutæki

Á nýafstöðnu þingi voru lögfestar ýmsar breytingar á heimildum fjármálaráðherra til að setja reglur sem fela í sér ívilnanir á greiðslu opinberra gjalda af ökutækjum sem eru minna skaðleg fyrir umhverfið, ekki síst af vetnisbifreiðum. Samkvæmt þessum breytingum getur fjármálaráðherra sett reglur um fulla endurgreiðslu eða niðurfellingu virðisaukaskatts af vetnisbifreiðum svo og sérhæfðum varahlutum í þær, séu þær fluttar inn í rannsóknarskyni, enda mengunaráhrif þeirra hverfandi. Sams konar heimild er lögfest hvað varðar greiðslu vörugjalda og tolla afsérhæfðum varahlutum í slíkar bifreiðar. Auk framangreindra breytinga var undanþága frá greiðslu vörugjalds af ökutækjum sem hafa í för með sér hverfandi mengun og er knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, samræmd hvað gildistíma varðar. Allar umræddar breytingar eru tímabundnar og gilda fram til 31. desember 2008.

Þessar breytingar eru í samræmi við þá stefnu sem íslensk stjórnvöld hafa markað sér að miða að sjálfbæru vetnissamfélagi hér á landi í framtíðinni. Framleiðsla vetnisbifreiða er ennþá á rannsóknar- og tilraunarstigi, og því verð slíkra bifreiða, hvort sem þær eru knúnar með efnarafölum eða sprengihreyfli, mun hærra en annarra bifreiða. Þá má leiða líkur að því að verulegur þjóðhagslegur ávinningur skapist af þessum breytingum.

Framangreindar lagabreytingar fólu einnig í sér hækkun á afslætti vörugjalds af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, svokölluðum tvíorkubifreiðum. Fyrir gildistöku laganna nam afslátturinn 120.000 kr. en hefur nú verið hækkaður upp í 240.000 kr. Þar sem innflutningsverð tvíorkubifreiða er alla jafna nokkru hærra en hefðbundinna bifreiða, hefur þessi breyting í för með sér að tvíorkubifreiðar verða samkeppnishæfari valkostur við hefðbundnar bifreiðar hvað kaupverð varðar. Þessi heimild gildir til 31. desember 2006.

Lægri skattar auka vinnuframboð

Í nýútkominni skýrslu OECD um skattbyrði einstaklinga á árinu 2004 kemur fram að skattbyrði á Íslandi er lægri en á hinum Norðurlöndunum en hærri en í sumum öðrum ríkjum Vestur-Evrópu. Skattar á meðaltekjur einstaklinga að frádregnum tekjutilfærslum mældust 25,7% af heildartekjum þeirra árið 2004 á Íslandi. Skattbyrðin er mismikil meðal ríkja vestur Evrópu, en þar er Danmörk með hæstu skattbyrðina, um 41,2%, og Írland lægstu, um 15,7%.

Skattbyrði einstaklinga
skattar sem hlutfall af heildarlaunum



Á s.l. haustþingi voru lög um lækkun tekjuskatts einstaklinga samþykkt sem mun leiða til enn lægri skattbyrði hér á landi. Skattalækkunin hefur það markmið að skila góðum árangri í stjórn ríkisfjármála undanfarinn áratug til almennings. Lagabreytingin hefur í för með sér að tekjuskattur einstaklinga lækkar um fjögur prósentustig árin 2005 – 2007. Lækkunin nemur einu prósentustigi í ár, einu prósentustigi á næsta ári og tveimur prósentustigum árið 2007, þegar spáð er minnkandi hagvexti. Að auki verður sérstakur tekjuskattur afnuminn frá og með árinu 2006. Samkvæmt lauslegum útreikningum fjármálaráðuneytisins mun skattbyrði einstaklinga lækka í rúm 22% árið 2007 miðað við óbreyttar forsendur. Skattalækkunin skipar því Íslendingum í hóp þeirra Evrópuþjóða sem hvað minnsta skattbyrði bera.

Því hefur verið haldið fram að skattalækkunin sé ekki vel tímasett þar sem aukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna auki eftirspurn í hagkerfinu en það eykur á vanda hagstjórnar ef því fylgir aukinn verðbólguþrýstingur. Rétt er að vandi hagstjórnar er nokkur í þessari uppsveiflu og aðhald hefur verið aukið umtalsvert í ríkisfjármálum og stjórn peningamála. Í þessu samhengi má hins vegar minna á að skattabreytingin lækkar jaðarskatta sem eykur vinnuframboð. Atvinnuþátttaka á Íslandi hefur minnkað undanfarin ár. Samkvæmt könnunum Hagstofunnar voru um 84% einstaklinga á aldrinum 16-74 ára í vinnu í lok síðustu uppsveiflu, árin 2000 og 2001. Þetta hlutfall var komið niður fyrir 81% árið 2004. Vegna skattabreytinganna má gera ráð fyrir auknu vinnuframboði á næstu árum, sem mun hafa áhrif til að draga úr þrýstingi á vinnumarkaði. Aukinn sveigjanleiki og alþjóðavæðing hagkerfisins draga einnig úr launa- og verðbólguþrýstingi, en hnattvæðingin hefur leitt til minni verðbólgu út um allan heim og sú þróun hefur í auknum mæli áhrif hér á landi. Þrátt fyrir miklar stóriðjuframkvæmdir í ár og á næsta ári bendir margt til þess að lækkun tekjuskatts einstaklinga fram til ársins 2007 sé vel tímasett hvað hagsveifluna varðar og getu hagstjórnar að koma í veg fyrir ofþenslu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	13,1	22,8
Skattar á tekjur og hagnað	16,1	23,3
Tryggingagjöld	11,8	20,5
Eignarskattar	22,0	51,4
Veltuskattar	10,6	20,4
Tekjur alls	-5,4	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	17,1	0,6
Félagsmál	13,3	8,3
Atvinnumál	10,0	6,2
Vaxtagjöld	-57,0	37,1
Önnur útgjöld	-8,7	1,5
Gjöld alls	5,0	8,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	435	9.301
Hr. lánsfjárjöfnuður	3.611	15.511
Afborgun lána	-13.950	-11.404
Br. lánsfjárjöfnuður	-12.214	3.257
Lántökur	34.626	1.094
Greiðsluafkoma	5.064	4.351

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - maí	3,2	2,9
Kjarnaverðb.1– maí	3,2	3,4
Launavísitala - mars	3,8	6,5
Heildarvelta jan.– febrúar	7,3	11,9
Smá.velta jan.-febrúar	4,9	6,1
Atvinnuleysi - apríl	3,5	2,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Er efnahagslífið að ofhitna?

Í nýrri skýrslu OECD er að finna staðhæfingu um að íslenskt efnahagslíf sé að ofhitna. Í því sambandi bendir OECD á að verðbólgan hafi farið yfir efri mörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands á undanförnum mánuðum. Það er rétt að uppgangur einkennir íslenskt efnahagslíf um þessar mundir og að hagvöxtur er með því mesta sem þekkist á Vesturlöndum. Atvinnuleysi hefur einnig minnkað og er orðið hlutfallslega lítið. Þrátt fyrir það eru ekki komin fram bein merki um ofhitnun hagkerfisins.

Það sem málið snýst um er geta hagkerfisins og hagstjórnar að takast á við miklar stóriðjufjárfestingar í ár og á næsta ári án þess að komi til ofhitnunar. Til að byrja með má nefna að Seðlabankinn hefur þegar hækkað stýrivexti um tæplega fjögur prósentustig frá því í maí 2004. Þá hefur styrking krónunnar haft áhrif til að lækka verð á innfluttri vöru og þjónustu. Aukið aðhald einkennir einnig ríkisfjármálin. Hagsveifluleiðréttur afkomubati ríkissjóðs var mestur á Íslandi af OECD ríkjunum árin 2003-2005, eða 1,5% af landframleiðslunni. Samkvæmt langtímamarkmiði ríkissjóðs er vexti samneyslunnar haldið undir 2% á ári að raungildi, sem er minna en hagvöxturinn. Þá hefur ýmsum opinberum framkvæmdum verið frestað fram til ársins 2007, þegar hægari hagvexti er spáð. Ríkissjóður kemur því að hagstjórninni með beinum hætti.

Að mati fjármálaráðuneytisins gerir OECD meira úr hagsveifluvanda en efni standa til hér á landi næstu árin. OECD virðist hvorki reikna með auknum sveigjanleika né alþjóðavæðingu hagkerfisins. Aðlögunarhæfni hagkerfisins hefur aukist og þá hefur samkeppni á vöru-, þjónustu- og fjármagnsmarkaði aukist. Einnig er íslenski vinnumarkaðurinn sveigjanlegur og hefur opnast mikið. Nýleg reynsla bendir til að vaxandi eftirspurn eftir vinnuafli sé í auknum mæli mætt með erlendu vinnuafli. Líklega hefur það haft áhrif til að hemja launaskrið við aðstæður minnkandi atvinnuleysis. Ráðuneytið hefur einnig bent á að lækkun tekjuskatts árin 2005-2007 er líklegt til að leiða til aukins vinnuframboðs, sem mun draga frekar úr þrýstingi á vinnumarkaði. Veruleg minnkun á tekjuskerðingu námslána hefur áhrif í sömu átt.

Það er því margt sem bendir til að framleiðslugeta hagkerfisins fari ört vaxandi. Vegna skipulagsbreytinga og opnunar hagkerfisins er meira svigrúm til að vaxa hratt án þess að verðbólguþrýstingur aukist. Það mat er í samræmi við nýlegar verðbólgumælingar og sérstaklega þegar húsnæðisliðurinn er undanskilinn en þá virðist lítil sem engin verðbólga vera til staðar. Þá má benda á að OECD, rétt eins og í aprílspá fjármálaráðuneytisins, tekur ekki tillit til nýrrar aðferðar Hagstofunnar við mælingu á vísitölu neysluverðs, sem kynnt var fyrr í þessum mánuði. Þessi nýja mæling hefur ótvíræð áhrif til lækkunar á vísitölunni innan ársins 2005.

Í ljósi ofangreindra þátta var í síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins ekki talið tilefni að vara við ofhitnun. Þó var tekið skýrt fram að ýmsir óvissuþættir eins og gengisþróun krónunnar, framvinda á fasteignamarkaði og frekari stóriðjuframkvæmdir geti haft áhrif á spá ráðuneytisins. Því er nauðsynlegt að að vera á varðbergi og bregðast tímanlega við breyttum aðstæðum. Í því samhengi eru tillögur OECD varðandi breytingar á vaxtabótakerfinu til að draga markvisst úr þenslunni á fasteignamarkaði athyglisverðar.

Hagvöxtur á Norðurlöndum

Á fundi fjármálaráðherra Norðurlandanna sem haldinn var í Kaupmannahöfn 20. þ.m. var m.a. rætt um efnahagsþróun landanna. Þar kom fram að hagvöxtur jókst á svæðinu í fyrra og verður áfram góður. Hagvöxtur var sem fyrr mestur á Íslandi en hann var einnig myndarlegur bæði í Finnlandi og Svíþjóð. Hagvaxtarhorfur eru sömuleiðis taldar mjög góðar. Fyrir utan Ísland er spáð mestum hagvexti í Noregi á yfirstandandi ári.

Verðbólga er sem fyrr meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Reiknað er með aðeins meiri verðbólgu á Norðurlöndunum í ár og að atvinnuleysi minnki. Í ár er áætlað að atvinnuleysi verði hæst í Finnlandi af Norðurlöndunum, um 8,4% af vinnuafli, en lægst á Íslandi, um 2,4%.

Hagvöxtur á Norðurlöndunum hefur flest undanfarin ár verið meiri en á Evrusvæðinu. Skýringanna er meðal annars að leita í meiri framleiðnivexti en Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi í notkun nýrrar tækni. Þá er vinnumarkaður á Norðurlöndum sveigjanlegri en sunnar í álfunni. Betri og virkari staða í opinberum fjármálum hefur átt umtalsverðan þátt í þeim árangri sem náðst hefur.

Þróun helstu hagstærða á Norðurlöndunum

	Hagvöxtur			Atvinnuleysi			Verðbólga		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006	2004	2005	2006
Finnland	3,7	3,3	2,7	8,8	8,4	8,0	0,2	1,2	1,4
Ísland	5,2	5,9	5,7	3,1	2,4	2,2	3,2	3,9	3,8
Noregur	2,9	3,6	2,0	4,5	4,3	4,1	0,4	1,3	1,8
Svíþjóð	3,5	3,2	2,7	5,5	5,0	4,4	0,4	0,5	1,5
Danmörk	2,4	2,4	2,1	6,1	5,4	5,1	1,1	2,0	1,8

Því má þó ekki gleyma í þessari umræðu að lítill hagvöxtur á Evrusvæðinu dregur úr hagvaxtarmöguleikum Norðurlandanna til lengri tíma vegna þess hversu miklu máli útflutningur til landa á Evrusvæðinu skiptir fyrir hagþróun á Norðurlöndunum.

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Á nýliðnu vorþingi voru samþykktar ýmsar breytingar á lögum um ársreikninga og bókhald. Megininntak þeirra breytinga er innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla og eftirlit með beitingu þeirra. Með umræddum breytingum verða félög skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES skyldug til að haga samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla frá og með þessu ári. Þá verða framangreind félög jafnframt skyldug til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna frá og með reikningsárinu 2007. Öðrum félögum verður hins vegar heimilt en ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín að uppfylltum tilteknum skilyrðum um stærðarmörk. Önnur félög en þau sem að framan greinir skulu fara eftir öðrum ákvæðum ársreikningslaga við gerð reikningsskila sinna.

Samkvæmt lögunum er ársreikningaskrá falið eftirlit með öllum þeim félögum sem skylt verður að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og einnig þeim sem nýta sér heimild til beitingar þeirra. Ársreikningaskrá getur kallað til aðila með sérfræðiþekkingu til aðstoðar við eftirlitið og í einstökum tilvikum falið sérfróðum aðilum eftirlit sem henni er falið samkvæmt lögunum. Um slíkt eftirlit yrði þá gerður sérstakur samningur sem miðaði að því að tryggja samræmi varðandi framkvæmd eftirlits á þessu sviði. Framangreind félög skulu greiða umsýslu- og eftirlitsgjald, sem er föst fjárhæð á hvert móður- og dótturfélag innan samstæðu.

Framangreindar breytingar munu án efa hafa umtalsverð áhrif á uppgjör þeirra félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, enda gerðar ríkari kröfur til reikningsskila þeirra en áður. Á móti kemur að félögin verða samkeppnishæfari á alþjóðamörkuðum, bæði hvað varðar orðstír og aðgang að fjármagni. Á heimasíðu ráðuneytisins er að finna þýðingu á 32 alþjóðlegum reikningsskilastöðlum auk 28 túlkana. Eftir er að þýða tvo staðla (staðal 32 og 39), sem fjalla m.a. um framsetningu, skýringar og um mat á fjármálagerningum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	13,1	22,8
Skattar á tekjur og hagnað	16,1	23,3
Tryggingagjöld	11,8	20,5
Eignarskattar	22,0	51,4
Veltuskattar	10,6	20,4
Tekjur alls	-5,4	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	17,1	0,6
Félagsmál	13,3	8,3
Atvinnumál	10,0	6,2
Vaxtagjöld	-57,0	37,1
Önnur útgjöld	-8,7	1,5
Gjöld alls	5,0	8,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	435	9.301
Hr. lánsfjárjöfnuður	3.611	15.511
Afborgun lána	-13.950	-11.404
Br. lánsfjárjöfnuður	-12.214	3.257
Lántökur	34.626	1.094
Greiðsluafkoma	5.064	4.351

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - maí	3,2	2,9
Kjarnaverðb.1– maí	3,2	3,4
Launavísitala - apríl	4,0	6,7
Heildarvelta jan.– febrúar	7,3	11,9
Smá.velta jan.-febrúar	4,9	6,1
Atvinnuleysi - apríl	3,5	2,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Innflutningur í maí 2005

Vöruinnflutningur í maí, án skipa og flugvéla, nam um 24 milljörðum króna samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts. Þetta er tæplega 40% meiri innflutningur að raungildi en í maí í fyrra og skýrist meðal annars að þriðjungi af meiri innflutningi flutningatækja, bæði til einkanota og atvinnurekstrar og að fjórðungi af meiri innflutningi hrá- og rekstrarvöru. Innflutningur eldsneytis óx einnig að verðmætum sem skýrist einkum af verulega hærra innflutningsverði. Innflutningur fyrstu fimm mánuði ársins er að raunvirði tæplega fjórðungi meiri en á sama tímabili í fyrra.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Útflutningsverðmæti í apríl 2005 var örlítið meira en í apríl í fyrra þrátt fyrir 11% sterkari krónu m.v. gengisvísitölu. Verð veigamikilla útflutningsafurða eins og sjávarafurða og áls það sem af er ári er hærra í erlendri mynt en fyrir ári sem vegur að einhverju leyti á móti sterkari krónu. Vöruskiptajöfnuður í apríl var neikvæður um 4,4 milljarða króna enda innflutningur í mánuðinum mikill og gera má ráð fyrir enn meiri halli í maímánuði, jafnvel þó áætla megi að verðmæti útflutnings verði meira en í maí í fyrra. Þetta er í takt við síðustu þjóðhagsspá ráðuneytisins þar sem gert var ráð fyrir 79 milljarða króna halla á vöruskiptum árið 2005.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta þriðjung ársins 2005 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 13,1 milljarð króna á tímabilinu, sem er 12,9 milljörðum króna betri útkoma en á sama tímabili í fyrra og 20,5 milljörðum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur reyndust 23,2 milljörðum hærri en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 11,4 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um 19,4 milljarða króna en var jákvæður um 0,5 milljarða í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 114,3 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs sem er tæplega 23,2 milljarða meiri innheimta en á sama tímabili síðasta árs eða 25,4% aukning. Þar af námu skatttekjur ríkisins 101,9 milljörðum króna sem er 21% hækkun frá í fyrra eða um 16% meiri innheimta að raungildi. Innheimta annarra rekstrartekna hækkaði einnig umtalsvert eða 78,9% frá sama tímabili í fyrra. Munar þar mestu um aukna innheimtu arðgreiðslna, einkum frá Landssímanum eða um 6,3 milljarða króna.

Greidd gjöld námu 103,2 milljörðum króna og hækkuðu um 11,4 milljarða frá fyrra ári, eða um 12,4%. Vaxtagjöld hækka um 5,7 milljarða króna eða tæplega 97% þar sem stór flokkur spariskírteina var á innlausn. Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 2,7 milljarða eða tæp 7% og til menntamála um 1 milljarð kr. eða tæp 8%. Önnur frávik eru mun minni.

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6 mán. meðaltal á föstu verðlagi



Afborganir lána námu 29,8 milljörðum sem skiptast þannig að 16,2 milljarðar eru vegna afborgunar erlendra langtímalána og 13,5 milljarðar vegna innlausnar spariskírteina. Þá voru 1,2 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Lántökur námu 13,9 milljörðum króna. Þrátt fyrir að afborganir umfram lántökur næmu 15,9 milljörðum króna þá batnaði greiðsluafkoman um 2,3 milljarða á tímabilinu, sem skýrist af því að handbært fé frá rekstri og fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 20,6 milljarða króna.

Ríkisstyrkjamál til ESA og EFTA dómstólsins

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) er nú með í formlegu rannsóknarferli tvö mál á sviði ríkisaðstoðar er varða íslensk stjórnvöld. Í desember á síðasta ári hóf ESA formlega rannsókn á því hvort að við sölu á eignarhluta ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. hafi falist ólögmætur ríkisstyrkur. Í síðustu viku hóf svo ESA formlega rannsókn á því hvort aðkoma ríkisins að FARICE hf., vegna lagningu sæstrengs, kunni að vera í andstöðu við ákvæði EES samningsins um ríkisaðstoð.

Í 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, eða framleiðslu ákveðinna vara, að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Þegar ESA tekur ákvörðun um að hefja formlega rannsókn á tilteknu máli er viðkomandi ákvörðun birt í Stjórnartíðindum ESB og er þriðju aðilum þar með gefinn kostur á að senda inn athugasemdir vegna málsins. Íslenskum stjórnvöldum er jafnframt gefinn kostur á að bregðast við þeim athugasemdum sem berast og senda viðbótarupplýsingar til ESA. Að loknu þessu formlega ferli, sem getur tekið eitt til tvö ár, tekur ESA síðan ákvörðun í viðkomandi máli. Sú ákvörðun er kæranleg til EFTA dómstólsins til endanlegrar niðurstöðu og er almennur kærufrestur tveir mánuðir frá því að ákvörðun ESA er kunngerð.

Þess má geta að nú eru tvö íslensk mál á sviði ríkisaðstoðar til meðferðar hjá EFTA dómstólnum. Annað varðar kæru ESA á hendur íslenskum stjórnvöldum fyrir að hafa ekki framfylgt ákvörðun ESA í tengslum við lög um alþjóðleg viðskiptafélög, sem ESA komst að þeirri niðurstöðu að fælu í sér ólögmæta ríkisaðstoð, og hitt varðar kæru Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja á hendur ESA vegna ákvörðunar ESA frá síðasta ári um málefni Íbúðarlánasjóðs. Málflutningur í þessum málum fer fram í haust og er niðurstöðu að vænta fyrir lok árs.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,4	21,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,3	18,0
Tryggingagjöld	7,8	23,1
Eignarskattar	16,5	64,4
Veltuskattar	13,2	19,5
Tekjur alls	-0,1	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	13,0	3,2
Félagsmál	15,2	6,8
Atvinnumál	11,2	5,9
Vaxtagjöld	-24,1	96,6
Önnur útgjöld	-4,9	13,1
Gjöld alls	9,7	12,4

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	207	13.092
Hr. lánsfjárjöfnuður	536	19.356
Afborgun lána	-25.018	-29.826
Br. lánsfjárjöfnuður	-26.982	-11.670
Lántökur	32.004	13.949
Greiðsluafkoma	5.022	2.279

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - maí	3,2	2,9
Kjarnaverðb.1 - maí	3,2	3,4
Launavísitala - apríl	4,0	6,7
Heildarvelta jan. - febrúar	7,3	11,9
Smá.velta jan.- febrúar	4,9	6,1
Atvinnuleysi - apríl	3,5	2,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

fjr.is
Vefrit fjármálaráðuneytisins

9. júní 2005

Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum

OECD kynnti í lok maí nýja skýrslu um efnahagsmál í aðildarríkjunum. Þar kom fram að árið 2004 reyndist hagvöxtur víða minni en stofnunin hafði gert ráð fyrir í sambærilegri spá í desember 2004. Það hægði verulega á hagvexti sumra stærri aðildarríkjanna þegar líða tók á árið á meðan hagvöxturinn hélst góður í öðrum ríkjum. Miðað við árstíðarleiðréttar tölur um hagvöxt á fyrsta árfjórðungi þessa árs ásamt öðrum vísbendingum telur OECD að horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum séu að glæðast á ný, sérstaklega á evrusvæðinu.

Hagvöxtur

	Árlegur			Ársfjórðungslegur				
		Áætl./Spá		2004				2005
	2004	2005	2006	1.ársfj.	2.ársfj.	3.ársfj.	4.ársfj.	1.ársfj.
Bandaríkin	4,4	3,6	3,3	1,1	0,8	1,0	0,9	0,9
Bretland	3,1	2,4	2,4	0,7	1,0	0,6	0,7	0,6
Japan	2,6	1,5	1,7	1,4	-0,2	-0,3	0,0	1,3
Evrusvæðið	1,8	1,2	2,0	0,7	0,4	0,3	0,1	0,4
Þýskaland	1,0	1,2	1,8	0,5	0,4	0,0	-0,2	1,0
Frakkland	2,3	1,4	2,0	0,7	0,7	0,1	0,6	0,2
Ítalía	1,0	-0,6	1,1	0,5	0,4	0,4	-0,4	-0,5
Ísland[2]	5,2	6,2	5,3	4,9	-1,6	1,8	-1,2	3,2

[1] Árstíðarleiðrétting á grundvelli kaupmáttarjafnaðrar landsframleiðslu
[2] Önnur aðferðafræði er notuð við að árstíðarleiðrétta tölurnar fyrir Ísland

Athygli vekur að hagvöxtur í Þýskalandi, Ítalíu og Frakklandi minnkaði umtalsvert á síðari helmingi ársins 2004, m.a. tengt hækkun olíuverðs, vandamálum í skipulagi vinnumarkaða og minni væntingum neytenda og stjórnenda fyrirtækja.
Hagvöxtur í Japan varð einnig umtalsvert minni í fyrra en í áætlun OECD og nú hefur hagvaxtaspáin fyrir Japan verið lækkuð fyrir árið í ár og næsta ár.
Hagvöxtur í Bandaríkjunum og Bretlandi var hins vegar aðeins meiri en í fyrri spá stofnunarinnar, m.a. vegna vaxandi neyslu heimilanna. Í skýrslu OECD er reiknað með áframhaldandi en hægari hagvexti í þessum löndum.
Í samanburði við stærri ríkin er hagvöxtur á Íslandi mikill um þessar mundir og skýrist það af miklum fjárfestingum í stóriðju og væntingum neytenda. Ársfjórðungslegur hagvöxtur á Íslandi er þó mun breytilegri en í stærri ríkjunum og tengist það m.a. umfangi og tímasetningu fjárfestinganna.

Fjárveitingar til Háskóla Íslands

Fullyrt hefur verið að nýleg stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands leiði í ljós að Háskólinn búi við fjársvelti og að fjárveitingar til hans séu langt undir því sem tíðkast meðal sambærilegra háskóla í nágrannalöndunum. Fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt að benda á að slíkar ályktanir verða ekki dregnar af skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun segir í skýrslu sinni að Háskóli Íslands verði að teljast ódýr í rekstri miðað við sambærilega háskóla í nágrannalöndum okkar, en að það megi skýra með þrennu: skilvirku starfi, tiltölulega litlu framhaldsnámi og mörgum stundakennurum. Ríkisendurskoðun lét erlendan sérfræðing bera Háskóla Íslands saman við níu evrópska háskóla og var niðurstaðan sú að samanburður á skólunum sé erfiður og varasamt að draga víðtækar ályktanir. Í samanburðinum kemur skýrt fram að það er verulegur munur á háskólunum sem voru bornir saman þótt sumt sé vissulega líkt. Þannig fær Háskólinn í Tromsö háar fjárveitingar á grundvelli byggðastefnu stjórnvalda þar í landi. Háskólarnir í Uppsala, Lundi og Álaborg greiða húsaleigu af öllu sínu húsnæði en Háskóli Íslands af óverulegum hluta húsnæðis síns. Þá er ekki tekið tillit til mismunandi skiptingar nemenda á fræðasvið enda þótt kennsla á sumum sviðum sé margfalt dýrari en á öðrum. Ekki er heldur tekið tillit til mismunandi launastigs eða verðlags í löndunum. Að síðustu skal nefna að í Háskóla Íslands eru hlutfallslega mun færri doktorsnemar en í hinum skólunum, sem sumir hafa fjölda fólks í doktorsnámi á launaskrá við rannsóknarstörf.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að Háskóli Íslands búi við nýjar aðstæður hvað varðar samkeppni við aðra háskóla og að nemendum hafi fjölgað ört á sama tíma og hann sé með metnaðarfullar hugmyndir um framhaldsnám og rannsóknir sem kalli á aukið fé og fleira starfsfólk.

Fjárheimildir og afkoma HÍ



Örari fjölgun nemenda en reiknað var með skýrist meðal annars af því að skólinn hefur breytt námsframboði sínu verulega til að laða fleiri í nám, ekki síst fólk sem lokið hefur fyrsta háskólaprófi og vill bæta við sig námi. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni stjórnenda skólans og stjórnvalda að komast að niðurstöðu um hversu hratt skuli efla doktorsnám og rannsóknir í skólanum á næstu árum og hvernig kostnaður við það skuli fjármagnaður. Úttekt Ríkisendurskoðunar sýnir hins vegar ekki fram á að Háskóli Íslands búi við fjársvelti miðað við þá starfsemi sem þar hefur verið stunduð. Þess ber að geta að fjárheimildir skólans voru 65% hærri árið 2004 en árið 1998, á sama tíma og almennt verðlag hækkaði um 28%. Sum árin var hann rekinn með afgangi en önnur með halla sem skýrist m.a. af byggingaframkvæmdum, en árið 2003 voru fjárheimildir auknar tímabundið vegna þeirra. Þegar litið er yfir allt tímabilið var rekstur skólans hins vegar í jafnvægi.

Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að veita tvær viðurkenningar, að fjárhæð 250 þúsund krónur hvora, fyrir meistarprófsritgerð í hagfræði eða viðskiptafræði við innlendar eða erlendar menntastofnanir. Viðurkenningarnar eru fyrir verkefni sem unnin eru á skólaárinu 2004/2005. Skilyrði fyrir námsviðurkenningu er að viðfangsefnið sé á sviði efnahags- og ríkisfjármála enda markmiðið að efla sérstaklega fræðilegar athuganir á þessu sviði.

Frekari upplýsingar um þessar viðurkenningar, auk umsóknareyðublaða, er að finna á vef ráðuneytisins, www.stjr.is/fjr/auglysingin. Umsóknum skal skilað til efnahagsskrifstofu ráðuneytisins fyrir 3. október nk.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,4	21,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,3	18,0
Tryggingagjöld	7,8	23,1
Eignarskattar	16,5	64,4
Veltuskattar	13,2	19,5
Tekjur alls	-0,1	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	13,0	3,2
Félagsmál	15,2	6,8
Atvinnumál	11,2	5,9
Vaxtagjöld	-24,1	96,6
Önnur útgjöld	-4,9	13,1
Gjöld alls	9,7	12,4

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	207	13.092
Hr. lánsfjárjöfnuður	536	19.356
Afborgun lána	-25.018	-29.826
Br. lánsfjárjöfnuður	-26.982	-11.670
Lántökur	32.004	13.949
Greiðsluafkoma	5.022	2.279

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - maí	3,2	2,9
Kjarnaverðb.1 - maí	3,2	3,4
Launavísitala - apríl	4,0	6,7
Heildarvelta jan. - febrúar	7,3	11,9
Smá.velta jan.- febrúar	4,9	6,1
Atvinnuleysi - apríl	3,5	2,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



Framvinda íslensks efnahagslífs mjög eftirtektarverð

Sendinefnd á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur nýlokið árlegri heimsókn sinni til Íslands þar sem fundað er með fulltrúum opinberra stofnana og atvinnulífsins og lagt mat á þróun og horfur í íslensku efnahagslífi. Í lok heimsóknar gefur nefndin út álitsgerð um stöðu og horfur og hafa bæði fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn birt hana á vefsíðum sínum.

Í áliti sendinefndarinnar kemur greinilega í ljós að nefndin telur framvinduna í íslensku efnahagslífi afar eftirtektarverða. Jafnframt kemur fram að þeir telji stjórnvöld eigi hrós skilið fyrir að koma á og fylgja eftir stefnu sinni af festu og lagt hefur grunninn að öflugum hagvexti.

Tekið var fram að staða ríkissjóðs væri afar traust. Sendinefndin taldi að þrátt fyrir aukið aðhald í ríkisfjármálum væri þörf á að auka það enn frekar til að sporna við of mikilli eftirspurn, koma í veg fyrir frekara ójafnvægi og stuðla að skipulegri aðlögun hagkerfisins við lok stóriðjuframkvæmdanna.

Með peningastefnu hefur með viðeigandi hætti verið brugðist við vaxandi eftirspurn og verðbólguþrýstingi. Undirliggjandi er verðbólguáhætta vegna eftirspurnar og þróunar á lánamarkaði. Nefndin telur að styrkja megi verðbólgumarkmiðið með því m.a. að tilkynna fyrirfram fundaáætlun Seðlabankans þar sem vaxtaákvarðanir yrðu teknar.

Brýnt er að fylgjast náið með þeirri hættu sem kann að steðja að fjármálastöðugleika af völdum útlánaþenslu og grípa tímanlega til varúðarráðstafana ef þörf krefur. Íslensk stjórnvöld hafa í gegnum tíðina brugðist bæði hratt og vel við þegar efnahagsumhverfið hefur tekið breytingum. Enda þótt núverandi aðstæður séu að sumu leyti erfiðar þá eru þær ekki eins vandasamar núna og þær hafa oft verið í gegnum tíðina, að mati sendinefndar IMF.

Á að fresta skattalækkunum?

Í álitsgerð sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að stefna eigi að enn frekara aðhaldi í ríkisrekstri. Lagt er til að það verði gert með frekari niðurskurði útgjalda og frestun á lækkun tekjuskatts einstaklinga árið 2006.

Tekjur ríkissjóðs
– útkoma sem hlutfall af áætlun fjárlaga -



Fjármálaráðuneytið telur ábendinguna um frestun skattalækkana ekki raunhæfa. Nefna má að breytingar á skattkerfinu urðu að lögum á síðasta ári og koma að fullu til framkvæmda á næstu árum. Í viðræðum við sjóðinn var bent á að jafnvel þó að skattalækkunin hafi áhrif til að auka eftirspurn, þá hefur hún jafnframt hvetjandi áhrif á vinnuframboð sem dregur úr spennu á vinnumarkaði. Að mati ráðuneytisins gætu auknar ráðstöfunartekjur stuðlað að allt að átta hundruð nýjum ársverkum í ár og öðru eins á næsta ári. Þessu til stuðnings var bent á rannsóknir OECD sem sýna að áhrif skattalækkana á vinnuframboð eru hvað mest þegar eftirspurn eftir vinnuafli fer vaxandi. Þetta á einnig við þar sem atvinnuleysi er lítið vegna aukinnar atvinnuþátttöku.

Sendinefndinni, sem áður hafði gert útreikninga á áhrifum skattalækkana á efnahagslífið þar sem ekki var sérstaklega tekið tillit til vinnuframboðsáhrifa, reyndist ekki unnt að meta slík áhrif áður en álitinu var skilað. Í ábendingu sendinefndarinnar felst því minni tiltrú á sveigjanleika efnahagslífsins við þessar aðstæður.

Að auki eru tekjur ríkissjóðs undir áhrifum af hagsveiflunni. Í uppsveiflu geta tekjur orðið meiri en áætlað er, en að sama skapi minni í niðursveiflu. Tengist þetta m.a. því að aðlögun hagkerfisins undanfarin ár hefur verið hraðari en búist var við. Óvæntur tekjuauki ríkissjóðs í uppsveiflu hefur því aðhaldsáhrif umfram það sem ætlað var. Því er líklegt að aðhaldsstig ríkisfjármála í ár verði meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Jafnframt er það mat ráðuneytisins að framleiðsluspennan verði minni en í síðustu uppsveiflu. Skattalækkanirnar eru því að mati ráðuneytisins tiltölulega vel tímasettar.

Við þessar aðstæður er samt mikilvægt að áfram verði haldið aftur af vexti samneyslunnar í samræmi við langtímamarkmið ríkisstjórnarinnar og að svigrúm fyrir aukið aðhald verði skoðað vandlega í næstu fjárlögum ef framvindan gefur ástæðu til að bregðast við meiri spennu en nú er gert ráð fyrir.

Þróun tekjuskattstofns fólks á eftirlaunaaldri

Undanfarin ár hefur kaupmáttur launa hækkað töluvert samkvæmt launa- og verðlagsvísitölum Hagstofu Íslands. Hér er þróun launavísitölu borin saman við þróun tekjuskattstofns 67 ára og eldri á mann. Eingöngu er miðað við þá sem fengu einhverjar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins en langflestir ellilífeyrisþegar eru í þeim hópi.

Þróun tekjuskattstofns 67 ára og eldri og launavísitölu
Vísitala 1995=100



Upplýsingar um tekjuskattstofn einstaklinga 67 ára og eldri undanfarin ár eru fengnar úr gagnagrunni RSK og ná til ársins 2003. Fjármagnstekjur eru ekki hluti af tekjuskattstofni einstaklinga. Eins og sést á myndinni fylgjast tekjuskattstofn og launavísitala mjög vel að til ársins 2001 en það ár vex tekjuskattstofn 67 ára og eldri á mann meira. Á tímabilinu 1995 til 2003 hækkaði almenn launavísitala um 72% en tekjuskattstofn 67 ára og eldri á mann um 79%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 31%. Hækkun tekjuskattstofns á mann umfram launavísitölu frá árinu 2001 á sér einkum tvær skýringar: Í fyrsta lagi bættist við nýr bótaflokkur hjá Tryggingastofnun árið 2001, tekjutryggingaauki og árið 2003 hækkuðu greiðslur almannatrygginga talsvert í kjölfar samkomulags við Landssamband eldri borgara. Tekjutryggingaaukanum var ætlað að bæta hag þeirra ellilífeyrisþega sem eru verst settir fjárhagslega en hann fá um 8.000 ellilífeyrisþegar. Í öðru lagi fá ellilífeyrisþegar vaxandi tekjur frá lífeyrissjóðum. Ef teknir eru með þeir sem ekki njóta greiðslu frá Tryggingastofnun vegna mikilla tekna hækkar tekjuskattstofninn enn meira.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,4	21,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,3	18,0
Tryggingagjöld	7,8	23,1
Eignarskattar	16,5	64,4
Veltuskattar	13,2	19,5
Tekjur alls	-0,1	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	13,0	3,2
Félagsmál	15,2	6,8
Atvinnumál	11,2	5,9
Vaxtagjöld	-24,1	96,6
Önnur útgjöld	-4,9	13,1
Gjöld alls	9,7	12,4

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	207	13.092
Hr. lánsfjárjöfnuður	536	19.356
Afborgun lána	-25.018	-29.826
Br. lánsfjárjöfnuður	-26.982	-11.670
Lántökur	32.004	13.949
Greiðsluafkoma	5.022	2.279

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - júní	3,9	2,8
Kjarnaverðb.1 - júní	3,6	3,5
Launavísitala - apríl	4,0	6,7
Heildarvelta jan. - febrúar	7,3	11,9
Smá.velta jan.- febrúar	4,9	6,1
Atvinnuleysi - maí	3,3	2,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja

Gengi krónunnar hefur sveiflast mikið undanfarin ár og það hefur haft umtalsverð áhrif á afkomu fyrirtækja. Um þessar mundir er gengisvísitalan aftur komin nálægt því stigi sem hún var árið 1999, eða 112 stig, áður en lækkun gengisins hófst sem leiddi til þess að vísitalan fór hæst í 150 stig í árslok 2001.

Breytilegt gengi hefur mikil áhrif á rekstrarskilyrði og skuldastöðu fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni. Lækkandi gengi bætir samkeppnisstöðu fyrirtækja að því leyti að rekstrarafkoma þeirra batnar. Á móti verða afborganir af erlendum skuldum í krónum talið þyngri. Vegna mikilla gengisbreytinga árið 2001 voru neikvæðir fjármagnsliðir í sumum tilfellum stærri en rekstrarhagnaðurinn og bókfærður hagnaður ársins því enginn eða tap. Síðan þá hefur gengisvísitalan endurheimt sinn fyrri styrk og krónan er aftur orðin hátt skráð. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er því aftur orðin erfið. Á móti eru afborganir á erlendum lánum og innflutningur á hrá- og rekstrarvöru þeim mun hagstæðari. Líklega er staðan hvað erfiðust hjá fyrirtækjum í greinum sem reiða sig á innlenda kostnaðarliði en eru með tekjur í erlendum gjaldmiðlum og bera ekki miklar erlendar skuldir.

Þegar samkeppnisstaðan er metin þarf hins vegar að taka tillit til launa og verðlags hér og í þeim löndum sem við eigum viðskipti við. Raungengi krónunnar ber saman laun eða verð hér á landi og erlendis á grundvelli sömu myntar. Ólíkt þróun á gengisvísitölu krónunnar kemur í ljós að raungengi launa hefur hækkað um 17% frá árinu 1999. Það er vegna þess að laun á Íslandi hafa hækkað umfram laun erlendis sem því nemur á tímabilinu. Raungengi neysluverðs hefur hækkað um 12% á sama tíma. Launa- og verðþróunin útskýrir því að miklu leyti hækkandi raungengi á tímabilinu.

Afstæðar breytingar á kostnaði eru samt ekki það sem mestu máli skiptir í ákvörðun fyrirtækja að færa starfsemi til útlanda. Það þarf einnig að skoða launakostnað í sömu mynt í þessu samhengi og fyrir einstök lönd. Ef við skoðum laun í viðskiptalöndum okkar í sömu mynt og setjum Ísland sem 1, þá kemur í ljós að nokkur lönd er með hærra launastig en við en fleiri lönd eru með mikið lægra launastig. Munurinn er oft svo mikill að gengisbreytingar hafa lítil áhrif á hina raunverulegu samkeppnisstöðu. Þetta gleymist því miður oft þegar verið er að ræða gengisþróun krónunnar. Þá má nefna að ekki eru meðtalin laun í löndum eins og Úkraínu, Kína eða Indlandi sem eru mun lægri en þau lægstu á þessari mynd.

Meðallaun í framleiðsluiðnaði í sömu mynt



Heimild: OECD

Það er því misvísandi að kenna gengisþróuninni einni og sér um samkeppnisvandann. Vandinn tengist að mestu leyti raunverulegum launamun milli landanna. Það er því líklegt að ákvarðanir íslenskra fyrirtækja um að fjárfesta erlendis séu nátengdari þeim mun en breytingum á genginu, þótt vissulega hafi gengisbreytingar áhrif. Á sama hátt má útskýra innstreymi vinnandi fólks í þessum löndum á hinn íslenskan vinnumarkað með því að laun hér á landi eru margföld þau laun sem þeim bjóðast heima fyrir.

Hlutur skatta í bensínverði er mismunandi

Olíuverð hefur hækkað mjög mikið frá vormánuðum 2004. Þessi hækkun hefur haft mikil áhrif á verð á vörum úr hráolíu ekki síst bensíni. Bensín er mikilvægur skattstofn í mörgum löndum, ýmist til að afla almennra tekna fyrir hið opinbera eða til að fjármagna framkvæmdir í vegakerfinu, eins og gert er hér á landi. Þá er víða lagður skattur á bensín með það að markmiði að draga úr losun koltvísýrings. Almennt hefur hlutur skattlagningar í heildarverði bensíns lækkað í þeirri hækkunarhrinu sem átt hefur sér stað enda er skatturinn oft ákveðin upphæð á hvern lítra sem ekki er breytt nema í tengslum við fjárlagagerð. Á meðfylgjandi mynd má sjá verð á bensíni í febrúar og mars í ár í nokkrum nágrannalöndum.

Útsöluverð á bensíni



Upplýsingar um verð eru fengnar hjá Alþjóða orkumálastofnuninni (EIA) nema fyrir Norðurlöndin þar sem gagna var aflað hjá hagstofum landanna. Fyrir Ísland er byggt á verði sem finna má á vefsíðum olíufélaga. Það veldur nokkrum vanda við túlkun á þessum gögnum að verð á bensíni hefur verið að breytast mjög mikið en jafnframt hefur gengi íslensku krónunnar verið sveiflum háð. Engu að síður má draga af þessum upplýsingum nokkrar ályktanir. Í fyrsta lagi vekur athygli hvað mikill breytileiki er á verði á bensíni fyrir utan skatt. Verðið er lægst í Stóra Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi, um og innan við 26 krónur á lítra. Verð í Danmörku og Svíþjóð er nokkru hærra en það er hæst í Noregi og á Íslandi. Raunar er verðið langhæst á Íslandi, 2/3 hærra en í Bretlandi. Skattur er alls staðar yfir helmingur af verði á bensíni í þeim löndum sem þarna eru sýnd. Af Evrópulöndum er Spánn með lægsta hlutdeild skatts í söluverði bensíns og þar af leiðandi er bensínverðið lægst þar. Á Íslandi er hlutur skatta í söluverði næst lægstur, tæplega 60%. Hlutdeild skatta í bensínverði er hæst í Bretlandi og Þýskalandi, yfir 70%. Bresk og norsk skattyfirvöld fá mesta skatta fyrir hvern lítra af bensíni en þau spænsku minnst. Það skal tekið fram að víða er lagður árlegur skattur á bíla til viðbótar við þau gjöld sem bifreiðaeigendur greiða þegar þeir kaupa bensín. Þá má nefna að í Bandaríkjunum er skattlagning á bensíni um 20% af söluverði og í mörgum af nýju ríkjum ESB er það lágt.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,4	21,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,3	18,0
Tryggingagjöld	7,8	23,1
Eignarskattar	16,5	64,4
Veltuskattar	13,2	19,5
Tekjur alls	-0,1	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	13,0	3,2
Félagsmál	15,2	6,8
Atvinnumál	11,2	5,9
Vaxtagjöld	-24,1	96,6
Önnur útgjöld	-4,9	13,1
Gjöld alls	9,7	12,4

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	207	13.092
Hr. lánsfjárjöfnuður	536	19.356
Afborgun lána	-25.018	-29.826
Br. lánsfjárjöfnuður	-26.982	-11.670
Lántökur	32.004	13.949
Greiðsluafkoma	5.022	2.279

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - júní	3,9	2,8
Kjarnaverðb.1 - júní	3,6	3,5
Launavísitala - maí	4,6	6,6
Heildarvelta jan. - febrúar	7,3	11,9
Smá.velta jan.- febrúar	4,9	6,1
Atvinnuleysi - maí	3,3	2,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - maí 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2005 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 11,2 milljarða króna á tímabilinu, sem er 14,2 milljörðum króna hagstæðari útkoma heldur en fyrir sama tímabil í fyrra. Þá er útkoman 25,1 milljarði betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur reyndust 27,4 milljörðum hærri en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 13,5 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 17,8 milljarða króna en var neikvæður um 2,4 milljarða í fyrra.

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Heildartekjur ríkissjóðs námu 136,6 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 27,4 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 25,1%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 121,2 milljörðum króna sem er hækkun upp á 19,5% frá sama tíma í fyrra, nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 4,1% á sama tímabili þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 14,8%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 42,2 milljörðum króna sem er 17,5% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10,1% en lögaðila um 6,5%. Innheimta fjármagnstekjuskatts jókst töluvert meira, eða um 54,4% sem jafngildir um 48,3% raunhækkun milli ára. Innheimta tryggingagjalda nam rúmlega 12,8 milljörðum króna sem er 13,1% aukning að raungildi frá fyrra ári. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði á sama tímabili um 6,5%. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 53% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu 15,1 milljörðum króna og voru 7,8 milljörðum umfram áætlun. Skýrist það einkum af 6,3 milljarða króna arðgreiðslu frá Landssímanum í apríl og 1,5 milljarðs sektargreiðslu olíufélaganna í maí vegna samkeppnismála.

Veltuskattar ríkissjóðs jukust einnig töluvert, eða um 18% sem er 13,4% aukning að raungildi en þar munar mestu um innheimtu tekna af virðisaukaskatti sem jókst um 19,9%. Vörugjöld af ökutækjum skiluðu jafnframt töluvert meiri tekjum en í fyrra eða um 74,9% en á fyrstu fimm mánuðum ársins hefur innflutningur bifreiða aukist að verðmæti um 85% frá fyrra ári. Þessi þróun endurspeglar styrk krónunnar og aukin umsvif í efnahagslífinu.

Greidd gjöld námu 126,8 milljörðum króna og hækkuðu um 13,5 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,7 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl sl. Að vöxtum frátöldum hækka gjöldin um 7,5% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, 79,2 milljarða eða um 62%. Þar kemur fram 7 milljarða króna hækkun, eða 10%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 3,6 milljarða og 1,5 milljarð bæði vegna almannatrygginga og fræðslumála. Á móti vegur að greiðslur til nokkurra málaflokka lækka lítillega milli ára, s.s. til samgöngu- og sjávarútvegsmála.

Vöxtur framleiðni á Norðurlöndum

Flestum er kunnugt um mikilvægi framleiðni fyrir efnahagslífið, en framleiðniaukning er grundvöllur aukinna tekna og bættra lífskjara. Á einfaldastan hátt má segja að framleiðniaukning haldist í hendur við hagvöxt á mann. En til að útskýra hugtakið nánar þarf að skoða framleiðsluþættina, vinnuafl, og fjármagn, í samhengi við tækni og þekkingu, en allt leggst það á eitt við að auka framleiðslu vöru og þjónustu og tekjur af þeim.

Aukin framleiðni vinnuafls er fengin með bættri vinnuaflsnotkun, en það felst í auknum afköstum í magni og gæðum á hverja vinnueiningu. Slík framleiðniaukning skiptir æ meira máli, m.a. vegna takmarkana í framboði vinnuafls. Þá er vert að huga að því að framleiðni vinnuafls er háð fjárfestingu í fastafjármunum, mannauði og skipulagi. Á síðustu árum hefur þáttur upplýsingatækni verið vaxandi í þessu samhengi.

Eins og fram kemur í nýútkominni skýrslu á vegum Norræna ráðherraráðsins hefur þróun framleiðni vinnuafls verið misjöfn á Norðurlöndum undanfarna áratugi. Í meðfylgjandi töflu má sjá framvindu framleiðni á hvern starfsmann.

Framleiðni vinnuafls atvinnuvega á Norðurlöndum 1981 – 2003

Meðaltalsvöxtur	1981-1990	1991-2000	2001-2003
Noregur	2,9	3,7%	3,5%
Ísland	1,5%	2,0%	3,2%
Finnland	3,3%	3,6%	1,4%
Danmörk	1,2%	1,8%	1,4%
Svíþjóð	2,3%	3,2%	1,1%

Ath.: Framleiðni er mæld sem framleiðsla á hvern starfsmann.

Framleiðnivöxtur vinnuafls atvinnuvega á Íslandi var í lægri kantinum á níunda og fyrri hluta tíunda áratugarins, en hefur síðan þá aukist mjög og var orðinn helmingi meiri en í Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð nokkur undanfarin ár. Þessar mælingar benda til að svigrúm er að myndast á Íslandi fyrir aukinn hagvöxt sem samræmist lágri verðbólgu. Miklar skipulagsbreytingar og alþjóðavæðing hagkerfisins eiga ríkan þátt í þessari þróun en það hefur leitt til aukinnar samkeppni og aðlögunar í atvinnulífinu.

Það kemur fram í fyrrgreindri skýrslu að framleiðnivöxturinn er oftast nokkuð hærri á hverja vinnustund samanborið við á hvern starfsmann. Skýringin á þessum mismun liggur í að vinnustundum hefur farið fækkandi á hvern starfsmann á tilgreindu tímabili.

Af vettvangi tvísköttunarmála

Dagana 24.-26. maí hittust samninganefndir Íslands og Rúmeníu í Reykjavík til viðræðna um gerð tvísköttunarsamnings á milli landanna. Þetta var fyrsti fundur samninganefndanna. Samningagerðin komst mjög vel á veg og er aðeins fáum atriðum ólokið. Áætlað er að næsti fundur nefndanna fari fram á fyrri hluta næsta árs og er þess að vænta að samningsgerð ljúki á þeim fundi.

Af annarri samningagerð má nefna að samninganefndir Íslands og Þýskalands munu funda í Reykjavík í byrjun júlí vegna endurskoðunar á gildandi tvísköttunarsamningi milli landanna. Vonast er til að endurskoðun samningsins ljúki á þeim fundi. Einnig hefur verið ákveðinn fundur með samninganefnd Grikklands í lok nóvember á þessu ári eftir nokkuð langt hlé en sá samningur er langt kominn. Þá er stefnt að því að hefja samningaviðræður við Króatíu á þessu ári en nánari dagsetning liggur ekki fyrir enn sem komið er.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,5	19,5
Skattar á tekjur og hagnað	17,5	17,5
Tryggingagjöld	14,9	17,7
Eignarskattar	16,1	59,2
Veltuskattar	14,4	18,0
Tekjur alls	0,5	25,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	7,1	2,2
Félagsmál	10,9	9,8
Atvinnumál	7,5	-1,1
Vaxtagjöld	-16,8	67,1
Önnur útgjöld	-6,2	14,3
Gjöld alls	8,5	12,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-maí		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.947	11.243
Hr. lánsfjárjöfnuður	481	17.780
Afborgun lána	-28.389	-29.994
Br. lánsfjárjöfnuður	-31.033	-13.764
Lántökur	40.861	9.273
Greiðsluafkoma	9.828	-4.490

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - júní	3,9	2,8
Kjarnaverðb.1 - júní	3,6	3,5
Launavísitala - maí	4,6	6,6
Heildarvelta jan. - febrúar	7,3	11,9
Smá.velta jan.- febrúar	4,9	6,1
Atvinnuleysi - maí	3,3	2,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Innflutningur í júlí

Bráðabirgðatölur um vöruinnflutning í júlí liggja nú fyrir en þær eru byggðar á innheimtu virðisaukaskatts af innfluttum vörum í mánuðinum. Samkvæmt þeim nam innflutningur án skipa og flugvéla tæpum 24 milljörðum króna. Ef rétt reynist þá hefur vöruinnflutningur síðustu þriggja mánuða aldrei verið meiri og af þessum mánuðum var hann mestur í júní, ríflega 26 milljarðar króna án skipa og flugvéla. Meðaltal síðustu þriggja mánaða er tæplega þriðjungi meira að raunvirði en á sama tíma í fyrra.

Meginskýring aukins innflutnings er meiri innflutningur bifreiða, fjárfestingarvöru og eldsneytis og olíu. Að magni er mesta aukningin í innflutningi bifreiða sem var um 70% meiri á fyrri helmingi þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra. Verðmæti eldsneytis og olía hefur aukist verulega sem skýrist m.a. af hærra verði en einnig er um magnaukningu að ræða. Til dæmis jóks innflutningur þotueldsneytis um 46% að magni fyrstu sex mánuði þessa árs miðað við saman tímabili í fyrra og fimmtungs aukning var í bensíninnflutningi.

Vöruskiptajöfnuður á fyrri helmingi ársins var óhagstæður um ríflega 34 milljarða króna. Í síðustu þjóðhagsspá ráðuneytisins frá í apríl er gert ráð fyrir 79 milljarða króna halla á vöruskiptajöfnuði á þessu ári. Innflutningur sem af er ári er nokkuð í takt við þá spá. Vöruútflutningur í heild er það einnig en útflutningur ýmissa iðnaðarframleiðslu virðist þó stefna í að verða minni en gert var ráð fyrir enda sterk króna útflytjendum óhagstæð.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júní 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri helming ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 15,5 milljarða króna á tímabilinu, sem er 26 milljörðum króna betri útkoma heldur en áætlað var. Einnig er útkoman 17,8 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Tekjurnar hækka um 32 milljarða, á meðan að gjöldin hækka um 13,5 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 25,9 milljarða króna miðað við 0,4 milljarða jákvæða stöðu í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á tímabilinu janúar til júní 2005 námu 165,5 milljörðum króna og hækkuðu um 32 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um tæp 24%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 148 milljörðum króna sem er hækkun um 18,7% frá sama tíma í fyrra og er það nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 3,9% þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 14,3%.
Skattar á tekjur og hagnað námu 48,7 milljörðum króna á tímabilinu sem er 15,5% hækkun frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjur af tekjuskatti einstaklinga um 10,3% en skatttekjur vegna lögaðila drógust saman um 1%. Tekjur af fjármagnstekjuskatti jukust umtalsvert á milli ára, eða um 54% sem rekja má til aukinna fjármagnstekna af arði og vaxtatekjum. Innheimta tryggingagjalda á tímabilinu nam rúmlega 15,5 milljörðum króna sem er 15,7% aukning frá fyrra ári. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta jókst einnig töluvert á milli ára eða um 51% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu 17 milljörðum króna og jukust um 8,3 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum og sektargreiðslum olíufélaganna.
Greidd gjöld námu 151,9 milljörðum króna og hækkuðu um 13,5 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,7 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að vöxtum frátöldum hækka gjöldin um 6% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 96 milljarðar sem er 63%. Þar kemur fram 6,2 milljarða króna hækkun, eða 6,9%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 3,8 milljarða og 2,5 milljarða vegna fræðslumála. Á móti vegur að greiðslur vegna almannatrygginga lækka lítillega og greiðslur til atvinnumála standa nánast í stað milli ára.

Ráðstöfunartekjur eru enn að aukast

Meðal þess sem fram kom í upplýsingum um álagningu opinberra gjalda einstaklinga í síðustu viku var að heildartekjur landsmanna árið 2004 jukust um 9,9% frá fyrra ári og námu rúmu 600 milljörðum króna. Eignirnar námu 1.927 milljörðum króna en eignarskattstofninn rúmum 1.000 milljörðum. Á þessar tekjur og eignir einstaklinga voru lagðar samtals 140,5 milljarðar króna í skatta þegar tekið hefur verið tillit til þeirra bóta sem skattakerfið innifelur. Skattarnir jukust um 13,5% í heild frá fyrra ári. Miðað við 6,2% fjölgun gjaldenda almenns tekjuskatts var meðalhækkun á hvern gjaldanda um 8,2% að nafnvirði. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig heildartekjur, skattar að frádregnum bótum og ráðstöfunartekjur á hvern framteljanda, hafa þróast að raunvirði á undanförnum árum.

Tekjur og skattar á mann að raungildi – vísitölur



Tekjur og ráðstöfunartekjur voru lægstar árið 1994. Síðan þá hafa heildartekjur á mann vaxið um 57% að raungildi og ráðstöfunartekjurnar um 47%. Skattarnir hafa hins vegar einungis hækkað um 11% að raunvirði á mann síðan þá. Árið 2004 jukust ráðstöfunartekjur á mann um 3,3%. Þetta var tíunda árið í röð sem ráðstöfunartekjur á mann hafa vaxið. Skattarnir hækkuðu um 1,1% á mann að raungildi en það er eðli skattkerfisins að í uppsveiflu fara skattar hækkandi sem hlutfall af tekjum þótt ráðstöfunartekjurnar hækki meira.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,8	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	18,2	15,5
Tryggingagjöld	13,1	15,8
Eignarskattar	18	56,8
Veltuskattar	13	18,6
Tekjur alls	2,3	23,9

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	6,1	3,6
Félagsmál	13,2	6,9
Atvinnumál	6,8	1,0
Vaxtagjöld	-15-7	64,7
Önnur útgjöld	-2,5	14,3
Gjöld alls	8,4	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-júní		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.243	15.536
Hr. lánsfjárjöfnuður	-858	25.915
Afborgun lána	-28.604	-30.002
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.212	-5.988
Lántökur	34.780	9.579
Greiðsluafkoma	4.435	3.591

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - júlí	3,6	3,5
Kjarnaverðb.1 - júlí	3,2	3,6
Launavísitala - júní	5,1	6,3
Heildarvelta jan. - febrúar	11,3	7,1
Smá.velta jan.- febrúar	5,4	6,9
Atvinnuleysi - júní	3,1	2,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Frjáls lífeyrissparnaður verður stöðugt algengari

Frádráttur frá tekjuskattstofni vegna séreignalífeyrissparnaðar var tekinn upp tekjuárið 1999 og var þá 2%. Hann var síðan hækkaður í 4% árið eftir og hefur verið óbreyttur síðan. Þeim launþegum sem notfæra sér þessa heimild hefur farið fjölgandi.

Frádregið iðgjald í séreignalífeyrisreikninga

Tekjuár	2002	2003	2004
Frádráttur, m.kr.	5.800	6.800	7.626
Fjöldi gjaldenda	70.566	77.107	83.400
Hlutfall af gjaldendum almenns lífeyrisiðgjalds	43,4%	46,5%	50,2%

Í upplýsingum Ríkisskattstjóra um álagningu á einstaklinga árið 2005 (tekjuárið 2004) kemur fram að yfir helmingur launþega sparaði með þessum hætti það ár. Hafði þeim fjölgað um 8,2% frá fyrra ári en frjáls lífeyrissparnaður óx um 12,2% og nam 7,6 milljörðum. Meðallaunatekjur þeirra sem spara með þessum hætti eru heldur lægri en hjá heildinni og bendir það til þess að þeir séu heldur yngri en meðaltalið enda fara tekjur almennt hækkandi með aldri langt fram eftir starfsævinni. Þetta bendir til þess að aukinn fjöldi íslenskra launþega telji skynsamlegt að eiga von á meiri ráðstöfunartekjum þegar þeir hætta störfum en hinar tvær stoðir lífeyriskerfisins, almennu lífeyrissjóðirnir og almannatryggingarkerfið, munu bjóða þeim.

Samningar um upplýsingaskipti í skattamálum

Ákveðið hefur verið að hefja viðræður við nokkrar „skattaparadísir“ (e. tax havens) um gerð samninga um upplýsingaskipti á sviði skattamála. Er þetta gert í samræmi við vinnu á vettvangi OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar) við að draga úr skaðlegri skattastarfsemi, t.d. í þeim tilvikum þegar íbúar OECD ríkja nýta sér skattaparadísir til að komast hjá skattlagningu í heimalandinu. Einn liður í þessari vinnu er gerð tvíhliða samninga um upplýsingaskipti á sviði skattamála milli OECD ríkja og svæða sem flokkuð eru sem skattaparadísir. Þessi svæði hafa nú nánast öll skuldbundið sig gagnvart OECD til að auka gagnsæi skattkerfa og skattalöggjafar sinnar og jafnframt að koma á fót virkum upplýsingaskiptum um skattamál við aðildarríki OECD. Um helmingur OECD ríkja hafa byrjað samningaviðræður við skattaparadísirnar í þessum tilgangi. Sem dæmi má nefna að Bandaríkin hafa þegar lokið gerð upplýsingaskiptasamnings við þrettán slík svæði.

Í viðræðunum mun Ísland leggja til grundvallar samningsfyrirmynd OECD um upplýsingaskiptasamninga á sviði skattamála. Í samningsfyrirmyndinni er m.a. gert ráð fyrir því að stjórnvöld hafi aðgang að upplýsingum frá bönkum og fjármálastofnunum um tiltekna skattgreiðendur og geti veitt slíkar upplýsingar til skattyfirvalda í hinu samningsríkinu. Í samningsfyrirmyndinni eru jafnframt ákvæði sem hafa þann tilgang að vernda lögmæta hagsmuni skattgreiðenda og er samningsríki t.d. heimilt í ákveðnum tilvikum að neita að veita hinu samningsríkinu upplýsingar sem skaðað geta viðskiptahagsmuni skattgreiðandans. Þá eru einnig ákvæði í samningsfyrirmyndinni sem tryggja að stjórnvöld í samningsríkjunum fari með upplýsingarnar sem trúnaðarupplýsingar.

Í lok september munu samningaviðræður hefjast í Reykjavík við eyjuna Guernsey á Ermarsundi. Nokkru síðar á árinu er áætlað að viðræður hefjist við eyjuna Jersey. Þá hafa stjórnvöld á eyjunni Mön komið því á framfæri við ráðuneytið að áhugi sé á að semja við Ísland í sama tilgangi.

Vaxtakostnaður ríkissjóðs

Í kjölfar sölu Símans hafa vaknað upp spurningar um ráðstöfun söluandvirðis hans. Meðal þess sem nefnt hefur verið er niðurgreiðsla skulda ríkissjóðs. Söluverð Símans nemur að jafnvirði 66,7 milljörðum króna og eru 34,5 milljarðar greiddir í íslenskum krónum og 32,2 milljarðar í evrum og Bandaríkjadölum.

Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2004 námu rúmum 253 milljörðum króna. Innlend lán námu 112 milljörðum króna og erlend lán rúmum 141 milljarði króna. Vaxtagjöld ársins 2004 vegna þessara lána námu rúmum 14 milljörðum króna; tæpum 9 milljörðum vegna innlendra lána og rúmum 5 milljörðum vegna erlendra lána. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að vaxtagjöld ársins 2005 nemi rúmum 15 milljörðum króna.

Ekki hefur á þessari stundu verið tekið ákvörðun um ráðstöfun söluandvirðis Símans en verði hluti þess notaður til niðurgreiðslu skulda mun það að sjálfsögðu hafa áhrif til lækkunar á vaxtakostnaði ríkissjóðs.

Söluhagnaður Símans í ríkis– og þjóðhagsreikningum

Söluhagnaður Símans er mismikill eftir því hvort um aðferð ríkis- eða þjóðhagsreikninga er að ræða. Með aðferð þjóðhagsreikninga myndast ekki söluhagnaður hjá ríkissjóði við söluna vegna meðferðar við skráningu verðmætis eigna. Samkvæmt aðferð þjóðhagsreikninga er ríkissjóður einungis að breyta samsetningu eigna sinni, þ.e. að selja hlutabréf í Símanum fyrir peninga. Nettó eignarstaða ríkissjóðs er sú sama fyrir og eftir söluna. Meginskýring þessarar niðurstöðu er sú að þjóðhagreikningar, sem leitast við að skrá öll viðskipti í hagkerfinu, nota markaðsvirði við skráningu eigna og skulda í uppgjörum á hverjum tíma. Þegar sala Símans fór fram er litið svo á að markaðsverð hlutabréfa ríkissjóðs í Símanum hafi verið jafnt og söluandvirði þeirra. Söluhagnaður eða sölutap myndaðist því ekki í skilningi þjóðhagsreikninga. Í fjórföldu bókhaldi þeirra eru tekjur eins aðila kostnaður annars. Ef um söluhagnað ríkissjóðs hefði verið að ræða hefði það þýtt að um samsvarandi tap kaupandans hefði verið að ræða, sem getur ekki gerst.

Söluhagnaður getur hinsvegar myndast ef farið er eftir aðferð ríkisreiknings, sem byggir á tvöföldu bókhaldi fyrirtækja. Þar er áherslan ekki á markaðsvirði í færslu eigna og skulda. Söluhagnaður getur því myndast ef söluverð eignar er annað en skráð bókhaldsverð hennar. Í árslok 2004 var bókfærð eign ríkissjóðs í Símanum skráð á rúmlega 9 milljarða króna en söluandvirðið var nær 67 milljörðum króna. Samkvæmt uppgjörsvenju fyrirtækja myndaðist því verulegur söluhagnaður við sölu Símans. Þá ber að geta þess að skráð bókhaldsverð fyrirtækja í eigu ríkissjóðs endurspeglar ekki endilega raunverulegt markaðsverð þeirra. Líklegt er að bókhaldsverð fyrirtækja í eigu ríkissjóðs hafi þróast á annan máta en bókfært verð fyrirtækja á almennum markaði. Raunverulegur söluhagnaður samkvæmt þessari aðferð þar sem eignin hefði verið skráð á grundvelli markaðsverðs væri því líklega mun minni en ofangreindar tölur gefa til kynna.

Að lokum má geta þess að með þátttöku Íslands í EES samstarfinu hefur skapast þörf á að mæla afkomu hins opinbera á grundvelli Maastricht-ákvæða, en þar er stuðst við forskrift þjóðhagsreikninga. Nánari upplýsingar um samanburð á uppgjöri samkvæmt forskrift þjóðhagsreikninga og fyrirtækjareikninga er að finna hér.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,8	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	18,2	15,5
Tryggingagjöld	13,1	15,8
Eignarskattar	18	56,8
Veltuskattar	13	18,6
Tekjur alls	2,3	23,9

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	6,1	3,6
Félagsmál	13,2	6,9
Atvinnumál	6,8	1,0
Vaxtagjöld	-15,7	64,7
Önnur útgjöld	-2,5	14,3
Gjöld alls	8,4	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-júní

M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.243	15.536
Hr. lánsfjárjöfnuður	-858	25.915
Afborgun lána	-28.604	-30.002
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.212	-5.988
Lántökur	34.780	9.579
Greiðsluafkoma	4.435	3.591

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - ágúst	3,7	3,7
Kjarnaverðb.1 - ágúst	3,0	4,1
Launavísitala - júní	5,1	6,3
Heildarvelta jan. - apríl	11,3	7,1
Smá.velta jan.– apríl	5,4	6,9
Atvinnuleysi - júní	3,1	2,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



Raunverð á bensíni hefur oft verið hærra en nú

Bensínverð hefur farið mjög hækkandi að undanförnu en er þó ekki hærra að raunvirði en það hefur verið á undanförnum árum. Hvernig má það vera ef verðið á hverjum lítra hefur aldrei verið hærra? Í því efni er fróðlegt að skoða hvernig bensínverð hefur þróast miðað við laun í landinu. Á myndinni hér fyrir neðan sést hlutfallið á milli þróunar bensínverðs og launavístölu. Með því móti má sjá hvert raunverð bensíns hefur verið miðað við laun.

Verðlag á bensíni



Frá 1993 til 1997 og aftur árið 2000 var raunverð á bensíni miðað við laun miklu hærra en það er nú svo munar allt að fjórðungi. Frá árinu 2000 fór raunverð á bensíni mjög lækkandi og komst niður í að verða ódýrara en nokkru sinni fyrr á undanförnum 15 árum árið 2003. Síðan hefur verðið hækkað nokkuð en ekki umtalsvert. Hluti skýringarinnar á því að bensínverð hefur farið lækkandi að raunvirði er að vörugjöld á bensíni hafa ekki haldið verðgildi sínu á undanförnum árum eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan. Þannig var raunvirði bensíngjalda á hvern lítra 22% hærra árið 1997 en það er nú. Laun í landinu hafa hækkað umtalsvert á undanförnum árum, meira en bensínverð, jafnvel á þessu ári.

Á þeim tíma sem þarna er sýndur hefur orðið sú þróun að meðaleyðsla á bensíni á hvern ekinn kílómeter hefur minnkað töluvert og því hafa útgjöld heimilanna vegna aksturs minnkað meira en sem raunlækkun á bensínverðinu nemur. Jafnframt hefur akstur á hvern bíl minnkað enda eru þeir orðnir fleiri en ökumenn. Vísbending um þetta er að heildarupphæð innheimtra vörugjalda á bensíni fyrri helming ársins er heldur minni en á sama tíma í fyrra. Hinn mikli innflutningur sem verið hefur undanfarin misseri hefur ekki stækkað bílaflotann samsvarandi vegna þess að samkvæmt heimildum Umferðarstofu er um það bil einn bíll afskrifaður fyrir hverja tvo sem fluttir eru inn.

Staðan í samningamálum ríkisstarfsmanna

Í eftirfarandi töflu kemur fram staðan í samningamálum ríkisstarfsmanna á yfirstandandi samningstímabili. Taldir eru þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið frá byrjun árs 2004 til júlímánaðar 2005. Kjarasamningarnir ná til rúmlega 17 þúsund ríkisstarfsmanna (á grundvelli ársverka) en þá eru undanskildir þeir 1.100 rikisstarfsmenn sem falla undir Kjaranefnd, Kjaradóm eða ráðherraröðun. Ríkisstarfsmenn eru því um 12% af vinnandi fólki í landinu. Á heildina litið virðist launaþróun ríkisstarfsmanna í þessari samningalotu vera að þróast með svipuðum hætti og á almennum markaði.

Staðan í samningamálum ríkisstarfsmanna 15. ágúst 2005

Stéttarfélag:	Fj. samn lokið	Fj. samn. ólokið	Áætluð ársverk*
BSRB**	13	1	6.994
BHM**	3	0	4.789
KÍ**	2	0	1.360
ASÍ o.fl.***	6	2	1.803
FFSÍ, VSSÍ, VSF'Í***	4	2	114
Utan bandalaga**	6	4	1.996
Samtals	34	9	17.056

*) ekki eru innifalin u.þ.b. 1.100 ársverk sem falla undir Kjaranefnd, Kjaradóm, ráðherraröðun o.fl.

**) samið á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna

***) samið á grundvelli laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur

Samninganefnd ríkisins (SNR) hefur nú lokið 34 kjarasamningum af 43 við 108 stéttarfélög. Til samanburðar má geta þess að samningstímabilið 2000 – 2004 voru gerðir 77 kjarasamningar við 136 stéttarfélög. Enn er ólokið 9 samningum við 9 stéttarfélög, þar af eru þó tvö félög með bundna samninga til ársloka 2005 en það eru Læknafélag Íslands og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Þau sjö stéttarfélög, sem eru með lausa samninga og enn er ósamið við, eru Félag íslenskra flugumferðarstjóra, Félag skipstjórnarmanna, Vélstjórafélag Íslands og Félag matreiðslumanna, þau þrjú síðarnefndu öll vegna Landhelgisgæslunnar. Einnig er ósamið við félög leikstjóra, leikmynda- og búningahöfunda og hljómlistarmanna vegna Þjóðleikhúss. Samið var við flugumferðarstjóra 15. júlí sl. en samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu. Samningsaðilar munu hittast á ný um mánaðamótin.

Vegna verulegra breytinga á launatöflum og breyttra forsendna við röðun starfa, sem taka gildi 1. maí 2006 hjá þorra stéttarfélaga, verður af hálfu fjármálaráðuneytis sett á fót sérstakt ráðgjafateymi stofnunum og stéttarfélögum til halds og trausts. Tilgangurinn er að tryggja hnökralausa framkvæmd breytinganna og veita aðilum aðgang að nýjustu aðferðum mannauðsstjórnunar. Jafnhliða þessu standa samningsaðilar að sameiginlegri fræðslu fyrir forsvarsmenn stofnana og stéttarfélaga um samningatækni, starfslýsingar o.fl.

Af vettvangi tvísköttunarmála

Í byrjun júlí hittust samninganefndir Íslands og Þýskalands í Reykjavík og luku við endurskoðun tvísköttunarsamnings sem upphaflega er frá árinu 1971. Formlegri undirskrift og fullgildingu samningsins er þó ólokið. Jafnframt stendur yfir endurskoðun tvísköttunarsamnings við Bandaríkin sem er frá árinu 1975. Endurskoðun samningsins er langt komin en ekki liggur fyrir hvenær henni lýkur.

Í þessari viku stendur yfir í Zagreb fyrsti fundur Íslands og Króatíu um gerð tvísköttunarsamnings. Þá er áætlað að tvísköttunarviðræður hefjist við Indland á næstu mánuðum.

Ákveðinn hefur verið fundur með samninganefnd Grikklands í lok nóvember á þessu ári eftir nokkuð langt hlé en sá samningur er langt kominn. Búist er við að samningsgerð ljúki á þeim fundi. Samningaviðræður við Úkraínu, Rúmeníu og Slóveníu eru einnig langt á veg komnar og er vonast til að þeim verði lokið á næsta ári.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,8	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	18,2	15,5
Tryggingagjöld	13,1	15,8
Eignarskattar	18	56,8
Veltuskattar	13	18,6
Tekjur alls	2,3	23,9

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	6,1	3,6
Félagsmál	13,2	6,9
Atvinnumál	6,8	1,0
Vaxtagjöld	-15,7	64,7
Önnur útgjöld	-2,5	14,3
Gjöld alls	8,4	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-júní

M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.243	15.536
Hr. lánsfjárjöfnuður	-858	25.915
Afborgun lána	-28.604	-30.002
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.212	-5.988
Lántökur	34.780	9.579
Greiðsluafkoma	4.435	3.591

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - ágúst	3,7	3,7
Kjarnaverðb.1 - ágúst	3,0	4,1
Launavísitala - júní	5,1	6,3
Heildarvelta jan. - apríl	11,3	7,1
Smá.velta jan.– apríl	5,4	6,9
Atvinnuleysi - júní	3,1	2,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is



Þróun útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum

Í ríkisreikningi og fjárlögum eru útgjöld ríkissjóðs oftast sundurliðuð eftir ráðuneytum, en það er ekki síður fróðlegt að greina þróun þeirra eftir málaflokkum. Málaflokkarnir ganga stundum þvert á ráðuneyti. Þannig eru fræðslumál t.d. að stærstum hluta til hjá menntamálaráðuneyti en falla einnig undir landbúnaðarráðuneyti.
Ef skoðuð er þróunin á 5 ára tímabili frá 1999 til 2003 má greina talsverðar breytingar á skiptingu útgjalda á málaflokka. Er þá byggt á hlutfallslegri skiptingu gjalda hvers árs, auk þess sem útgjaldaþróun einstakra málaflokka er skoðuð á föstu verðlagi. Gjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna eru undanskilin þar sem þau eru mjög sveiflukennd.

Hlutdeild málaflokka í útgjöldum ríkissjóðs



Framlög til félagsmála (heilbrigðismála, almannatrygginga, fræðslumála og annarra félagsmála) vega þyngst í útgjöldum ríkissjóðs og hefur hlutfall þeirra aukist úr 62,1% í 65,1% á tímabilinu og nálgast því ⅔ af útgjöldunum ríkissjóðs. Helstu undirflokkar eru heilbrigðismál sem halda stöðugu 26-27% hlutfalli af heildargjöldum en hækkuðu um 18% að raungildi. Almannatryggingar hafa hækkað úr rúmlega 18% í rúm 21% af útgjöldum ríkissjóðs. Hækkun þeirra var mest allra málaflokka, eða tæp 40% að raungildi. Að stærstum hluta er það vegna þess að fæðingarorlofssjóður hóf útgreiðslur árið 2002. Fræðslumál hækkuðu einnig og voru tæp 10% útgjalda árið 2003.

Vaxtagjöld lækkuðu á tímabilinu og fór hlutfall þeirra úr 8,4% í tæp 5,7% á tímabilinu. Að raungildi lækkuðu þau um 18%. Hér gætti áhrifa þess að ríkissjóður skilað afgangi flest árin og var honum ráðstafað til að lækka skuldir ríkissjóðs. Þá lækkuðu vextir og gengi krónunnar hækkaði undir lok tímabilsins sem hafði frekari áhrif til að lækka vaxtagjöldin.

Útgjöld til almennra mála, að löggæslu undanskilinni, en þar undir fellur m.a. æðsta stjórnsýsla ríkisins og utanríkisþjónustan, jókst ekki hlutfallslega á tímabilinu. Þvert á móti fór hlutfallið úr 6,2% niður í 5,8%. Hækkun að raungildi nam 13%.

Vægi útgjalda til atvinnumála hækkaði aðeins um 0,3% á tímabilinu. Hins vegar verður tilfærsla innan málaflokksins. Útgjöld til landbúnaðarmála lækkuðu hlutfallslega en aukning varð í samgöngumálum og framlögum til byggðamála. Að raungildi hækkuðu útgjöld til landbúnaðar-, skógræktar og sjávarútvegsmála um 6,5% að raungildi en útgjöld til samgöngumála um 27%.

Á þessar upptalningu sést að áherslubreytingar ríkisstjórnar og Alþingis hafa haft veruleg áhrif á samsetningu ríkisútgjalda til lengri tíma litið. Aukin umsvif ríkissjóðs hafa fyrst og fremst komið fram í hækkun framlaga til almannatrygginga og fræðslumála. Jafnvægi í ríkisfjármálum undanfarinna ára hefur hins vegar skilað sér í lækkun vaxtagjalda.

Af vettvangi tvísköttunarmála

Þann 18. júlí s.l. lauk samningaviðræðum Íslands og Króatíu um gerð tvísköttunarsamnings. Hefur Ísland þá gert tvísköttunarsamninga við 30 ríki en 22 þeirra eru nú þegar í gildi.
Markmið tvísköttunarsamninga er að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og undanskot frá skattlagningu. Með tvísköttun er átt við álagningu sambærilegra skatta í tveimur eða fleiri ríkjum á sama skattaðila og á sama skattstofn yfir sama tímabil. Samningarnir eru ekki sjálfstæð skattlagningarheimild heldur fer skattlagning eftir landsrétti hvers ríkis. Samningarnir geta því eingöngu verið ívilnandi fyrir skattþegnana.

Meginefni tvísköttunarsamninga snýr að skiptingu skattlagningarréttar á milli samningsríkjanna varðandi tilteknar tegundir tekna. Í því efni er yfirleitt um þrennt að ræða. Í fyrsta lagi að skattlagningarréttur sé falinn því ríki þar sem skattgreiðandi er heimilisfastur, þ.e. búseturíkinu. Í öðru lagi að skattlagningarrétturinn sé hjá því ríki þar sem teknanna er aflað eða þar sem hin skattskylda eign er staðsett, þ.e. í upprunaríkinu. Í þriðja lagi að skattlagningarrétti vegna tiltekinna tekna og eigna sé skipt á milli samningsríkjanna.

Þær tegundir tekna sem aðallega er fjallað um í tvísköttunarsamningum eru:
Tekjur af atvinnurekstri, þ.e. tekjur, sem verða til í öðru ríkinu og greiddar eru til aðila sem búsettur er í hinu ríkinu eru að meginstefnu til skattlagðar í búseturíkinu. Upprunaríkinu er þó heimilt að skattleggja hagnaðinn að því leyti sem hann má heimfæra til starfsemi fastrar atvinnustöðvar sem rekin er í því ríki. Við mat á því hvaða hagnaður telst tilheyra útibúi skal miða við þann hagnað, sem ætla má að útibúið hefði haft sem sjálfstæður, óháður aðili sem haft hefði með höndum sömu starfsemi. Með tekjum af atvinnurekstri er ekki átt við tekjur hlutafélaga eða annarra lögaðila sem skráð eru í öðru ríkinu en eru í eigu aðila í hinu ríkinu.

Arður, vextir og þóknanir eiga það sameiginlegt að vera tekjur af eignum eða réttindum í atvinnurekstri. Meginreglan er sú að tekjur þessar séu skattlagðar í því ríki þar sem móttakandi þeirra er heimilisfastur en frá þeirri reglu eru margvísleg frávik.

Söluhagnaður af eignum er yfirleitt skattlagður í því landi þar sem eigandinn er heimilisfastur. Frá því eru þó veigamiklar undantekningar. T.d. má skattleggja hagnað af sölu fasteigna í því landi þar sem eignin er. Sama gildir um söluhagnað af sölu lausafjár sem verið hefur hluti af eignum fastrar atvinnustöðvar fyrirtækis í hinu ríkinu.

Almennar launatekjur eru að meginstefnu skattlagðar í því ríki þar sem þeirra er aflað. Frá því eru þó ýmis frávik og skal t.d. einungis skattleggja launatekjur í búseturíkinu ef vinna launþegans í hinu ríkinu varir skemur en hálft ár eða ef launagreiðandinn er ekki heimilisfastur í ríkinu þar sem vinnan fer fram. Sama undantekning á við um laun fyrir setu í stjórn fyrirtækja og tekjur af sjálfstæðri starfsemi lista- og íþróttamanna.

Þegar samningaviðræðum ríkja um gerð tvísköttunarsamnings lýkur eru samningsdrög, sem oftast eru á ensku, áritað af formönnum samninganefnda. Að því loknu er samningarnir þýddir á þjóðtungur samningsríkjanna og að því loknu fer formleg undirritun samninganna fram. Tvísköttunarsamningar öðlast gildi að þjóðarrétti þegar samningarnir hafa verið fullgiltir af báðum samningsríkjum og samningsríkin hafa skipst á fullgildingarskjölum. Í hverjum samningi er samið um það tímamark þegar samningurinn skal koma til framkvæmda og er það oftast fyrsta dag næsta almanaksárs eftir að ríkin hafa skipst á fullgildingarskjölum. Hægt að nálgast upplýsingar yfir tvísköttunarsaminga og áritað samingsdrög hér.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,8	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	18,2	15,5
Tryggingagjöld	13,1	15,8
Eignarskattar	18	56,8
Veltuskattar	13	18,6
Tekjur alls	2,3	23,9

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	6,1	3,6
Félagsmál	13,2	6,9
Atvinnumál	6,8	1,0
Vaxtagjöld	-15,7	64,7
Önnur útgjöld	-2,5	14,3
Gjöld alls	8,4	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-júní		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.243	15.536
Hr. lánsfjárjöfnuður	-858	25.915
Afborgun lána	-28.604	-30.002
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.212	-5.988
Lántökur	34.780	9.579
Greiðsluafkoma	4.435	3.591

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - ágúst	3,7	3,7
Kjarnaverðb.1 - ágúst	3,0	4,1
Launavísitala - júlí	5,1	6,6
Heildarvelta jan. - apríl	11,3	7,1
Smá.velta jan.– apríl	5,4	6,9
Atvinnuleysi - júní	3,1	2,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

fjr.is
Vefrit fjármálaráðuneytisins

1. september 2005

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júlí 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 4,6 milljarða króna á tímabilinu, sem er 25,6 milljörðum króna betri útkoma heldur en áætlað var. Einnig er útkoman 20,6 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Milli ára hækka tekjurnar um 34,7 milljarða, á meðan að gjöldin hækka um 15,1 milljarð. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 15,8 milljarða króna miðað við 14,2 milljarða neikvæða stöðu í fyrra.

Þróun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Heildartekjur ríkissjóðs námu 185,1 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 34,7 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 23%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 166,5 milljörðum króna sem er hækkun upp á 18,7% frá sama tíma í fyrra, nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 3,8% á sama tímabili þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 14,4%.

Skattar á tekjur og hagnað námu ríflega 52,3 milljörðum króna á tímabilinu sem er 15,2% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 11,5% en tekjuskattur lögaðila drógst saman um 5,6%. Umtalsverð aukning varð hins vegar á tekjum af fjármagnstekjuskatti, eða um 54% sem jafngildir um 48,3% raunhækkun milli ára. Innheimta tryggingagjalda nam rúmlega 18,1 milljörðum króna sem er 11,9% aukning að raungildi frá fyrra ári en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði á sama tímabili um 6,6%. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 44% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda enda hefur velta á fasteignamarkaði verið umtalsverð á árinu. Aðrar rekstrartekjur námu 18,1 milljörðum króna og jukust um 8,1 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum og sektargreiðslum olíufélaganna.

Veltuskattar ríkissjóðs jukust einnig töluvert frá sama tíma fyrir ári, eða um 19,1% sem er 14,7% aukning að raungildi. Þróun almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu og þá sérstaklega þróun virðisaukaskattsins en hann hefur aukist um 22,5% frá fyrra ári sem gefur vísbendingu um að lítið lát virðist vera á almennri eftirspurn. Jafnframt skiluðu vörugjöld af ökutækjum mun meiri tekjum inn en í fyrra, eða um 76,5% en á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur innflutningur bifreiða aukist um 61,5% frá fyrra ári.

Greidd gjöld námu 181 milljarði króna og hækka um 15,1 milljarð frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,7 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að vöxtum frátöldum hækka gjöldin um 6,1% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 116,6 milljarðar sem er 64%. Þar kemur fram 8,4 milljarða króna hækkun, eða 7,8%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 4,8 milljarða og 3,1 milljarða vegna fræðslumála. Hins vegar eru greiðslur til almannatrygginga því sem næst óbreyttar frá því í fyrra. Greiðslur annarra málaflokka, en félagsmála og vaxta, standa einnig því sem næst í stað milli ára, t.d lækka greiðslur til atvinnumála um 1,1% en hækkun almennra mála nemur 1,8%.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 33,3 milljörðum sem skiptast þannig að 19,3 milljarðar eru vegna afborgana erlendra langtímalána og 13,9 milljarðar vegna spariskírteina. Lántökur námu samtals 13,3 milljörðum króna, 9 milljarðar innanlands í formi ríkisvíxla og ríkisbréfa og 4,3 milljarðar í erlendum skammtímalánum. Þá voru 2,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 6,5 milljarða frá áramótum fram til júlíloka.

Endurskoðun reglna ESB um byggðastyrki

Á vettvangi ESB stendur yfir endurskoðun á leiðbeinandi reglum um byggðastyrki. Hefur sú endurskoðun áhrif á Ísland þar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tekur upp leiðbeinandi reglur ESB og yfirfærir á EFTA ríkin þannig að sömu reglur gildi á evrópska efnahagssvæðinu. Byggðastyrkir eru veittir á grundvelli byggðakorta sem samþykkt hafa verið af framkvæmdastjórn ESB eða Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í tilfelli EFTA ríkjanna. Þau byggðakort sem samþykkt hafa verið renna út í lok árs 2006 og þarf því endurskoðuninni að vera lokið fyrir þann tíma.

Endurskoðunin tekur mið af almennri stefnumörkun nýrrar framkvæmdastjórnar ESB á sviði ríkisaðstoðar, samanber svokallað Lissabon ferli, þess efnis að dregið verði úr ríkisaðstoð, hún verði markvissari og beinist fremur að nýsköpun, smærri fyrirtækjum o.s.frv. Um þetta var fjallað í vefritinu þann 10. mars sl. Stækkun ESB úr 15 í 25 aðildarríki hefur áhrif á viðmið við veitingu byggðastyrkja þar sem í mörgum tilfellum er miðað við hlutfall af landsframleiðslu á evrópska efnahagssvæðinu í heild. Landamæri byggðakortsins færast því til ef svo má segja og fyrirséð er að erfiðara verður fyrir ríki á borð við Frakkland og Þýskaland að veita byggðastyrki, a.m.k. til stærri fyrirtækja.

Í fyrirliggjandi drögum framkvæmdastjórnar ESB að nýjum leiðbeinandi reglum er áfram tekið sérstakt tillit til hinna strjálbýlu landsvæða í Evrópu (sbr. Svíþjóð, Finnland og Noregur). Samkvæmt fyrirliggjandi drögum verður áfram heimilt að veita skilgreinda fjárfestingarstyrki á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES samningsins til landsvæða sem teljist strjálbýl ("*low population density areas*"), þ.e. þar sem íbúafjöldi er minni en 12,5 á hvern km^2. Núgildandi byggðarkort fyrir Ísland, sem ESA samþykkti í ágúst 2001 og gildir til ársloka 2006, er grundvallað á þeirri reglu.

Námsviðurkenning fjármálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að veita tvær viðurkenningar, að fjárhæð 250 þúsund krónur hvora, fyrir meistarprófsritgerð í hagfræði eða viðskiptafræði við innlendar eða erlendar menntastofnanir. Viðurkenningarnar eru fyrir verkefni sem unnin eru á skólaárinu 2004/2005. Skilyrði fyrir námsviðurkenningu er að viðfangsefnið sé á sviði efnahags- og ríkisfjármála enda markmiðið að efla sérstaklega fræðilegar athuganir á þessu sviði.

Frekari upplýsingar um þessar viðurkenningar, auk umsóknareyðublaða, er að finna á vef ráðuneytisins. Umsóknum skal skilað til efnahagsskrifstofu ráðuneytisins fyrir 3. október nk.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	12,7	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	11,7	15,2
Tryggingagjöld	10,5	16,2
Eignarskattar	18,4	49,8
Veltuskattar	13,7	19,1
Tekjur alls	2,0	23,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	5,9	1,8
Félagsmál	15,6	7,8
Atvinnumál	4,9	-1,1
Vaxtagjöld	-13,5	58,0
Önnur útgjöld	-1,4	13,7
Gjöld alls	10,0	9,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-16.005	4.596
Hr. lánsfjárjöfnuður	-14.165	15.802
Afborgun lána	-29.142	-33.343
Br. lánsfjárjöfnuður	-47.683	-19.790
Lántökur	39.386	13.305
Greiðsluafkoma	-8.296	-6.486

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - ágúst	3,7	3,7
Kjarnaverðb.1 - ágúst	3,0	4,1
Launavísitala - júlí	5,1	6,6
Heildarvelta jan. - apríl	11,3	7,1
Smá.velta jan.– apríl	5,4	6,9
Atvinnuleysi - júlí	3,0	2,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Innflutningur í ágúst

Samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts nam vöruinnflutningur í ágústmánuði tæpum 26 milljörðum króna, án skipa og flugvéla. Ef þessar tölur reynast réttar er þetta annar mesti innflutningsmánuður ársins á eftir júnímánuði. Að raungildi er innflutningurinn 37% meiri en í ágústmánuði í fyrra og ef þriggja mánaða meðaltal er borið saman milli ára er um þriðjungs aukningu að ræða.

Mikill innflutningur í ágústmánuði samanborið við ágúst í fyrra skýrist að stærstum hluta af því að verðmæti innfluttrar fjarfestingarvöru nær tvöfaldaðist milli áranna. Einnig jóks innflutningur á hrá- og rekstrarvörum og ökutækjum. Aftur á móti var minna flutt inn af eldsneyti og olíum í ágúst í ár en í fyrra.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum hefur verðmæti innflutnings fyrstu átta mánuði ársins 2005 aukist um fimmtung frá sama tímabili í fyrra sem samsvarar um 30 milljörðum króna. Nær allir liðir innflutnings vaxa, mismikið þó. Eins og oft hefur komið fram er meginskýringin innflutningur fjárfestingarvöru og ökutækja til einkanota sem skýrir samtals um helming aukningarinnar milli ára. Meiri innflutningur hrá- og rekstrarvöru skýrir einnig dágóðan hlut. Innflutningur vöru sem tengja má einkaneyslu vex einnig mikið, einkum í magni en minna í verðmætum þar sem verð hefur lækkað m.a. vegna hás gengis. Þannig hefur innflutningur svokallaðra varanlegra neysluvöru, sem telur t.d. heimilistæki, aukist um tæpa 2 milljarða króna eða 30%.

Heildarinnflutningur fyrstu átta mánuði ársins er samkvæmt þessu kominn í tæpa 190 milljarða króna. Hlutdeild hrá- og rekstrarvöru af heildarinnflutningi og hlutur fjárfestingarvöru (án flutningatækja) nemur tæplega fjórðungi hvor liður. Innflutningur fólksbifreiða og flutningatækja til atvinnureksrar (ekki skip og flugvélar) nemur um 17% af vöruinnflutningi þessa mánuði. Þá er hlutur annarar vöru sem tengja má einkaneyslu eins og heimilistæki, fatnaður, lyf og tóbak ríflega 15%.

Vöruskiptajöfnuður var neikvæður um 47,5 milljarða króna fyrstu sjö mánuði ársins en var á sama tíma í fyrra óhagstæður um tæplega 21 milljarð króna. Verðmæti útflutnings fyrstu sjö mánuði árins minnkaði um 4 milljarða króna sem skrifast á hátt gengi krónunnar. Á föstu gengi jókst útflutningurinn um tæp 6%. Útflutningur í júlímánuði var með minnsta móti, 9% minni en í júlí í fyrra á föstu gengi sem skýrist einkum af minni sjávarafurðaútflutningi. Útflutningur sjávarafurða í ágústmánuði er oft tiltölulega lítill borið saman við aðra mánuði ársins en ágúst er síðasti mánuður fiskveiðiársins og kvótastaða orðin lítil í mörgum tegundum. Ef fer sem horfir með innflutning í ágústmánuði, að hann nemi um 26 milljörðum króna og ef útflutningur nemur tæplega milljarði meiri en í júlí má gera ráð fyrir að vöruskiptahalli ágústmánuðar verði nokkru meiri en í júlí og verði jafnvel yfir 11 milljarðar króna. Þá yrði halli á vöruskiptajöfnuði ársins orðinn neikvæður um 59 milljarða króna. Að öðru óbreyttu virðist stefna í aðeins meiri viðskiptahalla á árinu en gert var ráð fyrir í aprílspá ráðuneytisins. Þá var áætlað að viðskiptahallinn yrði 116,3 milljarðar króna, eða 12,1% af landsframleiðslu.

Hlutfall verðtryggðra ríkisverðbréfa fer lækkandi

Í löndum með þróaðan fjármagnsmarkað eru ríkisverðbréf grunnur fyrir verðmyndun annarra skuldabréfa þar sem um áhættulaus skuldabréf er að ræða. Um árabil hafa spariskírteini og ríkisbréf myndað grunn langtímavaxta hér á landi og ríkisvíxlar grunn skammtímavaxta. Fyrir um 5 árum var ákveðið að hætta, a.m.k. að sinni, útgáfu verðtryggðra skuldabréfa (spariskírteina) en efla þess í stað útgáfu óverðtryggðra skuldabréfa (ríkisbréfa). Vöntun var á slíkum ríkistryggðum bréfum hérlendis. Þá hefur góð afkoma ríkissjóðs dregið úr þörf á því að halda úti útgáfu tveggja mismunandi forma skuldabréfa, jafnframt því sem Íbúðalánasjóður gefur út verðtryggð bréf sem nú njóta sama lánshæfismats og ríkissjóður.

Markflokkum spariskírteina hefur fækkað jafnt og þétt og er nú aðeins einn flokkur útistandandi og er hann á gjalddaga 2015. Uppreiknað verð hans er nú um 24 milljarðar króna. Markflokkar ríkisbréfa eru hins vegar þrír; með gjalddaga 2007, 2010 og 2013 og er uppreiknað verð þeirra um 64 milljarðar króna. Flokkur RB07 var fyrst gefinn út árið 2001 til 6 ára en ári síðar var RB13 gefinn út með gjalddaga eftir 11 ár og hafði ekki áður verið gefinn út óverðtryggður flokkur ríkisbréfa til svo langs tíma. Flokkur RB10 var gefinn út árið 2004 til 6 ára og styrkti útgáfa hans enn frekar við myndun vaxtaferils óverðtryggðra bréfa á innlendum markaði.

Hlutfall óverðtryggðra ríkisbréfa af sameiginlegri útistandandi stöðu spariskírteina og ríkisbréfa hefur aukist úr því að vera 14% í lok árs 2000 í að verða um 71% í árslok 2005. Sjá má þróunina í meðfylgjandi mynd.

Þróun hlutdeildar verðtryggðra spariskírteina og óverðtryggðra ríkisbréfa



Þá gefur ríkissjóður út ríkisvíxla til 3ja og 3½ mánaða og er miðað við að útistandandi stofn nemi að jafnaði 18 milljörðum króna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	12,7	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	11,7	15,2
Tryggingagjöld	10,5	16,2
Eignarskattar	18,4	49,8
Veltuskattar	13,7	19,1
Tekjur alls	2,0	23,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	5,9	1,8
Félagsmál	15,6	7,8
Atvinnumál	4,9	-1,1
Vaxtagjöld	-13,5	58,0
Önnur útgjöld	-1,4	13,7
Gjöld alls	10,0	9,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-16.005	4.596
Hr. lánsfjárjöfnuður	-14.165	15.802
Afborgun lána	-29.142	-33.343
Br. lánsfjárjöfnuður	-47.683	-19.790
Lántökur	39.386	13.305
Greiðsluafkoma	-8.296	-6.486

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - ágúst	3,7	3,7
Kjarnaverðb.1 - ágúst	3,0	4,1
Launavísitala - júlí	5,1	6,6
Heildarvelta jan. - apríl	11,3	7,1
Smá.velta jan.– apríl	5,4	6,9
Atvinnuleysi - júlí	3,0	2,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Mikil aukning í ráðstöfunartekjum heimilanna

Ráðstöfunartekjur heimilanna eru aðallega mældar á tvennan hátt. Annars vegar eru þær reiknaðar eftir aðferðum þjóðhagsreikninga og hins vegar í þrengri skilningi skattgagna um framtalsskyldar tekjur.

Í þjóðhagsreikningum eru ráðstöfunartekjur reiknaðar með því að draga frá tekjum skatta og eignaútgjöld (t.d. vexti vegna íbúðakaupa). Þá eru tryggingabætur taldar til tekna í þjóðhagsreikningum en þær eru ekki taldar fram til skatts. Fjármálaráðuneytið hefur undanfarin ár metið ráðstöfunartekjur heimilanna á þjóðhagsreikningagrunni jafnframt því sem það hefur reiknað út ráðstöfunartekjur í skilgreiningu framtalsskyldra tekna. Síðarnefnda aðferðin byggir á aðgengilegri tölum og er auðveldara að nálgast stöðu mála á hverjum tíma.

Báðar þessar mælingar hafa verið nokkuð líkar undanfarin ár, þrátt fyrir að þær mæli ekki nákvæmlega sama hlutinn, m.a. vegna vaxtaútgjalda heimilanna. Þá er samkvæmt aðferð þjóðhagsreikninga deilt í heildartekjur með íbúafjölda en í seinni skilgreiningunni með fjölda framteljenda. Kaupmáttarbreytingin á ráðstöfunartekjum er síðan munurinn á þróun teknanna annars vegar og vísitölu neysluverðs hins vegar. Myndin sýnir breytingar milli ára á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann.

Vöxtur kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári



Í niðursveiflunni árið 2002 var engin kaupmáttaraukning samkvæmt skilgreiningu þjóðhagsreikninga en 2% aukning samkvæmt þrengri skilgreiningunni. Í síðara tilfellinu leiddi samspil skattkerfisins og hagsveiflunnar til þess að skatttekjur drógust meira saman að raungildi en tekjustofninn. Árið 2003 varð mikil aukning, yfir 5% í báðum mælingunum vegna meiri tekna og fjölgun starfa. Í fyrra hélt aukning ráðstöfunarteknanna áfram og var yfir 3% samkvæmt þjóðhagsreikningaaðferð og yfir 4% samkvæmt þrengri skilgreiningunni. Í ár er gert ráð fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist álíka mikið og í fyrra þrátt fyrir meiri verðbólgu.

Nánar verður gerð grein fyrir mati ráðuneytisins á þróun kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann í nýrri þjóðhagsáætlun sem birt verður um leið og fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár verður lagt fram í byrjun næsta mánaðar.

Innleiðing breytts launakerfis hjá stofnunum ríkisins

Í kjarasamningum þeim sem samninganefnd ríkisins gerði í byrjun þessa árs eru nokkur mikilvæg nýmæli. Segja má að gerðar hafi verið tvær útfærslur. Annarsvegar sú útfærsla sem kennd er við Bandalag háskólamanna og hinsvegar sú sem kennd er við Starfsmannafélag ríkisstofnana. Sameiginlegt er með báðum þessum leiðum að ný launatafla tekur gildi 1. maí á næsta ári, en að auki gerir BHM-útfærslan ráð fyrir sameiginlegri aðkomu stéttarfélaga að röðun starfa á stofnunum í stað hvers stéttarfélags fyrir sig.

Það var samdóma álit samningsaðila að þessar breytingar kalli á viðamikla fræðslu, m.a. vegna þess að samningarnir fela í sér ákvæði um nýja stofnanasamninga (samninga um röðun starfa á hverri stofnun fyrir sig) frá sama tíma og breytingin tekur gildi. Einnig vegna krafna um starfslýsingar byggðum á starfaflokkun en þær skulu lagðar til grundvallar launasetningu einstakra starfa. Stefnt skal að því að sameiginleg fræðsla samningsaðila vegna innleiðingar breytta launakerfisins hefjist í byrjun september en fræðslunni skal vera lokið fyrir 1. nóvember nk.

Sameiginlegur undirbúningur bandalaganna og fjármálaráðuneytis að þessu verkefni hófst á því að öll bandalögin féllust á að starfa í einum hópi með fulltrúum ráðuneytisins að verkefninu. Ákveðið var að kanna meðal nokkurra stofnana hvaða áherslur teldust nauðsynlegastar í fræðslu sem og ráðgjöf, miðað við stöðu mála hjá viðkomandi stofnun. Niðurstöður þeirrar könnunar liggja nú fyrir og er verið að vinna við að skipuleggja einstaka þætti fræðslustarfsins út frá þeim. Markhópar fræðslunnar verða fulltrúar í samstarfsnefndum, bæði fulltrúar frá stofnunum og starfsmönnum stofnana.

Að lokinni þessari sameiginlegu fræðslu fer af stað vinna við aðlögun núgildandi röðunar starfa að hinni nýju launatöflu. Er sú vinna í höndum samstarfsnefnda viðkomandi stéttarfélaga/starfsmanna annars vegar og forsvarsmanna stofnana hins vegar. Til að tryggja örugga framkvæmd þessa verkefnis verður komið á fót sérstöku tímabundnu ráðgjafateymi í þeim tilgangi að styðja samstarfsnefndir og stofnanir eins og kostur er til að stuðla að öruggri framkvæmd nýs samnings. Skal þeirri vinnu vera lokið fyrir 1. maí 2006.

Breytingar í forstöðumannahóp ríkisins

Töluverðar skipulagsbreytingar hafa átt sér stað á síðustu misserum þar sem stofnanir hafa ýmist verið sameinaðar, lagðar niður, eða nýjar settar á laggirnar. Þetta hefur haft áhrif á forstöðumannahóp ríkisins. Taflan hér að neðan gefur upplýsingar um fjölda og kynjaskiptingu forstöðumanna í september 2005:

Ráðuneyti	Karlar	Konur	Samtals
Forsætisráðuneytið	2	3	5
Menntamálaráðuneytið	35	19	54
Utanríkisráðuneytið	4	-	4
Landbúnaðarráðuneytið	10	-	10
Sjávarútvegsráðuneytið	5	1	6
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	33	10	43
Félagsmálaráðuneytið	8	6	14
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	25	8	33
Fjármálaráðuneytið	20	1	21
Samgönguráðuneytið	8	1	9
Iðnaðarráðuneytið	7	1	8
Viðskiptaráðuneytið	4	-	4
Hagstofa Íslands	1	-	1
Umhverfisráðuneytið	10	-	10
Samtals	**172**	**50**	**222**
Kynjaskipting	**77%**	**23%**	**100%**

Eins og sjá má eru forstöðumenn nú 222 talsins. Þetta er fækkun um 3 forstöðumenn frá febrúar 2004. Á þessu tímabili hefur körlum í stöðu forstöðumanns fækkað um 3 en fjöldi kvenna í stöðu forstöðumanns hefur staðið í stað. Hlutfall kvenna hefur því aukist um eitt prósentustig, eða frá 22% í 23%.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	12,7	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	11,7	15,2
Tryggingagjöld	10,5	16,2
Eignarskattar	18,4	49,8
Veltuskattar	13,7	19,1
Tekjur alls	2,0	23,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	5,9	1,8
Félagsmál	15,6	7,8
Atvinnumál	4,9	-1,1
Vaxtagjöld	-13,5	58,0
Önnur útgjöld	-1,4	13,7
Gjöld alls	10,0	9,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-16.005	4.596
Hr. lánsfjárjöfnuður	-14.165	15.802
Afborgun lána	-29.142	-33.343
Br. lánsfjárjöfnuður	-47.683	-19.790
Lántökur	39.386	13.305
Greiðsluafkoma	-8.296	-6.486

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - september	3,4	4,8
Kjarnaverðb.1 - september	2,8	4,8
Launavísitala - júlí	5,1	6,6
Heildarvelta janúar - júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar– júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - ágúst	2,9	1,8

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Ríkisstyrkjamál fyrir EFTA dómstólnum

Í gær fór fram málflutningur fyrir EFTA dómstólnum í máli er Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafði höfðað á hendur íslenskum stjórnvöldum fyrir þær sakir að íslensk stjórnvöld hafi ekki framfylgt ákvörðun ESA í tengslum við lög nr. 31/1999 um alþjóðleg viðskiptafélög.

Málið á rætur að rekja til þess að þann 25. febrúar 2004 komst ESA að þeirri niðurstöðu að þau frávik frá almennum skattareglum sem um alþjóðleg viðskiptafélög giltu hér á landi, samkvæmt ákvæðum laga nr. 31/1999 og nr. 29/1999, fælu í sér ríkisstyrk til nefndra félaga sem ekki samræmdist reglum EES-samningsins. Helstu röksemdir ESA voru þær að hinn ólögmæti ríkisstyrkur fælist í lægri tekjuskatti alþjóðlegra viðskiptafélaga samanborið við önnur félög (5% á móti 30% og síðar 18%) og undanþágu frá greiðslu eignarskatts (sem nú hefur verið afnuminn). Í ákvörðun ESA var jafnframt kveðið á um að íslenska ríkið yrði að endurkrefja þessi fyrirtæki um hinn meinta ríkisstyrk. Féllst ESA ekki á sjónarmið íslenskra stjórnvalda um réttlætingu mismunarins o.fl. auk þess sem ESA taldi það ekki skipta máli að lögin um alþjóðleg viðskiptafélög hefðu verið afnumin með lögum nr. 133/2003 og skattafrávikin með lögum nr. 143/2003, en í þeim lögum er sólarlagsákvæði þessi efnis að þau félög sem hlotið höfðu starfsleyfi fyrir 1. mars 2004 megi starfa áfram til 1. janúar 2008.

Í framhaldi af ákvörðun ESA áttu sér stað bréfaskipti og fundir milli stofnunarinnar og íslenskra stjórnvalda um hvernig hægt væri að framfylgja ákvörðun stofnunarinnar en enduðu þau samskipti með því að ESA höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu fyrir EFTA dómstólnum á þeim grundvelli að íslenska ríkið hafi ekki framfylgt ákvörðun stofnunarinnar frá 25. febrúar 2004 og þar með ekki uppfyllt samningsskuldbindingar Íslands að EES samningnum.

Í greinargerð íslenskra stjórnvalda fyrir EFTA dómstólnum var m.a. bent á alvarlega galla í málsmeðferð ESA, að ESA hafi að hluta til farið út fyrir valdsvið sitt, að krafan um endurgreiðslu væri andstæð dómafordæmum frá Evrópudómstólnum og gengi gegn lögmálinu um lögmætar væntingar og að íslensk stjórnvöld hefðu í raun og veru þegar verið búin að framfylgja ákvörðun ESA þar sem talnalegar upplýsingar sýndu fram á að ekki var um neina ríkisaðstoð að ræða á grundvelli ofangreindra laga sem félli innan gildissviðs EES samningsins.

Dómsniðurstöðu er að vænta fyrir lok ársins.

Einkaframkvæmd

Ein þeirra leiða sem hið opinbera getur farið þegar ákveðið hefur verið að það veiti tiltekna þjónustu eða leysi tiltekið verkefni er að bjóða það út á markaði á grundvelli einkaframkvæmdar í stað þess að sjá sjálft um framkvæmd þess. Hugmyndin að baki einkaframkvæmd er m.a. fólgin í því að nýta kosti samkeppni á sviðum sem oft hafa verið einokuð af ríkinu með það að markmiði að sú leið skili betri þjónustu, fjölbreytni, nýjungum og sparnaði. Jafnframt hefur þetta í för með sér að ýmis áhætta og óvissa af veitingu þjónustunnar eða rekstri verkefnisins er flutt frá hinum opinbera aðila yfir til sérhæfðs framkvæmdar- og rekstaraðila gegn sanngjarnri greiðslu.

Á undanförnum áratug hafa nokkur slík verkefni á vegum ríkisins litið dagsins ljós og heppnast vel. Meðal slíkra verkefna má t.d. nefna hönnun, framkvæmd og rekstur Hvalfjarðarganga, byggingu og rekstur hjúkrunarheimilisins í Sóltúni og byggingu og rekstur iðnskólans í Hafnarfirði.

Þegar ríki og borg tóku á sínum tíma ákvörðun um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík var snemma ákveðið að leið einkaframkvæmdar yrði farin við lausn verkefnisins. Ástæðan var sú, auk þess sem segir hér, að framan að mikilvægt var talið að rekstur slíkrar byggingar yrði ekki einungis borinn uppi af opinberum aðilum og opinberum viðburðum heldur væri eðlilegt að kostir einkaframkvæmdar yrðu notaðir til að glæða húsið lífi með hvers kyns tónleika- og ráðstefnuhaldi auk annarra uppákoma. Auk þess sem talið var að umrædd leið yrði til þess að tryggja að betur yrði hugað að rekstrarþáttum við endanlega útfærslu byggingarinnar var talið mikilvægt að þessi mikla fjárfesting yrði frá upphafi hönnuð og byggð með ýtrustu hagkvæmni að leiðarljósi.

Á undirbúningsstigi verkefnisins var farin sú leið að skilgreindar voru nákvæmlega þær kröfur sem ríki og borg gerðu til hússins sjálfs og þeirrar listrænu starfsemi sem þar ætti að fara fram. Í stað hinnar hefðbundnu leiðar að óska eftir fjárhagslegum tilboðum frá einkaframkvæmdaraðilum í að leysa þarfirnar var ákveðið að reikna út og festa niður árlegt framlag sem ríki og borg væru reiðubúin að leggja til lausnar verkefnisins á samningstímanum. Jafnframt var ákveðið vegna flækjustigs verkefnisins að útboðið yrði ekki í formi hefðbundins útboðs heldur yrði það tiltekið form af samningskaupum. Slíkt útboðsform heimilar viðræður við bjóðendur sem miða að því að bjóðendur geti eftir ákveðnu ferli endurbætt tilboð sín í samræmi við viðbrögð og óskir verkkaupa á útboðstímanum auk þess sem verkkaupa er heimilt að fækka bjóðendum eftir því sem líður á ferlið.

Í útboðinu var óskað eftir aðilum sem væru reiðubúnir til að fjármagna, hanna, byggja, reka og eiga tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð sem uppfyllti hinar skilgreindu þarfir gegn hinu fasta árlega framlagi til næstu 35 ára. Þar sem framlagið hafði verið fest niður fólst samkeppni bjóðenda einungis í því að endurbæta og auka við gæði framboðinnar lausnar á útboðstímanum án umframkostnaðar fyrir verkkaupa. Að lokum stóð einn aðili, Portus Group, uppi sem sigurvegari og mun sá aðili ef að líkum lætur hanna, byggja og reka glæsilegt tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við höfnina í Reykjavík.

Leitað í smiðju til Íslendinga

Nú í vikunni kom einn af æðstu stjórnendum fjármálaráðuneytisins í Svartfjallalandi hingað til lands til þess að kynna sér stjórn efnahags- og ríkisfjármála hér á landi. Svartfjallaland er í ríkjasambandi við Serbíu og eru íbúar Svartfjallalands um 650 þúsund talsins. Ríkin eru nánast að öllu leyti aðskilin og eru þau t.d. með sitt hvorn gjaldmiðilinn. Líkur eru taldar á að Serbía og Svartfjallaland muni skilja að skiptum innan tíðar, jafnvel á næsta ári. Svartfellingar leggja nú mikla áherslu á að styrkja innviði samfélagsins. Vatnsorka er helsti orkugjafi landsins. Í landinu eru nokkrar álverksmiðjur og stendur álútflutningur að baki stórum hluta útflutningstekna. Á síðustu árum hafa stjórnvöld gert átak í markaðsvæðingu. Einkavæðing álfyrirtækja er hafin og framundan er einkavæðing á fjarskiptamarkaði.

Efnahagsþróun á Íslandi hefur vakið athygli stjórnvalda í Svartfjallalandi og hefur fjármálaráðherra landsins lýst áhuga á að fjármálaráðuneytið hér á landi miðli Svartfellingum af reynslu sinni og þekkingu á stjórnun ríkisfjármála. Í nýafstaðinni heimsókn var m.a. rætt um efnahagsmál almennt, opinber útgjöld, fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, skattamál og framsetningu ríkis- og þjóðhagsreikninga.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	12,7	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	11,7	15,2
Tryggingagjöld	10,5	16,2
Eignarskattar	18,4	49,8
Veltuskattar	13,7	19,1
Tekjur alls	2,0	23,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	5,9	1,8
Félagsmál	15,6	7,8
Atvinnumál	4,9	-1,1
Vaxtagjöld	-13,5	58,0
Önnur útgjöld	-1,4	13,7
Gjöld alls	10,0	9,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí

M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-16.005	4.596
Hr. lánsfjárjöfnuður	-14.165	15.802
Afborgun lána	-29.142	-33.343
Br. lánsfjárjöfnuður	-47.683	-19.790
Lántökur	39.386	13.305
Greiðsluafkoma	-8.296	-6.486

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - september	3,4	4,8
Kjarnaverðb.1 - september	2,8	4,8
Launavísitala - ágúst	5,2	6,7
Heildarvelta janúar - júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar– júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - ágúst	2,9	1,8

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Þjóðarbúskapurinn í fimmtíu ár

Þjóðhagsskýrsla fjármálaráðuneytisins, **Þjóðarbúskapurinn,** verður gefin út mánudaginn 3. október 2005. Í því samhengi má geta þess að þjóðhagsskýrsla með þessu nafni skipar veglegan sess í opinberri þjóðhagskýrslugerð á Íslandi. Framkvæmdabanki Íslands hóf að gefa út skýrsluna **Úr þjóðarbúskapnum** árið 1955 og stóð **sú** útgáfa fram til ársins 1966. Árið 1972 hóf hagrannsóknardeild Framkvæmdastofnunar ríkisins að gefa út ritið **Þjóðarbúskapurinn** og varði sú útgáfa til ársins 1974, þar til Þjóðhagsstofnun var sett á laggirnar og tók við útgáfu þess. Jafnframt gaf stofnunin út ritröðina **Úr þjóðarbúskapnum** sem hafði að geyma greinar um efnahagsmál. Útgáfa þessara rita stóð til ársins 2001, þegar efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins tók við þjóðhagsstarfsemi Þjóðhagsstofnunar. Hið nýja hefti af ritinu **Þjóðarbúskapurinn** markar því að hálf öld er liðin frá því að þjóðhagsskýrsla með þessu nafni var fyrst gefin út.

Upphaf íslenskrar þjóðhagsskýrslugerðar er líklega **Skýrsla um Landshagi** sem Jón Sigurðsson ritstýrði árin 1858 til 1875 og Hið íslenska bókmenntafélag í Kaupmannahöfn gaf út. Þær skýrslur höfðu að geyma margvíslegar tölulegar upplýsingar um land og þjóð, en sérstaða þeirra fólst í skrifum Jóns um landsins gagn og nauðsynjar. Hagskýrslugerð Íslendinga á sér mun lengri sögu. Til dæmis er vitað að Gissur Ísleifsson, biskup á Skálholti, lét skrá bændur á landinu árið 1100. Aðrar hagskýrslur voru einnig skráðar fyrr á öldum, en margar þeirra munu glataðar. Árin 1896 til 1907 var gefin út **Landshagsskýrsla** sem hafði að geyma margvíslegar hagtölur. Frá 1914 hefur Hagstofa Íslands séð um opinbera hagskýrslugerð.

Munurinn á hagskýrslu- og þjóðhagsskýrslugerð felst í því að hagsskýrslur hafa að geyma upplýsingar um flesta þætti efnahagslífsins og skipa skilgreiningar og mælingaaðferðir hagtalna þar höfuðhlutverki. Í þjóðhagsskýrslum er birt greining á þróun efnahagslífisins á grundvelli hagtalna og hagfræðikenninga. Þjóðhagsskýrslugerðin miðast við að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði hagstjórnar og byggir sú vinna á greiningu og kerfisbundinni meðferð haggagna í þjóðhagslíkani þar sem spáð er fyrir um líklega framvindu efnahagslífsins, einnig á grundvelli aðgerða í hagstjórn. Í þjóðhagsskýrslugerð nútímans er að finna tvær megináherslur almennrar hagstjórnar, sem hvorutveggja hafa áhrif á efnahagslífið, en það eru fjármál ríkissjóðs og peningamál seðlabanka. Nútíma þjóðhagsskýrslur fjalla einnig um langtímaáhrif skipulagsbreytinga á hagvöxt. Í nýju hefti af ritinu **Þjóðarbúskapurinn** greinir fjármálaráðuneytið frá þjóðhagsspá fyrir árin 2005 til 2010. Þar er einnig fjallað um m.a. svigrúm ríkisfjármála í hagsveiflunni.

Á þessum tímamótum þykir viðeigandi að þjóðhagsskýrslan **Þjóðarbúskapurinn** sé gefin út í nýjum búningi á prenti og vef ráðuneytisins.

Afkoma ríkissjóðs 2004

Afkoma með og án tilfallandi liða. Ríkissjóður var rekinn með tveggja milljarða króna afgangi á síðasta ári samkvæmt niðurstöðutölum ríkisreiknings fyrir árið 2004 samanborið við 6,1 milljarðs króna halla árið áður. Þegar afkoman er skoðuð án tilfallandi liða eins og eignasölu, lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna er afgangur um 23 milljarðar á meðan halli ársins á undan nam rúmum 1 milljarði króna á sama grunni. Ástæða þess að greint er á milli þessara tveggja afkomuskilgreininga er að þessir liðir valda miklum sveiflum í afkomu ríkissjóðs án þess að vera tengdir venjubundnum rekstri eða beinum útgjaldaákvörðunum. Stærstu frávikin koma fram á tveimur liðum. Annars vegar eru tekjur af sölu eigna sem í uppgjöri ársins voru óverulegar samanborið við 11 milljarða tekjur árið á undan. Hins vegar er gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga sem erfitt getur verið að áætla fyrirfram. Sú tala ræðst annars vegar af launahækkunum viðmiðunarstétta sjóðfélaga og hins vegar af breyttum tryggingafræðilegum forsendum eins á við í ár þar sem skuldbindingar hækka um 8 milljarða vegna breyttra forsenda um lífslíkur. Fjármálráðherra tók fyrir nokkrum árum ákvörðun um að hefja greiðslur sérstakra innborgana til lífeyrissjóðanna til að þeir væru betur í stakk búnir til að takast á við framtíðarskuldbindingar sínar og koma í veg fyrir að fari eins og á horfði að eignir sjóðanna yrðu uppurnar eftir tíu ár og greiðslur lífeyris falli með fullum þunga á ríkissjóð. Uppsöfnuð staða þessara sérstöku innborgana nam í árslok 2004 tæplega 80 milljörðum með vöxtum og verðbótum og er nú svo komið að ávöxtun innborgana er farin að vega upp á móti kostnaði sjóðsins af almennum réttindaávinningi og dregur jafnframt úr þeim sveiflum sem verða á afkomu ríkissjóðs þeirra vegna

Lánsfjárjöfnuður. Rekstur ríkissjóðs skilaði 11 milljarða króna lánsfjárafgangi umfram 9,6 milljarða fyrirframgreiðslur til lífeyrissjóða ríkisstarfmanna. Ríkissjóður nýtti lánsfjárafgang ársins til að greiða niður langtímaskuldir og var staða tekinna lána ríkissjóðs 253 milljarðar króna í lok árs samanborið við 277 milljarða árið á undan. Hlutfall lána af landsframleiðslu var 28,6%, lækkaði um 5,6 prósentustig á árinu. Sambærileg tala í lok árs 1999 var 41,2%.

Tekjur ríkissjóðs. Tekjur ársins urðu 302 milljarður króna en það er 34,2% af landsframleiðslu samanborið við 33,8% árið á undan. Tekjur af sköttum á sölu vöru og þjónustu eru um 131 milljarður króna eða nær helmingur heildartekna. Tekjuaukningin endurspeglar góða afkomu þjóðarbúsins og aukinn kaupmátt.

Gjöld ríkissjóðs. Gjöld ársins voru 300 milljarðar króna en það er 33,9% af landsframleiðslu samanborið við 34,6% árið 2003. Heilbrigðismál, almannatryggingar og velferðarmál eru sem fyrr stærsti útgjaldaliður ríkisins og var 142 milljörðum króna varið til þeirra og fellur tæplega helmingur útgjalda ríkisins til þessara málaflokka. Þá voru vaxtagjöld 14,2 milljarðar og lækka um 7,2% frá fyrra ári. Hlutdeild vaxtagjalda af útgjöldum ríkisins nam á síðasta ári 4,7% samanborið við 7,7% árið 1999 og hefur hlutdeild þeirra því lækkað um 3 prósentustig á síðustu fimm árum, en það jafngildir um 9 milljarða króna lækkun vaxtagjalda á ári.

Sjá nánar fréttatilkynningu nr. 14/2005.

Aflagðir skattar

Óháð mismundandi afstöðu stjórnmálaflokka á hverjum tíma til umfangs opinbers rekstrar er ljóst að kostnaður við starfsemi hins opinbera er fyrst og fremst borinn uppi af skatttekjum. Samkvæmt samræmdri alþjóðlegri framsetningu eru meginflokkar skatttekna:

1. Skattar á tekjur og hagnað
2. Tryggingagjöld
3. Skattar á launagreiðslur og vinnuafl
4. Eignarskattar
5. Skattar á vörur og þjónustu
6. Aðrir skattar

Skilningur á hagrænum áhrifum bæði einstakra skatta og skatthlutfalla hefur farið vaxandi og hefur það víða leitt til kerfisbreytinga. Í þessu sambandi má rifja upp að frá árinu 1991 hafa ákvarðanir verið teknar um afnám allmargra skatta hér á landi. Meðal þessara skatta eru :

- Aðstöðugjald (veltuskattur á fyrirtæki)
- Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði
- Sérstakur tekjuskattur (hátekjuskattur)
- Sérstakur eignarskattur
- Eignarskattur

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	12,7	18,7
Skattar á tekjur og hagnað	11,7	15,2
Tryggingagjöld	10,5	16,2
Eignarskattar	18,4	49,8
Veltuskattar	13,7	19,1
Tekjur alls	2,0	23,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	5,9	1,8
Félagsmál	15,6	7,8
Atvinnumál	4,9	-1,1
Vaxtagjöld	-13,5	58,0
Önnur útgjöld	-1,4	13,7
Gjöld alls	10,0	9,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí

M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-16.005	4.596
Hr. lánsfjárjöfnuður	-14.165	15.802
Afborgun lána	-29.142	-33.343
Br. lánsfjárjöfnuður	-47.683	-19.790
Lántökur	39.386	13.305
Greiðsluafkoma	-8.296	-6.486

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - september	3,4	4,8
Kjarnaverðb.1 - september	2,8	4,8
Launavísitala - ágúst	5,2	6,7
Heildarvelta janúar - júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar– júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - ágúst	2,9	1,8

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

fjr.is
Vefrit fjármálaráðuneytisins

6. október 2005

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 16,3 milljarða króna á tímabilinu, sem er 33,5 milljörðum króna betri útkoma heldur en áætlað var. Einnig er útkoman 23,1 milljarði betri en á sama tíma í fyrra. Milli ára hækka tekjurnar um 38,3 milljarða, á meðan að gjöldin hækka um 14,4 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 27,6 milljarða króna miðað við 1,1 milljarðs jákvæða stöðu í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 219,3 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 38,3 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 21%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 200,6 milljörðum króna sem er hækkun upp á 18,5% frá sama tíma í fyrra og er það nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 3,8% þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 14,2%.

Skattar á tekjur og hagnað námu ríflega 61,6 milljörðum króna á tímabilinu sem er 15,5% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10,4% en tekjuskattur lögaðila um 10,9 %. Umtalsverð aukning varð á tekjum af fjármagnstekjuskatti, eða um 45% sem jafngildir um 40% raunhækkun milli ára. Innheimta tryggingagjalda á tímabilinu nam rúmlega 21,1 milljörðum króna sem er 16,6% hækkun frá fyrra ári. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,6% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 45% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda enda hefur velta á fasteignamarkaði verið umtalsverð á árinu. Aðrar rekstrartekjur námu 18,1 milljörðum króna og jukust um 6,6 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum og sektargreiðslum olíufélaganna.

Þróun almennra veltuskatta og þá sérstaklega virðisaukaskattsins gefur nokkuð góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hækka almennir veltuskattar um 18,4% sem er 14,1% aukning að raungildi. Þar munar mestu um 21,1% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá fyrra ári sem gefur vísbendingu um að lítið lát virðist vera á almennri eftirspurn. Jafnframt skiluðu vörugjöld af ökutækjum mun meiri tekjum inn en í fyrra, eða um 71,6% en á fyrstu átta mánuðum ársins hefur innflutningur bifreiða aukist um 62,6% frá fyrra ári.

Greidd gjöld námu 203,8 milljörðum króna og hækka um 14,4 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,4 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að vöxtum frátöldum hækka gjöldin um 9 milljarða eða 5% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 131,6 milljarðar sem er um 65%. Þar kemur fram 8,2 milljarða króna hækkun, eða 6,7%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 3,9 milljarða og 2,8 milljarða vegna fræðslumála. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar mun minna, eða um 1,1 milljarð frá því í fyrra. Hækkun annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála, sm skyrist af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

Svigrúm ríkisfjármála í hagsveiflu

Í nýju hefti ritsins Þjóðarbúskapurinn er fjallað um svigrúm ríkisfjármála í hagsveiflunni í sérstakri rammagrein. Vegna mikilla stóriðjufjárfestinga hefur eftirspurnarþrýstingur í efnahagslífinu aukist tímabundið. Til að koma í veg fyrir ofþenslu hafa stjórnvöld lagt fram aðhaldsöm frumvörp til fjárlaga fyrir árin 2004–2006. Seðlabankinn hefur einnig hækkað stýrivexti umtalsvert til að spyrna gegn verðbólgu. Tekjuafgangur af rekstri ríkissjóðs hefur aukist mikið og nær hámarki í ár. Þrátt fyrir þennan góða árangur má oft heyra að ekki sé nóg að gert í ríkisfjármálum. Í rammagreininni er fjallað um hvað ætla megi að hægt sé að krefjast mikils aðhalds í ríkisfjármálum.

Vegna mikilla stóriðjufjárfestinga, sem auka landsframleiðslu á komandi árum, hefur eftirspurnarþrýstingur í efnahagslífinu aukist tímabundið. Markmið hagstjórnarinnar er að draga úr þenslu í hagkerfinu og koma þannig í veg fyrir að verðbólgan fari úr böndum. Seðlabankinn hefur því hækkað stýrivexti úr 5,3% í maí 2004 í 10,25% í október 2005 og útilokar ekki frekari vaxtahækkanir. Stjórnvöld hafa aukið aðhald í ríkisfjármálum og er áætlað að afgangur ríkissjóðs verði 2,8% af landsframleiðslu árið 2005 samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli. Frá árinu 2003 til ársins 2005 er búist við að tekjuafkoman batni um tæplega 5% af landsframleiðslu, sem er með besta árangri í ríkisfjármálum OECD ríkja á þessu tímabili. Gert er ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs nemi um 1% af landsframleiðslu árið 2006. Andvirði af sölu Landssímans hf. er ekki með í þessum afkomutölum ríkissjóðs, en reikna má með að ráðstöfun söluandvirðisins vegna uppgreiðslu lána og bindingu muni hafa áhrif til að draga úr eftirspurnarþrýstingi í efnhagslífinu.

Auk aðhaldsemi í rekstri ríkissjóðs árin 2004–2006 hefur ríkisstjórnin lagt fram langtímaáætlun í ríkisfjármálum þar sem gert er ráð fyrir frestun opinberra framkvæmda árin 2004-2006. Þessar framkvæmdir hefjast síðan þegar dregur úr stóriðjuframkvæmdum árin 2007 og 2008. Í langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar er einnig gert ráð fyrir að vöxtur samneyslunnar verði ekki umfram 2% og að vöxtur tilfærslna verði ekki umfram 2,5% á ári. Jafnframt var ákveðið að lækka tekjuskatt einstaklinga árin 2005 til 2007 til að þeir njóti ávinnings af bættri stöðu ríkissjóðs.

Í nýlegri skýrslu OECD voru birtar niðurstöður af rannsókn á því að hve miklu leyti hægt er að beita ríkisfjármálum gegn ofhitnun í litlum, opnum hagkerfum á evru-svæðinu. Meginniðurstaða þeirrar rannsóknar var að:

i) sjálfvirk sveiflujöfnun hjálpar aðeins að litlu leyti við að milda áhrif eftirspurnaráfalla,

ii) margfeldisáhrif ríkisfjármála eru takmörkuð í litlum, opnum hagkerfum. Til að draga úr hagsveiflum þarf því stórar sveiflur,

iii) miklar sveiflur í útgjöldum eða tekjum samræmast ekki stöðugleika ríkisfjármála.

Í framangreindri rannsókn voru annars vegar skoðuð þau markaðsskilyrði sem vinna gegn ofhitnun hagkerfisins og hins vegar hinir sjálfvirku sveiflujöfnunarþættir ríkisfjármála. Rökræðan byggir á því að markaðsöflin í litlum, opnum hagkerfum eigi auðveldar með að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum séu rétt markaðsskilyrði fyrir hendi. Þannig er talið að markaðsskilyrði eins og öflug samkeppni og öflugur viðskiptasamruni milli landa, sveigjanlegur vinnumarkaður og launaviðmið milli stærri svæða vinni gegn ójafnvægi í hagkerfinu, en að virk beiting ríkisfjármála til skamms tíma skekki markaðsmyndina, skapi óvissu og skerði trúverðugleika ríkisfjármálanna til lengri tíma. Auk áhrifa af sjálfvirkri hagsveiflujöfnun er líklega farsælla að setja ríkisfjármálunum langtímamarkmið og láta markaðsöflum um hagsveiflujöfnun til skemmri tíma litið.

Innflutningur í september

Vöruinnflutningur í september nam tæpum 27 milljörðum króna án skipa og flugvéla samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts. Þessar tölur benda til þess að septembermánuður verði með mestu innflutningsmánuðum sem af er ári, en á fyrstu átta mánuðum ársins var innflutningur mestur í júní, 26,2 milljarðar króna (án skipa og flugvéla). Meginskýring aukins innflutnings í september frá ágústmánuði samkvæmt þessum tölum er meiri innflutningur á eldsneyti og olíu sem eykst um 3 milljarða milli mánaðanna. Ef þriggja mánaða meðaltal er borið saman milli ára vex innflutningurinn um tæp 40% frá sama tímabili í fyrra.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,3	18,5
Skattar á tekjur og hagnað	20,5	15,5
Tryggingagjöld	10,3	16,6
Eignarskattar	18,3	50,3
Veltuskattar	13,6	18,4
Tekjur alls	6,1	21,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	8,7	2,4
Félagsmál	9,8	6,7
Atvinnumál	5,9	-3,4
Vaxtagjöld	-13,5	52,9
Önnur útgjöld	-0,4	15,0
Gjöld alls	7,0	7,6

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-6.761	16.298
Hr. lánsfjárjöfnuður	1.068	27.558
Afborgun lána	-29.593	-33.363
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.525	-8.406
Lántökur	40.177	15.832
Greiðsluafkoma	6.652	7.426

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - september	3,4	4,8
Kjarnaverðb.1 - september	2,8	4,8
Launavísitala - ágúst	5,2	6,7
Heildarvelta janúar - júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar– júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - ágúst	2,9	1,8

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Skattbyrði á Íslandi og í OECD ríkjunum

OECD hefur nýverið birt tölur um skattbyrði hins opinbera (ríkissjóðs og sveitarfélaga) í einstökum OECD ríkjum. Þar kemur fram að hlutfallið á Íslandi fyrir árið 2004 er 41,9% af landsframleiðslu, sem er nokkuð hátt og hafði hlutfallið hækkað um 3 prósentustig af landsframleiðslu frá árinu 2002. Þegar miðað er við nýjar tölur Hagstofu Íslands um landsframleiðslu lækkar hlutfallið um 1,7 prósentustig árið 2004, í 40,2% af landsframleiðslu. Til samanburðar má geta þess að meðaltal þeirra nítján Evrópuríkja sem OECD birtir tölur fyrir voru skattatekjur hins opinbera 39,8% af landsframleiðslu það ár. Á hinum Norðurlöndunum var hlutfallið mun hærra, eða 47,4% af landsframleiðslu. Með þeim skattalækkunum sem koma til framkvæmda árin 2005 til 2007 er gert ráð fyrir að hlutfall skattatekna hins opinbera á Íslandi lækki í 37,3% af landsframleiðslu árið 2007.

Þróun skattatekna á Íslandi
Hlutfall af VLF



Eins og sést á myndinni hefur hlutfall skattatekna á Íslandi hækkað í uppsveiflunni og er það vegna áhrifa hagsveiflunnar á skattatekjur. Breytingin kemur að mestu fram í skattatekjum ríkissjóðs, en skattatekjuhlutfall sveitarfélaganna hefur haldist nokkuð stöðugt. Í því samhengi má benda á að aðhaldsstig ríkisfjármála hefur aukist að miklu leiti vegna þess að verulega hefur verið dregið úr vexti útgjalda ríkissjóðs undanfarin ár.

Framlög vegna sóknargjalda

Skv. lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., skal ríkissjóður greiða mánaðarlega framlag til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands. Framlagið reiknast þannig að fyrir hvern einstakling 16 ára eða eldri greiðist ákveðin upphæð sem árið 2005 er um 662 kr. Í lögunum er einnig kveðið á um að sú fjárhæð hækki árlega í samræmi við þá hækkun sem kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á milli næstliðinna tekjuára. Að auki ber að greiða í Jöfnunarsjóð sókna framlag sem nemur 18,5% af framlaginu til þjóðkirkjusafnaðanna og sem nemur 11,3% til Kirkjumálasjóðs. Þessi lögboðnu framlög eru því þannig úr garði gerð að þau aukast frá einu ári til annars bæði vegna fólksfjölgunar, en hún hefur yfirleitt verið á bilinu 1–1,5% síðustu árin, og vegna hækkana á tekjuskattsstofni einstaklinga sem leiða af launabreytingum á almennum vinnumarkaði, en þær hafa verið á bilinu 5–9% undanfarin ár. Sem dæmi má taka að árið 2005 er hækkunin á framlögunum að samanlögðu 8,7% frá fyrra ári. Þessar forsendur fyrir sóknargjöldunum hafa verið með sama hætti um langt árabil en eiga sér ekki hliðstæðu í rekstrarframlögum til annarra aðila í fjárlögum nema helst til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áður voru framlög til reksturs kirkjugarða ákveðin á sama grundvelli með lögum. Þau lagaákvæði voru felld úr gildi í byrjun þessa árs og gerði ríkið nýtt samkomulag við kirkjugarðaráð um að fjárveitingarnar verði framvegis ákveðnar með fremur einföldu reiknilíkani.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006 kemur fram að útgjöld ríkissjóðs vegna sóknargjalda verða alls nærri 2,4 milljarðar krónar og aukast um 45% á tímabilinu 1996–2006 á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs. Er það heldur meiri raunhækkun en verið hefur í ýmsum almennum stjórnsýslu-rekstri ríkisins á borð við t.d. skattstofur.

Stofnkostnaður ríkissjóðs og hagvaxtarþróun

Í fjárlagafrumvarpi 2006 er gert ráð fyrir að stofnkostnaður ríkissjóðs verði 13,2 milljarðar króna sem er 5 milljarða króna lækkun frá áætlun 2005. Stofnkostnaður ríkissjóðs eru beinar fjárfestingar ríkisins, aðallega til vegagerðar og bygginga, en einnig fjármagnstilfærslur til t.d. hafnarframkvæmda. Á árunum 2000 að frumvarpi 2006 hefur stofnakostnaður verið að meðaltali 17,3 milljarðar á ári og mest 19,6 milljarðar árið 2003. Á sama tímabili hefur árlegur hagvöxtur verið að meðaltali 3,8%. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir áframhaldandi miklum hagvexti árið 2006 eða 4,6% en í ár er áætlað að hagvöxtur verði 6,0%. Þetta endurspeglast í lágu atvinnuleysi sem er áætlað að verði 2,2% árið 2005 og einungis 1,8% árið 2006.

Stofnkostnaður ríkissjóðs og hagvöxtur



Á myndinni hér fyrir ofan sýnir græna línan þróun hagvaxtar á Íslandi og súlurnar stofnkostnað ríkissjóðs í milljörðum króna. Á áranum 2004-2006 dregur heldur úr stofnkostnaði þegar hagvöxtur er í hámarki. Stofnkostnaður verður í lágmarki árið 2006 í samræmi við áframhaldandi aðhald í fjárlagafrumvarpinu. Í spá fjármálaruðuneytisins er gert ráð fyrir því að hagvöxtur verði minni á áranum 2007-2009 þegar stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi lýkur. Til mótvægis við minni framkvæmdir einkaaðila er gert ráð fyrir að stofnkostnaður ríkissjóðs aukist um 9,6 milljarða árið 2007 og áfram um 5,7 milljarða árið 2008. Í langtímaáætlun verður því stofnkostnaðurinn 22,8 milljarðar árið 2007, 28,5 milljarðar árið 2008 og 25 milljarðar árið 2009. Þannig mun stofnkostnaður ríkissjóðs þróast öfugt við hagsveifluna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,3	18,5
Skattar á tekjur og hagnað	20,5	15,5
Tryggingagjöld	10,3	16,6
Eignarskattar	18,3	50,3
Veltuskattar	13,6	18,4
Tekjur alls	6,1	21,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	8,7	2,4
Félagsmál	9,8	6,7
Atvinnumál	5,9	-3,4
Vaxtagjöld	-13,5	52,9
Önnur útgjöld	-0,4	15,0
Gjöld alls	7,0	7,6

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
M. kr.	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-6.761	16.298
Hr. lánsfjárjöfnuður	1.068	27.558
Afborgun lána	-29.593	-33.363
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.525	-8.406
Lántökur	40.177	15.832
Greiðsluafkoma	6.652	7.426

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - október	3,7	4,6
Kjaranaverðb.1 - október	3,1	4,8
Launavísitala - ágúst	5,2	6,7
Heildarvelta janúar - júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar– júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - ágúst	2,9	1,8

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Afkoma ríkissjóðs og aðhald í ríkisfjármálum

Árlega kemur upp umræða þar sem tekjuafkoma fjárlaga er borin saman við niðurstöðutölu ríkisreiknings og dregnar af slíkum samanburði ályktanir um áhrif ríkisfjármála á efnahagslífið. Mikilvægt er í slíkri umfjöllun að gerð sé grein fyrir hvaða gjöld og tekjur hafa raunveruleg áhrif á árinu sem til umræðu er og hvað eru reiknaðar stærðir sem eiga rætur að rekja til fyrri ára eða koma til greiðslu í framtíðinni. Ef borin er saman niðurstaða fjárlaga og ríkisreiknings fyrir árið 1998 til 2004, eða frá því að ný reikningsskil tóku gildi, mætti að óathuguðu máli ætla að aðhald ríkisfjármálanna hafi orðið mun minna en að var stefnt. Ef betur er að gáð kemur í ljós að þvert á móti hefur afkoman verið betri en áætlað var í fjárlögum þessara ára. Við mat á efnahagslegum áhrifum er nauðsynlegt að taka tillit til óreglulegra gjalda sem eru áætluð vegna fyrri ára eða eru vegna breytinga á skuldbindingum í framtíðinni svo sem lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna og óreglulegra tekna sem eru samkvæmt reikningsskilum ríkisins einkum mismunur á söluandvirði eigna og bókfærðu verði þeirra. Ef það er gert fæst að tekjuafkoma ríkisins án óreglulegra liða varð rúmum 17 milljörðum króna betri á tímabilinu en stefnt var að í fjárlögum á þessu tímabili.

Við mat á áhrifum ríkisfjármálana á efnahagslífið er ekki stuðst við framsetningu ríkisfjármála eins og hún birtist í fjárlögum eða ríkisreikningi heldur við alþjóðlega reikningsskilastaðla þjóðhagsreikninga um opinber fjármál. Mikill munur er á þessum stöðlum og um ósambærilega hluti að ræða. Samkvæmt þjóðhagsstöðlum um opinber fjármál eru til dæmis reiknaðar lífeyrisskuldbindingar ekki færðar til gjalda heldur aðeins sú skuldbinding sem fellur til vegna launavinnu ársins sem um ræðir og söluhagnaður eigna er ekki færður um rekstrarreikning. Um mismun á reikningsskilum ríkissjóðs og á þjóðhagsstöðlum um opinber fjármál má lesa nánar í haustskýrslu fjármálaráðuneytisins 2005, Þjóðarbúskapurinn.

Samkvæmt stöðlum þjóðhagsreikninga hefur verið samfelldur tekjuafgangur á ríkisjóði frá árinu 1997 ef frá eru talin árin 2002 og 2003, en árið 2002 dróst landsframleiðsla saman. Áætlað er að tekjuafgangur árið 2004 hafi verið 1% af landsframleiðslu og verði 2,8% á þessu ári og hefur aðhald ríkisfjármálanna því aukist verulega. Önnur leið til að skoða aðhald ríkisfjármála er að líta á lánsfjárjöfnuð ríkissjóðs sem sýnir áhrif allra fjármunahreyfinga og hvað er til ráðstöfunar til greiðslu skulda. Þannig kemur inn í lánsfjárjöfnuðinn hverju regluleg starfsemi ríkisins er að skila, fjármunahreyfingar, það er veitt lán og innheimtar afborganir af veittum lánum, auk söluandvirðis eigna. Áætlað er að lánsfjárjöfnuður í ár verði um 98 milljarðar króna og er honum að stærstum hluta varið til greiðslu erlendra skulda eða hann lagður inn hjá Seðlabanka Íslands. Þannig er áformað að greiða niður lán um tæplega 58 milljarða og leggja rúmlega 36 milljarða króna til Seðlabankans. Þessu fé er þannig haldið utan hagkerfisins en það nemur 30% af heildarskatttekjum ríkissjóðs á árinu.

Hvert er hlutfall útlendinga á Íslandi?

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að fólki af erlendu bergi brotið hefur fjölgað mjög á Íslandi á undanförnum áratugum. Heyrst hefur að hlutfall útlendinga á Íslandi sé orðið jafnhátt eða hærra en í nágrannalöndunum. Í þessu sambandi er mikilvægt að notast við sem sambærilegastar skilgreiningar á því hverjir eru útlendingar og hverjir ekki. Í árslok 2003 bjuggu 290.570 manns á Íslandi. Þar af voru íslenskir ríkisborgarar 280.390 en erlendir 10.180. Hlutfall erlendra ríkisborgara var því 3,5% af heildaríbúafjölda. Af heildaríbúafjöldanum voru hins vegar 19.530 fæddir erlendis, en þar af var meira en helmingur íslenskir ríkisborgarar. Í þeim hópi eru fjölmennastir þeir sem eiga íslenska foreldra en hafa fæðst erlendis vegna þess að foreldrarnir voru þar við nám eða störf. Hins vegar voru 775 einstaklingar með erlent ríkisfang fæddir hérlendis. Þetta eru 7,6% allra erlendra ríkisborgara. Sé tekið mið af því að á undanförnum 15 árum hafa rúmlega 4.000 erlendir ríkisborgarar fengið innlendan ríkisborgararétt má ætla að fólk af erlendum uppruna á Íslandi sé um 5% af íbúafjölda. Af þessu sést að ekki er auðvelt að skilgreina hverjir nákvæmlega það eru sem tilheyra þeim hópi sem eru oft nefndir útlendingar. Þá er ekki auðvelt að nálgast gögn sem byggja á sams konar skilgreiningum um þessi mál.

En hver svo sem skilgreiningin er þá er ósvarað þeirri spurningu hvort útlendingar séu hér fleiri eða færri hlutfallslega en í nágrannalöndunum. Í Svíþjóð, þar sem íbúar eru réttar 9 milljónir er 1,1 milljón manna fæddir erlendis eða rúmlega 12% af íbúafjöldanum, borið saman við 6,7% hér á landi. Hins vegar eru erlendir ríkisborgarar tæplega hálf milljón, sem er 5,3% af mannfjöldanum. Þetta stafar af því að á undanförnum áratugum hefur mikill fjöldi fólks flutt til Svíþjóðar, bæði vegna atvinnu en ekki síður sem flóttamenn. Margir þeirra eru nú orðnir sænskir ríkisborgarar og eru því ekki lengur taldir útlendingar í hagtölum. Þetta fólk á síðan afkomendur, sem eru bæði fæddir í Svíþjóð og hafa sænskan ríkisborgararétt. Hér á landi fengu um 7% erlendra ríkisborgara innlendan ríkisborgararétt í fyrra sem er álíka hátt hlutfall og í Svíþjóð.

Í Danmörku eru um 270.000 manns innflytjendur og afkomendur þeirra sem hafa ekki ríkisborgararétt, eða um 4,9% íbúa. Til samanburðar eru um 190.000 manns innflytjendur eða afkomendur þeirra sem hafa öðlast ríkisborgararétt , eða 3,5% íbúa. Samtals eru því íbúar í Danmörku af erlendu bergi brotnir um 8,4% af íbúafjöldanum.

Í báðum löndunum sem hér hafa verið notuð til samanburðar jókst hlutfall útlendinga af íbúafjölda fyrr en gerðist hér á landi og því er stór hluti innflytjenda kominn með innlent ríkisfang. Danir flokka fólk af erlendum uppruna í innflytjendur annars vegar og afkomendur þeirra hins vegar til að geta fylgst með því hvernig þeim vegnar í aðlögun sinni að menningu og efnahagslífi landsins.

Af ofangreindu má ályktа að þrátt fyrir að fólki af erlendum uppruna hafi fjölgað hér á landi á undanförnum árum er hlutfall þeirra ennþá töluvert lægra hér en í þessum nágrannalöndum. Þá eru vísbendingar um að munur sé á þátttöku erlendra ríkisborgara í atvinnulífinu hér og í þessum löndum, sem er mikilvæg forsenda þess að hinir aðkomnu aðlagist því samfélagi sem þeir hafa kosið að flytjast til. Reynsla hinna þjóðanna bendir til að til viðbótar við efnahagslega aðlögun sé mikilvægt að stuðla að því að hinir aðfluttu, og ekki síður afkomendur þeirra, taki sem ríkastan þátt í sínu nýja samfélagi.

Áhrif öldrunar samfélagsins á opinbera þjónustu

Á vegum mannauðsnefndar OECD (Human Resources Working Party) fara nú fram umræður um áhrif fyrirsjáanlegrar öldrunar í samfélaginu á komandi áratugum og áhrif þeirrar þróunar á þjónustu hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) og til hvaða viðbragða þurfi að grípa. Meðal þess sem rætt er um er aukin áhersla á mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera. Nauðsynlegt verði að beina vinnuafli í þá geira þar sem eftirspurn eftir þjónustu mun aukast, s.s. í umönnun aldraða og úr greinum þar sem líklega mun draga úr eftirspurn eftir þjónustu t.d. vegna umönnunar og menntunar barna. Slík þróun kallar á breyttar áherslur í menntun starfsmanna og mun áherslan á símenntun og endurþjálfun fullorðinna líklega aukast í þessu samhengi. Einnig er rætt um þörf þess að endurskoða núverandi verkaskiptingu á milli hins opinbera- og einkamarkaðar varðandi með hvaða hætti og hvar þeirri þjónustu er sinnt. Á nýlegum vinnufundi mannauðsnefndar OECD var megináhersla umræðanna á að til viðbótar við þá áskorun sem fylgir öldrun í samfélaginu í heild þurfi hið opinbera að takast á við hækkandi meðalaldur eigin starfsmanna. Ljóst sé að mikil fjöldi reynslumikilla starfsmanna hins opinbera koma til með að fara á eftirlaun á komandi árum og áratugum. Við það skapast ýmis vandamál sem þarf að bregðast við en um leið myndast við það tækifæri sem þarf að nýta.

Áhrif öldrunar, bæði í samfélaginu í heild og innan opinbera geirans, koma seinna fram á Íslandi en t.d. hjá hinum Evrópuþjóðunum, m.a. vegna aldursamsetningar þjóðarinnar, sem er hlutfallslega yngri en í mörgum nágrannalöndum. Þessi staðreynd gefur Íslandi tækifæri og svigrúm til að fylgjast með og læra af reynslu annarra þjóða og á vettvangi OECD verður fylgst vel með framhaldi þessara umræðna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,3	18,5
Skattar á tekjur og hagnað	20,5	15,5
Tryggingagjöld	10,3	16,6
Eignarskattar	18,3	50,3
Veltuskattar	13,6	18,4
Tekjur alls	6,1	21,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	8,7	2,4
Félagsmál	9,8	6,7
Atvinnumál	5,9	-3,4
Vaxtagjöld	-13,5	52,9
Önnur útgjöld	-0,4	15,0
Gjöld alls	7,0	7,6

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-6.761	16.298
Hr. lánsfjárjöfnuður	1.068	27.558
Afborgun lána	-29.593	-33.363
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.525	-8.406
Lántökur	40.177	15.832
Greiðsluafkoma	6.652	7.426

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - október	3,7	4,6
Kjarnaverðb. 1 - október	3,1	4,8
Launavísitala - ágúst	5,2	6,7
Heildarvelta janúar-júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar-júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - september	2,6	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Efnahagshorfur á Norðurlöndum

Framvinda efnahagsmála á Norðurlöndum hefur að undanförnu einkennst af hagvexti sem er nálægt jafnvægisvexti, minnkandi atvinnuleysi, lágri verðbólgu og afgangi opinberra fjármála. Þannig er reiknað með að hagvöxtur verði hæstur á Íslandi um 6% en lægstur í Finnlandi eða rúmlega 2% árið 2005. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hagvöxturinn verði að meðaltali svipaður og í ár á Norðurlöndum eða tæplega 3% og Ísland verður áfram í fararbroddi með 4,6%. Þessar hagvaxtarhorfur á Norðurlöndum eru hærri en meðaltal hagvaxtar á Evrusvæðinu þar sem reiknað er með hann verði undir 2% í ár og á næsta ári. Þessar upplýsingar ásamt öðrum má sjá í nýútkominni skýrslu norrænu efnahagsnefndarinnar, *Ekonomiska utsikter i Norden 2006* sem lögð var fram á nýafstöðnum fundi norrænu fjármálaráðherranna í Reykjavík.

Lykiltölur hagstærða á Norðurlöndum 2003-2006

	2003	2004	2005	2006	2003	2004	2005	2006
	Hagvöxtur, %				Verðbólga, %			
Danmörk	0,8	2,0	2,4	2,4	2,1	1,2	1,7	2,1
Finnland	2,4	3,6	2,1	3,2	0,9	0,2	1,0	1,3
Ísland	3,6	6,2	6,0	4,6	2,1	3,2	3,9	3,8
Noregur	0,7	3,5	3,7	2,4	2,5	0,4	1,5	1,8
Svíþjóð	1,5	3,6	2,4	3,1	1,9	0,3	0,7	2,0
Norðurlönd	**1,3**	**3,0**	**2,8**	**2,8**	**2,0**	**0,7**	**1,2**	**2,1**
	Atvinnuleysi,%				Afkoma hins opinb., % VLF			
Danmörk	5,9	6,1	5,5	5,1	-0,2	1,1	2,5	1,9
Finnland	9,0	8,8	8,2	7,5	2,3	1,9	1,8	1,8
Ísland	3,4	3,1	2,2	1,8	–2,1	-0,1	2,4	1,0
Noregur	4,5	4,5	4,5	4,1	7,6	11,7	15,6	17,0
Svíþjóð	5,3	5,9	5,9	4,8	-0,1	1,0	1,4	0,7
Norðurlönd	**5,8**	**6,0**	**5,6**	**5,3**	**2,4**	**4,0**	**4,3**	**4,2**

Talið er að hagvöxtur á heimsvísu hafi verið um 5% árið 2004 sem er sá mesti síðastliðin 30 ár en hann var borinn uppi af miklum hagvexti í Bandaríkjunum, Kína og öðrum Asíuríkjum. Þessi jákvæða framvinda hefur aukið utanríkisverslun, sérstaklega útflutning flestra Norðurlandanna, sem hefur örvað fjárfestingu og neyslu heima fyrir. Þjóðhagslegur sparnaður verður áfram hár, þrátt fyrir vaxandi þjóðarútgjöld, sem endurspeglast í jákvæðum viðskiptajöfnuði að Íslandi undanskildu, en þar gætir áhrifa stóriðjuframkvæmda. Þrátt fyrir góðan hagvöxt hefur eftirspurn eftir vinnuafli látið á sér standa, nema á Íslandi, m.a. vegna kröftugs vaxtar á framleiðni vinnuafls. Því er við að bæta að atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla á Norðurlöndum hefur að meðaltali verið nokkuð lægra en á Evrusvæðinu og í aðildarríkjum OECD og reiknað er með að svo verið áfram á þessu og næsta ári.

Í hagstjórn leggja öll Norðurlöndin ríka áherslu á sjálfbæran hagvöxt, mikla atvinnuþátttöku ásamt stöðugleika í verðlagsmálum og aðhaldssemi í ríkisfjármálum. Verðbólga er mjög lítil á Norðurlöndunum nema á Íslandi, en þar búa tímabundnar aðstæður að baki. Að meðaltali er reiknað með að tekjuafgangur í opinberum rekstri Norðurlandanna verði um 4% af landsframleiðslu í ár og á næsta ári. Mestur er afgangurinn í Noregi vegna tekna ríkissjóðs af framleiðslu á olíu, 15,6% af landsframleiðslu í ár, en minnstur í Svíþjóð eða um 1,4% af landsframleiðslu. Á sama tíma er búist við að afgangurinn verði neikvæður um 3% að meðaltali á Evrusvæðinu.

Kjarasamningar – í átt til launajafnréttis

Í tilefni að þeirri jafnréttisumræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu síðustu daga, má geta þess að við kjarasamningsgerð ríkisins við stéttarfélög opinberra starfsmanna síðastliðinn vetur voru jafnréttismál mikið rædd. Í þeirri umræðu var lögð áhersla á að finna leiðir til að auka jafnrétti kynjanna í launamálum. Það er ljóst að erfitt er finna jafnréttismálum farveg í kjarasamningum, bæði þar sem jafnréttismál lúta mikið að afstöðu og hugarfari og svo vegna ýmissa tölfræðilegra erfiðleika við samanburð á störfum og launum. Um nokkur atriði var þó samið í síðustu kjarasamningslotu sem hafa að mati beggja samningsaðila veruleg bein og óbein áhrif á jafnrétti.

Veigamesta breytingin fólst í því að samið var um eina sameiginlega launatöflu fyrir 23 aðildarfélög BHM, KÍ og fleiri stéttarfélög háskólamenntaðra sem tekur gildi þann 1. maí 2006. Ein sameiginleg launatafla framkallar sjálfkrafa verulega jöfnun þar sem fyrri launatöflur einstakra stéttarfélaga voru mjög mismunandi. Því koma sum aðildarfélög til með að hækka hlutfallslega meira en önnur og eru það fyrst og fremst félög sem samið hafa um störf innan umönnunar- og heilbrigðisgeirans sem hafa hingað til talist til hefðbundinna kvennastarfa. Yfirfærslan í nýja launatöflu kallar jafnframt á endurskoðun núverandi skilgreininga á störfum og því var samið um að endurmetnar starfslýsingar verði lagðar til grundvallar launasetningunni og er það von samningsaðila að það leiði til gegnsærri og samanburðahæfari launasetningar sem auðveldi samanburð á störfum og launum til framtíðar.

Eins má nefna að í kjarasamningi SFR-stéttarfélags í almannaþjónustu var samið um sérstaka athugun á launamun kynjanna. Sú athugun á að byggja á sameiginlegri könnun samningsaðila sem framkvæmd var í október 2004 á meðallaunum karla og kvenna innan SFR. Skipaður hefur verið sérstakur vinnuhópur, með fulltrúum samningsaðila auk sérfræðings tilnefndum af Jafnréttisráði, sem á að skoða ástæður þessa launamunar og skila niðurstöðum fyrir 1. maí 2006. Jafnframt því á vinnuhópurinn að leggja fyrir samningsaðila tillögur til úrbóta.

Framsetning ríkisfjármála á þjóðhagsgrunni

Eins og fram kom í síðasta tölublaði vefritsins er ekki stuðst við framsetningu ríkisfjármála eins og hún birtist í fjárlögum eða ríkisreikningi við mat á áhrifum ríkisfjármálanna á efnahagslífið heldur við alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðla um opinber fjármál. Árið 2001 gaf Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem hefur verið leiðandi aðili við þróun staðla um opinber fjármál, út endurbættan staðal á þessu sviði, sem nefnist 'Government Finance Statistics Manual, 2001 (GFSM 2001). Þessi nýi staðall byggir í aðalatriðum á þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna frá 1993 en inniheldur endurbætur og nýjungar. Fljótlega eftir útkomu þessa nýja staðals, sem er á rekstrargrunni, kviknaði áhugi alþjóðasamfélagsins á að samræma alþjóðlega reikningsskilastaðla og þjóðhagsreikningastaðla á sviði opinberra fjármála. Sett var á stofn svokölluð TFHPSA nefnd (The Task Force on Harmonization of Public Sector Accounting) sem eftirtaldar alþjóðastofnanir eiga aðild að, Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF), Evrópski seðlabankinn (ECB), Hagstofa ESB (Eurostat), Alþjóðabankinn og Alþjóðasamtök endurskoðenda (IFAC), auk sérfræðinga frá ýmsum löndum á þessu sviði. Þessi nefnd hefur starfað síðan 2003 og mun ljúka störfum á fyrri hluta næsta árs og hefur á starfstíma sínum unnið marga áfangasigra í samræmingu á stöðlum á þessu sviði.

Hér á landi hefur verið fylgst með þessari framþróun og hefur Ríkisreikningsnefnd unnið að ýmsum endurbótum á framsetningu ríkisfjármálanna til samræmis við þær nýjungar sem fram hafa komið á síðustu árum, s.s. að nýrri tekjuflokkun ríkistekna, nýrri málaflokkasundurliðun ríkisútgjalda og nýrri hagrænni flokkun þeirra. Markmiðið hefur verið að framsetning ríkisfjármálanna verði með samræmdum hætti milli fjárlaga, ríkisreiknings og þjóðhagsuppgjörs, þannig að með auðveldum hætti megi lesa hvort tveggja efnahagsleg áhrifa ríkisfjármálanna og þær skuldbindingar ríkissjóðs sem verða til á rekstrartímabilinu.

Í fyrri hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir 2006 er kynnt til leiks samandregið rekstraryfirlit (tafla 12) byggt á nýjum staðli GFSM 2001 sem sýnir helstu tekju- og útgjaldapósta ríkisfjármálanna eftir hagrænu eðli. Að þessu yfirliti og öðrum tengdum verður unnið frekar á næstu misserum. Þá er hin nýja tekjuflokkun ríkistekna einnig kynnt í tekjukafla frumvarpsins fyrir 2006 en hún er einnig notuð í ríkisreikningi 2004 til að gefa yfirlit um tekjur ríkissjóðs á því ári.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,3	18,5
Skattar á tekjur og hagnað	20,5	15,5
Tryggingagjöld	10,3	16,6
Eignarskattar	18,3	50,3
Veltuskattar	13,6	18,4
Tekjur alls	6,1	21,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	8,7	2,4
Félagsmál	9,8	6,7
Atvinnumál	5,9	-3,4
Vaxtagjöld	-13,5	52,9
Önnur útgjöld	-0,4	15,0
Gjöld alls	7,0	7,6

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-6.761	16.298
Hr. lánsfjárjöfnuður	1.068	27.558
Afborgun lána	-29.593	-33.363
Br. lánsfjárjöfnuður	-33.525	-8.406
Lántökur	40.177	15.832
Greiðsluafkoma	6.652	7.426

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - október	3,7	4,6
Kjarnaverðb. 1- október	3,1	4,8
Launavísitala - september	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar-júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - september	2,6	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins:

3. nóvember 2005

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 14,6 milljarða króna á tímabilinu, sem er 42,1 milljarði betri útkoma heldur en áætlað var. Útkoman er 25 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 59,7 milljarða króna miðað við 2,4 milljarða neikvæða stöðu í fyrra. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 45,2 milljarða. Þar munar mestu um 66 milljarða sölu Landssímans, en á móti vegur að 32 milljarðar af söluandvirðinu eru ávaxtaðar hjá Seðlabanka Íslands samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 305,4 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 104,2 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 51,8%. Þar af skýrir söluhagnaður og fjármagnstekjuskattur Landssíma Íslands hf. um 62,4 milljarða af hækkuninni. Skatttekjur ríkissjóðs námu um 228,4 milljörðum króna og hækkuðu um 22% frá fyrra ári og er það nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 3,9% þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 17,4%.

Skattar á tekjur og hagnað námu ríflega 74,7 milljörðum króna á tímabilinu sem er 23,9% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10,2% en tekjuskattur lögaðila um 9,4%. Innheimta tekna af fjármagnstekjuskatti var ríflega 17,7 milljarðar og jókst um 107,3% frá fyrra ári en um þriðjung hennar má skýra með fjármagntekjuskatti af söluandvirði Landssímans. Innheimta tryggingagjalda á tímabilinu nam rúmlega 23,7 milljörðum króna sem er 16,4% hækkun frá fyrra ári. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,6% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 39,4% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu 19,5 milljörðum króna og jukust um 5,9 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum hf og sektargreiðslum olíufélaganna.

Samanlagt jókst innheimta almennra veltuskatta ríkissjóðs um 20,2% frá fyrra ári eða sem nemur um 15,7% að raungildi. Þar munar mestu um 22,3% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti sem jafngildir 17,7% raunhækkun. Þessi þróun gefur vísbendingu um að lítið lát virðist vera á almennri eftirspurn. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að töluverð aukning varð í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um 71,9%. Sú aukning stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða en nýskráning bifreiða hefur á fyrstu níu mánuðum ársins aukist um 61,5% frá sama tímabili í fyrra.

Greidd gjöld námu 233,6 milljörðum króna og hækka um 20,7 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 milljarðar af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans og 5 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 10,1 milljarða eða 4,7% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 147 milljarðar sem er ⅔ af heildargjöldunum. Þar kemur fram 8,8 milljarða króna hækkun, eða 6%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 3,4 milljarða og 3,1 milljarð vegna fræðslumála. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar minna, eða um 1,7 milljarða frá því í fyrra. Hækkun annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála um 1 milljarð, sem skýrist einkum af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 47,9 milljörðum og skiptast þannig að 33,9 milljarðar eru vegna afborgana erlendra lána og 13,9 milljarðar vegna spariskírteina. Lántökur námu 11,7 milljörðum króna og eru í formi ríkisvíxla og ríkisbréfa. Lántökur lækka samtals um 30 milljarða króna milli ára. Þá voru 3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs hækkaði um 20,6 milljarða frá áramótum fram til septemberloka.

Álagning skatta á lögaðila hækkar verulega milli ára

Nú í vikunni var birt álagning skattstjóra á lögaðila en hún byggir á upplýsingum um reksturinn eins og hann var árið 2004 og efnahag í lok þess árs. Álagning ríkisins á lögaðila nam alls 53,6 milljörðum króna og hefur hækkað um réttan fjórðung milli ára.

Mestu munar um verulega hækkun tekjuskatts lögaðila sem nemur 23,8 milljörðum króna og hefur vaxið um 75% frá fyrra ári, eða um rétta 10 milljarða króna. Hann greiða 13.200 gjaldendur og fjölgaði þeim um 16% frá fyrra ári. Áætlanir skattstjóra vegna slakra framtalsskila eru hins vegar mjög miklar eins og undanfarin ár - ívíð betri þó en í fyrra- eða um og yfir fjórðungur lögaðila á skrá. Um það bil 6 milljarðar af heildarálagningu tekjuskatts nú eru áætlanir samanborið við 4 milljarða á síðasta ári, eða um helmingshækkun. Þrátt fyrir það er hlutfall þeirra af heildarálagningu tekjuskatts heldur lægra í ár en undanfarin fjögur ár. Skýringin er sú að álagning tekjuskatts án áætlana nær tvöfaldast milli ára, eða úr 9,5 milljörðum í um 18 milljarða króna. Þessi mikla aukning endurspeglar fyrst og fremst það efnahagsástand sem ríkti á árinu 2004 með hagvexti yfir 6%, en tekjuskattur lögaðila er mjög næmur fyrir stöðu efnahagslífsins á hverju tíma; rís hátt þegar vel árar en fellur á hinn bóginn hratt í niðursveiflunni. Af því leiðir að mjög erfitt er að spá fyrir um tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila, auk þess sem hann er lagður á fyrirtæki með árstöf. Ljóst er af ofangreindum tölum að tekjuskattur lögaðila mun skila ríkissjóði umtalsvert meiri tekjum í ár en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum.

Af álagningu annarra skatta má nefna tryggingagjaldið sem skilar ríkissjóði jafnvel meiri tekjum en tekjuskatturinn, eða 27,6 milljörðum króna af launagreiðslum ársins 2004. Stærstur hluti þess er hins vegar innheimtur í staðgreiðslu og þá á árinu 2004. Þá nemur álagning eignarskatts 1,5 milljarði króna og hækkaði hann um tæp 13% frá fyrra ári og er nú lagður á í síðasta sinn.

Innflutningur í október

Vöruinnflutningur án skipa og flugvéla nam tæpum 21,5 milljörðum króna í október samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts. Þetta er umtalsverð minnkun frá því í september og má að mestu rekja til minni innflutnings á eldsneyti. Ef tölurnar reynast réttar sýnir þó meðaltalsinnflutningur síðustu þriggja mánaða tæplega 40% aukningu að raunvirði frá sama tímabili í fyrra, en af þessum mánuðum stendur september upp úr sem stærsti innflutningsmánuður sem af er ári. Ef skoðað er tímabilið janúar til október hefur innflutningur aukist um tæp 30% frá sama tímabili árið 2004. Aukningu má helst rekja til mikils innflutnings á fjárfestingarvörum, ökutækjum og eldsneyti.

Innflutningur án skipa og flugvéla - staðvirt



Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,4	22,0
Skattar á tekjur og hagnað	20,4	23,9
Tryggingagjöld	10,1	16,4
Eignarskattar	21,6	44,8
Veltuskattar	13,4	20,2
Tekjur alls	7,4	51,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	9,2	3,2
Félagsmál	10,0	6,3
Atvinnumál	12,5	-3,1
Vaxtagjöld	-7,4	43,2
Önnur útgjöld	0,8	78,6
Gjöld alls	8,7	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-september		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-10.405	14.581
Hr. lánsfjárjöfnuður	-2.436	59.746
Afborgun lána	-30.843	-47.939
Br. lánsfjárjöfnuður	-38.904	8.857
Lántökur	40.679	11.698
Greiðsluafkoma	1.775	20.555

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - október	3,7	4,6
Kjarnaverðb. 1 - október	3,1	4,8
Launavísitala - september	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar-júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - september	2,6	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Umbreytingar í íbúaþróun

Samkvæmt upplýsingum sem Hagstofan hefur látið fjármálaráðuneytinu í té eru töluverðar sviptingar í íbúaþróun á þessu ári. Í Þjóðarbúskapnum sem kom út í byrjun október var fjallað um þessi mál en nú liggja fyrir tölur um fyrstu þrjá fjórðunga ársins. Það stefnir í að aðfluttir íslenskir ríkisborgarar verði álíka margir og gert var ráð fyrir í september en að aðfluttir erlendir ríkisborgarar verði 10% fleiri en þar var gert ráð fyrir. Brottfluttir íslenskir ríkisborgarar eru hins vegar umtalsvert fleiri en þar var gert ráð fyrir og munar þar um 600 manns. Brottfluttir erlendir ríkisborgarar verða hins vegar færri en gert var ráð fyrir í september, þar munar 500. Heildarniðurstaðan varðandi breytingar á mannfjöldanum af völdum búferlaflutninga er nokkurn veginn óbreytt þótt samsetningin verði töluvert önnur en gert var ráð fyrir. Reiknað er með því að millilandaflutningar auki íbúafjöldann í landinu um tæplega 2.000 manns en það er 0,7% fjölgun, töluvert umfram metárið 2000, en þá fluttust hingað rúmlega 1.700 fleiri en héðan fóru. Þessu til viðbótar bætist við íbúafjöldann fjöldi fæddra umfram dána sem er að minnsta kosti annað eins. Því má reikna með því að íbúum landsins fjölgi meira en gerst hefur allmörg undanfarin ár.

Búferlaflutningar milli landa eftir ríkisfangi



Aðfluttir erlendir ríkisborgarar til landsins hafa aldrei verið fleiri en það sem af er þessu ári og skal engan undra miðað við það hversu marga erlenda starfsmenn hefur þurft að flytja til landsins vegna stórframkvæmdanna eystra. Þetta fólk kemur þó víðar við á landinu. Alls höfðu 905 flutt til Austurlands frá útlöndum á fyrstu 9 mánuðum ársins en það eru 19% af öllum aðfluttum. Á sama tíma höfðu tæplega 250 manns flutt frá svæðinu til útlanda. Til höfuðborgarsvæðisins höfðu aftur á móti flutt 2.800 manns frá útlöndum og er útlit fyrir að aðflutningur þangað verði meiri en nokkru sinni fyrr. Þótt reiknað sé með því að mjög hátt hlutfall þeirra sem hingað koma til að vinna við stórframkvæmdirnar flytji aftur burt að þeim loknum og raunar séu töluverð mannaskipti meðan á þeim stendur, þá á þetta við í mun minna mæli hjá þeim sem flytja á önnur landsvæði. Því má reikna með að hlutur erlendra ríkisborgara meðal landsmanna fari enn vaxandi.

Það vekur hins vegar athygli að enda þótt höfuðborgarsvæðið hafi tekið á móti rúmlega 3.100 manns af landsbyggðinni á fyrstu 9 mánuðum ársins eru þeir þó fleiri sem flytja af því svæði út á land og munar þar nokkuð á annað hundrað manns. Þetta er mikil breyting frá því sem var á árum áður þegar mikill straumur fólks var af landsbyggðinni suður. Hinar nýju tölur staðfesta enn frekar það sem sagt var í Þjóðarbúskapnum í byrjun október en þar var því spáð að brottflutningur frá höfuðborgarsvæðinu innanlands yrði meiri en aðflutningur. Það hefur ekki gerst í nær tvo áratugi.

Sú breyting sem er mest áberandi í ár er hversu mikill fjöldi fólks flytur af höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja umfram þá sem flytja á Innnes þaðan. Munar þar 350 manns fyrstu 9 mánuðina. Suðurnesin fá einnig til sín fólk annars staðar af landsbyggðinni svo og frá útlöndum. Alls hafa Suðurnes fengið til sín 500 manns umfram brottflutta það sem af er ári. Miklar íbúðabyggingar á þessu svæði bera aðflutningunum órækt vitni. Sömu sögu er að segja af þéttbýlisstöðunum í vestanverðri Árnessýslu en þar hefur þróunin staðið lengur en á Suðurnesjum. Í öðrum hlutum landsbyggðarinnar er enn í gangi flutningur á höfuðborgarsvæðið, þótt Vesturland sé með fleiri aðflutta en brottflutta þegar allt er talið. Að undanförnu hefur því verið haldið fram að höfuðborgarsvæðið sé að stækka og nái nú frá Þjórsá og upp í Borgarfjörð. Þessar tölur staðfesta þetta en það vekur athygli hversu margir kjósa að flytjast frá miðju svæðisins í útjaðrana. Hátt íbúðaverð og byggingarkostnaður á höfuðborgarsvæðinu eiga efalítið sinn þátt í þessari þróun og vera má að tvöföldun Reykjanesbrautar og það aukna umferðaröryggi sem hún leiðir af sér hafi bætt mat á búsetuskilyrðum á Suðurnesjum.

Fundur fjármálaráðherra EFTA-ESB ríkjanna

Sameiginlegur fundur fjármálaráðherra EFTA-ESB ríkjanna var haldinn í Brussel 8. nóvember sl. Efni fundarins var „vinnuafl, hagvöxtur og hnattvæðing." Á fundinum var rætt um það hvað EFTA og ESB ríkin geta gert til að auka hagvöxt og atvinnusköpun við skilyrði hnattvæðingar.

Með hnattvæðingu er átt við að markaðir ríkja séu að samþættast alþjóðlega – að verða einn markaður. Undanfarna áratugi hefur t.d. verið unnið markvisst að því að draga úr hindrunum á vöruflæði alþjóðlega með markvissri lækkun tolla. Einnig hefur verið unnið að því að draga úr framleiðslustyrkjum til innlendra framleiðenda til að jafna samskeppnisstöðuna. Á endanum skilar það sér í auknum hagvexti og bættum hag neytenda. Á Evrópska efnahagssvæðinu, eða hinum sameiginlega markaði Evrópu, hefur verið gengið enn lengra. Til viðbótar við frjálst flæði varnings hefur flæði þjónustu, vinnuafls og fjármagns að mestu verið gert frjálst. Þá hafa reglur og lög verið samræmd en það eykur gegnsæi og traust á markaði sem er viðskiptahvetjandi. Við aðstæður alþjóðlegrar samkeppni er brýnt að markaðir virki vel þannig að fyrirtæki og einstaklingar geti brugðist hratt og vel við breytingum á markaði. Til þess að markaðsstarf sé skilvirkt þarf skipulag markaðarins að vera gott.

Undanfarin ár hafa ESB ríkin verið að reyna að innleiða skipulagsbreytingar í svokölluðu Lissabon ferli. Markmiðið hefur verið að gera breytingar á vinnu-, vöru-, þjónustu- og fjármálamörkuðum. Því miður hefur það ferli hingað til ekki skilað þeim árangri sem að er stefnt, að gera ESB ríkin þau samkeppnishæfustu á sviði hátækniframleiðslu í heiminum fyrir árið 2010. Nú er unnið að því að fá einstök ESB ríki til að útfæra nauðsynlegar skipulagsbreytingar, þó í samræmi við sérstakar aðstæður hvers lands fyrir sig. Þótt verið sé að ná fram breytingum er áhersla lögð á að varðveita þau grunngildi og velferðaráherslur sem einkennt hafa aðildarríkin.

Á fundinum kom fram að Ísland hefur nokkra sérstöðu hvað varðar gott skipulag markaðsstarfseminnar. Til að mynda er vinnumarkaðurinn sveigjanlegur, söfnunarkerfi lífeyrissjóða hefur stórlega aukið getu til að mæta framtíðar skuldbindingum, vöru- og þjónustumarkaðir eru skilvirkir, einnig fjármálamarkaðurinn, kerfi aflaheimilda hefur bætt hagkvæmni í sjávarútvegi, skattkerfið hefur verið einfaldað og skattprósentur lækkaðar og ríkisfyrirtæki einkavædd. Fyrir vikið hefur starfsemi og samkeppni á markaði aukist og hagvöxtur og atvinnustig hér á landi verið hærri en í flestum ESB ríkjanna undanfarinn áratug.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,4	22,0
Skattar á tekjur og hagnað	20,4	23,9
Tryggingagjöld	10,1	16,4
Eignarskattar	21,6	44,8
Veltuskattar	13,4	20,2
Tekjur alls	7,4	51,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	9,2	3,2
Félagsmál	10,0	6,3
Atvinnumál	12,5	-3,1
Vaxtagjöld	-7,4	43,2
Önnur útgjöld	0,8	78,6
Gjöld alls	8,7	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-september		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-10.405	14.581
Hr. lánsfjárjöfnuður	-2.436	59.746
Afborgun lána	-30.843	-47.939
Br. lánsfjárjöfnuður	-38.904	8.857
Lántökur	40.679	11.698
Greiðsluafkoma	1.775	20.555

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - nóvember	3,8	4,2
Kjarnaverðb. 1- nóvember	3,3	4,6
Launavísitala - september	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar-júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - september	2,6	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

17. nóvember 2005

Mikill vöxtur á vinnumarkaði

Það hefur tæpast farið fram hjá nokkrum sem fylgist með íslensku efnahagslífi að atvinna er mikil um þessar mundir. Um það vitnar þróun atvinnuleysis en ekki síður mikil fjölgun á erlendu vinnuafli hér á landi. Atvinnurekendur hafa kvartað yfir því að hægt gangi að afgreiða nauðsynleg leyfi og að það standi vextinum fyrir þrifum. En hvað hefur verið að gerast í þessum efnum?

Á fyrsta ársfjórðungi í ár var mannaflinn tæplega 161.000 að mati Hagstofunnar. Til hans teljast bæði starfandi og atvinnulausir. Á þessu ári voru skráðir atvinnulausir flestir í lok janúar en þá voru þeir tæplega 4.800. Síðan þá hefur þeim fækkað umtalsvert og voru um 2.446 í lok síðasta mánaðar. Þótt mikill meirihluti fari af skrá í atvinnu, flytja sumir til útlanda, aðrir fara í nám eða eru skráðir sem öryrkjar. Fjöldi starfandi hefur vaxið um að minnsta kosti 1% vegna fækkunar atvinnulausra.

Ekki eru til beinar upplýsingar um fjölda erlendra starfsmanna hér á landi. Það stafar af því að fólk frá löndum hins evrópska efnahagssvæðis, að undanskildum flestum þeim löndum sem gengu í ESB í síðustu stækkunarlotu, hefur frjálsan aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Fólk sem kemur lengra að þarf að fá hér atvinnu- og dvalarleyfi. Frá áramótum til októberloka hefur 3.059 manns verið veitt nýtt atvinnuleyfi hér á landi, þar af 1.949 manns frá júlí til október. Þegar mest lét í uppsveiflunni fyrir síðustu aldamót var samtals 1.100 manns úthlutað atvinnuleyfi á fjögurra mánaða tímabili. Ekki er víst að allir sem fá atvinnuleyfi komi hingað til vinnu. Til þess bendir m.a. reynslan frá síðustu atvinnuleyfahrinu en þá fluttust hingað færri einstaklingar frá viðkomandi löndum en atvinnuleyfin voru. Þá er ljóst að hér er einnig að störfum fólk sem ekki hefur fengið atvinnuleyfi, m.a. á vegum erlendra starfsmannaleigna.

Þróun á vinnumarkaði



Fjármálaráðuneytið áætlar að erlendu starfsfólki hafi fjölgað um allt að 3.000 manns eða um 1,9% af þeim sem voru starfandi á fyrsta ársfjórðungi. Aukin atvinnuþátttaka hefur einnig bætt við vinnuaflið í ár og er sú viðbót metin allt að 3.000 manns. Þá er ótalin fjölgun fólks á starfsaldri en hún hefur numið um 1.500 manns. Einhver hluti þessa hóps er nú við vinnu. Samtals gæti því fólki við vinnu hér á landi hafa fjölgað um allt að 9.000 manns yfir árið og þar af er þriðjungurinn erlendir ríkisborgarar.

Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst að sú mikla uppsveifla sem gengur yfir íslenskt efnahagslíf um þessar mundir er að því leyti ólík fyrri vaxtarskeiðum að nú eru meiri möguleikar en áður að koma til móts við eftirspurn eftir vinnuafli. Hér áður fyrr leiddi mikil eftirspurn eftir vinnuafli til þess að laun þrýstust upp. Aukið framboð af erlendu vinnuafli hefur dregið úr þessari tilhneigingu í mörgum greinum.

Ný Gallupkönnun um væntingar fyrirtækja

Nú liggja fyrir niðurstöður úr nýrri könnun IMG Gallup um stöðu og framtíðarhorfur stærstu fyrirtækja (miðað við starfsmannafjölda) á Íslandi. Þessi könnun er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Könnunin var gerð fyrir tímabilið 30. september til 1. nóvember 2005 og var 391 fyrirtæki í endanlegu úrtaki. Svarhlutfall var 69%.

Forráðamenn fyrirtækjanna telja aðstæður í efnahagslífinu í dag almennt góðar eða 71% aðspurðra, um 20% telja aðstæður slæmar og vega þar þyngst fyrirtæki í sjávarútvegi. Þegar forráðamenn fyrirtækjanna eru beðnir um mat sitt á stöðu efnahagsmála 6 mánuði fram í tímann telja einungis 8% þeirra að aðstæður verði betri, 63% að aðstæður verði óbreyttar og 29% að aðstæður verði verri. Þegar spurt er um aðstæður tólf mánuði fram í tímann telur helmingur að aðstæður muni versna en einungis 16% aðspurðra að aðstæður muni batna.

Vísitala efnahagslífsins



Aukinnar svartsýni virðist gæta hjá forráðamönnum fyrirtækja frá því síðasta könnun var gerð í febrúar 2005 en þá töldu 16% aðspurðra að aðstæður myndu versna á næstu 6 mánuðum og þriðjungur að aðstæður myndu versna á næstu tólf mánuðum. Ef borin eru saman viðhorf forráðamanna mismunandi atvinnugreina er ljóst að forráðamenn í sjávarútvegi, flutninga- og ferðaþjónustu eru almennt svartsýnni en aðrir um horfur á næstu sex mánuðum en aftur á móti heldur bjartsýnni um horfur á næstu 12 mánuðum samanborið við aðrar atvinnugreinar.

Viðræður um tvísköttunarsamninga

Dagana 9. – 11. nóvember sl. hittust samninganefndir Íslands og Indlands í Nýju Delhí vegna gerðar tvísköttunarsamnings á milli landanna. Þetta var fyrsti fundur samningsríkjanna og komst samningagerð vel á veg. Áætlað er að næsti fundur landanna fari fram hér á landi á fyrri hluta næsta árs. Vonast er til að samningsgerð ljúki á þeim fundi.

Á árinu 2002 hófust viðræður um gerð tvísköttunarsamnings milli Íslands og Grikklands. Ekki hefur tekist að ljúka samningagerð en önnur samningalota fer fram í Aþenu 1. og 2. desember nk. Vonir eru bundnar við að samningagerð ljúki í þeirri lotu.

Fyrsta samningalota um gerð tvísköttunarsamnings við Úkraínu fór fram á árinu 2004. Ákveðið hefur verið að önnur samningalota fari fram í Reykjavík 12. - 14. desember nk. Vonast er til að samningagerð ljúki í þeirri lotu.

Að lokum má geta þess að ákveðið hefur verið að tvísköttunarsamningur milli Íslands og Ungverjalands verði undirritaður í Búdapest þann 23. nóvember nk.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,4	22,0
Skattar á tekjur og hagnað	20,4	23,9
Tryggingagjöld	10,1	16,4
Eignarskattar	21,6	44,8
Veltuskattar	13,4	20,2
Tekjur alls	7,4	51,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	9,2	3,2
Félagsmál	10,0	6,3
Atvinnumál	12,5	-3,1
Vaxtagjöld	-7,4	43,2
Önnur útgjöld	0,8	78,6
Gjöld alls	8,7	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-september		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-10.405	14.581
Hr. lánsfjárjöfnuður	-2.436	59.746
Afborgun lána	-30.843	-47.939
Br. lánsfjárjöfnuður	-38.904	8.857
Lántökur	40.679	11.698
Greiðsluafkoma	1.775	20.555

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - nóvember	3,8	4,2
Kjarnaverðb. 1 - nóvember	3,3	4,6
Launavísitala - september	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-júní	9,8	8,7
Smá.velta janúar-júní	5,3	9,0
Atvinnuleysi - október	2,7	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

24. nóvember 2005

Glöggt er gests augað

Alþjóðlegar stofnanir og matsfyrirtæki leggja reglulega mat á stöðu og horfur í íslenskum þjóðarbúskap. Þær alþjóðastofnanir sem hér um ræðir eru fyrst og fremst Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF). Auk þeirra eru það einkum þrjú matsfyrirtæki sem leggja mat á lánshæfi ríkissjóðs, þ.e. Standard & Poor´s, Moody´s Investors Service og Fitch Ratings. Matsfyrirtækin leggja einnig mat á lánshæfi viðskiptabankanna og Íbúðalánasjóðs.

OECD og IMF gera sjálfstæðar úttektir á íslenskum efnahagsmálum með reglulegu millibili á 1-2 ára fresti. Framkvæmd úttektanna felst m.a. í því að sérfræðingar þessara alþjóðastofnana koma til Íslands til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda, viðskiptalífs, hagsmunasamtaka og vísinda um hvaðeina sem snert getur stöðu og framvindu efnahagslífsins. Að lokinni yfirferð sérfræðinga á vegum OECD og IMF eru gefnar út skýrslur sem lýsa mati stofnananna á ástandi og horfum í íslenskum þjóðarbúskap. Í því sambandi má nefna að mat OECD byggist einnig á vinnu við þjóðhagslíkan stofnunarinnar fyrir íslenskt efnahagslíf á meðan IMF grundvallar mat sitt á líkanavinnu annarra aðila fyrir íslenskt efnahagslíf og eigin rannsóknum á einstökum málefnum.

Lánshæfiseinkunnir matsfyrirtækjanna eru afar mikilvægar fyrir lánskjör hins opinbera og annarra íslenskra lántakenda á alþjóðlegum lánamörkuðum. Í þessu sambandi er tekið mið m.a. af hagvaxtarmöguleikum, erlendri greiðslugetu, stjórn ríkisfjármála og peningamála, ríkisábyrgðum, skuldastöðu hins opinbera og einkageirans o.fl. Matsfyrirtækin birta reglulega ítarlegan rökstuðning fyrir mati sínu. Mat erlendra stofnana á íslenskum þjóðarbúskap örvar efnahagsumræðuna og veitir innlendum aðilum aðhald. Jafnframt verður mat þeirra mikilvægara eftir því sem alþjóðavæðing íslensks efnahagslífs eykst.

Samanburður á þjóðhagsspám

Á undanförnum árum hefur innlendum aðilum fjölgað sem fjalla reglulega um stöðu og horfur efnahagsmála. Auk fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans hafa greiningardeildir viðskiptabankanna og ASÍ gefið út þjóðhagsspár. Mat fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans grundvallast á vinnu við ítarleg þjóðhagslíkön en mat ASÍ og greiningardeildanna byggist á smærri reiknilíkönum. Þá byggjast spárnar oft á mismunandi forsendum um framvinduna og þar af leiðandi kemur það ekki á óvart að eitthvað skilji á milli í útkomu einstakra aðila. Sem dæmi má nefna að Seðlabankinn gengur í sinni grunnspá út frá föstum stýrivöxtum og óbreyttu gengi íslensku krónunnar eins og staðan er þegar spáin er gerð. Sömuleiðis eru spár fjármálaráðuneytisins um samneyslu og fjárfestingu ríkissjóðs skilyrtar í samræmi við langtímaáætlun fjárlaga til fjögurra ára í senn. Slíkar forsendur verður að hafa í huga þegar spárnar eru bornar saman.

Spár um þróun hagvaxtar 2005-2010



Á yfirstandandi hausti hafa fimm aðilar gefið út þjóðhagsspár sem ná fram til ársins 2007 og nokkrar þeirra ná til ársins 2010. Hvað snertir hagvöxt ber aðilum vel saman í áætlunum fyrir árið 2005. Flestir spá um 6% hagvexti en greiningardeild Landsbankans sker sig úr með um 7,5% vöxt. Hins vegar skilur meira í milli hjá aðilum fyrir árin 2006-2010 eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd. Íslandsbanki spáir t.d. samdrætti árið 2007 á meðan aðrir aðilar spá minnkandi hagvexti.

Meðal þeirra forsendna sem miklu máli skipta fyrir hagvöxtinn er spá um þróun gengis íslensku krónunnar. Flestir reikna með því að gengið fari lækkandi frá næsta ári, en hér verður að ítreka forsendu Seðlabankans um óbreytt gengi. Greiningardeild Íslandsbanka sker sig hins vegar nokkuð úr með því að spá kröftugu gengissigi árið 2007. Það skal tekið fram að spá um gengisþróun er háð hvað mestri óvissu af þeim þáttum sem falla undir efnahagsspágerð.

Þróun meðaltekna eftir aldurshópum

Sem oft áður hafa kjör aldraðra verið til umræðu á undanförnum vikum. Sama gildir með aldraða og aðra þjóðfélagshópa að seint næst samstaða um það hvaða útreikningar lýsa kjörum þeirra best. Breytingu má bæði miða við stöðu frá fyrri tíma og einnig samanburð við aðra hópa. Þá ber þess að gæta að kjör aldraðra innbyrðis eru ólík sem og annarra þjóðfélagshópa. Benda má hins vegar á að almennt hafa tekjur aldraðra þróast með mjög áþekkum hætti og annarra þjóðfélagshópa ef litið er til þróunar meðaltekna síðasta áratuginn. Það má sjá á eftirfarandi mynd sem byggist á gögnum úr skattframtölum og sýnir breytingu á heildartekjum þ.m.t. fjármagnstekjum á árunum 1991 til 2004, – annars vegar heildartekjum einhleypra á aldrinum 25 til 66 ára og 67 ára og eldri og hins vegar heildartekjum hjóna í sömu aldurshópum.

Heildartekjur (þ.m.t. fjármagnstekjur)



Á þessu árabili hafa heildartekjur einhleypra á aldrinum 25 til 66 ára aukist um 119% en einhleypra á aldrinum 67 ára og eldri um 134%. Á sama tíma hafa heildartekjur hjóna á aldrinum 25 til 66 ára og á aldrinum 67 ára og eldri aukist um 150%. Þróun heildartekna hefur því verið mjög áþekk hjá þeim sem eru yngri en 67 ára og þeim sem hafa náð þeim aldri. Þessar niðurstöður ganga þvert á staðhæfingar um að aldraðir séu afskiptir þegar kemur að þróun tekna.

Í umræðum um kjaramál hefur þróun ráðstöfunartekna verið borin saman við þróun launavísitölu. Í raun er hér um tvo ólíka mælikvarða að ræða þar sem ráðstöfunartekjur sýna tekjur þegar tillit hefur verið tekið til beinna skatta og greiðslna frá hinu opinbera. Launavísitala mælir hins vegar launaþróun sem ræðst m.a. af vinnumagni. Það er því mikilvægt að þessum tveimur mælikvörðum sé ekki blandað saman í opinberri umræðu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	15,4	22,0
Skattar á tekjur og hagnað	20,4	23,9
Tryggingagjöld	10,1	16,4
Eignarskattar	21,6	44,8
Veltuskattar	13,4	20,2
Tekjur alls	7,4	51,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-september		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	9,2	3,2
Félagsmál	10,0	6,3
Atvinnumál	12,5	-3,1
Vaxtagjöld	-7,4	43,2
Önnur útgjöld	0,8	78,6
Gjöld alls	8,7	9,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-september		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-10.405	14.581
Hr. lánsfjárjöfnuður	-2.436	59.746
Afborgun lána	-30.843	-47.939
Br. lánsfjárjöfnuður	-38.904	8.857
Lántökur	40.679	11.698
Greiðsluafkoma	1.775	20.555

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - nóvember	3,8	4,2
Kjarnaverðb. 1 - nóvember	3,3	4,6
Launavísitala - október	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-ágúst	9,6	9,2
Smás.velta janúar-ágúst	4,3	6,3
Atvinnuleysi - október	2,7	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

1. desember 2005

Batnandi horfur í heimsbúskapnum

Nýlega kom út seinni skýrsla þessa árs um alþjóðlega þróun efnahagsmála frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Horfur eru almennt taldar góðar. Þrátt fyrir umtalsverða hækkun olíuverðs á þessu ári hefur hagvöxtur í heiminum haldist stöðugur og gert er ráð fyrir að svo verði áfram á næsta ári. Ástæður þess eru m.a. bætt nýting eldsneytis og sveigjanleg efnahagsstarfsemi í mörgum löndum. Væntingar fjárfesta til langs tíma benda jafnframt til þess að verðbólga muni almennt haldast hófleg.

OECD í heild	2005	2006	2007
Hagvöxtur	2,7	2,9	2,9
Framleiðsluslaki	-0,6	-0,4	-0,1
Atvinnuleysi	6,5	6,3	6,0
Verðbólga	2,0	2,0	1,9
Hagvöxtur nokkurra svæða			
Bandaríkin	3,6	3,5	3,2
Evrusvæðið	1,4	1,9	2,2
Japan	2,2	1,9	2,2

Hagvöxtur hefur verið mikill í Bandaríkjunum og enn meiri í mörgum löndum Asíu og hinum nýju aðildarríkjum ESB. Eftir nokkurt skeið stöðnunar er hagvöxtur í Japan og Vestur-Evrópa að glæðast, m.a. vegna lágra langtímavaxta og kröftugs vaxtar útflutningsmarkaða en heimsviðskiptin eru að aukast um 10% í ár. Innlend eftirspurn er þó enn nokkuð slök. Á evrusvæðinu hefur lækkun á gengi evrunnar jafnframt haft jákvæð áhrif á útflutnings- og hagvöxt. Í mörgum OECD-löndum hafa lágir langtímavextir haft áhrif til að auka fjárfestingu, sérstaklega í íbúðarhúsnæði. Í kjölfarið hefur fasteignaverð hækkað. Vegna aukinna tengsla innlendra lánastofnana við hinn alþjóðlega fjármagnsmarkað hefur Ísland ekki farið varhluta af þeirri þróun.

Litlar launahækkanir þrátt fyrir mikil umsvif

Hagstofa Íslands hefur birt launavísitölu fyrir októbermánuð. Þar kemur fram að hækkun frá fyrra mánuði er 0,3%, nokkurn veginn sama hækkun og í fyrra mánuði og heldur minna en verið hefur milli mánaða á þessu ári. Launavístölunni er ætlað að mæla almenna hækkun launa í samfélaginu og gjarna hefur hækkunum verið skipt í tvennt, samningsbundnar launahækkanir og svo kallað launaskrið. Þessi skipting hefur þó minna vægi nú en á árum áður. Hækkanir geta verið samningsbundnar án þess að vera almennar, t.d. þegar launþegar fá hækkun sem byggist á reynslu, menntun, starfstíma og fleiru. Það sem skiptir máli fyrir hagkerfið í heild er hin almenna launaþróun, hvert sem tilefni hennar er.

Breyting launavísitölu milli mánaða



Eins og nú er ástatt í samfélaginu eru mikil umsvif á vinnumarkaði, eins og fjallað hefur verið um í fyrri tölublöðum vefritsins. Við þær aðstæður er hætt við að meiri spurn verði eftir vinnuafli en framboð og þá fer með verð á því eins og öðru sem ekki er nóg af: það hækkar. Þetta hefur verið mönnum áhyggjuefni eins og nú er ástatt hér á landi. Tölur Hagstofunnar um þróun launavísitölu sýna að þrátt fyrir mikla spennu á vinnumarkaði og skort á fólki með tiltekna menntun eða þjálfun er ekki að sjá mikil teikn um launahækkanir umfram það sem búast mátti við enda hefur innflutningur vinnuafls og aukin atvinnuþátttaka vegið á móti. Á myndinni má sjá breytingar á launavísitölunni milli mánaða undanfarin ár. Þar er rétt að vekja athygli á samanburði milli þróunarinnar á þessu ári og árinu 2001 en þá voru miklar hækkanir á launum umfram þær samningsbundnu.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 20,3 milljarða króna á tímabilinu, sem er 39,2 milljörðum betri útkoma en áætlað var. Skýringin á þessum mun er sala Landssímans sem hefur áhrif á marga liði afkomunnar eins og greint var frá í síðustu skýrslu um afkomu ríkissjóðs.

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 336,6 milljörðum króna og hækkuðu um 107,9 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða 47,2%. Skatttekjur ríkissjóðs námu um 256,9 milljörðum króna og hækkuðu um 20,8% frá fyrra ári. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 4% þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 16,2%.

Skattar á tekjur og hagnað námu ríflega 82 milljörðum króna á tímabilinu og hækkuðu um 15,1 milljarða frá sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10% en tekjuskattur lögaðila um 11%. Innheimta tekna af fjármagnstekjuskatti var ríflega 18,6 milljarðar og jókst um 99,1% frá fyrra ári en stóran hluta hennar má skýra með fjármagnstekjuskatti af söluandvirði Landssímans. Innheimta tryggingagjalda nam tæplega 26,3 milljörðum króna sem er 15,6% aukning frá sama tíma í fyrra. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,7% á þessu tímabili. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 30,3% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu ríflega 21,4 milljörðum króna og jukust um 5,8 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum hf. og sektargreiðslum olíufélaganna.

Þróun almennra veltuskatta og þá sérstaklega virðisaukaskattsins gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 19,6% frá fyrra ári, eða sem nemur um 15% að raungildi. Þar munar mest um 20,2% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá fyrra ári sem jafngildir 15,6% raunhækkun. Auk þess skila vörugjöld af ökutækjum umtalsvert meiri tekjum en í fyrra eða 68,9% en á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur innflutningur bifreiða aukist um 60% frá fyrra ári.

Greidd gjöld námu 256,6 milljörðum króna og hækka um 23,3 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 milljarðar af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans og 5 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 12,7 milljarða eða 5,4% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 162 milljarðar sem er ⅔ af heildargjöldunum. Þar kemur fram 10,7 milljarða króna hækkun milli ára, eða 7%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 4,2 milljarða og 3,7 milljarða vegna fræðslumála sem er 16,5% hækkun milli ára. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar minna, eða um 2,1 milljarða frá því í fyrra. Hækkun annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála um 1,2 milljarð, sem skýrist einkum af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,9	20,8
Skattar á tekjur og hagnað	19,8	22,6
Tryggingagjöld	10,3	15,6
Eignarskattar	25,9	35,4
Veltuskattar	12,6	19,6
Tekjur alls	8,1	47,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	7,2	4,9
Félagsmál	8,3	7,0
Atvinnumál	7,4	-3,3
Vaxtagjöld	-8,0	41,8
Önnur útgjöld	-0,6	76,4
Gjöld alls	6,7	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.848	20.294
Hr. lánsfjárjöfnuður	6.425	68.671
Afborgun lána	-30.856	-61.557
Br. lánsfjárjöfnuður	-30.680	3.814
Lántökur	30.408	9.048
Greiðsluafkoma	-272	12.862

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - nóvember	3,8	4,2
Kjarnaverðb. 1 - nóvember	3,3	4,6
Launavísitala - október	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-ágúst	9,6	9,2
Smás.velta janúar-ágúst	4,3	6,3
Atvinnuleysi - október	2,7	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

8. desember 2005

Innflutningur í nóvember 2005

Samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts var vöruinnflutningur í nóvembermánuði um 27,5 milljarðar án innflutnings skipa og flugvéla. Ef tölurnar reynast réttar er nóvember stærsti innflutningsmánuður það sem af er ári, þótt júní og september fylgi fast á eftir. Að raungildi er innflutningur um 52% meiri en í nóvember í fyrra. Að sama skapi er meðalinnflutningur síðustu þriggja mánaða um 44% meiri en á sama tímabili á síðasta ári sem er mesta aukning undanfarinna ára.

Innflutningur að raunvirði



Ef bráðabirgðatölur eru lagðar saman við innflutning fyrstu 10 mánuði ársins er verðmæti innflutnings það sem af er ári rúmlega þriðjungi meira en á sama tíma í fyrra að raungildi. Meginskýringar á aukningu milli ára má rekja til ýmissa þátta. Gífurleg aukning hefur orðið í magninnflutningi á fjárfestingarvörum, sem er að stærstum hluta tilkomin vegna stóriðjuframkvæmda. Verðhækkanir á olíu yfir árið hafa að einnig haft umtalsverð áhrif til að auka innflutning. Ennfremur má nefna liði tengda aukinni einkaneyslu sem lýsir sér í stórauknum innflutningi á farartækjum og varanlegum og hálf-varanlegum neysluvörum en þar er átt við heimilistæki, fatnað o.fl. Hafa ber í huga varðandi farartæki og neysluvarning að þar er aðallega um að ræða magnaukningu þar sem hátt gengi hefur haldið verðhækkunum í skefjum.

Ráðstöfunartekjur aldraðra á Norðurlöndum hæstar á Íslandi

Samkvæmt nýjustu samantekt NOSOSKO - Nordisk Socialstatistik um samanburð á tekjum aldraðra á Norðurlöndunum, en hún tekur til tekjuársins 2002, eru ráðstöfunartekjur aldraðra, þ.e. tekjur eftir skatta, hæstar á Íslandi. Í samanburðinum eru tekjur aldraðra á Norðurlöndunum kaupmáttarleiðréttar í evrum þ.e. tekið er tillit til verðlags í hverju landi.

Tölurnar byggjast á því að allar skattskyldar tekjur aldraðra að meðaltali eru taldar saman svo sem atvinnutekjur, fjármagnstekjur og ellilífeyrir. Gögnin eru unnin úr skattaframtölum. Taka verður fram að tölur NOSOSKO eru meðaltöl og geta tekjur innan hópsins verið mjög mismunandi. Eins og sést á myndinni er sambúðarfólk á Íslandi með afgerandi hærri ráðstöfunartekjur en sambúðarfólk á hinum Norðurlöndunum. Einhleypir á Íslandi eru einnig með hæstu ráðstöfunartekjur eða nokkuð hærri en einhleypingar í Noregi sem koma næstir. Það ber að

Ráðstöfunartekjur sambúðarfólks og einhleypra eldri en 65/67 ára



Heimild: NOSOSKO Nordisk Socialstatistik – 2005.

taka fram að staða aldraðra getur verið mjög misjöfn í einstaka löndum. Helstu skýringarnar á því að ráðstöfunartekjur aldraðra eru hæstar á Íslandi eru þær að hér á landi eru skattar lægri og atvinnuþátttaka aldraðra á Íslandi er mun meiri en á hinum Norðurlöndunum. Þess ber auk þess að geta að á árinu 2002 rúmlega tvöfaldaðist tekjutryggingarauki Tryggingarstofnunar en í dag fá um 8.000 ellilífeyrisþegar hlutdeild í tekjutryggingarauka.

Fjáraukalög og fjárlög samþykkt á Alþingi

Í síðustu viku urðu fjáraukalög fyrir árið 2005 að lögum á Alþingi og fjárlög fyrir árið 2006 voru samþykkt sem lög í þessari viku. Fjáraukalög fyrir árið 2005 gera ráð fyrir ríflega 91 milljarðs króna tekjuafgangi á ríkissjóði og ef sleppt er söluhagnaði af hlutabréfum er tekjuafgangurinn um 33 milljarðar eða 3,4% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur er mun meiri eða ríflega 100 milljarðar króna og þar af er ríflega 60 milljörðum varið til að greiða niður erlendar skuldir og um 40 milljarðar verða ávaxtaðir hjá Seðlabanka Íslands. Af inneign ríkissjóðs hjá Seðlabanka verða 32 milljarðar ávaxtaðir á sérstökum skuldabréfum sem eru með gjalddaga í samræmi við áformaða ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Þannig er verulegum fjármunum, eða 100 milljörðum króna, haldið utan efnahagslífsins og sterk tekjuafkoma ríkissjóðs heldur aftur af innlendri eftirspurn.

Fjárlög fyrir árið 2006 gera ráð fyrir 19,6 milljarða króna tekjuafgangi á ríkissjóði, eða sem nemur tæplega 2% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda á næsta ári, eða um 11,4 milljarða króna. Verulegur tekjuafgangur verður því á ríkissjóði á næsta ári og ríkisfjármálum verður áfram beitt til aðhalds þrátt fyrir lækkun á tekjuskatti einstaklinga.

Fjárlög fyrir árið 2006 voru samþykkt án þess að gerðar væru efnislegar breytingar á fjárlagafrumvarpinu við 3. umræðu fjárlaga. Allar breytingar á tekjum og gjöldum komu fram við 2. umr. sem fór fram 24. nóvember sl. Er þetta þriðja árið í röð þar sem efnislegum breytingum á frumvarpinu lýkur við 2. umr. Aukin festa í ríkisfjármálum og breytt verklag fjárlaganefndar eiga hér stærstan hlut að máli.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,9	20,8
Skattar á tekjur og hagnað	19,8	22,6
Tryggingagjöld	10,3	15,6
Eignarskattar	25,9	35,4
Veltuskattar	12,6	19,6
Tekjur alls	8,1	47,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	7,2	4,9
Félagsmál	8,3	7,0
Atvinnumál	7,4	-3,3
Vaxtagjöld	-8,0	41,8
Önnur útgjöld	-0,6	76,4
Gjöld alls	6,7	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.848	20.294
Hreinn lánsfjárjöfnuður	6.425	68.671
Afborgun lána	-30.856	-61.557
Br. lánsfjárjöfnuður	-30.680	3.814
Lántökur	30.408	9.048
Greiðsluafkoma	-272	12.862

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - nóvember	3,8	4,2
Kjarnaverðb. 1 - nóvember	3,3	4,6
Launavísitala - október	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-ágúst	9,6	9,2
Smás.velta janúar-ágúst	4,3	6,3
Atvinnuleysi - október	2,7	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

15. desember 2005

Langtímamarkmið norrænu ríkjanna í ríkisfjármálum

Norðurlöndin eiga það sammerkt að setja ríkisfjármálum markmið til nokkurra ára í senn. Sameiginleg áhersla er á að halda aftur af vexti samneyslunnar og reka ríkissjóð eða hið opinbera að jafnaði með afgangi. Hér eru rakin helstu markmið í ríkisfjármálum Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Íslands.

Stjórnvöld í Danmörku setja sér markmið í ríkisfjármálum til þriggja ára en þau eru að samneysla vaxi ekki umfram 0,5% að raungildi á ári. Tekjutilfærslur, vextir og fjárfesting eru þannig utan stefnumörkunarinnar. Einnig setja stjórnvöld sér markmið um að reka hið opinbera með tekjuafgangi. Danir hafa birt langtímastefnumörkun eða framreikning ríkisfjármála með fjárlagafrumvarpi frá sjötta áratug síðustu aldar. Í Danmörku er einnig í fjárlagafrumvarpi stefnumörkun fyrir útgjöld hins opinbera í heild þar sem sett eru markmið um útgjöld ríkis og sveitarfélaga.

Í Finnlandi setja stjórnvöld markmið um lækkun skulda og um að reka ríkissjóð með afgangi að jafnaði yfir hagsveifluna, þó þannig að halli geti aldrei farið yfir 2,75% af VLF í niðursveiflu. Finnar setja 2/3 ríkisútgjalda undir útgjaldaþak, eða ramma. Undir þakinu eru öll útgjöld að frátöldum vaxtagjöldum, sveiflukenndum útgjöldum og fjárframlögum vegna Evrópusambandsins. Fjáraukalög eru hluti af útgjaldaþakinu og er því gert ráð fyrir svigrúmi innan þaksins til að mæta óvæntum útgjöldum. Markmið ríkisstjórnarinnar er að halda aftur af ríkisútgjöldum til að ríkissjóður verði rekinn með afgangi árið 2007 í lok kjörtímabilsins. Til að ná þeim markmiðum hefur ríkisstjórnin sett fram tillögur um sparnað í öllum ráðuneytum við ákvörðun útgjaldaramma.

Norsk stjórnvöld setja sér reglur um ráðstöfun á ávöxtun olíusjóðsins. Lögð er áhersla á að eingöngu verði ráðstafað ávöxtun sem er umfram 4% á ári. Undirliggjandi vöxtur ríkisútgjalda er 1,5% að raungildi og setja stjórnvöld sér markmið um að reka hið opinbera að jafnaði með afgangi. Norðmenn telja nauðsynlegt að sýna aðhald í ríkisútgjöldum því framreikningar sýna að olíusjóðurinn leysir ekki öldrunarvandann sem þeir standa frammi fyrir, þ.e. kostnaðinn af því að greiða lífeyri til aldraðra í gegnumstreymiskerfi.

Í Svíþjóð hafa stjórnvöld sett sér þau markmið að afgangur á hinu opinbera verði að jafnaði 2% yfir hagsveifluna. Með hinu opinbera er, auk ríkis og sveitarfélaga, meðtalið lífeyriskerfið en það skilar nú mestu upp í afganginn. Markmiðið er að búa opinber fjármál undir að takast á við aukin útgjöld vegna öldrunar þjóðarinnar. Í Svíþjóð er samþykkt heildarþak, eða rammi, fyrir ríkisútgjöldin á verðlagi hvers árs fyrir næstu þrjú ár eftir fjárlagaárið. Undir útgjaldaþakinu eru talin öll útgjöld að frátöldum vaxtagjöldum og lífeyrisútgjöldum. Svíar setja sér því bæði útgjaldaþak fyrir ríkissjóð og markmið um afgang á hinu opinbera í heild. Þannig felast í stefnunni óbein markmið um lækkun skulda.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér markmið í ríkisfjármálum um að vöxtur samneyslu verði ekki umfram 2% að raungildi á ári og vöxtur tekjutilfærslna ekki umfram 2,5%. Einnig er fjárfestingu beitt til að mæta sveiflum í hagkerfinu. Sett eru markmið um að reka ríkissjóð með afgangi að meðaltali yfir hagsveifluna og því óbeint um að skuldir ríkissjóðs fari lækkandi. Ísland setur ekki markmið fyrir hið opinbera í heild og standa sveitarfélögin því hvert fyrir sig að eigin áætlunum óháð efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Frjáls og sérstök skráning vegna leigu eða sölu á fasteign

Gerð hefur verið breyting á reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, með síðari breytingum (reglugerð nr. 1056/2005).

Frjáls skráning vegna útleigu húsnæðis miðar að því að virðisaukaskattur af rekstrarkostnaði húsnæðis hafi ekki áhrif á val virðissaukaskattskylds aðila á því hvort hann tekur húsnæði á leigu fyrir starfsemi sína eða rekur eigið húsnæði fyrir starfsemina. Frjáls skráning getur ekki tekið til útleigu á íbúðarhúsnæði.

Framangreind reglugerðarbreyting varðar skilyrði frjálsrar skráningar. Gerð hefur verið krafa um það að leigusamningi um viðkomandi eign væri þinglýst og vottorði þar um skilað með umsókn um frjálsa skráningu. Þetta skilyrði hefur verið nokkuð gagnrýnt þar sem að í leigusamningum geti komið fram ýmsar upplýsingar sem leigusalar og leigutakar vilji ekki að hver sem er geti komist í. Það geti varðað miklum viðskiptahagsmunum að þessar upplýsingar séu ekki opinberar. Með reglugerðarbreytingu þeirri sem hér um ræðir er komið til móts við þessa gagnrýni. Er nú gert að skilyrði að yfirlýsingu leigutaka um samþykki hans fyrir frjálsri skráningu sé þinglýst í stað skilyrðis um að leigusamningi sé þinglýst. Eftir sem áður þarf að skila inn leigusamningi með umsókn um frjálsa skráningu til skattstjóra.

Staða tvísköttunarmála – fjöldi samninga

Það hefur verið óvenju líflegt á vettvangi tvísköttunarmála á síðustu vikum. Viðræður hófust við Indland fyrri hluta nóvembermánaðar og er fyrirhugað að ljúka þeirri samningagerð snemma á næsta ári. Í byrjun desember lauk samningagerð við Grikkland, sem þýðir að nú á Ísland aðeins ólokið gerð tvísköttunarsamnings við tvö af tuttugu og fimm aðildarríkjum ESB, þ.e. við Kýpur og Slóveníu, en samningagerð er þegar hafin við síðarnefnda ríkið. Allt útlit er fyrir að samningagerð við Kýpur hefjist á næsta ári og samningum ljúki við Slóveníu.

Fyrr í þessari viku gengu síðan samninganefndir Íslands og Úkraínu frá tvísköttunarsamningi milli ríkjanna, en fyrri fundur var í Kiev um mitt síðasta ár. Það þýðir að í dag er Ísland aðili að 32 tvísköttunarsamningum við 36 ríki, en sameiginlegur samningur er á milli Norðurlandanna

23 samningar eru þegar í gildi og 3 bíða fullgildingar, þ.e. Ítalía, Malta og Ungverjaland. Þá bíða 6 samningar undirritunar, við Austurríki, Grikkland, Króatíu, Mexíkó, Suður-Kóreu og Úkraínu. Auk Slóveníu og Indlands stendur samningagerð yfir við Rúmeníu og mun þeirri samningagerð væntanlega ljúka snemma á næsta ári. Þá var lokið við endurskoðun á eldri samningi við Þýskaland um mitt þetta ár og stefnt að lokum endurskoðunar á samningi Íslands við Bandaríkin á fyrri hluta næsta árs. Samkvæmt framansögðu bendir því allt til þess að við lok næsta árs verði Ísland orðið aðili að tvísköttunarsamningum við 40 ríki hið minnsta. Þar af eru 15 þeirra gerðir á sl. fimm árum.

Á undanförnum árum hefur markmið íslenskra stjórnvalda verið að ljúka samningagerð við öll aðildarríki OECD og ESB. Af aðildarríkjum OECD eru aðeins Ástralía, Japan, Nýja-Sjáland og Tyrkland eftir, en Kýpur og Slóvenía innan ESB. Jafnframt er horft til þeirra nýju markaða sem íslensk útflutningsfyrirtæki eru að sækja inn á, s.s Búlgaríu, Chile, Suður-Afríku o.fl. Á hinn bóginn er það ekki alltaf svo að markmið Íslands og annarra þjóða varðandi gerð tvísköttunarsamnings fari saman. Oftar en ekki er um að ræða langt ferli bæði formlegra og óformlegra samskipta áður en að hinni eiginlegu samningagerð kemur, jafnvel mörg ár. Sem dæmi má taka Japan, sem er mjög mikilvægt viðskiptasvæði fyrir Ísland. Allt frá árinu 1998 hafa átt sér stað margvísleg samskipti að frumkvæði Íslands um að hefja viðræður um gerð tvísköttunarsamnings milli landanna. Árið 2003 var haldinn óformlegur fundur í Tókýó milli samninganefnda beggja ríkja fyrir tilstilli íslenska sendiráðsins þar í landi, en formlegar dagsetningar um hvenær eiginleg samningagerð hefst liggja enn ekki fyrir.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,9	20,8
Skattar á tekjur og hagnað	19,8	22,6
Tryggingagjöld	10,3	15,6
Eignarskattar	25,9	35,4
Veltuskattar	12,6	19,6
Tekjur alls	8,1	47,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-október

12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	7,2	4,9
Félagsmál	8,3	7,0
Atvinnumál	7,4	-3,3
Vaxtagjöld	-8,0	41,8
Önnur útgjöld	-0,6	76,4
Gjöld alls	6,7	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-október

Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.848	20.294
Hreinn lánsfjárjöfnuður	6.425	68.671
Afborgun lána	-30.856	-61.557
Br. lánsfjárjöfnuður	-30.680	3.814
Lántökur	30.408	9.048
Greiðsluafkoma	-272	12.862

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - desember	3,9	4,1
Kjarnaverðb. 1 - desember	3,5	4,6
Launavísitala - október	5,3	6,9
Heildarvelta janúar-ágúst	9,6	9,2
Smás.velta janúar-ágúst	4,3	6,3
Atvinnuleysi - nóvember	2,8	1,7

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

22. desember 2005

Fyrirframgreiðsla þinggjalda á árinu 2006

Nú liggur fyrir ákvörðun um fyrirframgreiðslu þinggjalda upp í álagningu ársins 2006. Afnám eignarskatts leiðir til þess að eðli og umfang fyrirframgreiðslu bæði einstaklinga og lögaðila breytist til mikilla muna.

Að því er varðar lögaðila nær fyrirframgreiðslan til tekjuskatts og iðnaðarmálagjalds. Fram að álagningu á næsta ári ber lögaðilum að greiða mánaðarlega 8,5% af álagningu umræddra gjalda á yfirstandandi ári.

Niðurfelling eignarskatts mun hafa veruleg áhrif á fyrirframgreiðslu einstaklinga, en á þessu ári var eignarskattur lagður á liðlega 75 þúsund einstaklinga, samtals um 2,8 milljarðar króna. Hefðbundin tilkynning skattyfirvalda í upphafi árs um fyrirframgreiðslu eignarskatts, jafnt til greiðenda og atvinnurekenda sem dregið hafa hana frá greiddum launum, verður því ekki send út í upphafi árs. Við það mun sparast skriffinnska og utanumhald, auk hagsbótanna fyrir greiðandann.

Eitt gjald verður þó áfram innheimt fyrirfram á hefðbundinn hátt hjá einstaklingum í sjálfstæðum iðnrekstri, eða iðnaðarmálagjald, en gjaldendur þess eru kringum 5.000, til viðbótar um 5.500 lögaðilum.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu

Fjármálaráðuneytið ákveður staðgreiðsluhlutfall hvers árs, en það er samtala tekjuskatts og útsvars. Hlutfall tekjuskatts lækkar um þessi áramót um eitt prósentustig, úr 24,75% í 23,75%, og meðalútsvarið úr 12,98% í 12,97%. Á árinu 2006 verður hlutfallið 36,72% samanborið við 37,73% á þessu ári og 38,58% árið 2004. Í þessu samhengi er vert að benda á að þar sem tekjuskattur einstaklinga lækkar um önnur tvö prósentustig árið 2007, í 21,75%, lækkar tekjuskattshlutfallið í heild um 16% árin 2004 til 2007.

Á árinu 2006 verður persónuafsláttur 29.029 krónur á mánuði sem þýðir að skattleysismörk einstaklings verða 79.055 krónur á mánuði, en þau voru 71.270 krónur árið 2004, sem er um 11% hækkun á tveimur árum.

Frumvörp fjármálaráðherra lögfest á haustþingi

Fjármálaráðherra flutti 5 frumvörp á haustþingi 2005 sem urðu að lögum fyrir jól. Auk fjárlaga 2006 og fjáraukalaga 2005 eru þau sem hér segir:

Breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt

1) Grunnfjárhæð sjómannaafsláttar verður hækkuð frá 1. janúar 2006. Kemur breytingin til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu á árinu 2007. Er hækkunin til samræmis við þá hækkun persónuafsláttar sem samþykkt var haustið 2004.
2) Framtals- og skattlagningarstaður verður framvegis miðaður við hvar menn áttu lögheimili 31. desember. Kemur breytingin fyrst til framkvæmda á árinu 2006 og við álagningu á árinu 2007.
3) Bætt var við ákvæði til bráðabirgða sem heimilar álagningu eignarskatts á lögaðila sem eru með annað reikningsár en almanaksárið þegar tólf mánaða reikningstímabili þeirra lýkur á árinu 2005 þannig að ekki verði misræmi í álagningu eignarskatts m.t.t. loka reikningsárs.

Breytingar á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald ofl.

1) Framlenging á tímabundinni lækkun olíugjalds um hálft ár, eða til 1. júlí 2006. Fjárhæð hins lækkaða olíugjalds er 41 kr.
2) Eigendum ökutækja til sérstakra nota verður heimilt að velja hvort þeir greiða olíugjald og kílómetragjald eða hvort þeir verða undanþegnir olíugjaldi, en greiða á móti sérstakt kílómetragjald samkvæmt gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds. Lögin öðlast þegar gildi.

Breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga

Breyting sem fyrst og fremst varðar endurútgáfu laganna en miðað er við að lögin verði endurútgefin á árinu 2006.

Það eru dulin verðmæti í jólasmákökunum

Eitt af aðalsmerkjum íslenskrar jólamenningar í áratugaraðir hefur verið smákökubakstur. Húsmæður hafa keppst við að baka smákökur á jólaföstunni og fyllt hvert ílátið á fætur öðru með gríðarlegu úrvali “sorta”. Heimilisfólk og gestir hafa síðan notið þessa í ríkum mæli yfir hátíðirnar og fyllt út í þá kima í meltingarfærunum sem aðalmáltíðirnar hafa skilið eftir. Enginn vafi er á því að smákökuát landsmanna er hluti af lífsgæðum þjóðarinnar en vandinn er sá að þess hefur hvergi séð stað í hefðbundnum mælikvarða hagfræðinga á lífsgæðum: landsframleiðslunni. Henni er ætlað að mæla þá verðmætaaukningu sem verður þegar hráefni er breytt í neysluvöru eða þjónusta er veitt. Gallinn er sá að til að verðmætaaukningin mælist þurfa að fara fram viðskipti. Hins vegar er venjulegast ekki greiddur aðgangseyrir að fjölskylduboðum á jólunum og því fer þessi mikilvægi þáttur þjóðlífsins framhjá annars vökulum augum mælingamanna þjóðarhagsins og það þrátt fyrir að hér sé um veruleg “verðmæti” að ræða. Sömu sögu er að segja af laufabrauðaskurði og konfektframleiðslu svo dæmi séu tekin af annarri verðmætasköpun sem fram fer á aðventunni innan veggja heimila landsmanna.

Á landinu öllu eru um 75.000 svo kallaðar kjarnafjölskyldur, þ.e. heimili þar sem fleiri en einn býr. Ef gert er ráð fyrir að á þessum heimilum séu bakaðar 3 tegundir af smákökum að meðaltali (en innan þess rúmast bæði þær fjölskyldur sem ekki baka neitt og svo hinar þar sem tegundafjöldinn skiptir tugum) er hér um að ræða 225 þúsund “uppskriftir”. Þessu til viðbótar er ekki ólíklegt að einhverjir baki sem búa einir en því má heldur ekki gleyma að sumir Íslendingar halda ekki jól eða hafa ekki enn tekið upp þennan mikilvæga hluta þjóðmenningarinnar. Áætlað er að beinn efniskostnaður vegna þessarar starfsemi sé um það bil 100 milljónir króna. Til þess að setja þá tölu í samhengi, með hliðsjón af algengum hráefnum í jólabaksturinn, má geta þess að verðmæti innflutnings landsmanna á strásykri í fyrra var um 200 milljónir, af púðursykri fluttu landsmenn inn fyrir 9 milljónir og annað eins af afhýddum möndlum. Þá má geta þess að framleiðslan af suðusúkkulaði var í kring um 200 milljóna virði en tiltölulega lítið er flutt inn af því. Til viðbótar hráefninu kemur orkukostnaður að ógleymdu vinnuframlagi kökugerðarmannsins (sem í flestum tilvikum er reyndar kona). Með það er hins vegar farið eins og aðra ólaunaða vinnu: hennar sér hvergi stað í opinberum útreikningum.

Nú gerist það hins vegar í auknum mæli að kaupmenn bjóða neytendum tilbúnar smákökur og þá er hægt að áætla verðmæti heimatilbúinnar smákökuframleiðslu (ef ekki er tekið tillit til þess að mörgum finnast heimabakaðar kökur betri en verksmiðjuframleiddar) með því að ætla henni sama verðmæti og þeirrar sem seld er í verslunum. Að gefnum tilteknum forsendum áætlar ráðuneytið að jólabaksturinn sé nokkuð á þriðja hundruð milljóna króna virði og vinnsluvirðið, sem er verðmætaaukningin í eldhúsum landsmanna, sé þá yfir eitt hundrað milljónir. Það telst ef til vill ekki mikið enda áætlar Rannsóknasetur verslunarinnar að aukakostnaður landsmanna vegna jólanna muni nema 5,8 milljörðum króna sem þó er ekki nema rúmlega 1% af einkaneyslu landsmanna í ár. Skatttekjur ríkissjóðs af smákökubakstri eru engar ef undan er skilinn virðisaukaskattur af hráefninu. Ef verksmiðjuframleiddar smákökur ryðja burt heimaframleiðslunni mun hagur ríkissjóðs vænkast og þjóðarhagur sömuleiðis – eða hvað?

Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Vefritið kemur næst út 5. janúar 2006.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	14,9	20,8
Skattar á tekjur og hagnað	19,8	22,6
Tryggingagjöld	10,3	15,6
Eignarskattar	25,9	35,4
Veltuskattar	12,6	19,6
Tekjur alls	8,1	47,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breytingar, %	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	7,2	4,9
Félagsmál	8,3	7,0
Atvinnumál	7,4	-3,3
Vaxtagjöld	-8,0	41,8
Önnur útgjöld	-0,6	76,4
Gjöld alls	6,7	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljarðar króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-2.848	20.294
Hreinn lánsfjárjöfnuður	6.425	68.671
Afborgun lána	-30.856	-61.557
Br. lánsfjárjöfnuður	-30.680	3.814
Lántökur	30.408	9.048
Greiðsluafkoma	-272	12.862

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga (des.)	3,9	4,1
Kjarnaverðbólga (des.)	3,5	4,6
Launavísitala (nóv.)	5,4	7,3
Heildarvelta (jan. - ágúst)	9,6	9,2
Smásöluvelta (jan. - ágúst)	4,3	6,3
Atvinnuleysi, árst.leiðr. (nóv.)	2,8	1,7

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

5. janúar 2006

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 21,5 milljarða króna á tímabilinu, sem er 42,6 milljörðum betri útkoma heldur en áætlað var. Útkoman er jafnframt 29,6 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Tekjurnar hækka um 55 milljarða að frátöldum söluhagnaði, á meðan gjöldin hækka um 22,9 milljarða milli ára. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 70,4 milljarða króna miðað við 9,6 milljarða í fyrra. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 49 milljarða. Þar munar mestu um 66 milljarða sölu Landssímans, en á móti vegur 32 milljarða lækkun vegna sérstaks samkomulags um ávöxtun fjár hjá Seðlabanka Íslands.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 360,8 milljörðum króna og jukust um 113 milljarða króna frá sama tímabili í fyrra, eða um 45,6%. Þar af skýrir fyrrnefnd sala Landssímans 62,4 milljarða. Skatttekjur ríkissjóðs í heild námu 279,4 milljörðum króna sem er 21,3% meiri innheimta en á sama tíma í fyrra. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 4% þannig að skatttekjur jukust að raungildi um 16,6%.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæplega 90,2 milljörðum króna og jukust um 17,8 milljarða frá sama tíma í fyrra. Þar munar mest um 7,7 milljarða króna aukna innheimtu tekna af fjármagnstekjuskatti sem að mestu skýrist með sölu Landssímans hf. og svo 5,9 milljarða króna aukna innheimtu tekjuskatta einstaklinga. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig á þessu tímabili eða um 16,4% en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,7% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam tæpum 14,4 milljörðum króna í nóvemberlok sem er aukning upp á 26,5% að raungildi og endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu um 23 milljörðum króna og jukust um 6,1 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum hf. og sektargreiðslum olíufélaganna.

Þróun almennra veltuskatta og þá sérstaklega virðisaukaskattsins gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 19,5% frá fyrra ári, eða sem nemur 14,9% að raungildi. Þar munar mest um 21,1% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá fyrra ári sem jafngildir 16,5% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að umtalsverð aukning varð í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um tæp 68%.

Greidd gjöld námu 279,9 milljörðum króna og hækka um 22,9 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 milljarðar af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans og 4,5 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 12,8 milljarða eða 5,2% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 178,3 milljarðar sem er nálægt ⅔ af heildargjöldunum. Þar kemur fram 10,7 milljarða króna hækkun milli ára, eða rúm 6%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 3,8 milljarðar og 3,7 milljarðar vegna fræðslumála sem er 15% hækkun milli ára. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar minna, eða um 2,3 milljarða frá því í fyrra. Hækkun annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála um 0,8 milljarða, sem skýrist alfarið af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 61,6 milljörðum og aukast um 90% milli ára. Þær skiptast þannig að 47,5 milljarðar eru vegna afborgana erlendra lána og 14,1 milljarðar vegna spariskírteina. Nýjar lántökur nema aðeins 7,7 milljörðum og eru allar innanlands. Að auki var 5,1 milljarður greiddur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs hækkaði um 11,4 milljarða frá áramótum fram til nóvemberloka.

Innflutningur í desember 2005

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts gefa til kynna að innflutningur í desember hafi numið tæpum 23 milljörðum króna. Ef tölurnar reynast réttar er innflutningur um 5 milljörðum króna lægri en í nóvember sem var stærsti innflutningsmánuður ársins. Munurinn skýrist að langmestu leyti af minni eldsneytisinnflutningi. Ef staðvirtur innflutningur án skipa og flugvéla í desember er borinn saman við sama mánuð árið á undan er um tæplega 26% aukningu að ræða. Tólf mánaða breyting á þriggja mánaða meðaltali staðvirts innflutnings án skipa og flugvéla leiðir í ljós rúmlega 33% aukningu.

Vöruinnflutningur að raunvirði



Ef bráðabirgðatölur eru lagðar saman við innflutning síðustu 11 mánaða reyndist innflutningur án skipa og flugvéla fyrir árið 2005 vera tæpir 278 milljarðar króna sem er þriðjungs aukning frá síðasta ári. Helstu orsakir þessarar miklu aukningar má m.a. rekja til innflutnings á fjárfestingarvörum sem var að stórum hluta tilkominn af stóriðjuframkvæmdum. Þá juku verðhækkanir eldsneytis á liðnu ári verðmæti innflutnings umtalsvert. Mikil aukning varð einnig í einkaneyslu, þar af jókst innflutningur á varanlegum og hálf-varanlegum neysluvörum mikið á árinu (dæmi um varanlegar neysluvörur eru heimilistæki en hálf-varanlegar vörur eru t.d. fatnaður og skór). Annar stór áhrifaþáttur var stóraukinn innflutningur á farartækjum. Íslendingar hafa nýtt sér hagstætt gengi til að kaupa bíla í stórum stíl og hefur innflutningur á bílum sjaldan eða aldrei verið meiri en á þessu ári. Bílainnflutningur náði hámarki í júní þegar flutt var inn fyrir um 3,3 milljarða króna en á haust- og vetrarmánuðum hefur innflutningsverðmætið verið í kringum 2 milljarða á mánuði.

Á heildina litið nam innflutningur fyrstu 11 mánuði þessa árs 262 milljörðum króna. Ef bráðabirgðamati desembermánaðar er bætt við verður heildarinnflutningur á árinu í kringum 285 milljarðar króna og eru þá skip og flugvélar meðtaldar. Ef bráðabirgðatölur reynast réttar voru fluttar inn mat- og drykkjarvörur fyrir tæplega 20 milljarða króna, neysluvörur fyrir um 47 milljarða króna, hrá- og rekstrarvörur fyrir um 69 milljarða króna, eldsneyti fyrir rúmlega 27 milljarða króna, fjárfestingarvörur fyrir tæpa 67 milljarða króna, flutningatæki fyrir um 53 milljarða króna, þar af nam innflutningur bifreiða um 26 milljörðum króna.

Spá ráðuneytisins fyrir innflutning á árinu, sem birt var í október síðastliðnum, er tæpum sjö milljörðum minni en væntanleg niðurstaða. Möguleg ástæða fyrir þessum mun er hugsanlegt vanmat á eftirspurn eftir innfluttum varningi í tengslum við sterka stöðu krónunnar á lokamánuðum ársins. Ráðuneytið vinnur nú að nýrri þjóðhagsspá sem birt verður í lok mánaðarins.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar (%)	*2003-2004*	*2004-2005*
Skatttekjur alls	13,7	21,3
Skattar á tekjur og hagnað	13,3	24,6
Tryggingagjöld	10,3	16,4
Eignarskattar	44,2	31,6
Veltuskattar	12,7	19,5
Tekjur alls	8,0	45,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar (%)	*2003-2004*	*2004-2005*
Almenn mál	8,2	4,8
Félagsmál	9,2	6,4
Atvinnumál	1,9	-2,0
Vaxtagjöld	-6,1	35,7
Önnur útgjöld	6,0	63,4
Gjöld alls	6,9	8,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-8.177	21.461
Hreinn lánsfjárjöfnuður	9.557	70.420
Afborgun lána	-32.321	-61.597
Br. lánsfjárjöfnuður	-29.639	3.691
Lántökur	27.567	7.734
Greiðsluafkoma	-2.072	11.425

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar (%)	*2003-2004*	*2004-2005*
Verðbólga (des.)	3,9	4,1
Kjarnaverðb. 1 (des.)	3,5	4,6
Launavísitala (nóv.)	5,4	7,3
Heildarvelta (jan.-ág.)	9,6	9,2
Smás.velta (jan.-ág.)	4,3	6,3
Atvinnuleysi (nóv.)	2,8	1,7

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

12. janúar 2006

Árangursupplýsingar við fjárlagagerð

Margar vestrænar ríkisstjórnir hafa verið að þróa kerfisbundnar aðferðir til að tengja fjárveitingar ríkins við árangurinn sem sóst er eftir. Forsenda árangursfjárlagagerðar eru góðar upplýsingar um árangur af opinberri starfsemi og um kostnaðinn við að ná árangri. Það er hins vegar mismunandi hvernig reynt er að tengja saman árangur og fjárveitingar; hvers konar árangursupplýsingum er byggt á og hvers konar markmiðum er stefnt að.

Vönduð fjárlagagerð byggist á margvíslegum upplýsingum. Viðfangsefnið snýst ekki síst um að átta sig á því hvaða upplýsingar er æskilegt að leggja til grundvallar á hinum ýmsu stigum vinnunnar til að bæta ákvarðanatöku, hvernig hægt er að útvega þær og hverju má kosta til.

Þótt ríkin sem hafa unnið að því að taka upp árangursfjárlagagerð hafi ekki öll sama hátt á, hafi mislanga reynslu og hafi rekið sig á ýmislegt, halda þau öll ótrauð áfram á þróunarbrautinni. Þróun fjárlagagerðar lýkur ekki svo lengi sem fjárlagagerð er stunduð. Þessi mál hafa verið rædd reglulega á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eins og mörg önnur framfaramál sem stofnunin tekur upp. Nú hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) bæst í hóp þeirra aðila sem vilja taka þátt í að þróa árangursstjórnun og árangursfjárlagagerð, bæði vegna innri rekstrar sjóðsins og vegna ráðgjafar til stjórnvalda víða um heim. Nýlega hélt sjóðurinn ráðstefnu þar sem helstu sérfræðingar á þessu sviði báru saman bækur sínar. Ráðstefnan var liður í því að safna saman reynslu og gera fræðilegar úttektir sem miðast að því að þróa aðferðir við fjárlagagerð opinberra aðila.

Á fundinum var m.a. fjallað um reynslu Breta sem leggja áherslu á að bæta markmiðasetningu á öllum stigum ríkisrekstrar. Ætlast er til ráðuneytin útskýri að hverju skuli stefnt á mikilvægum sviðum og hverju það muni skila þjóðinni og einstökum hópum. Dæmi um markmið (Public Service Agreement targets) á sviði heilbrigðismála er að draga úr dauðsföllum af völdum hjartasjúkdóma hjá þeim sem eru undir 75 ára um 40% fyrir árið 2010. Árið 1998 þegar slík markmiðasetning var fyrst tekin upp voru markmiðin 600 að tölu. Markmiðin hafa verið endurskoðuð annað hvert ár og var fækkað niður í 110 árið 2004. Í öllum tilvikum á að vera ljóst hverjir svara fyrir framvindu einstakra markmiða, þannig að ábyrgðarkeðjan á alltaf að liggja fyrir. Það kostar alltaf eitthvað að ná settum markmiðum og þótt markmið og árangursupplýsingar séu meðal þess sem lagt er til grundvallar við fjárlagagerð ríkisins eru engin sjálfvirk tengsl á milli markmiðasetningar og fjárveitinga. Vegna mikilvægis árangursupplýsinga er áríðandi að þær séu traustar og er ýmsum aðferðum beitt til að sannreyna þær og gera úttektir á árangri. Sömuleiðis er lögð áhersla á að koma árangursupplýsingum á framfæri við almenning og aðra sem láta sig þessi mál varða.

Þá var á fundinum sagt frá kerfisbundnu mati á verkefnum bandarísku alríkisstjórnarinnar (PART) sem felst í því að taka hvert og eitt verkefni fyrir með því að svara 30 spurningum varðandi tilgang, skipulag, stjórnun og árangur. Tilgangurinn er að bæta ábyrgð, ákvarðanir um fjárveitingar og framkvæmd verkefnanna. Með þessu er komið á formlegum tengslum milli umfjöllunar um árangur verkefna og um fjárveitingar án þess þó að gera tengslin sjálfvirk. Helstu áhrif kerfisins hafa verið þau að auka vægi stjórnunar- og fjárlagaskrifstofu Bandaríkjastjórnar auk þess sem kerfið hefur haft áhrif á mælingar á starfsemi ríkisins og söfnun starfsemistalna, beint athyglinni að starfsemi og sviðum sem þarf að endurmeta frá grunni og eflt árangursstjórnun, svo það helsta sé nefnt.

Töluvert var fjallað um notkun árangursmælinga til að deila fyrirfram ákveðinni fjárveitingu út á milli stofnana með svokölluðum reiknilíkönum (formula funding). Mörg lönd styðjast við þannig aðferðir vegna ákvarðana um fjármögnun skóla og heilbrigðisstofnana. Á ráðstefnunni var tekið dæmi um fjármögnun háskóla í Eþíópíu sem nýlega var breytt með hliðsjón af fyrirkomulagi í Bretlandi og fleiri löndum. Þar greiðir ríkið einingarframlag á hvern nemanda í fullu háskólanámi en þeir sem eru í hlutanámi greiða námið sjálfir. Framlagið er reiknað út frá fáum og einföldum forsendum, enda talið að flóknar forsendur og útreikningar leiði ekki til réttlátari skiptingar fjárveitinga á milli skóla. Framlag er mishátt eftir fræðasviðum en óháð því í hvaða skóla kennslan fer fram. Munur á lægsta og hæsta framlagi er sjöfaldur og er dýrasta námið doktorsnám sem krefst aðstöðu á tilraunastofum. Eingöngu er greitt fyrir nemendur sem ljúka námsári og einungis greitt með hverjum nemanda í ákveðinn árafjölda. Reynslan af notkun reiknilíkana bendir almennt til að þau hafi marga góða kosti en geti verið afar flókin í framkvæmd þar sem þau krefjast yfirleitt aukins eftirlits með árangri, breytinga á hvatningu stjórnenda og formlegrar endurskoðunar á mælingum til að staðfesta tölur.

Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2006

Á árinu 2006 verður ritið Þjóðarbúskapurinn gefið út fjórum sinnum í stað þriggja útgáfna undanfarin ár. Þá verður útgáfan með aðeins öðrum hætti en verið hefur. Á vetrar- og sumarmánuðum verða gefnar út endurskoðaðar þjóðhagsspár til tveggja eða þriggja ára í senn. Þessar skýrslur verða styttri en verið hefur, með færri töflum í viðauka og verða einungis birtar á vef fjármálaráðuneytisins. Fleiri töflur verða þó uppfærðar á vef ráðuneytisins í tengslum við útgáfuna. Í vetrarskýrslu verður þjóðhagsspáin uppfærð í ljósi ákvarðana Alþingis um fjárlög og fjáraukalög til viðbótar við nýjar upplýsingar um efnahagsþróun. Á vor- og haustmánuðum verða gefnar út ítarlegri spár með áherslu á framvindu efnahagslífsins til meðallangs tíma, eða fjögurra til fimm ára í senn, og ítarlegum töfluviðauka. Á haustmánuðum er jafnframt birt spá á grundvelli nýrra forsendna um ríkisfjármálin sem felast í fjárlagafrumvarpinu. Vor- og haustskýrslur verða gefnar út á prentuðu formi. Útgáfuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir ritið Þjóðarbúskapurinn er sem hér segir fyrir árið 2006:

24. janúar 2006	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2005 – 2007
25. apríl 2006	Þjóðhagsspá fyrir árin 2006 – 2010
20. júní 2006	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2006 – 2007
2. október 2006	Þjóðhagsspá fyrir árin 2006 – 2010

Val á ríkisstofnun til fyrirmyndar

Hafinn er undirbúningur að vali á ríkisstofnun sem skarar fram úr og er til fyrirmyndar í starfi sínu, en fjármálaráðherra mun í vor í sjötta sinn veita slíka viðurkenningu. Kvennaskólinn í Reykjavík hlaut viðurkenninguna árið 1996 er hún var veitt í fyrsta sinn, árið 1998 hlaut Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi viðurkenninguna, árið 2000 fékk Landgræðsla ríkisins hana, Orkustofnun árið 2002 og ÁTVR 2004. Ráðgert er jafnframt að veita einni stofnun hvatningarverðlaun en slík verðlaun hlaut Sjúkrahúsið og heilsugæslan á Akranesi árið 2004.

Við mat á stofnunum verður fyrst og fremst horft á stjórnun þeirra. Skoðað verður að hverju er stefnt (markmið, hlutverk o.fl.), hvaða stjórnunaraðferðir eru notaðar (ferlar, starfsmannamál, fjármálastjórn o.fl.), hvernig stjórnendur og starfsmenn geta vitað að aðferðirnar skili árangri og stefnumörkunin sé rétt (endurgjöf frá notendum og starfsmönnum, gæðamat o.fl.) og loks verður skoðað hvaða aðferðir stofnanir nota til að þróast og bæta árangur sinn í síbreytilegu umhverfi (stefnumótandi vinna, geta og vilji til þess að breyta o.fl.) Stofnanir með rekstrarhalla koma ekki til álita nema sýnt sé fram á að ástæðan hafi verið ófyrirsjáanleg og utan valdsviðs stjórnenda hennar.

Verðlaunin verða veitt í maí nk. Fjármálaráðuneytið ráðgerir að halda ráðstefnu um stjórnun ríkisstofnana í kjölfarið.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Skatttekjur alls	13,7	21,3
Skattar á tekjur og hagnað	13,3	24,6
Tryggingagjöld	10,3	16,4
Eignarskattar	44,2	31,6
Veltuskattar	12,7	19,5
Tekjur alls	8,0	45,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Almenn mál	8,2	4,8
Félagsmál	9,2	6,4
Atvinnumál	1,9	-2,0
Vaxtagjöld	-6,1	35,7
Önnur útgjöld	6,0	63,4
Gjöld alls	6,9	8,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-8.177	21.461
Hreinn lánsfjárjöfnuður	9.557	70.420
Afborgun lána	-32.321	-61.597
Br. lánsfjárjöfnuður	-29.639	3.691
Lántökur	27.567	7.734
Greiðsluafkoma	-2.072	11.425

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (jan. '06)	4,0	4,4
Kjarnaverðb. 1 (jan. '06)	4,0	4,3
Launavísitala (nóv. '05)	5,4	7,3
Heildarvelta (jan.-ág. '05)	9,6	9,2
Smás.velta (jan.-ág. '05)	4,3	6,3
Atvinnuleysi (nóv. '05)	2,8	1,7

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

19. janúar 2006

Skattar hafa lækkað

Hér á landi er við lýði svokallað stighækkandi (progressive) skattakerfi. Um er að ræða eitt almennt skatthlutfall og persónuafslátt. Til viðbótar fá sumir skattgreiðendur barna- og vaxtabætur. Stighækkandi skattakerfi þýðir að sá sem er með hærri tekjur greiðir hærri skatta, bæði í krónutölu og sem hlutfall af skattstofni en sá sem er með lægri tekjur. Það þýðir jafnframt að ef tekjur hækka milli ára þá hækkar skatturinn ef reglum er ekki breytt að öðru leyti.

Frá því að núgildandi skattkerfi var tekið upp með staðgreiðslunni 1988 hafa verið gerðar margs konar breytingar á því, en því hefur ekki verið breytt í meginatriðum. Skatthlutföll ríkis og sveitarfélaga hafa breyst. Útsvarshlutfallið var 6,7% í upphafi en er núna 12,97%. Skatthlutfall tekjuskatts fór hækkandi til ársins 1996 en hefur síðan verið lækkað. Fyrsta lækkunin var vegna yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna en það hefur síðan haldið áfram að lækka og aldrei verið lægra en það er nú, 23,75%. Á næsta ári mun það svo lækka enn og verður þá 21,75%. Persónuafslátturinn og breyting hans hefur að hluta til verið látin taka breytingum í samtengingu við breytingu skattahlutfallsins, þannig var persónuafsláttur lækkaður að krónutölu frá 1996 til 1999, en á sama tíma var skatthlutfallið lækkað. Samspil þessara þátta, og þá sérstaklega barna- og vaxtabætur og breyting þeirra leiðir svo til endanlegrar niðurstöðu varðandi skatta sem greiddir eru. Það eru einkum vaxtabæturnar sem gerðar hafa verið breytingar á en báðar hafa mikil áhrif á endanlega niðurstöðu að því er skattbyrðina varðar, sérstaklega hjá þeim sem lægstar tekjur hafa.

Mynd 1 Hlutfall skatta til ríkisins af mánaðarlegum tekjum



Enda þótt persónuafsláttur nái bæði til útsvars og tekjuskatts til ríkisins þá greiðir ríkissjóður útsvar þeirra sem hafa tekjur neðan skattleysismarka. Ríkið fær því í raun ekki tekjur fyrr en viðkomandi einstaklingur hefur náð því tekjumarki að endanlegt skatthlutfall hans af tekjuskattstofni er orðið hærra en sem nemur útsvarshlutfallinu. Mynd 1 sýnir hversu hátt hlutfall af tekjum einstaklingur greiðir til ríkisins í skatta annars vegar miðað við skattareglur sem giltu árið 1994 og hins vegar miðað við þær skattareglur sem gilda í dag. Til einföldunar er hér miðað við einstakling en ekki hjón, vegna þess að á tímabilinu hefur reglum um yfirfærðan persónuafslátt milli samskattaðra verið breytt og er hann nú að fullu yfirfæranlegur en árið 1994 var hann einungis 80% yfirfæranlegur. Eins og sjá má munar töluvert miklu á skatthlutfallinu á þessum tveimur árum. Árið 1994 greiddi einstaklingur með 160.000 kr meðaltekjuskattstofn á mánuði 18,2% í skatt til ríkisins en í dag greiðir hann 5,6% af tekjuskattstofni. Ef tekið væri tillit til yfirfærslu grunnskólans hefði greiðsla til ríkisins numið 15,5%. Skattalækkunin nemur því um 10% af tekjum þessa einstaklings.

Eins og áður sagði er íslenska skattakerfið þannig að eftir því sem tekjur eru hærri þeim mun meiri skattar eru greiddir. Í uppsveiflu hækka skattar því óhjákvæmilega. Í lægstu tekjuhópunum er skattbyrði mun háðari breytingum á millifærsluliðum (vaxta- og barnabótum) en í hærri tekjuhópunum. Mynd 2 sýnir að þrátt fyrir þá þróun persónuafsláttar, barna- og vaxtabóta sem oft er gagnrýnd hefur sá hópur hjóna sem skipar sér í lægstu tekjutíundina búið við stöðuga aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna og eru þær nú 28% hærri en 1994.

Mynd 2 Kaupmáttur ráðstöfunartekna lægstu tekjutíundar



Hækkandi útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála

Samkvæmt fjárlögum 2006 munu útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála nema rúmlega 73 milljörðum króna. Þeir liðir sem til heyra þessum málaflokki eru meðal annars elli- og örorkulífeyrir Tryggingastofnunar, barnabætur, sjúkrabætur, mæðrabætur, málefni fatlaðra, atvinnuleysisbætur og önnur félagsleg aðstoð. Útgjöld til málaflokksins hafa rúmlega tvöfaldast frá árinu 1998 miðað við fjárlög 2006. Sé tekið tillit til áætlað verðlags 2006 er aukningin á sama tímabili 45%. Í málaflokknum vega þyngst útgjöld til elli-, örorku- og ekknalífeyris en sá liður hefur hækkað um 52%. Skýrist það af mikilli fjölgun örorkulífeyrisþega og hækkun lífeyris. Einna mest hafa útgjöld til sjúkra-, mæðra- og örorkubóta hækkað eða um 181% frá árinu 1998. Sem fyrr er það mikil fjölgun örorkulífeyrisþega sem skýrir þá hækkun. Einnig hafa útgjöld til málefni fatlaðra hækkað mikið eða um 61% á umræddu tímabili. Að hluta til er hækkunin vegna fólksfjölgunar. Útgjöld á mann hafa þó hækkað umtalsvert eða um 33% á árunum 1998 til 2006 m.v. áætlað fast verðlag ársins 2006.

Mynd 1 Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála



Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Skatttekjur alls	13,7	21,3
Skattar á tekjur og hagnað	13,3	24,6
Tryggingagjöld	10,3	16,4
Eignarskattar	44,2	31,6
Veltuskattar	12,7	19,5
Tekjur alls	8,0	45,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Almenn mál	8,2	4,8
Félagsmál	9,2	6,4
Atvinnumál	1,9	-2,0
Vaxtagjöld	-6,1	35,7
Önnur útgjöld	6,0	63,4
Gjöld alls	6,9	8,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-8.177	21.461
Hreinn lánsfjárjöfnuður	9.557	70.420
Afborgun lána	-32.321	-61.597
Br. lánsfjárjöfnuður	-29.639	3.691
Lántökur	27.567	7.734
Greiðsluafkoma	-2.072	11.425

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (jan. '06)	4,0	4,4
Kjarnaverðb. 1 (jan. '06)	4,0	4,3
Launavísitala (nóv. '05)	5,4	7,3
Heildarvelta (jan.-ág. '05)	9,6	9,2
Smás.velta (jan.-ág. '05)	4,3	6,3
Atvinnuleysi (des. '05)	2,7	1,5

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Endurskoðuð þjóðhagsspá 2005-2007

Spáin er í meginatriðum samhljóða haustspá fjármálaráðuneytisins. Nú er áætlað að landsframleiðslan hafi aukist um 5,1% árið 2005 vegna kröftugs vaxtar þjóðarútgjalda, bæði einkaneyslu og fjárfestingar. Á móti hafði aukinn innflutningur, samdráttur í útflutningi sjávarafurða og seinkun hluta stóriðjuframkvæmda áhrif til að draga úr hagvextinum það ár. Í ár er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði áfram umtalsverður eða 5%, en á móti hægir á vexti þjóðarútgjalda og aukinn útflutningur áls fer að segja til sín. Spáð er að verulega dragi úr umsvifum árið 2007 en að áframhaldandi bati í utanríkisviðskiptum knýi hagvöxtinn sem verði 2,6% það ár. Viðskiptahallinn náði hámarki í fyrra þegar hann var 15% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að hann dragist saman í ár og verði 13% en minnki síðan hratt árið 2007 þegar því er spáð að hann verði um 6% af landsframleiðslu. Atvinnuleysi hefur minnkað ört og áætlað er að það verði 1,7% af vinnuafli í ár en aukist í 2,6% árið 2007 þegar hægir á í efnahagslífinu. Nokkurrar framleiðsluspennu verður vart í hagkerfinu í ár en gert er ráð fyrir að hún minnki hratt í kjölfar mestu framkvæmdanna. Ör hækkun fasteignaverðs leiddi til þess að vísitala neysluverðs hækkaði um 4% árið 2005 en það er umfram 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans. Samkvæmt spánni verður verðbólga 3,9% í ár. Búist er við að fasteignaverð hafi náð hámarki en á móti lækki gengi krónunnar innan ársins. Spáð er 4% verðbólgu árið 2007 vegna áframhaldandi gengislækkunar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum stóriðjuframkvæmdum í þjóðhagsspánni en þeim sem þegar hafa verið ákveðnar. Helsti óvissuþáttur í þjóðhagsspánni varðar gengi krónunnar.

Hagvöxtur, vöxtur þjóðarútgjalda og viðskiptajöfnuður 1995-2007



Skuldir ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa lækkað um helming á fimm árum. Í árslok 2001 námu skuldir ríkissjóðs 40% af VLF en í árslok 2005 um 20%. Á sama tíma hafa erlendar skuldir lækkað um 67%, frá því að vera rúmlega 26% af VLF í árslok 2001 í tæplega 9% um sl. áramót. Heildarskuldir ríkissjóðs námu í árslok 2005 196,5 milljörðum króna, þar af námu erlendar skuldir 85,5 milljörðum króna.

Erlendar skuldir hafa verið greiddar niður eftir því sem aðstæður hafa leyft með því að nota andvirði einkavæðingar og greiða afborganir ríkissjóðs. Hlutfall erlendra skulda af heildarskuldum hefur því lækkað jafnt og þétt, frá því að vera rúmlega 66% í árslok 2001 í rúmlega 43% í árslok 2005. Mest var þó lækkunin á árinu 2005. Bæði styrktist krónan á árinu gagnvart erlendum gjaldmiðlum en einnig var um verulegar uppgreiðslur að ræða. Fjármálaráðuneytið kynnti í upphafi síðasta árs að erlend lán að andvirði 5 milljarðar króna yrðu ekki endurfjármögnuð. Um vorið var sú

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF 2001-2005



fjárhæð aukin um rúmlega 6 milljarða króna og um sumarið um 3 milljarða króna til viðbótar. Í september sl. var síðan tilkynnt um aukin kaup gjaldeyris á millibankamarkaði að jafnvirði 10 milljarða króna. Í september var um helmingur söluandvirðis Símans greiddur í erlendri mynt, að andvirði um 32 milljarðar króna. Ákveðið var að þeim fjármunum yrði að öllu leyti varið til niðurgreiðslu erlendra skulda. Niðurgreiðsla erlendra skulda á árinu 2005 nam um 48 ma.kr. en að auki átti ríkissjóður að jafnvirði um 9 milljarða króna á innlendum gjaldeyrisreikningum í árslok 2005 sem mun verða nýtt til niðurgreiðslu erlendra skulda á árinu 2006. Erlend lán á gjalddaga 2006 nema að jafnvirði tæplega 20 milljörðum króna og er áætlað að þau verði ekki endurfjármögnuð. Því er gert ráð fyrir að hlutfall erlendra skulda af heildarskuldum ríkissjóðs muni halda áfram að lækka.

Þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2005

Í viðaukatöflu 3 með endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er að finna yfirlit yfir þróun þjóðhagsspáa ráðuneytisins. Athyglisvert er að skoða þróunina fyrir árið 2005 frá því að fyrst var spáð fyrir það ár í október 2003 og til dagsins í dag. Hagvexti árið 2005 var fyrst spáð að verða 5,5% en í janúar 2004 var spáin hins vegar lækkuð í 3,5%. Spáin hækkaði í 5% á ný í maí 2004 og stóð óhreyfð í október það ár. Hins vegar tók spáin að hækka árið 2005 og endaði í 6% í október það ár. Í nýbirtri endurskoðaðri þjóðhagsspá er áætlað að hagvöxtur hafi verið 5,1% í fyrra. Það er athyglisvert hve margvíslegar ástæður liggja að baki einstökum spám. Í ársbyrjun 2004 var enn óvissa með einstakar stóriðjuframkvæmdir á árinu 2005, en sú óvissa minnkaði og spár um vöxt fjárfestingar hækkuðu þegar leið á tímabilið. Í lok árs 2005 kom í ljós að fjárfesting myndi vaxa eitthvað minna vegna tafa í jarðgangagerð. Vegna aukinna umsvifa og hækkandi stýrivaxta Seðlabankans tók gengi krónunnar að styrkjast umfram væntingar og það hafði áhrif til að auka á einkaneyslu og innflutning. Þá drósti framleiðsluverðmæti sjávarafurða saman árið 2005 og það hafði áhrif til að útflutningur drósti saman á milli ára. Í september 2005 innleiddi Hagstofa Íslands nýja aðferð, árlega keðjutengingu, við að meta magnbreytingu í þjóðhagsreikningum í stað þess að nota fast grunnár, en það hafði áhrif á mælda hagþróun. Spár ráðuneytisins yfir þetta tímabil fyrir hagvöxt árið 2005 voru að mestu á bilinu 5% til 6%. Eins og ofan greinir voru margþætt og breytileg atriði sem lágu að baki spám ráðuneytisins. Þá má geta þess að spár ráðuneytisins um verðbólgu árið 2005 byrjuðu í 3% en hækkuðu smám saman upp í um 4% í apríl 2005 og sú spá var óbreytt í október það ár. Það varð niðurstaðan. Hagstofa Íslands mun birta áætlun um hagvöxt ársins 2005 í mars nk.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Skatttekjur alls	13,7	21,3
Skattar á tekjur og hagnað	13,3	24,6
Tryggingagjöld	10,3	16,4
Eignarskattar	44,2	31,6
Veltuskattar	12,7	19,5
Tekjur alls	8,0	45,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Almenn mál	8,2	4,8
Félagsmál	9,2	6,4
Atvinnumál	1,9	-2,0
Vaxtagjöld	-6,1	35,7
Önnur útgjöld	6,0	63,4
Gjöld alls	6,9	8,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-8.177	21.461
Hreinn lánsfjárjöfnuður	9.557	70.420
Afborgun lána	-32.321	-61.597
Br. lánsfjárjöfnuður	-29.639	3.691
Lántökur	27.567	7.734
Greiðsluafkoma	-2.072	11.425

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (jan. '06)	4,0	4,4
Kjarnaverðb. 1 (jan. '06)	4,0	4,3
Launavísitala (des. '05)	6,0	7,2
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atvinnuleysi (des. '05)	2,7	1,7

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

2. febrúar 2006

Hver eru skattleysismörkin?

Í umræðu undanfarinna vikna um skattamál hefur stundum borið á því að ekki sé ljóst hver er munurinn á persónuafslætti annars vegar og skattleysismörkum hins vegar. Skattstig staðgreiðslu í ár er 36,72% (23,75% tekjuskattur + 12,97% meðalútsvar). Samkvæmt lögum um tekjuskatt er persónuafsláttur í dag 348.348 krónur á ári eða 29.029 krónur á mánuði. Skatturinn er reiknaður þannig að fyrst er skatthlutfallið dregið af skattstofninum og síðan dregst persónuafslátturinn frá reiknuðum skatti. Ef reiknaður skattur er lægri upphæð en nemur persónuafslættinum kemur ekki til skattgreiðslu. Það þýðir að tekjuskattstofn má nema allt að 79.055 krónum á mánuði áður en byrjað er að greiða skatt. Skattleysismörkin fara því annars vegar eftir skatthlutfallinu en hins vegar eftir upphæð persónuafsláttarins. Ef skatthlutfallið lækkar hækka skattleysismörkin og það gera þau líka ef persónuafslátturinn hækkar. Frá því staðgreiðsla skatta var tekin upp hafa verið gerðar breytingar bæði á skattahlutfalli og persónuafslætti með samsvarandi breytingum á skattleysismörkum. En sagan er ekki öll sögð. Fyrir þá sem ekki greiða í lífeyrissjóð eru skattleysismörkin nú 79.055 kr. Fyrir launþega eru þau hærri en það. Sá munur stafar af því að 4% skylduiðgjald launþega í lífeyrissjóð er undanþegið skatti. Svo var ekki í upphafi staðgreiðslunnar. Laun sem ekki er greiddur skattur af geta þannig numið 82.349 krónum á mánuði. Ef launamaður greiðir í frjálsan lífeyrissparnað, allt að 4% til viðbótar við hinn lögbundna, er heimilt að bæta því við. Skattleysismörkin geta því numið allt að 85.929 krónum á mánuði. Um næstu áramót lækkar tekjuskattur úr 23,75% í 21,75%. Við það munu skattleysismörkin hækka enn frekar, eða um 5,8%. Þegar tekið hefur verið tillit til 2,25% hækkunar persónuafsláttar munu skattleysismörk samtals hækka um 8,1% að nanfvirði árið 2007. Meðfylgjandi mynd lýsir þróun skattleysismarkanna.

Þróun skattleysismarka 1994-2007



Þegar málið er skoðað frá sjónarhóli ríkissjóðs kemur í ljós að þótt launþegi borgi ekki neina skatta meðan tekjur hans eru neðan skattleysismarka þá fær það sveitarfélag sem hann býr í útsvar af öllum tekjunum. Ríkið greiðir nefnilega útsvar þeirra sem eru með laun neðan þessara marka. Útsvar sveitarfélaga er dæmi um flatan skatt án skattleysismarka frá sjónarhóli sveitarfélaganna. Þegar laun fara upp fyrir skattleysismörkin byrjar greiðsla launþegans til sveitarfélagsins en ríkið fær ekki greiddan tekjuskatt fyrr en launamaðurinn borgar allt sitt útsvar sjálfur. Sé miðað við árið í ár eru þessi mörk þegar tekjuskattstofn nemur 122.227 kr á mánuði. Sé miðað við lögbundið iðgjald til lífeyrissjóðs eru skattleysismörk gagnvart ríkissjóði 127.390 krónur á mánuði en geta farið í allt að 132.855 króna laun á mánuði með frjálsum lífeyrissparnaði.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2005 liggur nú fyrir.

Heildaryfirlit. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri innan ársins jákvæð um 32 milljarða króna, sem er jafnframt 32 milljörðum króna meiri aukning innan ársins en í fyrra. Ekki er dæmi um jafn jákvæða útkomu um áratugaskeið. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 82 milljarða króna miðað við 22 milljarða í fyrra. Frávik frá fyrra ári skýrast að miklu leyti af 56,8 ma.kr. söluhagnaði vegna Landssímans hf. svo og 5,6 milljarða króna fjármagnstekjuskatti vegna sölunnar, sem færist bæði sem gjöld og tekjur. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 50 ma.kr. Þar munar mest um 66 ma.kr. söluandvirði Landssímans hf., en á móti vegur 32 ma.kr. lækkun vegna sérstaks samkomulags um ávöxtun fjár hjá Seðlabanka Íslands.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 399,3 ma.kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 118,6 ma.kr. frá árinu á undan, eða um 42,2% og er það í samræmi við áætlanir. Skatttekjur ríkissjóðs námu 314,8 ma.kr. og hækkuðu um 20,7% frá fyrra ári. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 4% á tímabilinu þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 16,1%. Þess má geta að þessi þróun er í takt við endurskoðaða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kom út 24. janúar síðastliðinn en þar er m.a. gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld hafi aukist um 14% að raungildi á árinu 2005.

Skattar á tekjur og hagnað námu 102,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 18,9 ma.kr. frá fyrra ári. Þar munar mest um tæplega 8 ma.kr. aukna innheimtu tekna af fjármagnstekjuskatti sem að mestu skýrist með sölu Landssímans hf. og svo 6,4 ma.kr. aukna innheimtu tekjuskatta einstaklinga. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig á milli ára, eða um 16,2% en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,8% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 14,9 ma.kr. í desemberlok sem er aukning um 23,7% og jafngildir 19% raunhækkun. Þar munar mest um aukna innheimtu stimpilgjalda en þau hafa aukist um 42,9% á milli ára enda voru fasteignaviðskipti sem og endurfjármögnun húsnæðislána mikil á árinu. Aðrar rekstrartekjur námu ríflega 25,2 ma. kr. og jukust um 6,1 ma.kr. milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum hf. og sektargreiðslum olíufélaganna.

Þróun almennra veltuskatta og þá sérstaklega virðisaukaskattsins gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hækkuðu almennir veltuskattar um 20,3% á árinu 2005 frá árinu á undan, eða sem nemur 15,6% raunhækkun. Þar munar mest um 22,1% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti sem jafngildir 17,4% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að umtalsverð aukning varð í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða 68,8% en hana má fyrst og fremst rekja til aukins innflutnings bifreiða.

Greidd gjöld námu 308,4 ma.kr. og hækkuðu um 28 ma.kr. frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 ma.kr. af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatts af söluhagnaði Símans og 4,6 ma.kr. af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 17,8 ma.kr. eða 6,7% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 195,7 ma.kr. sem er nálægt ⅔ af heildargjöldunum. Þar kemur fram 12,6 ma.kr. króna hækkun milli ára, eða tæp 7%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 5,2 ma.kr. og 4,2 ma.kr. vegna fræðslumála sem er 15,7% hækkun milli ára. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar minna, eða um 1,5 ma.kr. frá því í fyrra. Hækkun annarra málaflokka er mun minni, nema hvað greiðsla söluandvirðis Lánasjóðs landbúnaðarins til Lífeyrissjóðs bænda veldur 2,6 milljarða hækkun á greiðslum til landbúnaðarmála.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Skatttekjur alls	13,1	20,7
Skattar á tekjur og hagnað	10,7	22,7
Tryggingagjöld	11,1	16,2
Eignarskattar	38,8	23,7
Veltuskattar	13,4	20,3
Tekjur alls	8,1	42,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Almenn mál	3,7	7,9
Félagsmál	6,4	6,9
Atvinnumál	2,6	4,6
Vaxtagjöld	-12,5	35,2
Önnur útgjöld	3,2	49,3
Gjöld alls	4,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember		
Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-292	32.014
Hreinn lánsfjárjöfnuður	22.408	81.888
Afborgun lána	-32.477	-62.305
Br. lánsfjárjöfnuður	-17.569	14.101
Lántökur	25.867	10.234
Greiðsluafkoma	8.298	24.335

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (jan. '06)	4,0	4,4
Kjarnaverðb. 1 (jan. '06)	4,0	4,3
Launavísitala (des. '05)	6,0	7,2
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atvinnuleysi (des. '05)	2,7	1,7

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

9. febrúar 2006

Ný stefna fjármálaráðuneytisins tekur gildi

Nýlega lauk í fjármálaráðuneytinu stefnumótunarvinnu sem m.a. fól í sér að hlutverk, markmið, gildi og framtíðarsýn ráðuneytisins voru endurskilgreind í ljósi margvíslegra breytinga sem orðið hafa á starfsumhverfi ráðuneytisins á síðustu árum.

Samkvæmt stefnu fjármálaráðuneytisins eru meginmarkmið ráðuneytisins og viðmið í starfsemi þess eftirfarandi:

- stöðugleiki í efnahagslífi og góð lífskjör í landinu,
- jafnvægi ríkissjóðs til lengri tíma litið,
- hagkvæmt og skilvirkt skattaumhverfi,
- ábyrg og árangursrík stjórn ríkisfjármála,
- gagnsær rekstur ríkisins og einfalt skipulag,
- að ríkið hafi á að skipa starfsfólki í fremstu röð sem býr við gott starfsumhverfi,
- að ráðuneytið veiti örugga þjónustu með áherslu á fagleg vinnubrögð.

Framtíðarsýn ráðuneytisins er sem hér segir:

- Fjármálaráðuneytið vill auka samkeppnishæfni íslensks samfélags og stuðla að bættum lífskjörum í landinu.
- Fjármálaráðuneytið vill vera vettvangur nýrra hugmynda og aðferða við úrlausn opinberra verkefna.
- Fjármálaráðuneytið vill vera eftirsóttur vinnustaður með hæfu og vel menntuðu starfsfólki.

Nálgast má nánari upplýsingar um stefnu ráðuneytisins á vefsíðu þess (hér).

Innflutningur í janúar 2006

Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts reyndist vöruinnflutningur nema um 25,5 milljörðum króna í janúar. Tólf mánaða hækkun, miðað við þriggja mánaða staðvirt meðaltal var því um 41%.

Innflutningur dregst yfirleitt saman í janúarmánuði út af lokum jólaverslunar en í ár gekk það ekki eftir. Innflutningur jókst nokkuð milli desember og janúar eða um 2,5 milljarða en án skipa og flugvéla var aukning nokkuð minni. Mikilvægur þáttur í auknu innflutningsverðmæti milli mánaða eru kaup á eldsneytisbirgðum. Að auki jókst innflutningur á unnum rekstrarvörum. Talsvert minna var flutt inn af neysluvörum í janúar en þar er á ferðinni árstíðarsveifla í kjölfar jólaverslunar. Innflutningur á bifreiðum stóð í stað en telst þó enn vera á nokkuð háu stigi miðað við innflutning fyrri ára. Nokkur aukning var hins vegar í innflutningi á flutningstækjum til atvinnurekstrar. Innflutningur á fjárfestingarvörum minnkaði aðeins frá því í desember 2005 en er þó talsvert meiri en hann var í janúar 2005.

Á heildina litið virðist innflutningur enn vera nokkuð mikill í janúar og sýnir ekki mörg merki um að minnka í bráð. Almennt séð er þó gert ráð fyrir hægari vexti innflutnings á árinu, í takt við þróun stóriðjuframkvæmda og væntа gengislækkun krónunnar.

Vöruinnflutningur að raunvirði



Afnám eignarskatts er mikil kjarabót fyrir aldraða

Eins og kunnugt er var eignarskattur lagður af um síðastliðin áramót. Nýlega svaraði fjármálaráðherra fyrirspurn um hlut eldri borgara í greiðslu eignarskattsins. Í svari hans kom fram að við síðustu álagningu var þeim sem eru 67 ára og eldri ætlað að greiða um 650 m.kr. í eignarskatt en álagning hans á einstaklinga nam alls 2,8 milljörðum króna.

Eins og víða annars staðar hafa Íslendingar bætt við sig eignum eftir því sem þeir eldast. Þetta á þó síður við elstu núlifandi kynslóð, þá sem fæddir eru fyrir 1930, en þeir eiga minni eignir en þær kynslóðir sem á eftir koma. Stafar þetta m.a. af því að þegar elsta kynslóðin var á þeim aldri sem fólk eykur eignir sínar mest voru minni tækifæri til eignamyndunar vegna þess að ekki var hægt að verðtryggja sparnað. Auk þess var þjóðin mun efnaminni þegar þessi kynslóð var upp á sitt besta á vinnumarkaði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hve miklu máli afnám eignarskattsins skiptir eldri borgara. Enda þótt eignarskattur á mann hafi verið hæstur hjá fólki á sextugs- og sjötugsaldri þá var hann hærra hlutfall af tekjum hjá þeim sem eru enn eldri sem endurspeglar áhrifin af lægri tekjum þeirra. Þannig nam eignarskattur sem lagður var á fólk sem fætt er á þriðja áratug síðustu aldar 1,2% af heildartekjum. Afnám hans hjá þessum hópi eykur ráðstöfunartekjur hjóna um rúmlega 1,1% en einhleypra um 1,7%.

Eignarskattur árið 2005 eftir aldri framteljenda



Spá um framboð vinnuafls 2006

Fjármálaráðuneytið gerir spár um framboð vinnuafls í þjóðhagsspá og sú spá er grunnur atvinnuleysishlutfallsins sem Vinnumálastofnun gefur út í hverjum mánuði. Áætlunin er gerð í ársverkum en þau eru mat á vinnumagni. Í spá ráðuneytisins fyrir árið í ár er áætlað að framboðið vinnuafl (sem eru bæði starfandi og atvinnulausir) aukist um 3,0% frá fyrra ári. Vinnuaflið óx hins vegar um 4% árið 2005 sem er mun meira en áætlað var í upphafi árs. Það sem útskýrir fjölgunina í ár er bæði fjölgun fólks á starfsaldri og nokkur aðflutningur erlends vinnuafls til Austfjarða. Þess má geta að framboð vinnuafls sveiflast yfir árið. Það er minnst yfir vetrartímann og mest yfir hásumarið. Nánari upplýsingar er að finna í töflu sem sýnir áætlað framboð vinnuafls mælt í ársverkum eftir landshlutum, kyni og mánuðum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Skatttekjur alls	13,1	20,7
Skattar á tekjur og hagnað	10,7	22,7
Tryggingagjöld	11,1	16,2
Eignarskattar	38,8	23,7
Veltuskattar	13,4	20,3
Tekjur alls	8,1	42,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Almenn mál	3,7	7,9
Félagsmál	6,4	6,9
Atvinnumál	2,6	4,6
Vaxtagjöld	-12,5	35,2
Önnur útgjöld	3,2	49,3
Gjöld alls	4,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember

Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-292	32.014
Hreinn lánsfjárjöfnuður	22.408	81.888
Afborgun lána	-32.477	-62.305
Br. lánsfjárjöfnuður	-17.569	14.101
Lántökur	25.867	10.234
Greiðsluafkoma	8.298	24.335

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (jan. '06)	4,0	4,4
Kjarnaverðb. 1 (jan. '06)	4,0	4,3
Launavísitala (des. '05)	6,0	7,2
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atvinnuleysi (des. '05)	2,7	1,7

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

16. febrúar 2006

Viðmið fyrir góða starfshætti ríkisstarfsmanna

Verkefni þeirra, sem ráðnir eru í þjónustu ríkisins, eru margbreytileg og snerta hagsmuni borgaranna með ólíkum hætti. Sum þeirra fela í sér meðferð opinbers valds, en þ. á m. er t.d. löggæsla eða þegar stjórnvald tekur ákvörðun um réttindi eða skyldur borgaranna. Önnur snúast um framkvæmd opinberrar þjónustu, t.d. á sviði menntunar og heilsugæslu. Ýmsar skráðar og óskráðar reglur geyma ákveðin viðmið um það hvernig ríkisstarfsmenn skuli sinna störfum sínum. Markmið þeirra er að stuðla að því að sú þjónusta sem veitt er hverju sinni sé í þágu borgaranna og lýðræðissjónarmiða. Það gefur augaleið að þýðingarmikið er að viðmiðin séu sem skýrust og að almenn vitneskja sé um þau.

Fjármálaráðuneytið hefur tekið saman leiðbeiningar um viðmið fyrir góða starfshætti ríkisstarfsmanna. Viðmiðin hafa verið sett fram í formi dreifibréfs sem geymir kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til starfa og háttsemi ríkisstarfsmanna og fram koma í skráðum og óskráðum réttarreglum, svo sem lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og lögum um fjárreiður ríkisins. Dreifibréfinu er ætlað að veita almennar leiðbeiningar um þau viðmið sem ríkisstarfsmönnum ber að fylgja við störf sín.

Dreifibréfið er ekki tæmandi. Gert er ráð fyrir því að reglurnar kunni eftir atvikum að verða útfærðar nánar í einstökum stofnunum í formi leiðbeinandi reglna eða sérstakra siðareglna. Hefur ráðuneytið beint því til stjórnenda einstakra stofnana að þeir kanni hjá sér sérstaklega þörfina fyrir slíkt. Jafnframt hefur því verið beint til sömu aðila að viðmiðin verði kynnt starfsmönnum með viðeigandi hætti.

Tvísköttunarsamningum fjölgar jafnt og þétt

Árið 2005 var nokkuð annasamt á vettvangi tvísköttunarmála. Lokið var við gerð fjögurra nýrra samninga, þ.e. við Mexíkó, Króatíu, Grikkland og Úkraínu. Þar með er Ísland orðið aðili að 32 tvísköttunarsamningum við 36 erlend ríki, en sameiginlegur samningur er í gildi milli Norðurlandanna. Jafnframt var lokið við endurskoðun á samningi við Þýskaland sem upprunalega er frá árinu 1971. Af þessum 32 samningum eru 23 samningar í gildi við 27 ríki. Þeir níu sem út af standa eru á mismunandi stigi í fullgildingarferlinu. Samningurinn við Ungverjaland tekur gildi um næstu áramót, samningarnir við Ítalíu og Möltu bíða fullgildingar þar í landi, samningar við Austurríki og Suður-Kóreu bíða undirritunar, en samningar við Grikkland, Króatíu, Mexíkó og Úkraínu eru í þýðingar- og frágangsferli.

Þá hófust viðræður við Indland og Rúmeníu um gerð tvísköttunarsamnings á nýliðnu ári og er þess vænst að þeim viðræðum ljúki á allra næstu mánuðum. Jafnframt er stefnt að því að ljúka viðræðum við Slóveníu fyrir lok þessa árs, en viðræður milli landanna hófust síðari hluta árs 2004. Endurskoðun á samningi Íslands við Bandaríkin stendur enn yfir og sama má segja Norðurlandasamninginn. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi viðræðum við Guernsey um gerð samnings um upplýsingaskipti í skattamálum á þessu ári jafnframt því að hafnar verði viðræður við Jersey og Mön um gerð samninga sama efnis. Að lokum munu viðræður um gerð samnings við Kýpur hefst mjög fljótlega og er vonast til að það takist að ljúka þeirri samningagerð á árinu. Náist þau áform sem að framan er lýst á yfirstandandi ári verður Ísland orðið aðili að 40 tvísköttunarsamningum í lok ársins og jafnframt næst það langtímamarkmið að ljúka gerð samninga við öll aðildarríki ESB. Sjá nánar um gerð tvísköttunarsamninga og langtímamarkmið í þeim efnum á vefsíðu ráðuneytisins.

Afkomunæmi hins opinbera gagnvart hagsveiflu

Samkvæmt mati OECD má búast við að 1% aukning í framleiðsluspennu (mælikvarði á hagsveiflu) bæti afkomu hins opinbera í aðildarríkjum samtakanna að meðaltali um tæplega 0,5% af landsframleiðslu. Hins vegar ber að athuga að næmi í afkomu hins opinbera gagnvart hagsveiflu er nokkuð misjafnt eftir einstökum löndum. Þannig metur OECD að umrætt afkomunæmi á Íslandi sé tæplega 0,4%, hæst í Danmörku um 0,6% og lægst í S-Kóreu liðlega 0,2% af landsframleiðslu. Þessar niðurstöður má sjá í nýjasta hefti OECD Economic Outlook (nr. 78).



Á myndinni má greina eldra og nýtt mat á næmistuðlum flestra aðildarríka OECD sem endurspeglar að hluta breyttar áherslur í efnahagsstjórn. En það skal tekið fram að eldra matið var miðað við skattareglur ársins 1996 og tekjudreifingu 1992. Í nýrra matinu er viðmiðunarárið 2003 hvað snertir skattareglur og tekjudreifing miðast við 1999-2001. Yfir heildina litið lækkar meðaltalið lítilsháttar frá eldra mati, en hjá einstökum löndum er um að ræða þó nokkuð mikla breytingu. Einna mest er breytingin hjá löndum sem voru með næma afkomu hins opinbera gagnvart hagsveiflu og eru reyndar með enn. Þessi lönd eru Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Holland þar sem dregið hefur verið úr vexti og næmi opinberra útgjalda. Í Ástralíu, Austurríki og Japan þar sem afkomunæmi hins opinbera hefur hækkað allnokkuð frá eldra mati, er hún að mestu leyti rakin til að skattar hafa sýnt sterkari svörun við hagsveiflunni en áður.

Reglugerðir um tollamál

Um síðustu áramót tóku gildi ný tollalög, nr. 88/2005. Við undirbúning frumvarps að lögunum var sérstaklega hugað að uppbyggingu þeirra og leiddi það til töluverðrar uppstokkunar á greina- og kaflaskipan frá því sem áður var.

Nú er unnið að endurskoðun á um 30 reglugerðum sem settar eru með stoð í tollalögum. Stefnt er að því að fækka reglugerðum verulega eða úr rúmlega 30 í fjórar eða fimm. Settar verða tvær meginreglugerðir, önnur um undanþágur frá greiðslu tolla af innfluttum vörum og hin um tollamál almennt. Að auki verða settar tvær eða þrjár reglugerðir um sérstök mál, t.d. Tollskóla ríkisins. Áætluð gildistaka reglugerðanna er 1. mars nk.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Skatttekjur alls	13,1	20,7
Skattar á tekjur og hagnað	10,7	22,7
Tryggingagjöld	11,1	16,2
Eignarskattar	38,8	23,7
Veltuskattar	13,4	20,3
Tekjur alls	8,1	42,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Almenn mál	3,7	7,9
Félagsmál	6,4	6,9
Atvinnumál	2,6	4,6
Vaxtagjöld	-12,5	35,2
Önnur útgjöld	3,2	49,3
Gjöld alls	4,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember

Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-292	32.014
Hreinn lánsfjárjöfnuður	22.408	81.888
Afborgun lána	-32.477	-62.305
Br. lánsfjárjöfnuður	-17.569	14.101
Lántökur	25.867	10.234
Greiðsluafkoma	8.298	24.335

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (febr. '06)	4,5	4,1
Kjarnaverðb. 1 (febr. '06)	4,5	3,8
Launavísitala (des. '05)	6,0	7,2
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atv.leysi, árstlr. (jan. '06)	2,6	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

23. febrúar 2006

Um efnahagslegan stöðugleika á Íslandi

Í skýrslu matsfyrirtækisins Fitch Ratings sem kom út í gær voru *langtímahorfur* fyrir lánshæfismat ríkissjóðs Íslands lækkaðar úr *stöðugum* í *neikvæðar*. Góðum einkunnum sem matsfyrirtækið veitir ríkissjóði vegna sterkrar stöðu hans var ekki breytt. Helstu ástæður tilteknar fyrir breyttum horfum voru að i) viðskiptahalli síðasta árs varð meiri en spár bentu til, ii) skuldsetning íslenskra heimila (m.a. vegna íbúðafjárfestinga) og fyrirtækja (m.a. vegna fjárfestinga erlendis) hefur aukist mikið og iii) matsfyrirtækið telur að aðhald í fjármálastjórn hins opinbera sé ekki nægjanlegt. Hjá skýrsluhöfundum hafa því vaknað efasemdir um að efnahagsþróunin á Íslandi haldist sjálfbær og minna þeir á fjármálakreppuna í Asíu á síðasta áratug í því samhengi. Eftir að efni skýrslunnar var kynnt lækkaði verð hlutabréfa í Kauphöll Íslands og gengi krónunnar um 9%, en hvort tveggja hefur hækkað mikið að undanförnu. Skömmu síðar gekk helmingur lækkunarinnar til baka.

Aukinn viðskiptahalla á síðasta ári má að miklu leyti rekja til tveggja nýjunga á fjármálamarkaði. Annars vegar hófu bankarnir samkeppni við Íbúðalánasjóð í ágúst 2004 með lækkun vaxta á húsnæðislánum og rýmri lánamöguleikum. Það bætti lausafjárstöðu heimila, sem ásamt styrkingu gengisins, leiddi til aukins innflutnings á neysluvörum og bifreiðum. Þá myndaðist mikil spenna á fasteignamarkaði sem einnig kynti undir verðbólgunni. Í ágúst 2005 hófu erlendar lánastofnanir að gefa út skuldabréf í krónum. Það hafði áhrif til að styrkja gengi krónunnar enn frekar og þar með kaupmátt landsmanna erlendis, sem enn jók innflutninginn. Hátt gengi krónunnar hefur einnig ýtt undir fjárfestingar Íslendinga erlendis. Erfitt reyndist fyrir hagstjórnina að bregðast við þessari þróun umfram það að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti enn frekar. Þessar breytingar virðast nú að mestu gengnar yfir og útlit fyrir hægari vöxt einkaneyslu og innflutnings í ár. Á næsta ári er spáð samdrætti í fjárfestingu og innflutningi og enn hægari vexti einkaneyslu. Á sama tíma er aukin framleiðslugeta í áli að auka vöruútflutninginn mikið. Viðskiptahallinn mun því dragast hratt saman. Horfurnar eru jákvæðar hvað framhaldið varðar. Ef gengið lækkar meira má búast við að viðsnúningurinn í erlendum viðskiptum verði hraðari en ella. Það bendir því flest til þess að þróun viðskiptahallans á komandi árum verði sjálfbær.

Hvað varðar gagnrýni skýrsluhöfunda á hagstjórnina, aðallega stjórn fjármála hins opinbera, hefur fjármálaráðuneytið bent á að afkomubati hins opinbera frá 2003 til 2005 var 5,4% af landsframleiðslu, sem er eitt mesta aðhaldsstig í fjármálum OECD-ríkjanna á þeim tíma. Þá eru langtímamarkmið ríkissjóðs í fullu gildi, en þau ganga út á að halda aftur af vexti útgjalda og leyfa tekjum í uppsveiflu að framkalla afgang. Sú fjármálastjórn hefur gefist vel í uppsveiflunni og styrkt stöðu ríkissjóðs verulega. Það er því ekki neinum vafa undirorpið að aðhald hefur ríkt í fjármálum ríkissjóðs. Um leið er rétt að benda á að sú aðferð að beita sértækum aðgerðum í tekjum eða útgjöldum ríkissjóðs í ríkari mæli en gert hefur verið er ekki vænleg til árangurs. Þar sem margföldunaráhrif ríkisfjármála eru metin takmörkuð krefst slík hagstjórn mikilla sveiflna í ríkisbúskapnum til að draga nægjanlega úr hagvextinum, sem getur orðið rót óstöðugleika. Þá yrði erfitt að ná þjóðfélagslegri sátt um það hvar ætti að skera niður útgjöldin, en þau eru mest á sviði mennta-, heilbrigðis- og tryggingarmála. Til viðbótar við markvisst aðhald í ríkisbúskapnum hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að auka sveigjanleika hagkerfisins með því að einkavæða ríkisfyrirtæki og innleiða skipulagsbreytingar sem gera markaðsaðilum kleift að bregðast við nýjum aðstæðum og taka virkan þátt í alþjóðavæðingunni. Sú stefna hefur reynst vel og skilað landsmönnum nægri atvinnu og ört vaxandi kaupmætti. Þrátt fyrir tímabundinn ójöfnuð er því flest sem bendir til að efnahagsþróunin haldist stöðug.

Verðhækkun íbúðarhúsnæðis í rénun

Þess eru nokkuð skýr merki að þær verðhækkanir sem einkenndu fasteignamarkaðinn í upphafi síðasta árs séu nú í rénun. Fasteignaverð hefur staðið í stað á undanförnum mánuðum sem kemur fram í því að hratt dregur úr mánaðarlegum hækkunum. Sömuleiðis gefa upplýsingar um veltu á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu til kynna að markaðurinn sé að róast eftir mjög líflegt tímabil á sl. ári. Þessi þróun kemur fram í vísitölu neysluverðs með tímatöf, þar sem fasteignaverð er mælt með meðaltali sl. þriggja mánaða. Verði svo, sem nú horfir, að fasteignaverð standi í stað eða hækki lítið héðan í frá, á það eftir að hafa áhrif til lækkunar á verðbólgu mælda með neysluverðsvísitölunni. Tólf mánaða hækkun neysluverðsvísitölu í febrúar 2006 um 4,1% var að tveimur þriðju hlutum tilkomin vegna hækkunar fasteignaverðs. Að húsnæði undanskildu hækkaði vísitala neysluverðs um 1,5% á sama tíma. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hefur tólf mánaða hækkun fasteignaverðs minnnkað úr 40% í ágúst 2005 í 25% í janúar 2006. Þriggja mánaða breyting fasteignaverðs hefur minnkað úr um 13% í mars 2005 í 3% og mánaðarleg breyting hefur minnkað úr 6% í janúar 2005 í 0,5% í janúar 2006.

Verðþróun íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu



Hægfara bylting?

Þegar Hagstofa Íslands birti heildartölur um búferlaflutninga ársins 2005 kom í ljós að spár ráðuneytisins um búferlaflutninga íslenskra ríkisborgara frá því í nóvember höfðu staðist nákvæmlega en brottfluttir erlendir ríkisborgarar urðu örlítið fleiri en þá var reiknað með. Hins vegar nam heildarfjöldi aðfluttra erlendra ríkisborgara 4.680 og þar af voru 2.300 skráðir síðustu 3 mánuði ársins, hvort sem aðflutningur þeirra hefur átt sér stað þá eða áður. Niðurstaðan var sú að íbúafjölgun landsins vegna búferlaflutninga árið 2005 nam 3.860, næstum því tvöfalt meiri en reiknað var með í október. Að sjálfsögðu hefur athyglin beinst að stórframkvæmdunum eystra þegar útlendingar eru annars vegar. Árið 2005 nam nettóflutningur til Austurlands 1.461 sem er meira en helmingi meira en árið á undan. Flutningar frá útlöndum færðu hins vegar öllum landshlutum íbúafjölgun í fyrra; aðfluttir umfram brottflutta voru rétt tæp 1.500 á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 900 á landsbyggðinni utan Austurlands. Hlutfallslega bættu millilandaflutningar mestu við íbúafjölda á Vesturlandi, ef Austurland er skilið undan.

Búferlaflutningar nýliðins árs bættu miklu við fjöldann í einstökum árgöngum. Það er vísbending um að hér er á ferðinni viðvarandi breyting á íslensku samfélagi að í fyrra var fjölgun hjá konum upp undir 2% í einstökum aldursflokkum og yfir 1% í öllum hópnum milli 15 ára og fertugs. Aðflutning kvenna á síðastliðnu ári má nefnilega ekki nema að örlitlu leyti rekja til stóriðjuframkvæmdanna beint og það gildir að sjálfsögðu einnig að miklu leyti um karlmenn sem flutt hafa til annarra landshluta en Austurlands. Viðbótin hjá körlunum í fyrra var meiri en hjá konunum. Hún var upp undir 4% í einstökum aldursflokkum og yfir 2% í öllum flokkum milli 20 og 54 ára. Að hluta til mun sú aukning þó ganga til baka að framkvæmdunum loknum, einkum á Austurlandi.

Á undanförnum árum hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað stöðugt þótt síðastliðið ár standi upp úr. Þannig hafa einstakir árgangar verið 1-3% fjölmennari þegar þeir koma á skólaaldur en þeir voru þegar þeir fæddust.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Skatttekjur alls	13,1	20,7
Skattar á tekjur og hagnað	10,7	22,7
Tryggingagjöld	11,1	16,2
Eignarskattar	38,8	23,7
Veltuskattar	13,4	20,3
Tekjur alls	8,1	42,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2004*	*2005*
Almenn mál	3,7	7,9
Félagsmál	6,4	6,9
Atvinnumál	2,6	4,6
Vaxtagjöld	-12,5	35,2
Önnur útgjöld	3,2	49,3
Gjöld alls	4,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember

Milljónir króna	*2004*	*2005*
Handbært fé frá rekstri	-292	32.014
Hreinn lánsfjárjöfnuður	22.408	81.888
Afborgun lána	-32.477	-62.305
Br. lánsfjárjöfnuður	-17.569	14.101
Lántökur	25.867	10.234
Greiðsluafkoma	8.298	24.335

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (febr. '06)	4,5	4,1
Kjarnaverðb. 1 (febr. '06)	4,5	3,8
Launavísitala (jan. '06)	6,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atv.leysi, árstlr. (jan. '06)	2,6	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

2. mars 2006

Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2006

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið er á greiðslugrunni og nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum.

Samkvæmt uppgjörinu var breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 13,9 ma.kr. í mánuðinum sem er 11,3 ma.kr. hagstæðari útkoma en í janúar í fyrra. Þá er útkoman 9,9 ma.kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust 11,2 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 0,2 ma.kr. Hreyfingar á viðskiptareikningum urðu 0,2 ma.kr. hagstæðari. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um 12,8 ma.kr. sem er 7 ma.kr. betra en á sama tíma í fyrra. Hagstæðari staða nú skýrist alfarið af jákvæðari tekjujöfnuði en í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 41,1 ma.kr. í janúar og hækkuðu um 11,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða 37,6% en að teknu tilliti til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin um 27%. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld um 36 ma.kr. sem er um 26% hækkun að nafngildi frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,4% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um 21%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 25,4 ma.kr. og hækkuðu um tæplega 9 ma.kr. frá síðasta ári eða um 54,3%. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en í janúar nam hún 13,5 ma.kr. sem er 53% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 3,7 ma.kr. hækkun tekjuskatts lögaðila að mestu af áðurnefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, eða um 15% en launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,3% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 0,8 ma.kr. sem er aukning um 11,2%. Þar af námu stimpilgjöld ríflega 0,5 ma.kr. en innheimta þeirra hefur hins vegar dregist saman frá fyrra ári um 27,4% sem gefur til kynna að dregið hefur úr veltu á fasteignamarkaði og skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 14,2% frá fyrra ári. Þannig hafa tekjur af virðisaukaskatti aukist um 9,4% sem jafngildir 4,8% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu ríflega fimmtungi meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning en þó mun minni en hefur verið undanfarin ár.

Greidd gjöld janúarmánaðar eru 25,5 ma.kr. króna og hækka um 0,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 0,7%. Aukningin kemur nær alfarið fram í greiðslum til félagsmála, þ.e. til almannatrygginga, fræðslu- og menningarmála, heilbrigðismála og annarra velferðarmála. Gjöld málaflokksins í heild vega 72% af útgjöldum janúarmánaðar og hækka um 1,7 ma.kr., eða 10% milli ára. Þar af eru 0,7 ma.kr. til heilbrigðismála og 0,5 ma.kr. til fræðslumála. Greiðslur til atvinnumála lækka lítillega milli ára en vaxtagjöld lækka um 1,6 ma.kr. og vega þar með upp hækkun félagsmála. Í janúar í fyrra var stór flokkur spariskírteina forinnleystur sem leiddi til 1,2 ma.kr. vaxtagjalda. Þá leiddi afborgun af erlendu láni til 0,9 ma.kr. vaxtagreiðslna í fyrra.

Lántökur námu aðeins 1,5 ma.kr. á móti 11,6 milljörðum í fyrra. Að auki voru stutt innlend lán greidd niður um 4 ma.kr. Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 ma.kr. og loks voru 0,3 ma.kr. greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 10 ma.kr. í janúar 2006.

Mánaðarlegt uppgjör ríkissjóðs er nú birt með nokkuð öðru sniði en verið hefur. Flokkun tekna ríkissjóðs hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af nýjum staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í stað eldri útgáfu. Hin nýja tekjuflokkun birtist fyrst síðastliðið haust í ríkisreikningi fyrir árið 2004 og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 til kynningar. Nánari upplýsingar um hina nýju flokkun má sjá á vefsíðu ráðuneytisins.

Ellilífeyrir hæstur á Íslandi af Norðurlöndunum

Fyrir nokkru birtist hér í vefritinu grein sem sýndi að heildarráðstöfunartekjur aldraðra eru hæstar á Íslandi af Norðurlöndunum samkvæmt nýjustu samanburðartölum sem fyrir liggja. Sérstaklega var tekið fram í þeirri grein að atvinnuþátttaka aldraðra á Íslandi er mun meiri en á hinum Norðurlöndunum. Að þessu sinni verður ellilífeyririnn sjálfur tekinn til athugunar.

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr nýjustu útgáfu NOSOSKO (Nordisk Socialstatistisk Komité, 2005) fyrir árið 2003 (Social tryghed i de nordiske lande 2003). Í samanburðinum er ellilífeyrir aldraðra á Norðurlöndunum í kaupmáttarleiðréttum evrum þ.e. tekið er tillit til verðlags í hverju landi. Tölurnar eru miðaðar við mánaðargreiðslur.

Mynd 1 sýnir þær tekjur eða ellilífeyri aldraðra sem almannatryggingar í hverju landi tryggja að aldraðir hafi að lágmarki sér til framfærslu. Eins og sést á myndinni er lágmarks ellilífeyrir hæstur á Íslandi fyrir sambúðarfólk en í meðallagi fyrir einhleypa.

Mynd 1 Tekjur (eftir skatta) hjá ellilífeyrisþegum sem aldrei hafa haft atvinnutekjur



Mynd 1 segir þó ekki alla söguna því að á Íslandi eru mjög fáir aldraðir einungis með lífeyri frá Tryggingastofnun sér til framfærslu. Flestir aldraðir á Íslandi eru því samtals með hærri tekjur en sem nemur lágmarksframfærslu Tryggingastofnunar. Ef bera á saman ellilífeyri er rétt að líta einnig á raunverulega greiddan ellilífeyri á mann.

Eins og sést á mynd 2 er ellilífeyrir fyrir skatta hæstur á Íslandi af Norðurlöndunum eða nokkru hærri en í Noregi sem kemur næst. Hér eru teknar saman allar lífeyrisgreiðslur á mann bæði frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Það ber þó að taka fram að tölur NOSOSKO byggjast á meðaltölum og getur ellilífeyrir innan hópsins verið mjög misjafn.

Mynd 2 Ellilífeyrisgreiðslur á mann (fyrir skatta)



Tekjur ríkissjóðs í janúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	28,8	37,6
Skattar á tekjur og hagnað	35,2	54,3
Eignarskattar	60,7	11,2
Skattar á vöru og þjónustu	15,6	14,2
Tryggingagjöld	34,4	15,0
Tekjur alls	27,0	37,6

Gjöld ríkissjóðs í janúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn mál	8,9	6,5
Félagsmál	-1,6	10,1
Atvinnumál	-19,8	-2,5
Vaxtagjöld	141,0	-76,6
Önnur útgjöld	1,7	4,3
Gjöld alls	2,4	0,7

Afkoma ríkissjóðs í janúar

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	2.655	13.926
Hreinn lánsfjárjöfnuður	5.874	12.849
Afborgun lána	-11.135	-4.049
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-5.261	8.470
Lántökur	5.563	1.532
Greiðsluafkoma	302	10.002

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (febr. '06)	4,5	4,1
Kjarnaverðb. 1 (febr. '06)	4,5	3,8
Launavísitala (jan. '06)	6,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atv.leysi, árstlr. (jan. '06)	2,6	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Innflutningur í febrúar 2006

Samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts nam vöruinnflutningur 22 milljörðum króna í febrúarmánuði, sem er um 3,5 milljörðum minna en innflutningur síðasta mánaðar. Ef bráðabirgðatölurnar reynast réttar hefur staðvirtur vöruinnflutningur aukist um 23% síðustu tólf mánuði en um 32% ef horft er til 12 mánaða breytingar ársfjórðungsmeðaltals.

Meginskýringin á minni innflutningi frá fyrri mánuði er minni innflutningur á eldsneyti en slíkur innflutningur sveiflast jafnan mikið milli mánaða. Minna var jafnframt flutt inn af fjárfestingarvörum sem og hrá- og rekstrarvörum. Nokkur aukning var á innflutningi neysluvarnings í febrúar en það endurspeglar hefðbundna uppsveiflu í lok janúarútsölu verslana. Athygli vekur að bílainnflutningur tekur kipp upp á við á ný. Mánaðarlegur innflutningur fólksbíla hefur verið mikill en stöðugur síðustu mánuði en eykst nokkuð í febrúarmánuði. Í ljósi gengislækkana síðustu vikna má þó gera ráð fyrir að eitthvað fari að slá á mikinn bílainnflutning á næstunni.

Vöruinnflutningur að raunvirði



Samráð um fjármálastöðugleika og viðbúnað

Ákveðið hefur verið að formbinda samráð þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu, en undanfarin tvö ár hefur átt sér stað óformlegt samráð þessara aðila. Samráð sambærilegra aðila á sér stað í mörgum nágrannaríkja okkar.

Samráðið mun fara fram í sérstökum samráðshópi sem gert er ráð fyrir að hittist eigi sjaldnar en tvisvar á ári og verður vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Mun samráðshópurinn m.a. fjalla um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum, meiriháttar breytingar á lögum, reglum og starfsháttum er varða fjármálamarkaðinn og álitamál í alþjóðlegu samstarfi, sérstaklega innan EES. Í samkomulagi sem gert hefur verið um umrætt samráð er tekið fram að ef til þess komi að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði séu viðbrögð við slíkum vanda háð aðstæðum hverju sinni, en grundvallaratriði sé að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila

Þegar fjallað er um þær reglur sem gilda um endurgreiðslu virðisaukaskatts til opinberra aðila, er nauðsynlegt að hafa jafnframt í huga reglur um virðisaukaskatt af eigin þjónustu innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana enda eru þessar reglur samtvinnaðar.

Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, kemur fram að þeir aðilar sem stunda starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti eru virðisaukaskattsskyldir af framleiðslu vara til eigin nota og af þjónustu sem þeir inna af hendi til eigin nota í samkeppni við þá aðila sem eru virðisaukaskattsskyldir. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa verið settar tvær reglugerðir, þ.e. reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, og reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Þessar reglugerðir eru af sömu rót runnar og miða að því að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val þeirra, er stunda starfsemi er fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts, um það hvort þeir kaupa að þjónustu eða inna hana sjálfir af hendi. Ákvæðum laganna og reglugerðanna er þannig ætlað að tryggja að reglur um virðisaukaskatt leiði ekki til röskunar á samkeppni á markaði.

Þegar virðisaukaskattur var tekinn upp var upphaflega gert ráð fyrir að sömu reglur giltu um vsk-skyldu fyrirtækja í óskattskyldri starfsemi og opinbera aðila, þ.e. að þessir aðilar yrðu virðisaukaskattskyldir af framleiðslu vara og þjónustu til eigin nota sem væri í samkeppni við skattskylda aðila. Sveitarfélögin brugðust hins vegar öndverð gegn þessari lagasetningu og töldu einsýnt að hún myndi hafa umtalsverðan kostnaðarauka í för með sér fyrir þau. Niðurstaðan varð því sú að í stað þess að leggja þær skyldur á stofnanir ríkis og sveitarfélaga að innheimta vsk af eigin þjónustu var farin svokölluð endurgreiðsluleið varðandi kaup á tiltekinni þjónustu. Í henni felst að kaupi opinber aðili þessa þjónustu af virðisaukaskattskyldum aðila, t.d. hugbúnað af tölvufyrirtæki, fæst virðisaukaskatturinn sem lagður er á kaupin endurgreiddur. Þannig verður virðisaukaskatturinn ekki sérstakur þáttur í ákvörðun opinbera aðilans um hvort hann kaupir þjónustuna að eða sinnir henni sjálfur.

Á árinu 2004 nam endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila liðlega 3,1 milljarði króna. Þar af voru rúmlega 1,5 milljarðar endurgreiddir til stofnana í eigu sveitarfélaga. Endurgreiðslur þessar hafa aukist gríðarlega á síðustu árum og má til samanburðar geta þess að endurgreiðslur til opinberra aðila námu um 900 milljónum króna á árinu 1993.

Í reglugerð nr. 562/1989 um fyrirtæki o.fl. sem hafi með höndum óskattskylda starfsemi er fjallað um hvaða starfsemi sé skattskyld að svo miklu leyti sem starfsemin er í samkeppni við atvinnufyrirtæki, s.s. eins og þjónusta sérfræðinga, sbr. eftirfarandi:

.....

5. Þjónusta verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, tölvunarfræðinga og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.

Samhljóða tölul. 5 er að finna í reglugerð nr. 248/1990, sem fjallar annars vegar um skattskyldu opinberra aðila og hins vegar um endurgreiðslu vsk til opinberra aðila vegna kaupa á ákveðinni vinnu og þjónustu. Samkvæmt þeim ber annars vegar óskattskyldum fyrirtækjum og stofnunum að reikna vsk af sérfræðiþjónustu sem innt er af hendi innan fyrirtækjanna í eigin þágu en opinberir aðilar fá hins vegar endurgreiddan vsk sem þeir greiða vegna þjónustu þessara sérfræðinga. Sem fyrr segir miða framangreind ákvæði að því að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val þeirra, er stunda starfsemi er fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts, um það hvort þeir kaupa þjónustu eða inna hana sjálfir af hendi, þó svo að tvær mismunandi leiðir séu farnar.

Embætti ríkisskattstjóra hefur m.a. túlkað ákvæðin um sérfræðiþjónustu þannig að skráning og önnur innfærsla upplýsinga í tölvukerfi, vinnsla sem fer fram í kerfunum sem liður í reglubundinni starfsemi fyrirtækis eða stofnunar, svo og notendaaðstoð af þeim toga sem almennt er og venjulegt að fari fram í fyrirtækjum og stofnunum sem liður í starfsemi þeirra, teljist ekki til skattskyldrar eða endurgreiðslukræfrar þjónustu. Sama eigi við um daglegan rekstur stoðkerfa og uppsetningu vélbúnaðar sem og færslu eigin bókhalds. Hýsing kerfanna hefur einnig verið talin hluti af daglegum rekstri.

Tekjur ríkissjóðs í janúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	28,8	37,6
Skattar á tekjur og hagnað	35,2	54,3
Eignarskattar	60,7	11,2
Skattar á vöru og þjónustu	15,6	14,2
Tryggingagjöld	34,4	15,0
Tekjur alls	27,0	37,6

Gjöld ríkissjóðs í janúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn mál	8,9	6,5
Félagsmál	-1,6	10,1
Atvinnumál	-19,8	-2,5
Vaxtagjöld	141,0	-76,6
Önnur útgjöld	1,7	4,3
Gjöld alls	2,4	0,7

Afkoma ríkissjóðs í janúar

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	2.655	13.926
Hreinn lánsfjárjöfnuður	5.874	12.849
Afborgun lána	-11.135	-4.049
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-5.261	8.470
Lántökur	5.563	1.532
Greiðsluafkoma	302	10.002

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (febr. '06)	4,5	4,1
Kjarnaverðb. 1 (febr. '06)	4,5	3,8
Launavísitala (jan. '06)	6,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atv.leysi, árstlr. (jan. '06)	2,6	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

16. mars 2006

Hagvöxtur 2005

Fyrir skömmu birti Hagstofa Íslands áætlun um landsframleiðslu ársins 2005 og endurskoðun þjóðhagsreikninga fyrir árið 2004. Niðurstaða Hagstofunnar er að hagvöxtur var 8,2% árið 2004 sem er tveimur prósentustigum meiri hagvöxtur en fyrri tölur stofnunarinnar gáfu til kynna. Þessi endurskoðun gæti leitt til að reiknuð framleiðsluspenna hafi verið meiri en áður var áætlað. Á móti vegur að búast má við því að framleiðslugetan hafi einnig verið meiri árið 2004. Þessar línur munu væntanlega skýrast með útgáfu á Þjóðarbúskapnum 25. apríl nk.

Hagvöxtur í fyrra var 5,5% en sú tala getur tekið breytingu þegar Hagstofan fær frekari gögn til að vinna úr, sérstaklega hvað snertir fjárfestingu atvinnuvega. Hins vegar eru tölur Hagstofunnar í þokkalegu samræmi við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2005 sem birt var í byrjun í janúar sl. Í þjóðhagsspá ráðuneytisins var gert ráð fyrir 5,1% hagvexti og að þjóðarútgjöld myndu vaxa um 14% á meðan Hagstofan áætlar tæplega 15% vöxt árið 2005. Vöxtur einkaneyslunnar er nánast sá sami hjá þessum tveimur stofnunum. Aftur á móti hefur Hagstofan áætlað heldur meiri viðskiptahalla á síðastliðnu ári eða 16,5% af landsframleiðslu en fjármálaráðuneytið hafði reiknað um 15% af landsframleiðslu.

Verg landsframleiðsla í hverjum ársfjórðungi 1997:1 - 2005:4



Forvitnilegt er að skoða hagvaxtarþróunina undanfarin misseri. Þannig hefur landsframleiðslan farið vaxandi á undanförnum ársfjórðungum eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd. Í yfirstandandi efnahagsuppsveiflu hefur hagvöxturinn hingað til verið mestur á fjórða ársfjórðungi 2004 miðað við sama tímabil árið áður eða um 12%. Til samanburðar var hagvöxturinn í efnahagsuppsveiflunni 1997-2000 mestur á fyrsta ársfjórðungi 1999 eða rúmlega 14%. Hagvöxtur hér á landi hefur verið að meðaltali um 4,3% á ári tímabilinu 1997-2005.

En hvaða þættir skýra aukinn hagvöxt að undanförnu? Um það er engum blöðum að fletta að fjárfesting, sérstaklega atvinnuveganna, og einkaneysla hafa verið hinir leiðandi þættir í hagvextinum. Á sama tíma hefur hins vegar dregið úr framlagi samneyslunnar. Ljóst er því að framlag einkaneyslunnar til hagvaxtar skiptir miklu máli. En hvaða liðir vega hér þyngst?

Eins og við mátti búast hafa þeir undirliðir einkaneyslunnar, sem eru háðir gengi erlendra gjaldmiðla, aukist mest í útgjöldum heimilanna að raungildi milli áranna 2004 og 2005, en þar er helst að nefna útgjöld íslenskra ferðamanna erlendis og innflutning einkabifreiða og heimilistækja eins og fram kemur í töflunni í næsta dálki.

Að lokum skal þess getið að Hagstofa Íslands áætlar að vöxtur samneyslunnar hafi verið 3,2% árið 2005. Þessari tölu ber að taka með fyrirvara þar sem magnbreyting samneyslunnar gæti verið ofmetin. Þetta álit er byggt á því að keypt þjónusta hins opinbera er vaxandi hluti samneyslunnar. Gert er ráð fyrir að stór hluti í þessum þjónustulið

Þróun helstu undirliða einkaneyslu 2005

Breyting milli áranna 2004 og 2005 (%)	*Magnbr.*	*Verðbr.*
Matur, drykkjarvörur og tóbak	4,3	-2,0
Fatnaður og skófatnaður	8,1	-0,8
Húsnæði, ljós og hiti	1,8	15,1
Húsgögn, húsbúnaður, heimilistæki, heimilishald	16,6	-1,9
Lyf og læknishjálp	3,7	3,4
Flutningatæki og samgöngur	21,5	1,6
Tómstundaiðja, skemmtanir og menntun	9,9	0,4
Ýmsar vörur og þjónusta	8,9	0,5
Annað		
Starfsemi samtaka	2,6	6,2
Útgjöld erl. ferðamanna á Íslandi (frádregin)	-2,0	0,8
Útgjöld ísl. ferðamanna í útlöndum	36,7	-7,6
Samtals	**11,9**	**1,9**

Heimild: Hagstofa Íslands.

séu laun. Samkvæmt aðferðafræði Hagstofunnar eru keyptar vörur og þjónusta hins opinbera staðvirt með vísitölu neysluverðs án húsnæðisliðar. Á undanförnum misserum hefur slík vísitala ekki hækkað eins mikið og launavísitala opinberra starfsmanna eða almenna launavísitalan. Ef launahlutinn í keyptri þjónustu hins opinbera væri staðvirtur með launavísitölu í stað vísitölu neysluverðs án húsnæðis má búast við að magnbreyting samneyslu hins opinbera yrði eitthvað lægri en nú er reiknað með. Þetta mál er í skoðun hjá Hagstofunni.

Hækkun lágmarksveltuákvæðis virðisaukaskattslaga

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt þar sem m.a. er lagt til að lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu á ársgrundvelli verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr. Samkvæmt núgildandi 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 220.000 kr. á ári undanþegnir skattskyldu. Það er frumforsenda fyrir skráningu á virðisaukaskattskrá að starfsemi sé í atvinnuskyni. Upphaflegur tilgangur þessa ákvæðis var að undanþiggja mjög lítil fyrirtæki eða starfsemi sem eingöngu er rekin í hjáverkum eða stöku sinnum og helgast það fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum. Einn meginþátturinn sem horft er til við mat á því hvort um atvinnustarfsemi er að ræða er umfang starfsemi. Umfangslítil starfsemi bendir til þess að ekki sé um atvinnustarfsemi að ræða. Segja má að veltumarkið (220.000 kr.) feli í sér vísbendingu um það hvað umfangið þurfi að vera mikið til að um atvinnustarfsemi sé að ræða. Út frá því sjónarmiði má segja að ákvörðun veltumarks sé öðrum þræði skattatæknileg, þ.e. markar hugtakið atvinnustarfsemi í skattalegu tilliti. Núgildandi lágmarksveltuákvæði hefur staðið óbreytt í lögunum frá 1. júlí 1997, þegar fjárhæðin var lögbundin og afnumin vísitölubundin hækkun sem gilti fyrir þann tíma. Ef núgildandi veltumark er fært upp á verðlag dagsins í dag, miðað við vísitölu neysluverðs frá 1. júlí 1997, er það 300.622 kr. Samsvarandi skilyrði um lágmarksveltu eru sem hér segir á Norðurlöndunum (í íslenskum krónum): Danmörk 495.000 kr., Finnland 625.000 kr. og Noregur 440.000 kr. Engin slík lágmarksskilyrði eru í Svíþjóð. Er því íslenska veltumarkið töluvert lægra en hjá nágrannaþjóðum okkar, að Svíþjóð undanskilinni. Með hliðsjón af hagkvæmnisástæðum, viðmiðun laganna um hvað teljist atvinnustarfsemi og fyrirkomulagi í nágrannalöndum Íslands er því með frumvarpi því sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi lagt til að lágmarksveltuákvæði laganna um virðisaukaskatt verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr.

Tekjur ríkissjóðs í janúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	28,8	37,6
Skattar á tekjur og hagnað	35,2	54,3
Eignarskattar	60,7	11,2
Skattar á vöru og þjónustu	15,6	14,2
Tryggingagjöld	34,4	15,0
Tekjur alls	27,0	37,6

Gjöld ríkissjóðs í janúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn mál	8,9	6,5
Félagsmál	-1,6	10,1
Atvinnumál	-19,8	-2,5
Vaxtagjöld	141,0	-76,6
Önnur útgjöld	1,7	4,3
Gjöld alls	2,4	0,7

Afkoma ríkissjóðs í janúar

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	2.655	13.926
Hreinn lánsfjárjöfnuður	5.874	12.849
Afborgun lána	-11.135	-4.049
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-5.261	8.470
Lántökur	5.563	1.532
Greiðsluafkoma	302	10.002

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (mars '06)	4,7	4,5
Kjarnaverðb. 1 (mars '06)	4,7	4,2
Launavísitala (jan. '06)	6,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atv.leysi, árstlr. (febr. '06)	2,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

23. mars 2006

Um skýrslu Danske Bank um íslenskt efnahagslíf

Ný skýrsla Danske Bank, næststærsta banka á Norðurlöndum, um efnahags- og fjármálalífið á Íslandi hefur vakið sterk viðbrögð á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Annars vegar er það vegna þess að skýrslan jók áhyggjur markaðarins af efnahagslegum stöðugleika á Íslandi en ekki síður vegna þess að frjálslega er farið með staðreyndir og samhengi hlutanna og afgerandi niðurstöður dregnar á grundvelli þess.

Varðandi umfjöllun Danske Bank um íslenskt efnahagslíf, má benda á að skýrsluhöfundar hafa ekki sérþekkingu á íslensku hagkerfi og það útskýrir hugsanlega þær staðreynda- og greiningarvillur sem fram koma í skýrslunni. Bent er á að viðskiptahallinn var 20% af landsframleiðslu á síðasta ársfjórðungi síðasta árs, en samkvæmt nýjustu tölum var viðskiptahallinn um 16,5% af landsframleiðslu fyrir árið í heild. Þá er ekki tekið tillit til þess að það ójafnvægi sem ríkir í efnahagslífinu er tímabundið. Fjármálaráðuneytið reiknar með að stóriðjuframkvæmdir nái hámarki í ár og klárist á því næsta. Þess hefur verið vænst að gengið lækki, eins og gerst hefur að undanförnu, og að draga muni úr einkaneyslu og tengdum innflutningi. Með aukinni álframleiðslu og -útflutningi er gert ráð fyrir að vöruskiptahallinn hverfi á næsta ári. Viðskiptahallinn mun því minnka hratt í ár og á næsta ári.

Í skýrslunni er talað um harða lendingu hagkerfisins árin 1999 og 2002 og því spáð að hörð lending sé framundan. Rétt er að benda á að enginn samdráttur átti sér stað árið 1999, en hagvöxtur var þá 4,3% og samdrátturinn árið 2002 var tiltölulega lítill, eða um 1% og gekk fljótt yfir. Þá benda flestar spár til að hagvöxtur verði mikill í ár en hægari á næsta ári. Það sem skýrsluhöfundar virðast ekki átta sig á er að íslensk heimili haga neyslu og innflutningi mjög eftir gengisþróun. Þegar gengið er sterkt, eins og verið hefur, aukast neysla og innflutningur en þegar það veikist snýst dæmið við. Það skýrir að stórum hluta þá hröðu aðlögun sem varð árið 2002, þegar mikill viðskiptahalli hvarf sem hendi væri veifað eftir að gengið lækkaði. Sú hegðun er því fremur til marks um sveigjanleika í ákvarðanatöku og hagsýni heimilanna, frekar en óraunhæfar væntingar. Þá draga skýrsluhöfundar þá ályktun að gengislækkun muni grafa undan fjármálastöðugleika. Í því samhengi má nefna að 73% lána bankanna eru til erlendra fyrirtækja og tekjustreymi þeirra því að mestu leyti óháð krónunni. Einnig má benda á að heimili og fyrirtæki bera almennt ekki mikla gengisáhættu á lánum sínum og að mikill hluti skulda heimilanna er bundinn í fasteignum sem eru jafnan góð veð. Íslensk heimili eru jafnframt í þeirri sérstöðu að eiga lífeyrissjóði sem standa undir lífeyrisgreiðslum til framtíðar. Fjárhagsleg staða þeirra og ríkissjóðs er því mun betri en kemur fram í skýrslunni.

Í skýrslunni er talað um að ör launaþróun sé á bak við verðbólguþróunina að undanförnu. Þetta er rangt. Verðbólgan útskýrist að mestu leyti af þeirri kerfisbreytingu sem varð í fjármögnun íbúðarhúsnæðis árið 2004, en hún átti stóran þátt í tímabundinni hækkun fasteignaverðs. Sú hækkun hefur gengið niður frá því um mitt ár 2005 og þess er vænst að sú þróun haldi áfram í ár. Þá hefur kaupmáttur launa aukist í samræmi við hraðan vöxt framleiðni vinnuafls á Íslandi, sem bendir til að um sjálfbæra þróun sé að ræða. Þó er rétt að það örlar á þrýstingi á vinnumarkaði. Í því sambandi eru tölur Danske Bank um atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli einnig rangar, en atvinnuleysisstigið var í febrúar um 1,6% en ekki 1%. Þá hefur innflutningur vinnuafls aukist mjög sem hefur dregið úr þrýstingi á vinnumarkaði. Tölur þær sem skýrslan birtir um ríkisfjármálin eru ekki sambærilegar. Annars vegar er vitnað í tölur OECD um hagsveifluleiðréttan afgang en hins vegar birtar tölur um raunverulegan afgang. Ekki er samhengi á milli þessara talna, þar sem tölur OECD byggjast á eldri gögnum. Þá er mikilvægt að taka tillit til vaxtar framleiðslugetu (potential output) og þess hvert framleiðslubilið (output gap) er þegar fjallað er um áhrif hagsveiflunnar á ríkisfjármálin. Samkvæmt mælingum ráðuneytisins hafa áhrif hagsveiflunnar verið lítil á síðasta ári. Fleira má nefna, en þetta er látið nægja til að draga fram annmarka skýrslunnar.

Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Nú liggja fyrir niðurstöður úr nýrri könnun IMG Gallup um stöðu og horfur stærstu fyrirtækja á Íslandi, þar sem stuðst er við heildarlaunagreiðslur þegar stærstu fyrirtækin eru valin. Þessi könnun er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands. Að þessu sinni var könnunin gerð á tímabilinu 9. febrúar til 3. mars 2006 og voru alls 388 fyrirtæki í endanlegu úrtaki. Svarhlutfall var 68,3%.

Forráðamenn fyrirtækjanna telja aðstæður í efnahagslífinu almennt góðar eða um 75% aðspurðra en um 11% telja þær slæmar. Vísitala efnahagslífsins mælist nú 174,5 stig en var 156,4 stig í síðustu könnun sem framkvæmd var í október 2005. Hlutfall þeirra sem telja núverandi aðstæður almennt góðar fer því vaxandi frá því síðasta mæling átti sér stað. Forsvarsmenn fyrirtækja á landsbyggðinni eru almennt jákvæðari um stöðuna frá því síðasta mæling átti sér stað, en um 62% aðspurðra á landsbyggðinni telja núverandi aðstæður góðar til samanburðar við 44% í síðustu mælingu. Um 80% aðspurðra á höfuðborgarsvæðinu telja aðstæður í efnahagslífinu góðar sem er svipað hlutfall og mældist í síðustu könnun.

Þegar forráðamenn fyrirtækja eru beðnir um mat sitt á stöðu efnahagsmála 6 mánuði fram í tímann telja 17% þeirra að aðstæður verði betri samanborið við 8% í síðustu mælingu. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður verði óbreyttar eftir 6 mánuði mælist nú 60% en 23% aðspurðra telja að aðstæður muni versna.

Almennt virðast forráðamenn fyrirtækja vera svartsýnni um horfur á næstu tólf mánuðum en til skemmri tíma. Þegar spurt er um aðstæður 12 mánuði fram í tímann telja um 20% að aðstæður muni batna og 36% að aðstæður muni versna. Vísitala efnahagslífsins fyrir tólf mánuði mælist nú 71 stig en var í síðustu mælingu 49 stig. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður eftir tólf mánuði muni versna fer því lækkandi, forráðamenn fyrirtækja eru því ekki jafn svartsýnir að jafnaði og þeir voru í síðustu mælingu. Ef borin eru saman viðhorf forráðamanna mismunandi atvinnugreina þá eru það helst fyrirtæki í sjávarútvegi sem eru almennt bjartsýnni um horfur á næstu tólf mánuðum samanborið við aðrar atvinnugreinar.

Vísitala efnahagslífsins



Í könnuninni var jafnframt spurt um getu fyrirtækja til að bregðast við óvæntri aukningu í eftirspurn eða sölu. Einungis 10% aðspurðra sögðu starfsemi fyrirtækisins umfram hámarksframleiðslugetu, 45% að starfsemin væri í eða nálægt hámarksframleiðslugetu og svipað var hlutfall þeirra sem héldu því fram að starfsemin væri undir hámarksframleiðslugetu. Lítill munur er á svörum aðspurðra á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Ef litið er á mismunandi atvinnugreinar þá virðist vera sem einkum byggingastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta starfi umfram eða nálægt hámarksframleiðslugetu. Í könnuninni var jafnframt spurt um hvort aðspurðir telji að þær aðstæður muni vara á næstu 6 mánuðum og töldu um 90% aðspurðra að svo yrði.

Tekjur ríkissjóðs í janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	28,8	37,6
Skattar á tekjur og hagnað	35,2	54,3
Eignarskattar	60,7	11,2
Skattar á vöru og þjónustu	15,6	14,2
Tryggingagjöld	34,4	15,0
Tekjur alls	27,0	37,6

Gjöld ríkissjóðs í janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn mál	8,9	6,5
Félagsmál	-1,6	10,1
Atvinnumál	-19,8	-2,5
Vaxtagjöld	141,0	-76,6
Önnur útgjöld	1,7	4,3
Gjöld alls	2,4	0,7

Afkoma ríkissjóðs í janúar		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	2.655	13.926
Hreinn lánsfjárjöfnuður	5.874	12.849
Afborgun lána	-11.135	-4.049
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-5.261	8.470
Lántökur	5.563	1.532
Greiðsluafkoma	302	10.002

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (mars '06)	4,7	4,5
Kjarnaverðb. 1 (mars '06)	4,7	4,2
Launavísitala (febr. '06)	6,7	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (febr. '06)	2,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

30. mars 2006

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu geiðslna milli mánaða. Þetta getur valdið miklum sveiflum í einstökum liðum.

Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé um 23,4 milljarða króna innan ársins, sem er 9,4 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 11,1 milljarði hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 11,5 milljörðum hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um 2,1 milljarð. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 20,9 milljarða króna sem er 2,9 milljörðum betra en á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 72,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs sem er ríflega 11,5 ma.kr meiri innheimta en á sama tíma í fyrra, eða um 19% aukning. Ef hins vegar tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin 13,6%. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld ríflega 65,3 ma.kr. sem er 13,8% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,2% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um 9,1%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 33,2 ma.kr. og hækkuðu um ríflega 10,4 ma.kr. frá síðasta ári, eða um 45,8% . Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs nam hún 13,9 ma.kr. sem er 48,5% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 4,6 ma.kr. hækkun tekjuskatts lögaðila að mestu af áðurnefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, eða um 15,5% en hér ber að nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 2 ma.kr. sem er lækkun um 15,3% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld um 1,3 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman frá fyrra ári um 14,6% sem er meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 27 ma.kr. sem er aukning um 1,3% frá fyrra ári en raunlækkun upp á 2,9% sem skýrist alfarið af lagabreytingu sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum. Breytingin skýrir 2,8% lækkun á innheimtu virðisaukaskatts frá fyrra ári. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu ríflega fimmtungi meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning en þó nokkuð minni en hefur verið undanfarin ár. Þetta endurspeglar þá þróun að nokkuð hefur hægt á aukningu innflutnings bifreiða en nýskráningum bíla hefur fjölgað um 24,6% á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs miðað við 79% á sama tíma fyrir ári.

Greidd gjöld nema tæpum 50 milljörðum króna og hækka um 2,1 milljarð frá fyrra ári, eða um 4,3%. Nú er í fyrsta sinn í mánaðarlegum greiðsluuppgjörum birt sundurliðun gjalda samkvæmt nýjum staðli Sameinuðu þjóðanna um skiptingu gjalda á málaflokka, (COFOG). Hjá málaflokkum almannatryggingar og velferðarmál kemur fram 1,1 milljarðs aukning gjalda milli ára. Næstmest er aukningin í heilbrigðismálum, eða 0,9 milljarðar og menntamálum 0,8 milljarðar. Samtals vega heilbrigðismál og almannatryggingar rúmlega helming af útgjöldunum. Á móti hækkunum vegur 1,1 milljarðs lækkun almennrar þjónustu, sem skýrist alfarið af 1,8 milljarða lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs, en í janúar í fyrra var stór flokkur spariskírteina forinnleystur sem leiddi til 1,2 milljarða vaxtagjalda. Þá leiddi afborgun erlends láns til 0,9 milljarða vaxtagjalda í fyrra.

Skatttekjur ríkissjóðs 1998 - 2006



Almannaþjónusta, samkeppnisrekstur og aðskilið bókhald

Fjármálaráðherra hefur gefið út reglugerð um aðskilið bókhald hjá fyrirtækjum sem veitt eru sérstök réttindi eða einkaréttur, eða falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, skv. 59. gr. laga nr. 2/1993, um evrópska efnahagssvæðið, og stunda einnig aðra starfsemi. Reglugerðina má nálgast hér.

Er reglugerðin sett til að ganga frá innleiðingu á svokallaðri "gagnsæistilskipun" Evrópusambandsins sem í grunninn er frá 1980. Kveður tilskipunin, með síðari breytingum, á um að fyrirtæki sem veitt eru sérstök réttindi, eða falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 59. gr. EES samningsins, og stunda jafnframt aðra starfsemi, skuli hafa aðskilið bókhald. Tilgangur tilskipunarinnar er að koma í veg fyrir að opinbert fé sem viðkomandi aðili nýtur til að geta veitt þá þjónustu sem honum hefur verið falið að veita, fari í að niðurgreiða kostnað af annarri starfsemi sem aðilinn hefur með höndum og kann að vera í samkeppni á markaði. Þ.e.a.s. að viðkomandi aðili (hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða stofnun) niðurgreiði ekki samkeppnisstarfsemi sína með opinberu fé. Verður því slíkur aðili að hafa mismunandi starfsemi sína skýrt aðgreinda í bókhaldinu til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun á samkeppnismarkaði. Ofangreind reglugerð er í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri stofnana ríkisins. Árið 1997 samþykkti ríkisstjórnin slíka stefnu og fól hún það í sér að samkeppnisrekstur hjá ríkisstofnun skyldi vera fjárhagslega aðgreindur frá öðrum þáttum í rekstri stofnunarinnar. Í stefnunni komu jafnframt fram viðmiðanir um það hvenær beita ætti fjárhagslegum aðskilnaði. Í kjölfar stefnumörkunarinnar gaf fjármálaráðuneytið síðan út leiðbeiningar til stofnana um fjárhagslega aðgreiningu. Leiðbeiningarnar eru enn í fullu gildi og hafa nýverið verið uppfærðar með tilliti til breytinga sem orðið hafa á bókhalds- og fjárhagskerfum ríkisins. Leiðbeiningarnar má nálgast á vef fjármálaráðuneytisins.

Eru gildandi reglur um framkvæmd fjárlaga fullnægjandi?

Með útgáfu reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum stofnana í A-hluta, sem fyrst tók gildi frá og með árinu 2001 og var endurútgefin í árslok 2004 sem reglugerð nr. 1061/2004, var stigið stórt skref í átt að heildstæðu regluverki um nær alla þætti í framkvæmd fjárlaga. Reglugerðin var sett með vísan til laga um fjárreiður ríkisins, en 4. kafli þeirra laga fjallar um framkvæmd fjárlaga. Aðrar reglugerðir sem byggjast á sömu lögum og fjalla um framkvæmd fjárlaga eru: Reglugerð nr. 262/1999, um rekstrarsamninga til lengri tíma en eins árs og reglur nr. 83/2000, um láns- og reikningsviðskipti stofnana. Fjármálaráðuneytið hefur einnig gefið út handbók um efnið þar sem verkaskipting, verkferlar, áætlanagerð og einstakir þættir reglugerðar um framkvæmd fjárlaga eru skýrðir nánar. Samkvæmt reglugerðum framkvæmd fjárlaga er hlutverk fjármálaráðuneytisins m.a. að gera ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir afkomu stofnana ársfjórðungslega. Samhliða því er óskað upplýsinga frá ráðuneytunum um nauðsynlegar aðgerðir vegna tiltekinna fjárlagaliða. Því verður að telja að gildandi reglur séu fullnægjandi. Eru ekki uppi sérstök áform um að breyta reglugerð um framkvæmd fjárlaga, heldur er lögð áhersla á að fylgja eftir núverandi reglugerðum bæði gagnvart ráðuneytum og stofnunum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	25,6	19,4
Skattar á tekjur og hagnað	27,9	45,8
Eignarskattar	50,7	-15,3
Skattar á vöru og þjónustu	22,7	1,3
Tryggingagjöld	23,0	15,5
Tekjur alls	24,6	19,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	10,3	-14,3
Heilbrigðismál	10,9	7,3
Alm.trygg. & velferðarmál	1,6	10,6
Efnahags- og atvinnumál	-1,1	-4,5
Menntamál	14,5	13,4
Gjöld alls	6,7	4,3

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	13.938	23.361
Hreinn lánsfjárjöfnuður	17.948	20.892
Afborgun lána	-11.215	-8.064
Brúttó lánsfjárjöfnuður	6.233	12.168
Lántökur	1.016	1.532
Greiðsluafkoma	7.249	13.700

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (mars '06)	4,7	4,5
Kjarnaverðb. 1 (mars '06)	4,7	4,2
Launavísitala (febr. '06)	6,7	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (febr. '06)	2,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

6. apríl 2006

Innflutningur í mars

Vöruinnflutningur í mars reyndist vera í kringum 33,2 milljarðar króna samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum um innheimtu virðisaukaskatts. Þetta er töluverð aukning milli mánaða en í febrúar var innflutningur um 22 milljarðar króna. Ef tölurnar reynast réttar er staðvirt aukning milli ára 36,3%. Ef horft er til tólf mánaða breytingar þriggja mánaða staðvirts meðaltals er aukningin á svipuðu róli, eða 36,4%.

Vöruinnflutningur að raunvirði janúar 2003 - mars 2006



Þótt um verulega magnaukningu sé að ræða átti lækkun á tollgengi krónunnar sinn þátt í auknu innflutningsverðmæti milli mánaða en gengið veiktist um tæp 5% vegna innflutnings í mars. Það þýðir að innflutningur verður dýrari en jafnframt hækka útflutningstekjur. Gera má ráð fyrir að það taki nokkra mánuði fyrir gengislækkunina að hafa áhrif á magnstærðir innflutnings en jafnan eru neysluvörur og bifreiðar sérlega næmar fyrir gengissveiflum og má því vænta minni aukningar innflutnings í þeim liðum á næstu mánuðum.

Annar mikilvægur þáttur var aukning í innflutningi á eldsneyti en sá liður er afar sveiflukenndur. Verðmæti eldsneytisinnflutnings var mjög mikið í mars og koma þar saman gengislækkun og hækkandi eldsneytisverð á heimsmörkuðum. Innflutningur var einnig mikill á fjárfestingar- og rekstrarvörum eins og raunin hefur verið síðustu misseri en það stafar að mestu af fjárfestingum í stóriðju. Ekki er reiknað með að gengislækkunin hafi mikil magnáhrif á innflutning fjárfestingar- og rekstrarvara vegna stóriðjuframkvæmda.

Margir Íslendingar hafa sótt nám í bestu háskólum heims

Rektor Háskóla Íslands hefur sett fram metnaðarfullt markmið um að skólinn ætti að stefna að því að komast á lista yfir 100 bestu háskóla í heimi. Til eru nokkrir listar yfir bestu háskóla, enda byggjast þeir á mismunandi mælikvörðum, en sá sem er mest notaður og rektor miðar við kemur frá Shanghai Jiao Tont háskóla í Kína. Samkvæmt upplýsingum Lánasjóðs íslenskra námsmanna veitti sjóðurinn samtals 1.220 Íslendingum lán vegna náms í skólum sem eru í 100 efstu sætunum á listanum á síðustu tíu árum, þ.e. á árunum 1996-2005. Þetta eru 3,6% af lántakendum á tímabilinu en 12,3% þeirra sem fengu lán fyrir námi í erlendum háskólum. Íslenskir námsmenn sóttu nám í 89 þessara skóla á tímabilinu en í mismiklum mæli þó. Vinsælastur meðal Íslendinga var Kaupmannahafnarháskóli (í 57. sæti listans árið 2005) en hann sóttu 242 Íslendingar á tímabilinu sem um ræðir. Næst flestir, eða 83, sóttu nám í Edinborgarháskóla (47. sæti). Þar á eftir kom Háskólinn í Lundi (99. sæti) með 76 íslenska nemendur á tímabilinu. Í fjórða sæti var Óslóarháskóli (69. sæti) með 46 íslenska nemendur og í fimmta sæti var Háskólinn í Seattle (17. sæti) með 41 íslenskan nemanda. Á toppi listans trónir Harvard háskóli í Bandaríkjunum með 100 stig en 24 Íslendingar stunduðu nám í honum síðustu tíu árin. Næstur á listanum er Cambridgeháskólinn í Bretlandi með 73,6 stig en 27 Íslendingar stunduðu nám í honum á tímabilinu. Í næstu sjö sætum listans eru bandarískir háskólar með samtals 79

Íslenskir námsmenn í bestu háskólum heims 1990-2005



íslenska námsmenn. Það hefur verið talinn einn af styrkleikum Íslendinga hversu margir sækja háskólamenntun í útlöndum, ekki síst í bestu háskólum heims. Stuðningur ríkisins við námsmenn hefur augljóslega mikil áhrif á hvaða skóla þeir velja. Lánasjóðurinn hætti að lána fyrir skólagjöldum í grunnháskólanámi erlendis á niðurgreiddum vöxtum skólaárið 1992-1993. Við það fækkaði námsmönnum í erlendum skólum sem tóku skólagjöld. Þannig tóku 413 Íslendingar lán fyrir námi í skólum á framangreindum lista yfir 100 bestu háskóla skólaárið 1990-1991 en 280 skólaárið 1992-1993 og síðan hafa þeir verið árlega á bilinu 233-284. Mest fækkaði í bandarískum háskólum eða úr 199 skólaárið 1990-1991 í 94 skólaárið 2004-2005, en þar hafa skólagjöld almennt verið hæst.

Auknar lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega

Samkvæmt fjárlögum 2006 nema lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar (TR) til ellilífeyrisþega alls um 19 milljörðum króna. Frá árinu 1995 til ársins 2005 hækkuðu greiðslur TR á hvern ellilífeyrisþega um tæp 80%. Á sama tímabili hækkaði neysluverðsvísitalan um 41%. Þessi þróun á meðalgreiðslum á sér stað þrátt fyrir auknar greiðslur til ellilífeyrisþega úr lífeyrissjóðum sem eiga að koma til lækkunar á lífeyrisgreiðslum TR.

Meðalgreiðslur TR á hvern ellilífeyrisþega 1995-2005



Eins og sést á myndinni hækka meðalgreiðslur TR mun hraðar en neysluverðsvísitala á árunum 2001 til 2003. Á þessu tímabili kom til nýr lífeyrisflokkur, tekjutryggingarauki, sem hækkaði greiðslur til margra ellilífeyrisþega. Einnig lækkaði skerðingarhlutfall, vegna annarra tekna, á tekjutryggingaauka úr 67% í 45% í byrjun árs 2003. Nú fá um 7.700 ellilífeyrisþegar hlutdeild í tekjutryggingarauka. Auk þess sem lífeyrisgreiðslur TR hafa verið hækkaðar sérstaklega, er kveðið svo á í lögum að bætur almannatrygginga skuli taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	25,6	19,4
Skattar á tekjur og hagnað	27,9	45,8
Eignarskattar	50,7	-15,3
Skattar á vöru og þjónustu	22,7	1,3
Tryggingagjöld	23,0	15,5
Tekjur alls	24,6	19,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	10,3	-14,3
Heilbrigðismál	10,9	7,3
Alm.trygg. & velferðarmál	1,6	10,6
Efnahags- og atvinnumál	-1,1	-4,5
Menntamál	14,5	13,4
Gjöld alls	6,7	4,3

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	13.938	23.361
Hreinn lánsfjárjöfnuður	17.948	20.892
Afborgun lána	-11.215	-8.064
Brúttó lánsfjárjöfnuður	6.233	12.168
Lántökur	1.016	1.532
Greiðsluafkoma	7.249	13.700

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (mars '06)	4,7	4,5
Kjarnaverðb. 1 (mars '06)	4,7	4,2
Launavísitala (febr. '06)	6,7	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (febr. '06)	2,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

27. apríl 2006

Þróun einkaneyslu

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er fjallað um framvindu hagkerfisins á komandi árum. Nokkra breytingu er að merkja frá janúarspá ráðuneytisins sem rekja má annars vegar til þess að hagtölur fyrri ára hafa tekið umtalsverðum breytingum og hins vegar hefur ókyrrð á alþjóðlegum fjármálamörkuðum borist hingað til lands. Við það hefur gengi krónu og hlutabréfa lækkað þótt lækkunin hafi nú gengið að hluta til baka. Af þessum sökum hefur vöxtur einkaneyslu á þessu ári og því næsta verið endurskoðaður til lækkunar. Spurt hefur verið hvort vöxtur einkaneyslu verði ekki minni en nú er spáð. Í því samhengi er vitnað í reynsluna af síðustu hagsveiflu þegar einkaneysla drósk saman árin 2001 og 2002.

Þróun einkaneyslu og tengdra þátta 1998-2007



*Spá. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið.

Eins og meðfylgjandi mynd sýnir er margt ólíkt með núverandi og síðustu hagsveiflu. Gert er ráð fyrir að veiking gengis krónunnar í ár verði helmingi minni en árið 2001 en gengið hefur mikil áhrif á kaupmátt landsmanna erlendis. Fasteignaverð hefur hækkað meira en í fyrri uppsveiflu. Í því samhengi er rétt að benda á að hrein eign landsmanna, sem samanstendur m.a. af húsnæðisauði og lífeyrissparnaði, hefur aukist um 60% árin 2003-2005 en til samanburðar var aukningin árin 1998-2000 um 34%. Auðsáhrif á einkaneyslu hafa því verið meiri í þessari uppsveiflu en hinni fyrri. Árin 2006–2007 er gert ráð fyrir áframhaldandi en hægari vexti fasteignaverðs og hreinnar eignar landsmanna. Lausafjárstaða heimilanna hefur batnað við það að raunvaxtakostnaður þeirra árin 2004-2005 var að meðaltali 25% lægri en árin 2000 og 2001. Reiknað er með að hann haldist lægri í ár og á næsta ári en fyrir fimm árum. Þá er spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist mun meira þessi ár en í niðursveiflunni þegar hann var óbreyttur. Skattalækkanir munu auka kaupmátt ráðstöfunartekna á mann allt að 2,7% á næsta ári, en slíku var ekki til að dreifa í síðustu niðursveiflu. Að lokum er rétt að benda á þann mun að yfirstandandi stóriðjuframkvæmdir eru enn í fullum gangi í ár og lýkur á því næsta. Í fyrri uppsveiflu lauk stóriðjuframkvæmdum árið 1998 en þær voru jafnframt mun minni en núverandi framkvæmdir. Að öllu þessu athuguðu er niðurstaðan sú sem hefur verið birt.

Fjárfesting ríkissjóðs

Að undanförnu hefur verið nokkur umræða um framkvæmdir á vegum ríkisins í tengslum við þenslu í efnahagslífinu. Í því sambandi er rétt að benda á að ríkissjóður hefur tímabundið dregið verulega úr fjárfestingu sinni á meðan á stóriðjuframkvæmdum stendur. Frá 2000 til 2003 nam fjárfesting ríkissjóðs að jafnaði um 11% af heildarfjárfestingu í landinu, en um 6,2% í fyrra og áætlað er að hún verði um 4,4% af heildarfjárfestingu á þessu ári. Þess ber að geta að heildarfjárfesting hefur aukist mjög mikið á tímabilinu vegna fjárfestingar í virkjunum og álverum auk þess sem fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur aukist. Ef litið er á fjárfestingu ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) þá lækkar hún úr að meðaltali 2,2% árin 2000-2003, í 1,8% árið 2005 og er áætluð 1,2% af VLF í ár.

Fjárfesting ríkissjóðs sem hlutfall af VLF 2000–2006



Tölur eru á fjárlagagrunni, og eru nokkru hærri en tölur á þjóðhagsreikningagrunni.

Fjárfesting ríkissjóðs minnkar um 6 milljarða króna frá árinu 2003, þegar hún var í hámarki, til ársins í ár, eða rúm 30% að nafnvirði. Ef litið er á áætlun fjárlaga fyrir árið 2006 eru fjárfesting og fjármagnstilfærslur ríkissjóðs áætlaðar 13,6 ma.kr., þar af fara tæpir 6 ma.kr. til vegamála, 1,6 ma.kr til heilbrigðisstofnana, tæpir 1,6 ma.kr. í menntastofnanir og rúmlega 800 m.kr. í hafnir.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar–mars 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé frá rekstri um 23,8 ma.kr. innan ársins, sem er 15,4 ma.kr. hagstæðari útkoma en í fyrra. Þá er útkoman 19,9 ma.kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust 20,3 ma.kr. hærri en í fyrra meðan gjöldin jukust um 4,1 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 21,3 ma.kr. sem er 5,8 ma.kr. betra en á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 99,7 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi þessa árs sem er 25,5% meiri innheimta en á sama tíma í fyrra. Ef tillit er hins vegar tekið til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin 21,4%. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 91,3 ma.kr. sem er 21,6% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,3% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um 16,5%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 41 ma.kr. og jukust um 40% milli ára. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam hún ríflega 13,9 ma.kr. sem er 45,4% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 4,3 ma.kr. hækkun tekjuskatts lögaðila að mestu af áðurnefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, um 16,1%, en á sama tíma hækkaði launavísitalan um 8,5%. Innheimta eignarskatta nam 3 ma.kr. sem er lækkun um 16,3% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld um 2,2 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman frá fyrra ári um 8,9%.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 20,5% frá fyrra ári. Þannig hafa tekjur af virðisaukaskatti aukist um 25,1% sem jafngildir 19,9% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu tæpum þriðjungi meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning en á fyrstu þremur mánuðum þessa árs fjölgaði nýskráðum bifreiðum um 37,4% frá sama tímabili í fyrra.

Greidd gjöld nema 74,4 ma.kr. og hækka um 4,1 ma.kr. milli ára, eða um 5,9%. Í gjaldaflokknum almannatryggingar og velferðarmál varð 1,3 ma.kr. aukning milli ára. Næstmest er aukningin í heilbrigðismálum og menntamálum. Samtals vega þessir þrír málaflokkar tæplega 2/3 af heildargjöldum. Útgjöld til löggæslu hækka um 0,5 ma.kr., eins og gjöld til menningarmála. Á móti hækkunum vegur 1,2 ma.kr. lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs. Í janúar í fyrra var stór flokkur spariskírteina forinnleystur sem skýrir að mestu lækkun milli ára.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,8	25,9
Skattar á tekjur og hagnað	23,3	40,0
Eignarskattar	51,4	-16,3
Skattar á vöru og þjónustu	20,7	20,5
Tryggingagjöld	20,5	16,1
Tekjur alls	22,9	25,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	12,0	-2,0
Heilbrigðismál	13,1	6,3
Alm.trygg. & velferðarmál	3,4	8,6
Efnahags- og atvinnumál	5,2	-4,4
Menntamál	11,5	13,9
Gjöld alls	8,0	5,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	9.301	23.741
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.511	21.286
Afborgun lána	-11.404	-9.070
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.257	11.226
Lántökur	1.094	1.532
Greiðsluafkoma	4.351	12.758

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (apríl '06)	4,3	5,5
Kjarnaverðb. 1 (apríl '06)	4,6	4,6
Launavísitala (mars '06)	6,5	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (mars '06)	2,3	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

4. maí 2006

Ný skýrsla um fjármálastöðugleika á Íslandi

Út er komin ný skýrsla um fjármálastöðugleika á Íslandi eftir Frederic S. Mishkin og Tryggva Þór Herbertsson þar sem tekið er undir margt af því sem fjármálaráðuneytið hefur látið frá sér fara um ástand íslenskra efnahagsmála um þessar mundir. Bent er á að undirstöður íslensks efnahagslífs eru traustar; hagkerfið er sveigjanlegt, lífeyrissjóðakerfi landsmanna sjálfbært og staða ríkisfjármála einstaklega góð. Aukinn viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun eru ekki merki um erfiðleika heldur afleiðing lántöku til arðbærra fjárfestingarverkefna. Það að íslensk heimili nýta sér sterkt gengi krónunnar og flytja inn varanlegar neysluvörur og draga síðan úr slíkum innflutningi þegar krónan veikist er talið merki um hagsýni þeirra. Einnig er bent á að þrátt fyrir öran vöxt lántakna íslenskra banka erlendis hafi lánveitingar og eignir þeirra erlendis einnig vaxið hratt. Þar sem áhættumat bankanna er gott og þeir ekki viðkvæmir fyrir sveiflum á gengi krónunnar er hröð aðlögun á gengi krónunnar ekki talin ógn við fjármálastöðugleikann. Þar sem reglur og eftirlitsstofnanir fjármálamarkaðarins eru jafnframt skilvirkar telja skýrsluhöfundar fráleitt að bera stöðu mála á Íslandi í dag saman við það ástand sem ríkti í löndum Asíu áður en fjármálakreppa skall á þar fyrir tæpum áratug.

Aðhald í ríkisfjármálum

Í ofangreindri skýrslu er fjallað um mögulegar úrbætur í opinberum fjármálum á Íslandi. Annars vegar er talin þörf á að taka upp sérstaka reglu við stjórn opinberra fjármála sem takmarki vöxt útgjalda ríkis og sveitarfélaga við framleiðni hagkerfisins, og auki sjálfvirka sveifljöfnun og skilvirkni hagstjórnarinnar í heild. Hins vegar er nefnt að aðhaldsstig opinberra fjármála undanfarin ár hafi verið ónógt ef tekið er tillit til hagsveifluáhrifa samkvæmt útreikningi Seðlabankans.

Frá því að ríkisstjórnin tók upp langtímamarkmið í stjórn ríkisfjármála árið 2003 hefur markvisst verið unnið að því að draga úr vexti ríkisútgjalda. Markmið voru sett um að ársvöxtur samneyslu yrði 2% að raunvirði og vöxtur tekjutilfærslna 2,5%. Ekki var sett vaxtarmarkmið um fjárfestingu ríkissjóðs heldur var margvíslegum framkvæmdum skotið á frest árin 2004-2006. Vegna þessara aðgerða er áætlað að hlutdeild ríkisútgjalda í landsframleiðslu lækki úr 34,8% árið 2003 í 31,1% af landsframleiðslu árið 2006, eða um tæp 4%. Tekjur sem hlutdeild af landsframleiðslu jukust hins vegar mikið og tekjuafgangur ríkissjóðs lét ekki á sér standa, en hann var 1,3% af landsframleiðslu árið 2004, 3,8% árið 2005 og er áætlaður 2,4% árið 2006. Þessu var ólíkt farið í síðustu uppsveiflu þegar útgjöld ríkissjóðs jukust meira en landsframleiðslan.

Aðhald í ríkisfjármálum



Núverandi stjórn ríkisfjármála er nálægt því að fylgja ákveðinni reglu og er líklega aðhaldsmeiri en skýrslan leggur til. Í skýrslunni er tekið undir það sjónarmið fjármálaráðuneytisins að vænlegra til árangurs í ríkisfjármálum sé að kalla fram aðhald með ákveðnum markmiðum heldur en beita viðamiklum sértækum aðgerðum, en þeim fylgir sú hætta að mistök í tímasetningu aðgerða auki sveiflur í efnahagslífinu frekar en draga úr þeim.

Varðandi áhrif hagsveiflunnar á aðhaldsstig ríkisfjármála er stuðst við mat á framleiðslugetu hagkerfisins, eða þeim vaxtarhraða sem samræmist verðstöðugleika. Ljóst er að 5% hagvöxtur eða meira mörg ár í röð er líklegt til að vera umfram jafnvægishagvöxt. Spurningin er því ekki hvort spenna sé í hagkerfinu um þessar mundir, heldur hve mikil hún er. Fjármálaráðuneytið, sem byggir mat sitt á alþjóðlegum mæliaðferðum, fær út umtalsverða spennu en þó minni en kemur fram samkvæmt sérstökum mæliaðferðum Seðlabankans. Þá er mikilvægt að hafa í huga að opnun hagkerfisins undanfarin ár hefur aukið framleiðslugetu og dregið úr framleiðsluspennu, en áhrif alþjóðavæðingarinnar til að draga úr verðbólgu hafa verið merkjanleg út um allan heim undanfarin ár. Þau áhrif koma líklega ekki nema að hluta fram í ofangreindum mælingum. Miðað við mat ráðuneytisins á framleiðsluspennu var sveiflujafnaður tekjuafgangur ríkissjóðs 0,8% af landsframleiðslu árið 2004 og 2,8% árið 2005, og er áætlaður 1,3% í ár. Með öðrum orðum, fjármálastjórnin er mjög við hæfi og aðhald í ríkisfjármálum hefur verið umtalsvert í uppsveiflunni.

Ný reglugerð um þjónustusamninga

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð, nr. 343/2006, um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, í stað reglugerðar nr. 262/1999 um sama efni. Þeir samningar sem hér um ræðir ganga almennt undir heitinu þjónustusamningar. Þeir eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr fjárreiðulaga nr. 88/1997 og skuldbinda ríkið lengra fram í tímann en sem nemur fjárlögum ársins. Undir þjónustusamninga falla margir af stærstu og mikilvægustu samningum sem ríkið gerir við einkaaðila eins og um rekstur hjúkrunarheimila, menntastofnana, ýmiss konar þjónustu við fatlaða, sjúkraflutninga og rekstur samgöngutækja.

Í reglugerðinni er að finna ýmsar breytingar til að bæta málsmeðferð og skýra verkferla, eftirfylgni, ábyrgðarsvið og hlutverk þeirra sem koma við sögu innan ríkisgeirans. Gerðar eru ríkari kröfur en áður um faglegan undirbúning þeirra verkefna sem eru grundvöllur samninganna, sérstaklega að því er lýtur að fjárhagslegum þáttum þeirra.

Innkaupaþáttur verkefna er styrktur verulega með hinni nýju reglugerð. Sérstaklega er áréttað að innkaup á grundvelli reglugerðarinnar falli undir lög og reglur um opinber innkaup og sæti því almennu útboði séu þau yfir tilskilinni lágmarksfjárhæð, nema sérstakar undanþágur sé að finna í lögunum. Haga skal innkaupum á þann hátt að þau styrki og viðhaldi samkeppni og byggi upp markaði þar sem þeir eru ekki til staðar. Þá er gert ráð fyrir að Ríkiskaup beiti sér fyrir samræmdum innkaupum og samningsgerð vegna verkefna auk þess að veita almenna ráðgjöf og leiðbeiningar.

Í reglugerðinni er mælt fyrir um að við samningslok skuli verkkaupi gera úttekt á framkvæmd samningsins þar sem metið er hvernig til hafi tekist. Slík úttekt skal lögð til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um framhald verkefnis eða endurnýjun á þjónustusamningi.

Vöruinnflutningur í apríl

Vörur voru fluttar inn fyrir rúmlega 27 milljarða króna í apríl ef marka má bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts. Þetta gefur til kynna töluvert minni innflutning en í marsmánuði en þá var flutt inn fyrir um 33 milljarða króna. Staðvirtur innflutningur hefur aukist um 6,3% síðustu tólf mánuði en 22,4% ef horft er til tólf mánaða breytingar ársfjórðungsmeðaltals.

Breytingar milli mánaða má að stórum hluta rekja til minni eldsneytiskaupa en einnig vekur athygli að ýmsir neyslutengdir liðir dragast töluvert saman. Innflutningur á fólksbílum dregst mikið saman milli mánaða en marsmánuður var með stærri mánuðum hvað bílainnflutning varðar. Innflutningur á bílum í aprílmánuði var umtalsvert minni en staðvirtur meðalmánaðarinnflutningur síðasta árs. Innflutningsverðmæti annarra neysluvara á borð við varanlegar neysluvörur (t.d. ísskápa, sjónvörp) og hálf-varanlegar neysluvörur (t.d. fatnað) minnkar einnig töluvert milli mánaða. Á hinn bóginn mælist aukning í innflutningi á fjárfestingar- og rekstrarvörum sem má rekja til stóriðjuframkvæmda.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,8	25,9
Skattar á tekjur og hagnað	23,3	40,0
Eignarskattar	51,4	-16,3
Skattar á vöru og þjónustu	20,7	20,5
Tryggingagjöld	20,5	16,1
Tekjur alls	22,9	25,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	12,0	-2,0
Heilbrigðismál	13,1	6,3
Alm.trygg. & velferðarmál	3,4	8,6
Efnahags- og atvinnumál	5,2	-4,4
Menntamál	11,5	13,9
Gjöld alls	8,0	5,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	9.301	23.741
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.511	21.286
Afborgun lána	-11.404	-9.070
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.257	11.226
Lántökur	1.094	1.532
Greiðsluafkoma	4.351	12.758

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (apríl '06)	4,3	5,5
Kjarnaverðb. 1 (apríl '06)	4,6	4,6
Launavísitala (mars '06)	6,5	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (mars '06)	2,3	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

11. maí 2006

Áhrif gengis krónunnar á þjóðhagsspá

Í síðustu þjóðhagsspám fjármálaráðuneytisins hefur verið vakin athygli á óvissu varðandi framvindu á gengi íslensku krónunnar. Spár um þróun gengis krónunnar hafa tekið nokkrum breytingum og skiptir miklu máli að gerðir séu skýrir fyrirvarar um forsendur varðandi gengi krónunnar hverju sinni.

Á meðfylgjandi myndum eru sýnd dæmi um 5% frávik í báðar áttir frá forsendu um gengisþróun í vorspá fjármálaráðuneytisins sem kom út í apríl. Fráviksdæmin eru framreiknuð með þjóðhagslíkani fjármálaráðuneytisins en það byggist á fræðilegum grunni og tölfræðilegu mati sögulegra talnagagna.

Fráviksdæmi: áhrif þess ef gengi verður 5% hærra eða lægra en í grunndæmi



Áhrif gengisfrávika á hagvöxt eru nokkuð sterk í upphafi. Veikari króna gefur til kynna að hagvöxtur verði um 0,3% meiri en grunnspá árin 2006 og 2007. Árið 2008 fellur frávikið í 0,1% og hverfur árið 2010. Áhrif af fráviki vegna sterkari krónu á hagvöxt eru nánast samhverf á móti áhrifum lágdæmisins. Hið sama á við þegar um er að ræða áhrif frávika á viðskiptajöfnuð, verðbólgu og atvinnuleysi.

Breyting í viðskiptajöfnuði sem hlutfalli af landsframleiðslu tekur hægar við sér en í hagvexti þegar áhrif af fráviksdæmum eru athuguð. Samkvæmt framreikningi kemur u.þ.b. helmingur af áhrifunum fram á árinu 2007 og að fullu árið 2010 en þá verður hallinn um 1% minni í lágdæmi miðað við grunndæmið.

Áhrif á verðbólgu koma strax fram og hverfa nánast á öðru ári framreikninga. Áhrif gengisbreytinga á atvinnuleysið eru vaxandi þegar frá dregur, a.m.k. yfir þann tíma sem athugunin náði til.

Mikill vöxtur á vinnumarkaði

Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar fyrir fyrsta ársfjórðung í ár kemur fram að atvinnuþátttaka er sú mesta sem mælst hefur frá því stöðugar vinnumarkaðskannanir fyrir alla ársfjórðunga voru teknar upp árið 2003. Atvinnuþátttakan, sem er hlutfall starfandi og atvinnulausra af heildaríbúafjölda á vinnualdri (16-74 ára) reyndist vera 81,1%. Þetta hlutfall hafði hækkað um 1,3 prósentustig frá sama ársfjórðungi í fyrra. Það hækkaði meira hjá körlum en konum en skýringin á því er að mikill hluti nýrra erlendra starfsmanna eru karlar. Það vekur athygli að hækkunin er um 4 prósentustig hjá elsta hluta vinnumarkaðarins (55-74 ára); hún er 2,2 prósentustig hjá yngsta hlutanum (16-24 ára) en hjá aldurshópi 25-54 ára hefur atvinnuþátttakan dregist saman um 0,2 prósentustig. Þar er hún hæst fyrir. Greinilegt er að ríkjandi atvinnuástand hefur dregið úr áhuga eldra fólks á að draga sig út af vinnumarkaði. Jafnframt virðist freistingin til þess að vinna frekar en að halda áfram í skóla hjá yngri hlutanum vera minni en var í síðustu uppsveiflu. Atvinnuþátttakan hefur aukist meira á höfuðborgarsvæðinu en utan þess og hún er meiri þar en á landsbyggðinni.

Starfandi mönnum hefur fjölgað um 7.700 frá fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Þetta er aukning um 4,9%. Af aukningunni koma 800 úr röðum þeirra sem áður töldust atvinnulausir. Meiri atvinnuþátttaka í ár en á sama tímabili í fyrra skýrir 2.100 til viðbótar. Náttúruleg fjölgun fólks á vinnualdri, að teknu tilliti til atvinnuþátttöku, skýrir um 3.000 manna aukningu á fjölda starfandi. Þá er eftir um það bil 1.800 manns, um fjórðungur af fjölguninni, sem hægt er að skýra með aðflutningi til landsins. Fjölgun fólks á vinnualdri af þeim orsökum yfir árið 2005 telst hafa verið um 3.500 sem gæti bent til a.m.k. 2.800 manna fjölgunar á fjölda starfandi sem er töluvert umfram það sem álykta má af vinnumarkaðskönnunum. Þar gæti skýringin verið sú að kannanirnar nái ekki eins vel til erlends vinnuafls og annarra hluta vinnumarkaðarins, þrátt fyrir það að Hagstofan reyni sitt besta til að ná til þeirra eins og annarra.

Á sama tíma og íbúum fjölgar og atvinnuþátttaka vex hefur vinnutími aukist sömuleiðis. Hann einn gefur til kynna 1,2% aukningu milli ára. Þegar allt er talið óx vinnumagn sem unnið var á fyrsta ársfjórðungi í ár um 6,2% frá sama tímabili í fyrra. Vinnumagn óx um tæp 4% í fyrra frá árinu þar á undan og ef svo heldur sem horfir gæti vöxturinn í ár orðið meiri en það.

Kaupgeta á íbúðamarkaði dregst saman

Kaupgeta á íbúðamarkaði (e. affordability) ræðst af nokkrum breytum. Á annarri hliðinni eru vaxtakjör, fasteignaverð og lánstími húsnæðislána. Lægri vextir og lengri lánstími draga úr greiðslubyrði en á móti eykur hærra fasteignaverð hana. Á hinni hliðinni eru ráðstöfunartekjur. Launahækkanir auka kaupgetuna og það gera skattalækkanir einnig en verðbólga rýrir hana.

Kaupgeta á húsnæðismarkaði janúar 2003 - mars 2006



Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig kaupgeta á fasteignamarkaði hefur verið að þróast frá byrjun árs 2003. Hér er einungis miðað við launabreytingar þar sem mánaðarleg gögn um ráðstöfunartekjur liggja ekki fyrir. Kaupgetan náði hámarki haustið 2004 í kjölfar breytinga á húsnæðislánamarkaði. Við hækkunina jókst eftirspurn sem leiddi til þess að fasteignaverð fór hækkandi þar sem ekki var nægt framboð til að mæta henni. Frá og með byrjun árs 2005 hefur kaupgetan verið að dragast saman og má því segja að sá ávinningur, sem skapaðist af minni greiðslubyrði vegna lægri vaxta og lengri lánstíma hafi verið horfinn á fyrsta ársfjórðungi 2005 þrátt fyrir launahækkanir og skattalækkanir. Til viðbótar hafa vextir á nýjum íbúðalánum verið að mjakast upp frá haustmánuðum 2005.

Kaupgeta einstaklinga á fasteignamarkaði í ár og á næstu árum mun að öðru óbreyttu ráðast af áframhaldandi þróun fasteignaverðs, langtímavaxta og ráðstöfunartekna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,8	25,9
Skattar á tekjur og hagnað	23,3	40,0
Eignarskattar	51,4	-16,3
Skattar á vöru og þjónustu	20,7	20,5
Tryggingagjöld	20,5	16,1
Tekjur alls	22,9	25,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	12,0	-2,0
Heilbrigðismál	13,1	6,3
Alm.trygg. & velferðarmál	3,4	8,6
Efnahags- og atvinnumál	5,2	-4,4
Menntamál	11,5	13,9
Gjöld alls	8,0	5,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	9.301	23.741
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.511	21.286
Afborgun lána	-11.404	-9.070
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.257	11.226
Lántökur	1.094	1.532
Greiðsluafkoma	4.351	12.758

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (maí '06)	2,9	7,6
Kjarnaverðb. 1 (maí '06)	3,4	6,4
Launavísitala (mars '06)	6,5	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (apríl '06)	2,1	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Efnahagsleg samþætting Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Með nýlegri aðild ríkja við Eystrasaltið (Eistland, Lettland, Litháen og Póllandi) að Evrópusambandinu má segja að upp hafi komið ný tækifæri og áskoranir hjá þessum þjóðum og nágrönnum þeirra á Norðurlöndum. Lega ríkjanna færir hinn landfræðilega jaðar Evrópusambandsins austur á bóginn. Undanfarinn áratug hafa þessi ríki verið að undirbúa aðild með víðtækum skipulagsbreytingum og er árangur þegar farinn að segja til sín. Eftir áratuga stöðnun er hafin ör markaðsdrifin samþætting sem birtist í vaxandi milliríkjaverslun, beinni erlendri fjárfestingu og auknu flæði vinnuafls milli landanna. Þá hefur ákveðin efnahagsleg samþætting við nágrannaríki til austurs einnig átt sér stað. Um þessar mundir er kaupmáttur landsframleiðslu á hvern íbúa ríkjanna við Eystrasaltið meira enn helmingi lægri en á Norðurlöndunum. Það jákvæða er að hagvöxtur þeirra hefur verið umtalsvert meiri en á Norðurlöndunum undanfarin tíu ár og tekjustig þessara ríkja því tekið að þokast nær því sem þar þekkist.

Árlegur meðalraunvöxtur landsframleiðslu á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum 1995–2005



Heimildir: Eurostat og World Bank (gögn fyrir Rússland, úr World Development Indicators 2006.)

Fjármálaráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja, í samstarfi við fjármálaráðherra Póllands, Rússlands og Þýskalands, hafa beitt sér fyrir því að hraða efnahagslegri þróun ríkja við Eystrasaltið með það markmið að styrkja undirstöður hagvaxtar til framtíðar. Í þessu sambandi hefur verið unnin skýrsla sem greinir frá stöðu og framvindu efnahagsmála í Eystrasaltsríkjunum. Skýrslan fjallar um samþættingu fjármálamarkaða og samkeppni á vöru- og þjónustumörkuðum. Einnig er fjallað í skýrslunni um menntun og rannsóknir.

Í skýrslunni er að finna tillögur að stefnumörkun um efnahagslega samþættingu ríkja við Eystrasaltið. Stefnumörkunin lýtur að þeim þremur sviðum sem skýrslan fjallar um, þ.e. samkeppnisstefnu, fjármálastefnu og menntastefnu.

Árangursstjórnun í 10 ár

Fyrir 10 árum síðan samþykkti ríkisstjórnin heildstæða stefnu um nýskipan í ríkisrekstri. Markmiðin voru tvö: Annars vegar að skipulagi og starfsemi ríkisins væri þannig háttað að það gæti sinnt skyldum sínum við landsmenn á eins hagkvæman, skjótvirkan og árangursríkan hátt og kostur væri. Hins vegar að opinber þjónusta væri nógu skilvirk til að gefa íslenskum fyrirtækjum forskot í sívaxandi alþjóðlegri samkeppni. Í framhaldinu var ákveðið að taka upp árangursstjórnun í ríkisrekstri sem leið að þessum markmiðum. Með því skyldi leitast við að auðvelda skipulagningu verkefna til lengri tíma, efla innra starf og samstarf meðal ráðuneyta og ríkisstofnana, skilgreina gagnkvæmar skyldur þessara aðila og auka svigrúm og sjálfstæði stofnana til að mæta breyttum aðstæðum.

Miklar framfarir hafa orðið í rekstri ríkisins á þessum tíma. Almennt er mun betur og faglegar staðið að stjórn ríkisstofnana en fyrir áratug. Sem dæmi má nefna að hjá velflestum stofnunum er unnið í samræmi við skýra stefnu og gerðar vandaðar rekstraráætlanir, fylgst er grannt með framvindu með tilliti til markmiða, afköst hafa aukist og þjónusta við notendur batnað.

Fjármálaráðuneytið hefur haft frumkvæði að ýmiss konar úrbótum á sviði ríkisrekstrar, með breytingum á lögum og reglugerðum sem varða ríkisreksturinn og með almennum leiðbeiningum og hvatningu. Ráðuneytið hefur mælst til þess að árangursstjórnunarsamningar væru notaðir til að samræma betur stefnu og áherslur ráðuneyta og stofnana en gert er í lögum og reglugerðum.

Fjármálaráðuneytið hefur staðið fyrir vali á ríkisstofnun til fyrirmyndar annað hvert ár frá því að skipuleg innleiðing árangursstjórnunar hófst. Samanburður á stofnunum sem teknar hafa verið til skoðunar af þessu tilefni sýnir augljósar framfarir þeirra milli ára. Þrátt fyrir vísbendingar um góðan árangur er ljóst að innleiðing árangursstjórnunar og annarra breytinga í ríkisrekstri er langhlaup sem reynir á úthaldið. Alltaf er hægt að gera betur því að væntingar fólks um opinbera þjónustu, aðstæður og tækni taka sífelldum breytingum.

Þróun útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum

Fjármálaráðuneytið hefur tekið saman yfirlit um gjöld áranna 1988, 1997 og 2004, þar sem ríkisútgjöldum er skipt á 8 málaflokka. Vegna breytinga á reikningsskilum ríkissjóðs á tímabilinu reyndist nauðsynlegt að gera breytingar á framsetningu upplýsinga í ríkisreikningi til þess að útgjöld málaflokkanna verði sem sambærilegust á þessum þremur tímapunktum. Þannig er vaxta- og barnabótum bætt við útgjöld árin 1988 og 1997. Þá eru gjöld vegna afskrifta skattkrafna og lífeyrisskuldbindinga undanskilin til að tölurnar verði sem samanburðarhæfastar. Loks má nefna að útgjöldum vegna grunnskóla er sleppt úr ríkisreikningi 1988, en málaflokkurinn fluttist til sveitarfélaganna um haustið 1996.

Á undanförnum árum hefur aukið hlutfall ríkissútgjalda verið varið til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála. Þessir þrír meginútgjaldaflokkar hækka hver um sig um 3,0% til 4,4% sem hlutfall af heildargjöldum á sl. 15 árum. Árið 1988 fóru 54,1% af ríkisútgjöldunum í þessa málaflokka, en árið 2004 er þetta hlutfall komið upp í 65,6%, eða úr rúmum helmingi í tæpa tvo þriðju hluta af heildargjöldunum. Þannig hefur aukin áhersla á heilbrigðis-, velferðar-, og menntamál skilað sér í hlutfallslega hærri útgjöldum. Hér undir falla t.d. útgjöld Fæðingarorlofssjóðs sem er hrein viðbót við það sem áður var.

Hlutdeild málaflokka í útgjöldum ríkissjóðs



Sá málaflokkur sem hlutfallslega lækkar mest á tímabilinu eru útgjöld til landbúnaðar- og sjávarútvegsmála sem meira en helmingast í vægi, úr 11,6% niður í 5,2%. Á fyrri hluta tímabilsins hætti ríkissjóður að greiða bætur vegna útflutnings landbúnaðarafurða, auk þess sem endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsfyrirtækja var lögð af sem gjaldaliður með upptöku virðisaukaskatts. Vega þessar breytingar þyngst til skýringar á lækkuninni. Næstmesta lækkunin er á vaxtagjöldum ríkisins, eða úr 9,5% niður í 5,1% og endurspeglar sú þróun jákvæða afkomu ríkissjóðs á seinni hluta tímabilsins. Hlutfallsleg útgjöld annarra málaflokka breytast óverulega á tímabilinu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,8	25,9
Skattar á tekjur og hagnað	23,3	40,0
Eignarskattar	51,4	-16,3
Skattar á vöru og þjónustu	20,7	20,5
Tryggingagjöld	20,5	16,1
Tekjur alls	22,9	25,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	12,0	-2,0
Heilbrigðismál	13,1	6,3
Alm.trygg. & velferðarmál	3,4	8,6
Efnahags- og atvinnumál	5,2	-4,4
Menntamál	11,5	13,9
Gjöld alls	8,0	5,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	9.301	23.741
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.511	21.286
Afborgun lána	-11.404	-9.070
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.257	11.226
Lántökur	1.094	1.532
Greiðsluafkoma	4.351	12.758

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (maí '06)	2,9	7,6
Kjarnaverðb. 1 (maí '06)	3,4	6,4
Launavísitala (mars '06)	6,5	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (apríl '06)	2,1	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Aðkoma sveitarfélaga að hagstjórninni

Undanfarið hafa ýmsir aðilar tjáð sig um þörf á auknu aðhaldi í hagstjórninni ekki síst vegna þess að nýjustu hagtölur benda til meira ójafnvægis í efnahagslífinu en fyrri hagtölur gáfu til kynna. Í ljósi þessa hefur Seðlabankinn að undanförnu hækkað stýrivexti í stærri skrefum en áður. Þá hefur verið talað um að auka beri aðhald í opinberum fjármálum.

Í þessu samhengi er vert að benda á að opinber fjármál ná til bæði ríkis og sveitarfélaga. Eins og meðfylgjandi mynd ber með sér hefur ríkissjóður að mestu verið rekinn með myndarlegum afgangi undanfarin tíu ár, og mest í fyrra þegar tekjuafgangurinn var tæp 4% af landsframleiðslu. Til samanburðar hafa sveitarfélögin verið rekin með tekjuhalla undanfarin tíu ár. Mestur mældist tekjuhallinn 1,1% af landsframleiðslu árið 2004, eða um 10 ma. króna. Það ár voru heildarútgjöld sveitarfélaganna tæp 9% umfram heildartekjur þeirra. Í fyrra er áætlað að tekjuhallinn hafi verði heldur minni eða 0,6% af landsframleiðslu sem er svipaður halli og gert er ráð fyrir í ár. Hallarekstur þýðir m.ö.o. að sveitarfélögin eru jafnt og þétt að safna skuldum. Áætlað er að skuldir sveitarfélaganna í heild nálgist 150 milljarða króna í ár, sem er umfram árstekjur þeirra.

Tekjuafgangur ríkis og sveitarfélaga[1]



1. Tölur eru á þjóðhagsreikningagrunni. Áætlun fyrir árin 2005 og 2006.

Af einstökum útgjaldaþáttum ræður umfang fjárfestingar sveitarfélaganna miklu um afkomu þeirra hverju sinni. Á árinu 2004 nam fjárfesting þeirra t.d. um 20 milljörðum króna eða ríflega 17% af heildartekjum þeirra. Á yfirstandandi ári er áætlað að fjárfesting mælist rúmlega 11% af heildartekjum sem skýrir að hluta til minni tekjuhalla. Þar sem umfang sveitarfélaganna í hinum opinbera búskap er nú nálægt 30% er mikilvægt að þau séu meira samstíga ríkissjóði í fjármálaaðgerðum sínum og hægi á vexti útgjalda þegar tekjur þeirra aukast hratt. Með því geta þau greitt niður skuldir og styrkt fjárhagsstöðu sína og stuðlað að stöðugleika í efnahagslífinu.

Hagvöxtur í heiminum fer vaxandi

Hagvöxtur í heiminum hefur aukist undanfarin ár og er spáð að verða nær 5% í ár og á næsta ári. Hnattvæðingin hefur einkennst af vaxandi þátttöku fjölmennra þróunarríkja í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku þar sem hagvöxtur hefur verið afar mikill, allt að 10% á ári. Í OECD ríkjunum, sem telja helstu viðskiptalönd Íslands, er hagvexti spáð að vera heldur minni, eða að meðaltali um 3% í ár og á næst ári. Milliríkjaviðskipti í heiminum hafa um árabil verið að aukast um nær 8% á ári. Því er spáð að þessi þróun haldi áfram.

Mismiklum hagvexti er spáð í einstökum OECD löndum enda eru aðstæður oft ólíkar. Á evrusvæðinu hefur hagvöxtur verið lítill undanfarin ár. Vöxtur atvinnu og eftirspurnar hefur verið afar lítill í Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu m.a. vegna vandamála tengdra skipulagi vinnumarkaða. Lágir stýrivextir og vaxandi eftirspurn annars staðar í heiminum hafa þó þau áhrif að hagvöxtur á evrusvæðinu er líklegur til að verða um 2% í ár og á næsta ári. Hagvöxtur í Bandaríkjunum hefur verið um 3,5% undanfarin ár, en lágir stýrivextir hafa stuðlað að aukinni eftirspurn en einnig ójafnvægi í erlendum viðskiptum. Hallarekstur hefur jafnframt einkennt ríkisbúskapinn. Vegna hærri stýrivaxta ásamt aðgerðum til að draga úr halla ríkissjóðs er því spáð að hagvöxtur í Bandaríkjunum verði um 3% árið 2007. Í Bretlandi og á Norðurlöndum er því spáð að hagvöxtur aukist einnig og verði nær 3% á komandi ári. Í Japan er hagvöxtur nú um 3% og búist við að hann aukist á næsta ári, en stýrivextir þar hafa verið óvenju lágir um langt árabil.

Hagvöxtur á ári (%)	**2005**	**2006**	**2007**
Evrusvæði	1,4	2,1	2,2
Bandaríkin	3,5	3,5	3,0
Bretland	1,8	2,4	2,9
Norðurlönd	2,7	3,3	2,8
Japan	2,7	3,0	3,3

Heimild: OECD, apríl 2006.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – apríl 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs á fyrsta ársþriðjungi 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé frá rekstri um 24,1 ma.kr. innan ársins, sem er 13 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 22,3 ma.kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur voru um 10,3 ma.kr. hærri en í fyrra en gjöldin lækkuðu um 2,7 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 21,9 ma.kr. sem er 2,5 ma.kr. betra en á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 124,6 ma.kr. á fyrsta þriðjungi þessa árs sem er 10,3 ma.kr meiri innheimta en á sama tíma í fyrra, eða 9% aukning. Ef hins vegar tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin 6,2%. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 114 ma.kr. sem er tæplega 12% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,6% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um tæp 7%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 47,7 ma.kr. og hækkuðu um 12,1 ma.kr. frá síðasta ári, eða 34%. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs nam hún 13,9 ma.kr. sem er 44% aukning frá fyrra ári. Jafnframt skýrist 5 ma.kr. hækkun tekjuskatts lögaðila að mestu af áðurnefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, eða um 14,3% en launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 3,6 ma.kr. sem er lækkun um 29% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 2,8 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman frá fyrra ári um 15,3%.

Innheimta almennra veltuskatta nam 53 ma.kr. og jókst um 6,5% frá fyrra ári, eða 1,8% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 4,2% sem jafngildir 0,4% raunlækkun. Þetta skýrist af lagabreytingu sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum.

Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu 42% meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning. Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs fjölgaði nýskráðum bifreiðum um 16,8% og hefur dregið úr vextinum síðustu mánuði.

Greidd gjöld nema 100,5 ma.kr. og lækka um 2,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,7%. Lækkunin skýrist alfarið af 7,6 ma.kr. lækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Að vöxtum undanskildum hækka gjöldin um 4,8 ma.kr. eða 5,3%. Mest munar um heilbrigðismál sem hækka um 1,8 ma.kr. og 1,5 ma.kr. í almannatrygginga- og velferðarmálum. Þá hækka greiðslur til menntamála um 1,1 ma.kr. Samtals vega þessir þrír málaflokkar tæplega tvo þriðju af heildargjöldum ríkissjóðs. Greiðslur til löggæslu hækka um 0,4 ma.kr. og greiðslur til menningarmála um sömu fjárhæð. Á móti vegur 0,8 ma.kr. lækkun til efnahags- og atvinnumála. Skýrist það einkum af lægri greiðslum til samgöngumála.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,0	15,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	34,0
Eignarskattar	64,4	-29,1
Skattar á vöru og þjónustu	19,7	6,5
Tryggingagjöld	23,1	14,3
Tekjur alls	25,4	9,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	122,5	-30,7
Heilbrigðismál	52,4	6,9
Alm.trygg. & velferðarmál	47,8	6,6
Efnahags- og atvinnumál	46,0	-6,7
Menntamál	41,0	10,4
Gjöld alls	58,7	-2,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	13.092	24.347
Hreinn lánsfjárjöfnuður	19.356	21.869
Afborgun lána	-29.826	-31.685
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.670	-11.136
Lántökur	13.949	6.456
Greiðsluafkoma	2.279	-4.680

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (maí)	2,9	7,6
Kjarnaverðbólga 1 (maí)	3,4	6,4
Launavísitala (apríl)	6,7	8,4
Heildarvelta (jan.-febr.)	5,9	9,2
Smás.velta (jan.-febr.)	1,8	6,5
Atv.leysi, árstlr. (apríl)	2,1	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. júní 2006

Um líkur á harðri lendingu

Á undanförnum mánuðum hefur verið lífleg umræða um líkur á harðri lendingu í íslensku efnahagslífi. Nýverið breytti Standard & Poor's horfum fyrir skuldbindingar ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar, en hélt óbreyttum góðum lánshæfiseinkunnum ríkissjóðs. Þessi niðurstaða er rökstudd með því að meiri verðbólga í kjölfar gengislækkunar auki líkur á að Seðlabanki Íslands þurfi að hækka stýrivexti meira en ella til að halda verðbólgu í skefjum en það geti framkallað harða lendingu.

En hvað er hörð lending? Hörð lending er djúp niðursveifla í efnahagslífinu sem einkennist af ört vaxandi atvinnuleysi og vanskilum heimila og fyrirtækja. Við það dregur úr útlánagetu fjármálastofnana og fjármálakerfið verður jafnvel óstarfhæft. Reynslan sýnir að ríkissjóðir landa sem lent hafa í slíku hafa tekið á sig skuldbindingar lánastofnana að því marki sem þarf til að fjármálakerfið geti áfram sinnt hlutverki sínu.

Í nýlegri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins eru taldar litlar líkur á harðri lendingu efnahagslífsins. Ástæðurnar eru margþættar. Þótt ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sé umtalsvert um þessar mundir ber að líta til þess að um tímabundið ástand er að ræða. Þegar núverandi stóriðjuframkvæmdum lýkur á næsta ári mun innflutningur dragast hratt saman og útflutningur aukast að sama skapi vegna þreföldunar í framleiðslugetu á áli. Með lækkun á gengi krónunnar er einnig gert ráð fyrir að hratt dragi úr innflutningi heimilanna á neysluvöru og bílum. Nýjustu bráðabirgðatölur um innflutning staðfesta það (sjá pistil um innflutning í maí í vefritinu). Vegna stóriðjuframkvæmda helst viðskiptahallinn áfram mikill í ár, en er spáð að dragast saman um helming árið 2007. Varðandi verðbólgu, þá hefur hún verið knúin áfram af hækkun fasteignaverðs. Fasteignaverðbólgan, sem náði hámarki í ágúst í fyrra, hefur verið að ganga hratt niður og spáð er að sú þróun haldi áfram. Verðbólga mun samt aukast í ár vegna gengislækkunar og hækkandi innflutningsverðs. Gert er ráð fyrir að verðbólgan minnki aftur á vormánuðum ársins 2007 og fari niður fyrir efri þolmörk verðbólgumarkmiðsins. Hagvexti er spáð nær 5% í ár og tæpum 2% á næsta ári. Í þeirri spá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist lítið eitt.

Í skýrslu ráðuneytisins er lögð áhersla á það að íslenskt efnahagslíf er mjög sveigjanlegt, m.a. vegna víðtækra skipulagsbreytinga undanfarin fimmtán ár. Sagan sýnir að íslensk heimili og fyrirtæki bregðast skynsamlega við sveiflum í gengi krónunnar. Þegar gengið féll árin 2000 og 2001 dró hratt úr innflutningi og mikill viðskiptahalli snerist í afgang árið 2002. Sá munur er á stöðunni nú að gengið hefur fallið mun minna en það gerði þá. Einnig er lögð áhersla á að undirstöður íslenska hagkerfisins eru sterkar en eignir heimilanna eru þrefaldar á við skuldir þeirra og staða ríkissjóðs með eindæmum góð. Stór hluti tekna íslenskra fyrirtækja, þar á meðal bankanna, er í erlendri mynt sem dregur úr gengisáhættu þeirra. Eiginfjárstaða bankanna er einnig góð og þrátt fyrir óróa á fjármálamörkuðum hafa þeir getað endurfjármagnað skammtímaskuldbindingar sínar án teljandi vandkvæða. Rannsóknir hafa sýnt að bankarnir þola umtalsverðar breytingar á gengi og vanskilum. Það skiptir líka máli að alþjóðlegt efnahagslíf er í blóma um þessar mundir og fjármálamarkaðir hafa upp á nægt lánsfé að bjóða. Að lokum má nefna að talsverðar líkur eru á frekari stóriðjuframkvæmdum á komandi misserum. Vissulega eru einhverjar líkur á að íslenska hagkerfið verði fyrir harðri lendingu, rétt eins og það alþjóðlega. Hins vegar er það mat fjármálaráðuneytisins að þær líkur séu harla litlar.

Mikill straumur fólks til landsins í upphafi árs

Hagstofa Íslands hefur unnið bráðabirgðaupplýsingar um búferlaflutninga fyrsta ársfjórðungs fyrir fjármálaráðuneytið. Þar kemur fram að fyrstu þrjá mánuði ársins fluttust til landsins 2.574 manns á meðan 798 fluttust á brott. Landsmönnum fjölgaði af þessum orsökum um nær átján hundruð manns á tímabilinu. Sá mikli aðflutningur sem einkenndi síðari hluta ársins 2005 hefur því haldið áfram af fullum krafti í upphafi þessa árs. Stærsti hópur aðfluttra frá útlöndum hefur flutt á höfuðborgarsvæðið, eða um 800 manns, en tæplega 700 manns fluttu til Austfjarða.

Það vekur athygli þegar tölur um flutninga fólks innanlands eru skoðaðar að höfuðborgarsvæðið er á ný farið að taka á móti fleirum en þaðan flytja, Til samanburðar fluttust örlítið fleiri frá svæðinu innanlands en til þess á síðasta ári. Suðurland og Suðurnes fá einnig til sín fólk með þessum hætti en í öðrum landshlutum fækkar fólki vegna flutninga innanlands. Á Suðurlandi er raunar einvörðungu um að ræða aukningu í Árborg og Hveragerði. Fækkun vegna flutninga innanlands á einnig við um Austurland. Var raunar einnig svo í fyrra í flestum sveitarfélögum öðrum en á Fljótsdalshéraði. Uppbygging stóriðjunnar eystra er því enn ekki farin að hafa teljandi áhrif á íbúaþróunina.

Komið hefur fram að vinnuaflsþörfin eystra er búin að ná hámarki og því er ekki búist við framhaldi á mannfjölgun af þeim orsökum. Hins vegar er búist við áframhaldandi aðflutningi erlendis frá á suðvesturhornið, að minnsta kosti meðan umsvif eru jafn mikil og verið hefur. Þann 1. maí 2006 varð íbúum hinna nýju aðildarríkja ESB frjálst að leita hingað eftir atvinnu. Áhrif þeirrar breytingar munu koma fram í tölum um búferlaflutninga á öðrum ársfjórðungi.

Innflutningur í maí

Vöruinnflutningur í maí var 35,7 milljarða króna virði ef marka má bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts. Tólf mánaða aukning staðvirts innflutnings án skipa og flugvéla var 23,2%.

Vöruinnflutningur að raunvirði janúar 2003 - maí 2006



Ef horft er á hreyfingar milli mánaða má sjá að helstu drifkraftar innflutnings eru sem fyrr innfluttar hrá- og rekstrarvörur ásamt fjárfestingarvörum en aukninguna í þeim flokkum má að mestu rekja til stóriðjuframkvæmda. Innflutningur á eldsneyti er einnig stór þáttur en hafa ber í huga að sá liður er afar sveiflukenndur milli mánaða og var lítið flutt inn af eldsneyti í apríl. Innflutningur á neysluvörum eykst nokkuð milli mánaða, þá einkum hálf-varanlegum neysluvörum (heimilistæki, gasgrill o.fl.)

Hins vegar virðist vera að hægja nokkuð á innflutningi bifreiða. Innflutningur á bílum var kröftugur í upphafi árs og sérstaklega í mars. Hins vegar minnkaði innflutningur í apríl. Í maí jókst innflutningur á bílum nánast ekkert milli mánaða sem er heldur óvenjulegt þar sem bílainnflutningur er jafnan mikill í upphafi sumars og nær oftast hámarki í júní á ári hverju. Tölur um nýskráningar á bílum í maí gefa ekki til kynna að bílakaup almennings hafi aukist frá sama tíma í fyrra (miðað við þriggja mánaða meðaltal). Líklegt er að gengislækkun krónunnar útskýri þróunina. Í mars tók gengi krónunnar að síga nokkuð hratt. Þar sem innflutningur í þeim mánuði er afgreiddur á tollgengi fyrri mánaðar hafa innflytjendur og neytendur gripið gæsina áður en tollgengið hækkaði og aukið innflutning bíla þann mánuð en að sama skapi ekki aukið hann í apríl og maí eins og venja er.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,0	15,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	34,0
Eignarskattar	64,4	-29,1
Skattar á vöru og þjónustu	19,7	6,5
Tryggingagjöld	23,1	14,3
Tekjur alls	25,4	9,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	122,5	-30,7
Heilbrigðismál	52,4	6,9
Alm.trygg. & velferðarmál	47,8	6,6
Efnahags- og atvinnumál	46,0	-6,7
Menntamál	41,0	10,4
Gjöld alls	58,7	-2,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	13.092	24.347
Hreinn lánsfjárjöfnuður	19.356	21.869
Afborgun lána	-29.826	-31.685
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.670	-11.136
Lántökur	13.949	6.456
Greiðsluafkoma	2.279	-4.680

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (maí)	2,9	7,6
Kjarnaverðbólga 1 (maí)	3,4	6,4
Launavísitala (apríl)	6,7	8,4
Heildarvelta (jan.-febr.)	5,9	9,2
Smás.velta (jan.-febr.)	1,8	6,5
Atv.leysi, árstlr. (apríl)	2,1	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

15. júní 2006

Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Nú liggja fyrir niðurstöður úr nýrri könnun IMG Gallup um stöðu og horfur stærstu fyrirtækja á Íslandi, þar sem stuðst er við heildarlaunagreiðslur þegar stærstu fyrirtækin eru valin. Þessi könnun er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands. Að þessu sinni var könnunin gerð á tímabilinu 8. maí til 31. maí 2006 og er hér um styttri útgáfu af könnun að ræða. Alls voru 389 fyrirtæki í endanlegu úrtaki. Svarhlutfall var 65,3%.

Vísitala efnahagslífsins



Forráðamenn fyrirtækja telja aðstæður í efnahagslífinu almennt góðar eða um 57% aðspurðra en um 13% telja aðstæður slæmar. Forráðamenn sjávarútvegsfyrirtækja eru almennt bjartsýnni á stöðu efnahagsmála í dag en í síðustu könnunum og hefur gengisþróun síðustu mánuði líklega áhrif á þá niðurstöðu. Vísitala efnahagslífsins mælist nú 161,8 stig og lækkar frá síðustu könnun, sem gerð var í febrúar 2006, en þá mældist hún 174,5 stig. Aukinnar svartsýni gætir hjá forráðamönnum fyrirtækja um stöðu efnahagsmála þegar þeir horfa sex mánuði fram í tímann en um 18% aðspurðra telja að aðstæður verði betri eftir 6 mánuði og 33% að aðstæður verði verri. Vísitala efnahagslífsins fyrir sex mánuði mælist nú 69,9 stig en mældist í síðustu könnun 85,7 stig. Að þessu sinni var ekki spurt um horfur tólf mánuði fram í tímann.

Í könnuninni var jafnframt spurt um áhrif gengisþróunar frá áramótum á afkomu fyrirtækisins. Um 32% aðspurðra telja að gengisþróunin síðustu mánuði muni hafa jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins en 50% telja að áhrifin verði neikvæð. Það eru einkum fyrirtæki í verslun og byggingarstarfsemi sem telja að gengisþróunin muni hafa neikvæð áhrif á afkomuhorfur en næstum allir aðspurðra í sjávarútvegi töldu að áhrifin yrðu jákvæð.

Útvistunarstefna mörkuð fyrir ríkið

Ríkisstjórnin hefur, að tillögu fjármálaráðherra, samþykkt stefnu um kaup ríkisins og stofnana þess á þjónustu og útvistun á ýmsum rekstrarþáttum sem ríkið hefur með höndum. Í útvistunarstefnu ríkisins er þeim tilmælum beint til ráðuneyta og ríkisstofnana að þau fari með skipulegum hætti yfir hagkvæmni og árangur þeirra rekstrarverkefna sem ríkið annast með beinum hætti eða hafa þegar verið falin aðilum á markaði. Stefnan tekur m.a. mið af reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og stofnanir gera til lengri tíma en eins árs og var nýverið kynnt. Ennfremur tekur hún mið af innkaupastefnu ríkisins sem ríkisstjórnin samþykkti í nóvember 2002 og er almenn stefnumörkun um opinber innkaup.

Kaup ríkisins á vörum og þjónustu eru talin nema um 90 milljörðum króna á ári. Með innkaupum sínum er ríkið þannig í sterkri stöðu til að efla samkeppni og skapa ný tækifæri á markaðnum. Frekari útvistun verkefna styður við þessa þróun.

Með útvistunarstefnunni eru ríkisaðilum sett mælanleg markmið um útvistun verkefna og um ávinning. Stefnt er að því að hlutfall innkaupa á vöru og þjónustu af útgjöldum ríkisins, án tilfærslna og vaxtagjalda, aukist um 2% á ári. Er gert ráð fyrir að ríkið í heild nái fram 400 m.kr. ávinningi á ári með því að framfylgja stefnunni, eða samtals 1.600 m.kr. á árunum 2007 – 2010. Ávinning þann sem fram næst má nýta til að bæta þjónustu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd stefnunnar verði með þeim hætti að hvert og eitt ráðuneyti meti á þessu ári hvernig fyrirkomulagi opinberra þjónustuverkefna sé best háttað og móti um það stefnu, sem þau miðli til stofnana sinna. Þá gerir stefnan og ráð fyrir að þjónustu- og rekstrarverkefni skuli yfirfarin með skipulegum hætti og þau metin með tilliti til þess hversu vel þau séu fallin til útvistunar. Leiði þetta mat til þess að tiltekin verkefni séu vel til útvistunar fallin er gert ráð fyrir að það skuli gert fyrir árslok 2008, en mælst er til þess að önnur verkefni séu tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili, enda geta forsendur fyrir útvistun verkefna breyst.

Stefnan tilgreinir sérstakar áherslur í tengslum við framkvæmd hennar. Þannig er gert ráð fyrir að settur verði á fót ráðgjafarhópur um útvistun, sem fylgi stefnunni eftir, afli og miðli þekkingu um útvistun og stuðli að samstarfi ríkisins og einkafyrirtækja um þróun verkefna. Þá er lögð áhersla á að útboðum verði beitt í auknum mæli þegar ákvarðanir eru teknar um útvistun þjónustu og koma þar til álita einstök útboð, eða sameiginleg útboð nokkurra stofnana um tiltekna þætti eða rammasamningsútboð fyrir allar stofnanir.

Í stefnunni er lögð áhersla á aukna fræðslu og fastmótað ferli við gerð og eftirfylgni þjónustusamninga. Gert er ráð fyrir að sjónum verði bæði beint að verkefnum þar sem þegar ríkir samkeppni en ekki síður að því að útvistun stuðli að nýsköpun á markaði og auki fjölbreytni. Sé rétt að málum staðið getur það skapað möguleika á nýjum lausnum og leitt til aukinnar samkeppni að fela einkamarkaði að annast tiltekin verkefni.

Nýting persónuafsláttar til greiðslu útsvars

Í lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga er ákveðið hvernig skattar eru lagðir á einstaklinga, annars vegar tekjuskattur til ríkissjóðs og hins vegar útsvar til viðkomandi sveitarfélags. Hér um tvo aðskilda skatta að ræða enda þótt álagning þeirra spili saman. Eins og kunnugt er leggja skattstjórar skatt á tekjuskattstofn einstaklinga sem nemur skatthlutfalli tekjuskatts og útsvars sem í ár er 23,75% tekjuskattur og að meðaltali 12,98% útsvar, samtals 36,73%. Frá álögðum tekjuskatti og útsvari dregst svo persónuafsláttur sem í ár er 348.343 krónur en það samsvarar því að af tekjum sem eru lægri en tæplega 950.000 krónur er ekki greiddur neinn skattur. Sveitarsjóður fær hins vegar til sín álagningarhlutfall af hverri krónu tekjuskattstofns því persónuafslætti þeirra sem hafa lægri tekjur en sem nemur skattleysismörkunum er ráðstafað til að greiða útsvarið. Frá sjónarhóli sveitarfélaga er útsvarið svokallaður flatur skattur, eitt skatthlutfall sem greiðist af tekjuskattstofninum öllum og skilar sér til sveitarfélagsins óháð persónuafslættinum.

Í nýlegu svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi kom fram að undanfarin ár hafa greiðslur á persónuafslætti úr ríkissjóði til sveitarfélaga numið rúmlega 4 milljörðum króna á hverju ári. Þetta eru um 6% af álögðu útsvari í heild. Hlutfallið er lægra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess og í allmörgum sveitarfélögum er það yfir 10% og raunar yfir 20% í nokkrum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,0	15,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	34,0
Eignarskattar	64,4	-29,1
Skattar á vöru og þjónustu	19,7	6,5
Tryggingagjöld	23,1	14,3
Tekjur alls	25,4	9,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	122,5	-30,7
Heilbrigðismál	52,4	6,9
Alm.trygg. & velferðarmál	47,8	6,6
Efnahags- og atvinnumál	46,0	-6,7
Menntamál	41,0	10,4
Gjöld alls	58,7	-2,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	13.092	24.347
Hreinn lánsfjárjöfnuður	19.356	21.869
Afborgun lána	-29.826	-31.685
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.670	-11.136
Lántökur	13.949	6.456
Greiðsluafkoma	2.279	-4.680

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (júní)	2,8	8,0
Kjarnaverðbólga (júní)	3,5	7,0
Launavísitala (apríl)	6,7	8,4
Heildarvelta (jan.-febr.)	5,9	9,2
Smás.velta (jan.-febr.)	1,8	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	2,1	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

22. júní 2006

Þróun þjóðhagsspár fyrir árin 2006 og 2007

Fyrr í þessari viku kom út endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins þar sem fjallað er um framvindu efnahagslífsins til ársins 2008. Endurskoðunin hefur leitt til nokkurra breytinga frá aprílspá ráðuneytisins fyrir árin 2006 og 2007. Helst ber að nefna að nú er reiknað með 7,8% verðbólgu á yfirstandandi ári í stað 5,9%. Þó er sú breyting skilyrt meðal annars við þá áætlun að laun á almennum vinnumarkaði hækki að meðaltali um 4% frá 1. júlí næstkomandi. Þá er búist við að viðskiptahalli verði 15,9% af landsframleiðslu í stað 14,4% árið 2006. Á næsta er ári er gert ráð fyrir 0,9% hagvexti í stað 1,8% í fyrri spá ráðuneytisins.

Þróun spár um hagvöxt 2006 og 2007



Þróun spár um gengi krónu 2006 og 2007



Fjármálaráðuneytið hefur sjö sinnum gefið út þjóðhagsspá fyrir árið 2006 frá því í október 2004. Búast má við tveimur spám til viðbótar áður en Hagstofa Íslands birtir fyrstu þjóðhagsreikninga fyrir árið 2006 á vormánuðum 2007. Fimm spár hafa verið gerðar fyrir árið 2007 frá því í apríl 2005. Þegar horft er yfir fyrri spár ráðuneytisins má greina að hagvaxtarspá fyrir árið 2006 virðist nokkuð stöðug. Hæsta gildið rís í spá sem birtist í apríl 2005 eða um 5,7% en það lægsta í upphafi spáferilsins í október 2004, eða um 4,5%. Hagvaxtarspáin fyrir árið 2007 er ekki eins stöðug þar sem hæsta gildið nær 2,6% í janúar 2006 en það lægsta 0,9% í nýútgefinni spá.

Spár um viðskiptahalla við útlönd sem hlutfall af vergri landsframleiðslu sýna nokkurn breytileika enda er þessi stærð afleidd af mörgum öðrum spástærðum sem háðar eru mörgum misjöfnum forsendum. Spá um viðskiptahalla hefur legið á bilinu 11,4% til 15,9% af landsframleiðslu fyrir árið 2006. Breytileiki spárinnar um viðskiptahallann er á bilinu 6,2% til 7,8 fyrir árið 2007.

Spágerð varðandi gengi íslensku krónunnar á nafnvirði hefur ávallt verið erfitt viðfangsefni. Reynslan sýnir að mörg og ólík atriði hafa áhrif á gengið. Breytileikinn í spám ráðuneytisins er umtalsverður hvað viðvíkur árinu 2006. Upphaflega var reiknað með 128 vísitölustigum að meðaltali árið 2006, en í kjölfar styrkingar á gengi krónunnar var í janúar síðastliðnum gert ráð fyrir töluvert sterkara gengi eða um 109 vísitölustigum. Breytileikinn í spám um gengi krónunnar er minni fyrir árið 2007.

Gott ástand á Norðurlöndunum

Á fundi fjármálaráðherra Norðurlandanna sem haldinn var 20. júní var meðal annars rætt um stöðu og horfur í efnahagsmálum en almennt er mjög gott ástand í þeim efnum á Norðurlöndunum. Hagvöxtur er almennt nokkuð mikill eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, þótt hann sé hvergi eins mikill og á Íslandi. Hann er alls staðar meiri en að meðaltali á evrusvæðinu. Sem dæmi um stöðu mála upplifa Danir nú meiri hagvöxt en þeir hafa búið við í ellefu ár. Norðurlöndunum er það sameiginlegt að yfirstandandi hagvaxtarskeið er drifið áfram af aukinni einkaneyslu en vöxt hennar má rekja til lágra vaxta, vaxtar ráðstöfunartekna og bættrar eignastöðu almennings vegna hækkandi verðs á íbúðarhúsnæði. Vöxtur efnahagsumsvifa í heiminum hefur fært Norðurlöndunum auknar útflutningstekjur og það treystir undirstöður hagvaxtarins.

Hagvöxtur á Norðurlöndum og á evrusvæði 2003–2007



Heimildir: Fjármálaráðuneyti landanna. Spá OECD fyrir evrusvæðið 2003-2007 og Finnland og Noreg 2007.

Atvinnuleysi fer minnkandi í öllum fimm löndunum. Það er mest í Finnlandi en þar er áætlað að það verði 7,8% í ár en fyrir utan Ísland minnst í Noregi, 3,8%. Þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi ekki verið minna í Danmörku í 30 ár er það þó enn 4,5%. Danir telja að við þær aðstæður sé farið að gæta þrýstings á vinnumarkaði og að í sumum greinum atvinnulífsins sé skortur á vinnuafli. Jafnframt búa Danir við þær aðstæður að þar fækkar fólki á vinnumarkaði vegna þess að fleiri hverfa af honum og fara á eftirlaun en koma inn á hann úr skólakerfinu.

Að Íslandi undanskildu er jákvæður viðskiptajöfnuður gagnvart útlöndum á öllum Norðurlöndunum. Hann er hvergi meiri en í Noregi þar sem áætlað er að hann verði 17% af landsframleiðslunni; hann er 6,5% í Svíþjóð og nokkru minni í Danmörku og Finnlandi. Staða opinberra fjármála er góð á öllum Norðurlöndunum þótt afkoman sé lélegust í Svíþjóð þar sem hún nemur 0,5% af landsframleiðslu. Í ár er áætlað að niðurstaðan verði nokkru betri í Danmörku og Finnlandi en hér á landi en aftur á móti færir hátt olíuverð hinu opinbera í Noregi gríðarlegar tekjur og því er áætlað að afkoma hins opinbera þar í landi muni nema rúmlega 18% af landsframleiðslunni. Verðbólga er áætluð milli 1,3 og 2,3% á Norðurlöndunum ef Ísland er undanskilið. Verðbólga fer vaxandi á öllum Norðurlöndum, en mismunandi hratt eftir einstökum löndum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,0	15,0
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	34,0
Eignarskattar	64,4	-29,1
Skattar á vöru og þjónustu	19,7	6,5
Tryggingagjöld	23,1	14,3
Tekjur alls	25,4	9,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	122,5	-30,7
Heilbrigðismál	52,4	6,9
Alm.trygg. & velferðarmál	47,8	6,6
Efnahags- og atvinnumál	46,0	-6,7
Menntamál	41,0	10,4
Gjöld alls	58,7	-2,7

Afkoma ríkissjóðs janúar-apríl

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	13.092	24.347
Hreinn lánsfjárjöfnuður	19.356	21.869
Afborgun lána	-29.826	-31.685
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.670	-11.136
Lántökur	13.949	6.456
Greiðsluafkoma	2.279	-4.680

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (júní)	2,8	8,0
Kjarnaverðbólga (júní)	3,5	7,0
Launavísitala (maí)	6,6	8,7
Heildarvelta (jan.-febr.)	5,9	9,2
Smás.velta (jan.-febr.)	1,8	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	2,1	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

29. júní 2006

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – maí 2006

Heildartekjur ríkissjóðs námu 155 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum þessa árs sem er tæpum 19 ma.kr meiri innheimta en á sama tíma í fyrra, eða 13,6% aukning. Ef tekið er tillit til færslu á greiðslu tekjuskatts lögaðila milli mánaða nemur hækkunin liðlega 11%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust meira eða um tæp 18% að nafnvirði. Raunaukning skatttekna og tryggingagjalda var tæp 12%. Arðgreiðslur vegna Landsímans á þessu tímabili í fyrra skýra 42% samdrátt annarra rekstrartekna milli ára.

Skattar á tekjur og hagnað námu 56 ma.kr. og jukust um 14 ma.kr. frá síðasta ári, eða 32%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 11% og lögaðila um 76% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 43%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 15% milli ára en launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 4,7 ma.kr. sem er 25% minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 3,5 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman um 15% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Almennir veltuskattar hafa hækkað um rúm 17% frá fyrra ári, eða 11,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 18% sem jafngildir 12% raunaukningu. Af einstökum liðum hafa vörugjöld af ökutækjum aukist mest en þau skiluðu 25% meiri tekjum en á sama tíma í fyrra. Lántökur ársins nema aðeins 11 milljörðum króna þrátt fyrir 38,1 milljarðs afborganir lána. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Einkaneysla

Í nýlegri þjóðhagsspá ráðuneytisins hefur vöxtur einkaneyslu verið endurskoðaður til lækkunar miðað við fyrri áætlun. Gert er ráð fyrir meiri veikingu á gengi krónunnar í ár og á næsta ári en í síðustu spá. Í endurskoðaðri spá er áætlað að einkaneysla vaxi að raunvirði um 1,7% á þessu ári (í stað 2,2%) og um 0,2% á næsta ári (í stað 0,5%). Samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir fyrsta ársfjórðung 2006 jókst einkaneysla um 12,6% að magni miðað við sama tíma í fyrra. Vísbendingar eru um að vöxtur einkaneyslu sé tekinn að dragast saman og í spánni er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1,5% á næstu þremur ársfjórðungum miðað við sama tíma í fyrra.

Þróun einkaneyslu og helstu áhrifaþættir hennar



Líkt og áður hefur verið bent á telur ráðuneytið að núverandi hagsveifla sé um margt ólík þeirri síðustu þegar einkaneysla dróst saman árin 2001-2002. Í spánni er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 3,5% á þessu ári og um 3,3% á því næsta en í síðustu niðursveiflu var vöxtur kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann töluvert minni. Gert er ráð fyrir minni veikingu krónunnar í ár en árið 2001 en gengi krónunnar hefur áhrif á kaupmátt landsmanna. Þá eru stýrivextir orðnir hærri en um aldamótin og reiknað með frekari hækkun þeirra. Í vorskýrslu fjármálaráðuneytisins var eignastaða heimila áætluð út frá heildarfasteignamati íbúðarhúsnæðis og hreinni lífeyriseign landsmanna. Niðurstöður leiddu í ljós að hrein eign heimila (þ.e. eignir umfram skuldir) hefur vaxið hraðar í núverandi uppsveiflu en í þeirri fyrri. Auðsáhrifin eru því sterkari í dag en fyrir fimm árum. Í ljósi ofangreindra þátta telur fjármálaráðuneytið raunhæft að gera ráð fyrir áframhaldandi vexti á einkaneyslu á þessu og næsta ári.

Umhverfisskattar á Norðurlöndunum

Á nýafstöðnum fundi norrænu fjármálaráðherranna var kynnt skýrsla um umhverfisskatta. Slík yfirlit hafa verið gefin út á 2-3 ára fresti mörg undanfarin ár en í skýrslunni nú er í fyrsta skipti fjallað um umhverfisskatta í Eystrasaltslöndunum auk Norðurlandanna fimm.

Norðurlöndin hafa 10-20 ára reynslu af umhverfissköttum og hafa verið í fararbroddi í notkun hagrænna stjórntækja í umhverfismálum og mati á áhrifum þeirra. Þannig er löng reynsla af sköttum á losun CO2 og rannsóknir benda til að slík skattlagning hafi tilætluð áhrif. Þó er erfitt að greina sérstaklega áhrif skattlagningarinnar í mörgum tilvikum. Þá er talið að í sumum tilvikum hafi umhverfisskattar óbein áhrif með því að vekja athygli á umhverfisvandamálum af notkun tiltekinna efna. Þá er á Norðurlöndunum góð reynsla af frjálsum samningum stjórnvalda við einstakar atvinnugreinar.

Eitt af því sem hefur valdið áhyggjum varðandi umhverfisskatta er að þeir rýri samkeppnisstöðu þeirra landa sem leggja þá á. Reynslan hefur þó ekki sýnt fram á það. Þar kemur til að í sumum tilvikum er skatttekjum dreift innan atvinnugreinarinnar sjálfrar og þannig hefur skattlagningin ekki áhrif á samkeppnisstöðu. Einnig er algegnt að skattar séu endurgreiddir ef um útflutning er að ræða. Mikilvægasta málefnið í þessum málaflokki um þessar mundir er úthlutun losunarheimilda samkvæmt Kyoto bókun loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Algengast er að orkufrekri starfsemi sé úthlutað ókeypis kvótum, líkt og gert var í upphafi kvótakerfisins í íslenskum sjávarútvegi. Rökin gegn því eru að með því fái mengandi starfsemi forskot sem minnki nauðsynina á að bregðast við með því að draga úr losun. Það vekur athygli að þau Norðurlandanna sem eru aðilar að ESB eiga nú í deilum við framkvæmdastjórnina vegna þess að ekki fæst samþykkt að sú starfsemi sem nú greiðir CO2 gjald og sem verður háð losunarheimildum verði undanþegin gjaldinu öðru vísi en að niðurfellingin teljist ríkisstyrkur. Þykir þessum ríkjum að þeim sé nú refsað fyrir fyrirhyggjuna á sínum tíma.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á umhverfissköttum. Þannig hafa Svíar flutt umtalsverða skattlagningu af tekjum yfir á orku, samgöngur og mengun. Eistlendingar lækkuðu tekjuskatt einstaklinga um 6% árið 2005 en lögðu í staðinn á nýja umhverfisskatta. Þá hafa verið lagðir skattar á losun ýmissa gróðurhúsalofttegunda í Danmörku og Noregi sem ekki tengjast orku. Finnar hafa hækkað svo kallaðan orkuskatt um 5%.

Skattlagning ökutækja er mikilvægur hluti umhverfisskatta á Norðurlöndunum. Stefnan í þeim málum er að skattlagningin beinist í sem mestum mæli að losun gróðurhúsalofttegunda, bæði að því er varðar innflutningsgjöld, orkugjafa og árleg gjöld.

Reynsla Lundúnabúa af skattlagningu á umferð í miðbæinn hefur leitt til þess að nú er verið að huga að sambærilegum tilraunum á Norðurlöndunum. Þannig hefur verið ákveðið að gera sjö mánaða tilraun með veggjöld í Stokkhólmi.

Sumarfrí

Vefrit fjármálaráðuneytisins kemur næst út fimmtudaginn 3. ágúst.

Gleðilegt sumar!!

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	19,5	20,2
Skattar á tekjur og hagnað	17,5	32,4
Eignarskattar	59,2	-24,5
Skattar á vöru og þjónustu	18,3	17,3
Tryggingagjöld	17,7	15,3
Tekjur alls	25,1	13,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	170,7	-23,6
Heilbrigðismál	69,3	19,3
Alm.trygg. & velferðarmál	80,0	-0,2
Efnahags- og atvinnumál	40,5	0,4
Menntamál	253,7	8,4
Gjöld alls	94,6	-0,3

Afkoma ríkissjóðs janúar-maí		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	11.566	28.281
Hreinn lánsfjárjöfnuður	18.102	25.853
Afborgun lána	-29.994	-38.104
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-13.442	-13.901
Lántökur	9.273	11.010
Greiðsluafkoma	-4.168	-2.890

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (júní)	2,8	8,0
Kjarnaverðbólga (júní)	3,5	7,0
Launavísitala (maí)	6,6	8,7
Heildarvelta (jan.-febr.)	5,9	9,2
Smás.velta (jan.-febr.)	1,8	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	2,1	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

3. ágúst 2006

Þörfnumst við CFC-löggjafar?

Skattlagning eignarhaldsfélaga í eigu íslenskra aðila sem staðsett eru á lágskattasvæðum hefur verið til umræðu að undanförnu. Í því sambandi hefur sérstaklega verið bent á nauðsyn þess að lögfesta svokallaðar CFC-reglur, en meginmarkmið þeirra er að koma í veg fyrir óeðlilegan tilflutning skatta frá einu ríki til annars í þeim eina tilgangi að komast undan eða lágmarka skattgreiðslur. Það er gert með þvingaðri samsköttun innlendra og erlendra skattaðila. Þessum reglum er einkum beint að skattlagningu fjármagnstekna, s.s. arði, vöxtum og þóknunum, sem gjarnan eru nefndar óvirkar tekjur (passive income). CFC er skammstöfun á ensku orðunum Controlled Foreign Company og þýðir erlent félag undir stjórn eða í eigu innlends aðila. Mörg ríki hafa þegar sett sérstaka CFC-löggjöf, þar sem sérstaklega er kveðið á um skattalega meðferð slíkra félaga. Þar á meðal eru Norðurlöndin ef frá er talið Ísland. Reglurnar er mjög mismunandi milli landa og ganga mislangt gagnvart erlenda aðilanum.

Grunnregla skattalaga er sú að ríki skattleggur aðeins tekjur sem tengjast með ákveðnum hætti lögsögu þess. Þau tengsl geta verið tvíþætt. Annars vegar ráðast þau af skattalegu heimilisfesti einstaklings eða lögaðila og er þá skattaðilinn skattskyldur af öllum tekjum sínum óháð því hvar í heiminum þeirra er aflað (ótakmörkuð skattskylda). Hins vegar ræðst skattskyldan af uppruna teknanna án tillits til þess hvar sá aðili sem nýtur þeirra hefur skattalegt heimilisfesti (takmörkuð skattskylda).

Vaxandi alþjóðavæðing með frjálsum fjármagnsflutningum hefur raskað þessum grunnreglum, ekki síst þegar hinar auðflytjanlegu fjármagnstekjur eiga í hlut. Hefur tilhneigingin þannig verið sú að færa slíka tekjustofna til lágskattasvæða, í mörgum tilvikum án þess að með fylgi virk starfsemi, en óeðlilega hátt hlutfall kostnaðar er gjaldfært í ríki þar sem skattar eru hærri. CFC-reglum er ætlað að sporna gegn þessu með þvingaðri samsköttun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í því felst að tekjur erlenda aðilans eru skattlagðar í hendi þess innlenda samkvæmt skattareglum þess ríkis þar sem innlendi aðilinn hefur skattalegt heimilisfesti.

Í CFC-löggjöf eru tilgreind efnisleg skilyrði til að beita samsköttun þvert á almenn markmið um skattalegt heimilisfesti. Í því sambandi er oft horft á skatthlutfall erlendra ríkja samanborið við það sem gildir í heimaríkinu og gjarnan búinn til svartur listi yfir þau ríki sem ekki uppfylla þau skilyrði. Sem dæmi gerir sænska CFC-löggjöfin ráð fyrir að lágskattasvæði séu þau ríki þar sem tekjuskatthlutfall fyrirtækja er innan við 55% af skatthlutfalli Svía, sem í dag er 28%. Ríki með tekjuskattshlutfall lögaðila undir 15-16% teljast samkvæmt skilgreiningu Svía lágskattasvæði. Þá ræðst þvinguð samsköttun einnig af því hversu rík yfirráð innlendi aðilinn hefur yfir hinu erlenda félagi í formi eignarhalds eða atkvæðisréttar.

Hér á landi er ekki í gildi sérstök CFC-löggjöf eins og áður sagði. Undanfarin misseri hafa sérfræðingar fjármálaráðuneytisins unnið að sérstakri athugun á þessu sviði, meðal annars með hliðsjón af þróuninni á alþjóðavettvangi. Ljóst er að setning almennra lagareglna um þvingaða samsköttun er snúið verkefni og snertir mörg svið. Spurningar hafa vaknað um samspil slíkrar löggjafar og tvísköttunarsamninga og sömuleiðis gagnvart ákvæðum EES-samningsins í ljósi ýmissa mála sem upp hafa komið innan ESB. Jafnframt þarf að gæta meðalhófs í setningu slíkra reglna þannig að þær nái til raunverulegra sýndargerninga í skattalegum tilgangi en bitni ekki á erlendum fyrirtækjum í eigu íslenskra félaga sem rekin eru á eðlilegum viðskiptalegum grunni. Áfram verður unnið að þessu verkefni á næstunni.

Í þessari umræðu gleymist gjarnan að í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru ákvæði sem ætlað er að sporna gegn skattalegum sýndargerningum með almennum hætti.Í 9. tölul. 31. gr. er meðal annars kveðið á um frádráttarbærni arðs frá erlendum hlutafélögum hjá innlendu félagi svo fremi sem hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Jafnframt má benda á 57. gr. tekjuskattslaganna, um óvenjuleg skipti í fjármálum, sem gegnir að mörgu leyti sambærilegu hlutverki og CFC-löggjöf annarra ríkja. Því ákvæði hefur ekki hvað síst verið beitt í tilvikum lítillar eða óeðlilegrar eiginfjármögnunar (thin capitalization), þar sem móðurfélag lánar dótturfélagi eða öfugt á óeðlilegum vaxtakjörum í því skyni að lágmarka skattstofninn þar sem skattar eru hærri.

Mikil tekjuaukning landsmanna 2005

Framtöl einstaklinga fyrir árið 2005 bera efnahagsástandinu ljóst vitni. Skattskyldar tekjur landsmanna námu alls 702 milljörðum króna og jukust um 101 milljarð, 16,8% frá árinu áður. Með tilliti til skattlagningar skiptast tekjurnar í laun, lífeyri, hlunnindi og slíkar tekjur annars vegar en þær bera tekjuskatt og útsvar en hins vegar eru fjármagnstekjur sem bera fjármagnstekjuskatt.

Á árinu báru landsmenn úr býtum nær 472 milljarða króna í laun, 13% meira í heild en árið áður en 8,5% meira á hvern launamann. Þeim sem höfðu einhverjar launatekjur fjölgaði um 2,2%. Launamönnum fjölgaði meira á síðasta ári en undanfarin ár ef árið 2000 er undanskilið. Greiðslur til einstaklinga úr lífeyrissjóðum námu rúmum 34 milljörðum á síðasta ári og jukust um 12,5% frá fyrra ári. Þeir sem slíkar greiðslur fengu voru 40.600 og þeim fjölgaði um 2,7%. Greiðslur Tryggingastofnunar til lífeyrisþega og öryrkja námu tæpum 32 milljörðum króna til tæplega 47 þúsund einstaklinga. Þeim fjölgaði einungis um ½% frá fyrra ári meðan heildargreiðslurnar jukust um tæp 5%.

Fjármagnstekjur 1990–2005



Í fyrra voru greiddir 2,4 milljarðar króna í atvinnuleysisbætur og lækkaði sú tala um 1 milljarð frá fyrra ári. Tæplega 8.400 fengu slíkar bætur og fækkaði um 26,5% frá árinu 2004. Sömu sögu er að segja af þeim sem fengu húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Slíkir styrkir námu 970 m.kr. til 3.400 einstaklinga. Fjárhæðin lækkaði um 4,5% milli ára meðan þeim sem aðstoð fengu fækkaði um 15%.

Þær tekjur einstaklinga sem vaxið hafa mest á undanförnum árum eru fjármagnstekjur. Árið 2005 höfðu tæplega 85 þúsund fjölskyldur 120 milljarða í tekjur af eignum sínum. Aukningin milli ára var rúmlega 45 milljarðar, yfir 60%. Fjármagnstekjur hafa vaxið stöðugt, einkum eftir að sérstakur fjármagnstekjuskattur var tekinn upp 1997. Fjármagnstekjur eru orðnar 17% af öllum skattskyldum tekjum. Meira en helmingur fjármagnstekna er hagnaður af sölu hlutabréfa og fimmtungur til viðbótar er arður af hlutabréfaeign. Rúmlega 9 þúsund fjölskyldur höfðu tekjur af sölu hlutabréfa meðan 40 þúsund fengu arð af slíkum bréfum. Flestir höfðu tekjur af vöxtum af innstæðum í bönkum, yfir 60 þúsund, alls rúmlega 11 milljarða, 184 þúsund á hverja fjölskyldu.

Eins og áður sagði jukust skattskyldar tekjur hér á landi um 16,8% í fyrra. Álagðir skattar jukust um 11,1% og tekjur að frádregnum sköttum um 18,5%. Skattskyldar tekjur einstaklinga að frádregnum álögðum sköttum er stærð sem nálgast að vera jöfn ráðstöfunartekjum heimilanna í landinu. Samkvæmt þessu hafa ráðstöfunartekjur vaxið meira en einkaneyslan árið 2005 en hún óx um 14% að nafnvirði.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	19,5	20,2
Skattar á tekjur og hagnað	17,5	32,4
Eignarskattar	59,2	-24,5
Skattar á vöru og þjónustu	18,3	17,3
Tryggingagjöld	17,7	15,3
Tekjur alls	25,1	13,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	170,7	-23,6
Heilbrigðismál	69,3	19,3
Alm.trygg. & velferðarmál	80,0	-0,2
Efnahags- og atvinnumál	40,5	0,4
Menntamál	253,7	8,4
Gjöld alls	94,6	-0,3

Afkoma ríkissjóðs janúar-maí

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	11.566	28.281
Hreinn lánsfjárjöfnuður	18.102	25.853
Afborgun lána	-29.994	-38.104
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-13.442	-13.901
Lántökur	9.273	11.010
Greiðsluafkoma	-4.168	-2.890

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (júlí)	3,5	8,4
Kjarnaverðbólga (júlí)	3,6	7,6
Launavísitala (júní)	6,3	8,8
Heildarvelta (jan.-apríl)	5,8	11,9
Smás.velta (jan.-apríl)	3,9	6,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (júní)	2,1	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

10. ágúst 2006

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – júní 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrri árshelming 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 29,7 milljarða króna innan ársins, sem er 16 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 35 milljörðum hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur reyndust um 17 milljörðum hærri en í fyrra meðan gjöldin hækkuðu um 1,3 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 27,5 milljarða króna sem er 1,6 milljörðum betra en á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 183 ma.kr. á fyrri helmingi þessa árs. Það er rúmum 17 ma.kr meira en á sama tíma í fyrra, eða 10,4% aukning. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 8,5%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um rúm 14% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5,7% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 8%. 41% samdráttur annarra rekstrartekna milli ára skýrist af arðgreiðslum vegna Landsímans á þessu tímabili í fyrra.

Skattar á tekjur og hagnað námu 65 ma.kr. og jukust um 16 ma.kr. frá síðasta ári, eða 33%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 12% og lögaðila um 98% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 43%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 15% milli ára, eða 6,2% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 5,5 ma.kr. sem er 27% minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 4 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 18% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 82 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og jókst um 10% að nafnvirði frá fyrra ári eða 4% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um rúm 7% sem jafngildir tæplega 2% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánuða kemur fram að verulega hefur hægt á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er enn mest aukning í vörugjöldum af ökutækjum en þau skiluðu 15% meiri tekjum en á sama tíma í fyrra. Nýskráningar bifreiða á fyrri helmingi ársins voru 4,4% fleiri en á sama tíma 2005.

Greidd gjöld nema 153,2 milljörðum króna og hækka um 1,3 milljarða milli ára, eða 0,8%. Vaxtagreiðslur lækka um 7,7 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Að vöxtum undanskildum hækka gjöldin um 8,9 milljarða eða um 6,1%. Mest munar um 2,5 milljarða hækkun heilbrigðismála og 1,9 milljarða í almannatrygginga- og velferðarmálum. Þá hækka greiðslur til menntamála um 1,6 milljarða. Samtals vega þessir þrír málaflokkar tæplega 2/3 af heildargjöldum ríkissjóðs fyrir utan vexti. Greiðslur vegna almennrar opinberrar þjónustu hækka um 1,3 milljarða og greiðslur til löggæslu hækka um 1 milljarð milli ára. Greiðslur til efnahags- og atvinnumála standa í stað milli ára.

Lántökur ársins nema 16,2 milljörðum króna en afborganir lána eru 38,9 milljarðar. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um einn milljarð króna á árinu og tveir milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Innflutningur í júlí

Hagstofan birti bráðabirgðatölur yfir vöruskipti júlímánaðar í síðustu viku. Þar kom fram að vöruskiptahalli var um 18 milljarðar og hefur sjaldan eða aldrei verið meiri. Minni útflutningur átti mestan hlut að máli en innflutningur reyndist enn vera nokkuð mikill. Ef innflutningshliðin er skoðuð nánar sést að innflutningur á fjárfestingar-, hrá- og rekstrarvörum heldur áfram af fullum þunga. Hins vegar var mikill samdráttur í bílainnflutningi milli mánaða og hefur innflutningur á bílum ekki verið jafn lítill síðan á vetrarmánuðum 2004-2005, ef marka má bráðabirgðatölur. Einnig dróst innflutningur á hálfvaranlegum neysluvörum og fatnaði talsvert saman milli mánaða, nokkuð umfram það sem má vænta í júlímánuði.

Vöruinnflutningur að raunvirði janúar 2003 - júlí 2006



Barnabætur hækka umtalsvert

Við álagningu ríkisskattstjóra á einstaklinga sem kynnt var um síðastliðin mánaðarmót kom fram að barnabætur vegna ársins 2005 hækkuðu um 19% frá fyrra ári. Í ár verður því úthlutað samtals tæpum 6 milljörðum króna til 55.500 framteljenda. Ástæðan fyrir þessari miklu aukningu er að nú kom til framkvæmda annar áfangi af þremur í breytingum á barnabótum sem ákveðnar voru haustið 2004. Barnabætur til allra barna undir 7 ára aldri, sem gjarna eru nefndar ótekjutengdar bætur, eru nú 46.747 kr. á ári og þær hækkuðu um 25% frá fyrra ári. Þeim til viðbótar er úthlutað svokölluðum tekjutengdum barnabótum sem skerðast í ákveðnum hlutföllum eftir tekjum foreldranna. Með fyrsta barni eru þær nú tæpar 140 þúsund krónur á ári hjá samsköttuðum foreldrum en tæp 233 þúsund hjá einstæðum foreldrum. Bætur með hverju barni umfram eitt eru rúm 166 þúsund hjá samsköttuðum en tæp 239 þúsund á ári hjá einstæðum foreldrum. Tekjumörkin þar sem kemur til skerðingar hækkuðu um 25% í ár en bæturnar sjálfar um 10%. Því hlutfalli af tekjum umfram mörkin sem dregst frá hámarksbótum var ekki breytt í ár en það er 3% fyrir fyrsta barn, 7% þegar börnin eru tvö og 9% fyrir þrjú börn eða fleiri.

Á næsta ári koma til framkvæmda frekari breytingar á barnabótunum. Þá munu ótekjutengdar bætur hækka um 20% og verða því greiddar 56 þúsund krónur á ári í bætur fyrir öll börn undir 7 ára aldri. Tekjutengdu bæturnar munu hinsvegar ekki hækka, en tekjumörkin þar sem þær byrja að skerðast munu hækka um 20%. Jafnframt verður dregið úr skerðingu bótanna vegna tekna. Skerðingin mun minnka í 2% hjá fyrsta barni, 6% þegar börnin eru tvö og 8% ef börn eru fleiri en það. Barnabætur í ár nema rúmlega 8% af tekjusköttum til ríkisins, öðrum en fjármagnstekjuskatti.

Í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins ákvað ríkisstjórnin í júní sl. að taka upp barnabætur til barna allt að 18 ára aldri í stað 16 ára nú. Frumvarp um framkvæmd þessarar ákvörðunar verður lagt fyrir haustþingið. Áætlað er að það muni auka greiðslur barnabóta um rúmlega 500 m.kr.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,7	16,3
Skattar á tekjur og hagnað	15,5	33,5
Eignarskattar	56,8	-27,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,9	9,8
Tryggingagjöld	15,8	15,3
Tekjur alls	23,9	10,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	29,1	-20,0
Heilbrigðismál	10,5	6,3
Alm.trygg. & velferðarmál	-0,7	6,0
Efnahags- og atvinnumál	0,5	-0,4
Menntamál	17,7	9,7
Gjöld alls	9,7	0,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-júní		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	15.536	29.706
Hreinn lánsfjárjöfnuður	25.915	27.498
Afborgun lána	-30.002	-38.873
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-5.988	-13.355
Lántökur	9.579	16.246
Greiðsluafkoma	3.591	2.890

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (júlí)	3,5	8,4
Kjarnaverðbólga (júlí)	3,6	7,6
Launavísitala (júní)	6,3	8,8
Heildarvelta (jan.-apríl)	5,8	11,9
Smás.velta (jan.-apríl)	3,9	6,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (júní)	2,1	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Stýrivextir hækka víðast hvar

Stýrivextir á Íslandi hafa verið hækkaðir mikið í kjölfar aukins ójafnvægis í þjóðarbúskapnum og eru nú 13,5%. Stýrivextir helstu viðskiptalanda hafa einnig verið á uppleið síðustu misseri. Í Bandaríkjunum hafa stýrivextir hækkað jafnt og þétt síðastliðin tvö ár samfara auknum áhyggjum af hækkandi verðbólgu. Vextir standa nú í 5,25% og virðast vera að hægja á verðbólgu. Verðbólguhorfur á Evrusvæðinu hafa versnað að einhverju leyti en viðsnúningur í Þýskalandi og hagvöxtur umfram væntingar í Frakklandi eiga þar stærstan hlut í máli. Verðbólga er nú lítillega yfir verðbólgumarkmiði Evrópska Seðlabankans en stýrivextir hafa hækkað síðan á vetrarmánuðum 2005 og eru nú 3%. Japanska hagkerfið virðist sýna nokkuð skýr og stöðug batamerki eftir rúmlega 15 ára stöðnun. Til marks um það hvarf Seðlabanki Japans nýverið frá núll prósent vaxtastefnu sinni og hækkaði stýrivexti í 0,25%. Í upphafi ágúst hækkaði Englandsbanki stýrivexti óvænt í 4,75% en verðbólga í Bretlandi er kominn yfir verðbólgumarkmið.

Þróun stýrivaxta í ýmsum löndum



Skýrslur alþjóðastofnana um íslensk efnahagsmál

Tvær alþjóðastofnanir, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) í Washington og Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) í París, hafa nýverið gefið út skýrslur um íslensk efnahagsmál. Stofnanirnar gera reglubundnar efnahagsskýrslur um Ísland í þeim tilgangi að bæta umræðu um hagstjórn og benda stjórnvöldum á það sem betur má gera til að bæta árangurinn í efnahagsmálum. Sú vinna hefur jafnframt það markmið að bæta ástand alþjóðlegra efnahagsmála, m.a. með því að auka hagvöxt og fyrirbyggja ójafnvægi á fjármálamörkuðum. Þótt skýrslurnar séu um margt áþekkar eru þær einnig ólíkar. Segja má að OECD leggi mesta áherslu á leiðir til að auka sjálfbæran hagvöxt í aðildarríkjum sínum en IMF leggi áherslu á aðgerðir sem hafa það markmið að viðhalda stöðugleika í alþjóðlegu fjármálalífi. Framlag beggja stofnana er mikilvægt innlegg í efnahagsumræðu hvers lands og full ástæða til að taka tillit til ummæla og ábendinga þeirra.

Í efnahagsskýrslu OECD um einstök aðildarríki stofnunarinnar er að finna víðtæka greiningu á efnahagsmálum viðkomandi ríkis. Til viðbótar við greiningu á framvindu efnahagsmála og efnahagsstjórn felur efnahagsskýrsla OECD í sér ítarlega greiningu og ráðleggingar varðandi starfsemi og áhrif einstakra markaða og framkvæmd opinberrar þjónustu á mikilvægum sviðum. Sú greining byggist á kerfisbundnum samanburði á reynslu hinna þrjátíu þróuðu lýðræðisríkja með markaðsstarfsemi sem aðild eiga að OECD. Gerð skýrslunnar hefst með nákvæmri upplýsingaöflun sem innifelur fundahöld með breiðum hópi aðila sem hafa áhrif á og fylgjast með efnahagsmálum landsins. Drög að efnahagsskýrslu OECD eru rædd í hagþróunarnefnd OECD þar sem árangur hagstjórnar og skipulagsmála einstakra aðildarríkja er metinn á 18 til 24 mánaða fresti af fulltrúum allra aðildarríkjanna. Það ferli umfjöllunar er nefnt „jafningjaskoðun" (Peer Review) og hin endanlega skýrsla felur í sér sameiginlegt álit allra aðildarríkja OECD á viðkomandi landi. Sérfræðingar stjórnvalda viðkomandi lands fá tækifæri til að svara spurningum nefndarmanna og kynna sjónarmið stjórnvalda áður en skýrslan er samþykkt til útgáfu. Fjármálaráðuneytið sér um samskipti við OECD.

Í áliti sendinefndar IMF um einstök ríki er að finna ítarlega greiningu á stjórn efnahagsmála og starfsemi fjármálakerfisins. Álitið er grundvallað á sambærilegri undirbúningsvinnu og að ofan greinir sem sjóðurinn framkvæmir á eins til tveggja ára fresti fyrir velflest lönd í heimi. Frumniðurstöður sendinefndar IMF eru kynntar fjölmiðlum að loknum fundahöldum. Í kjölfar þess er skýrslan skrifuð og rædd af stjórn sjóðsins áður en hún er samþykkt til útgáfu. Jafnframt fær fulltrúi viðkomandi lands tækifæri til að kynna stjórn sjóðsins sjónarmið stjórnvalda. Seðlabanki Íslands sér um samskipti við IMF.

Hvar vinnur unga fólkið?

Fyrir stuttu síðan birti Hagstofan tölur um vinnumarkaðinn sem byggja á staðgreiðslugögnum en þau eru nákvæmustu gögn sem til eru um þessi mál. Í þessum gögnum var margt athyglisvert að finna.

Meðal annars er fróðlegt að velta fyrir sér í hvaða atvinnugreinar ungt fólk sem er að koma inn á vinnumarkaðinn sækir eftir að hafa lokið námi. Að sjálfsögðu er eitt af einkennum íslensks vinnumarkaðar að allflestir hafa unnið fyrir sér meðan á skólagöngu stendur, í leyfum en einnig í hlutastörfum með námi en þegar fólk er komið á þrítugsaldurinn fer það í auknum mæli að taka til starfa í þeim greinum sem það hefur aflað sér menntunar til. Hér er kannað lauslega hvað gerst hefur frá árinu 2000 til 2005 hjá fólki sem er 30 ára og yngra. Á þessum fimm árum hefur tala karla innan við þrítugt á vinnumarkaði ekki breyst. Fækkað hefur hjá þeim sem yngri eru en tvítugir um 615 sem er 9% fækkun en fjölgað um það bil um sömu tölu hjá hópnum milli tvítugs og þrítugs. Hjá ungum konum hefur orðið fjölgun um 870 en það er 4% fjölgun í öllum hópnum.

Val ungs fólks á atvinnugreinum fer eftir menntun, kyni og að sjálfsögðu ekki síst eftir því í hvaða greinum er boðið upp á ný störf. Þannig er ekki við því að búast að mikill fjöldi ungs fólks leiti í greinar eins og fiskveiðar, þar sem starfandi hefur alls fækkað um 1.760 manns eða 28%. Sú er reyndar raunin enda fækkaði körlum undir þrítugu um 450 manns á þessu tímabili sem er um 40% fækkun. Ungum körlum hefur samtals fjölgað yfir 100 í 12 greinum alls og hið sama gildir um ungar konur

Sú atvinnugrein sem flestir karlmenn undir 30 ára aldri stunda er almenn byggingarstarfsemi. Störfum í mannvirkjagerð í heild hefur fjölgað um 28% á undanförnum 5 árum en fjölgun hjá ungum körlum er hlutfallslega minni en það. Stafar það ekki hvað síst af því að töluverður hluti aðflutts vinnuafls vegna uppsveiflunnar í byggingarstarfsemi er eldri en þrítugur. Þróunin í mannvirkjagerð er þess vegna ekki dæmigerð um atvinnuval þeirra sem hafa alið sinn aldur hér á landi. Næst fjölmennasta atvinnugrein ungra karlmanna er vinna í stórmörkuðum og matvöruverslunum og þar hefur fjölgað um 500 manns sem er fjórðungs aukning. Árið 2000 voru fiskveiðar í öðru sæti en í fyrra hafði þessi grein fallið niður í fimmta sæti. Þriðja fjölmennasta greinin er matsölu- og skemmtistaðir þar sem rúmlega þúsund vinna og hefur heldur fækkað. Ungum karlmönnum hefur fjölgað um tæplega 200 í félagsþjónustu án dvalar (t.d. leikskólar og félagsmiðstöðvar), í sérvöruverslunum ýmiss konar og litlu minna í grunnskólunum. Allt eru þetta atvinnugreinar þar sem fjöldi ungra karla tvöfaldast og rúmlega það.

Atvinnuþátttaka ungra kvenna er með nokkuð öðrum hætti en hjá körlum. Fjölmennasta atvinnugrein ungra kvenna er félagsþjónusta án dvalar og þar hefur fjölgunin einnig orðið mest, yfir 400 konur sem er fjórðungur. Næst fjölmennust er vinna í stórmörkuðum og matvöruverslunum, eins og hjá körlunum, en þar hefur konum ekki fjölgað mikið. Matsölu- og skemmtistaðir eru einnig í þriðja sæti hjá konunum. Ungum konum hefur fjölgað næst mest í grunnskólum, um 300 sem er 46% aukning.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,7	16,3
Skattar á tekjur og hagnað	15,5	33,5
Eignarskattar	56,8	-27,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,9	9,8
Tryggingagjöld	15,8	15,3
Tekjur alls	23,9	10,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	29,1	-20,0
Heilbrigðismál	10,5	6,3
Alm.trygg. & velferðarmál	-0,7	6,0
Efnahags- og atvinnumál	0,5	-0,4
Menntamál	17,7	9,7
Gjöld alls	9,7	0,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-júní

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	15.536	29.706
Hreinn lánsfjárjöfnuður	25.915	27.498
Afborgun lána	-30.002	-38.873
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-5.988	-13.355
Lántökur	9.579	16.246
Greiðsluafkoma	3.591	2.890

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (ágúst)	3,7	8,6
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,0	7,6
Launavísitala (júní)	6,3	8,8
Heildarvelta (jan.-apríl)	5,8	11,9
Smás.velta (jan.-apríl)	3,9	6,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	2,0	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

24. ágúst 2006

Ríkisreikningur 2005

Birtur hefur verið ríkisreikningur fyrir árið 2005. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi.

Afkoma ríkissjóðs. Ríkissjóður var rekinn með tæplega 113 milljarða króna afgangi á árinu 2005. Árið áður nam afgangurinn um 2 milljörðum króna. Skýringin á stórbættri afkomu liggur að hálfu í sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. en hagnaður af sölunni nam 56 milljörðum króna. Að öðru leyti skýrist góð afkoma ríkissjóðs af þeirri uppsveiflu sem verið hefur í efnahagslífinu og aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs. Þannig hækkuðu aðrar tekjur ríkissjóðs um 55 milljarða króna en á sama tíma eru útgjöld hans nær óbreytt milli ára. Hvort sem litið er til afkomu ríkissjóðs á árinu 2005 með eða án söluhagnaðar af Landssímanum er hún jákvæðari en dæmi eru um áður.

Lánsfjárjöfnuður. Rekstur ríkissjóðs skilaði 77 milljarða króna lánsfjárafgangi, auk þess sem 32 milljörðum af söluandvirði Landssímans var veitt til Seðlabanka Íslands með sérstökum lánssamningi. Ríkissjóður nýtti lánsfjárafgang ársins til að greiða niður skuldir og bæta sjóðstöðu sína hjá Seðlabankanum. Á árinu var tæpum 50 milljörðum varið til að greiða niður erlend lán og handbært fé jókst um 27 milljarða. Þannig ráðstafaði ríkissjóður 109 milljörðum af bættri afkomu sinni inn til Seðlabankans og til að greiða niður erlendar skuldir. Hrein skuldastaða ríkissjóðs, þ.e. skuldir að frádregnum veittum lánum, var í árslok 60 milljarðar í stað 156 milljarða króna í ársbyrjun.

Tekjur ríkissjóðs. Tekjur ársins námu 421 milljarði króna og er það um 42,3% af landsframleiðslunni. Ef tekjurnar eru bornar saman við fyrra ár og ekki tekið tillit til tekna vegna sölu Landssímans, þá var hlutfallið 36,0% af landsframleiðslu samanborið við 33,0% árið áður. Tekjur af sköttum á sölu vöru og þjónustu nema 165 milljörðum og eru þær tæplega helmingur af heildartekjum ef frá eru taldar tekjur vegna sölu Landssímans. Skattar á einstaklinga, fyrirtæki og fjármagnstekjur nema 132 milljörðum, samanborið við 102 milljarða árið áður. Þar munar mestu um 12 milljarða hækkun tekjuskatts lögaðila, sem tvöfaldast milli ára.

Gjöld ríkissjóðs. Gjöld ársins námu 308 milljörðum króna samanborið við 300 milljarða árið áður. Sem hlutfall af landsframleiðslu nema þau 31,0%, en ef frá er talinn greiddur fjármagnstekjuskattur vegna sölu Landssímans nemur hlutfallið 30,3%. Á árinu 2004 var hlutfall gjalda af landsframleiðslu 32,8% og fer hlutfallið því lækkandi annað árið í röð. Eins og áður eru útgjöld til heilbrigðismála veigamesti málaflokkurinn en þau nema 77 milljörðum króna. Næst mest eru gjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála, eða 70 m.kr. og vega þessir tveir málaflokkar rétt um helming af útgjöldum ríkissjóðs.

Tilskipun ESB um starfstengdan lífeyrissparnað

Í fjármálaráðuneytinu er unnið að frumvarpi til laga sem ætlað er að innleiða tilskipun ESB nr. 2003/41/EC um starfstengdan lífeyrissparnað (Directive on the activities and supervision of institutions for occupational retirement provision). Vinna við innleiðingu tilskipunarinnar hefur staðið yfir að undanförnu innan aðildaríkja EES og er hún misjafnlega á veg komin. Hvað Ísland snertir er ráðgert að frumvarp um innleiðingu tilskipunarinnar verði lagt fyrir Alþingi á komandi löggjafarþingi. Markmið tilskipunarinnar er að gera starfstengdum lífeyrissjóðum fært að bjóða skilgreinda þjónustu yfir landamæri innan EES, stuðla að hagkvæmum fjárfestingum og tryggri ávöxtun, tryggja réttindi sjóðfélaga og annarra rétthafa, auka samkeppni, koma á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsaðila innan EES og skapa forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir starfstengdan lífeyrissparnað. Gildissvið tilskipunarinnar tekur til stofnana sem taka á móti valfrjálsum starfstengdum lífeyrissparnaði til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, sem starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Í tilskipuninni er tekið fram að gildissvið hennar nær m.a. ekki til þeirra lífeyrissjóða sem samkvæmt skilgreiningu falla undir reglugerð Ráðsins nr. 1408/71/EB, með síðari breytingum, en sú reglugerð á m.a. við um hina hefðbundnu íslensku lífeyrissjóði þar sem þeir hafa verið skilgreindir sem slíkir frá árinu 1994. Með tilskipuninni er því gengið út frá því að forræði einstakra aðildarríkja hvað varðar fyrirkomulag lífeyrismála sé almennt ekki skert og nær það m.a. til skyldubundins framlags til lífeyrissjóða sem og skylduaðildar.

Áhrif samkomulags á vinnumarkaði að koma fram

Nýlega birti Hagstofa Íslands launavísitölu fyrir júlí. Hækkunin frá fyrra mánuði nam 1,7%. Stærstan hluta af þeirri hækkun má rekja til samkomulags aðila á almennum vinnumarkaði þann 1. júlí sl. Á myndinni hér að neðan eru sýndar mánaðarlegar hækkanir launavísitölunnar undanfarin ár. Vísitalan hækkar jafnan mest þegar laun hækka hjá stórum hluta vinnumarkaðarins. Undanfarin ár hafa slíkar hækkanir átt sér stað um áramótin. Launahækkanir hafa einnig orðið þegar samkomulag er gert við minni hópa. Hækkanir umfram það eru launaskrið, m.a. vegna starfsaldurs eða einstaklingsbundinna hækkana. Í síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins voru heildaráhrif af hinu nýja samkomulagi metin á 4%. Lauslegt mat á hækkun á almennum markaði nú er að laun hafi hækkað um 2,5%, sem er í samræmi við það sem búist var við, en reiknað er með að launavísitalan haldi áfram að hækka á næstu 1-2 mánuðum á meðan áhrif samkomulagsins eru að skila sér að fullu. Jafnframt er við búið að dragi úr launaskriði á næstunni.

Launavísitala Hagstofunnar: Hækkun milli mánaða, %



Á neðri myndinni má sjá 12-mánaða breytingu launavísitölunnar en hún hefur farið hækkandi frá ársbyrjun 2004 og er nú jafn há og hún var á toppi síðustu uppsveiflu. Vegna nýgerðs samkomulags er reiknað með því að draga taki úr hækkuninni. Í síðustu spá ráðuneytisins frá því í júní var reiknað með því að launahækkanir á árinu yrðu rétt rúm 9%. Hinar nýbirtu tölur eru í samræmi við þá spá. Verið er að undirbúa nýja þjóðhagsspá sem verður gefin út 2. október n.k.

12 mánaða hækkun launavístölu Hagstofunnar



Tekjur ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,7	16,3
Skattar á tekjur og hagnað	15,5	33,5
Eignarskattar	56,8	-27,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,9	9,8
Tryggingagjöld	15,8	15,3
Tekjur alls	23,9	10,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	29,1	-20,0
Heilbrigðismál	10,5	6,3
Alm.trygg. & velferðarmál	-0,7	6,0
Efnahags- og atvinnumál	0,5	-0,4
Menntamál	17,7	9,7
Gjöld alls	9,7	0,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-júní

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	15.536	29.706
Hreinn lánsfjárjöfnuður	25.915	27.498
Afborgun lána	-30.002	-38.873
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-5.988	-13.355
Lántökur	9.579	16.246
Greiðsluafkoma	3.591	2.890

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (ágúst)	3,7	8,6
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,0	7,6
Launavísitala (júlí)	6,6	10,2
Heildarvelta (jan.-apríl)	5,8	11,9
Smás.velta (jan.-apríl)	3,9	6,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	2,0	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – júlí 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu sjö mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 36,5 milljarða króna innan ársins, sem er 31,9 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 39,1 milljarði hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur reyndust um 30 milljörðum hærri en í fyrra á meðan gjöldin lækkuðu um tæpa 3 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 34,1 milljarð króna, en hann var jákvæður um 15,8 milljarða á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 216 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum þessa árs. Það er rúmum 30 ma.kr meira en á sama tíma í fyrra, eða 16,4% aukning. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 14,7%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um tæp 20% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,1% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því tæp 13%. 30% samdráttur annarra rekstrartekna milli ára skýrist af arðgreiðslum vegna Landsímans á þessu tímabili í fyrra.

Skattar á tekjur og hagnað námu 73 ma.kr. og jukust um 21 ma.kr. frá síðasta ári, eða 40%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 20% og lögaðila um 105% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 43%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 16% milli ára, eða tæp 7% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 5,8 ma.kr. sem er 30% minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 4½ ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 19% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 100 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og jókst um 16% að nafnvirði frá fyrra ári eða 10% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 18% sem jafngildir 11% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánuða kemur fram að verulega hefur hægt á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Vörugjöld af ökutækjum skiluðu 12% meiri tekjum í janúar-júlí en á sama tíma í fyrra. Nýskráningar bíla í júlí voru helmingi færri en í júlí 2005. Sé horft á tímabilið frá ársbyrjun 2006 hafa orðið þau skil í þróuninni að ekki er lengur um fjölgun að ræða milli ára heldur fækkun um 4%, í fyrsta sinn síðan í árslok 2002.

Greidd gjöld nema 178,3 milljörðum króna og lækka um 2,7 milljarða milli ára, eða um 1,5%. Vaxtagreiðslur lækka um 8,1 milljarð, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Einnig lækka greiðslur almannatrygginga um 2,9 milljarða sem kemur aðallega til af því að vaxtabætur voru greiddar í júlí í fyrra, en ekki fyrr en í ágúst nú í ár. Munar þar 4 milljörðum króna, en auk þess reyndust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs um milljarði lægri en í fyrra. Á móti vega hækkanir til lífeyris- og sjúkratrygginga.

Að vaxtagreiðslum og vaxtabótum undanskildum hækka gjöldin um 9,5 milljarða eða 5,8%. Mest munar um 2,8 milljarða hækkun heilbrigðismála og 2 milljarða til menntamála. Þá hækka greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu um 1,6 milljarða og 1,2 milljarða hjá almannatrygginga- og velferðarmálum. Greiðslur til löggæslu hækka um 1 milljarð, en greiðslur til efnahags- og atvinnumála standa í stað milli ára. Heilbrigðismál og almannatryggingar vega samtals um helming af heildargreiðslum ríkissjóðs.

Lántökur ársins nema 19,7 milljörðum króna en afborganir lána 35,1 milljarði. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 milljarð króna á árinu og 2,3 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Lyfjaútgjöld sjúkratrygginga

Í skýrslu ríkisendurskoðunar um lyfjakostnað sem gefin var út í mars 2004 var áætlað að ríki og almenningur hafi greitt samtals 14 ma.kr. fyrir lyf á árinu 2003 og þar af hafi ríkið greitt um 67%. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu ár. Hlutur ríkisins er greiddur í gegnum sjúkratryggingar og með framlögum til lyfjakaupa heilbrigðisstofnana. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga í lyfjakaupum nam 6.590 m.kr. á árinu 2005 á föstu verðlagi miðað við neysluverðsvísitölu í júlí 2006. Áætlað er að útgjöld sjúkratrygginga á árinu 2006 verði um 6.700 m.kr. Aukningin skýrist m.a. af nýrri og dýrari lyfjum og gengisbreytingum. Lyfjaútgjöld sjúkratrygginga á föstu verðlagi voru rúmlega 5.700 m.kr. árið 1998 og hafa því aukist um tæp 17% frá þeim tíma miðað við áætlaða útkomu á árinu 2006.

Lyfjaútgjöld Tryggingastofnunar 1998–2006[1]



1. Miðað við fast verðlag (neysluverð í júlí 2006).

Eftir nokkurn útgjaldaauka milli áranna 1998 og 1999 dró úr kostnaði árið 2000 og 2001 en frá þeim tíma eykst lyfjakostnaður um tæp 7% á ári fram til 2004. Frá árinu 2004 hefur hins vegar dregið nokkuð úr lyfjakostnaði sjúkratrygginga sem kemur bæði til vegna hagstæðrar gengisþróunar og samkomulags heilbrigðisyfirvalda við innflytjendur lyfja um að stefna sameiginlega að því að lyfjaverð á Íslandi verði sambærilegt lyfjaverði í nágrannalöndum okkar.

Útgjöld til vegaframkvæmda

Raunaukning útgjalda til vegaframkvæmda var 17,5% á tímabilinu 1998 til 2006. Á sama tímabili hefur hlutdeild vegaframkvæmda af heildarfjárfestingu ríkissjóðs aukist talsvert. Á árinu 1998 var hlutdeild vegaframkvæmda í heildarfjárfestingu ríkissjóðs 25,4% en er nú orðin 44,6% samkvæmt fjárlögum 2006. Myndin hér að neðan sýnir nánar hvernig hlutdeild vegaframkvæmda í heildarfjárfestingu ríkissjóðs hefur þróast frá árinu 1998.

Hlutdeild vegaframkvæmda í fjárfestingu ríkissjóðs 1998–2006



Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,7	21,6
Skattar á tekjur og hagnað	15,2	39,7
Eignarskattar	49,8	-29,5
Skattar á vöru og þjónustu	19,4	16,3
Tryggingagjöld	16,2	16,0
Tekjur alls	23,0	16,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	24,3	-18,2
Heilbrigðismál	11,4	6,1
Alm.trygg. & velferðarmál	1,1	-6,8
Efnahags- og atvinnumál	-1,6	-0,9
Menntamál	18,8	11,0
Gjöld alls	9,1	-1,5

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	4.596	36.500
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.802	34.116
Afborgun lána	-33.343	-35.088
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-19.790	-3.282
Lántökur	13.305	19.735
Greiðsluafkoma	-6.486	16.453

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (ágúst)	3,7	8,6
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,0	7,6
Launavísitala (júlí)	6,6	10,2
Heildarvelta (jan.-apríl)	5,8	11,9
Smás.velta (jan.-apríl)	3,9	6,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	2,0	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

7. september 2006

Bandaríkjadalur algengasti starfrækslugjaldmiðillinn

Samkvæmt breytingu á lögum um ársreikninga á árinu 2002 geta félög sótt um það til ársreikningaskrár að þeim verði heimilað að færa bókhald sitt og semja ársreikninga í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum ef þau telja hann starfrækslugjaldmiðil félagsins. Starfrækslugjaldmiðillinn skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi. Nú eru 130 félög með þessa heimild og hefur þeim fjölgað um 29 frá árinu 2004. Flest félög hafa valið bandaríkjadal, en hann er algengastur gjaldmiðla í alþjóðaviðskiptum. Skipting félaga eftir gjaldmiðlum er sýnd hér fyrir neðan.

Fjöldi félaga með erlendan starfrækslugjaldmiðil

	Fjöldi félaga[1]		
Gjaldmiðill	*2004*	*2006*	*Breyting*
Bandaríkjadalir	66	84	18
Evrur	25	31	6
Ensk pund	8	8	0
Aðrir gjaldmiðlar	2	7	5
Fjöldi félaga í heild	101	130	29

1. Í árslok 2004 og ágúst 2006.

Skilyrði þau sem félag verður að uppfylla til að fá heimildina er að það sé með meginstarfsemi sína erlendis eða sé hluti erlendrar samstæðu eða eigi erlent dótturfélag sem það hefur meginviðskipti við. Ef meginstarfsemin er hér á landi verður það að hafa verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum og er þá litið til viðskipta félagsins og tengsla þeirra viðskipta við erlent viðskiptaumhverfi. Þá geta félög sem fara fram úr tilgreindum stærðarmörkum laganna til að kallast stór félög fengið þessa heimild ef erlendar skuldir þeirra eru tengdar fjárfestingu þeirra í erlendum fjárfestingarvörum.

Af félögum með erlendan starfrækslugjaldmiðil eru 9 skráð í Kauphöll og skiptast starfrækslugjaldmiðlar þeirra þannig að fimm félög nota evru, tvö félög bandaríkjadal og tvö félög ensk pund.

Viðskipti með losunarheimildir á Norðurlöndunum

Nýlega er komin út á vegum norræna ráðherraráðsins skýrsla sem fjallar um það hvernig Norðurlöndin ætla að takast á við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi skýrsla er unnin á vegum norrænu umhverfis- og efnahagsnefndarinnar í samstarfi við norrænu loftslagsnefndina.

Í skýrslunni er fjallað um það hvernig Norðurlöndin hyggjast nýta viðskipti með losunarheimildir sem hluta af stefnunni í loftslagsmálum og beita þannig hagrænum stjórntækjum til að ná umhverfismarkmiðum. Í dag er lagður skattur á losun koltvísýrings við orkuframleiðslu og aðrir orkuskattar eru mikið notaðir á Norðurlöndunum, t.d. á eldsneyti. Þá hafa stjórnvöld gert frjálsa samninga við einstakar atvinnugreinar auk þess sem þau beita niðurgreiðslum og öðrum stuðningi til að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa og bæta orkunýtingu. Þá hyggjast löndin notfæra sér möguleika Kyoto-bókunarinnar til samstarfsverkefna við önnur ríki í þeim tilgangi að draga úr losun.

Öll Norðurlöndin stefna að því að þær aðgerðir sem gripið verður til verði eins hagkvæmar og mögulegt er og að þær leiði til eins lítillar röskunar á efnahagsstarfseminni og hægt er. Þá er mikilvægt að aðgerðirnar leiði ekki til mismununar. Þetta er þó ekki einfalt mál. Allar líkur eru á því að stjórnvöld muni þurfa að kaupa losunarheimildir erlendis frá ef takast á að ná markmiðunum enda fylgja því töluverðar sektir ef svo verður ekki.

Skýrslu þessa er hægt að nálgast í fjármálaráðuneytinu en einnig á vef norræna ráðherraráðsins.

Áherslur ESB á sviði ríkisaðstoðar 2005-2009

Á vegum framkvæmdastjórnar ESB er nú unnið að því að ýta úr vör helstu áhersluatriðum framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar fyrir árin 2005 til 2009. Með nýrri framkvæmdastjórn var birtur vegvísir fyrir endurskoðun reglna um ríkisaðstoð á tímabilinu. Er í hinum nýja vegvísi meiri áhersla en áður á mat á efnahagslegum áhrifum ríkisaðstoðar. Til að réttlæta veitingu ríkisaðstoðar þarf almennt að sýna fram á markaðsbrest sem ekki er hægt að bregðast við með öðrum hætti en með ríkisaðstoð og að eðlilegt jafnvægi sé á milli jákvæðra afleiðinga ríkisaðstoðarinnar og hugsanlegra neikvæðra áhrifa hennar á samkeppni. Langtímamarkmið framkvæmdastjórnar ESB er að draga úr heildarfjárhæð ríkisaðstoðar meðal aðildarríkjanna og gera veitingu hennar markvissari. Á tímabilinu 2005 til 2009 verður, á ofangreindum forsendum, farið í endurskoðun á flestum þeim leiðbeinandi reglum sem gilda um ríkisaðstoð, þ.m.t. aðstoð til atvinnumála, rannsóknar- og þróunarverkefna, umhverfismála, nýsköpunar, þjónustu í almannaþágu og ríkisaðstoðar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sem hluta af hinum nýja vegvísi þá lauk fyrr á þessu ári endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á reglum um byggðaaðstoð, þar sem almennt séð er reynt að draga úr slíkri ríkisaðstoð og gera hana markvissari. Í framhaldi af því hafa aðildarríki ESB og EFTA-ríkin verið að vinna að nýjum byggðakortum sem tilgreina á hvaða landsvæðum heimilt er að veita byggðaaðstoð.

Vöruinnflutningur í ágúst

Samkvæmt mati Hagstofu var vöruskiptajöfnuður neikvæður í ágúst um 11,3 milljarða króna. Útflutningsvirði var 16,6 milljarðar króna en flutt var inn fyrir um 28,3 milljarða króna. Þetta er mikil breyting frá fyrra mánuði þegar vöruskiptahalli var óvenjulega mikill. Ef rýnt er nánar í innflutningstölur byggðar á bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts sjást nokkrar hreyfingar á stórum innflutningsliðum. Innflutningsverðmæti fjárfestingarvara dregst saman um þriðjung milli mánaða en fjárfestingarvörur hafa að jafnaði verið ríflega fjórðungur innflutnings síðustu misseri. Eldsneytisinnflutningur dregst að sama skapi talsvert saman en sá liður er mjög sveiflukenndur milli mánaða. Innflutningur á bílum dregst lítillega saman milli mánaða en á ársgrundvelli hefur bílainnflutningur dregist saman um tæpan þriðjung. Innflutningsverðmæti varanlegra neysluvara minnkar lítillega milli mánaða en nokkur aukning er í hálf-varanlegum neysluvörum (fatnaður o.fl.) Innflutningur á rekstrar- og hrávörum er hins vegar enn á fullri ferð en nokkur aukning er þar milli mánaða.

Staðvirtur vöruinnflutningur janúar 2003 - ágúst 2006



Á heildina litið virðist vera að hægja á innflutningi, en ef horft er til tólf mánaða breytingar þriggja mánaða meðaltals sést staðvirt aukning upp á tæp 12% meðan um 30% vöxtur var að meðaltali á síðasta ári. Neysludrifinn innflutningur virðist vera á undanhaldi í kjölfar gengislækkunar og eru vísbendingar um að sú þróun haldi áfram þó nýleg gengisstyrking geti unnið á móti að einhverju leyti.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skattatekjur og trygg.gjöld	18,7	21,6
Skattar á tekjur og hagnað	15,2	39,7
Eignarskattar	49,8	-29,5
Skattar á vöru og þjónustu	19,4	16,3
Tryggingagjöld	16,2	16,0
Tekjur alls	23,0	16,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	24,3	-18,2
Heilbrigðismál	11,4	6,1
Alm.trygg. & velferðarmál	1,1	-6,8
Efnahags- og atvinnumál	-1,6	-0,9
Menntamál	18,8	11,0
Gjöld alls	9,1	-1,5

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	4.596	36.500
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.802	34.116
Afborgun lána	-33.343	-35.088
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-19.790	-3.282
Lántökur	13.305	19.735
Greiðsluafkoma	-6.486	16.453

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (ágúst)	3,7	8,6
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,0	7,6
Launavísitala (júlí)	6,6	10,2
Heildarvelta (jan.-apríl)	5,8	11,9
Smás.velta (jan.-apríl)	3,9	6,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	2,0	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Aldursskipting í atvinnugreinum

Hagstofa Íslands hefur unnið gögn fyrir fjármálaráðuneytið um fjölda starfandi eftir aldri, kyni og atvinnugreinum fyrir árin 1998-2005. Þetta eru upplýsingar sem byggjast á staðgreiðsluskrám og sýna stöðuna fyrir októbermánuð á hverju ári. Á þessum vettvangi hefur áður verið fjallað um atvinnugreinaval ungs fólks og verða þessu efni gerð nokkuð nánari skil hér.

Í fyrri grein var fjallað um það að vinna í stórmörkuðum og matvöruverslunum væri stór atvinnugrein hjá ungu fólki. En hún er ekki bara vinsæl hjá þessum hópi: það eru næstum engir aðrir sem vinna við hana! Í október 2005 voru 46% þeirra sem störfuðu við matvöruverslanir tvítugt fólk og yngra og 60% allra starfsmanna voru 25 ára og yngri. Sömu sögu er að segja af veitingastöðum og krám: 61% starfsmanna vera 25 ára og yngri. Þessar tvær atvinnugreinar, þar sem starfa samtals nær 9.000 manns, eru starfsvettvangur mjög stórs hóps ungs fólks.

Í þessum gögnum er einnig margs konar annan fróðleik að finna. Félagsþjónusta er ein mesta vaxtargreinin á undanförnum árum. Störfum karla fjölgaði um tæplega 500 frá 2000 til 2005 en störfum kvenna um rúmlega 2.000. Þessi fjölgun dreifist nokkuð jafnt yfir alla aldursflokka. Sömu sögu er að segja af annarri mikilli vaxtargrein sem eru peningastofnanir. Í ýmsum greinum sem hafa vaxið mikið er fjölgunin mest í eldri aldursflokkunum. Þetta á við um greinar eins og þjónustu við atvinnurekstur, störf við menntastofnanir á háskólastigi en einnig byggingarstarfsemi, en þar endurspeglast fyrst og fremst aldursskipting þeirra starfsmanna sem fluttir hafa verið inn til að starfa við stóriðjuframkvæmdirnar. Tvær fjölmennar greinar vekja þarna athygli umfram aðrar. Í grunnskólunum þar sem alls voru taldir starfandi 7.700 manns í október í fyrra eru rúmlega 2.400 á sextugs- og sjötugsaldri, 32% allra sem við þessa atvinnugrein starfa. Hópurinn á þessu aldursskeiði hefur stækkað um tæplega 1.000 manns á fimm árum. Þetta er vísbending um að framundan sé mikil þörf fyrir nýja starfsmenn við grunnskólana enda hafa margir hinna eldri möguleika á að hefja töku lífeyris fljótlega upp úr sextugu. Hin atvinnugreinin er heilbrigðisþjónusta. Við hana störfuðu tæplega 10.500 manns í október 2005, sem er nánast óbreyttur fjöldi frá því sem verið hafði fimm árum fyrr. En á þessum tíma hafði fækkað í öllum aldursflokkum sem við hana starfa nema í hópi þeirra sem eru á sextugsaldri. Hér sýnist stefna í nokkurt óefni.

Vinnuaflsframboð á Norðurlöndunum

Nýlega kom út skýrsla vinnuhóps, skipaðs fulltrúum frá öllum fjármálaráðuneytum Norðurlandanna, um áhrif skatta á vinnuaflsframboð. Vinnuaflsframboð á Norðurlöndunum er mikið sé miðað við meðaltal OECD-ríkjanna, hvort sem horft er til atvinnuþátttöku eða lengdar vinnuviku. Á sama tíma eru skattar hærri og bætur til þeirra sem standa utan vinnumarkaðar meiri en að jafnaði hjá öðrum löndum innan OECD. Ísland er þó að því leyti frábrugðið að hér eru jaðarskattar og tekjuskattbyrði lægri, atvinnuþátttaka meiri og vinnuvikan lengri en á hinum Norðurlöndunum að jafnaði.

Hluta af skýringunni á þessu mikla vinnuaflsframboði á Norðurlöndunum er líklega að finna á eftirspurnarhliðinni. Finnar leggja þannig mikla áherslu á að horfa til eftirspurnarhliðarinnar til að vinna bug á langvarandi og auknu atvinnuleysi þar í landi. Vinnuhópnum var hins vegar falið að horfa til framboðshliðar vinnumarkaðarins.

Þannig skapar mikið vinnuaflsframboð kvenna á Norðurlöndunum þeim mikla sérstöðu innan OECD og hefur lengd fæðingarorlofs og gott aðgengi að dagvistun líklega jákvæð áhrif þar á. En markmið stofnunar vinnuhópsins var þó fyrst og fremst að teknar yrðu saman þær aðferðir sem notaðar eru í fjármálaráðuneytum Norðurlandanna við að meta áhrif skattabreytinga á vinnuaflsframboð ólíkra þjóðfélagshópa. Mikilvægi slíkra rannsókna mun aukast í náinni framtíð um leið og þjóðfélögin eldast og hlutfall þeirra sem eru á vinnualdri lækkar. Sú þróun er mikið áhyggjuefni á hinum Norðurlöndunum þar sem t.d. atvinnuþátttaka 55-64 ára er 22-35% minni en hér á landi og því mikilvægt að rannsaka hver áhrif skattabreytinga á vinnuaflsframboð þessa hóps og annarra geti verið.

Atvinnuþátttökuhlutfall einstaklinga á aldursbilinu 55-64 ára



Rannsóknir á vinnuaflsframboði eru mjög vandasamar. Þau skattalíkön sem þróuð hafa verið á Norðurlöndunum gefa mjög mismunandi teygnistuðla milli ólíkra hópa. Helstu niðurstöður eru þær að teygnin er minnst hjá körlum sem hæstu tekjurnar hafa, en mun meiri hjá þeim hópum sem eru að velta atvinnuþátttöku sinni fyrir sér eins og t.d. námsmönnum og þeim sem eru að komast á lífeyrisaldur. Einnig er nokkur teygni hjá hlutastarfandi konum.

Hlutfallsleg teygni er því nokkurn veginn í takt við það sem vænta mátti, en niðurstaða vinnuhópsins er sú að vinna þurfi að frekari þróun kvikra skattalíkana til að áætla megi betur áhrif af skattabreytingum. Ítarlegri umfjöllun og niðurstöður er að finna í skýrslunni sem er aðgengileg á vefslóð fjármálaráðuneytisins.

Gerð tvísköttunarsamninga

Fremur rólegt hefur verið á vettvangi tvísköttunarsamninga það sem af er þessu ári. Í lok júní gengu samninganefndir Íslands og Rúmeníu frá tvísköttunarsamningi milli ríkjanna. Samningurinn nær eingöngu til tekjuskatta. Helstu efnisatriði samningsins eru að afdráttarskattur af arði er 5% ef hann er greiddur til félags sem á a.m.k. 25% í félaginu en í öllum öðrum tilvikum er afdráttarskatturinn 10%. Afdráttarskattur af þóknunum sem greiddar eru vegna ýmissa höfundarverka o.fl. er 5%. Lífeyrisgreiðslur má eingöngu skattleggja í því ríki þar sem þær eru upprunnar.

Í byrjun septembermánaðar átti íslenska samninganefndin fyrsta fund sinn með samninganefnd Kýpur í Nikósíu, en Kýpur er síðasta ríkið sem Ísland gengur til samninga við af 25 aðildarríkjum ESB. Samningagerðin gekk vel og er stefnt að því að ljúka gerð tvísköttunarsamningsins við Kýpur hið fyrsta.

Tvísköttunarsamningurinn við Grikkland var undirritaður hér á landi í júlí sl. og ætti sá samningur því að öllu óbreyttu að gilda frá og með næstu áramótum. Sem stendur bíða 6 nýir samningar undirritunar eða við Austurríki, Króatíu, Mexíkó, Rúmeníu, Suður-Kóreu og Úkraínu. Endurskoðaður tvísköttunarsamningur við Þýskaland bíður jafnframt undirritunar.

Framundan er fundur með samninganefnd bandarískra stjórnvalda um endurskoðun á núgildandi tvísköttunarsamningi landanna, sem verið hefur í gildi frá ársbyrjun 1976. Vonir standa til að það náist að ljúka endurskoðun samningsins á þeim fundi, en sú vinna hefur staðið yfir í nær 6 ár.

Enn hefur ekki tekist að ljúka við gerð tvísköttunarsamnings við Slóveníu en fyrsti fundur samninganefndanna var í nóvember 2004. Sama er að segja um gerð tvísköttunarsamnings við Indland en fyrsti fundur samninganefndanna var í nóvember á síðasta ári. Auk þessa eru framundan viðræður við Búlgaríu um gerð tvísköttunarsamnings en ekki er búið að dagsetja fyrsta fund samninganefndanna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,7	21,6
Skattar á tekjur og hagnað	15,2	39,7
Eignarskattar	49,8	-29,5
Skattar á vöru og þjónustu	19,4	16,3
Tryggingagjöld	16,2	16,0
Tekjur alls	23,0	16,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	24,3	-18,2
Heilbrigðismál	11,4	6,1
Alm.trygg. & velferðarmál	1,1	-6,8
Efnahags- og atvinnumál	-1,6	-0,9
Menntamál	18,8	11,0
Gjöld alls	9,1	-1,5

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	4.596	36.500
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.802	34.116
Afborgun lána	-33.343	-35.088
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-19.790	-3.282
Lántökur	13.305	19.735
Greiðsluafkoma	-6.486	16.453

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (sept.)	4,8	7,6
Kjarnaverðbólga (sept.)	4,9	7,2
Launavísitala (júlí)	6,6	10,2
Heildarvelta (jan.-apríl)	5,8	11,9
Smás.velta (jan.-apríl)	3,9	6,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (ág.)	2,0	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

21. september 2006

Landsframleiðsla á mann

Landsframleiðsla á mann hefur vaxið um 50% að raunvirði á síðustu 25 árum. Á meðfylgjandi mynd má greina langtímavöxtinn yfir tilgreint tímabil. Á þessu tímabili er langtímaleitni 1,5% á ári.

Landsframleiðsla á mann - m.v. fast verðlag 1980=100



Hagsveiflur í íslensku efnahagslífi hafa verið meiri en í öðrum þróuðum ríkjum en rannsóknir hafa sýnt að smærri ríki hafa að meðaltali kröftugri hagsveiflur en hin stærri. Á árunum 1988-1995 var niðursveifla í íslensku efnahagslífi og dróst landsframleiðsla á mann saman um 5,6% að raunvirði. Þegar nýtt hagvaxtarskeið tók við hafði myndast töluverð umframframleiðslugeta í hagkerfinu og á árunum 1996-2001 óx landsframleiðsla á mann um 3,3% að raunvirði á milli ára. Sú niðursveifla sem á eftir fylgdi var skammvinn en hagvöxtur á mann fór undir langtímaleitni árið 2002. Íslenska hagkerfið gengur nú í gegnum uppsveiflutímabil sem að þessu sinni er drifið áfram af stóriðjuframkvæmdum og örum vexti einkaneyslu. Landsframleiðsla á mann hefur vaxið að raunvirði um 14% á síðustu fjórum árum og er komin nokkuð yfir mælda langtímaleitni.

Þrátt fyrir að hagvöxtur hafi verið sveiflukenndur stendur Ísland vel að vígi samanborið við aðrar þjóðir en samkvæmt mælingum OECD er Ísland með einna hæstu landsframleiðslu á mann eftir að búið er að leiðrétta fyrir mismunandi kaupmætti í löndunum. Árið 2004 mældist landsframleiðsla á mann á Íslandi $32.600 sem er nokkuð yfir óvegnu meðaltali allra OECD ríkja og var Ísland í sjötta sæti aðildarríkjanna.

Innleiðing á nýjum reglum ESB um opinber innkaup

Á vegum fjármálaráðuneytisins er gerð frumvarps til nýrra heildarlaga um opinber innkaup nú á lokastigum og ráðgert að frumvarpið verði lagt fram í byrjun komandi þings. Er frumvarpið til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (útboðstilskipunin) svo og tilskipun nr. 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (veitutilskipunin). Þessar tilskipanir voru teknar upp í XVI. viðauka EES-samningsins 2. júní 2006 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006.

Meðal efnislegra breytinga á reglum ESB um opinber innkaup sem leiða af tilskipun nr. 2004/18/EB eru þessar helstar: Settar hafa verið nýjar reglur um heimild til svokallaðra samkeppnisviðræðna þegar um er að ræða flókna samninga og reglur eru skýrari um leyfilegar forsendur fyrir vali tilboðs og tengsl þeirra við efni samnings. Kveðið er á um heimildir til notkunar rafrænna miðla við opinber innkaup og gagnvirk innkaupakerfi og heimilt verður að nota svokölluð rafræn uppboð við opinber innkaup. Reglur um viðmiðunarfjárhæðir eru einfaldaðar og allar fjárhæðir settar fram í evrum. Þá hafa ítarlegri reglur verið settar um framkvæmd samningskaupa og rammasamninga og reglur eru afdráttarlausari hvað varðar tilkynningar og rökstuðning.

Skýrari reglur hafa verið settar um val á þátttakendum í forvali sem og hvaða kröfur heimilt er að gera til þátttakenda í opinberum innkaupum. Reglur eru ennfremur afdráttarlausari hvað varðar heimild til að hafna óeðlilega lágum tilboðum vegna ólögmætra ríkisstyrkja. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að taka frá ákveðna samninga fyrir verndaða vinnustaði sem og að heimilt er nú að gera kröfur til þess að samningur sé framkvæmdur með ákveðnum hætti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar eða samfélagslegra sjónarmiða

Aðfluttir eru ekki allir eins

Í tölum Hagstofunnar um búferlaflutninga á fyrra helmingi ársins sem voru birtar á dögunum kemur fram mikill aðflutningur erlendis frá til Austurlands. Er það að vonum þar sem þar standa nú yfir miklar framkvæmdir sem mannaðar hafa verið af erlendum starfsmönnum sem að verulegu leyti búa í vinnubúðum eystra og eru skráðir til heimilis þar meðan á dvöl þeirra stendur. Hins vegar hefur mikill fjöldi fólks einnig flust til annarra landshluta frá útlöndum á árinu. Sumt af þessu fólki tengist umfangsmiklum framkvæmdum sem eru í gangi í tengslum við orku- og stóriðjuframkvæmdir á suðvesturhorninu en annað er hingað komið til að leysa af hendi margs konar störf í samfélaginu sem framboð vinnuafls innanlands hefur ekki getað annað.

Aðflutningurinn til Austurlands sker sig mjög úr flutningunum að öðru leyti. Þannig eru yfir 90% aðfluttra frá útlöndum þangað karlar. Til annarra hluta landsins var hlutfall karla 60% en kvenna 40%. Aldursskiptingin er einnig mjög frábrugðin eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan. Alls eru nær 3/4 aðfluttra á Austurlandi á aldrinum milli 30 og 54 ára og tíðasti aldurinn er 45-49 ára. Í öðrum landshlutum er tíðasti aldurinn 25-29 ára og sá næsttíðasti er 20-24 ára. Þetta bendir til þess að sá hópur fólks sem flutt hefur til annarra landshluta en Austurlands sé að uppistöðu til ungt fólk af báðum kynjum sem er hingað komið í þeim tilgangi að búa hér til frambúðar ef þeim líkar vel.

Aldursskipting aðfluttra janúar - júlí 2006



Reynsla undanfarinna ára bendir til þess að svo muni verða einkum þegar í hlut á fólk sem kemur frá nýju ESB-ríkjunum og Austurlöndum fjær. Aftur á móti má reikna með því að starfsmenn við framkvæmdirnar eystra muni að stærstum hluta halda á ný mið þegar verkefnunum hér lýkur.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,7	21,6
Skattar á tekjur og hagnað	15,2	39,7
Eignarskattar	49,8	-29,5
Skattar á vöru og þjónustu	19,4	16,3
Tryggingagjöld	16,2	16,0
Tekjur alls	23,0	16,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	24,3	-18,2
Heilbrigðismál	11,4	6,1
Alm.trygg. & velferðarmál	1,1	-6,8
Efnahags- og atvinnumál	-1,6	-0,9
Menntamál	18,8	11,0
Gjöld alls	9,1	-1,5

Afkoma ríkissjóðs janúar-júlí		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	4.596	36.500
Hreinn lánsfjárjöfnuður	15.802	34.116
Afborgun lána	-33.343	-35.088
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-19.790	-3.282
Lántökur	13.305	19.735
Greiðsluafkoma	-6.486	16.453

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (sept.)	4,8	7,6
Kjarnaverðbólga (sept.)	4,9	7,2
Launavísitala (júlí)	6,6	10,2
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smás.velta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (ág.)	2,0	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

28. september 2006

Framtíðartilhögun opinberrar skráningar og mats fasteigna

Landskrá fasteigna var sett á laggirnar í ársbyrjun 2001 og var með henni stigið mikilvægt skref í þá átt að sameina helstu opinberu skrár um fasteignir í landinu og mynda þar með samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir, þinglýsingar fasteigna og mat fasteigna, ásamt tengingu við húsa- og þjóðskrá Hagstofu Íslands. Tilgangurinn var að samræma verklag þeirra sem fengust við skráningu fasteigna og var samræming réttindaskráningar sýslumanna og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins talin mikilvægust. Á því var byggt við setningu laganna að myndun Landskrárinnar tæki um 4 ár og myndi að mestu koma í hlut eigenda fasteigna að greiða fyrir myndun hennar á þeim tíma, með sérstöku umsýslugjaldi, en eftir þann tíma myndu tekjustofnar vegna hennar verða skoðaðir upp á nýtt.

Í tengslum við heildarendurskoðun á fjármögnun Landskrár fasteigna hefur fjármálaráðuneytið ákveðið að einnig verði farið heildstætt yfir helstu kosti og galla núverandi tilhögunar í fasteignaskráningu og fasteignamati á vegum hins opinbera og lagt mat á það hvort ástæða sé til að breyta þeirri skipan sem verið hefur á ofangreindum málum. Í þessu sambandi má nefna að mikilvægi fasteignamats fyrir ríkið hefur breyst umtalsvert eftir að eignarskattar voru aflagðir og fasteignamat því ekki nema að litlu leyti stofn til skattheimtu ríkisins. Að sama skapi má segja að gildi fasteignamats og Landskrár fasteigna hafi aukist fyrir sveitarfélögin í landinu enda fasteignamat gjaldstofn vegna innheimtu fasteignaskatta auk þess sem þjónusta við sveitarfélög hefur verið efld á þann hátt að álagning umræddra gjalda fer nú fram í Landskránni.

Varðandi brunabótamat fasteigna er talin ástæða til að leita svara við þeirri grundvallarspurningu hvort nægileg rök standi til að halda í skyldutryggingu vegna bruna á fasteignum með hliðsjón af því að slík skylda virðist einsdæmi hérlendis og er t.a.m. ekki að finna meðal hinna Norðurlandaþjóðanna. Verði talið rétt að viðhalda slíkri vátryggingarskyldu er hins vegar eðlilegt að skoða hvort haga megi mati slíkra hagsmuna í viðskiptum aðila á markaði með öðrum og haganlegri hætti en með sérstakri aðkomu opinbers aðila.

Með hliðsjón af framangreindu hefur fjármálaráðuneytið ákveðið að setja á laggirnar sérstakan starfshóp ráðuneyta, sveitarfélaga og hagsmunaaðila til þess að fara yfir núverandi tilhögun þessara mála, leggja mat á það hvort ástæða sé til að breyta núverandi skipan og leggja fram tillögur að fjármögnun þess kerfis sem rétt þykir að viðhafa í framtíðinni.

Nýr tvísköttunarsamningur við Bandaríkin

Fyrr í þessari viku luku samninganefndir Íslands og Bandaríkjanna við gerð nýs tvísköttunarsamnings milli þjóðanna sem koma mun í staðinn fyrir eldri samning þeirra, en sá samningur er frá árinu 1975. Nýi samningurinn endurspeglar þær breytingar sem átt hafa sér stað í stefnu og áherslum beggja þjóða á sviði tvísköttunarmála sl. þrjá áratugi, eða frá því að eldri samningur var gerður.

Nokkrar meginbreytingar er að finna í nýja samningnum. Í fyrsta lagi verður að frumkvæði Íslands tekinn upp afdráttarskattur á tilteknar tegundir þóknana (royalties), sem ekki er að finna í eldri samningi. Þessi breyting er í takt við stefnu íslenskra stjórnvalda í tvísköttunarmálum sem verið hefur í gildi frá árinu 1999. Í öllum þeim tvísköttunarsamningum sem gerðir hafa verið fyrir Íslands hönd frá því ári er að finna afdráttarskatt á þóknanir. Í öðru lagi er að frumkvæði Bandaríkjanna gerð sú breyting að tekin eru upp sérstök takmarkandi ákvæði (Limitations on benefits) sem ætlað er að tryggja að einungis þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði þeirra ákvæða njóti ívilnana samningsins. Sambærileg ákvæði var ekki að finna í samningnum frá árinu 1975. Í þriðja lagi er breyting sem vert er að nefna, en hún er sú að í nýjum samningi eru tekin af öll tvímæli um að lífeyrissjóðir njóti ívilnana samningsins varðandi greiðslur frá Bandaríkjunum, en ákvæði eldri samnings varðandi lífeyrissjóði voru mjög óljós. Að lokum má benda á að í nýja samningnum er að finna sólarlagsákvæði gagnvart eldri samningi, eða í tólf mánuði frá gildistöku nýs samnings. Nýr samningur tekur gildi í upphafi næsta árs frá undirritun hans.

Framundan er undirbúningur að þýðingu og frekari frágangi nýja samningsins, en ekki liggur enn fyrir hvenær hann verður undirritaður. Á meðan er eldri samningur í fullu gildi.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – ágúst 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu átta mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 35,6 milljarða króna innan ársins, sem er 19,3 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 27 milljörðum hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækkuðu um 6 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 33,2 milljarða króna, en hann var jákvæður um 27,6 milljarða á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 246 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins. Það er 27 ma.kr. eða 12,2% meira en á sama tíma í fyrra. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 10,7%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um rúm 13% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,4% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 6,5%. Liðurinn 'aðrar tekjur' lækkaði um 21%, en það stafaði af því að arðgreiðslur frá Símanum voru ekki fyrir hendi í ár, þar eð hann er nú í einkaeigu, en í fyrra námu arðgreiðslur hans 6,3 ma.kr. meðan hann var einn í ríkiseigu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 79 ma.kr. og jukust um 18 ma.kr. frá síðasta ári, eða 30%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 12% og lögaðila um 70% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 45%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 15% milli ára, eða 6% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 6,4 ma.kr. sem er þriðjungi minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 5 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 20% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 117 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og jókst um 10,5% að nafnvirði frá fyrra ári eða 4% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 11% sem jafngildir tæplega 5% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánuða kemur fram að verulega hefur hægt á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Aðrir skattar en virðisaukaskattur nema um þriðjungi af veltusköttum í heild og sé horft á þróun þess hluta veltuskattanna kemur einnig fram hjöðnun raunvaxtar á þessu ári sem hefur snúist í samdrátt um þessar mundir. Stærsti einstaki liður þessara skatta eru vörugjöld af ökutækjum. Eftir mjög mikla aukningu þeirra á sl. ári hefur innheimta þeirra það sem af er þessu ári aðeins aukist óverulega umfram almennt verðlag.

Greidd gjöld nema 209,7 milljörðum króna og hækka um 5,9 milljarða milli ára, eða um 2,9%. Vaxtagreiðslur lækka hins vegar um 8,1 milljarð, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Að vaxtagreiðslum undanskildum hækka gjöldin um 14 milljarða eða 7,5%. Mest munar um 4 milljarða hækkun til heilbrigðismála og 2,9 milljarða til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 2,5 milljarða og til almennrar opinberrar þjónustu um 1,9 milljarða. Greiðslur til löggæslu hækka um 1 milljarð, en greiðslur til atvinnumála hækka mun minna, eða um 0,5 milljarða milli ára. Heilbrigðismál og almannatryggingar vega samtals um helming af heildargreiðslum ríkisjóðs.

Lántökur ársins nema 25,2 milljörðum króna en afborganir lána 32,6 milljörðum. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri. Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóð nam um 1 milljarð króna á árinu og 2,6 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,5	14,9
Skattar á tekjur og hagnað	15,7	29,7
Eignarskattar	50,3	-33,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,6	10,5
Tryggingagjöld	16,6	15,5
Tekjur alls	21,1	12,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	22,1	-15,7
Heilbrigðismál	7,9	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	5,2
Efnahags- og atvinnumál	-4,0	1,9
Menntamál	15,0	14,4
Gjöld alls	7,6	2,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	16.298	35.558
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.558	33.219
Afborgun lána	-33.363	-32.592
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-8.406	-2.013
Lántökur	15.832	25.247
Greiðsluafkoma	7.426	23.234

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (sept.)	4,8	7,6
Kjarnaverðbólga (sept.)	4,9	7,2
Launavísitala (ágúst)	6,7	10,6
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smás.velta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (ág.)	2,0	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

5. október 2006

Innflutningur í september

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu reyndist vöruskiptahalli vera 7,7 milljarðar í september. Vöruskiptahallinn hefur því dregist saman tvo mánuði í röð. Stöðug aukning álútflutnings og hægari aukning innflutnings, sérstaklega á fjárfestingarvörum á mestan þátt í minnkandi halla. Flutt var út fyrir 22,3 milljarða en innflutningur var 30 milljarða króna virði. Ef bráðabirgðatölurnar, sem byggðar eru á upplýsingum um innheimtu virðisaukaskatts, eru skoðaðar nánar sést að verulega hefur hægt á aukningu innflutnings milli ára og hefur staðvirtur þriggja mánaða innflutningur aukist um 3% frá fyrra ári miðað við um 40% aukningu í sama mánuði árið 2005. Engu að síður er innflutningur í september tæpum tveimur milljörðum meiri en í ágúst. Aukningin skýrist að langmestu leyti af innflutningi eldsneytis en sá liður er afar óreglulegur milli mánaða. Innflutningur fjárfestingarvara heldur áfram að dragast saman þriðja mánuðinn í röð og lækkar innflutningsvirði hrá- og rekstrarvara einnig umtalsvert frá fyrri mánuði. Innflutningur á varanlegum neysluvörum (t.d. heimilistækjum) minnkar milli mánaða en innflutningur á fólksbílum er á svipuðu róli og í ágúst.

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Fyrr í þessari viku kom út ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Ekki hafa orðið stórvægilegar breytingar frá síðustu spá sem kom út í júní síðastliðnum. Helstu niðurstöður eru:

Bráðabirgðatölur benda til að landsframleiðslan hafi aukist umtalsvert undanfarin ár, eða 7,7% árið 2004 og 7,5% árið 2005, vegna ört vaxandi þjóðarútgjalda. Atvinnuvegafjárfesting var fyrirferðamikil en einnig jukust umsvif á fasteignamarkaði og vöxtur einkaneyslu umtalsvert. Kröftugan vöxt innlendrar eftirspurnar undanfarin ár má að hluta rekja til nýjunga á fjármálamarkaði sem voru að miklu leyti ófyrirséðar.

Þótt breytingarnar séu eflaust til góðs fyrir hagkerfið til lengri tíma litið juku þær ójafnvægi í þjóðarbúskapnum tímabundið þrátt fyrir vaxandi aðhald í hagstjórn. Ókyrrð á fjármálamarkaði snemma árs leiddi til lækkunar á gengi krónunnar og verði hlutabréfa. Merki eru um að nú sé tekið að draga úr umsvifum á fasteignamarkaði og vexti einkaneyslu. Gert er ráð fyrir að hægja muni á hagvexti og hann verði 4,2% árið 2006. Spáð er miklum samdrætti í fjárfestingu þegar yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum lýkur að mestu árið 2007, en minni samdrætti í einkaneyslu.

Kröftugur viðsnúningur í utanríkisviðskiptum vegna aukins útflutnings á áli og samdráttar í innflutningi knýr hins vegar hagvöxtinn á næstu árum, sem er spáð að verði 1,0% árið 2007 og 2,6% árið 2008. Viðskiptahallinn nam 16,1% af landsframleiðslu árið 2005 en áætlað er að hann aukist í ár og verði 18,7%. Spáð er að viðskiptahallinn dragist hratt saman og verði 10,7% af landsframleiðslu árið 2007 og 3,8% árið 2008. Lækkun á gengi krónunnar flýtir fyrir ytri aðlögun þjóðarbúsins. Atvinnuleysi hefur minnkað ört og er áætlað að það verði 1,3% af vinnuafli í ár en aukist í 2,1% árið 2007 þegar dregur saman í efnahagslífinu. Vegna endurskoðunar þjóðhagsreikninga til hækkunar er framleiðsluspenna árin 2005 og 2006 nú talin hafa verið meiri en áður var reiknað með. Búist er við að spennan muni minnka hratt á komandi misserum.

Verðbólga var 4% árið 2005 vegna mikillar hækkunar fasteignaverðs það ár. Lækkun á gengi krónunnar hefur áhrif til að verðbólgan verður 7,3% í ár. Spáð er að verðbólga verði komin á verðbólgumarkmið á seinni hluta 2007, en verði 4,5% fyrir árið í heild og 2,5% árið 2008. Helstu óvissuþættir í þjóðhagsspánni varða gengi krónunnar, frekari stóriðjuframkvæmdir og aðstæður í alþjóðlegu efnahagslífi.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd hlutdeild þjóðarútgjalda (innlend eftirspurn) og jöfnuðar utanríkisviðskipta með vörur og þjónustu í hagvexti fram til ársins 2008. Glögglega kemur fram að hlutdeild þjóðarútgjalda er meiri en utanríkisviðskipta á árunum 2003-2006. Dæmið snýst hins vegar við á árunum 2007 og 2008 þegar hagvöxturinn er borinn uppi af utanríkisviðskiptum.

Hlutdeild í hagvexti 2003-2008



Sveiflujöfnunaráhrif í alþjóðlegum samanburði

Tekjuafgangur ríkissjóðs nam 5,6% af landsframleiðslu árið 2005 og er áætlað að hann verði 4,0% af landsframleiðslu í ár. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að afgangurinn verði 1,5% af landsframleiðslu árið 2007. Með hliðsjón af góðri kerfislægri afkomu og litlum skuldum er ljóst að efnahagur ríkissjóðs er mjög sterkur í alþjóðlegum samanburði. Þessi góða afkoma rímar jafnframt vel við æskileg sveiflujafnandi áhrif ríkissjóðs í uppsveiflu.

Vísbendingu um það má finna með því að horfa annars vegar til sveifluleiðrétts frumhalla hins opinbera og hins vegar til framleiðsluspennu hagkerfisins. Samtímafylgni þessara tveggja hagstærða er áhugaverður stiki sem gefur vísbendingu um aðhald fjármálastjórnar á hverjum tíma. Þetta hefur verið rannsakað fyrir ríkin innan OECD.

Ef horft er til síðastliðins áratugar kemur í ljós að allt að átta ríki hafa beitt marktækt sveiflujafnandi fjármálastjórn. Þrjú af þeim, Noregur, Nýja-Sjáland og Ísland, glímdu að jafnaði við framleiðsluspennu yfir þann tíma. Hin fimm ríkin, Japan, Sviss, Finnland, Bandaríkin og Lúxemborg höfðu að jafnaði framleiðsluslaka. Ísland er því hér í hópi þeirra ríkja sem hafa beitt hvað mest sveiflujafnandi fjármálastjórn gegn hagsveiflunni undanfarinn áratug. Aðeins Norðmenn höfðu aðhaldssamari fjármálastjórn í sinni uppsveiflu samkvæmt þessu. Japan hefur beitt fjármálastjórn mest gegn hagsveiflunni með mikilli skuldasöfnun en þá til að örva japanska hagkerfið upp úr framleiðsluslaka og niðursveiflu. Þetta er því skýr vísbending um að tilhneiging fjármálastjórnar hérlendis sé í þá átt að vera meira sveiflujafnandi en fjármálastjórn flestra annarra ríkja innan OECD.

Sveiflujöfnun fjármálastjórnar OECD-ríkja



Heimildir: OECD og fjármálaráðuneytið.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,5	14,9
Skattar á tekjur og hagnað	15,7	29,7
Eignarskattar	50,3	-33,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,6	10,5
Tryggingagjöld	16,6	15,5
Tekjur alls	21,1	12,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	22,1	-15,7
Heilbrigðismál	7,9	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	5,2
Efnahags- og atvinnumál	-4,0	1,9
Menntamál	15,0	14,4
Gjöld alls	7,6	2,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	16.298	35.558
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.558	33.219
Afborgun lána	-33.363	-32.592
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-8.406	-2.013
Lántökur	15.832	25.247
Greiðsluafkoma	7.426	23.234

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (sept.)	4,8	7,6
Kjarnaverðbólga (sept.)	4,9	7,2
Launavísitala (ágúst)	6,7	10,6
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smás.velta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (ág.)	2,0	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

12. október 2006

Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Niðurstöður nýrrar könnunar Capacent Gallup um stöðu og framtíðarhorfur stærstu fyrirtækja á Íslandi liggja nú fyrir. Stuðst er við heildarlaunagreiðslur þegar stærstu fyrirtækin eru valin. Könnunin, sem er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Capacent Gallup, var framkvæmd á tímabilinu 5. til 27. september og var svarhlutfall tæp 65%. Alls tóku 258 fyrirtæki þátt í könnuninni en 399 fyrirtæki voru í úrtakinu.

Forráðamenn fyrirtækjanna telja aðstæður í efnahagslífinu almennt góðar og að aðstæður hafi batnað á undanförnum mánuðum. Vísitala efnahagslífsins, þ.e. hlutfall þeirra sem telja aðstæður góðar er nú um 173 stig. Í könnun í maí 2006 var vísitalan 162 stig, sem var nokkur lækkun frá í febrúar 2006 þegar hún var 175 stig. Neikvæð áhrif óróans á fjármálamarkaði á væntingar fyrirtækja virðast því að mestu afstaðin. Forsvarsmenn fyrirtækja á landsbyggðinni telja aðstæður þar hafa batnað en mat á stöðu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu hefur versnað lítillega þótt enn sé ástandið talið betra þar en á landsbyggðinni. Vísitala efnahagslífsins á landsbyggðinni mælist nú 167 stig en var 148 stig í febrúar síðastliðnum. Til samanburðar er vísitala efnahagslífsins á höfuðborgarsvæðinu nú 175 stig en var í febrúar 185 stig.

Vísitala efnahagslífsins



Almennt virðist bjartsýnin vera að aukast hjá forráðamönnum fyrirtækjanna um horfur í efnahagslífinu. Vísitala efnahagslífsins fyrir sex mánuði mælist nú um 112 stig en var 86 stig í febrúar. Vísitala efnahagslífsins fyrir 12 mánuði mælist nú um 128 stig en var í febrúar aðeins 71 stig. Forráðamenn fyrirtækja eru því ekki jafn svartsýnir að jafnaði um horfur og þeir voru í fyrri mælingum. Ef borin eru saman viðhorf forráðamanna fyrirtækja í mismunandi starfsemi gætir mestrar bjartsýni hjá fyrirtækjum í verslun, samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu og fjármála- og tryggingastarfsemi. Heldur fleiri eru svartsýnir en bjartsýnir til næstu 12 mánaða í byggingar- og veitustarfsemi.

Útgjöld til heilbrigðismála

Samkvæmt nýlegum tölum OECD eru opinber útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu hæst á Íslandi af OECD-ríkjum. Er hlutfallið á Íslandi 8,8% en meðaltal OECD er 6,4%. Hlutdeild hins opinbera í heildarútgjöldum til heilbrigðismála á Íslandi nemur 83,5%. Hún er umtalsvert minni að meðaltali í OECD-ríkjum eða um 73%. Myndin hér að neðan sýnir fimmtán af þeim OECD-löndum sem eru með hæst hlutfall opinberra heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála á hvern íbúa á Íslandi nema 3.159 í Bandaríkjadölum sem jafngildir um 220 þús. íslenskum krónum. Ísland er með fimmtu hæstu útgjöldin á mann af öllum OECD-ríkjunum en Bandaríkin eru þar efst á blaði.

Opinber útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu



Innflutningur vinnuafls slær öll met

Vinnumálastofnun birti í gær skýrslu um atvinnuástand í september. Atvinnuleysishlutfall mælist nú 1,0% og hefur ekki mælst svo lágt síðan í september 2001. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi reiknast nú 1,2% og hefur lækkað um 0,1% frá fyrra mánuði. Í september hafði atvinnuleysi dregist meira saman á höfuðborgarsvæði en á landsbyggð frá sama mánuði fyrir einu ári. Þá hafði atvinnulausum konum fækkað meira en körlum.

Það sem öðru fremur einkennir vinnumarkaðinn nú er látlaus innflutningur erlends vinnuafls og hefur hann aldrei mælst jafn mikill í einum mánuði og í september, eða tæplega eitt þúsund manns. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa um 4.400 nýir erlendir starfsmenn verið skráðir á íslenskum vinnumarkaði. Til samanburðar voru 3.900 erlendir starfsmenn skráðir allt árið 2005. Áður höfðu flestir verið skráðir árið 2000, eða um 2.300. Að einhverju leyti skýrist aukningin í ár af nýskráningu aðila sem voru áður komnir, en atvinnurekendur og stjórnkerfi hafa verið að aðlaga sig nýjum reglum um skráningu starfsfólks með erlent ríkisfang sem tóku gildi 1. maí sl.

Frá því nýjar reglur um aðgang fólks frá nýjum aðildarríkjum ESB í Austur-Evrópu (nefnd 8-ESB ríki) tóku gildi 1. maí hefur dregið mjög úr veitingu atvinnuleyfa. Í staðinn hefur fjölgað skráningum manna frá Austur-Evrópu.

Þá má geta þess að þar sem aðflutningur vinnuafls hefur verið meiri en reiknað var með er atvinnuleysishlutfall lægra en það mælist hjá Vinnumálastofnun. Af þessum sökum er viðbúið að komi til endurskoðunar á stærð vinnuaflsins til hækkunar, sem að öðru jöfnu mun leiða til lækkunar atvinnuleysishlutfallsins.

Nýir erlendir starfsmenn



Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,5	14,9
Skattar á tekjur og hagnað	15,7	29,7
Eignarskattar	50,3	-33,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,6	10,5
Tryggingagjöld	16,6	15,5
Tekjur alls	21,1	12,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	22,1	-15,7
Heilbrigðismál	7,9	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	5,2
Efnahags- og atvinnumál	-4,0	1,9
Menntamál	15,0	14,4
Gjöld alls	7,6	2,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	16.298	35.558
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.558	33.219
Afborgun lána	-33.363	-32.592
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-8.406	-2.013
Lántökur	15.832	25.247
Greiðsluafkoma	7.426	23.234

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (október)	4,6	7,2
Kjarnaverðbólga (október)	4,8	7,1
Launavísitala (ágúst)	6,7	10,6
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smás.velta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,7	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Lækniskostnaður sjúkratrygginga

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna heilbrigðisþjónustu sem einstaklingar leita eftir hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem vinna samkvæmt samningi nam rúmlega 3.600 m.kr. á árinu 2005 og hefur aukist um 910 m.kr. frá árinu 1998 á föstu verði miðað við almennan þjónustulið neysluverðsvísitölu. Þetta svarar til tæprar 5% meðalaukningar á ári yfir tímabilið í heild en á sama tíma hefur árleg meðalfjölgun landsmanna numið um 1,2%. Árleg meðalaukning miðað við fast verð var mun meiri fyrri hluta tímabilsins, frá 1998 til 2001, eða um 8% en um 1,8% á árunum 2002 til 2005.

Um 60% af greiðsluþátttöku sjúkratryggingar eru greiðslur til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem í stórum dráttum fá greitt fyrir einstök læknisverk sem metin eru til eininga en árið 2005 var einingarverð 214 kr. Það ár voru um 2,2 milljarðar króna greiddar fyrir læknisverk sem unnin voru á starfsstofum sjálfstætt starfandi sérgreinalækna. Á bak við þá fjárhæð eru rúmlega 13 milljón læknireiningar og rúmlega 384 þúsund komur til læknis. Hver koma er því að meðaltali 34 einingar og kostar 7.276 kr. en þar af greiðir sjúklingur nálægt 30% eða 2.180 kr.

Lækniskostnaður sjúkratrygginga árin 1998 til 2005 á verðlagi 2006



Aðrar greiðslur sjúkratrygginga vegna lækniskostnaðar eru vegna þjónustu sjálfstætt starfandi heimilislækna og sérstakra vottorða og nema greiðslur til þeirra tæpum 10% af heild. Þá nema kaup á myndgreiningum hjá fyrirtækjum á því sviði svo og kaup á ýmis konar rannsóknarvinnu á rannsóknarstofum tæpum 30% af heild.

Erlendir ríkisborgarar hafa fyllt þriðjung nýrra starfa

Í nýútkomnum Þjóðarbúskap – haustskýrslu 2006 er fjallað um þátt erlendra ríkisborgara í atvinnulífinu. Þar kemur m.a. fram að hlutur erlendra ríkisborgara í fjölda starfandi hefur vaxið á undanförnum árum úr 2,3% árið 1998 í 5,5% árið 2005. Jafnframt hefur þeim fjölgað úr 3.400 fyrra árið í yfir 9.000 síðasta ár. Allan þennan tíma hefur megináhrifavaldur aðflutningsins verið eftirspurn íslenskra atvinnurekenda eftir vinnuafli og því hefur atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara á starfsaldri verið há.

Í síðustu uppsveiflu í efnahagslífinu urðu til um 11.000 ný störf og fylltu erlendir ríkisborgarar um fjórðung þeirra. Á yfirstandandi hagvaxtarskeiði hafa nú þegar orðið til um 9.000 störf og erlendir ríkisborgarar hafa tekið að sér tæplega þriðjung þeirra.

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað í öllum atvinnugreinum. Mest hefur fjölgunin verið í mannvirkjagerð, eða yfir 40% af fjölda nýrra starfa. Hlutfall erlendra starfsmanna er litlu lægra í vexti starfa í hótel- og veitingaþjónustu. Í fiskveiðum, fiskvinnslu og öðrum iðnaði hefur starfsmönnum fækkað samtals um tæplega 6.000 á tímabilinu. Þrátt fyrir það fjölgaði erlendum starfsmönnum í þessum greinum um rúmlega 1.000. Það vekur athygli að erlendum starfsmönnum í fjármálaþjónustu fjölgaði nær ekkert og fóru þeir einungis í 1% af nýjum störfum í þeirri grein. Erlendum starfsmönnum hefur heldur ekki fjölgað mikið í fræðslustarfsemi. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu, þar sem störfum hefur fjölgað um 5.000, var tíundi hver nýr starfsmaður erlendur. Afleiðing þessarar þróunar er að hlutur erlendra ríkisborgara er misjafnlega mikill í atvinnugreinunum eins og sjá má á myndinni. Hann er hæstur í fiskvinnslu en lægstur í fjármálaþjónustu.

Hlutdeild erlendra ríkisborgara eftir atvinnugreinum



Sveiflur í fjármunamyndun

Mikill vöxtur hefur verið í fjárfestingu hér á landi á undanförnum árum. Stóran hluta vaxtarins má skýra með aukinni atvinnuvegafjárfestingu, hvort heldur sem er í stóriðju, orkuverum eða öðrum atvinnugreinum. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur einnig aukist mikið hin síðari ár en dregið úr fjárfestingu hins opinbera. Raunvöxtur fjárfestingar hefur verið nokkuð sveiflukenndur í gegnum tíðina. Á síðustu fimmtán árum hafa sveiflur í fjármunamyndun mældar sem staðalfrávik magnbreytinga milli ára verið allt að fimmfalt meiri en sveiflur í landsframleiðslu. Víða erlendis er algengt að hlutfall fjármunamyndunar sé á bilinu 16%-23% af landsframleiðslu en hér á landi hefur meðaltalið verið um 20% undanfarin 15 ár. Sveiflur í fjármunamyndun virðast þó vera meiri hérlendis en í öðrum OECD-ríkjum og helst það í hendur við hagsveifluna.

Breytileiki í fjárfestingu 1992-2004



Myndin sýnir samband milli breytileika í fjárfestingu sem hlutfalls af landsframleiðslu annars vegar og stærðar lands hins vegar, þar sem stærð lands er metin sem lógaritmi af vergri landsframleiðslu árið 2004 þar sem leiðrétt er fyrir mismun í kaupmætti. Mælingin sýnir að smærri lönd hafa tilhneigingu til að vera með meiri sveiflur í fjármunamyndun en þau stærri. Eins og sjá má er Ísland smæsta landið í úrtakinu og með mestar sveiflur í fjárfestingu á tímabilinu. Jafnvel að teknu tilliti til stærðar er Íslandi í hópi þeirra OECD-ríkja með mestar sveiflur í fjármunamyndun.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,5	14,9
Skattar á tekjur og hagnað	15,7	29,7
Eignarskattar	50,3	-33,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,6	10,5
Tryggingagjöld	16,6	15,5
Tekjur alls	21,1	12,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	22,1	-15,7
Heilbrigðismál	7,9	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	5,2
Efnahags- og atvinnumál	-4,0	1,9
Menntamál	15,0	14,4
Gjöld alls	7,6	2,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	16.298	35.558
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.558	33.219
Afborgun lána	-33.363	-32.592
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-8.406	-2.013
Lántökur	15.832	25.247
Greiðsluafkoma	7.426	23.234

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (sept.)	4,8	7,6
Kjarnaverðbólga (sept.)	4,9	7,2
Launavísitala (ágúst)	6,7	10,6
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smás.velta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (ág.)	2,0	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

26. október 2006

Inneign ríkisins í Seðlabanka Íslands

Í nýlegu vefriti fjármálaráðuneytisins var fjallað um sveiflujöfnun opinberra fjármála á Íslandi. Þar kom fram að aðhaldsstigið á Íslandi var með mesta móti í OECD-ríkjunum undanfarin ár vegna góðs árangurs í fjármálastjórn ríkissjóðs. Í þessu samhengi er vert að minna á að mikill tekjuafgangur ríkissjóðs og tekjur af einkavæðingu hafa verið nýttar til að greiða niður skuldir eða breyta eignastöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum. Með því er fjármunum haldið utan við hagkerfið til að fyrirbyggja aukna þenslu. Í þessari grein er fjallað nánar um þróun inneignar ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Fram undir árið 1997 var staða ríkissjóðs gagnvart bankanum yfirleitt neikvæð sem nam um 5–10 milljörðum króna. Eftir að tekist hafði að stöðva langvarandi hallarekstur ríkisins tóku innlán ríkissjóðs í bankanum að aukast og voru komin í um 30 milljarða á árinu 2001 þegar síðasta hagsveifla náði hámarki. Árin þar á eftir hægði á hagvextinum og innlánsstaðan lækkaði í um 20 milljarða. Hagvöxtur varð mjög kröftugur að nýju árið 2004 og var þá ákveðið að auka verulega við þá fjármuni sem ríkið leggur til hliðar með þessum hætti.

Inneign ríkisins í Seðlabanka Íslands 1997–2006



Í ágúst sl. var inneign ríkissjóðs í Seðlabankanum orðin um 105 milljarðar króna eða sem svarar til nálægt 10% af landsframleiðslunni. Óhætt er að fullyrða að ríkið hafi aldrei áður átt viðlíka sjóð í bankanum. Um einn þriðji hluti inneignarinnar er upprunninn í vel heppnaðri sölu á Landssímanum til einkaaðila á árinu 2005 fyrir um 67 milljarða króna. Ákveðið var að binda 32 milljarða króna af söluandvirði fyrirtækisins í skuldabréfum til nokkurra ára í Seðlabankanum en afgangurinn var að mestu notaður til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins og lækka þar með vaxtabyrðina. Um tveir þriðju hlutar af núverandi inneign, tæpir 73 milljarðar króna, eiga rætur að rekja til tekjuafgangs ríkissjóðs sem myndast hefur bæði með innbyggðri sveiflujöfnun og aðhaldssemi í ríkisfjármálunum, sérstaklega á síðasta ári og þessu ári þegar þjóðarskútan hefur verið á mikilli siglingu yfir kúfinn á hagsveiflunni. Þá liggur fyrir í langtímaáætlun í ríkisfjármálum og lögum sem sett voru á sl. haustþingi að hluta af þessum fjármunum verður ráðstafað til að vega á móti samdrætti í fjárfestingu orkufyrirtækja og einkafyrirtækja á árunum 2007 til 2010 með því að auka verulega fjárfestingu ríkisins, einkum í samgöngumálum og heilbrigðiskerfinu. Sá hluti nemur um 32 milljörðum króna eða sem svarar til skuldabréfanna sem gefin voru út á móti hluta af söluandvirði Landssímans.

Sá varasjóður sem hér um ræðir mun, ef á þarf að halda, veita stjórnvöldum meira svigrúm til að mæta samdrætti í tekjum í kjölfar lækkunar á sköttum á matvæli eða jafnvel tímabundnum áhrifum á ríkisútgjöldin ef hagvöxtur reynist verða minni á næstu árum en nú er spáð. Sveiflujafnandi beiting ríkisfjármálanna endurspeglast þannig að miklu leyti í stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann. Athyglisvert er að á sama tíma og þessi mikla inneign hefur verið mynduð hafa skattar verið lækkaðir, skuldir ríkisins greiddar upp í miklum mæli og LSR lagðir til umtalsverðir fjármunir.

Útgjöld til lífeyristrygginga

Í frumvarpi til fjárlaga 2007 er ráðgert að útgjöld til lífeyristrygginga Tryggingastofnunar verði um 44 milljarðar króna og er þá heimilisuppbót meðtalin. Á árunum 1998 til 2007 hafa útgjöld til lífeyristrygginga aukist um 84% að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Skýringarnar á útgjaldaaukningunni á tímabilinu eru mikil fjölgun örorkulífeyrisþega og ýmsar sérstakar hækkanir á lífeyrisgreiðslum. Áætlað er að örorkulífeyrisþegum muni fjölga um 77% á milli áranna 1998 og 2007 eða um rúmlega 6.000 manns. Áætlað er að ellilífeyrisþegum fjölgi um 12% á sama tímabili en á sama tíma munu lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega hækka um samtals 56% að teknu tilliti til verðlags.

Útgjöld til lífeyristrygginga 1998–2007



Langtímaáætlun ríkissjóðs 2007–2010

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007 var kynnt langtímaáætlun ríkissjóðs 2007–2010. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum hefur í vaxandi mæli horft til lengri tíma en eins árs í senn til að styrkja trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu. Sérstaklega er kveðið á um stefnumörkun af þessu tagi í lögum um fjárreiður ríkisins sem tóku gildi 1997 en þar segir í 28. grein:

„Langtímaáætlun. Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlun endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar."

Haustið 2003 samþykkti ríkisstjórnin í fyrsta sinn stefnumörkun í ríkisfjármálum til fjögurra ára, fyrir fjárlagaárið 2004 og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðist hún á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003. Langtímaáætlunin hefur síðan verið uppfærð árlega.

Meðfylgjandi tafla sýnir helstu þætti ríkisfjármála árin 2007–2010. Rétt er að hafa í huga að hér er lögð fram spá þar sem gengið er út frá fjölmörgum óvissum forsendum, bæði um innlenda og erlenda þætti.

Helstu þættir ríkisfjármála (% af landsframleiðslu)

	2007	2008	2009	2010
Heildartekjur	31,7	30,1	29,8	29,6
Heildargjöld	30,4	30,5	30,0	29,5
Tekjuafkoma ríkissjóðs	1,3	-0,4	-0,3	0,1

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,5	14,9
Skattar á tekjur og hagnað	15,7	29,7
Eignarskattar	50,3	-33,3
Skattar á vöru og þjónustu	18,6	10,5
Tryggingagjöld	16,6	15,5
Tekjur alls	21,1	12,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	22,1	-15,7
Heilbrigðismál	7,9	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	5,2
Efnahags- og atvinnumál	-4,0	1,9
Menntamál	15,0	14,4
Gjöld alls	7,6	2,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-ágúst

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	16.298	35.558
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.558	33.219
Afborgun lána	-33.363	-32.592
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-8.406	-2.013
Lántökur	15.832	25.247
Greiðsluafkoma	7.426	23.234

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (okt.)	4,6	7,2
Kjarnaverðbólga (okt.)	4,8	7,1
Launavísitala (sept.)	6,9	10,8
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smásöluvelta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,7	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

2. nóvember 2006

Lækkandi skuldabyrði ríkissjóðs

Eins og fram kemur í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár standa ríkisfjármálin á mjög traustum grunni hér á landi. Staða ríkissjóðs hefur verið að styrkjast jafnt og þétt á undanförnum árum meðal annars vegna þess að ríkisreksturinn og einkavæðing hafa skilað drjúgum lánsfjárafgangi sem varið hefur verið að stórum hluta til að greiða niður skuldir ríkisins frá fyrri tíð. Þannig hafa heildarskuldir ríkissjóðs lækkað úr 46% af landsframleiðslu árið 1997 niður í um 17% á þessu ári. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að talsverður hluti af lánum sem tekin eru af hálfu ríkissjóðs er ætlaður til endurlána til Lánasjóðs námsmanna og fleiri aðila og aukast því samtímis kröfur ríkissjóðs á þá aðila. Auk þess á ríkissjóður útistandandi verulegar skammtímakröfur í lok hvers árs, einkum vegna skatttekna ársins sem innheimtar eru árið eftir. Með því að draga slíkar lánveitingar og kröfur frá heildarlántökunum fást hreinar lántökur sem gefa betri mynd af eiginlegri skuldabyrði ríkissjóðs og hvernig hún hefur þróast. Á þennan mælikvarða var skuldabyrðin um 33% af landsframleiðslu árið 1997 en lækkar samkvæmt áætlun niður í um 4% í lok þessa árs. Þá hefur stíft aðhald með ríkisfjármálunum að undanförnu skilað verulegum tekjuafgangi sem hefur gert ríkissjóði kleift að safna upp inneignum í Seðlabankanum þannig að þær eru nú orðnar yfir 100 milljarðar króna samtals. Þegar tekið er tillit til þessara inneigna með því að draga þær frá hreinum lántökum fæst svokölluð hrein staða ríkissjóðs. Sú staða var áþekk hreinum lántökum árið 1997, eða um 32% af landsframleiðslu, en ef fram fer sem horfir verður hreina staðan ekki aðeins komin í núllpunktinn í lok þessa árs heldur upp fyrir hann og orðin jákvæð um 2% af landsframleiðslu.

Hrein staða ríkisins 1997-2007



Í samanburði við önnur ríki í OECD er Ísland komið í sérflokk hvað varðar skuldabyrðina. Áætlað er að hreinar lántökur hins opinbera að meðtöldum sveitarfélögum verði um 47% af landsframleiðslu hjá OECD-ríkjunum að meðaltali á árinu 2006 en um 9% á Íslandi.

Tekjuskattur lögaðila hækkar enn

Álagður tekjuskattur lögaðila á tekjuárinu 2005 nemur 34,7 milljörðum. Hann hefur hækkað frá fyrra ári um nær 11 milljarða eða 46%. Fjöldi gjaldenda tekjuskatts er nær 15.000 og hefur þeim fjölgað frá fyrra ári um 11%. Tekjuskattur lögaðila hefur hækkað nær stöðugt frá því skatthlutfall var lækkað í 18% tekjuárið 2002. Bankarnir greiða langhæstan tekjuskatt en engu að síður er hann mun lægri en sem svarar þeim tölum sem birtar eru í ársreikningum þeirra. Það stafar að langmestu leyti af því að samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum ber fyrirtækjum að skrá eignir sínar á gangvirði og mismunur á því og kaupverði getur myndað framtíðarskuldbindingu um skattgreiðslu sem fer eftir endanlegum hagnaði þegar eignin er seld. Enda þótt bankarnir séu með starfsemi í mörgum löndum greiða þeir mestan hluta af tekjuskatti sínum hérlendis.

Hægt er að skipta skattgreiðendum í hópi lögaðila upp í þrjá flokka sem hver um sig greiðir um þriðjung af álögðum tekjuskatti. Í hópunum eru hins vegar mjög mismunandi mörg fyrirtæki. Rúmlega 14.000 lögaðilar greiða innan við 5 m.kr. hver en samtals ríflega 10 milljarða. Fyrirtæki sem greiða frá 5 milljónum og allt að einum milljarði eru um 670 og þau greiða samtals 13 milljarða. Í síðasta hópnum eru 3 bankar sem greiða samtals rúmlega 11 milljarða í tekjuskatt. Tíu stærstu skattgreiðendurnir greiða 40% af öllum tekjuskatti lögaðila og helmingur hans er greiddur af 70 aðilum. Þess ber að geta að samkvæmt skrám ríkisskattstjóra greiða rúmlega 12.000 skattskyldir lögaðilar engan tekjuskatt.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – september 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 43,9 milljarða króna innan ársins, sem er 29,3 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 28,6 milljörðum hærri en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sölunnar á Landssímanum hf., á meðan gjöldin stóðu í stað milli ára. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 41,6 milljarða króna, en hann var jákvæður um 59,7 milljarða á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 277 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Sé litið fram hjá sölu Landssímans í fyrra jukust tekjur á milli ára um 11,5% og 10,2% ef einnig er leiðrétt fyrir tilfærslu á innheimtum tekjuskatti lögaðila um sl. áramót. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 12,4% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,5% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 5,6%.

Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam rúmum 88 ma.kr. og jókst um rúma 14 ma.kr. frá síðasta ári, eða 15,2%. Tekjuskattur einstaklinga jókst um 12,1% og lögaðila um 69,6% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu). Innheimtur fjármagnstekjuskattur lækkaði um 2,4% milli ára, en fjármagnstekjuskattur vegna sölu Landssímans myndaði 5,6 ma.kr. tekjur fyrir ríkissjóð í september í fyrra, sem skekkir samanburðinn. Sé litið fram hjá þeim lið jókst fjármagnstekjuskattur á tímabilinu um 46% milli ára. Innheimt tryggingagjöld jukust um 16% milli ára, eða rúm 6% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 6,9 ma.kr. sem er 36,6% minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 5,4 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 22% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingum lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 132 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst um 14,1% að nafnvirði frá fyrra ári eða 7,1% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 16,3% sem jafngildir 9,2% raunaukningu. Vegna lagabreytingar í upphafi ársins sem fól í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé horft á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánaða kemur fram að raunvöxtur tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu náði hámarki í árslok 2005 en á þessu ári hefur hægt jafnt og þétt á vextinum. Aðrir veltuskattar en virðisaukaskattur nema um þriðjungi af veltusköttum í heild. Þessir skattar hafa á síðustu mánuðum dregist saman að raunvirði milli ára, og er þá miðað við hreyfanlegt meðaltal yfir nokkra mánuði.

Greidd gjöld nema 233,6 milljörðum króna og eru því sem næst óbreytt frá fyrra ári. Frávik eru þó á einstökum liðum. Vaxtagreiðslur lækka um 8,6 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 14,7 milljarða eða 6,5%. Mest munar um 4,5 milljarða hækkun til heilbrigðismála og 2,9 milljarða til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 1,6 milljarða og til almennrar opinberrar þjónustu um 2,6 milljarða. Greiðslur til löggæslu hækka um 1,3 milljarða, en greiðslur til atvinnumála hækka mun minna, eða um 0,5 milljarða milli ára.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,0	13,8
Skattar á tekjur og hagnað	24,1	19,6
Eignarskattar	44,8	-36,6
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	14,1
Tryggingagjöld	16,4	16,0
Tekjur alls	51,8	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	36,3	-24,8
Heilbrigðismál	6,0	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	3,1
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	1,6
Menntamál	14,8	12,5
Gjöld alls	9,7	0,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-september

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	14.581	43.872
Hreinn lánsfjárjöfnuður	59.746	41.627
Afborgun lána	-47.939	-38.071
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.857	586
Lántökur	11.698	24.978
Greiðsluafkoma	20.555	25.564

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (okt.)	4,6	7,2
Kjarnaverðbólga (okt.)	4,8	7,1
Launavísitala (sept.)	6,9	10,8
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smásöluvelta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,7	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

9. nóvember 2006

Aðhald í stjórn efnahagsmála árin 2004 og 2005

Undanfarin ár hefur efnahagslífið á Íslandi verið á mikilli siglingu. Mestu stóriðjuframkvæmdir Íslandssögunnar hófust árið 2003 og urðu viðameiri með hverju árinu. Búist er við að stærstum hluta framkvæmdanna ljúki á fyrri hluta ársins 2007. Í kjölfar einkavæðingar og aukins frjálsræðis í fjármálastarfsemi komu fram nýjungar á fjármálamarkaði sem höfðu umtalsverð áhrif til að auka eftirspurn í efnahagslífinu. Uppbyggingin í stóriðju var fyrirséð og aðhald í efnahagsstjórn var undirbúið bæði í opinberum fjármálum og peningastjórn Seðlabanka Íslands. Hins vegar var ekki fyrirséð að fjármálaaðstæður heimilanna yrðu eins rúmar og raun bar vitni. Vegna aukinnar innlendrar eftirspurnar er hagvöxtur nú talinn hafa numið 7,7% árið 2004 og 7,5% árið 2005, sem er mun meira en ráð var fyrir gert og því fylgdi tímabundið verulega aukið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Árið 2003 tók ríkisstjórnin upp langtímamarkmið um vöxt útgjalda ríkissjóðs, m.a. til að bregðast við aukinni þenslu í efnahagslífinu. Áður höfðu rammafjárlög verið innleidd til að stýra útgjaldaþróuninni. Jafnframt var ákveðið að draga úr opinberum framkvæmdum. Árangurinn lét ekki á sér standa og útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu drógust saman um 3,5 prósentustig milli áranna 2003 og 2005. Yfir sama tímabil jukust tekjur ríkissjóðs um 3,8 prósentustig af landsframleiðslu, þrátt fyrir breytingar á tekjuskatti til lækkunar árið 2005. Tekjuafkoma ríkissjóðs batnaði því um 7,3 prósentustig af landsframleiðslu þessi ár. Mælingar sýna að aukning aðhalds í fjármálastjórn á Íslandi var með því mesta innan OECD-ríkjanna á þessum tíma. Annars vegar skýrist árangurinn af aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs og hins vegar af því að sjálfvirkir sveiflujafnarar fengu að starfa svo til óáreittir. Tekjuafganginum og söluandvirði Landssímans var ráðstafað til að greiða niður skuldir og mynda 76 milljarða króna inneign hjá Seðlabankanum árið 2005. Ríkissjóður tók því mikið fjármagn úr umferð í einkageiranum og hafði þannig umtalsverð áhrif til að draga úr hagvexti þegar hann var hvað mestur.

Fjármál ríkissjóðs árin 2003-2005

% af VLF	2003	2004	2005	Breyting 2003-2005
Heildartekjur	33,1	33,4	36,9	3,8
Heildargjöld	34,8	32,1	31,3	-3,5
Tekjuafkoma	-1,7	1,2	5,6	7,3

Með breytingum á stýrivöxtum reynir Seðlabankinn að stýra verðlagsþróuninni. Miðlunarferlið er flókið og breytilegt, en segja má að stýrivextir hafi áhrif á útlánsvexti, gengi krónunnar og eignaverð sem síðan leiðir til breytinga í ráðstöfun verðmætanna, bæði í innlendri og alþjóðlegri eftirspurn. Samanlagt hefur það áhrif á hagvöxt og myndun spennu eða slaka í hagkerfinu. Það er því erfitt að meta nákvæmlega hver áhrif stjórnar peningamála eru á hagvöxt.

Frá miðju ári 2004 fram til ársloka 2005 hækkaði Seðlabankinn stýrivexti úr 5,3% í 10,5% sem leiddi til styrkingar á gengi krónunnar sem dró úr verðbólgu. Um leið styrkti það kaupmátt heimila og fyrirtækja erlendis, sem hafði áhrif til að beina eftirspurn út úr hagkerfinu. Að því leyti sem gengisþróunin jók viðskiptahallann hafði það áhrif til að draga úr hagvexti. Miðað við nýjustu upplýsingar um framvindu efnahagsmála þessi ár er það metið sem svo að stýrivextir hafi mátt hækka meira en þeir gerðu þar sem verðbólguvæntingar jukust og hækkunin skilaði sé ekki nægilega í hærri raunvöxtum og þar með minni eftirspurn. Líklegt er að aukin alþjóðavæðing fjármálalífsins og nýjungar á fjármálamarkaði hafi dregið úr virkni stýrivaxta hvað varðar útlánsvexti og eignaverð undanfarin ár. Þó er ljóst að stýrivextir höfðu áhrif til lækkunar hagvaxtar þessi ár í gegnum gengisfarveg peningastefnunnar, sem virðist jafnframt hafa orðið virkari.

Miðað við framangreint verður ljóst að bæði ríkissjóður og Seðlabanki Íslands höfðu umtalsverð sveiflujafnandi áhrif á vöxt landsframleiðslunar árin 2004 og 2005 og að fjármál ríkissjóðs höfðu síst minni áhrif í þá veru en peningastjórn Seðlabankans.

Starfsumhverfi ríkisstarfsmanna kortlagt

Í dag hefst viðamikil viðhorfskönnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna, en spurningalistar hafa verið sendir til um 12.000 starfsmanna ríkisins á tæplega 150 vinnustöðum. Könnuninni er ætlað að athuga viðhorf til þátta er varða starfsumhverfi, en þetta eru atriði eins og starfsánægja, starfsþróun, vinnuaðstaða, laun, vinnuálag, streita, stjórnun o.fl. Til viðbótar verða forstöðumenn ríkisstofnana sérstaklega spurðir um starfsmannamál og stjórnunaraðferðir stofnana sinna.

Könnunin, sem er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands og ParX viðskiptaráðgjafar IBM, mun gefa mikilvæga innsýn í stöðu starfsmannamála hjá stofnunum ríkisins. Um sambærilega könnun er að ræða og framkvæmd var árið 1998 undir heitinu „Starfsumhverfi ríkisstarfsmanna við aldarhvörf". Hér fást því mikilvægar upplýsingar um hvernig starfsumhverfi ríkisstarfsmanna hefur breyst og þróast á tímabilinu.

Niðurstöðurnar verða gefnar út vorið 2007 þar sem gerð verður grein fyrir stöðu mála hjá ríkinu í heild. Þátttökustofnanir fá einnig sendar stuttar samantektir úr könnuninni þar sem þær geta borið sig saman við niðurstöðurnar í heild. Til viðbótar eiga stofnanir þess kost að vinna ítarlegri greiningu úr þeim upplýsingum sem könnunin veitir.

Könnunin verður að mestu lögð fyrir á netinu en þeim starfsmönnum sem ekki hafa netfang í vinnunni verður gert kleift að svara henni á pappír. Þátttaka í könnuninni er kjörið tækifæri fyrir starfsmenn ríkisins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um atriði sem varða starfsumhverfi þeirra og hafa áhrif á árangur og líðan í starfi. Hér er einnig um einstakt tækifæri að ræða fyrir stofnanir til að fá mat á eigin starfsumhverfi og stjórnun, mat sem getur lagt grunn að umbótastarfi þar sem þess er þörf.

Það eru því ríkir hagsmunir allra hlutaðeigandi að sem best svörun fáist í könnuninni og hvetja skipuleggjendur hennar alla hlutaðeigandi til að gefa sér tíma til að svara spurningalistanum. Nánari upplýsingar um könnunina eru á vef fjármálaráðuneytisins, sjá á forsíðu, Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna.

Vöruinnflutningur í október

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu nam vöruinnflutningur í október 26,8 ma.kr. sem er rúmum þremur milljörðum minna en í september. Tólf mánaða breyting á innflutningi, miðað við þriggja mánaða staðvirt meðaltal sýnir því lækkun upp á 2,5%. Ef innflutningstölur eru skoðaðar nánar sést að minni innflutning milli mánaða má að nær öllu leyti rekja til minni eldsneytisinnflutnings en sá liður er afar sveiflukenndur. Innflutningur á matvælum eykst nokkuð. Innflutningur á hrá-, rekstrar- og fjárfestingarvörum eykst líka en er þó langt frá þeim hæðum sem hann náði yfir sumarmánuðina. Innflutningur bifreiða er á svipuðu róli og verið hefur en innflutningur á flutningstækjum til atvinnurekstrar heldur áfram að dragast saman. Innflutningur á varanlegum neysluvörum minnkar nokkuð milli mánaða.

Staðvirtur vöruinnflutningur janúar 2003 - október 2006



Tekjur ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,0	13,8
Skattar á tekjur og hagnað	24,1	19,6
Eignarskattar	44,8	-36,6
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	14,1
Tryggingagjöld	16,4	16,0
Tekjur alls	51,8	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	36,3	-24,8
Heilbrigðismál	6,0	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	3,1
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	1,6
Menntamál	14,8	12,5
Gjöld alls	9,7	0,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-september

Milljónir króna	2005	2006
Handbært fé frá rekstri	14.581	43.872
Hreinn lánsfjárjöfnuður	59.746	41.627
Afborgun lána	-47.939	-38.071
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.857	586
Lántökur	11.698	24.978
Greiðsluafkoma	20.555	25.564

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (okt.)	4,6	7,2
Kjarnaverðbólga (okt.)	4,8	7,1
Launavísitala (sept.)	6,9	10,8
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smásöluvelta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,7	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

16. nóvember 2006

Enn um fjármálastöðugleika á Íslandi

Í ársbyrjun 2006 hófst umræða um það hvort íslenska hagkerfið væri á leið í harða lendingu og tímabil fjármálaóstöðugleika. Skýrslur frá Fitch Ratings, Merrill Lynch og Danske Bank á vormánuðum töldu verulegar líkur á að slík þróun væri framundan. Við það tækifæri breytti Fitch Ratings horfum ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar en hélt góðri lánshæfiseinkunn óbreyttri. Í því samhengi var bent á vaxandi ójafnvægi í íslensku efnahagslífi, aukna skuldsetningu þjóðarbúsins erlendis og ónógt aðhald í opinberum fjármálum. Gengi íslensku krónunnar og verð hlutabréfa í Kauphöll Íslands tóku dýfu í kjölfarið.

Í vefriti fjármálaráðuneytisins 23. febrúar síðastliðinn og í ritinu Þjóðarbúskapurinn – Vorskýrsla 2006 var komist að annarri niðurstöðu. Bent var á að ójafnvægið væri líklegt til að vera tímabundið, að staða ríkissjóðs væri sterk, að opinber fjármál hefðu skilað umtalsverðu aðhaldi í hagstjórn, að aðhaldsstig peningastjórnar hefði verið aukið til muna, að lífeyrissjóðakerfið væri sjálfbært, að hrein eignastaða fyrirtækja og heimila á Íslandi væri góð, að íslenskt efnahagslíf væri skilvirkt og sveigjanlegt og að hinn alþjóðlegi fjármagnsmarkaður væri líklegur til að ,,haldast áfram rúmur og styðja þannig við framvindu alþjóðlegs og íslensks efnahagslífs.” Því var talin ,,lítil hætta á að sá árangur sem náðst hefur undanfarin ár stöðvist eða gangi til baka.”

Á sumarmánuðum tók íslenska krónan og verð hlutabréfa að rétta úr kútnum og hefur sú þróun að miklu leyti haldist áfram með haustinu. Jafnframt hafa komið fram vísbendingar um að tekið sé að hægja á í efnahagslífinu, sem er í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins á árinu. Myndin sýnir nýjustu spá um hagvöxt, vöxt þjóðarútgjalda og viðskiptajöfnuð sem hlutfall af landsframleiðslu á næstu árum. Miðað við þróunina á árinu virðist sú spá enn vera líkleg til að rætast.

Þróun helstu þjóðhagstærða



Nýlega hafa Fitch Ratings og Merrill Lynch birt skýrslur sem draga upp jákvæðari mynd af horfum í efnahagslífinu þótt enn sé varað við áhættuþáttum. Bent er á að íslenskir bankar hafi lagað úrbótaatriði sem nefnd voru í fyrri skýrslum. Til að mynda hefur verið dregið úr krosseignatengslum og óvissu um endurfjármögnun á þessu og næsta ári hefur verið eytt. Í júlí síðastliðnum tilkynnti Moody's að stöðugar horfur héldust óbreyttar sem og gott lánshæfismat ríkissjóðs. Í skýrslu Standard & Poor's frá því í lok október er lögð áhersla á að hér ríki stöðugt stjórnarfar, staða opinberra fjármála sé góð, tekjur á mann séu háar og langtímahorfur hagvaxtar góðar.

Efnahagshorfur á Norðurlöndum

Efnahagsframvindan á Norðurlöndum hefur á flestum sviðum verið jákvæð undanfarin ár. Hagvöxtur hefur verið nálægt jafnvægisvexti, atvinnuleysi hefur lækkað, verðbólga hefur verið lág og opinber fjármál hafa skilað tekjuafgangi. Reiknað er með að hagvöxtur á Norðurlöndunum verði að meðaltali um 3,4% árið 2006 og um 3% árið 2007.

Spáð er að heldur dragi úr hagvexti á öllum Norðurlöndum nema Noregi á næsta ári. Verðbólga hefur verið lág á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi. Atvinnuleysi fer óðum lækkandi á Norðurlöndum nema e.t.v. í Finnlandi og Svíþjóð. Í þessum löndum hefur ekki tekist að minnka atvinnuleysið þrátt fyrir ágætan hagvöxt. Þessar upplýsingar ásamt öðrum má sjá í nýútkominni skýrslu norrænu efnahagsnefndarinnar, Ekonomiska utsikter i Norden 2007.

Lykiltölur hagstærða á Norðurlöndum 2004-2007

Vegin meðaltöl	*2004*	*2005*	*2006*	*2007*
Hagvöxtur, %	3,1	2,9	3,4	3,0
Danmörk	1,7	3,6	2,7	2,0
Finnland	3,5	2,9	4,5	3,0
Ísland	7,7	7,5	4,2	1,0
Noregur	3,1	2,3	2,4	3,6
Svíþjóð	3,7	2,7	4,0	3,3
Verðbólga, %	0,6	1,2	1,9	2,0
Danmörk	1,2	1,8	2,0	1,8
Finnland	0,2	0,9	1,5	1,3
Ísland	3,2	4,0	7,3	4,5
Noregur	0,4	1,6	2,5	1,8
Svíþjóð	0,4	0,5	1,6	2,5
Atvinnuleysi,%	6,2	6,0	5,2	5,1
Danmörk	6,1	5,4	4,4	4,1
Finnland	8,8	8,4	7,7	7,4
Ísland	3,1	2,1	1,3	2,1
Noregur	4,5	4,6	3,5	3,3
Svíþjóð	6,0	6,0	5,6	5,8
*Afkoma hins opinbera, %**	4,0	6,2	6,8	6,3
Danmörk	1,7	4,0	3,1	2,8
Finnland	2,1	2,5	2,9	2,7
Ísland	0,5	5,5	3,8	1,5
Noregur	11,4	16,4	19,5	18,6
Svíþjóð	1,6	2,8	2,8	2,3

* Hlutfall af VLF

Afkoma hins opinbera hefur sjaldan verið betri á Norðurlöndum en um þessar mundir. Unnið er að lausn á tilteknum vanda sem flest landanna eru að takast á við og felst í öldrun þjóðanna. Þetta þýðir að færri munu borga skatta til að greiða lífeyri og aðra opinbera þjónustu til æ vaxandi fjölda fólks. Þetta vandamál er ekki í sama mæli á Íslandi þar sem búist er við að þjóðin muni búa við sjálfbæra lífeyrissjóði í framtíðinni, og hún er ung.

Í samanburði við Evrusvæðið koma Norðurlöndin mun betur út hvað snertir helstu efnahagsstærðir. Á undanförnum árum hefur hagvöxtur að meðaltali verið um 2% hærri á Norðurlöndum en á Evrusvæðinu. Sama gildir um hagvaxtarhorfur á yfirstandandi ári og því næsta. Atvinnuleysi á Norðurlöndum er minna sem nemur rúmlega 2% af vinnuaflinu en á Evrusvæðinu. Verðbólgan hefur verið töluvert lægri á Norðurlöndunum en horfur eru um að dragi verulega saman milli svæðanna á næsta ári. Hlutfallslegur munur er hvað mestur varðandi afkomu hins opinbera. Á árinu 2005 var afgangurinn rúmlega 6% af landsframleiðslu Norðurlandanna, en rúmlega 2% af landsframleiðslu halli á Evrusvæðinu. Gert er ráð fyrir að þessi mikli afkomumunur í opinberum fjármálum milli svæðanna verði áfram árin 2006 og 2007.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,0	13,8
Skattar á tekjur og hagnað	24,1	19,6
Eignarskattar	44,8	-36,6
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	14,1
Tryggingagjöld	16,4	16,0
Tekjur alls	51,8	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	36,3	-24,8
Heilbrigðismál	6,0	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	3,1
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	1,6
Menntamál	14,8	12,5
Gjöld alls	9,7	0,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-september

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	14.581	43.872
Hreinn lánsfjárjöfnuður	59.746	41.627
Afborgun lána	-47.939	-38.071
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.857	586
Lántökur	11.698	24.978
Greiðsluafkoma	20.555	25.564

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (nóv.)	4,2	7,3
Kjarnaverðbólga (nóv.)	4,6	7,2
Launavísitala (sept.)	6,9	10,8
Heildarvelta (jan.-júní)	8,0	12,5
Smásöluvelta (jan.-júní)	6,4	5,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

23. nóvember 2006

Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálum

Í umræðum um þjóðlendumál heyrist því stundum fleygt að ríkið standi fyrir stórfelldri eignaupptöku og sé af mikilli óbilgirni að reyna að sölsa undir sig landsvæði sem einstaklingar eða lögaðilar hafi landamerkjabréf og þinglýstar eignarheimildir fyrir. Er þá jafnvel fullyrt að ríkið hafi ekkert lært þótt það hafi verið gert afturreka með slíka kröfugerð fyrir dómstólum. Í málflutningi af þessu tagi gætir mikils misskilnings.

Í fyrsta lagi má minna á að ríkið ákveður ekki einhliða hvaða landsvæði teljist vera þjóðlendur. Óháður úrskurðaraðili, óbyggðanefnd, úrskurðar þar um á stjórnsýslustigi, en unnt er að skjóta niðurstöðum óbyggðanefndar til dómstóla sem eiga þá síðasta orðið. Tilgangur þess ferlis sem þjóðlendulög kveða á um er einmitt að óvissu verði eytt um það hvaða land teljist vera eignarland sem háð er einkaeignarrétti og hvaða land teljist til þjóðlendna, en þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Í öðru lagi má benda á að, ólíkt því sem fullyrt er, þá verður ráðið af þeim dómum sem þegar hafa gengið að landamerkjabréf nægi almennt ekki eitt sér til sönnunar á eignarrétti, sérstaklega að því er varðar merki jarða í átt að óbyggðum, heldur verði þá og að líta til þess hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, auk þess skiptir máli hvernig landslagi er háttað og hvort líkur séu fyrir því að um hafi verið að ræða heildstæð not lands. Sönnunarbyrði um merki jarða í átt að óbyggðum er talin hvíla á jarðeiganda. Dómstólar hafa með öðrum orðum dæmt að menn hafi ekki með því að gera landamerkjabréf einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt umfram það. Öðru máli gegnir almennt um gildi landamerkjabréfs ef það er áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða.

Í þriðja lagi þarf að hafa hugfast að þótt tiltekið landsvæði sé ekki talið vera eignarland, heldur þjóðlenda, þá kunna einstaklingar eða lögaðilar eftir sem áður að hafa þar takmörkuð eignarréttindi, svo sem upprekstrarrétt, veiðirétt eða annan afnotarétt. Enginn er m.ö.o. sviptur þeim eignarréttindum sem hann reynist hafa átt fyrir.

Loks skal á það minnt að samkvæmt þjóðlendulögum er það hlutverk fyrirsvarsaðila ríkisins í þjóðlendumálum að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur fyrir óbyggðanefnd. Lögum samkvæmt er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Á fyrirsvarsaðilum ríkisins hvílir því sú skylda í þessum efnum að halda fram hagsmunum ríkisins og bera undir úrskurðaraðila þau álita- og ágreiningsmál sem uppi kunna að vera. Til þess að fá úr slíkum málum leyst þarf að hafa uppi þjóðlendukröfur.

Vísitölubundinn persónuafsláttur

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006 er með frumvarpi fjármálaráðherra lögð til breyting á ákvæðum tekjuskattslaga um persónuafslátt. Verði frumvarpið að lögum mun persónuafsláttur einstaklinga hækka hinn 1. janúar nk. úr 356.180 krónum í 385.800 krónur á ári. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn 1. janúar 2008, í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs næstliðna tólf mánuði miðað við gildandi vísitölu í upphafi og lok viðmiðunartímabilsins, þ.e. frá desember til desember. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjárhæð persónuafsláttar skuli birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs.

Um tekjudreifingu

Nokkur umræða hefur verið um tekjuþróun landsmanna að undanförnu. Athyglin hefur ef til vill mest beinst að fjármagnstekjunum vegna þess hversu mikið þær hafa aukist á undanförnum árum. Þrátt fyrir mikinn vöxt eru þær þó enn innan við fimmtungur skattskyldra tekna einstaklinga. Ef horft er fram hjá þeim hefur tekjuþróun verið afar jöfn. Hinir tekjulægstu hafa fengið álíka tekjuhækkanir og hinir tekjuhæstu. Á meðfylgjandi mynd má sjá hver þróunin hefur verið á öllum tekjum hjóna ef fjármagnstekjur eru undaskildar. Hjónum er raðað eftir tekjum og síðan skipt í 20 jafnfjölmenna hópa. Það skal tekið fram að hér er um að ræða allar tekjur aðrar en fjármagnstekjur, bæði atvinnutekjur, lífeyristekjur og bætur almannatrygginga. Þegar þróun teknanna er skoðuð má þarna sjá að hlutfallsleg breyting liggur á bilinu rúmlega 41% hækkun þar sem hún er minnst til um 46% þar sem hún er mest. Myndin yrði ekki mjög frábrugðin þótt horft væri til lengra tímabils.

Þessi niðurstaða er í samræmi við mælingar á svokölluðum Gini-stuðli fyrir ráðstöfunartekjur hjóna án fjármagnstekna sem mælist um 0,22 stig árið 2005. Í alþjóðlegum samanburði er sú mæling mjög lág og bendir til að dreifing tekna í heild án fjármagnstekna sé með jafnasta móti á Íslandi. Lítil sem engin breyting hefur orðið á tekjudreifingunni samkvæmt þessari skilgreiningu undanfarin ár.

Tekjuþróun 2000 – 2005



Kaupmáttur launa eykst

Hagstofa Íslands hefur birt mælingu á launavísitölunni í október og hækkaði hún um 11% á frá sama mánuði á fyrra ári. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 7,2% og kaupmáttur launa jókst því um 3,8% í október 2006 frá sama mánuði á fyrra ári. Þessi ársaukning kaupmáttar launa er nokkru meiri en á undanförnum mánuðum. Skýringin á þróuninni er tvíþætt. Annars vegar hefur verðbólga minnkað frá því að hún náði hámarki í ágúst síðastliðnum, þegar hún mældist 8,6% á ársgrundvelli. Þá hefur vöxtur launavísitölunnar verið umtalsverður frá því í júlí síðastliðnum eftir samkomulag aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Myndin hér að neðan sýnir hvernig aukning kaupmáttar launa hefur tekið við sér frá sumarmánuðum eftir að hafa dalað á fyrri hluta ársins.

Kaupmáttur launa 2004-2006 – 12 mán. breyting



Heimild: Unnið úr gögnum Hagstofu Íslands.

Tekjur ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,0	13,8
Skattar á tekjur og hagnað	24,1	19,6
Eignarskattar	44,8	-36,6
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	14,1
Tryggingagjöld	16,4	16,0
Tekjur alls	51,8	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-september

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	36,3	-24,8
Heilbrigðismál	6,0	7,6
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	3,1
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	1,6
Menntamál	14,8	12,5
Gjöld alls	9,7	0,0

Afkoma ríkissjóðs janúar-september

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	14.581	43.872
Hreinn lánsfjárjöfnuður	59.746	41.627
Afborgun lána	-47.939	-38.071
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.857	586
Lántökur	11.698	24.978
Greiðsluafkoma	20.555	25.564

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (nóv.)	4,2	7,3
Kjarnaverðbólga (nóv.)	4,6	7,2
Launavísitala (október)	6,9	11,0
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

30. nóvember 2006

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – október 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 48,8 milljarða króna innan ársins, sem er 28,5 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 28,5 milljörðum hærri en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sölunnar á Landssímanum hf., á meðan gjöldin hækka aðeins um 2,2 milljarða milli ára. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 46,8 milljarða króna, en hann var jákvæður um 68,7 milljarða á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 308 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra voru tekjurnar 337 ma.kr. Þessi samdráttur milli ára skýrist að mestu leyti af 57 ma.kr. söluhagnaði af Landssímanum sem var tekjufærður í september 2005. Sé litið fram hjá því jukust hins vegar tekjur á tímabilinu um 28,5 ma.kr. milli ára eða 10,2%. Aukningin verður 9,0% ef einnig er leiðrétt fyrir tilfærslu á innheimtum tekjuskatti lögaðila um sl. áramót. Þannig leiðrétt jukust skatttekjur og tryggingagjöld um 10,6% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,6% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 3,8%.

Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam rúmum 97 ma.kr. og jókst um 16 ma.kr. frá síðasta ári, eða 20%. Tekjuskattur einstaklinga jókst um 13% og lögaðila um 65% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu). Innheimtur fjármagnstekjuskattur nam 18 ma.kr. og jókst um 1,4% milli ára, en fjármagnstekjuskattur vegna sölu Landssímans myndaði 5,6 ma.kr. tekjur fyrir ríkissjóð í september í fyrra. Sé litið fram hjá þeim eina lið jókst fjármagnstekjuskattur á tímabilinu um 48% milli ára. Innheimt tryggingagjöld jukust um tæp 17% milli ára, eða tæp 7% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 7,6 ma.kr. sem er þriðjungi minna en á sama tímabili í fyrra. Að mestu eru þetta stimpilgjöld eða 6 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 21% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 147 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins og jókst um 10,3% að nafnvirði frá fyrra ári eða 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 11,5% sem jafngildir 4,6% raunaukningu. Vegna lagabreytingar í upphafi ársins sem fól í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé horft á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánaða kemur fram raunvöxtur tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu náði hámarki í árslok 2005 en á þessu ári hefur hægt jafnt og þétt á vextinum. Aðrir veltuskattar en virðisaukaskattur nema tæpum þriðjungi af veltusköttum í heild. Þessir skattar hafa dregist saman að raunvirði á síðustu mánuðum, og er þá miðað við hreyfanlegt meðaltal yfir nokkra mánuði.

Greidd gjöld nema 258,8 milljörðum króna og hækka um 2,2 milljarða frá fyrra ári. Frávik eru meiri á einstökum liðum. Vaxtagreiðslur lækka um 8,2 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 6,1 milljarð milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkisjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 16,6 milljarða eða 7,1%. Þar munar mestu um 4,9 milljarða hækkun heilbrigðismála og 3,1 milljarð til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 2,5 milljarða og til almennrar opinberrar þjónustu um 2,3 milljarða. Greiðslur til löggæslu hækka um 1,5 milljarða, en greiðslur til atvinnumála hækka mun minna, eða um 0,8 milljarða milli ára. Heilbrigðismál og almannatryggingar vega samtals um helming af heildargreiðslum ríkissjóðs.

Lántökur ársins nema 26 milljörðum króna en afborganir lána eru 41,6 milljarðar. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 milljarð króna á árinu og 3,3 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Fjármálaráðherra hefur á Alþingi mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóði. Með frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar. Annars vegar er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12%. Samið hefur verið um 2% hækkun á mótframlagi vinnuveitanda á almennum vinnumarkaði. Til að raska ekki gildandi kjarasamningum er jafnframt lagt til með bráðabirgðaákvæði að sé í núgildandi kjarasamningi kveðið á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10%, skuli heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% þar til nýr kjarasamningur hefur öðlast gildi. Hins vegar er með frumvarpinu lögð til breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem varðar möguleika lífeyrissjóða sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. þeirra laga. Eins og staðan er í dag er viðkomandi lífeyrissjóðum, vegna sérstöðu þeirra, óheimilt að bregðast við þegar mismunur eigna og skuldbindinga sé kominn umfram þau mörk sem fram koma í 2. mgr. 39. gr. laganna, t.d. með því að skerða réttindi. Þessi lagalega óvissa hefur haft ýmis vandkvæði í för með sér og er því með frumvarpinu lagt til að leyst verði úr þeirri óvissu og umræddum lífeyrissjóðum gert heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Rekstrarútgjöld Landspítala-háskólasjúkrahúss

Á árinu 1998 námu samanlögð rekstrarútgjöld sjúkrahúsanna í Reykjavík, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala 14.722 m.kr. á verðlagi þess árs. Eins og kunnugt er voru sjúkrahúsin sameinuð á árinu 2000. Gert er ráð fyrir að útgjöld hins sameinaða sjúkrahúss, Landspítala-háskólasjúkrahúss, verði 30.614 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2007. Það er um 108% hækkun frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkun sem nemur um 8,5%. Á sama tíma er áætlað að vísitala neysluverðs hækki um tæp 47% eða um 4,4% á ári að meðaltali. Verðvísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkanir á opinberri þjónustu, hefur hins vegar hækkað um 68% eða tæp 6% á ári að meðaltali. Þróun rekstrarútgjalda sjúkrahússins samkvæmt reikningi er sýnd á verðlagi hvers árs fyrir árin 1998 til 2005. Fyrir árið 2006 eru útgjöld miðuð við fjárlög og þær tillögur í fjáraukalögum sem samþykktar hafa verið. Vegna ársins 2007 er miðað við útgjöld samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2007 að viðbættum tillögum sem hafa verið samþykktar.

Rekstrarútgjöld Landspítala-háskólasjúkrahúss árin 1998-2007



Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,8	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	27,3	19,9
Eignarskattar	7,2	-37,0
Skattar á vöru og þjónustu	19,8	10,3
Tryggingagjöld	15,7	16,6
Tekjur alls	47,2	-8,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	35,8	-23,0
Heilbrigðismál	6,7	7,5
Alm.trygg. & velferðarmál	5,0	4,2
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	2,3
Menntamál	16,3	12,2
Gjöld alls	10,0	0,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	20.294	48.791
Hreinn lánsfjárjöfnuður	68.671	46.785
Afborgun lána	-61.557	-41.565
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.814	1.921
Lántökur	9.048	25.961
Greiðsluafkoma	12.862	27.882

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (nóv.)	4,2	7,3
Kjarnaverðbólga (nóv.)	4,6	7,2
Launavísitala (október)	6,9	11,0
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

7. desember 2006

Vöruinnflutningur í nóvember

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu var vöruskiptahalli 13 milljarðar króna í nóvember. Þetta er töluvert meiri halli en sést hefur síðustu mánuði en hann má rekja til aukins innflutnings. Á ársgrundvelli hefur þriggja mánaða staðvirtur innflutningur hins vegar lækkað um 2%. Ef rýnt er nánar í bráðabirgðatölur, sem eru byggðar á innheimtu virðisaukaskatts við innflutning, sést að stærstan hlut aukningar milli mánaða má rekja til eldsneytisinnflutnings en sá liður er mjög sveiflukenndur. Innflutningur virðist einnig aukast töluvert á fjárfestingarvörum milli mánaða. Innflutningur á bílum leitar upp á við eftir að hafa náð lágmarki í október. Innflutningur á öðrum neysluvörum eykst lítillega milli mánaða.

Staðvirtur vöruinnflutningur janúar 2003 - nóvember 2006



Seðlabankinn birti tölur um viðskiptajöfnuð á fyrstu þrem ársfjórðungum þessa árs þann 5. desember. Viðskiptajöfnuðurinn telst vera neikvæður um 205 milljarða króna það sem af er ári. Þáttatekjur eiga hvað mestan þátt í aukningunni en aukin skuldsetning og vaxtagjöld til erlendra aðila ásamt auknum hagnaði fyrirtækja í eigu erlendra aðila (t.d. álver eða íslensk fyrirtæki skráð erlendis) eru helstu orsakir aukins halla á þáttatekjum. Viðskiptahallinn er töluvert umfram þjóðhagsspá og stendur nú til jafns við spá um viðskiptahalla yfir allt árið. Misræmið má að langmestu leyti rekja til aukins halla á þáttatekjum. Með hliðsjón af vöruinnflutningi í janúar – nóvember má ætla að innflutningur verði nokkuð nálægt haustspá en hún hljóðaði upp á 360,7 milljarða. Hins vegar lítur út fyrir að vöruútflutningur verði eitthvað minni en gert var ráð fyrir. Halli á þjónustujöfnuði hefur einnig verið vanmetinn en hann er neikvæður um 42,8 milljarða fyrstu 9 mánuði árs en spá hljóðaði upp á 38,7 milljarða halla fyrir allt árið.

Mat á verkefnum ríkisins

Mikilvægt er að ráðuneyti og stofnanir ríkisins endurmeti reglulega fyrirkomulag verkefna sinna, enda þarf ríkið stöðugt að leita leiða til að bæta árangur í ríkisrekstri og laga starfsemi sína að breytingum í samfélaginu, sem og í ríkiskerfinu sjálfu. Markaðurinn kann t.d. að vera orðinn fær um að annast verkefni sem eitt sinn þótti nauðsynlegt að ríkið sinnti og eins getur þörfin fyrir tiltekin verkefni breyst með tímanum og hugsanlega horfið. Jafnframt er nauðsynlegt þegar ný verkefni eru tekin upp hjá ríkinu að fram fari kerfisbundið mat á því hvernig hagkvæmast er að sinna þeim. Æskilegt er að slíkt mat fari skipulega fram og stuðst sé við samræmda aðferðafræði. Í ljósi þessa hefur framkvæmdanefnd um stofnanakerfi og rekstur verkefna ríkisins útbúið svokallaðan gátlista sem gert er ráð fyrir að ráðuneyti og stofnanir fylgi við mat á fyrirkomulagi verkefna sem ríkið sinnir nú þegar og verkefna sem til athugunar er að það sinni. Gátlistanum er skipt í fjóra hluta og samanstendur af 24 spurningum.

Í fyrsta hluta eru fjórar spurningar um markmið verkefnisins. Þar er metin þörfin á því að verkefninu sé yfir höfuð sinnt.

Í öðrum hluta eru sex spurningar sem snúa að því hvort gild rök eru fyrir þátttöku ríkisins í viðkomandi verkefni.

Í þriðja hluta eru níu spurningar til þess að meta hvers eðlis þátttaka ríkisins skuli vera í verkefninu ef svör við öðrum hluta hafa leitt í ljós að hún er nauðsynleg. Þarf ríkið að sinna verkefninu sjálft eða er hægt er að fela það öðrum aðilum þrátt fyrir t.d. að ríkið beri kostnaðinn að hluta eða öllu leyti?

Í fjórða hluta eru loks fimm spurningar varðandi fyrirkomulag verkefnis sem ríkið skal annast alfarið sjálft. Þar er dregið fram hvernig skipulagi verkefnisins skuli háttað og hvernig því verði best fyrir komið innan ríkisins.

Heimagreiðslur til foreldra

Nokkur sveitarfélög hafa hrundið í framkvæmd áformum sínum um greiðslu styrkja til foreldra eða forráðamanna barns til að annast barnið heima. Tilgangurinn með greiðslum þessum er að styðja við foreldra sem leggja áherslu á að vera með börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur. Algengt er að greitt sé fyrir börn frá lokum fæðingarorlofs og til tveggja ára aldurs eða þar til leikskólavistun hefst. Í ljósi þessarar þróunar hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt, þar sem lagt er til að styrkir þessir verði undanþegnir skattskyldu. Undanþágunni er ætlað að taka til greiðslna frá því er fæðingarorlofi lýkur og allt til þess er leikskólavistun eða grunnskólanám hefst. Þar sem niðurgreiðslur sveitarfélaga á leikskólagjöldum og daggæslugjöldum í heimahúsum eru ekki skattskyldar hjá foreldrum eða forráðamönnum barnanna þykir rétt með tilliti til jafnræðis að eins sé farið með þessa styrki.

Hækkun atvinnutekna er mismunandi

Launabreytingar milli ára sem einstaklingarnir hafa upplifað og koma fram í skattframtölum þeirra eru mjög mismunandi. Þar koma til einstaklingsbundnar ástæður: einn hefur störf á vinnumarkaðinum að námi loknu; annar hættir að vinna og fer á eftirlaun; einn fær stöðuhækkun og annar verður alvarlega veikur. Allar þessar breytingar leggjast svo saman og úr verður heildarbreyting á launum. Eins og með svo marga aðra þætti í mannlegu samfélagi er dreifing þessara nær óskyldu stærða mjög reglubundin.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá dreifingu á breytingu atvinnutekna milli áranna 2004 og 2005 hjá öllum hjónum sem greiddu einhverja vexti vegna íbúðarkaupa þessi ár. Um er að ræða rétt rúmlega 40.000 hjón. Rúmlega 2.000 höfðu engar atvinnutekjur fyrra árið meðan um 400 höfðu ekki tekjur seinna árið. Hjá fjórðungi hjóna hækkuðu atvinnutekjur innan við 10% en launavísitalan hækkaði um 7%. Rúmlega 8.000 hjón báru úr býtum milli 10 og 20% meira árið 2005 en árið á undan. Hjá tæplega 10.000 hjónum lækkuðu atvinnutekjur milli ára og um meira en 10% hjá helmingi þess hóps.

Breyting atvinnutekna hjóna 2004 - 2005, %



Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skattatekjur og trygg.gjöld	20,8	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	27,3	19,9
Eignarskattar	7,2	-37,0
Skattar á vöru og þjónustu	19,8	10,3
Tryggingagjöld	15,7	16,6
Tekjur alls	47,2	-8,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	35,8	-23,0
Heilbrigðismál	6,7	7,5
Alm.trygg. & velferðarmál	5,0	4,2
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	2,3
Menntamál	16,3	12,2
Gjöld alls	10,0	0,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	20.294	48.791
Hreinn lánsfjárjöfnuður	68.671	46.785
Afborgun lána	-61.557	-41.565
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.814	1.921
Lántökur	9.048	25.961
Greiðsluafkoma	12.862	27.882

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (nóv.)	4,2	7,3
Kjarnaverðbólga (nóv.)	4,6	7,2
Launavísitala (október)	6,9	11,0
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

14. desember 2006

Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á árinu 1998 námu framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 3.247 m.kr. á verðlagi þess árs. Framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs er 9.741 m.kr. í fjárlögum næsta árs. Það er um 200% hækkun frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkun sem nemur um 13%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 47% eða um 4,4% á ári að meðaltali. Vísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkanir á opinberri þjónustu, hefur hins vegar hækkað um 68% eða tæp 6% á ári að meðaltali. Framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs fyrir árin 1998 til 2007 eru sýnd á verðlagi hvers árs. Fyrir árið 2006 eru útgjöld miðuð við fjárlög og fjáraukalög og fjárlög vegna ársins 2007.

Framlög til Jöfnunarsjóðs eru annars vegar lögboðin framlög sem eru reiknuð af innheimtum skatttekjum og útsvarsstofni og hins vegar sérstök tímabundin framlög. Frá árinu 2001 hefur sjóðurinn fengið framlag úr ríkissjóði til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna breytinga á álagningarreglum fasteignaskatts. Framlagið nam fyrsta árið 1.100 m.kr. og hefur síðan tekið sömu hækkunum og innheimtar skatttekjur ríkissjóðs. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á reiknireglum og tímabundnum framlögum á tímabilinu og er þar helst að nefna að á árinu 2004 voru einstök framlög reiknuð inn í hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkisins og hefur það verið 2,12% frá þeim tíma en auk þess er reiknað framlag sem er 0,264% af álagninarstofni útsvars.

Framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 1998-2007



Tímabundin lækkun olíugjalds framlengd

Með lögum sem Alþingi samþykkti hinn 9. desember sl. var tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjaldsins úr 45 kr. í 41 kr. framlengd til 31. desember 2007. Þegar lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. voru sett var fjárhæð olíugjaldsins ákvörðuð 45 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Lögin miðuðu að því að útsöluverð á dísilolíu yrði ívið lægra en á bensíni með það að markmiði að gera dísilknúnar fólksbifreiðar ákjósanlegan kost við val á einkabifreið. Vegna óhagstæðrar þróunar á heimsmarkaðsverði á dísilolíu, samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni, var olíugjaldið lækkað tímabundið, úr 45 kr. í 41 kr., með lögum nr. 70/2005. Gilti sú tímabundna lækkun upphaflega í sex mánuði frá gildistöku laganna um olíugjald og kílómetragjald, þ.e. frá 1. júlí til 31. desember 2005 en hefur síðan verið framlengd þrisvar. Frá því að olíugjald var tekið upp hefur heimsmarkaðsverð á dísilolíu oftar en ekki verið hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni. Spár gera ráð fyrir því að heimsmarkaðsverð á dísilolíu verði á næstu missirum að jafnaði hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni en hafa þarf í huga að erfitt er að spá fyrir um þróun heimsmarkaðsverðs á bensíni og dísilolíu.

Um verðbólgumælingar

Verðbólga er hækkun almenns verðlags yfir tíma. Vísitala neysluverðs mælir verð á safni varnings og þjónustu sem heimilin greiða reglulega fyrir og er oftast grundvöllur verðbólgumælinga. Þá er öðru fremur miðað við árshraða verðbólgu, en hann er hægt að mæla á grundvelli ólíkra gagna. Oftast er fjallað um tólf mánaða verðbólgu á grundvelli mánaðarlegra gagna eða árlega verðbólgu á grundvelli árlegra gagna. Tólf mánaða verðbólga er mæld á grundvelli vísitölunnar í einum mánuði samanborið við vísitöluna í sama mánuði á fyrra ári. Verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands miðast við þannig mælda verðbólgu. Þegar horft er til þróunar verðlags yfir lengri tíma er ýmist horft á árlega verðbólgu sem breytingu milli ársmeðaltala eða frá upphafi til loka hvers árs. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er notast við fyrri skilgreininguna.

Eðli málsins samkvæmt tekur nokkurn tíma fyrir breytingar í áhrifaþáttum verðlags að koma fram í verðlagi og mældri verðbólgu. Dæmi um slíka þætti eru skattar og gengi krónunnar. Að sama skapi geta áhrifin haldist nokkuð lengi eftir að breytingar hafa komið fram. Af þeim sökum er oft gripið til útreikninga sem taka til skemmri tíma en tólf mánaða og sá útreikningur síðan færður á árshraða. Árshraði sem miðast við breytingu á vísitölu milli mánaða gefur skýrari sýn á hvert stefnir í verðþróuninni ef þær áherslur sem þar ráða för eru taldar líklegar til að halda áfram. Með öðrum orðum er verið að gera ráð fyrir að síðasta mánaðarbreyting eigi sér stað í sama mæli næstu tólf mánuði. Þar sem mánaðarbreytingar eru nokkuð sveiflukenndar ber að túlka þær varlega. Minni sveiflur tengjast verðþróun til þriggja eða sex mánaða. Þar er sömu aðferð beitt; ársfjórðungsbreyting eða hálfsársbreyting er látin gilda fyrir allt árið í heild. Þessi leið gefur skýrari mynd af því hver verðþróunin innan árs gæti orðið.

Það sem gerir tólf mánaða verðbólgu að haldbestu mælingunni er að með henni hverfa að miklu leyti sveiflur tengdar árstíðum, sbr. upphaf eða lok útsalna, upphaf eða lok skólaárs, o.s.frv. Aðrar óreglulegar eða undirliggjandi breytingar koma hins vegar fram í þeirri mælingu.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd verðbólga á tólf mánaða grundvelli og á milli mánaða, en hvort tveggja er árshraði. Þar má sjá hve miklar sveiflur eru í breytingum á milli mánaða. Til hliðsjónar er sýnd þróun vísitölu neysluverðs, sem hefur undantekningalítið hækkað undanfarin ár. Þá er birtur mögulegur ferill verðbólgunnar á næsta ári til að draga fram áhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar til lækkunar á matvöruverði og þar af leiðandi neysluverði. Þau áhrif stöðva ekki undirliggjandi þróun og því mun verðbólga líklega verða nokkur það ár en þó minni en undanfarin misseri. Þó ber að taka slíkum útreikningum með fyrirvara, þar sem mörg atriði sem hafa áhrif á verðþróunina geta orðið önnur en lagt er til grundvallar útreikningnum.

Verðlagsþróun 2001-2007



Tekjur ríkissjóðs janúar-október

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,8	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	27,3	19,9
Eignarskattar	7,2	-37,0
Skattar á vöru og þjónustu	19,8	10,3
Tryggingagjöld	15,7	16,6
Tekjur alls	47,2	-8,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	35,8	-23,0
Heilbrigðismál	6,7	7,5
Alm.trygg. & velferðarmál	5,0	4,2
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	2,3
Menntamál	16,3	12,2
Gjöld alls	10,0	0,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-október

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	20.294	48.791
Hreinn lánsfjárjöfnuður	68.671	46.785
Afborgun lána	-61.557	-41.565
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.814	1.921
Lántökur	9.048	25.961
Greiðsluafkoma	12.862	27.882

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Launavísitala (október)	6,9	11,0
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

21. desember 2006

Tekjur og gjöld á mann hjá ríki og sveitarfélögum 1998-2005

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hafa tekjur sveitarfélaga á mann, á föstu verðlagi landsframleiðslu, hækkað úr 299 þ.kr. árið 1998 í 425 þ.kr. árið 2005. Hlutfallslega hafa því tekjur á mann hækkað um 42,5%. Hjá ríkinu hafa þessar tekjur hækkað úr 873 þ.kr. í 1.262 þ.kr fyrir sama tímabil eða um 44,6%. Þetta er sýnt á myndunum hér fyrir neðan. Gjöld á mann, á föstu verðlagi landsframleiðslu, hafa aukist hjá sveitarfélögunum úr 319 þ.kr. í 439 þ.kr. á tímabilinu. Það er 37,7% hækkun. Hjá ríkinu hafa gjöldin á mann farið úr 844 þ.kr. í 1.070 þ.kr. og því hækkað um 26,8%.

Þróun tekna á mann á föstu verðlagi hjá ríki og sveitarfélögum



Þróun gjalda á mann á föstu verðlagi hjá ríki og sveitarfélögum



Ívilnanir fyrir umhverfisvæna orkugjafa og ökutæki

Á nýliðnu haustþingi voru afgreiddar frá Alþingi tvær lagabreytingar sem snúa að framlengingu ívilnana fyrir umhverfisvæna orkugjafa og ökutæki. Annars vegar var framlengd tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið eru mun minni en eldsneytis úr olíum en innflutningsverð slíkra bifreiða er nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja. Hins vegar var framlengd heimild til endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts af nýjum hópferðabifreiðum sem búnar eru vélum sem uppfylla gæðastaðla um nýtingu eldsneytis og umhverfisáhrif (EUROIII). Í báðum tilvikum er um að ræða framlengingu ívilnana um tvö ár, eða til 31. desember 2008. Auk ofangreinds er fyrir hendi ákvæði í lögum um vörugjald af ökutækjum sem kveður á um að ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem raforku eða vetni, skuli vera undanþegin vörugjaldi og gildir sú undanþága til 31. desember 2008. Með þeim lagabreytingum sem samþykktar voru á nýliðnu haustþingi var því verið að samræma gildistíma allra þessara tímabundnu ívilnana sem snúa að umhverfisvænum orkugjöfum og ökutækjum, til 31. desember 2008. Fyrir þann tíma gefst svigrúm til að marka framtíðarstefnu stjórnvalda í tengslum við undanþágur frá sköttum og opinberum gjöldum fyrir umhverfisvæna orkugjafa og ökutæki.

Hver fær stærstu jólagjöfina?

Á sama tíma og meginhugmyndin að baki jólunum er andlegs eðlis er því ekki að neita að þeim fylgir núorðið talsvert veraldlegt stúss. Þetta má sjá af ýmsum opinberum tölum sem veita ófullkomna en þó upplýsandi innsýn í hátíðarhöldin. Það kemur líklega fæstum á óvart að velta í bókabúðum, hljómplötu-, skartgripa- og leikfangaverslunum og atvinnugreinum sem þessum varningi tengjast er mun meiri í kring um jólin en á öðrum árstímum. Þar getur upp undir helmingur ársveltunnar verið á síðasta skatttímabili ársins (nóv.– des.). Þannig er um margar atvinnugreinar sem tengjast jólagjöfum og jólasiðum. Engan undrar heldur að starfsemi skemmtigarða sé í nokkurri lægð á síðustu mánuðum ársins. Hið sama gildir til dæmis um starfsemi tjaldsvæða auk þess sem útleiga á gripahúsum til gistingar hefur alveg dottið niður.

Landsmenn eru töluvert með veskið á lofti í undirbúningi jólahátíðarinnar. Þó sýna hagtölur að það er goðsögn að jólahátíðin sé að miklu leyti fjármögnuð með kreditkortum. Þannig var kreditkortareikningur landsmanna í janúar í ár, þegar stærsti hluti jólaveltunnar frá í fyrra kom til greiðslu, um 4 milljörðum hærri en í venjulegum mánuði ársins á undan meðan debetkortin stóðu fyrir 9 milljarða útgjöldum í jólamánuðinum í fyrra umfram venjulegan mánuð. Því virðist mega draga þá ályktun að kreditkortin standi einungis fyrir um þriðjungi af viðbótarútgjöldum heimilanna vegna jólanna. Kortaklippir hefur á undanförnum árum verið að lauma sér inn í hóp gömlu jólasveinanna undir því yfirskyni að hann hrelli almenning eins og hinir. Þessar upplýsingar benda til þess að eins fari fyrir honum og Plútó meðal reikistjarnanna, að hann verði lækkaður í tign og gerður að aukvisa.

Engu að síður fylgja jólunum jafnan mikil umsvif. Markaðurinn reynir að geta sér til um umfang þeirra og lærðar rannsóknastofnanir reyna meira að segja að spá fyrir um vinsælustu jólagjöfina. Þetta er væntanlega gert til að minnka óvissu en hún dregur úr hagvexti. Hvort minni óvissa er eins vinsæl hjá þeim sem gjafirnar fá er hins vegar ekki vitað.

Jólagleði og jólagjafagleði landsmanna draga vissulega björg í bú fyrir ríkissjóð þannig að þó hann fái kannski ekki vinsælustu jólagjöfina þá fær hann allavega þá stærstu. Það gerir honum mögulegt að sinna af krafti þeim mikilvægu samfélagslegu verkefnum sem honum eru falin enda sælla að gefa en þiggja.

Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Næsta vefrit kemur út 4. janúar 2007.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,8	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	27,3	19,9
Eignarskattar	7,2	-37,0
Skattar á vöru og þjónustu	19,8	10,3
Tryggingagjöld	15,7	16,6
Tekjur alls	47,2	-8,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	35,8	-23,0
Heilbrigðismál	6,7	7,5
Alm.trygg. & velferðarmál	5,0	4,2
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	2,3
Menntamál	16,3	12,2
Gjöld alls	10,0	0,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	20.294	48.791
Hreinn lánsfjárjöfnuður	68.671	46.785
Afborgun lána	-61.557	-41.565
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.814	1.921
Lántökur	9.048	25.961
Greiðsluafkoma	12.862	27.882

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

4. janúar 2007

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – nóvember 2006

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs samkvæmt greiðsluuppgjöri fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins jókst um 52 ma.kr., sem er 30,1 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur voru 34 ma.kr. meiri en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sölu Landssímans hf. en gjöld jukust um 5 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um tæpa 50 ma.kr. en var jákvæður um rúma 70 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 339 ma.kr. Á sama tíma í fyrra voru þær 361 ma.kr. og þar af voru 57 ma.kr. söluhagnaður af Landssímanum. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 12,9% að nafnvirði eða 5,9% umfram verðbólgu. Skattar á tekjur og hagnað námu 107 ma.kr. og jukust um 20%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 16% milli ára, eða 6% umfram hækkun launavísitölu. Innheimta skatta á vöru og þjónustu nam 160 ma.kr. og jókst um 5,9% að raunvirði. Á árinu hefur hægt á vexti veltuskatta og á síðustu fjórum mánuðum hafa tekjur af veltusköttum í heild dregist saman um 0,8% milli ára að raunvirði.

Greidd gjöld námu 285 ma.kr. og jukust um 5 ma.kr. milli ára. Vaxtagreiðslur lækka um 8,2 ma.kr., einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl 2005. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 6,1 ma.kr. milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 19,3 ma.kr. eða 7,5%. Mest munar um 5,9 ma.kr. hækkun til heilbrigðismála og 3,3 ma.kr. til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 3,1 ma.kr. og almennrar opinberrar þjónustu um 2,5 ma.kr.

Lántökur ársins nema 21,6 milljörðum króna en afborganir lána 44,6 milljörðum. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2007

Á árinu 2007 verður ritið Þjóðarbúskapurinn gefið út fjórum sinnum, bæði á íslensku og ensku. Á vetrar- og sumarmánuðum verða gefnar út endurskoðaðar þjóðhagsspár til tveggja eða þriggja ára í senn. Þessar skýrslur eru stuttar, með færri töflum í viðauka og verða einungis birtar á vef fjármálaráðuneytisins. Fleiri töflur verða þó uppfærðar á vef ráðuneytisins í tengslum við útgáfuna. Í vetrarskýrslu verður þjóðhagsspáin uppfærð í ljósi ákvarðana Alþingis um fjárlög og fjáraukalög til viðbótar við nýjar upplýsingar um efnahagsþróun. Á vor- og haustmánuðum verða gefnar út ítarlegri spár með áherslu á framvindu efnahagslífsins til meðallangs tíma, eða fimm ára í senn, og ítarlegum töfluviðauka. Haustspáin er jafnframt byggð á nýjum forsendum um ríkisfjármálin sem felast í fjárlagafrumvarpinu. Vor- og haustskýrslur eru gefnar út á prentuðu formi og á vef fjármálaráðuneytisins. Útgáfuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir ritið Þjóðarbúskapurinn er sem hér segir fyrir árið 2007:

16. janúar 2007	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2006 – 2008
24. apríl 2007	Þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2012
19. júní 2007	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2009
1. október 2007	Þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2012

Innflutningur í desember

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu sem byggðar eru á gögnum um innheimtu virðisaukaskatts var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 9 milljarða í desember. Flutt var út fyrir um 19 milljarða króna í mánuðinum en innflutningur nam rúmum 28 milljörðum króna. Innflutningur hefur því aukist um tæpt 1,0 prósent ef miðað er við tólf mánaða breytingu á staðvirtu meðaltali síðustu þriggja mánaða. Ef rýnt er nánar í innflutningstölur sést að innflutningur er nokkuð minni en í nóvember en það má að stórum hluta rekja til minni olíuinnflutnings en sá liður er mjög sveiflukenndur milli mánaða. Innflutningur á fjárfestingarvörum dregst saman frá fyrri mánuði en á móti var meira flutt inn af hrá- og rekstrarvörum. Neyslutengdur innflutningur lækkar talsvert frá nóvember líkt og gerst hefur í desembermánuði síðustu ár og á það bæði við um varanlegan (heimilistæki ofl.) og hálf-varanlegan (t.d. föt og skór) neysluvarning. Bílainnflutningur minnkar nokkuð frá fyrri mánuði og er nú svipaður að umfangi og á haustmánuðum.

Ef bráðabirgðatölur eru lagðar við innflutningstölur á árinu reyndist vöruinnflutningur nema tæpum 364 milljörðum króna árið 2006. Niðurstaðan er örlítið hærri en í þjóðhagsspá sem kom út í haust en þar var gert ráð fyrir að flutt yrði inn fyrir tæpa 361 milljarða króna á árinu. Misræmið má að mestu skýra með því að innflutningur á fjárfestingarvörum ásamt hrá- og rekstrarvörum hefur verið nokkuð meiri í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á síðari hluta ársins.

Staðvirtur vöruinnflutningur janúar 2003 - desember 2006



Reglur um skattmat og reiknað endurgjald

Reglur um skattmat vegna tekna manna, um skattmat vegna tekna af landbúnaði og um reiknað endurgjald eru gefnar út af fjármálaráðuneytinu í upphafi árs að fengnum tillögum ríkisskattstjóra en þar koma fram ítarlegar upplýsingar um þessi atriði fyrir tekjuárið sem í hönd fer. Reglurnar fyrir tekjuárið 2007 hafa verið birtar og er hægt að skoða þær með því að smella á eftirfarandi tengla.

Reglur nr. 1110/2006 um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2007.

Skattmatið tekur til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. tekjuskattslaga, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru.

Reglur nr. 1083/2006 um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2007.

Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2007.

Reglur nr. 1084/2006 um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2007.

Reglur þessar eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,3	12,9
Skattar á tekjur og hagnað	24,8	20,1
Eignarskattar	31,6	-42,6
Skattar á vöru og þjónustu	19,6	12,9
Tryggingagjöld	16,4	16,1
Tekjur alls	45,6	-6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	31,2	-21,2
Heilbrigðismál	5,5	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	4,9	4,8
Efnahags- og atvinnumál	-2,5	2,5
Menntamál	14,7	12,1
Gjöld alls	8,9	1,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	21.461	52.031
Hreinn lánsfjárjöfnuður	70.420	49.893
Afborgun lána	-61.597	-44.583
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.691	1.661
Lántökur	7.734	21.587
Greiðsluafkoma	11.425	23.248

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Fleiri íslensk fyrirtæki gera upp í dölum en evrum

Samkvæmt lögum sem sett voru á árinu 2002 geta fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Þau fyrirtæki sem hér helst um ræðir eru félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendrar samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslenska krónan, félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum þar sem svo háttar til að meginviðskiptin eru við þessi félög og félög sem eru með meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Miðað er við að heimild sé veitt til reikningsskila í þeim erlenda gjaldmiðli sem mestu skiptir í viðskiptum fyrirtækisins.

Helstu rök sem lágu að baki ákvörðunum um að fyrirtæki gætu fengið heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðli voru þessi:

- Fjárhagslegur samanburður við erlenda samkeppnisaðila verður auðveldari
- Sveiflur í afkomu félagsins vegna gengisbreytinga verða minni
- Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna
- Auðveldara verður fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi
- Auðveldara verður fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis.

Í lok síðasta árs hafði 167 fyrirtækjum verið veitt heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðli. Í umræðum um þessi mál að undanförnu hefur virst gæta þess misskilnings að einvörðungu sé leitað eftir heimild til að gera upp í evrum. Því fer víðs fjarri. Meirihluti þeirra fyrirtækja sem fengið hafa heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðli, eða 98 af 167, hefur fengið heimild til að gera upp í bandaríkjadölum. Skiptingin að öðru leyti er sú að 51 fyrirtæki hefur fengið heimild til reikningsskila í evrum, 9 í breskum pundum, 3 í dönskum krónum, 2 í norskum krónum, 2 í japönskum jenum, 1 í sænskum krónum og 1 í kanadadölum.

Skattstofnar fyrirtækja sem gera upp í erlendum gjaldmiðli eru eftir sem áður ákvarðaðir í íslenskum krónum með umreikningi tekna og gjalda, eigna, skulda og eigin fjár í íslenskar krónur.

Samþykkt lög á haustþingi

Á síðastliðnu haustþingi Alþingis lagði fjármálaráðherra fram 16 frumvörp til laga. Af þeim frumvörpum voru 13 afgreidd sem lög frá Alþingi fyrir lok haustþings. Þau lög sem samþykkt voru eru eftirfarandi:

Fjáraukalög 2006

Fjárlög 2007

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt (afturvirk hækkun á eignaviðmiðum vaxtabóta)

Lög um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og vörugjald (lækkun matarskatts o.fl.)

Lög um breytingu á lögum um ársreikninga (varðandi vanskil á ársreikningi)

Lög um breytingu á lögum um lífeyrissjóði (hækkun lágmarksiðgjalds úr 10% í 12% o.fl.)

Lög um breytingu á lögum um olíugjald (breyting á refsiákvæðum og framlenging tímabundinnar lækkunar olíugjalds)

Lög um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna (framlenging umsýslugjalds)

Lög um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (varðandi eign lífeyrissjóða í óskráðum ríkisskuldabréfum)

Lög um breytingu á lögum um tryggingagjald (lækkun tryggingagjalds og jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða)

Lög um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. (framlenging tímabundinnar lækkunar vörugjalds af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn í stað bensíns eða dísilolíu)

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt (lækkun tekjuskatts, hækkun persónuafsláttar o.fl.)

Lög um breytingu á tollalögum (varðandi innflutning á ökutækjum með erlend skráningarnúmer o.fl.)

Á komandi vorþingi mun þingleg meðferð þeirra þriggja frumvarpa sem ekki urðu að lögum á haustþingi halda áfram. Um er að ræða frumvarp til laga um opinber innkaup (ný heildarlög vegna innleiðingar EES gerða), frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs (gjald fyrir leyfi til grafískra hönnuða) og frumvarp til loka-fjárlaga 2005. Fyrri tveimur frumvörpunum hefur verið vísað til efnahags- og viðskiptanefndar en hið þriðja bíður fyrstu umræðu.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis vegna framkvæmdar laga um málefni fatlaðra

Á árinu 1998 námu útgjöld félagsmálaráðuneytis vegna framkvæmdar laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra 3.023 m.kr. á verðlagi þess árs. Í fjárlögum árið 2007 eru sömu útgjöld 8.282 m.kr. Það er 174% hækkun frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkun sem nemur tæpum 12%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 47% eða 4,4% á ári að meðaltali. Vísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkanir á opinberri þjónustu, hefur hins vegar hækkað um 68% eða tæp 6% á ári að meðaltali. Á myndinni er þróun útgjalda félagsmálaráðuneytis vegna málefna fatlaðra samkvæmt reikningi sýnd á verðlagi hvers árs fyrir árin 1998 til 2005. Fyrir árið 2006 eru útgjöld miðuð við fjárlög og fjáraukalög og fjárlög vegna ársins 2007. Í tímabilinu var m.a. unnið í samræmi við áætlun nefndar er lagði til styttingu biðlista eftir þjónustu við fatlaða en því átaki lauk á árinu 2005. Með lögum nr. 133/2005 var ákveðið að ráðstafa 1.000 milljónum króna af söluandvirði Landssíma Íslands hf. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Markmið átaksins er að á árunum 2006-2010 verði í áföngum dregið svo úr biðtíma eftir búsetu- og þjónustuúrræðum fyrir geðfatlað fólk utan hefðbundinna geðheilbrigðisstofnana að hann verði viðunandi í lok tímabilsins.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis 1998-2007 vegna framkvæmdar laga um málefni fatlaðra



1. Fjárlög og fjáraukalög. 2. Fjárlög.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,3	12,9
Skattar á tekjur og hagnað	24,8	20,1
Eignarskattar	31,6	-42,6
Skattar á vöru og þjónustu	19,6	12,9
Tryggingagjöld	16,4	16,1
Tekjur alls	45,6	-6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	31,2	-21,2
Heilbrigðismál	5,5	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	4,9	4,8
Efnahags- og atvinnumál	-2,5	2,5
Menntamál	14,7	12,1
Gjöld alls	8,9	1,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	21.461	52.031
Hreinn lánsfjárjöfnuður	70.420	49.893
Afborgun lána	-61.597	-44.583
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.691	1.661
Lántökur	7.734	21.587
Greiðsluafkoma	11.425	23.248

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

18. janúar 2007

Endurskoðuð þjóðhagsspá

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var í byrjun október 2006 hefur verið endurskoðuð fyrir árin 2006-2008 með hliðsjón af framvindu efnahagsmála og breytinga á forsendum. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi.

Hagvöxtur er áætlaður 2,5% á síðastliðnu ári. Skýr merki eru um að hægt hafi á vexti þjóðarútgjalda, þ.e. neyslu og fjárfestingu, á árinu 2006. Á þessu ári er gert ráð fyrir miklum samdrætti í fjárfestingu við lok yfirstandandi stóriðjuframkvæmda og nokkrum samdrætti einkaneyslu vegna veikingar á gengi krónunnar og auknu aðhaldi í efnahagsstjórn. Þrátt fyrir tilgreindan samdrátt er áætlað að aukinn útflutningur áls segi til sín og hagvöxtur verði 2,2% árið 2007. Vegna áframhaldandi bata í utanríkisviðskiptum er spáð 3,1% hagvexti árið 2008. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er ekki reiknað með öðrum stóriðjuframkvæmdum en þeim sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Áætlað er að viðskiptahallinn hafi verið 22,4% af landsframleiðslu árið 2006. Aukninguna frá fyrri áætlun má rekja til mun meiri halla á jöfnuði þáttatekna en áður var gert ráð fyrir. Spáð er að viðskiptahallinn dragist hratt saman í ár og á næsta ári. Áætlað er að atvinnuleysi hafi verið 1,3% af vinnuafli að meðaltali árið 2006 og aukist í 2% í ár þegar hægir á efnahagslífinu. Spáð er 3,3% atvinnuleysi á næsta ári. Verðbólga var 6,8% milli áranna 2005 og 2006. Spáð er að hún nemi 3,8% að meðaltali árið 2007. Ráðgert er að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð upp úr miðju yfirstandandi ári. Spáð er 2,3% verðbólgu árið 2008.

Aðhald í stjórn peningamála jókst mikið árið 2006. Nýjar tölur benda til að aðhald í stjórn ríkisfjármála hafi einnig aukist umtalsvert það ár. Hvort tveggja hefur áhrif til að draga úr spennu í efnahagslífinu. Vegna hægari hagvaxtar árið 2006 en áður var spáð minnkar áætluð framleiðsluspenna það ár. Sökum hóflegs hagvaxtar er gert ráð fyrir að spennan hverfi úr hagkerfinu í ár og að framvindan verði í jafnvægi árið 2008.

Helstu óvissuþættir í þjóðhagsspánni varða ástand á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, gengi krónunnar og frekari stóriðjuframkvæmdir.

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður
sem hlutfall af VLF 1995-2008



Fólksbifreiðum með díselvélar fjölgar ört

Eitt af markmiðum lagasetningar um olíu- og kílómetragjald var að auka hlut bifreiða með díselvélar í bifreiðaflotanum af umhverfisástæðum. Lögin tóku gildi um mitt ár 2005 og síðan þá hefur hlutfall bifreiða með díselvélar aukist eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Með lögunum var fyrirkomulag skattlagningar á díselolíu einfaldað en jafnframt er olíugjaldið áfram lægra en samsvarandi skattlagning á bensín.

Samkvæmt upplýsingum á vef Umferðarstofu voru rétt tæplega 20.000 fólksbifreiðar fluttar til landsins árið 2006. Þar af voru 4.600 knúnar með díselvélum en það er rétt tæpur fjórðungur innfluttra fólksbifreiða það ár. Sama ár voru afskráðar 9.300 fólksbifreiðar sem þýðir að fyrir hverjar tvær sem fluttir voru inn til landsins fór ein af skrá. Yfirgnæfandi fjöldi afskráðra fólksbifreiða eru með bensínvél og því eykst hlutfall bifreiða með díselvél í bifreiðaflotanum. Þegar fyrirkomulagi skattlagningar á olíu var breytt var búist við að hlutdeild bifreiða með díselvélar í innflutningi lítilla fólksbifreiða yrði komin í 45% árið 2010. Í fyrra má rekja 45% aukningar bifreiðaflotans til bifreiða með díselvél. Ef þessi þróun heldur áfram, eins og búist er við, mun markmið lagasetningarinnar nást. Aukin hlutdeild bifreiða með díselvélar leiðir til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda á hvern ekinn kílómetra. Þótt fjölgun bifreiða auki heildarlosun bifreiðaflotans í landinu er áætlað að breytt samsetning hans hafi minnkað meðaleyðslu (og þar með losun) um 0,6% árið 2006, einu ári eftir að fyrirkomulagi á skattlagningu díselolíu var breytt.

Hlutfall fólksbifreiða með díselvélar í bifreiðaflotanum



Útgjöld til háskóla og rannsókna hafa aukist um 176%

Samkvæmt fjárlögum 2007 nema útgjöld til háskóla og rannsókna 21,7 milljörðum króna. Á tímabilinu 1998 til ársins 2007 hafa útgjöldin til málefnaflokksins aukist um 13,9 milljarða króna sem samsvarar 176% aukningu. Sé á sama tímabili tekið tillit til verðlagsbreytinga nemur aukningin 87%.

Hlutfallslega hafa útgjöldin aukist einna mest hjá Háskólanum á Akureyri og hjá Háskólanum í Reykjavík. Þess ber einnig að geta að fjölgun brautskráðra nemenda af háskólastigi á Íslandi nemur um 88% á tímabilinu 1998 til ársins 2005.

Útgjöld til háskóla og rannsókna - milljarðar króna



Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,3	12,9
Skattar á tekjur og hagnað	24,8	20,1
Eignarskattar	31,6	-42,6
Skattar á vöru og þjónustu	19,6	12,9
Tryggingagjöld	16,4	16,1
Tekjur alls	45,6	-6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	31,2	-21,2
Heilbrigðismál	5,5	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	4,9	4,8
Efnahags- og atvinnumál	-2,5	2,5
Menntamál	14,7	12,1
Gjöld alls	8,9	1,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	21.461	52.031
Hreinn lánsfjárjöfnuður	70.420	49.893
Afborgun lána	-61.597	-44.583
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.691	1.661
Lántökur	7.734	21.587
Greiðsluafkoma	11.425	23.248

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (janúar)	4,4	6,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	4,3	7,1
Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,5	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

25. janúar 2007

Þensla á fasteignamarkaði gengin niður

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins kemur fram að árið 2006 tók að hægja á og síðan draga úr eftirspurn á íbúðamarkaði. Eftir mikla aukningu á framboði nýrra fjölbýlisíbúða á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár hefur sú staða nýlega komið upp að nokkuð er um óseldar nýjar eignir. Nafnverð íbúða hefur staðið sem næst í stað frá miðju síðastliðnu ári en raunverð miðað við neysluvísitölu hefur tekið að lækka. Hraði verðbreytinga hefur einnig minnkað óðfluga og var í desember 2006 kominn undir verðbólgu mælda með vísitölu neysluverðs. Gert er ráð fyrir samdrætti íbúðafjárfestinga 2007. Miðað við síðustu vísbendingar um kaupáform heimilanna, hækkun verðtryggðra vaxta á íbúðalánamarkaði og að íbúðabyggingar hafi farið langt fram úr langtímaleitni er áætlað að samdrátturinn í ár nemi um 5%. Árið 2008 er spáð að íbúðafjárfesting dragist minna saman, eða um tæp 2%. Meðfylgjandi mynd sýnir greinilega að sú þensla sem einkenndi fasteignamarkaðinn árið 2005 er nú gengin niður.

Velta og verð á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu 2004–2006



Stefna mörkuð um árangursríkan ríkisrekstur

Ríkisstjórnin hefur að tillögu fjármálaráðherra samþykkt stefnu um árangursríkan ríkisrekstur. Stefnan lýsir heildarsýn á umbætur í ríkisrekstri undir kjörorðunum **skilvirk þjónusta á einfaldan og hagkvæman hátt.** Sett eru fram fimm meginmarkmið umbóta í ríkisrekstri sem lúta bæði að innri starfsemi ríkisins og að samskiptum þess við einstaklinga og fyrirtæki.

Rekstur ríkisins skiptir atvinnulíf og borgara miklu máli og þróun hans mun því hafa áhrif á samkeppnishæfni Íslands á næstu árum. Kröfur til ríkisins fara vaxandi, bæði hvað varðar bætta þjónustu og vandaða málsmeðferð, en jafnframt um hagkvæmari rekstur og skilvirkni. Þetta kallar á aukinn sveigjanleika við tilhögun ríkisrekstrar. Leita þarf nýrra leiða til að bæta reksturinn og jafnframt kanna möguleika á að fela öðrum aðilum að sinna tilteknum verkefnum ríkisins. Umgjörð ríkisrekstrar þarf því að vera skýr og einföld.

Markmiðin fimm sem sett eru fram í stefnu um árangsríkan ríkisrekstur snúa að skipulagi ríkisrekstrar, stjórnháttum hjá ríkinu, fjármálastjórn ríkisins, starfsmannastjórnun hjá ríkinu og samskiptum ríkisins og einkamarkaðar. Markmiðunum er síðan skipt niður í undirmarkmið og áhersluatriði.

Gert er ráð fyrir að unnið verði nánar að ýmsum úrbótaverkefnum á grunni stefnu um árangursríkan ríkisrekstur.

Skuldir ríkissjóðs

Hreinar skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa farið lækkandi á undanförnum árum. Í árslok 2001 námu þær um 21% af VLF og í árslok 2006 er áætlað að þær nemi rúmum 6% af VLF. Þannig námu þær tæpum 169 milljörðum króna í árslok 2001 og eru áætlaðar rúmir 74 milljarðar um síðustu áramót. Hrein staða ríkissjóðs, þ.e. hreinar skuldir að viðbættu handbæru fé, hefur einnig batnað, frá því að vera neikvæð um tæp 19% í árslok 2001 í það að vera áætluð rúmlega 1% í árslok 2006.

Skuldir ríkissjóðs 2001–2006



Á árinu 2006 var á gjalddaga eitt stórt erlent lán að fjárhæð 250 milljónir evra, að jafnvirði 22,5 milljarðar króna, sem tekið var í apríl 2001. Um var að ræða vaxtagreiðslubréf sem greitt var að fullu. Undir lok október sl. var Seðlabanka Íslands heimilað að ganga til samninga um erlenda lántöku ríkissjóðs til að efla gjaldeyrisforða Íslands með því að annast opinbera skuldabréfaútgáfu fyrir hönd ríkissjóðs á EMTN markaði að fjárhæð allt að einum milljarði EUR. Vaxta- og gjaldmiðlaáhættu af útgáfunni var eytt með því að kaupa auðseljanleg skuldabréf í samsvarandi tímalengdum. Úboðið tókst ágætlega og voru kjör útgáfunnar einum grunnpunkti undir millibankavöxtum (EURIBOR). Skuldabréfin bera fasta 3,75% vexti sem greiddir eru árlega fram að gjalddaga 1. desember 2011.

Góð staða ríkissjóðs gaf ekki tilefni til aukinnar skuldabréfaútgáfu á innlendum lánamarkaði á árinu 2006 en hins vegar var talið mikilvægt að viðhalda útgáfu ríkisverðbréfa á markaði. Þessar útgáfur mynda grunnvexti á markaði sem aðrir útgefendur miða kjör sín við. Samfelldur vaxtaferill áhættulausra vaxta sem byggist á útgáfum ríkissjóðs myndar þannig nauðsynlega undirstöðu fyrir verðmat á öðrum verðbréfum og afleiðum. Sökum lítillar útgáfuþarfar ríkissjóðs á undanförnum árum hafa útgáfur ríkissjóðs eingöngu miðast við óverðtryggð skuldabréf en Íbúðalánasjóður hefur hins vegar gefið út verðtryggð skuldabréf. Íbúðalánasjóður nýtur ríkisábyrgðar og hafa útgáfur hans því sambærilega stöðu og ríkissjóðs til vaxtamyndunar á markaði.

Í maí sl. var kynnt ný útgáfuáætlun sem miðaði að því að taka upp reglubundna útgáfu ríkisbréfa til tveggja ára og ríkisvíxla til 3ja mánaða. Fyrir voru flokkar ríkisbréfa til lengri tíma. Þessari útgáfu er ætlað að styðja við hagstjórn með því að tryggja að til staðar sé samfelldur óverðtryggður vaxtaferill allt að sjö árum. Þannig fást mikilvægar upplýsingar um væntingar í hagkerfinu sem nýtast m.a. við stjórn peningamála.

Á þessu ári er áfram gert ráð fyrir að útgáfa ríkissjóðs miðist við það að viðhalda markaðshæfni og styrkja vaxtamyndun með áframhaldandi útboðsfyrirkomulagi í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt var sl. vor. Áætlanir gera ráð fyrir að útgáfu verði mætt með innlausn flokka og uppkaupum á markaði.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,3	12,9
Skattar á tekjur og hagnað	24,8	20,1
Eignarskattar	31,6	-42,6
Skattar á vöru og þjónustu	19,6	12,9
Tryggingagjöld	16,4	16,1
Tekjur alls	45,6	-6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	31,2	-21,2
Heilbrigðismál	5,5	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	4,9	4,8
Efnahags- og atvinnumál	-2,5	2,5
Menntamál	14,7	12,1
Gjöld alls	8,9	1,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	21.461	52.031
Hreinn lánsfjárjöfnuður	70.420	49.893
Afborgun lána	-61.597	-44.583
Brúttó lánsfjárjöfnuður	3.691	1.661
Lántökur	7.734	21.587
Greiðsluafkoma	11.425	23.248

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (janúar)	4,4	6,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	4,3	7,1
Launavísitala (desember)	7,2	9,8
Heildarvelta (jan.-okt.)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt.)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,5	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

1. febrúar 2007

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – desember 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2006 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri jókst um 65,7 ma.kr. innan ársins sem er 33,7 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma 2005. Tekjur reyndust tæpum 40 ma.kr. hærri en 2005, ef undanskildar eru tekjur vegna sölu Landssímans hf., á meðan gjöldin hækkuðu um rúma 6 ma.kr.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 381 ma.kr. á árinu 2006. Á árinu 2005 voru tekjurnar 342 ma.kr. (án 57 ma.kr. söluhagnaðar af Landssímanum). Skattar á tekjur og hagnað námu alls 126 ma.kr. og jukust um 25 ma.kr. milli ára eða 24,5%. Tekjuskattur einstaklinga var 78 ma.kr. og jókst um 13,3% en lögaðilar greiddu 31 ma.kr. sem er 104% aukning. Fjármagnstekjuskattur nam tæpum 17 ma.kr., svipaðri fjárhæð og 2005, en 5,6 ma.kr. af skattinum á því ári greiddi ríkissjóður vegna sölu Landssímans. Innheimta eignarskatta nam 9 ma. kr. og tryggingagjalda 37 ma.kr. Innheimta almennra veltuskatta nam 176 ma.kr. á árinu. Þar af nam virðisaukaskattur 122 ma.kr. og jókst um 3,2% að raunvirði.

Greidd gjöld nema 314,7 ma.kr. og hækka um 6,3 milljarða frá fyrra ári. Vaxtagreiðslur lækka um 7,8 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl 2005. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 5,8 milljarða milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkisjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 20 milljarða eða 7%. Mest munar um 6,7 ma.kr. hækkun til heilbrigðismála og 4,4 ma.kr. til almannatrygginga og velferðarmála. Þá hækka greiðslur til almennar opinberrar þjónustu um 3,9 ma.kr. og til menntamála um 3,2 ma.kr.

Lántökur ársins nema 115,7 milljörðum króna og skýrast að mestu af erlendri lántöku að fjárhæð 1 milljarður evra, til styrkingar gjaldeyrisforða Íslands. Andvirði lánsins um 90 milljarðar króna var endurlánað til Seðlabanka Íslands sem hefur umsjón með gjaldeyrisforðanum. Skýrir það jafnframt 91 milljarða útstreymi fjármunahreyfinga. Greiddir voru 4 milljarðar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Um aðhaldsstig ríkisfjármála

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins kemur fram að hægja tók á vexti þjóðarútgjalda, þ.e. neyslu og fjárfestingar, árið 2006. Þessa þróun má m.a. rekja til veikingar á gengi krónunnar og aukins aðhalds í efnahagsstjórn. Aðhald í stjórn peningamála jókst mikið árið 2006. Þá benda nýjar hagtölur til þess að aðhaldsstig ríkisfjármála hafi aukist enn það ár.

Afkoma ríkissjóðs



Til að meta hagstjórnaráhrif ríkisfjármála er nauðsynlegt að aðgreina hagsveifluáhrif frá langtímajafnvægi í tekjuafkomu ríkissjóðs. Slík leiðrétting er gerð á grundvelli mælinga á framleiðsluspennu sem er munurinn á mældri landsframleiðslu og metinni framleiðslugetu. Samhliða miklum hagvexti árið 2005 jókst framleiðslugeta hagkerfisins umtalsvert og framleiðsluspennan var það ár metin 3,8% af framleiðslugetu. Nýjungar á fjármálamarkaði árin 2004 og 2005 lögðust á eitt með stóriðjuframkvæmdum til að auka hagvöxt og ójafnvægi tímabundið. Vegna minni hagvaxtar árið 2006 minnkaði framleiðsluspennan og er nú talin hafa verið 1,0% af framleiðslugetu. Árið 2006 er hagsveifluleiðréttur tekjuafgangur ríkissjóðs áætlaður 4,5% af landsframleiðslu og hélt hann því áfram að aukast á milli ára, en hagsveifluleiðréttur tekjuafgangur árið 2005 nam 4,0% af landsframleiðslu og 0,9% árið 2004. Árið 2003 varð 1% kerfislægur tekjuhalli á ríkissjóðs. Milli áranna 2003 og 2006 jókst því kerfislægur afgangur ríkissjóðs um 5,5% af landsframleiðslu sem staðfestir að aðhaldsstig ríkisfjármála varð umtalsvert þegar uppsveiflan var í hámarki. Í ár og á næsta ári er gert ráð fyrir miklum samdrætti í þjóðarútgjöldum og að kerfislæg afkoma ríkissjóðs dragist saman sem stuðlar að aðlögun hagkerfisins að jafnvægi.

Eldri borgarar og atvinnutekjur

Samspil atvinnutekna og greiðslna almannatrygginga virkar í grundvallaratriðum þannig að ákveðið hlutfall af atvinnutekjum kemur til lækkunar á greiðslum almannatrygginga. Með nýlegum breytingum á almannatryggingum er dregið verulega úr tengingu bóta almannatrygginga við atvinnutekjur.

Atvinnutekjur og greiðslur úr almannatryggingum



Í fyrsta lagi var almennt hlutfall tekjutengingar lækkað úr 45% í 39,95% (fer í 38,35% árið 2008) á tekjutryggingu, í öðru lagi var sett ákveðið frítekjumark á atvinnutekjur og í þriðja lagi teljast einungis 60% af atvinnutekjum til útreikninga á greiðslur almannatrygginga og því lækkar hlutfall tekjutengingar á tekjutryggingarauka úr 45% í 23,6%. Einnig er nú hægt að fresta töku lífeyris gegn hærri framtíðargreiðslum úr almannatryggingum. Samsvarandi breytingar voru gerðar hvað örorkulífeyrisþega varðar. Myndin sýnir samspil greiðslna almannatrygginga og atvinnutekna einstæðra einstaklinga á ellilífeyrisaldri. Borin er saman staðan í byrjun árs 2006 við stöðuna í byrjun árs 2007 á grundvelli sömu atvinnutekna á mánuði. Gráu súlurnar sýna tekjurnar m.v. ársbyrjun 2006 og þær bláu stöðuna m.v. ársbyrjun 2007. Neðri hluti súlnanna sýnir atvinnutekjurnar og efri hlutinn uppbótina úr almannatryggingum. Hækkunin á uppbótinni úr almannatryggingum er frá 16%. Miðað við t.d. 200 þús.kr. atvinnutekjur á mánuði hækkar greiðsla almannatrygginga meira en fimmfalt. Þeir sem hafa hærri atvinnutekjur, eða um 250 þús.kr. á mánuði njóta góðs af lækkun á hlutföllum tekjutengingar. Þeir fá um 50 þús.kr. greiðslu úr almannatryggingum ofan á 250 þús.kr. atvinnutekjur og verða því heildartekjurnar um 300 þús.kr. á mánuði. Á árinu 2006 fékk slíkur einstaklingur ekki neina greiðslu úr almannatryggingum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,7	12,5
Skattar á tekjur og hagnað	22,8	24,5
Eignarskattar	23,7	-38,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,4	9,0
Tryggingagjöld	16,2	15,4
Tekjur alls	42,2	-4,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	28,5	-16,5
Heilbrigðismál	6,9	8,5
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	6,4
Efnahags- og atvinnumál	4,3	-2,5
Menntamál	15,0	10,6
Gjöld alls	10,0	2,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	32.014	65.719
Hreinn lánsfjárjöfnuður	81.888	-25.435
Afborgun lána	-62.305	-46.097
Brúttó lánsfjárjöfnuður	14.101	-75.531
Lántökur	10.234	115.713
Greiðsluafkoma	24.335	40.182

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (janúar)	4,4	6,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	4,3	7,1
Launavísitala (desember)	7,2	9,8
Heildarvelta (jan.-okt.)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt.)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,5	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Vaxtajöfnuður ríkissjóðs jákvæður

Vaxtajöfnuður ríkissjóðs, þ.e. munurinn á vaxtatekjum og vaxtagjöldum, var jákvæður á síðasta ári og batnar frekar í ár skv. áætlun fjármálaráðuneytisins. Á meðfylgjandi mynd má sjá jöfnuðinn í milljörðum króna á föstu verðlagi 2007 miðað við vísitölu neysluverðs. Sjá má að jöfnuðurinn batnar óslitið frá 1995 til ársins 2002 en versnar tímabundið á árunum 2003-2005. Vaxtajöfnuðurinn stefnir svo í að vera jákvæður fyrir árin 2006 og 2007 eins og áður segir. Helsti áhrifaþáttur í þessari þróun er lækkun hreinna skulda, en eins og fjallað var um í vefriti fjármálaráðuneytsins 25. janúar síðastliðinn hafa hreinar skuldir ríkissjóðs lækkað umtalsvert á undanförnum árum. Aðrir þættir hafa einnig haft áhrif á þróunina, m.a. breytt skuldasamsetning óverðtryggðra og verðtryggðra lána, gengisþróun, vaxtastig og sú tiltekt sem fram hefur farið varðandi afskriftir á ofmetnum skattkröfum.

Jöfnuður vaxtatekna ríkissjóðs 1995 – 2007



Innflutningur í janúar

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands var vöruskiptahallinn í janúar neikvæður um 6,5 milljarða króna. Hallinn lækkar um 2,5 milljarða króna milli mánaða en hafa ber í huga að innflutningstölur fyrir desembermánuð eru einnig bráðabirgðatölur. Breytinguna má rekja til bæði inn- og útflutningshliðar. Vöruútflutningur var 20,3 milljarða króna virði og er það nokkur aukning eftir að hafa dregist saman lítillega síðustu þrjá mánuði. Aukninguna má einkum rekja til aukins álútflutnings. Innflutningur dróst hins vegar saman milli mánaða, og var flutt var inn fyrir 26,8 milljarða króna miðað við 28 milljarða í desember. Innflutningur án skipa og flugvéla hefur dregist saman um 4,4% síðustu tólf mánuði ef miðað er við þriggja mánaða staðvirt meðaltal. Ef rýnt er í undirliði innflutnings sést að innflutningur dregst saman þrátt fyrir að innflutningur eldsneytis hafi aukist umtalsvert en sá liður er jafnan mjög sveiflukenndur milli mánaða. Innflutningur á matvælum dregst saman miðað við jólamánuðinn og talsvert hefur dregið úr innflutningi á hrá- og rekstrarvörum. Innflutningur fjárfestingarvara stendur í stað og innflutningur flutningatækja er á svipuðu róli og í desember. Innflutningur neysluvara dregst hinsvegar lítillega saman í öllum flokkum. Hafa ber í huga að greining á undirliðum innflutnings er háð meiri óvissu en áður þar sem innflutningsgögnin byggjast á endurbættu tollflokkunarkerfi sem tók gildi um áramótin. Á alþjóðavísu er vinnu við samsvarandi breytingar á hagræna flokkunarkerfinu ekki lokið en innflutningstölur eru að jafnaði birtar á því formi.

Rekstur ríkisstofnana og viðhorf forstöðumanna

Í lok nýliðins árs fór fram viðamikil viðhorfskönnun meðal ríkisstarfsmanna. Gagnaöflun stóð yfir fram að jólum og er nú unnið að greiningu gagna, en vonir standa til að helstu niðurstöður verði gefnar út og kynntar fyrir páska. Hluti könnunarinnar snýr að forstöðumönnum ríkisstofnana sem fá á næstu dögum senda tvo spurningalista.

Annar listinn inniheldur staðreyndaspurningar þar sem ætlunin er að kanna fyrirkomulag starfsmannamála, verkefni stofnana, árangursstjórnunun og fleira sem tengist starfsemi ríkisstofnana. Þar sem um staðreyndir er að ræða er þessum spurningalista svarað undir heiti stofnunarinnar en þannig er mögulegt að kanna áhrif mismunandi stjórnunaraðferða, m.a. á viðhorf starfsmanna. Hinn spurningalistinn, sem er nafnlaus, inniheldur viðhorfsspurningar þar sem markmiðið er að fá mat forstöðumanna á fyrrnefndum atriðum, en til viðbótar verður spurt um viðhorf þeirra til ýmissa umbótaverkefna ríkisins sem og viðhorf til eigin starfs.

Báðir spurningalistarnir verða sendir forstöðumönnum á næstu dögum og vonast aðstandendur til að þátttaka forstöðumanna verði góð. Könnunin mun gefa mikilvægar upplýsingar og gott yfirlit yfir aðferðafræði sem notuð er við stjórnun ríkisstofnana og gagnast öllum sem koma að málaflokknum. Niðurstöðurnar verða nýttar til að móta áherslur stjórnunar hjá ríkinu sem og í starfsmannamálum. Könnunin hefur jafnframt fræðilegt gildi á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Þessi hluti könnunar á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær til um 200 forstöðumanna ríkisins en skilyrði fyrir þátttöku er að á stofnuninni starfi fimm eða fleiri starfsmenn. Til samanburðar má nefna að þetta er sama skilyrði og árið 1998 þegar sambærileg könnun var gerð, sem náði þá til tæplega 250 forstöðumanna. Nánari upplýsingar eru á vef fjármálaráðuneytisins, sjá Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna á forsíðu vefsins.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis árin 1998-2007 vegna vinnumála

Á árinu 1998 námu útgjöld félagsmálaráðuneytis vegna vinnumála 3.067 m.kr. á verðlagi þess árs. Í fjárlögum árið 2007 eru sömu útgjöld 12.229 m.kr. Það er tæplega 300% hækkun frá árinu 1998 eða árleg meðalhækkun sem nemur 16,6%. Á sama tíma er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um tæp 48% eða 4,4% á ári að meðaltali. Vísitala samneyslu, en það er vísitala sem mælir verðhækkanir á opinberri þjónustu, hækkar hins vegar um 69% á sama tímabili skv. spá um árið 2007, eða 6% á ári að meðaltali. Þróun útgjalda félagsmálaráðuneytis vegna vinnumála er sýnd á myndinni samkvæmt reikningi á verðlagi hvers árs fyrir árin 1998 til 2005. Útgjöld eru miðuð við fjárlög og fjáraukalög 2006 og fjárlög ársins 2007. Mikil aukning útgjalda á árinu 2001 skýrist af því að greiðsla fæðingarorlofs hófst í upphafi þess árs og útgreiðslur sjóðsins voru ekki komnar í jafnvægi fyrr en á árunum 2003 til 2004. Þá hafa verið nokkrar sveiflur í greiðslum atvinnuleysisbóta á tímabilinu.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis árin 1998-2007 vegna vinnumála



1. Fjárlög og fjáraukalög. 2. Fjárlög.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,7	12,5
Skattar á tekjur og hagnað	22,8	24,5
Eignarskattar	23,7	-38,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,4	9,0
Tryggingagjöld	16,2	15,4
Tekjur alls	42,2	-4,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	28,5	-16,5
Heilbrigðismál	6,9	8,5
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	6,4
Efnahags- og atvinnumál	4,3	-2,5
Menntamál	15,0	10,6
Gjöld alls	10,0	2,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember		
Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	32.014	65.719
Hreinn lánsfjárjöfnuður	81.888	-25.435
Afborgun lána	-62.305	-46.097
Brúttó lánsfjárjöfnuður	14.101	-75.531
Lántökur	10.234	115.713
Greiðsluafkoma	24.335	40.182

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Verðbólga (janúar)	4,4	6,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	4,3	7,1
Launavísitala (desember)	7,2	9,8
Heildarvelta (jan.-okt.)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt.)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,5	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

15. febrúar 2007

Reglugerð um heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli

Fjármálaráðherra hefur sett reglugerð um veitingu heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Reglugerðin er sett á grundvelli laga um ársreikninga þar sem kveðið er á um veitingu slíkrar heimildar. Samkvæmt lögunum getur ráðherra sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar en í lögunum greinir. Markmiðið með reglugerðinni er að skýra nánar nokkur skilyrði lag anna fyrir veitingu heimildar til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli.

Í reglugerðinni er m.a. kveðið á um að það sé skilyrði fyrir því að heimild sé veitt til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli að viðkomandi gjaldmiðill teljist vera starfrækslugjaldmiðill félagsins sem í hlut á, en starfrækslugjaldmiðill er samkvæmt reglugerðinni sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest allra gjaldmiðla í viðskiptum félags eða samstæðu og meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fer fram í. Erlendi gjaldmiðillinn sem sótt er um heimild til uppgjörs í verður m.ö.o. að vega þyngra en íslenska krónan í viðskiptum hlutaðeigandi félags. Við mat á því í hvaða gjaldmiðli meginhluti viðskipta fer fram skal litið heildstætt til tekna, gjalda, eigna, skulda og annarra viðskiptalegra þátta í rekstri viðkomandi félags. Með reglugerðinni eru og sett nánari ákvæði varðandi eftirlit með því að félög sem fengið hafa heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli uppfylli skilyrðin fyrir heimildinni.

Þá má nefna að í reglugerðinni er kveðið á um að ef lánastofnun sækir um heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli, skuli ársreikningaskrá leita umsagnar Seðlabanka Íslands um umsóknina.

Reglugerðin sem um ræðir er nr. 101/ 2007.

Ellilífeyrisgreiðslur hæstar á Íslandi af Norðurlöndunum

Samkvæmt nýjustu útgáfu NOSOSKO (Nordisk Socialstatistisk Komité 27:2006) eru ellilífeyrisgreiðslur hæstar á Íslandi af Norðurlöndunum. Í mælikvarðanum eru teknar allar lífeyrisgreiðslur á mann, bæði frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Í samanburðinum er ellilífeyrir á Norðurlöndunum í kaupmáttarleiðréttum evrum þ.e. tekið er tillit til verðlags í hverju landi. Tölurnar miðast við mánaðargreiðslur og eiga við um árið 2004. Það ber þó að taka fram að tölur NOSOSKO byggjast á meðaltölum og getur ellilífeyrir innan hópsins verið misjafn.

Ellilífeyrisgreiðslur á mann 2004 (fyrir skatta)



Heimild: NOSOSKO.

Eins og sést á myndinni eru ellilífeyrisgreiðslur hæstar á Íslandi, nokkru hærri en hjá Norðmönnum sem koma næstir.

Íbúðafjárfesting árið 2006 meiri en talið var

Af nýrri samantekt Fasteignamats ríkisins á fjölda íbúða í byggingu árið 2006 má ráða að íbúðafjárfesting á síðasta ári var nokkru meiri en fyrri tölur gáfu tilefni til að ætla. Um leið er einnig hægt að álykta að íbúðabyggingar hafi náð hámarki og séu í rénun, eins og spá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir.

Bygging íbúða á öllu landinu árin 2001-2006



Heimild: Hagstofan og Fasteignamat ríkisins.

Alls var byrjað að byggja 3.746 íbúðir á síðasta ári, sem er nokkru minna en árið 2005 þegar byggingaraldan stóð sem hæst, en þá var hafin bygging á 4.393 íbúðum. Samdrátturinn milli 2005 og 2006 nemur um 15% eftir nær 60% aukningu árið á undan sem er í samræmi við aðrar upplýsingar um að þensla á fasteignamarkaði fari minnkandi.Fjöldi fullgerðra íbúða sveiflast ekki nærri eins mikið. Hann jókst úr 3.106 2005 í 3.294 íbúðir 2006 eða um 6%. Árið 2004 var lokið við 2.355 íbúðir, þannig að aukningin 2004 til 2005 nam 32%. Þar sem fjöldi byrjaðra íbúða árin 2005 og 2006 er mun meiri en fjöldi fullgerðra íbúða hefur fjöldi íbúða í byggingu í árslok aukist úr 4.692 íbúðum í árslok 2005 í 5.144 íbúðir í lok síðasta árs.

Tölur þessar benda til að janúarspá fjármálaráðuneytis um 11% aukningu íbúðafjárfestingar árið 2006 reynist of lág.

Þjónustusamningar hjá ríkinu

Í nýrri stefnu ríkisstjórnarinnar um árangursríkan ríkisrekstur er lögð áhersla á að ríkið nálgist markaðinn sem upplýstur kaupandi vöru og þjónustu. Stefnan byggist m.a. á reglugerð nr. 343/2006 um þjónustusamninga sem gefin var út í fyrra og samþykkt ríkisstjórnarinnar um útvistunarstefnu. Í útvistunarstefnunni er síðan lögð áhersla á að ráðuneytin endurskoði alla samninga sem ekki uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Auk þess hefur ráðuneytið gefið út handbók um gerð þjónustusamninga.

Í reglugerðinni er að finna ýmsar breytingar til að bæta málsmeðferð og skýra verkferla, eftirfylgni, ábyrgðarsvið og hlutverk þeirra sem koma við sögu innan ríkisgeirans. Lögð er aukin áhersla á að frum athugun fari fram áður en gengið er til samninga eða verkefni boðið út. Í því felst m.a. að afla heimildar frá viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu fyrir verkefninu. Einnig er lögð áhersla á að bjóða út verkefni yfir tiltekinni viðmiðunarfjárhæð. Ráðuneytin eða stofnanir eiga sem verkkaupar að skilgreina kröfur til verksala. Verksali ber ábyrgð á framkvæmd samningsins með því að veita verkkaupa tiltekna þjónustu í því magni og af þeim gæðum svo og samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um. Hann skal einnig afhenda verkkaupa þær upplýsingar og gögn sem samningurinn mælir fyrir um. Þær taka m.a. til starfs- og rekstrarleyfa, auk þess sem verkkaupi getur gert kröfur um fjárhagslegt bolmagn verksala á meðan á veitingu þjónustunnar stendur. Sé verksali einkaaðili eða sjálfseignarstofnun skal í samningi koma fram að heimilt sé að krefja hann um ársreikning.

Einnig er kveðið svo á að við samningslok skuli verkkaupi gera úttekt á framkvæmd samningsins þar sem metið er hvernig til hafi tekist. Slík úttekt skal lögð til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um framhald verkefnisins eða endurnýjun á þjónustusamningi.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,7	12,5
Skattar á tekjur og hagnað	22,8	24,5
Eignarskattar	23,7	-38,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,4	9,0
Tryggingagjöld	16,2	15,4
Tekjur alls	42,2	-4,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	28,5	-16,5
Heilbrigðismál	6,9	8,5
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	6,4
Efnahags- og atvinnumál	4,3	-2,5
Menntamál	15,0	10,6
Gjöld alls	10,0	2,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	32.014	65.719
Hreinn lánsfjárjöfnuður	81.888	-25.435
Afborgun lána	-62.305	-46.097
Brúttó lánsfjárjöfnuður	14.101	-75.531
Lántökur	10.234	115.713
Greiðsluafkoma	24.335	40.182

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (febrúar)	4,1	7,4
Kjarnaverðbólga (febrúar)	3,8	7,9
Launavísitala (des. '06)	7,2	9,8
Heildarvelta (jan.-okt. '06)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt. '06)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (jan.)	1,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

22. febrúar 2007

Aukin velta á gjaldeyrismarkaði

Á undanförnum árum hefur velta á gjaldeyrismarkaði á Íslandi aukist til muna. Árið 2004 var veltan tæpir 950 milljarðar króna en árið 2006 hafði veltan ríflega fjórfaldast og var 4.400 milljarðar króna. Þessi þróun endurspeglar aukin tengsl íslensks fjármálamarkaðar við alþjóðlega markaði. Þáttaskil urðu á haustmánuðum 2005 þegar gefin voru út fyrstu jöklabréfin hér á landi en það eru bréf gefin út í krónum af erlendum aðilum. Útgáfan er liður í svokölluðum vaxtamunarviðskiptum (e. carry trade) sem byggjast á því að taka lán þar sem vextir eru lágir og fjárfesta í ríkjum sem búa við háa vexti. Eins og sakir standa er Ísland kjörið fyrir vaxtamunarviðskipti þar sem landið er með traustar efnahagsstoðir og gott lánstraust en býr við hátt vaxtastig og mikla eftirspurn eftir lánsfé.

Útgáfa og innlausn krónubréfa ágúst 2005 – desember 2007



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Frá haustmánuðum 2005 hafa verið gefin út jöklabréf fyrir um 383 milljarða króna. Útgáfan fór hressilega af stað en féll niður í kjölfar óróa á fjármálamörkuðum í febrúar og mars 2006. Á þeim tíma jókst velta á gjaldeyrismarkaði afar mikið þar sem fjárfestar losuðu sig úr krónustöðum. Þegar öldur lægði glæddist útgáfa jöklabréfa á ný og náði nýjum hæðum í janúar síðastliðnum þegar útgáfan nam 68,5 milljörðum króna.

Vaxtamunur og velta á gjaldeyrismarkaði jan. 2005 – jan. 2007



Heimildir: EcoWin, Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið.

Jöklabréfaútgáfa er ekki eini vitnisburðurinn um aukinn áhuga erlendra aðila á íslenskum fjármálamarkaði því háir vextir á íslenskum verðbréfum hafa laðað að sér erlent fjármagn í auknum mæli. Þetta hefur komið fram í viðskiptum með ríkis- og húsbréf en einnig hlutabréf eftir góð uppgjör fyrirtækja hér á landi síðustu misseri. Fyrir vikið virðist vera nokkuð stöðug aukning í veltu á gjaldeyrismarkaði og það sem af er ári hefur gengi krónu styrkst talsvert eða um 8%. Aukin samþætting íslensks fjármálamarkaðar við hinn alþjóðlega hefur valdið því að atburðir sem tengjast Íslandi ekki beint geta haft áhrif hér á landi. Til dæmis getur hækkun vaxta í ríkjum með lága vexti haft áhrif á vaxtamunaviðskipti hér á landi. Að sama skapi hefur þess orðið vart að þróun á Íslandi hefur haft áhrif á erlendum mörkuðum.

Vöruviðskipti 2006 – meiri viðskiptahalli en áætlað var

Hagstofa Íslands kynnti í gær vöruskiptajöfnuð gagnvart útlöndum fyrir árið 2006. Vöruskiptahallinn var um 148,6 ma.kr. sem er tæplega 43 ma.kr. lakari niðurstaða en árið 2005. Í vetrarskýrslu fjármálaráðuneytisins, sem kom út í janúar sl., var áætlað að vöruskiptahallinn hefði verið 125,7 ma.kr. á nýliðnu ári. Hér er um að ræða vanáætlun upp á tæplega 23 ma.kr. en um helmingur þessarar fjárhæðar er rakinn til vöruskipta með flugvélar. Tölur um milliríkjaviðskipti með flugvélar hafa tekið miklum breytingum hjá Hagstofu Íslands frá síðustu birtingu þar til í gær. Sé aðeins horft til leiðréttingar á viðskiptum með flugvélar má búast við að viðskiptahallinn hafi verið um 23,5% af landsframleiðslu í stað 22,4% árið 2006 eins og niðurstaða vetrarskýrslunnar gaf til kynna. Sé leiðrétt fyrir allri vanáætlun ráðuneytisins á vöruskiptahallanum má reikna með að viðskiptahallinn hafi verið um 24,5% árið 2006. Það skal undirstrikað að þessar tölur geta tekið breytingum þegar endanlegar tölur um þjónustu- og þáttatekjujöfnuð og landsframleiðslu liggja fyrir.

Fjármálaráðuneytið mun birta nýja þjóðhagsspá fyrir tímabilið 2008-2012 þann 24. apríl næstkomandi. Á sama tíma munu einnig liggja fyrir bráðabirgðatölur Hagstofunnar fyrir þjóðhagsreikninga árið 2006.

Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna eykst

Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun um lífeyrisgreiðslur á hvern örorkulífeyrisþega hafa greiðslurnar hækkað um 142% á tímabilinu frá 1995 til ársins 2006. Þetta samsvarar um 61% kaupmáttaraukningu á greiðslum Tryggingastofnunar á því tímabili. Til samanburðar hefur kaupmáttur launa á umræddu tímabili aukist um 40%. Ýmsar skýringar eru á hækkun greiðslna til örorkulífeyrisþega. Verulega hefur verið dregið úr tekjutengingu örorkulífeyrisgreiðslna, og sérstakar hækkanir á bótaflokka og tilkoma aldurstengdrar örorkuuppbótar eru meðal annarra ástæðna fyrir hækkunum. Lífeyrisgreiðslurnar munu hækka enn frekar með þeim breytingum sem hafa tekið í gildi í ár, t.d. verður dregið enn frekar úr tekjutengingu.

Lífeyrisgreiðslur örorkulífeyrisþega á mann 1995–2006



Heimildir: Tryggingastofnun Íslands og Hagstofa Íslands.

Myndin sýnir þróun lífeyrisgreiðslna til örorkulífeyrisþega á mann í samanburði við þróun neysluverðsvísitölu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,7	12,5
Skattar á tekjur og hagnað	22,8	24,5
Eignarskattar	23,7	-38,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,4	9,0
Tryggingagjöld	16,2	15,4
Tekjur alls	42,2	-4,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember

12 mánaða breyting (%)	*2005*	*2006*
Almenn opinber þjónusta	28,5	-16,5
Heilbrigðismál	6,9	8,5
Alm.trygg. & velferðarmál	3,5	6,4
Efnahags- og atvinnumál	4,3	-2,5
Menntamál	15,0	10,6
Gjöld alls	10,0	2,1

Afkoma ríkissjóðs janúar-desember

Milljónir króna	*2005*	*2006*
Handbært fé frá rekstri	32.014	65.719
Hreinn lánsfjárjöfnuður	81.888	-25.435
Afborgun lána	-62.305	-46.097
Brúttó lánsfjárjöfnuður	14.101	-75.531
Lántökur	10.234	115.713
Greiðsluafkoma	24.335	40.182

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (febrúar)	4,1	7,4
Kjarnaverðbólga (febrúar)	3,8	7,9
Launavísitala (janúar)	8,3	10,1
Heildarvelta (jan.-okt. '06)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt. '06)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (jan.)	1,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

1. mars 2007

Aðgerðir til að lækka matvælaverð á Íslandi

Með lögum nr. 175/2006 sem samþykkt voru 20. desember 2006 og koma til framkvæmda í dag lækkar virðisaukaskattur á öll matvæli í 7%. Allur þorri matvæla bar áður 14% skatt og nokkrar vörur 24,5%. Lækkun þessi nær einnig til veitingahúsa, mötuneyta og hliðstæðra aðila. Ennfremur verða vörugjöld af matvælum öðrum en sykri felld niður, en þau voru mismunandi eftir vöruflokkum. Innflutningstollur af kjötvörum verður lækkaður um 40% á alls 870 tonna innflutningi kjöts. Virðisaukaskattur á annarri vöru og þjónustu sem til þessa hefur verið í 14% skattþrepi lækkar einnig í 7%. Sú lækkun nær til eftirfarandi þátta.

- Útleigu hótel- og gistiherbergja svo og önnur gistiþjónusta.
- Afnotagjalds útvarps- og sjónvarpsstöðva.
- Tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Bóka, frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.
- Sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Aðgangs að vegamannvirkjum.

Þá lækkar virðisaukaskattur á geisladiskum, hljómplötum, segulböndum og sambærilegum miðlum með tónlist (ekki mynd) einnig niður í 7%.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð 2007 liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum. Breytingar hafa verið gerðar á mánaðaruppgjöri ríkissjóðs með nýju ári og er þeim lýst í niðurlagi þessarar greinar.

Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 19,8 milljarða króna innan ársins, sem er 5,9 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 5,1 milljarði hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 10,7 milljörðum hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um 2,7 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 10,3 milljarða króna en var jákvæður um 12,8 milljarða á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist af kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Kaupin eru fjármögnuð annars vegar með 26,9 milljarða króna lántöku og hins vegar með 3,4 milljarða reiðufé.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs í janúar 2007 námu 51,8 milljörðum króna og voru tæpum 11 milljörðum eða 25,9% meiri en í janúar 2006.

Skatttekjur og tryggingargjöld námu 49,5 milljörðum króna í nýliðnum janúar. Þær jukust um 38,4% að nafnvirði milli ára eða 29,5% umfram verðbólgu á sama tíma (þá er tekjuskattur lögaðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila námu alls 30 milljörðum króna í mánuðinum og jukust um 17,8% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 8,7 milljörðum króna, tekjuskattur lögaðila 1,2 milljörðum og fjármagnstekjuskattur 20 milljörðum Fjármagnstekjuskatturinn jókst úr tæpum 9 milljörðum í janúar 2005 í 13,5 milljarða í janúar 2006 og 20 milljarða nú, en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúarmánuði ár hvert. Innheimt tryggingagjöld námu 3,6 milljörðum króna og jukust um 15,7% milli ára eða 5,0% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma.

Innheimta skatta af vöru og þjónustu nam 14,6 milljörðum króna í janúar og þar af nam virðisaukaskattur 10,6 milljörðum. Það eru mun hærri tölur en í janúar 2006 sem skýrist af því að uppgjör virðisaukaskatts byggðist þá enn á tveggja mánaða tímabilum og innheimtan sveiflaðist mikið milli einstakra mánaða. Ár er nú liðið frá lagabreytingunni og verður því auðveldara um vik héðan í frá að bera saman innheimtar tekjur af virðisaukaskatti milli tímabila. Myndin sýnir hve hægt hefur á raunvexti innheimtra skatta af vöru og þjónustu undanfarið ár, en tölurnar eru byggðar á 6 mánaða meðaltölum.

Innheimtir skattar á vöru og þjónustu janúar 2001 – janúar 2007



Greidd gjöld nema 28,2 milljörðum króna og hækka um 2,7 milljarða frá fyrra ári eða 10,6%. Mest munar um 0,9 milljarða hækkun almannatrygginga og 0,5 milljarða vegna almennrar þjónustu. Þá hækka greiðslur til heilbrigðismála um 0,4 milljarða króna. Veigamestu málaflokkarnir, heilbrigðismál, almannatryggingar og menntamál vega samtals um tvo þriðju af heildargjöldunum.

Lántökur námu 31,9 milljörðum króna á móti 1,5 milljörðum í fyrra. Þar munar langmest um áðurnefnda 26,9 milljarða lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá voru 0,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 21,1 milljarð króna í janúar 2007.

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem komu fyrst til framkvæmda við gerð fjárlaga og ríkisreiknings fyrir árið 1998. Í hverjum mánuði er tekið saman uppgjör fyrir ríkissjóð eins og það liggur fyrir í reikningshaldinu við lok hvers mánaðar.

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs tekur gagngerum breytingum frá ársbyrjun 2007. Hingað til hafa uppgjör ríkissjóðs innan ársins takmarkast að mestu við fjárhag ríkissjóðs í þröngum skilningi. Tekjurnar hafa að stærstum hluta miðast við innheimtar tekjur ríkissjóðs og gjöldin við innkomna reikninga stofnana í greiðsluþjónustu og bein framlög ríkissjóðs til ríkisstofnana sem annast sjálfar sitt reikningshald og til aðila utan A-hluta. Breytt uppgjör frá ársbyrjun 2007 felst í því að lesið er beint á stöðuna í bókhaldi allra ríkisstofnana u.þ.b. 20. næsta mánaðar á eftir. Á þann hátt fæst mun fyllri mynd af raunverulegri stöðu ríkissjóðs, ráðuneyta og ríkisstofnana hverju sinni.

Ný upplýsingakerfi ríkisins gera kleift að draga slíkar upplýsingar fram með reglubundnum hætti. Um það bil 90% af reikningsliðum ríkissjóðs eru færðir í fjárhagshluta kerfisins og eru þær upplýsingar jafnan aðgengilegar í gagnagrunni þess. Ríkisstofnunum sem nýta önnur bókhaldskerfi ber að skila mánaðarlegum upplýsingum til Fjársýslunnar eigi síðar en 20. næsta mánaðar og eru þær síðan fluttar vélrænt inn í fjárhagskerfi ríkisins. Ætla má að í byrjun verði vissir örðugleikar við að afla gagnanna og þarf að koma góðu skipulagi á öll verkferlin sem þessu tengjast á árinu 2007. Jafnframt verður gert átak á árinu 2007 til að fylgja því eftir að stofnanir uppfæri bókhald sitt með reglubundnum hætti innan ársins. Þannig fæst jöfnum höndum marktækur mælikvarði á fjármál einstakra A-hluta aðila og hvort þau samræmist þeim áætlunum sem unnið er eftir.

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8
Eignarskattar	11,2	-26,8
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2
Tryggingagjöld	15,0	15,7
Tekjur alls	37,6	25,9

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	17,3
Heilbrigðismál	...	5,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2
Efnahags- og atvinnumál	...	34,8
Menntamál	...	3,3
Gjöld alls	0,7	10,6

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787
Hreinn lánsfjárjöfnuður	12.849	-10.349
Afborgun lána	-4.049	-51
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.470	-10.730
Lántökur	1.532	31.861
Greiðsluafkoma	10.002	21.131

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (febrúar)	4,1	7,4
Kjarnaverðbólga (febrúar)	3,8	7,9
Launavísitala (janúar)	8,3	10,1
Heildarvelta (jan.-okt. '06)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt. '06)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (jan.)	1,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. mars 2007

Vöruskiptahallinn minnkar í febrúar

Vöruskiptahallinn í febrúar var 5,1 milljarðar samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands. Vöruskiptahallinn á föstu gengi hefur ekki verið minni í einum mánuði síðan í ársbyrjun 2005. Minnkun hallans frá fyrra mánuði má að öllu leyti rekja til meiri útflutnings sem hefur sjaldan verið jafn mikill, en sjávarútvegur og álútflutningur eiga mestan þátt í aukningunni. Álútflutningur hefur verið að aukast jafnt og þétt að undanförnu og var febrúar engin undantekning ef marka má bráðabirgðatölur. Innflutningur jókst hins vegar nokkuð frá fyrra mánuði og reyndist vera 29 milljarðar í febrúar. Ef bráðabirgðatölurnar reynast réttar hefur tólf mánaða breyting á staðvirtum þriggja mánaða innflutningi án skipa og flugvéla aukist um rúmt prósent. Í innflutningi mátti einkum merkja talsverða aukningu í innflutningi hrá- og rekstarvöru. Hins vegar virðist sú aukning að mestu koma til af mjög mikilli aukningu í innflutningi á aðföngum til álframleiðslu en innflutningur á þeim var nær enginn í janúar sem verður að teljast óvenjulegt en hafa ber í huga að um er að ræða bráðabirgðatölur sem geta breyst við nánari skoðun. Innflutningur á fjárfestingarvörum virðist hafa aukist lítillega en innflutningur á bifreiðum var svipaður og í janúar. Eldsneytisinnflutningur drósst talsvert saman milli mánaða og virðist það sama eiga við um neysluvörur, einkum hálf-varanlegar neysluvörur á borð við skó og fatnað.

Staðvirtur vöruinnflutningur janúar 2003 – febrúar 2007



Búferlaflutningar 2006

Nýverið birti Hagstofa Íslands gögn um búferlaflutninga bæði innanlands og gagnvart útlöndum fyrir árið 2006. Í flutningum fólks milli landa er áberandi hversu mikill aðflutningur hefur verið til landsins. Ef flutningar eru greindir eftir því hvort íslenskir eða erlendir ríkisborgarar eiga í hlut kemur í ljós að aðfluttum íslenskum ríkisborgurum fækkaði í fyrra frá árinu 2005 meðan brottfluttum fjölgaði. Mismunurinn er 280 en fækkun í fjölda aðfluttra íslenskra ríkisborgara hefur oft bent til að samdráttarskeið væri framundan.

Aðfluttum erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað umtalsvert frá árinu 2003 þegar þeir voru um 1.350. Síðan þá hafa yfir 14.000 erlendir ríkisborgarar flust hingað og helmingur þess hóps kom í fyrra. Þrátt fyrir að allnokkuð sé um ráðningar til skemmri tíma í byggingarframkvæmdum hefur fjöldi brottfluttra ekki vaxið tiltakanlega mikið. Mismunur á fjölda að- og brottfluttra erlendra ríkisborgara er mikill miðað við heildarfjöldann, öfugt við það sem á við um flutninga íslenskra ríkisborgara.

Hinn mikli aðflutningur erlendra ríkisborgara tengist ekki nema að hluta til álvers- og orkuframkvæmdunum eystra. Það sést meðal annars af því að af tæplega 10.000 manns sem fluttust til landsins í fyrra fluttust 2.000 til Austurlands. Meira en helmingur aðfluttra frá útlöndum fluttist á höfuðborgarsvæðið. Önnur vísbending um eðli aðflutningsins er að enda þótt hinn dæmigerði erlendi ríkisborgari sem

Lykiltölur um búferlaflutninga milli landa 2006

	Fjöldi	*Hlutfall af heild*
Aðfluttir karlar	6.541	66,5%
Aðfluttar konur	3.291	33,5%
Aðfluttir íslenskir ríkisborgarar	2.762	28,0%
Aðfluttir erlendir ríkisborgarar	7.070	71,9%
Brottfluttir íslenskir ríkisborgarar	3.042	66,5%
Brottfluttir erlendir ríkisborgarar	1.535	33,5%
Aðfluttir 20-29 ára	3.265	33,2%
Aðfluttir 30-39 ára	2.370	24,0%

hingað flyst sé karlmaður frá Austur-Evrópu þá er um 40% aðfluttra erlendra ríkisborgara konur. Hlutfall aðfluttra kvenna er einungis lágt í landshlutum þar sem stóriðjuframkvæmdirnar hafa verið yfirgnæfandi. Fjölgun í aðflutningi erlendra kvenna hefur ekki verið eins mikil eins og hjá körlum en hún er engu að síður umtalsverð. Í fyrra fluttust hingað til lands um 2.000 konur með erlent ríkisfang meðan karlarnir voru ríflega 5.000.

Gengisbundin lán til heimila

Frá árinu 2005 hafa gengisbundin lán til íslenskra heimila aukist verulega. Til viðbótar við gengisbundin bílalán eru vísbendingar um að fasteignalán í erlendri mynt hafi aukist að undanförnu, eftir að gengi krónunnar veiktist og innlendir vextir á íbúðalánum hækkuðu. Slíkum lánum fylgir gengisáhætta.

Gengisbundin lán innlánsstofnana til heimila á föstu gengi



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Eins og sjá má á myndinni hefur verðmæti gengisbundinna lána á föstu gengi aukist gríðarlega og sér í lagi á síðasta ári en miðað er við meðalgengi krónunnar árið 2002. Frá nóvember 2005 til júní 2006 veiktist gengi krónunnar um rúm 27% en sú lækkun útskýrir þó ekki nema hluta virðisaukningar gengisbundinna lána á sama tíma. Þannig námu gengisbundin lán um 26,8 milljörðum kr. í lok janúar 2006 á föstu gengi en um 67,5 milljörðum í janúarlok á þessu ári sem er aukning upp á rúm 150%.

Í árslok 2006 námu gengisbundin lán um 5,5% af heildarskuldum heimila við lánakerfið í heild og um 10,3% af heildarskuldum við innlánsstofnanir og hefur það hlutfall farið vaxandi á síðustu mánuðum á sama tíma og dregið hefur úr aukningu verðtryggðra útlána innlánsstofnanna. Frá þriðja ársfjórðungi síðasta árs hafa gengisbundin útlán innlánsstofnanna aukist verulega eins og myndin gefur til kynna.

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8
Eignarskattar	11,2	-26,8
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2
Tryggingagjöld	15,0	15,7
Tekjur alls	37,6	25,9

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	17,3
Heilbrigðismál	...	5,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2
Efnahags- og atvinnumál	...	34,8
Menntamál	...	3,3
Gjöld alls	0,7	10,6

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787
Hreinn lánsfjárjöfnuður	12.849	-10.349
Afborgun lána	-4.049	-51
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.470	-10.730
Lántökur	1.532	31.861
Greiðsluafkoma	10.002	21.131

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (febrúar)	4,1	7,4
Kjarnaverðbólga (febrúar)	3,8	7,9
Launavísitala (janúar)	8,3	10,1
Heildarvelta (jan.-okt. '06)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt. '06)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (jan.)	1,4	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

15. mars 2007

Hvers vegna reglugerð?

Hinn 14. febrúar sl. gaf fjármálaráðherra út reglugerð um veitingu heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Reglugerðin er sett á grundvelli laga um ársreikninga þar sem kveðið er á um veitingu slíkrar heimildar. Eins og rakið var í pistli hér í vefritinu hinn 15. febrúar sl. er markmiðið með reglugerðinni að skýra nánar nokkur skilyrði laganna fyrir veitingu heimildar til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli. Því hefur hins vegar verið haldið fram í opinberri umræðu að undanförnu að fjármálaráðuneytið hafi ekki útskýrt hvers vegna reglugerðin var sett. Sjálfsagt er að bregðast við því. En fyrst þetta!

Því hefur verið haldið fram að með reglugerðinni sé verið að takmarka „ sjálfsákvörðunarrétt fyrirtækja ". Hér gætir grundvallarmisskilnings. Samkvæmt ársreikningalögum er það meginregla að texti ársreiknings og samstæðureiknings skuli vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum. Heimild til samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli er því undantekning frá meginreglunni og er veiting slíkrar heimildar þar af leiðandi háð því að starfsemi viðkomandi félaga uppfylli nánar tilgreind lagaskilyrði.

Það sem fyrst og fremst knúði á um reglugerðarsetninguna var að við framkvæmd laganna hafði komið í ljós að þörf var á að skýra og útlista nánar tiltekin ákvæði laganna. Skulu nefnd um þetta þrjú dæmi:

1. Í athugasemdum við frumvarp til laganna sem fyrst kváðu á um heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli sagði að mikilvægt væri að félög sem hafa meginstarfsemi sína hérlendis geti sýnt fram á verulega tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil til þess að heimild verði veitt. Í lagatextanum sjálfum segir að starfrækslugjaldmiðill sé sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða samstæðu fer fram í. En hvað er meginhluti viðskipta? Þarf meira en helmingur viðskipta félags að vera í viðkomandi gjaldmiðli til þess að unnt sé að veita félaginu heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli? Hér þurfti skýringa við. Reglugerðin skýrir áskilnað um að meginhluti viðskipta sé í viðkomandi gjaldmiðli á þann veg að í því felist ekki krafa um að meirihluti viðskipta sé í viðkomandi gjaldmiðli, heldur krafa um að viðkomandi gjaldmiðill vegi hlutfallslega mest allra gjaldmiðla í viðskiptum félags.
2. Eins og fram kemur hér að framan ræður vægi einstakra gjaldmiðla í viðskiptum félags úrslitum varðandi veitingu heimildar til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli. Lögin hafa hins vegar ekki að geyma bein ákvæði um það til hvaða þátta skuli litið við mat á því í hvaða gjaldmiðli viðskipti félags eiga sér stað, þótt að því sé vikið í athugasemdum með frumvarpinu. Þótti ástæða til að þessi viðmið kæmu fram í regluverkinu sjálfu. Er kveðið á um það í reglugerðinni að litið skuli heildstætt til tekna, gjalda, skulda og annarra viðskiptalegra þátta í rekstri viðkomandi félags.
3. Spurningar höfðu vaknað um það hvort félag gæti fengið heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli ef þannig háttaði til að viðskipti félagsins væru í fleiri en einum erlendum gjaldmiðli, enginn einn þessara gjaldmiðla vægi meira í viðskiptum félagsins en íslenska krónan en samanlögð viðskipti í erlendum gjaldmiðlum væru hins vegar meiri en viðskipti viðkomandi félags í íslenskum krónum. M.ö.o. hvort líta ætti svo á að úrslitum ætti að ráða hvort vægi þyngra í viðskiptum félags íslenska krónan annars vegar eða erlendir gjaldmiðlar samanlagt hins vegar. Slíkur skilningur var ekki talinn eiga sér stoð í tilgangi eða texta ársreikningalaganna, enda áhersla þar lögð á vægi hvers gjaldmiðlils fyrir sig. Til þess að eyða öllum hugsanlegum vafa hér að lútandi var talið nauðsynlegt að kveða á um það í reglugerðinni að starfrækslugjaldmiðill merki þann gjaldmiðil sem vegur þyngst allra gjaldmiðla í viðskiptum félags en ekki einungis þann gjaldmiðil sem vegur þyngst erlendra gjaldmiðla í viðskiptum félagsins. Er þetta í fullu samræmi við reikningsskilastaðla. Heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli er því háð því að viðkomandi gjaldmiðill vegi hlutfallslega mest allra gjaldmiðla, að íslensku krónunni meðtalinni, í viðskiptum félagsins.

Í ársreikningalögum segir að ráðherra geti sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli. Með umræddri reglugerð hafa ekki verið sett ný skilyrði, heldur hafa lögbundin skilyrði verið skýrð nánar að því leyti sem þörf var talin á.

Áhrif breytinga á virðisaukaskatti á útsöluverð veitingahúsa

Í neysluverðskönnun Hagstofunnar í mars 2007 kom í ljós að verð á mat- og drykkjarvörum hafði lækkað um 7,4% frá febrúarmánuði og hafa aðgerðir til að lækka matvöruverð með lækkun virðisaukaskatts því almennt skilað sér í útsöluverði matvöru. Þegar lækkun á vörugjöldum og tollum hefur skilað sér út í verðlag má gera ráð fyrir 8,7% lækkun í heild. Mæling á verði veitingahúsa sýnir hins vegar að lækkun á virðisaukaskatti hefur ekki skilað sér jafn vel til neytenda, og var verð á veitingahúsum, kaffihúsum og börum óbreytt frá febrúarmánuði.

Í áætlun Hagstofunnar um áhrif breytinga á virðisaukaskatti og vörugjöldum er gert ráð fyrir að verð á hótelum og veitingastöðum lækki um 8,6%. Hér er um vegna meðalprósentu að ræða þar sem seld vara og þjónusta í þessum geira bar annars vegar 14% virðisaukaskatt (útleiga hótel- og gistiherbergja) og hins vegar 24,5% á seldum veitingum. Að auki var í gangi endurgreiðslukerfi á virðisaukaskatti sem miðaðist við að hráefnishluti veitinganna bæri 14% virðisaukaskatt við endanlega sölu en þjónustuhlutinn væri í efra þrepinu. Með breytingunum 1. mars sl. var kerfið einfaldað og endurgreiðslur afnumdar um leið og öll seld vara og þjónusta í veitingageiranum var færð í 7% þrepið að áfengi undanskildu sem áfram ber 24,5% virðisaukaskatt. Áhrifin af lækkun virðisaukaskatts ættu því að vera meiri í veitingaþjónustu en hið vegna meðaltal gefur til kynna.

Áætla má hvað verð á tilreiddum mat veitingahúsa ætti að lækka mikið vegna breytinga á virðisaukaskatti. Endurgreiðslukerfið sem var við lýði flækti málið og olli því að hlutfall hráefniskostnaðar í endanlegu söluverði skipti máli. Því minna sem þetta hlutfall er, því meiri á hin reiknaða verðlækkun að vera. Hér á eftir er tekið dæmi um rétt sem kostaði 1.000 kr. án virðisaukaskatts. Þar sem hlutdeild hráefnis er breytileg frá einum stað til annars eru sýndir 4 möguleikar þar sem matvælaaðföng vega frá 10% af endanlegu söluverði án virðisaukaskatts upp í 40%. Ekki er reiknað með innskatti af öðrum aðföngum en hráefni til matargerðar, en aðrar rekstrarvörur og launakostnaður hafa vissulega áhrif á heildarkostnað veitingasala og framlegð þeirra af sölu slíkrar þjónustu. Í meðfylgjandi töflu er verð með virðisaukaskatti síðan reiknað fyrir og eftir breytinguna. Þar kemur fram að miðað við lækkun virðisaukaskatts og einföldun kerfsins ætti verð tilreidds matar án áfengis að lækka á bilinu 8,6% til 12,7% án þess að rýra hlut veitingasala.

Dæmi: Söluverð tilbúins matar, 1.000 kr. án virðisaukaskatts

Hráefni, %	*Hráefniskostnaður, kr.*	*Endurgr. v/matvælaaðfanga, kr.*	*Verð með 24,5% vsk.*	*Nýtt verð með 7% vsk.*	*Breyting, %*
10	100	16	1.245	1.087	-12,7
20	200	32	1.245	1.104	-11,3
30	300	47	1.245	1.121	-10,0
40	400	63	1.245	1.137	-8,6

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8
Eignarskattar	11,2	-26,8
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2
Tryggingagjöld	15,0	15,7
Tekjur alls	37,6	25,9

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	17,3
Heilbrigðismál	...	5,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2
Efnahags- og atvinnumál	...	34,8
Menntamál	...	3,3
Gjöld alls	0,7	10,6

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787
Hreinn lánsfjárjöfnuður	12.849	-10.349
Afborgun lána	-4.049	-51
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.470	-10.730
Lántökur	1.532	31.861
Greiðsluafkoma	10.002	21.131

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (mars)	4,5	5,9
Kjarnaverðbólga (mars)	4,2	6,5
Launavísitala (janúar)	8,3	10,1
Heildarvelta (jan.-okt. '06)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt. '06)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,4	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Niðurstöður nýrrar könnunar um stöðu og framtíðarhorfur stærstu fyrirtækja á Íslandi liggja nú fyrir. Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem Capacent Gallup framkvæmir. Könnunin fór fram á tímabilinu 2. til 28. febrúar og svarhlutfall var 68%. Alls tók 251 fyrirtæki þátt í könnuninni i en í endanlegu úrtaki voru 392 fyrirtæki.

Mikill meirihluti forráðamanna fyrirtækjanna telur aðstæður í efnahagslífinu fara batnandi eða tæp 80% aðspurðra og aðeins tæplega 3% telja þær verri. Vísitala efnahagslífsins mælist 193 stig nú sem er sama tala og í desember 2006 en í september það ár mældist hún 173 stig. Hlutfall þeirra sem telja aðstæður í efnahagslífinu betri hefur því hækkað á síðustu mánuðum og er enn mjög hátt. Fyrirtæki í samgöngum, flutningum og þjónustu, bygginga starfsemi og veitum og í sérhæfðri þjónustu eru bjartsýnust á ástandið í efnahagslífinu.

Vísitala efnahagslífsins



Almennt virðist bjartsýnin hafa aukist hjá forráðamönnum fyrirtækja um horfur í efnahagslífinu á næstu sex mánuðum. Vísitala efnahagslífsins fyrir sex mánuði mælist nú 118 stig en var 112 stig í september 2006. Bjartsýnin virðist minnka lítillega fyrir næstu 12 mánuði en vísitala efnahagslífsins fyrir 12 mánuði mælist nú 110 stig en mældist 128 stig í síðustu könnun. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður batni á næstu 6 til 12 mánuðum helst óbreytt frá síðustu mælingu en örlítil fjölgun hefur verið hjá þeim forráðamönnum sem telja að ástandið versni, sem útskýrir lækkunina í vísitölunni. Ef borin eru saman viðhorf forráðamanna fyrirtækja í mismunandi starfsemi eru það helst fyrirtæki í verslun og bygginga starfsemi og veitum sem eru bjartsýnni en fyrirtæki í sjávarútvegi og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu sem eru svartsýnni. Ef litið er á mun milli fyrirtækja sem selja vörur eða þjónustu til útlanda virðist sem bjartsýni um ástandið í efnahagslífinu á næstu 6 til 12 mánuðum sé mun meiri hjá forráðamönnum fyrirtækja sem selja vöru og þjónustu innanlands en hjá þeim sem selja vöru og þjónustu til útlanda. Vísitalan fyrir þá sem ekki selja vöru og þjónustu mældist nú 130 stig en aðeins 96 stig fyrir þá sem selja vöru og þjónustu til útlanda.

Íslenskir ellilífeyrisþegar standa vel miðað við hin Norðurlöndin samkvæmt OECD

Í skýrslu frá OECD, „Pensions at a glance", eru teknir saman mælikvarðar um stöðu ellilífeyrisþega. Í skýrslunni er ellilífeyrir í hverju landi sýndur sem hlutfall af launum verkamanns sem vinnur í 45 ár. Mælikvörðunum er skipt í þrennt, þ.e. hlutfall af lægri launum, meðallaunum og hærri launum verkamanns. Þess ber að geta að séreignarsparnaður er ekki tekinn með í tölum OECD. Fróðlegt er að taka sérstaklega út Norðurlöndin til samanburðar þar sem lífskjör og lífslíkur eru svipaðar. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall ellilífeyris af tekjum verkamanns eftir skatta á Norðurlöndunum.

Eins og sést í töflunni eru íslenskir ellilífeyrisþegar um og yfir meðaltalið á Norðurlöndunum. Miðað við lægri tekjur mega íslendingar

Tekjur ellilífeyrisþega sem hlutfall af launum verkamanns (%)

Land	*Lægri tekjur*	*Meðal tekjur*	*Hærri tekjur*	*Lífslíkur (ár)*
Danmörk	95,6	54,1	35,5	77,2
Finnland	87,3	71,5	123,1	78,5
Ísland	95,8	65,9	57,2	80,7
Noregur	85,5	65,1	50,1	79,5
Svíþjóð	90,2	68,2	74,3	80,2
Meðaltal	*90,9*	*65,0*	*68,0*	*79,2*

Heimild: OECD.

búast við hlutfallslega hæstum ellilífeyri miðað við hin Norðurlöndin eða 95,8%. Sé miðað við meðaltekjur og hærri tekjur sitja íslenskir ellilífeyrisþegar í miðjunni á meðal Norðurlandanna. Dálkurinn lengst til hægri sýnir svo lífslíkur, sem eru hæstar á Íslandi eða 80,7 ár. Tölur OECD staðfesta aðra mælikvarða frá t.d. Nordisk Socialstatistisk Komité (NOSOSCO) þar sem að íslenskir ellilífeyrisþegar koma ágætlega út í samanburði við hin Norðurlöndin.

Að lokum má benda á að mælikvarði NOSOSCO um stöðu ellilífeyrisþega, sem nýlega var birtur í vefriti fjármálaráðuneytisins, sýnir ellilífeyrisgreiðslur á hvern ellilífeyrisþega. Þær tölur eru frábrugðnar t.d. tölum Hagstofunnar sem varða ellilífeyrisgreiðslur aldraðra. Tölur Hagstofunnar sýna ellilífeyrisgreiðslur á hvern íbúa 65 ára og eldri en ekki á hvern ellilífeyrisþega eins og sumir virðast álíta. Það er mikilvægt að halda því til haga hvort verið er að fjalla um ellilífeyrisþega eða aldraða, en á Íslandi eru ekki allir 65 ára og eldri ellilífeyrisþegar. Ellilífeyrisgreiðslur á hvern íbúa 65 ára og eldri gefa því ekki rétta mynd af ellilífeyrisgreiðslum sem íslenskir ellilífeyrisþegar eru með að meðaltali.

Launa- og arðgreiðslur til eigenda einkahlutafélaga

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn um skattamál einkahlutafélaga og hluthafa þeirra árin 2003–2005 sem lagt var fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok koma m.a. fram upplýsingar um laun og arðgreiðslur vegna einstaklinga sem voru í senn launþegar og hluthafar í einkahlutafélögum, byggðar á launamiðum og hlutafjármiðum sem einkahlutafélög hafa skilað til embættis ríkisskattstjóra fyrir árin 2003, 2004 og 2005.

Laun greidd einstaklingum sem jafnframt voru hluthafar námu 9,7 milljörðum króna árið 2003, 19,4 milljörðum árið 2004 og 27,9 milljörðum króna árið 2005. Arðgreiðslur til þessara einstaklinga námu á hinn bóginn 2,7 milljörðum króna árið 2003, 5,3 milljörðum árið 2004 og 9,9 milljörðum króna árið 2005. Sjá nánar svar fjármálaráðherra.

Laun og arðgreiðslur til einstaklinga sem eru launþegar og hluthafar í einkahlutafélögum 2003–2005



Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8
Eignarskattar	11,2	-26,8
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2
Tryggingagjöld	15,0	15,7
Tekjur alls	37,6	25,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	17,3
Heilbrigðismál	...	5,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2
Efnahags- og atvinnumál	...	34,8
Menntamál	...	3,3
Gjöld alls	0,7	10,6

Afkoma ríkissjóðs janúar		
Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787
Hreinn lánsfjárjöfnuður	12.849	-10.349
Afborgun lána	-4.049	-51
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.470	-10.730
Lántökur	1.532	31.861
Greiðsluafkoma	10.002	21.131

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (mars)	4,5	5,9
Kjarnaverðbólga (mars)	4,2	6,5
Launavísitala (febrúar)	8,6	9,8
Heildarvelta (jan.-des. '06)	12,3	11,9
Smásöluvelta (jan.-des. '06)	9,0	5,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,4	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

29. mars 2007

Handbók um ráðningar hjá ríkinu

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út handbók um ráðningar hjá ríkinu.

Handbókin fjallar um ráðningarferli almennra starfsmanna hjá ríkinu en einnig lítillega um skipun embættismanna sem að mestu leyti er áþekk ráðningu almennra starfsmanna.

Fjallað er um ráðningarferlið allt frá því að undirbúningur að ráðningu hefst. Rætt er um gerð starfslýsinga og hvernig valið skuli úr umsóknum. Ennfremur eru teknar til umfjöllunar reglur um upplýsingaskyldu, um rökstuðning fyrir ráðningu svo og andmæla- og kæruréttur. Að lokum er kafli um ráðninguna sjálfa og kynningu á nýjum samstarfsmanni.

Faglegt og skipulagt ráðningarferli miðar að því að hæfasti umsækjandinn verði ráðinn hverju sinni. Með því er jafnframt betur tryggt að hlutlægt mat sé ávallt viðhaft við hæfnismatið.

Ráðningar hjá ríkinu (PDF 900 KB)

Samþykkt lög á vorþingi

Á nýafstöðnu vorþingi lagði fjármálaráðherra fram 11 lagafrumvörp. Af þeim voru 9 afgreidd sem lög frá Alþingi. Þau lög sem samþykkt voru eru eftirfarandi:

- *Lokafjárlög 2005*
- *Lög um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs* – Gjaldtaka fyrir starfsleyfi handa grafískum hönnuðum.
- *Lög um breyting á ýmsum lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins* – Lögfestar voru breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga í tilefni af samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyris reglum ríkisstarfsmanna. Þá var samþykkt að starfsmönnum alþjóða stofnana, sem Ísland á aðild að samkvæmt lögum eða fjölþjóðlegum samningum, verði að uppfylltum vissum skilyrðum veittur réttur til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins á meðan starfstíma þeirra erlendis stendur. Að lokum var samþykkt leiðrétting á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna lífeyrisiðgjalds kennara og skólastjórnenda grunnskóla.
- *Ný heildarlög um opinber innkaup* – Innleiðing á EES gerðum. Útboðsstyrkir sem varða vörur, verk og þjónustu og hins vegar veitutilskipun sem varðar innkaup opinberra veitustofnana. Önnur atriði eldri laga eru að mestu óbreytt svo sem málsmeðferðarreglur o.fl.
- *Lög um skattlagningu kaupskipaútgerðar* – Með lögunum er skattlagning kaupskipaútgerða gerð sambærileg við það sem gildir í nágrannalöndum okkar. Jafnframt var samþykkt tvenns konar ríkisaðstoð við kaupskipaútgerðir. Annars vegar ríkisaðstoð sem felur í sér að útgerðarfélög sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi í skilningi tekjuskattslaga og skráð hafa kaupskip sín á íslenska alþjóðlega skipaskrá eigi kost á að velja milli tekjuskatts á hagnað og skatts sem ræðst af flutningsrými kaupskipaflotans (tonna skatts). Hins vegar aðstoð sem felst í fjárframlögum sem svara til 90% tekjuskatts og útsvars af launum áhafna.
- *Lög um starfstengda eftirlaunasjóði* – Með lögunum er kveðið á um innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins 2003/41/EB, frá 3. júní 2003, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum um starfstengd eftirlaun.
- *Lög um breyting á lögum um tekjuskatt* – Með lögunum voru samþykktar breytingar sem snúa að starfstengdum eftirlaunasjóðum, breytingar sem heimila lögaðilum sem eru heimilisfastir á Evrópska efnahagssvæðinu og bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi að draga frá tekjum móttekinn arð með sama hætti og gildir fyrir innlend félög og breyting sem varðar skilyrði fyrir samsköttun sambúðarfólks. Að lokum var samþykkt að arðstekjur af veiðirétti frá veiðifélögum verði skattlagðar í 10% fjármagnstekjuskatti óháð því hvort viðtakandi greiðslnanna hefur með höndum búrekstur eða annan rekstur á jörð eða ekki.
- *Lög um breyting á lögum um virðisaukaskatt* – Um er að ræða tæknilegar breytingar sem nauðsynlegar eru vegna breytingar á lægra skattþrepi virðisaukaskatts úr 14% í 7%, sem lögfest var með lögum nr. 175/2006 og tók gildi 1. mars 2007. Þá var felld úr gildi heimild til að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð.
- *Lög um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.* – Samþykkt var að fella niður vörugjald af bifreiðum sem nýta metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu tímabundið til ársloka 2008.

Stýrivextir á Íslandi í alþjóðlegum samanburði

Seðlabanki Íslands ákvað í morgun að halda stýrivöxtum óbreyttum, í 14,25%. Í þessu sambandi er vert að huga að því að núorðið hafa seðlabankar það hlutverk í hagstjórninni að stýra verðbólguþróun. Stýrivextir eru það stjórntæki sem seðlabankar nota til að hafa áhrif á lánskjör útlánastofnana og þar með eftirspurn á markaði. Að öðru óbreyttu auka fyrirtæki og almenningur lántöku sína þegar vextir lækka að raungildi og að sama skapi er dregið úr lántökum þegar þeir hækka. Seðlabankar framfylgja ákveðnum markmiðum varðandi verðlag. Í flestum þróuðum ríkjum með sjálfstæðan gjaldmiðil hefur verðbólgumarkmið notið hylli. Seðlabanki Íslands stefnir t.d. að því að verðbólga sé 2,5%. Í Bandaríkjunum fylgir seðlabankinn markmiði um verðstöðugleika en tekur einnig tillit til áhrifa stýrivaxta á hagvöxt og atvinnustig.

Stýrivextir nokkurra landa 2002–2007



Eins og myndin sýnir hafa stýrivextir víða hækkað undanfarin ár í takt við uppsveiflu í efnahagslífi heimsins. Hagvöxtur í hinum stærri ríkjum hefur undanfarin ár verið á bilinu 2-4% á ári, meiri í Bandaríkjunum og Bretlandi, en minni í Evrópu og breytilegur í Japan. Hagvöxtur hefur verið mun meiri á Íslandi. Þróun stýrivaxta hefur því ekki verið samstíga. Seðlabankar Bretlands, Bandaríkjanna og Íslands hófu að hækka stýrivexti árið 2004 þegar þeir voru orðnir nokkuð lágir, sérstaklega í Bandaríkjunum. Seðlabanki Evrópu tók að hækka stýrivexti í árslok 2005 og Seðlabanki Japan hóf sitt hækkunarferli í júlí 2006.

Gleðilega páska!

Vefritið kemur næst út 12. apríl.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8
Eignarskattar	11,2	-26,8
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2
Tryggingagjöld	15,0	15,7
Tekjur alls	37,6	25,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	17,3
Heilbrigðismál	...	5,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2
Efnahags- og atvinnumál	...	34,8
Menntamál	...	3,3
Gjöld alls	0,7	10,6

Afkoma ríkissjóðs janúar		
Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787
Hreinn lánsfjárjöfnuður	12.849	-10.349
Afborgun lána	-4.049	-51
Brúttó lánsfjárjöfnuður	8.470	-10.730
Lántökur	1.532	31.861
Greiðsluafkoma	10.002	21.131

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (mars)	4,5	5,9
Kjarnaverðbólga (mars)	4,2	6,5
Launavísitala (febrúar)	8,6	9,8
Heildarvelta (jan.-des. '06)	12,3	11,9
Smásöluvelta (jan.-des. '06)	9,0	5,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,4	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Greiðsluafkoma ríkissjóðs febrúar 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu greiðslna milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og gjöld. Þetta getur valdið sveiflum í einstökum liðum.

Þetta er í annað sinn sem birtar eru mánaðartölur eftir þá veigamiklu breytingu sem gerð var á mánaðaruppgjörinu með nýju ári og lýst var í grein í vefritinu 1. mars sl. Breytingin leiðir til þess að uppgjörið gefur nákvæmari og betri mynd af stöðu ríkissjóðs í mánuðinum og er nær því að endurspegla rekstrargrunn en áður.

Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 30,1 milljarð króna innan ársins, sem er 6,8 ma.kr. hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 15,4 ma.kr. meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 6,9 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 1,6 ma.kr. en var jákvæður um 20,9 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu tveimur mánuðum ársins námu tæpum 88 ma.kr. Það er 15 ma.kr. eða 21,3% meira en á sama tíma 2006.

Skatttekjur og tryggingargjöld námu tæpum 83 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 26,4% að nafnvirði milli ára eða 17,9% umfram verðbólgu (þá er tekjuskattur lögaðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila námu alls tæpum 40 ma.kr. og jukust um 19,7% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 15,5 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 3,3 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur 21 ma.kr. Janúar er aðalinnheimtumánuður fjármagnstekjuskattsins og í ár innheimtust 20 ma.kr. í janúar sem er meira en nokkru sinni áður. Tæpur milljarður innheimtist í fjármagnstekjuskatt í febrúar og er innheimtan það sem af er ári ríflega 50% meiri en í fyrra.

Innheimta almennra veltuskatta nam 33,5 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðunum eða um fjórðungi hærri fjárhæð en á sama tíma í fyrra, sem samsvarar 16% aukningu umfram verðbólgu. Innheimtur virðisaukaskattur var mikill í febrúar eða 14,2 ma.kr. og 24,7 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðunum. Vörugjöld af bifreiðum og bensíni drógust saman en aðrir einstakir veltuskattar jukust nokkuð milli ára en. Innheimt tryggingagjöld námu 6,6 ma.kr. og jukust um 12,2% milli ára, eða 2,0% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma.

Greidd gjöld námu 56,9 ma.kr. og hækkuðu um 6,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða 13,9%. Mest munar um 3,1 ma.kr. hækkun samgöngumála og 1,7 ma.kr. vegna almannatrygginga. Þá hækkuðu greiðslur til heilbrigðismála um 1 ma.kr. eins og greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu. Veigamestu málaflokkarnir; heilbrigðismál, almannatryggingar og menntamál vega samtals um tvo þriðju af heildargjöldunum.

Lántökur námu 38,5 ma.kr. á móti 1,5 ma.kr. í fyrra. Þar munar langmest um 26,9 ma.kr. lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá voru 0,7 ma.kr. greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum batnaði um 15,7 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins.

Niðurstöður könnunar á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna

Í gær kom út skýrsla með niðurstöðum könnunar á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Könnunin var framkvæmd í lok síðasta árs og náði til ríflega 16 þúsund ríkisstarfsmanna á 144 stofnunum. Tæplega 10 þúsund starfsmenn tóku þátt og liggja svör þeirra að baki niðurstöðunum. Könnuninni er ætlað að auðvelda stofnunum að fá mat á eigin stöðu stjórnunar og starfsaðstæðum, en niðurstöðurnar nýtast ekki síður til framtíðaruppbyggingar á sviði stjórnunar og starfsmannamála fyrir ríkið í heild. Sambærileg könnun var gerð árið 1998.

Margar áhugaverðar staðreyndir koma í ljós. Konum í stjórnendastöðum hefur fjölgað frá árinu 1998. Tæpur helmingur stjórnenda, annarra en forstöðumanna, er konur. Undir lok árs 2006 voru 23,0% forstöðumanna konur en hlutfallið var 15,6% árið 1998.

Hlutfall kvenna 1998 og 2006



Þegar litið er til stjórnunartengdra þátta þá eru vísbendingar um að fleiri starfsmenn en áður telji vinnubrögð stofnunar sinnar til fyrirmyndar og að upplýsingamiðlun innan stofnunar sé í góðu lagi. Afstaða starfsmanna til tiltekinna stjórnunarhátta næsta yfirmanns hefur einnig tekið jákvæðum breytingum en hlutfall þeirra sem telja að næsti yfirmaður leiðbeini og gagnrýni á uppbyggjandi hátt og takist vel að leysa þau starfsmannavandamál sem upp koma hefur hækkað frá árinu 1998. Menntunarstig ríkisstarfsmanna er jafnframt hátt og telja langflestir þeirra að þekking og hæfileikar nýtist vel í starfi. Það er mikil sókn í sí- og endurmenntun þar sem eingöngu 19% þátttakenda höfðu ekki sótt sér slíka menntun. Flestir sem sækja sí- og endurmenntun telja að færni hafi aukist. Könnunin sýnir þó að ýmislegt má betur fara í starfsmannamálum ríkisins. Vinnuálag, streita og einelti virðist vera áberandi en er þó breytilegt milli stofnana og stofnanahópa. Einnig er hlutfall þeirra sem eru ánægðir með laun sín lágt og eru heldur færri konur en karlar ánægðar.

Í heild kemur fram mikill breytileiki milli einstakra stofnana á afstöðu starfsmanna til stjórnunar og starfsumhverfis. Það er því hópur stofnana sem mælist hár en á hinn bóginn mælast aðrar stofnanir lágar. Hér virðast aðferðir mannauðsstjórnunar meðal annars hafa jákvæð áhrif á viðhorf starfsmanna. Sem dæmi má nefna að þeir starfsmenn sem telja starfsmannastefnu stofnunar framfylgt hafa almennt jákvæðari afstöðu til stjórnunar stofnunar og eru einnig ánægðari í starfi.

Innflutningur í mars

Samkvæmt bráðbirgðatölum Hagstofu var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 6,8 milljarða króna í mars. Flutt var inn fyrir 34,1 milljarð og vöruútflutningur var 27,3 milljarða virði. Ef rýnt er í undirflokka inn- og útflutnings sést að á útflutningshlið var talsverð aukning í útflutningi á sjávarafurðum frá síðasta mánuði og álútflutningur jókst á svipuðum hraða og áður. Á innflutningshlið má greina aukningu milli mánaða í flestum undirliðum. Innflutningur eldsneytis eykst mest en sá liður er mjög sveiflukenndur milli mánaða. Innflutningur á fjárfestingarvörum eykst lítillega meðan innflutningur á hrá- og rekstrarvörum dregst lítillega saman. Innflutningur neysluvöru eykst nokkuð milli mánaða líkt og algengt er í marsmánuði. Innflutningur á bílum er á svipuðu róli og í febrúar.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	19,4	20,4
Skattar á tekjur og hagnað	45,8	19,7
Eignarskattar	-15,3	-15,5
Skattar á vöru og þjónustu	1,3	24,2
Tryggingagjöld	15,5	12,2
Tekjur alls	19,0	21,3

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-33,2	18,9
Heilbrigðismál	7,3	6,6
Alm.trygg. & velferðarmál	9,6	14,5
Efnahags- og atvinnumál	-30,5	74,5
Menntamál	16,6	6,6
Gjöld alls	4,3	13,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-febrúar

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	23.361	30.133
Hreinn lánsfjárjöfnuður	20.892	-1.601
Afborgun lána	-8.064	-20.583
Brúttó lánsfjárjöfnuður	12.168	-22.844
Lántökur	1.532	38.519
Greiðsluafkoma	13.700	15.676

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (mars)	4,5	5,9
Kjarnaverðbólga (mars)	4,2	6,5
Launavísitala (febrúar)	8,6	9,8
Heildarvelta (jan.-des. '06)	12,3	11,9
Smásöluvelta (jan.-des. '06)	9,0	5,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,4	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

26. apríl 2007

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Í þjóðhagsskýrslum fjármálaráðuneytisins undanfarin ár hefur verið spáð að hagkerfið byrji að ná jafnvægi þegar dragi úr stóriðjuframkvæmdum. Í skýrslu ráðuneytisins í apríl í fyrra, þegar óróleiki á fjármálamarkaði stóð sem hæst, var talið ólíklegt að hörð lending hagkerfisins ætti sér stað með tilheyrandi óstöðugleika fjármálakerfisins. Í Þjóðarbúskapurinn – Vorskýrsla 2007 sem var gefin út 24. apríl sl. er að finna nýja þjóðhagsspá fyrir árin 2007-2009 og framreikning til ársins 2012. Þar kemur fram að flest bendi til þess að hagkerfið sé tekið að leita jafnvægis og að þróunin verði áfram stöðug.

Í spánni er ekki gert ráð fyrir öðrum stóriðjuframkvæmdum en þeim sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um og eru nú á lokastigi. Þá er reiknað með að stýrivextir haldist háir um skeið og að gengi krónunnar veikist á tímabilinu. Spáin byggist á nýjum tölum Hagstofunnar um opinberan búskap og tekur mið af langtímaáætlun ríkissjóðs.

Helstu niðurstöður eru að þjóðarútgjöld dragast saman um 6,7% að raungildi árið 2007 en mikill viðsnúningur í utanríkisviðskiptum, vegna stórfelldrar aukningar í útflutningi áls ásamt samdrætti í innflutningi, leiðir til þess að hagvöxtur verður 0,9% það ár. Spáð er að halli á viðskiptajöfnuði verði tæplega 16% af landsframleiðslu, í kjölfar 26,7% halla árið 2006.

Einkaneysla verður nánast óbreytt frá árinu á undan en fjármunamyndun dregst saman um 24%, sem skýrist aðallega af minni stóriðjuframkvæmdum. Í kjölfarið er reiknað með að atvinnuleysi aukist hægum skrefum á seinni hluta yfirstandandi árs og verði að meðaltali um 1,8% af vinnuafli á árinu. Spáð er að hækkun launa á almennum vinnumarkaði verði um 7% og að gengi íslensku krónunnar veikist lítils háttar eða um 1,6% að meðaltali á milli áranna 2006 og 2007.

Tafla Yfirlit þjóðhagsspár 2006–2009

	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
	Brb.	Spá		
	2006	2007	2008	2009
Einkaneysla	4,6	-0,1	-0,3	1,1
Samneysla	2,9	2,8	2,5	2,8
Fjármunamyndun	13,0	-24,1	-14,0	-0,1
Birgðabreytingar[1]	1,1	-1,0	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	7,4	-6,7	-2,8	1,3
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,6	11,5	11,7	3,8
Innflutningur vöru og þjónustu	8,8	-11,5	-3,7	0,0
Landsframleiðsla	2,6	0,9	2,9	2,8
Þjóðartekjur	-1,7	2,6	3,3	3,1
Viðskiptajöfnuður	.	.	.	.
% af landsframleiðslu	-26,7	-15,8	-9,9	-7,9

1. Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verði.

Áætlað er að verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands um 2,5% ársverðbólgu náist á seinni hluta ársins 2007, m.a. vegna aukins aðhalds í stjórn peningamála og opinberra fjármála undanfarin ár. Reiknað er með að stýrivextir verði að meðaltali tæplega 14% árið 2007 sem þýðir að raunstýrivextir verða um 10% miðað við verðbólguspá upp á 3,6% milli áranna 2006 og 2007. Hátt raunvaxtastig mun því draga úr almennri eftirspurn heimila og fyrirtækja og varða veginn að auknum stöðugleika efnahagslífsins. Hagsveifluleiðrétt tekjuafkoma hins opinbera batnaði um 6,6% af landsframleiðslu frá 2003 til 2006, sem dró verulega úr innlendri eftirspurn á tímabilinu. Árið 2007 er hinsvegar áætlað að hagsveifluleiðrétt afkoma versni sem nemur 2% af landsframleiðslu sem vegur upp á móti miklum samdrætti í þjóðarútgjöldum. Í töflunni hér að framan má finna helstu stærðir nýrrar þjóðhagsspár ráðuneytisins.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna

Hagstofa Íslands birti nýverið tölur um þróun ráðstöfunartekna heimilanna frá árinu 1994 til 2005. Samkvæmt þeim tölum, sem reiknaðar eru í samræmi við alþjóðlega staðla, hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann á Íslandi aukist verulega frá árinu 1994, eða um 56%. Í alþjóðlegum samanburði hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á Íslandi aukist mun meira en í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Í úrtaki úr gagnagrunni OECD getur einungis Noregur státað af viðlíka aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna og verið hefur á Íslandi frá árinu 1994 , en þar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 57%. Þá mælist töluverð fylgni á milli þróunar kaupmáttar ráðstöfunartekna og hagvaxtar. Sé þetta samband skoðað fyrir nokkur OECD-ríki, má sjá að sterk jákvæð fylgni var á milli hagvaxtar landanna og kaupmáttaraukningar ráðstöfunartekna á tímabilinu 1994-2005.

Hagvöxtur og ráðstöfunartekjur 1994–2005



Tekjuteygni skatta

Fjármálaráðuneytið er sífellt að þróa og betrumbæta aðferðir við mat á efnahagslegum forsendum tekjuþróunar ríkissjóðs. Metinn teygnistiki tekjuskatts einstaklinga – hlutfallslegur vöxtur skatttekna fyrir ákveðinn vöxt undirliggjandi skattstofns – hefur mikið upplýsingagildi fyrir annars vegar tekjuspárgerð fyrir ríkissjóð og hins vegar um það hversu ríkir sveiflujafnandi eiginleikar tekjuskattskerfisins eru. Teygnistikinn getur hvoru tveggja nýst við tekjuspárgerð til skamms og meðallangs tíma og verður þá að hafa í huga að stikamatið er breytileg stærð. Einnig nýtist hann við tekjuspárgerð til langs tíma við til dæmis mat á sjálfbærni ríkisfjármála. Í nýjustu útgáfu Þjóðarbúskaparins er greint frá rannsókn fjármálaráðuneytisins. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að teygnistikamat sem nota má til tekjuspárgerðar til skamms eða meðallangs tíma liggur á bilinu 1,0 til 1,3. Efri mörkin ættu frekar við ef nokkurs samdráttar eða vaxtar væri að vænta en neðri mörkin ef stöðugar horfur eru um þróun í hagkerfinu og á vinnumarkaði. Því verður að horfa til hagvísa og þá sérstaklega spannar væntra magnbreytinga til að ákvarða hvar innan vikmarkanna teygnistikinn liggi á hverjum tíma. Til samanburðar má benda á að teygnistiki útsvars sveitarfélaga er 1,0 þar sem útsvarið er í raun flatur skattur en persónuafsláttur dregst alfarið af tekjuskatti ríkissjóðs. Tölugildum vikmarka teygnistikans ber vel saman við erlend stikamöt en flökt í mældri teygni hefur þó verið meira erlendis en mælist hér. Í framhaldinu verður rannsóknin beint að teygni gagnvart landsframleiðslunni.

Tekjur ríkissjóðs janúar – febrúar		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	19,4	20,4
Skattar á tekjur og hagnað	45,8	19,7
Eignarskattar	-15,3	-15,5
Skattar á vöru og þjónustu	1,3	24,2
Tryggingagjöld	15,5	12,2
Tekjur alls	19,0	21,3

Gjöld ríkissjóðs janúar – febrúar		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-33,2	18,9
Heilbrigðismál	7,3	6,6
Alm.trygg. & velferðarmál	9,6	14,5
Efnahags- og atvinnumál	-30,5	74,5
Menntamál	16,6	6,6
Gjöld alls	4,3	13,9

Afkoma ríkissjóðs janúar – febrúar		
Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	23.361	30.133
Hreinn lánsfjárjöfnuður	20.892	-1.601
Afborgun lána	-8.064	-20.583
Brúttó lánsfjárjöfnuður	12.168	-22.844
Lántökur	1.532	38.519
Greiðsluafkoma	13.700	15.676

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (apríl)	5,5	5,3
Kjarnaverðbólga (apríl)	4,6	6,4
Launavísitala (mars)	8,6	9,7
Heildarvelta (jan.-des. '06)	12,3	11,9
Smásöluvelta (jan.-des. '06)	9,0	5,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	1,5	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

3. maí 2007

Eiginleikar tekjuskattskerfisins

Tekjuskattskerfinu var gerbreytt þegar staðgreiðsla skatta af almennum tekjum var tekin upp árið 1988 og síðan þá hafa einungis verið gerðar minni háttar breytingar á því þótt skatthlutföllum hafi verið breytt og hátekjuskattur lagður niður. Tekjuskattar eru nú tveir: tekjuskattur sem rennur í ríkissjóð og útsvar sem rennur í viðkomandi sveitarsjóð. Skattstofninn sem þessir skattar eru reiknaðir af eru allar tekjur aðrar en fjármagnstekjur sem framteljandi hefur með þeim eina frádrætti að heimilt er að draga frá skattstofninum hlut launþega í iðgjaldi í lífeyrissjóð, bæði almennt framlag sem er 4% af tekjum og allt að 4% til viðbótar í frjálsan lífeyrissparnað. Skattlagningu þessara frádráttarliða er frestað þar til lífeyrir er greiddur út. Í ár er tekjuskattshlutfall 22,75% og meðalútsvarshlutfall 12,97% eða samtals 35,72%. Skatturinn reiknast þannig að þegar skatthlutfallið hefur verið reiknað af skattstofni er dreginn frá persónuafsláttur, afsláttur frá skattinum sjálfum og þannig fæst út tekjuskattur og útsvar sem greiða skal. Persónuafsláttur í ár er 32.150 kr á mánuði eða 385.800 kr á ári. Samkvæmt þessu greiðir launþegi engan skatt fyrr en hann hefur skattstofn sem er 90 þúsund krónur á mánuði, eða 1.080 þús kr. á ári. Þetta eru hin svo kölluðu skattleysismörk en þau eru samspil skatthlutfallsins annars vegar og persónuafsláttarins hins vegar. Vegna frádráttar lífeyrissjóðsiðgjalda gætu tekjur numið allt að tæpum 98 þúsund krónur á mánuði áður en farið er að greiða skatt. Með því skattkerfi sem hér er við lýði er skattbyrði, þ.e. hlutfall skatta af tekjum, mismunandi eftir því hvað tekjur eru háar. Segja má að þrátt fyrir eitt skatthlutfall séu skattþrepin óendanlega mörg. Í töflunni má sjá skattbyrði miðað við mismunandi tekjuskattstofn.Skattbyrði er mjög lítil fyrst eftir að skattgreiðslur hefjast en vex hratt með vaxandi tekjum í fyrstu.

Stigvaxandi skattbyrði

Tekjuskattsstofn (þús.kr. á mánuði)	*Skattbyrði (%)*
100	3,6
150	14,3
200	19,7
250	22,9
300	25,0
350	26,5
400	27,7
450	28,6
500	29,3

Áhrif skattbreytinga

Mikið hefur verið fjallað um það að undanförnu hvaða áhrif tilteknar breytingar á forsendum álagningar í skattkerfinu hafa. Hvaða áhrif hefur tiltekin breyting á skattkerfinu á ráðstöfunartekjur heimilanna annars vegar og afkomu ríkissjóðs hins vegar? Fjármálaráðuneytið áætlar slík áhrif á grundvelli ópersónugreinanlegs gagnagrunns frá Ríkisskattstjóra þar sem er að finna helstu tölur úr framtölum allra einstaklinga. Með tilteknum forsendum um skatthlutföll, persónuafslátt og bætur, ásamt áætlunum um þróun mannfjölda og einstakra tekjuþátta er upphæð skatttekna ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga reiknuð út. Árið 2007 er áætlað að tekjuskattur einstaklinga nemi 76,2 milljörðum króna. Til samanburðar er áætlað að útsvar sveitarfélaganna skili 81,4 milljörðum króna í ár. Breytingar á álagningarforsendum hafa annarsvegar áhrif á skattgreiðslur einstaklinga og hins vegar áhrif á tekjur ríkissjóðs. Hið síðarnefnda stafar af því að þegar persónuafslætti eða skatthlutfalli er breytt hefur það áhrif á hve mikið ríkissjóður þarf að greiða sveitarfélögunum til að þau fái útsvarið óskert. Miðað við að tekjuskattshlutfallið væri t.d. lækkað úr 22,75% í 21,75% hefði það í för með sér 6,3 milljörðum króna minni skattgreiðslur einstaklinga til ríkissjóðs en um 7,2 milljarða samdrátt í tekjum ríkissjóðs. Miðað við að persónuafsláttur á mánuði væri t.d. hækkaður um 1.000 krónur, úr 32.150 kr í 33.150, hefði það í för með sér 2,2 milljarða króna minni skattgreiðslur einstaklinga en 3 milljarða króna samdrátt í tekjum ríkissjóðs. Ofangreindir útreikningar taka ekki til greina að hluti aukinna ráðstöfunartekna einstaklinga skilar sér sem tekjur ríkissjóðs í formi óbeinna skatta vegna aukinna neysluútgjalda þeirra.

Þegar fjallað er um skattleysismörkin og hækkun þeirra má ekki gleyma að þau ráðast af skatthlutfallinu annars vegar og persónuafslættinum hins vegar. Skattleysismörkin nema nú um 90.000 kr. á mánuði. Ef miðað er við að persónuafslátturinn einn sé notaður til að hreyfa við skattleysismörkunum og einungis horft til tekna ríkissjóðs fæst eftirfarandi niðurstaða miðað við tiltekin skattleysismörk. Miðað er við að frestað sé skattlagningu 4% lífeyrissjóðsiðgjalds.

Áhrif skattleysismarka á tekjur ríkissjóðs

Skattleysismörk á mánuði, kr.	*Tekjuminnkun ríkissjóðs, ma.kr.*	*Hlutfall af 76,2 ma.kr. tekjuskatti einstaklinga, %*
90.000	0,0	0,0
100.000	6,4	8,4
110.000	16,0	21,0
120.000	25,3	33,2
130.000	34,0	44,6
140.000	42,3	55,5
150.000	50,2	65,9

Greiðsluafkoma ríkissjóðs mars 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 31,8 ma.kr. innan ársins, sem er 8,7 ma.kr. hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 19,5 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 10,8 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður er í jafnvægi, en var jákvæður um 20,6 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrsta fjórðungi ársins námu 119 ma.kr. Það er tæpum 20 ma.kr. meira en í fyrra eða 20% aukning tekna milli ára. Skatttekjur og tryggingargjöld námu 112 ma.kr. og jukust um 17 ma.kr. milli ára eða 14,7% að raunvirði (þá er tekjuskattur lögaðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Þar af námu skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila rúmum 49 ma.kr. og jukust um 22,3% að raunvirði milli ára. Tekjuskattur einstaklinga var 23 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 5,4 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur 21 ma.kr. Innheimta fjármagnstekjuskattsins fer að mestu leyti fram í janúar ár hvert og þannig innheimtust 20 ma.kr. í janúar sl. en í marsmánuði aðeins 7 m.kr. Innheimta veltuskatta nam rúmum 48 ma.kr. eða tæpum fimmtungi hærri fjárhæð en á sama tíma í fyrra, sem samsvarar 11% aukningu umfram verðbólgu. Allt síðasta ár hægðist jafnt og þétt á raunvexti veltuskatta en nú virðist mega merkja viðsnúning í þeirri þróun. Breyttar reglur um gjalddaga virðisaukaskatts (sem er um 2/3 veltuskattanna) hamla enn samanburði á skemmri tímabilum innan ársins, en sé horft á 4-6 mánaða meðaltöl hefur ekki orðið framhald á þeim raunsamdrætti milli ára sem kom fram undir lok árs 2006.

Greidd gjöld nema 84,7 ma.kr. og hækka um 10,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 14,6%. Mest munar um 2,2 ma.kr. hækkun almannatrygginga og sama hækkun er í atvinnumálum. Hlutfallslega hækka greiðslur vegna atvinnumála mest milli ára, eða 26%. Þá hækka greiðslur til heilbrigðismála um tæpa 2 ma.kr. eins og greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu. Tveir veigamestu málaflokkarnir, heilbrigðismál og almannatryggingar vega um helming af heildargjöldunum.

Lántökur námu 43,8 ma.kr. á móti 1,5 ma.kr. í fyrra. Þar munar mest um 26,9 ma.kr. lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá var 1 ma.kr. greiddur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum batnaði um 10,9 ma.kr.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	25,9	18,2
Skattar á tekjur og hagnað	40,0	20,2
Eignarskattar	-16,3	-10,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	18,7
Tryggingagjöld	16,1	11,7
Tekjur alls	25,5	19,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,3	21,5
Heilbrigðismál	1,2	10,1
Alm.trygg. & velferðarmál	11,1	12,9
Efnahags- og atvinnumál	-3,5	25,6
Menntamál	16,1	7,7
Gjöld alls	5,2	14,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	23.086	31.757
Hreinn lánsfjárjöfnuður	20.557	48
Afborgun lána	-9.096	-31.916
Brúttó lánsfjárjöfnuður	10.471	-32.859
Lántökur	1.532	43.753
Greiðsluafkoma	12.003	10.894

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (apríl)	5,5	5,3
Kjarnaverðbólga (apríl)	4,6	6,4
Launavísitala (mars)	8,6	9,7
Heildarvelta (jan.-des. '06)	12,3	11,9
Smásöluvelta (jan.-des. '06)	9,0	5,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	1,5	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

10. maí 2007

Búferlaflutningar íslenskra ríkisborgara

Á 20 ára tímabili frá 1987 til 2006 fluttu rúmlega 20.000 erlendir ríkisborgarar til landsins umfram þá sem fóru af landi brott. Sú þróun hefur orðið til að auka umræðu um aðstreymi erlendra ríkisborgara til landsins. Minna hefur borið á umræðu um stóraukið streymi íslenskra ríkisborgara á milli landa á tímabilinu, þegar 55.000 Íslendingar fluttu af landi brott á meðan 47.700 sneru til baka. Brottfluttir íslenskir ríkisborgarar umfram aðflutta voru því 7.300, sem er álíka mikill fjöldi og býr á Vestfjörðum eða í Mosfellsbæ.

Norðurlöndin hafa sögulega skipt mestu máli fyrir Íslendinga þegar flutt er milli landa sem sést vel á myndinni hér fyrir neðan. Þrír af hverjum fjórum fluttu til hinna Norðurlandanna á umræddu tímabili, en þar af fóru tveir þriðju til Danmerkur. Á samdráttarskeiðinu um miðjan tíunda áratug síðustu aldar tóku Norðurlöndin við yfir 80% af brottfluttum Íslendingum, en það skýrist m.a. af því að Íslendingar höfðu einungis frjálsan aðgang að norrænum vinnumarkaði á þeim tíma. Með aðild Íslands að samningnum um evrópskt efnahagssvæði (EES) árið 1994 opnuðust vinnumarkaðir annarra Evrópulanda fyrir Íslendingum. Hugsanlega skýrir það þá þróun að brottfluttir íslenskir ríkisborgarar hafa verið fleiri en aðfluttir undanfarin ár, ef 2005 er undanskilið, þegar mikil uppsveifla ríkti í atvinnu- og efnahagslífinu. Fjölgun starfa hjá íslenskum fyrirtækjum erlendis skýrir líklega hluta af þeirri þróun.

Nettóflutningar íslenskra ríkisborgara til Íslands 1987–2006



Tekjuskattar lögaðila

Frá árinu 2003 hefur ríkt samfellt hagvaxtarskeið þar sem verg landsframleiðsla hefur aukist um 21,5% að raungildi. Það eru einkum þjónustugreinar í einkageiranum og byggingarstarfsemi sem hafa lagt hvað mest af mörkum til aukinnar landsframleiðslu á undanförnum árum en þessi þróun endurspeglast í þróun tekna ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila. Nú er áætlað að tekjuskattur lögaðila árið 2006 skili sem nemur 33,5 milljörðum króna í ríkissjóð en það samsvarar um fjórðungi af áætluðum skatttekjum ríkissjóðs á tekjur og hagnað. Tekjuskattur lögaðila var lækkaður úr 30% í 18% árið 2002. Ásamt öðrum skipulagsbreytingum hefur það haft örvandi áhrif á starfsemi fyrirtækja hér á landi og utan landsteinanna. Tekjuskattur lögaðila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur hækkað undanfarin ár, en hann var 1,4% að meðaltali árin 2000-2004, 2,3% árið 2005 og 2006 er gert ráð fyrir að hlutfallið sé 3%. Aukinn þróttur í starfsemi fyrirtækja hefur jafnframt haft óbein áhrif til aukningar á skatttekjum ríkissjóðs í tengslum við þau mörgu vel launuðu störf sem skapast hafa og aukna veltu í þjóðfélaginu í tengslum við þau.

Það sem einkennir öðru fremur mikinn vöxt í tekjuskatti lögaðila undanfarin tvö ár er aukinn hlutur atvinnugreinarinnar fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar. Ef samanburður er gerður milli ára á álagningu Ríkisskattstjóra þá er hlutur fjármálafyrirtækja af álögðum tekjuskatti lögaðila 38% árið 2006 og tæpur fjórðungur árið 2005. Meðaltal áranna fimm þar á undan var aftur á móti 13%. Á

Vísitala tekjuskatts lögaðila á föstu verði, 1999=100



myndinni má sjá vísitölu tekjuskatts lögaðila í stærstu atvinnugreinunum, en við álagningu 2006 er gert ráð fyrir að þessar greinar skili 88% af heildartekjuskatti lögaðila. Skatttekjur af byggingarstarfsemi og fiskveiðum og -vinnslu hafa einnig aukist að raungildi á þessu átta ára tímabili. Tvær atvinnugreinar, verslun og iðnaður að frátöldum fiskiðnaði, skila aftur á móti óbreyttum tekjuskatti að raungildi á þessu árabili.

Innflutningur í apríl

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands sem byggðar eru á innheimtu virðisaukaskatts var vöruskiptahalli 11,3 milljarðar króna í apríl. Útflutningur reyndist vera 19 milljarða króna virði en flutt var inn fyrir 30,3 milljarða. Vöruskiptahallinn jókst nokkuð miðað við þróun undangenginna mánaða og er það tengt útflutningi. Ef nánar er rýnt í tölurnar var talsverður samdráttur í útflutningi sjávarafurða, áls og kísiljárns frá því í mars. Gert er ráð fyrir að álútflutningur aukist næstu mánuði með aukinni framleiðslu álvers Alcoa á Reyðarfirði. Innflutningur í apríl var 3,7 milljörðum króna minni en í mars. Ef marka má bráðabirgðatölur skýrist lækkandi innflutningur milli mánaða af minni innflutningi á eldsneyti, en sá þáttur er sveiflukenndur. Einnig dregst innflutningur fjárfestingarvöru nokkuð saman á meðan innflutningsvirði hrá- og rekstrarvara eykst á móti. Gera má ráð fyrir að innflutningur á hrá- og rekstrarvörum aukist á næstu misserum vegna aukins innflutnings aðfanga fyrir álframleiðslu, en hann var nokkru meiri í apríl en mars. Innflutningur neysluvöru í apríl lækkaði nokkuð miðað við tölur í mars en þá var neysluvöruinnflutningur í hærra lagi. Innflutningur á bílum breyttist lítið milli mánaða, en hann hefur dregist mikið saman frá því er mest lét.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2003–apríl 2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	25,9	18,2
Skattar á tekjur og hagnað	40,0	20,2
Eignarskattar	-16,3	-10,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	18,7
Tryggingagjöld	16,1	11,7
Tekjur alls	25,5	19,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,3	21,5
Heilbrigðismál	1,2	10,1
Alm.trygg. & velferðarmál	11,1	12,9
Efnahags- og atvinnumál	-3,5	25,6
Menntamál	16,1	7,7
Gjöld alls	5,2	14,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	23.086	31.757
Hreinn lánsfjárjöfnuður	20.557	48
Afborgun lána	-9.096	-31.916
Brúttó lánsfjárjöfnuður	10.471	-32.859
Lántökur	1.532	43.753
Greiðsluafkoma	12.003	10.894

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (apríl)	5,5	5,3
Kjarnaverðbólga (apríl)	4,6	6,4
Launavísitala (mars)	8,6	9,7
Heildarvelta (jan.-des. '06)	12,3	11,9
Smásöluvelta (jan.-des. '06)	9,0	5,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	1,5	1,3

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

24. maí 2007

Ráðherrafundur OECD í París

Árlegur ráðherrafundur OECD var haldinn í París 15.- 16. maí en þar voru tekin fyrir aðkallandi málefni sem varða aðildarríkin. Fjallað var um alþjóðavæðingu og voru ráðherrar sammála um mikilvægi hennar fyrir áframhaldandi hagvöxt í heiminum. Þau ríki OECD sem eru opnari fyrir alþjóðaviðskiptum hafa vaxið hraðar en þau sem ekki eru jafn opin. Bent var á nauðsyn þess að bregðast rétt við erfiðleikum sem geta komið upp í aðlögun að alþjóðavæðingu. Í því sambandi lögðu ráðherrar áherslu á mikilvægi rannsókna á áhrifum alþjóðavæðingar á grundvelli traustra gagna og þverfaglegrar greiningar.

Á fundinum var efnahagssástand ríkjanna skoðað og lýstu ráðherrar yfir ánægju með stöðugan efnahagsbata í Evrópu með minnkandi atvinnuleysi og áframhaldandi vöxt í Asíu. Hægari hagvöxtur í Bandaríkjunum er rakinn til ástands á húsnæðismarkaðnum þar í landi. Ekki eru taldar miklar líkur á slíkri þróun alþjóðlega. Vegna aukins hagvaxtar og hækkandi orkuverðs hefur verðbólga í ríkjum OECD verið á uppleið þótt hún sé enn innan ásættanlegra marka. Ráðherrar lögðu áherslu á að mikilvægi þess að bæta stöðu ríkisfjármála í uppsveiflunni, sérstaklega í ríkjum með *gegnumstreymiskerfi* í lífeyrissjóðamálum sem standa frammi fyrir auknum útgjöldum á komandi árum vegna öldrunar samfélagsins.

Á fundinum var lögð áhersla á mikilvægi þess að hafa skýra stefnu á sviði tækninýjunga, en árangur þar skiptir sífellt meira máli fyrir þróun samkeppnishæfni og landsframleiðslu ríkja með opin hagkerfi. Í því sambandi er talið mikilvægt að styrkja menntakerfið til að tryggja nægt framboð af starfskröftum með viðeigandi þekkingu. Einnig er mikilvægt að stuðla að auknu framboði fjármagns frá einkaaðilum til nýsköpunar á sviði tækninýjunga. Bent var á mikilvægi tækninýjunga til að takast á við víðtæk umhverfisvandamál á borð við loftslagsbreytingar. Ráðherrarnir voru sammála um þörfina fyrir heildstæða og samhæfða opinbera stefnu til að bæta frammistöðu á þessu sviði. Ákveðið var að marka nýja stefnu fyrir OECD á sviði tækninýjunga á grundvelli greiningar og samanburðar á milli ríkja. Stefnan verður byggð á grunnviðmiðum, nýjum hagvísum sem sýna samband tækninýjunga og hagvaxtar, reglubundinni skýrslugerð sem metur árangur ríkja á þessu sviði og þróun á leiðarvísum og ráðleggingum.

Atvinnuleysi í lágmarki þrátt fyrir innflutning vinnuafls

Vinnumálastofnun birti nýlega upplýsingar um ástand á vinnumarkaði í apríl. Atvinnuleysi er í lágmarki og mælist nú 1,1% af vinnuafli, hefur lækkað um 0,2% frá fyrra mánuði. Sú þróun er í samræmi við árstíðina. Innan við 2.000 manns voru skráðir atvinnulausir í lok apríl og hafa þeir ekki verið færri í þessum mánuði frá árinu 2000. Nú liggur fyrir mæling á skráðu atvinnuleysi fyrir fyrsta þriðjung ársins og er atvinnuleysishlutfallið 1,25% að meðaltali. Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að atvinnuleysi ársins verði að meðaltali 1,8%. Þessar nýju tölur benda til þess að atvinnuleysi ársins gæti orðið minna en það og að þensla á vinnumarkaði vari eitthvað lengur en gert hefur verið ráð fyrir.

Nýir erlendir starfsmenn



Önnur vísbending um ástand á vinnumarkaði er að lítið hefur dregið úr aðflutningi erlends vinnuafls það sem af er ári. Stærstur hluti aðfluttra kemur frá löndum EES, aðallega hinum nýju aðildarríkjum en sárafá atvinnuleyfi hafa verið gefin út til fólks sem kemur lengra að frá því aðgangur fólks frá hinum nýju aðildarríkjum ESB að íslenskum vinnumarkaði varð frjáls á síðasta ári. Fjölgun vinnuafls um þessar mundir vegna aðflutnings er tvöföld á við náttúrulega fjölgun sem nemur nú 0,8-1,0% á ári.

Gengisþróun krónunnar

Mikil útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum, svokölluðum *krónubréfum*, hefur áhrif til styrkingar á gengi krónunnar. Um leið fylgir þeirri þróun aukin gengisáhætta, ekki síst fyrir þá erlendu aðila sem eru endanlegir kaupendur bréfanna. Þessir fjárfestar þurfa að mynda sér skoðun á eða væntingar um líklega þróun gengis krónunnar. Í því sambandi má styðjast við samspil viðskiptajöfnuðar og stýrivaxta til að nálgast gengisáhættuna. Meðfylgjandi mynd sýnir viðskiptajöfnuð og stýrivexti í nokkrum löndum árið 2005. Metin leitnilína sýnir mögulegt jafnvægissamband stýrivaxta og viðskiptajöfnuðar það ár. Eins og við er að búast sýnir ferillinn að stýrivextir eru hærri í löndum þar sem viðskiptahallinn er meiri og að sama skapi eru stýrivextir lægri þar sem viðskiptaafgangur er til staðar. Þó ber að geta þess að nokkur þessara ríkja eru komin með evruna og hafa því lága stýrivexti óháð viðskiptajöfnuðinum. Viðskiptahalli þýðir að þjóðarútgjöld eru meiri en þjóðarframleiðsla og að þörf er á erlendu lánsfé til að greiða fyrir hallann. Þeirri stöðu fylgir óhjákvæmilega sú hætta að eftirspurn eftir erlendum gjaldmiðli hafi í för með sér veikara gengi innlenda gjaldmiðilsins en ella. Undantekningin frá þessu er þegar aðhald er mikið í peningastjórn viðkomandi lands og stýrivextir háir, sem laðar að peninga erlendis frá. Á myndinni sjáum við að lönd eins og Ísland og Tyrkland, sem eru með neikvæðan viðskiptajöfnuð, eru jafnframt fyrir ofan leitnilínuna. Greiningaraðilar telja að sú staða dragi úr væntingum um gengislækkun, sem að öðrum kosti geti orðið að sjálfgefinni niðurstöðu ef fjárfestar taka til við að losa stöður í viðkomandi gjaldmiðli. Snaraukinn viðskiptahalli árið 2006 leiddi til lækkunar á gengi krónunnar. Í kjölfarið voru stýrivextir hækkaðir frekar sem hafði þau áhrif að útgáfa krónubréfa hófst á ný og gengið styrktist. Nú er því spáð að viðskiptahalli dragist hratt saman á yfirstandandi ári en að stýrivextir haldist tiltölulega háir. Miðað við þá stöðu má draga þá ályktun að minni hætta sé en meiri á því að gengi krónunnar falli af þeirri ástæðu að fjárfestar telji stýrivexti of lága með hliðsjón af viðskiptahallanum. Leggja verður áherslu á að mikil óvissa ríkir alla jafna um þróun á gengi krónunnar, en margir aðrir þættir geta haft áhrif þar á.

Viðskiptahalli og stýrivextir árið 2005



Tekjur ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	25,9	18,2
Skattar á tekjur og hagnað	40,0	20,2
Eignarskattar	-16,3	-10,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	18,7
Tryggingagjöld	16,1	11,7
Tekjur alls	25,5	19,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,3	21,5
Heilbrigðismál	1,2	10,1
Alm.trygg. & velferðarmál	11,1	12,9
Efnahags- og atvinnumál	-3,5	25,6
Menntamál	16,1	7,7
Gjöld alls	5,2	14,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars		
Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	23.086	31.757
Hreinn lánsfjárjöfnuður	20.557	48
Afborgun lána	-9.096	-31.916
Brúttó lánsfjárjöfnuður	10.471	-32.859
Lántökur	1.532	43.753
Greiðsluafkoma	12.003	10.894

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (maí)	7,6	4,7
Kjarnaverðbólga (maí)	6,4	5,7
Launavísitala (apríl)	8,4	9,8
Heildarvelta (jan.-febrúar)	12,4	15,9
Smásöluvelta (jan.-febrúar)	10,1	4,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,3	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

31. maí 2007

Hreyfingar á milli launahópa

Mælingar Hagstofu Evrópusambandsins á launadreifingu 31 ríkis í Evrópu á grundvelli alþjóðlegra viðurkenndra mæliaðferða benda til að jöfnuður í dreifingu tekna einstaklinga sé meiri á Íslandi en í flestum hinna ríkjanna. Árið 2004, mældist svokallaður Gini-stuðull á Íslandi 0,25, sem var fjórði minnsti ójöfnuðurinn, en aðeins þrjú ríki voru með meiri launajöfnuð það ár, þ.e. Slóvenía, Danmörk og Svíþjóð. Í öðrum sambærilegum mælingum var Ísland í 2. eða 3. sæti.

Það er einnig áhugavert að skoða hvernig hreyfingar einstaklinga á milli tekjuhópa þróast yfir tíma. Í síðustu útgáfu Þjóðarbúskaparins er að finna í viðauka umfjöllun um tekjuteygni skatta. Í viðaukanum er tafla sem sýnir færslu einstaklinga á milli tekjutíunda, annars vegar á milli áranna 2004 og 2005, og hins vegar yfir fimm ára tímabil, milli áranna 2000 og 2005. Taflan hér að neðan sýnir hreyfingar einstaklinga á milli tekjutíunda frá 2000 til 2005.

Hreyfing milli launatíunda milli áranna 2000 og 2005 (%)

Launatíundir 2000	*Launatíundir 2005*									
	1	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**	**8**	**9**	**10**
1	21,8	23,1	14,1	10,3	9,1	7,4	5,8	4,1	2,7	1,5
2	11,2	24,5	20,7	12,0	9,7	7,9	5,5	4,0	3,0	1,5
3	9,2	12,7	24,9	19,1	11,5	8,7	5,9	4,0	2,7	1,3
4	6,9	8,7	14,1	29,0	15,5	10,0	6,8	4,5	2,8	1,7
5	3,8	6,3	9,6	16,8	25,9	16,4	9,9	5,9	3,7	1,7
6	2,7	4,3	6,7	9,2	16,0	23,7	18,2	10,3	6,0	2,9
7	1,8	3,2	4,3	5,4	8,8	16,2	25,6	20,4	10,2	4,1
8	1,3	1,8	2,6	3,3	5,4	8,5	17,9	29,3	22,1	7,7
9	0,8	1,3	1,6	1,9	3,2	5,0	8,2	19,0	36,3	22,6
10	0,9	1,0	1,3	1,1	2,1	3,0	4,2	6,5	17,5	62,5

Á lóðrétta ásnum má lesa dreifingu launafólks í tíundir á fyrra tímabilinu og á lárétta ásnum því síðara. Lesa skal úr töflunni þannig að 21,8% þess launafólks sem var í lægsta tekjuhópnum árið 2000 var enn í lægsta tekjuhópnum árið 2005, 23,1% þeirra sem voru í lægsta tekjuhópnum á fyrra árinu voru í næstlægsta hópnum árið 2005, 14,1% voru í þriðja neðsta hópnum og þannig koll af kolli. Sjá má að miklar færslur eru á milli hópa yfir það fimm ára tímabil sem horft er til hér; langstærstur hluti þeirra tekjulægstu færist að verulegu leyti upp og tekjur þeirra tekjuhæstu lækka hlutfallslega á móti. Þá þróun má eflaust skýra að verulegu leyti með aldurstengingu launatekna, en þekkt er að launatekjur fari hækkandi fram yfir miðjan aldur og lækki svo hratt á síðustu árum starfsævinnar. Þessar mælingar benda til að meirihluti þeirra sem mælist með lægstu tekjurnar sé ungt fólk sem síðan fótar sig á vinnumarkaði og hækkar í tekjum með aukinni reynslu og þekkingu. Af þessu má því sjá að til viðbótar við mikinn jöfnuð í dreifingu launatekna, eru hreyfingar fólks á milli tekjuhópa verulegar og mikilvægur þáttur í tekjudreifingu á Íslandi.

Íslendingar í Danmörku

Vefritið hefur áður greint frá því að flestir Íslendingar sem flust hafa utan á undanförnum áratugum hafa farið til Danmerkur. Í tölum dönsku hagstofunnar (Danmarks Statistik) kemur fram að um síðastliðin áramót hafi búið þar í landi rúmlega 7.800 íslenskir ríkisborgarar. Af þeim töldust 3.200 hafa verið starfandi. Á starfsaldri (16-74 ára) voru 5.900 og því er hlutfall starfandi 54%. Ekki er á þessu stigi vitað hversu margir Íslendingar töldust atvinnulausir í Danmörku en sé tekið mið af því að sama hlutfall er 80% á Íslandi er mjög líklegt að fjöldi þeirra sem er við nám sé töluverður. Lánþegar LÍN í Danmörku hafa verið um það bil 1.000 undanfarin ár. Sumir þeirra fara til starfa eftir það á þeim vettvangi sem þeir hafa menntað sig til en aðrir við það sem þeir störfuðu við hérlendis. Enn aðrir fara utan til að reyna eitthvað nýtt og fara þá til starfa í ýmsum atvinnugreinum þar sem ekki eru gerðar kröfur til menntunar. Þá má ekki gleyma íslenskum starfsmönnum útrásarfyrirtækjanna. Því er fróðlegt að sjá við hvað íbúar þessarar fjölmennustu íslensku „nýlendu" starfa.

Hlutfallsleg skipting starfandi Íslendinga (%)

	IS	**DK**
Landbúnaður	2,4	1,2
Fiskveiðar	2,7	0,6
Fiskvinnsla	3,3	2,6
Annar iðnaður	9,7	9,3
Veitustarfsemi	1,0	0,2
Mannvirkjagerð	7,8	7,5
Verslun og viðgerðaþjónusta	14,1	12,3
Hótel- og veitingahúsarekstur	3,5	6,5
Samgöngur og flutningar	7,5	4,4
Fjármálaþjónusta	4,1	1,3
Fasteigna- og viðskiptaþjónusta	8,4	18,2
Opinber stjórnsýsla	6,9	2,4
Fræðslustarfsemi	7,0	7,0
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	15,4	20,0
Önnur þjónusta	6,2	6,6
Alls	*100*	*100*

Fjölmennasta atvinnugreinin (þegar atvinnulífinu er skipt upp í 27 atvinnugreinar) er þjónusta við atvinnurekstur en innan hennar eru fyrirtæki eins og bókhalds- og auglýsingastofur, arkitekta- og verkfræðistofur og þess háttar þjónustufyrirtæki. Í henni störfuðu 530 Íslendingar um síðastliðin áramót. Þetta eru 18% af hópnum, meira en tvöfalt hærra hlutfall en sama atvinnugrein er hjá Íslendingum á heimavelli. Næst fjölmennust er félagsþjónusta. Þar störfuðu 427. Í fjórum atvinnugreinum til viðbótar störfuðu yfir 200. Þær eru byggingarstarfsemi (243), menntastofnanir (223), heilbrigðisstofnanir (212) og hótel og veitingastaðir (208). Í þessari síðasttöldu má ætla að fleiri Íslendingar starfi á sumrin en á veturna. Litlu færri (194) starfa í smásöluverslun. Einungis 19 Íslendingar stunda sjóinn í Danaveldi meðan 83 vinna í öllum greinum matvæla- og drykkjarvöruiðnaðarins. Má reikna með því að töluverður hluti þeirra starfi við fiskvinnslu. Það vekur svo ef til vill athygli að 40 íslenskir ríkisborgarar starfa í fjármála- og tryggingastarfsemi, þrátt fyrir mikil umsvif Íslendinga á þeim vettvangi meðan 51 starfar við leigu- og eignamiðlun þar sem þeir hafa einnig haslað sér völl. Við samgöngur starfa 114.

Þessar tölur sýna að meðal Íslendinga sem starfa í Danmörku er að finna mikinn mannauð. Það skiptir töluverðu hvort hér verða skilyrði til þess að vaxandi hluti þessa hóps muni flytjast til baka á næstu árum.

Tilskipun ESB um endurskoðun ársreikninga

Í maí á síðasta ári samþykkti Evrópusambandið tilskipun 43/2006/EB. Vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum ber að innleiða tilskipunina í íslenskan rétt. Tilskipunin fjallar um endurskoðun á árs- og samstæðureikningum og eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Eitt helsta markmið hennar er að tryggja að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti fullkomlega treyst endurskoðuðum reikningum. Tilskipunin gerir meðal annars ríkar kröfur til óhæðis og faglegrar þekkingar endurskoðenda og ber stjórnvöldum að sjá til þess að til staðar sé öflugt opinbert eftirlit með endurskoðendum og störfum þeirra. Í tilskipuninni eru jafnframt gerðar kröfur um reglulegt gæðaeftirlit með endurskoðendum og að þeir skuli hafa undirgengist viðurkenndar siðareglur.

Þann 1. september sl. skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að gera heildarúttekt á lögum um endurskoðendur og setja fram tillögur að endurbótum á þeim með hliðsjón af ofangreindri tilskipun. Áætlað er að starfshópurinn skili tillögum sínum fyrir áramót en reikna má með að innleiðing tilskipunarinnar kalli á töluverðar breytingar á núgildandi lögum um endurskoðendur.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	25,9	18,2
Skattar á tekjur og hagnað	40,0	20,2
Eignarskattar	-16,3	-10,5
Skattar á vöru og þjónustu	20,5	18,7
Tryggingagjöld	16,1	11,7
Tekjur alls	25,5	19,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,3	21,5
Heilbrigðismál	1,2	10,1
Alm.trygg. & velferðarmál	11,1	12,9
Efnahags- og atvinnumál	-3,5	25,6
Menntamál	16,1	7,7
Gjöld alls	5,2	14,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	23.086	31.757
Hreinn lánsfjárjöfnuður	20.557	48
Afborgun lána	-9.096	-31.916
Brúttó lánsfjárjöfnuður	10.471	-32.859
Lántökur	1.532	43.753
Greiðsluafkoma	12.003	10.894

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (maí)	7,6	4,7
Kjarnaverðbólga (maí)	6,4	5,7
Launavísitala (apríl)	8,4	9,7
Heildarvelta (jan.-febrúar)	12,4	15,9
Smásöluvelta (jan.-febrúar)	10,1	4,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,3	1,1

Vefrit fjármálaráðuneytisins

7. júní 2007

Greiðsluafkoma ríkissjóðs apríl 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársþriðjung ársins 2007 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 36,7 milljarða króna innan ársins, sem er 12,4 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman mun hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust 24,3 milljörðum hærri en í fyrra en gjöldin jukust um 13,4 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 4,8 milljarða króna sem er 17 milljörðum lakara en á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 milljarða kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins námu 149 milljörðum króna. Það er rúmum 24 milljörðum meira en í fyrra. Skatttekjur og tryggingargjöld námu 138 milljörðum og jukust um 24 milljarða milli ára eða 14,2% að raunvirði (þá er tekjuskattur lögaðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Þar af námu skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila 58 milljörðum og jukust um 23,4% að raunvirði milli ára. Tekjuskattur einstaklinga nam 30 milljörðum, tekjuskattur lögaðila tæpum 8 milljörðumogfjármagnstekjuskattur tæpum 21 milljarði króna. Innheimta fjármagnstekjuskattsins fer að mestu leyti fram í janúar ár hvert og innheimtust 20 af 21 milljarði í janúarmánuði. Innheimta veltuskatta nam tæpum 62 milljörðum á tímabilinu, 9 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra, sem samsvarar 9,3% aukningu umfram verðbólgu. Innheimt tryggingagjöld námu 13 milljörðum. Innheimta veltuskatta hefur tekið við sér aftur á síðustu mánuðum. Breyttar reglur um gjalddaga virðisaukaskatts (sem er um tveir þriðju hlutar veltuskattanna) hamla þó enn samanburði á skemmri tímabilum innan ársins. Miðað við hreyfanlegt 6 mánaða meðaltal er raunvöxtur veltuskatta í heild milli ára nú 6,2%.

Tekjur ríkissjóðs á fyrsta þriðjungi ársins 2007



Greidd gjöld ríkissjóðs námu 113,9 milljörðum króna í janúar-apríl og jukust um 13,4 milljarða frá fyrra ári, eða 13,3%. Mest munar um greiðslur almannatrygginga sem hækka um 3,6 milljarða. Þá hækka greiðslur til heilbrigðismála um 2,3 milljarða og til almennrar þjónustu um tæpa 2 milljarða. Greiðslur til menntamála hækka um 1,3 milljarða en aðrir málaflokkar hækka minna.

Lántökur ársins nema 46 milljörðum króna og hækka um tæpa 40 milljarða milli ára. Þar munar mest um 26,9 milljarða lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá voru 1,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum batnaði um 17,5 milljarða króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Tilskipun um réttarúrræði vegna opinberra innkaupa

Á vegum framkvæmdastjórnar ESB hefur verið unnið að endurskoðun á tilskipunum um réttarúrræði vegna opinberra útboða. Gert er ráð fyrir að Evrópuþingið samþykki nýja tilskipun fljótlega. Í framhaldi af því má reikna með að ákveðið verði að tilskipunin skuli innleidd á öllu EES svæðinu. Þrátt fyrir að sameiginlegar innkaupareglur gildi innan aðildarlanda ESB og þar með EES ríkjanna, nema opinber innkaup á vörum og þjónustu yfir landamæri einungis um 10% af heildarfjárhæð opinberra innkaupa á innri markaði ESB. Miðar tilskipunin m.a. að því að auka gegnsæi þegar opinberir aðilar semja um kaup á vörum og þjónustu. Áætlað er að innkaup ríkis og sveitarfélaga hérlendis nemi um 145 milljörðum árlega, sem svarar til um 15% af vergri landsframleiðslu árið 2005. Í ESB er áætlað að þetta hlutfall sé að meðaltali um 16%.

Í drögum að tilskipuninni er meðal annars lagt til að opinber aðili verði að bíða í að lágmarki 10 daga frá því hann tilkynnir um afstöðu til tilboða og þar til hann gengur frá samningi. Biðtíminn er til að gefa öllum þeim sem verða af samningnum tækifæri til að kæra ákvörðunina og láta með því leiðrétta ákvörðun sem þeir telja óréttláta. Í nýsamþykktum lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 hefur þegar verið gert ráð fyrir 10 daga biðtíma sbr. 76. gr. Með þessu gefst ósáttum bjóðendum kostur á að kæra ákvörðunina til kærunefndar útboðsmála og krefjast þess að samningsgerð verði stöðvuð um stundarsakir meðan nefndin fjallar um málið.

Þá mun tilskipunin væntanlega einnig kveða á um úrræði í þeim tilvikum þegar gerðir hafa verið samningar beint við fyrirtæki án þess að útboðsskyldu hafi verið sinnt, en samningar án úboðs eru aðeins heimilaðir í undantekningartilfellum. Þegar útboðsskylda hefur ekki verið virt er gert ráð fyrir að fyrirtæki á markaði geti krafist ógildingar samnings a.m.k. innan 6 mánaða frá því samningur er gerður, t.d. með kæru til kærunefndar. Það á einnig við ef 10 daga biðtíminn hefur ekki verið virtur. Að öðru leyti er aðildarþjóðum ESB og EES gert að setja eigin reglur um frekari úrræði hvað þetta varðar, t.d. stjórnvaldssektir. Fjármálaráðherra fer með opinber innkaup hérlendis. Starfandi er Kærunefnd útboðsmála sem leysir úr kærum er varða lög og reglur um opinber innkaup en hún er óháð fjármálaráðuneytinu.

Innflutningur í maí

Samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts frá Hagstofu Íslands var vöruskiptahallinn í maí 10,9 milljarðar króna sem er svipaður halli og í apríl en tæpum þremur milljörðum minna en á sama tíma í fyrra. Vöruútflutningur var um 20,3 milljarða króna virði og batnar lítillega sem má að mestu rekja til að álútflutningur virðist aukast á ný eftir að hafa verið í minna lagi í apríl. Þó nær álútflutningur ekki sama flugi og í febrúar og mars. Útflutningur nýrrar verksmiðju Alcoa á Reyðarfirði er hafinn og búist við að hann aukist hratt á árinu. Flutt var inn fyrir 31,2 milljarða króna, sem er aukning um tæpan milljarð frá síðasta mánuði. Bílainnflutningur jókst í maí ásamt eldsneytisinnflutningi en sá liður er mjög sveiflukenndur milli mánaða en einnig jókst matvælainnflutningur nokkuð. Innflutningur á hrá- og rekstrarvörum minnkar á milli mánaða en það má rekja til minni innflutnings á hráefnum til álframleiðslu, en sá liður er einnig sveiflukenndur milli mánaða. Innflutningur á fjárfestingarvörum er svipaður og í apríl, það sama á við um varanlegar og hálf-varanlegar neysluvörur (skór, fatnaður ofl.). Hins vegar eykst innflutningur á óvaranlegum neysluvörum (lyf, tóbak t.d.) lítillega. Innflutningur á skipum og flugvélum var enginn í maí en þeir liðir hafa verið óáreiðanlegir síðustu mánuði sem hefur kallað á leiðréttingar nokkra mánuði aftur í tímann, einkum út af síðbúinni upplýsingagjöf frá fyrirtækjum.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2003–maí 2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	15,0	18,1
Skattar á tekjur og hagnað	34,0	22,3
Eignarskattar	-29,1	-0,7
Skattar á vöru og þjónustu	6,5	16,2
Tryggingagjöld	14,3	12,0
Tekjur alls	9,0	19,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,4	14,9
Heilbrigðismál	6,0	8,6
Alm.trygg. & velferðarmál	11,7	15,4
Efnahags- og atvinnumál	45,4	20,6
Menntamál	10,9	11,3
Gjöld alls	4,7	13,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	24.347	36.736
Hreinn lánsfjárjöfnuður	21.869	4.785
Afborgun lána	-31.685	-32.024
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.136	-28.559
Lántökur	6.456	46.052
Greiðsluafkoma	-4.680	17.493

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (maí)	7,6	4,7
Kjarnaverðbólga (maí)	6,4	5,7
Launavísitala (apríl)	8,4	9,7
Heildarvelta (jan.-febrúar)	12,4	15,9
Smásöluvelta (jan.-febrúar)	10,1	4,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,3	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

14. júní 2007

Ný spá um vinnuafl

Íbúaþróun og vinnumarkaðskönnun á fyrsta ársfjórðungi 2007 eru fjármálaráðuneytinu tilefni til að gera nýja áætlun um framboð vinnuafls eftir kyni, landshlutum og mánuðum. Þessi áætlun er notuð í útreikningum Vinnumálastofnunar á atvinnuleysishlutföllum. Spáin hefur verið hækkuð um 1,5% frá fyrri tölum fyrir mánuðina frá og með júní til loka ársins. Vöxtur framboðs frá fyrra ári er 3,8% eftir þessa breytingu. Töflu með hinum breyttu tölum er að finna hér. Áætluninni kann að verða breytt aftur seinna á árinu ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til þess.

Aðflutningur erlendra ríkisborgara

Málefni erlendra ríkisborgara hafa mjög verið í umræðu hér á landi. Er það ekki að undra enda hefur þeim fjölgað mjög síðastliðin ár. Um síðastliðin áramót töldust 18.652 erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi, sem eru 6% af heildarfjölda landsmanna sem töldust 307.672. Þess má geta að á undanförnum 16 árum hafa um 5.600 erlendir ríkisborgarar, ýmist aðfluttir eða innfæddir, fengið íslenskt ríkisfang. Langstærsti hópurinn frá einu landi eru Pólverjar, eða tæp 6.000 en það eru 1,9% íbúa landsins og tæpur þriðjungur aðfluttra. Litháar voru næst fjölmennastir, eða tæp 1.000, sem jafngildir rúmlega 5% erlendra íbúa. Fjöldi aðfluttra frá hinum Eystrasaltsríkjunum, Eistlandi og Lettlandi, var nokkru minni, eða rúmlega 400. Samanlagt voru því ríkisborgarar frá Eystrasaltsríkjunum tæplega 8% aðfluttra. Til samanburðar voru rúmlega 1.700 manns frá hinum Norðurlöndunum, eða 9% erlendra íbúa. Frá hinum mörgu ríkjum Vestur–Evrópu voru rúmlega 3.000 manns, eða 16% aðfluttra. Frá öðrum ríkjum Evrópu voru ríflega 1.000 manns, eða tæp 6%. Yfir 70% aðfluttra, eða um 13.200 eru því frá Evrópu. Frá Asíu komu tæplega 2.900 manns, eða 16% aðfluttra. Þar af er tæpur helmingur frá Taílandi og Filippseyjum. Það er því ljóst að opnun landsins og gróska á vinnumarkaði hefur leitt til mikils aðstreymis erlendra ríkisborgara, sem færir íbúasamsetningu landsins nær því sem er í löndum umhverfis okkur. Þannig er hlutfall aðfluttra á Íslandi orðið nær því sem það er á Norðurlöndunum, þar sem margir aðfluttir hafa fengið nýtt ríkisfang, þótt það sé lægra en á Bretlandseyjum.

Erlendir ríkisborgarar eftir ríkisfangi í árslok 2006



Búferlaflutningar Pólverja

Í þessar grein er kastljósinu sérstaklega beint að Pólverjum. Á undanförnum tveimur áratugum hafa um 8.300 Pólverjar flutt til landsins en 1.750 farið héðan. Mismunurinn er 6.561. Þess má geta að frá árinu 1991 hafa 858 pólskir ríkisborgarar fengið íslenskt ríkisfang og teljast því ekki með. Af þeim 5.996 pólsku ríkisborgurum sem búsettir voru hér á landi um síðastliðin áramót voru rúmlega 1.600 konur, eða 27% hópsins meðan karlarnir voru rúmlega 4 þúsund. Um 93% af hópnum eru á starfsaldri (16-74 ára) en það hlutfall er 72% hjá öllum íbúum.

Í ljósi svo mikilla flutninga til jafn fámenns lands og Íslands er forvitnilegt að kanna umfang búferlaflutninga frá Póllandi og hvert þeir sem þaðan hafa flutt á undanförnum árum hafa farið. Samkvæmt upplýsingum pólsku hagstofunnar hafa um það bil tuttugu þúsund manns flust burt á hverju ári undanfarin ár en milli 7 og 9 þúsund flutt til landsins. Þessir flutningar hafa ekki aukist frá því Pólland gekk í ESB. Ef skoðaðar eru hagtölur nokkurra nágrannalanda sést að hinar pólsku hagtölur fást varla staðist: það flytja miklu fleiri Pólverjar úr landi en opinberar tölur gefa til kynna. Í skýrslu sem gefin hefur verið út af breska innanríkisráðuneytinu kemur fram að á tímabilinu frá maí 2004 til júní 2006 fengu samtals 265.000 Pólverjar heimild til að starfa í Stóra-Bretlandi en það er 62% af öllum atvinnuleyfum til fólks frá hinum nýju aðildarríkjum ESB. Flestir Pólverjanna vinna í atvinnugrein sem innheldur starfsmannaleigur en það þýðir að starfið getur verið í næstum því hvaða atvinnugrein sem er. Næstflestir eru í hótel- og veitingaþjónustu, þar næst landbúnaði, svo framleiðsluiðnaði og matvælaiðnaði. Í upplýsingum frá írsku hagstofunni kemur fram að frá apríl 2005 til jafnlengdar 2006 fluttu 22.900 Pólverjar til Írlands, en það er einn af hverjum fjórum aðfluttum til landsins. Árið 2006 fluttu 7.400 Pólverjar til Noregs. Árið 2005 fluttu tæplega 2.000 þeirra til Danmerkur en rúmlega 600 fluttu til baka. Það er óvenjulegt því straumurinn er oftast næ einungis í aðra áttina. Til Svíþjóðar fluttust rúmlega 6.000 Pólverjar í fyrra og tala þeirra hafði tvöfaldast frá árinu áður.

Við inngönguna í ESB fengu Pólverjar aðgang að vaxandi vinnumörkuðum í Stóra-Bretlandi og Írlandi og einnig heimiluðu Svíar frjálsa för en þar hafa hins vegar verið miklar þrengingar á vinnumarkaði. Ísland og Noregur hafa einnig búið við vaxandi eftirspurn eftir vinnuafli og þeir hafa nú einnig opnað vinnumarkaði sína. Þetta hafa margir Pólverjar notfært sér og bætt eigin afkomu um leið og þeir hafa tekið að sér verðmæt verkefni í þeim löndum sem þeir hafa flust til. Brottflutningurinn hefur hins vegar án efa verið blóðtaka fyrir þær 38 milljónir íbúa sem byggja Pólland. Íbúum landsins hefur raunar farið fækkandi frá 1996 samkvæmt opinberum tölum.

Það er mat breska innanríkisráðuneytisins að aðflutningurinn hafi haft mjög jákvæð áhrif á breskt efnahagslíf án þess að gera miklar kröfur til velferðarþjónustu. Það fer svo væntanlega eftir viðhorfi hinna aðkomnu til nýju búsetulandanna, móttökunnar og efnahagsframvindunni hvort þeir ílendast í hinum nýju heimkynnum eða flytja aftur heim.

Mikil aukning útgjalda til heilbrigðismála

Frá 1998 til 2007 hafa árleg útgjöld til heilbrigðismála aukist um 34 milljarða króna á föstu verði. Það jafngildir 57% raunaukningu.

Útgjöld til heilbrigðismála 1998 og 2007

	1998	*2007*	*Hækkun*	
Á verðlagi ársins 2007	*M.kr.*	*M.kr.*	*M.kr.*	*%*
Almenn sjúkrahúsaþjónusta	32.475	41.933	9.458	29
Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	524	942	417	80
Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	8.931	22.085	13.154	147
Almenn heilsugæsla	7.021	13.701	6.680	95
Sérstæð heilsugæsla	292	336	44	15
Tannlæknaþjónusta	1.144	1.336	192	17
Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	774	1.538	764	99
Lyf og hjálpartæki	6.902	8.805	1.902	28
Önnur heilbrigðismál	1.515	2.962	1.446	95
Samtals	59.580	93.636	34.057	57

Taflan sýnir útgjöld til heilbrigðismála á árinu 1998 á verðlagi ársins 2007 samanborið við fjárlög 2007. Samkvæmt fjárlögum 2007 eru útgjöld til heilbrigðismála samtals 93,6 milljarðar króna, sem er um 25,5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Langmest hefur aukningin orðið í útgjöldum öldrunar- og endurhæfingastofnana eða um 147% hækkun sem jafngildir 13 milljörðum króna. Einnig hefur orðið mikil hlutfallsleg hækkun í útgjöldum til almennrar heilsugæslu, sjúkraþjálfunar og annarra heilbrigðismála eða nálægt 100% aukning.

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	15,0	18,1
Skattar á tekjur og hagnað	34,0	22,3
Eignarskattar	-29,1	-0,7
Skattar á vöru og þjónustu	6,5	16,2
Tryggingagjöld	14,3	12,0
Tekjur alls	9,0	19,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,4	14,9
Heilbrigðismál	6,0	8,6
Alm.trygg. & velferðarmál	11,7	15,4
Efnahags- og atvinnumál	45,4	20,6
Menntamál	10,9	11,3
Gjöld alls	4,7	13,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	24.347	36.736
Hreinn lánsfjárjöfnuður	21.869	4.785
Afborgun lána	-31.685	-32.024
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.136	-28.559
Lántökur	6.456	46.052
Greiðsluafkoma	-4.680	17.493

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (júní)	8,0	4,0
Kjarnaverðbólga (júní)	7,0	4,9
Launavísitala (apríl)	8,4	9,7
Heildarvelta (jan.-febrúar)	12,4	15,9
Smásöluvelta (jan.-febrúar)	10,1	4,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,3	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

21. júní 2007

Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2009

Fyrr í þessari viku kom út endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins þar sem fjallað er um framvindu efnahagslífsins til ársins 2009. Endurskoðunin hefur leitt til nokkurra breytinga frá aprílspá ráðuneytisins. Helst ber að nefna að nú er gert ráð fyrir meiri samdrætti þjóðarútgjalda eða 7,2% að raungildi, en aukningin skýrist af 1,3% samdrætti í einkaneyslu. Versnandi horfur um framleiðslu sjávarafurða leiða til þess að áætlað er að aflaverðmæti dragist saman um rúm 4% frá fyrri spá og dragist lítið eitt saman á árinu 2007. Hér er miðað við að aflareglu sé fylgt og að útgefinn kvóti í þorski verði 178 þúsund tonn. Áætlað er að hagvöxtur verði um -0,1% í ár sem er 1% minni hagvöxtur en í aprílspá.

Spáð er að hagkerfið haldi áfram að þróast í átt að jafnvægi á komandi misserum. Spenna í efnahagslífinu virðist hafa farið hratt minnkandi frá fyrra ári sem er í samræmi við hagmælingar sem sýna snarpan samdrátt þjóðarútgjalda á fyrsta ársfjóðungi 2007. Gert er ráð fyrir að framleiðsluslaki myndist í ár en hverfi smám saman á spátímabilinu. Vegna áframhaldandi bata í utanríkisviðskiptum og þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt þjóðarútgjalda er spáð að hagvöxtur verði 2,0% árið 2008, en að hann verði 2,1% árið 2009 þegar spáð er að þjóðarútgjöld hætti að dragast saman.

Spenna á vinnumarkaði hefur sett þrýsting á hækkun kaupgjalds og verðlags og gerð nýrra kjarasamninga er framundan. Af þessum sökum er reiknað með að stýrivextir haldist háir um sinn og að verðbólga verði að meðaltali 3,7% í ár en nálægt 2,5% verðbólgumarkmiði árin 2008 og 2009. Áætlað er að atvinnuleysi aukist þegar hægja tekur á í efnahagslífinu og verði að meðaltali 1,6% af vinnuafli í ár. Spáð er 3,9% atvinnuleysi á næsta ári og 4,5% árið 2009. Rétt er að árétta óvissu við mat á atvinnuleysishorfum sem meðal annars ráðast nokkuð af þróun atvinnuþátttöku erlends vinnuafls hér á landi.

Yfirlit þjóðhagsspár 2006–2009

	Brb.	Spá		
Magnbreytingar frá fyrra ári, %	*2006*	*2007*	*2008*	*2009*
Einkaneysla	4,6	-1,3	-1,2	0,5
Samneysla	2,9	2,5	2,1	2,4
Fjármunamyndun	13,0	-23,5	-16,5	-3,3
Þjóðarútgjöld alls	7,4	-7,2	-4,0	0,2
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,6	9,9	10,9	3,8
Innflutningur vöru og þjónustu	8,8	-11,8	-5,3	-0,9
Verg landsframleiðsla	2,6	-0,1	2,0	2,1
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-27,4	-16,0	-10,2	-8,0
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	1,3	1,6	3,9	4,5
Verðbólga (milli ársmeðaltala VNV)	6,8	3,7	2,9	2,6

Í útgefinni þjóðhagsspá eru sýndar niðurstöður útreikninga um frávik frá meginspá ef verður af framkvæmdum við Helguvík og ef farið verður að veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar.

Verði farið að öllu leyti eftir ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar um hámarksafla má gera ráð fyrir að hagvöxtur verði 0,3% og 0,5% minni í ár og á því næsta. Áhrif á vinnumarkað yrðu takmörkuð í ár en gera má ráð fyrir að atvinnuleysi verði að jafnaði 0,5% meira á næstu árum. Draga myndi lítillega úr verðbólguþrýstingi og viðskiptajöfnuður við útlönd myndi versna um rúmt 0,5% af landsframleiðslu þegar áhrif af aflasamdrætti kæmu fram á heilu ári.

Verði framhald á stóriðjuframkvæmdum með byggingu nýs álvers í Helguvík og tengdum fjárfestingum í orkuframleiðslu, að mestu leyti í jarðvarmaorku yrði hagvöxtur 0,2% og 0,6% meiri árin 2008 og 2009. Áhrif framkvæmdanna á verðlag og viðskiptajöfnuð yrðu lítilega neikvæð á spátímabilinu en gera má ráð fyrir að atvinnuleysi minnkaði um rúmlega 0,5% þegar framkvæmdir væru komnar nokkuð af stað árið 2009.

Konum fjölgar hjá ríkinu

Í tengslum við könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna árið 2006 var gerð úttekt úr launavinnslukerfi ríkisins á fjölda ríkisstarfsmanna. Fjöldi starfsmanna 1. október 2006 var um 21.600 í 19.600 stöðugildum. Konur eru í talverðum meirihluta eða 63% og hefur þeim fjölgað talsvert frá 1998 þegar þær voru 54% hópsins. Ekki er jafnmikill munur á kynjunum í fjölda stöðugilda en þar eru konur 61% hópsins. Það skýrist að mestu af því að karlar eru að jafnaði í hærra starfshlutfalli en konur, í um 87% starfi að meðaltali, en konur í um 78% starfi. Konur eru í miklum meirihluta hjá heilbrigðisstofnunum en þar eru karlar aðeins tæplega fimmtungur starfsmannahópsins. Karlar eru hvergi í jafnafgerandi meirihluta og konur en hæst er hlutfall þeirra hjá stofnunum atvinnu- og samgöngumálaráðuneyta. Meðalaldur ríkisstarfsmanna er 45,4 ár. Konur eru aðeins yngri með tæplega 45 ára meðalaldur en karlar eru ríflega 46 ára gamlir. Yngstur er starfsmannahópurinn hjá stofnunum félags- og lýðheilsumála en hæstur meðalaldur er hjá stofnunum atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála.

Það vekur athygli að konum í stjórnendastöðum hefur fjölgað frá árinu 1998. Þá voru konur 40% stjórnenda með mannaforráð ef frá eru taldir forstöðumenn stofnana. Nú eru konur tæpur helmingur stjórnenda með mannaforráð, eða 48%. Fljótlega verður birt nánari umfjöllun um fjölgun kvenna hjá ríkinu í fréttabréfi stjórnenda ríkisstofnana.

Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Niðurstöður nýrrar könnunar um stöðu og framtíðarhorfur stærstu fyrirtækja á Íslandi liggja nú fyrir, en könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var framkvæmd af Capacent-Gallup á tímabilinu 8. til 31. maí. Í endanlegu úrtaki voru 370 fyrirtæki og tóku 223 þeirra þátt í könnuninni. Svarhlutfall var því rúm 60%.

Vísitala efnahagslífsins mælist nú 197 stig, sem er hæsta mæling frá upphafi. Flestir forráðamenn fyrirtækja telja aðstæður í efnahagslífinu góðar. Engir forráðamenn í fyrirtækjum í fjármála- og tryggingastarfsemi, sjávarútvegi, byggingarstarfsemi og veitum og ýmsri sérhæfðri þjónustu telja að ástandið sé slæmt. Bjartsýni um horfur í efnahagslífinu á næstu sex mánuðum er hinsvegar mun minni og hefur vísitala efnahagslífsins sex mánuði fram í tímann lækkað úr 117 stigum í febrúar í tæp 107 stig.

Þá telja 51% svarenda að skortur sé á starfsfólki, en 40% svarenda töldu svo vera í febrúar. Fyrirtæki í fjármála- og tryggingastarfsemi og í ýmsri sérhæfðri þjónustu eru áberandi hvað það varðar, sem bendir til að skortur sé á háskólamenntuðum einstaklingum. Fyrirtæki í byggingarstarfsemi, veitustarfsemi, iðnaði og sjávarútvegi telja skortinn minni, en þau virðast hafa meiri möguleika á að ráða erlenda starfsmenn. Tæplega helmingur fyrirtækja telur að starfsmönnum fjölgi á næstu 6 mánuðum.

Vísitala efnahagslífsins



Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	15,0	18,1
Skattar á tekjur og hagnað	34,0	22,3
Eignarskattar	-29,1	-0,7
Skattar á vöru og þjónustu	6,5	16,2
Tryggingagjöld	14,3	12,0
Tekjur alls	9,0	19,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,4	14,9
Heilbrigðismál	6,0	8,6
Alm.trygg. & velferðarmál	11,7	15,4
Efnahags- og atvinnumál	45,4	20,6
Menntamál	10,9	11,3
Gjöld alls	4,7	13,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	24.347	36.736
Hreinn lánsfjárjöfnuður	21.869	4.785
Afborgun lána	-31.685	-32.024
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.136	-28.559
Lántökur	6.456	46.052
Greiðsluafkoma	-4.680	17.493

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (júní)	8,0	4,0
Kjarnaverðbólga (júní)	7,0	4,9
Launavísitala (maí)	8,7	9,6
Heildarvelta (jan.-febrúar)	12,4	15,9
Smásöluvelta (jan.-febrúar)	10,1	4,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,3	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

28. júní 2007

Sameiginlegur skattgrunnur fyrirtækja í Evrópusambandinu

Þann 5. apríl 2006 kynnti framkvæmdastjórn ESB fyrstu áfangaskýrslu sína um sameiginlegan skattgrunn fyrirtækja (Common Consolidated Corporate Tax Base). Í henni er fjallað um þá hugmynd að gera fyrirtækjum með starfsemi víða á innri markaðinum kleift að fylgja einum skattareglum í stað þess að fylgja reglum allra þeirra ríkja sem þau starfa innan. Gert er ráð fyrir að viðkomandi fyrirtæki geti á þennan hátt meðal annars nýtt sér tap á móti hagnaði af rekstri innan alls innri markaðarins, forðast tvísköttun og komið í veg fyrir vandamál sem tengjast ákvörðun um verð í viðskiptum milli eininga innan fyrirtækjasamstæðna. Tilgangurinn er að gera rekstur fyrirtækja hagkvæmari, bæta samkeppnisstöðu þeirra, auka samkeppni á innri markaði og draga úr kostnaði við bæði almenna stjórnun og skriffinnsku tengda skattamálum. Framkvæmdastjórnin tók fram í fréttatilkynningu, þegar skýrslan var kynnt, að ekki væri lagt til að afnema sjálfsákvörðunarrétt aðildarríkjanna varðandi skatttekjur af fyrirtækjum. Ríkin myndu ákveða skattprósenturnar áfram. Jafnframt sagðist hún stefna að því að leggja fram tillögur um löggjöf um sameiginlegan skattgrunn á árinu 2008.

Framkvæmdastjórnin hefur talað fyrir þeirri hugmynd að fyrirtækin fái að velja á milli kerfa. Þannig verði sameiginlegur skattgrunnur valkostur en ekki skylda og skatttekjum af þeim sem velja samræmdan skattgrunn verði skipt réttlátlega milli ríkjanna á grundvelli samkomulags þeirra á milli. Skoðanir eru skiptar um framkomnar hugmyndir. Þær njóta almennt fylgis hjá talsmönnum fyrirtækja, en mörg ríki hafa lýst yfir efasemdum eða andstöðu. Margir sjá kosti í því að fyrirtæki, sem uppfylla ákveðin skilyrði, geti valið milli kerfa en aðrir segja að tvö kerfi í hverju landi auki kostnað og flækjustig bæði hjá fyrirtækjum og skattyfirvöldum, auk þess að leiða til samkeppni milli núverandi skattkerfa í ríkjunum og hins nýja kerfis. Þeir sem eru á móti telja hæpið að sameiginlegur skattagrunnur auki samkeppnishæfni og draga bæði í efa þau sjónarmið sem hugmyndirnar byggja og hagkvæmni fyrirkomulagsins.

Framkvæmdastjórnin sendi frá sér áfangaskýrslu númer tvö í röðinni um sameiginlegan skattgrunn þann 2. maí 2007 og var málið síðan rætt á 2804 fundi efnahags- og fjármálaráðherra ríkjanna (ECOFIN) 5. júní sl. Mörgum spurningum er enn ósvarað því til dæmis liggur ekki fyrir hvernig framkvæmdin yrði. Ein hugmyndin er sú að þar til bært stjórnvald í því ríki sem fyrirtæki hefur höfuðstöðvar úrskurði hvort það uppfyllir skilyrði. Skattyfirvöld í ríkinu annist skattlagninguna í samvinnu við skattyfirvöld í þeim ríkjum sem útibú eða dótturfyrirtækin eru. Sameiginleg yfirskattanefnd ríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar úrskurðaði í deilum en finnist ekki lausn þannig gæti þurft að taka mál upp í Ráðherraráðinu, framkvæmdastjórnin að úrskurða eða jafnvel skjóta því til skattadeildar sem stofnuð yrði við Evrópudómstólinn. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin kynni sérfræðingum ríkjanna drög að tilskipun um samræmdan skattstofn í september 2007, en talið ólíklegt að endanleg tillaga verði kynnt fyrr en eftir mitt ár 2008.

Staða efnahagsmála á Norðurlöndunum

Fundur fjármálaráðherra Norðurlandanna var haldinn í Helsinki þ. 19. júní sl. og sat Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, fundinn fyrir Íslands hönd. Á fundinum kom fram að staða efnahagsmála á Norðurlöndum er eindæma góð, þótt munur sé á stöðu og horfum einstakra landa. Hagvöxtur á Norðurlöndunum var mikill í fyrra og hefur sjaldan verið meiri. Árið 2006 var vegið meðaltal hagvaxtar ríkjanna nálægt 4,5%. Hagvöxturinn var mestur í Finnlandi, eða 5,5%. Í „fastalands" Noregi (að olíuframleiðslu undanskilinni) var hagvöxturinn 4,6%. í Svíþjóð var hagvöxturinn litlu minni, eða 4,4%. Í Danmörku var hagvöxturinn 3,2% en þar er skortur á vinnuafli talinn vera farinn að halda aftur af hagvexti. Sem kunnugt er var hagvöxtur hér á landi 2,6% í fyrra eftir að hafa slegið Norðurlandamet árin tvö þar á undan. Hagvöxturinn hefur almennt verið drifinn áfram af fjárfestingu og einkaneyslu en í Svíþjóð og Finnlandi hefur vöxtur útflutningsframleiðslu verið leiðandi í þróuninni.

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli minnkaði í fyrra en er almennt mun hærra en á Íslandi. Í Svíþjóð var atvinnuleysi 8,4% af vinnuafli í fyrra ef með eru taldir þeir sem eru þátttakendur í vinnumarkaðs aðgerðum á vegum hins opinbera. Eitt af meginmarkmiðum nýrrar ríkisstjórnar er að auka atvinnu og áætlað að atvinnuleysishlutfallið þar lækki í 6,7% í ár. Í Finnlandi var atvinnuleysi 7,7% af vinnuafli í fyrra en áætlað er að það lækki í 7,2% í ár. Í Noregi var atvinnuleysi 3,4% og þar er farið að bera á vinnuaflsskorti þrátt fyrir töluverðan innflutning vinnuafls. Í Danmörku var atvinnuleysishlutfallið 4,3% í fyrra og stefnir áfram niður á við. Mjög langt er síðan atvinnuleysi þar í landi hefur verið svo lágt. Farið er að bera á skorti vinnuafls í sumum greinum þótt erlent vinnuafl sé flutt inn í töluverðum mæli. Nýgerðir kjarasamningar hafa þó ekki leitt til mikillar hækkunar kaupgjalds, en verðbólga er almennt séð lítil. Af þessu má vera ljóst að það skiptir í tvö horn á Norðurlöndunum í vinnumarkaðsmálum þar sem Svíþjóð og Finnland búa við umframframboð á vinnuafli en í hinum þrem löndunum er skortur á fólki. Raunar hefur gott atvinnuástand í Danmörku og Noregi orðið til þess að Svíar hafa flutt þangað í auknum mæli til að vinna. Hvergi er ástand á vinnumarkaði jafn þanið og á Íslandi, en atvinnuleysið hér mældist 1,3% af vinnuafli í fyrra, þótt spáð sé að stefni í hærra atvinnuleysisstig á komandi misserum.

Ísland sker sig einnig úr hópi hinna Norðurlandanna að öðru leyti. Í fyrra var verðbólga hér á landi 6,8% en er spáð að verða 3,7% í ár. Utan Íslands var verðbólga mest í Noregi, eða 2,5%, en annars staðar var hún á bilinu 1,3 - 1,9%. Viðskiptajöfnuður var jákvæður á hinum Norðurlöndunum í fyrra þegar mikill viðskiptahalli myndaðist hér á landi. Að stórum hluta tengist sú þróun örri uppbyggingu atvinnulífsins. Á Íslandi var afkoma hins opinbera á Íslandi 4,6% af landsframleiðslu í fyrra. Það var hæsta hlutfall á Norðurlöndum ef Noregur er undanskilinn en afkoma olíusjóðsins, sem nú nefnist lífeyrissjóður Noregs, er með í tölum um afkomu hins opinbera. Á öðrum Norðurlöndum var afkoma hins opinbera einnig jákvæð en til samanburðar má geta þess að á evrusvæðinu í heild er hún neikvæð og mun halda áfram að vera það á næstu árum.

Nýtt rafrænt markaðstorg fyrir ríkið

Fjármálaráðherra hefur gert samning við Vörusjá ehf. um rekstur og þróun nýs rafræns markaðstorgs fyrir stofnanir og fyrirtæki ríkisins. Að Vörusjá standa fyrirtækin EC Software ehf., Spron, Árvakur hf. og Íslandspóstur hf. Hið nýja torg mun leysa af hólmi Rafrænt markaðstorg ríkisins (RMR) sem verið hafði starfrækt frá júní 2002. Á því torgi voru um 150 ríkisstofnanir og um 70 birgjar í viðskiptum.

Á rafrænu markaðstorgi geta opinberar stofnanir og fyrirtæki keypt með rafrænum hætti á vefnum vörur frá birgjum á grundvelli rammasamninga Ríkiskaupa, ásamt því að afla sér helstu upplýsinga um kjör og afslætti í samningunum, sem einnig munu verða aðgengileg á torginu. Vinna við tengingar birgja og kaupenda við torgið hefst föstudaginn, 29. júní nk.

Ýmsar nýjungar verða kynntar á hinu nýja markaðstorgi Vörusjár. Það mun jafnframt verða sveigjanlegra og auðveldara í notkun en RMR. Torgið býður birgjum einnig upp á þann möguleika að birta öll viðeigandi tilboð á vöru og þjónustu sérstaklega. Í framhaldinu stendur til að útvíkka vöruúrvalið hjá rammasamningsbirgjum auk þess sem aðrir birgjar og þjónustuaðilar munu smám saman geta nýtt sér þessa nýju leið til að koma sinni vöru og þjónustu á framfæri, þegar torgið kemst í almenna notkun.



Sumarfrí

Vefrit fjármálaráðuneytisins kemur næst út fimmtudaginn 9. ágúst.

Gleðilegt sumar!!

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	15,0	18,1
Skattar á tekjur og hagnað	34,0	22,3
Eignarskattar	-29,1	-0,7
Skattar á vöru og þjónustu	6,5	16,2
Tryggingagjöld	14,3	12,0
Tekjur alls	9,0	19,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,4	14,9
Heilbrigðismál	6,0	8,6
Alm.trygg. & velferðarmál	11,7	15,4
Efnahags- og atvinnumál	45,4	20,6
Menntamál	10,9	11,3
Gjöld alls	4,7	13,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl		
Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	24.347	36.736
Hreinn lánsfjárjöfnuður	21.869	4.785
Afborgun lána	-31.685	-32.024
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-11.136	-28.559
Lántökur	6.456	46.052
Greiðsluafkoma	-4.680	17.493

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (júní)	8,0	4,0
Kjarnaverðbólga (júní)	7,0	4,9
Launavísitala (apríl)	8,4	9,7
Heildarvelta (jan.-febrúar)	12,4	15,9
Smásöluvelta (jan.-febrúar)	10,1	4,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,3	1,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Útsvarstekjur sveitarfélaganna

Sveitarfélögin hafa ekki farið varhluta af þeim mikla efnahagsuppgangi sem einkennt hefur undanfarin ár hér á landi. Þau hafa um það bil ¾ hluta skatttekna sinna af útsvari sem er fast hlutfall af öllum útsvarsstofni. Frá árinu 2001 til 2006 uxu álagðar útsvarstekjur um 58,5%. Árið 2006 nam álagt útsvar 87,3 ma.kr. króna. Auk þess nýttust 4,6 ma.kr. af persónuafslætti framteljenda til greiðslu útsvars og því námu heildarútsvarstekjur sveitarfélaga af útsvari 91,9 ma.kr. króna árið 2006. Fjölgun þeirra sem greiddu útsvar á þessu tímabili nam 12,6% en þeir voru nær 245 þúsund á síðasta ári. Útsvar á hvern gjaldanda hafði þannig vaxið um 40,7% á þessum fimm árum. Verðlag í landinu hækkaði um 22,7% á tímabilinu og því var vöxtur hins álagða útsvars 14,7% að raungildi á hvern gjaldanda en 29% í heild. Yfir helmingur rekstrarútgjalda sveitarfélaganna er laun og því er fróðlegt að sjá hvernig útsvarstekjurnar nýtast til að greiða þau. Niðurstaðan úr þeim útreikningi er að sveitarfélögin gátu keypt 11,6% meira vinnumagn fyrir útsvarstekjur ársins 2006 en þau gátu 5 árum fyrr. Er þá miðað við launavísitölu opinberra starfsmanna sem hefur hækkað nokkuð meira en hin almenna launavísitala.

Breyting á útsvari 2001-2006



Greiðsluafkoma ríkissjóðs júní 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri árshelming 2007 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 28,7 milljarð króna innan ársins, sem er 1 milljarði lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur í heild reyndust um 35 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um 22 ma.kr.. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 39,7 ma.kr. króna sem er 67,2 ma.kr. lakara en á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 milljarða kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjáraukningu Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. króna eiginfjárframlagi ríkissjóðs í byrjun maí.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 218 ma.kr. á fyrri helmingi þessa árs. Það er 29 ma.kr meira en á sama tíma í fyrra, eða 15,8% sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 21,3%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um tæplega 14% að nafnvirði og raunaukning rúm 8%. Aukning annarra rekstrartekna um 44% milli ára skýrist af arðgreiðslum sem greiddar voru vegna Landsímans í fyrra en ekki á þessu tímabili.

Skattar á tekjur og hagnað námu 77,2 ma.kr. og jukust um 12 ma.kr. frá síðasta ári, eða 18,8%. Tekjuskattur einstaklinga hækkaði um 15,2%, tekjuskattur lögaðila hækkaði um 30% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur hækkaði um 49%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 10% milli ára, og héldust í hendur við hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 5,5 ma.kr. sem er sama upphæð og í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 4,3 ma.kr. og hafa aukist um 300 milljónir frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 90,8 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og jókst um 11% að nafnvirði frá fyrra ári og 5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um rúm 15% sem jafngildir rúmlega 9% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánuða kemur fram að verulega hefur hægt á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er stærsta aukningin í sköttum á olíu og þungaskatti. Mesta lækkun tekna er af vörugjöldum af ökutækjum en þau skiluðu 19,4% minni tekjum en á sama tíma í fyrra. Nýskráningar bifreiða á fyrri helmingi ársins voru 21,5% færri en á sama tíma 2006. Nýskráning bifreiða er þó að taka við sér og var júní þriðji hæsti mánuðurinn frá upphafi.

Greidd gjöld nema 175,5 ma.kr. og hækka um 22 ma.kr. milli ára, eða um 14,6%. Mest aukning er vegna almannatrygginga og velferðarmála 5,4 ma.kr. og vegna efnahags- og atvinnumála 4,9 ma.kr.. Greiðslur vegna almennrar opinberrar þjónustu hækka um 4,4 ma milli ára, greiðslur vegna heilbrigðismála hækka um 4 ma.kr. milli ára og menntamál um 2,3 ma.kr.. Vaxtagreiðslur hækka um 2,1 ma.kr.

Lántökur ársins nema 49,7 milljörðum króna og hækka um 33,5 ma.kr. milli ára, mest vegna 26,9 ma.kr. lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun.

2 ma.kr. voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum versnaði um 27,5 ma.kr. króna á fyrstu 6 mánuðum ársins.

Raunlækkun áfengisgjalds

Í tilefni af umræðum að undanförnu um áfengisgjald er ástæða til þess að rekja stuttlega lagaákvæði um áfengisgjald og þróun þess síðustu árin. Samkvæmt lögum um gjald af áfengi og tóbaki frá 1995 er áfengisgjald lagt á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar umfram 2,25 sentilítra. Af bjór er áfengisgjaldið 58,7 kr. en af léttvíni er áfengisgjaldið 52,8 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra. Af sterku áfengi er áfengisgjaldið 70,78 kr. á hvern sentilítra.

Breyting á áfengisgjaldi af léttvíni og bjór átti sér síðast stað þann 1. júlí 1998. Frá því að sú breyting átti sér stað hefur vísitala neysluverðs hækkað úr 183,6 stigum í 273,0 stig. Ef miðað er við vísitölu neysluverðs hefur áfengisgjald af léttvíni og bjór því rýrnað að raunvirði sem nemur 33% á tímabilinu. Breyting á áfengisgjaldi af sterku áfengi átti sér síðast stað í nóvember 2004 og ef aftur er miðað við vísitölu neysluverðs hefur áfengisgjald af sterku áfengi rýrnað að raunvirði sem nemur 13% frá síðustu breytingu.

Áfengisgjald á föstu verðlagi



Tekjur ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	16,3	13,9
Skattar á tekjur og hagnað	33,5	18,8
Eignarskattar	-27,3	0,8
Skattar á vöru og þjónustu	9,8	11,0
Tryggingagjöld	15,3	10,2
Tekjur alls	10,4	19,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,5	21,3
Heilbrigðismál	7,3	9,7
Alm.trygg. & velferðarmál	12,4	16,1
Efnahags- og atvinnumál	56,4	25,6
Menntamál	13,0	11,1
Gjöld alls	9,5	14,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní		
Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	29.706	28.690
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.498	-39.679
Afborgun lána	-38.873	-35.556
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-13.355	-77.215
Lántökur	16.246	49.745
Greiðsluafkoma	2.890	-27.470

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (júlí)	8,4	3,8
Kjarnaverðbólga (júlí)	7,6	4,9
Launavísitala (júní)	8,8	9,8
Heildarvelta (jan.-apríl)	13,6	11,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,7	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (júní)	1,3	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

16. ágúst 2007

Spár um gengisþróun krónunnar

Gengi íslensku krónunnar hefur ráðist á gjaldeyrismarkaði frá mars 2001 þegar Seðlabankinn tók upp verðbólgumarkmið með stýrivexti að stjórntæki. Á haustmánuðum 2005 hófu erlendir aðilar útgáfu skuldabréfa í íslenskum krónum. Við það varð gengisþróunin nátengdari vaxtamun við útlönd og skilyrðum á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Þeirri breytingu hefur fylgt aukin fylgni krónunnar við gengisbreytingar annarra ,,hávaxtamynta" þróaðra ríkja, s.s. nýsjálenska og ástralska dalsins, en einnig mynta nýmarkaðsríkja.



* Spá fyrir júní 2007

Myndin sýnir þróun gengisvísitölunnar frá 2004 ásamt októberspám fjármálaráðuneytisins um gengisþróun næstu ára. Almennt séð er talinn ógerningur að spá fyrir um gengi gjaldmiðla með einhverri vissu. Spár ráðuneytisins hafa um nokkurt skeið gert ráð fyrir veikingu á gengi krónunnar, þ.e. til hækkunar gengisvísitölunnar, m.a. á grundvelli væntrar þróunar greiðslujöfnuðar og vaxtamunar við útlönd. Frá haustmánuðum 2005 hefur útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í krónum leitt til mun meiri styrkingar á gengi krónunnar en spáð var. Á móti hefur órói á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, á fyrri hluta ársins 2006 og aftur nýverið, haft áhrif til að veikja gengi krónunnar og annarra gjaldmiðla. Gert er ráð fyrir að óróleikinn sem nú einkennir alþjóðlega fjármálamarkaði gangi niður þegar óvissu um útlánatöp í áhættumeiri íbúðafjárfestingum í Bandaríkjunum hefur verið eytt.

Breytingar á fjölda fyrirtækja og félaga í eigu ríkisins

Allt frá gildistöku fjárreiðulaganna árið 1998 hafa ríkisaðilar verið flokkaðir í fimm hópa, A, B, C, D og E-hluta ríkissjóðs, sem taka mið af því hvernig viðkomandi starfsemi er fjármögnuð. Skiptingin er með þeim hætti að til A-hluta ríkissjóðs teljast allar hinar hefðbundnu ríkisstofnanir, ráðuneytin og æðsta stjórnsýsla ríkisins. Þessi starfsemi er að meginhluta til fjármögnuð með skattfé. Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem ekki eru hlutafélög en byggja afkomu sína á sölu til almennings og fyrirtækja. Til C-hluta teljast lánastofnanir ríkisins aðrar en bankar. Til D-hluta teljast fjármálastofnanir ríkisins, s.s. Seðlabankinn. Loks er í E-hluta getið um öll hluta- og sameignarfélög sem eru í meirihluta eigu ríkisins.

Í fjölda talið er A-hluti ríkisreiknings yfirgnæfandi, alls 487 fjárlagaliðir. B-hluti samanstendur af 9 ríkisfyrirtækjum, í C-hluta eru 5 stofnanir og sjóðir, í D-hluta eru 3 fyrirtæki og í E-hluta samtals 19 hlutafélög og sameignarfélög í meirihluta eigu ríkisins. Verulegar breytingar hafa orðið á umfangi ríkisrekstrar, þess sem stendur utan A-hluta ríkissjóðs á undanförnum árum vegna einkavæðingar og niðurlagningar stofnana á sl. 10 árum. Tilfærslur milli flokka hafa einnig haft áhrif. Fyrir gildistöku fjárreiðulaganna kom umfang ríkisins ekki nema að hluta til fram í fjárlögum og ríkisreikningi en þá var ekki getið um fjölda eða umfang hlutafélaga í eigu ríkisins.

Þegar þróunin er skoðuð yfir tiltölulega langt tímabil kemur í ljós að verulegar breytingar hafa átt sér stað í rekstri ríkisins. Í fyrra voru samtals 17 ríkisaðilar í B-, C, og D-hluta ríkisins. Til samanburðar voru 73 ríkisaðilar í þáverandi B-hluta árið 1991. Af þeim eru 25 sem ýmist er nú búið að einkavæða eða leggja niður. Að umfangi er hér um ólíka aðila að ræða, síldarverksmiðjur, lyfjaverslun og sementsverksmiðja hafa verið einkavædd, en skipaútgerð, sölunefnd varnarliðseigna og tilraunastöðvar í landbúnaði sem hafa verið lagðar niður, svo einhver dæmi séu nefnd. Þá hafa 27 liðir færst úr B-hluta yfir í A-hluta ríkisins. Hér er oft um ýmis konar sjóði að ræða, auk fyrirtækja sem eingöngu sækja tekjur sínar til annarra ríkisaðila.

Af ofangreindu má ráða að ríkisfyrirtækjum og fjármálastofnunum ríkisins hefur fækkað verulega á undanförnum árum. Síðan núverandi flokkun var tekin upp árið 1998 hafa þrjú ríkisfyrirtæki verið lögð niður (Lyfjabúr Háskólans, Fríhöfnin, Umsýslustofnun varnarmála) og tvö flokkast nú með öðrum hætti. Við bætist félagið Íslenskar orkurannsóknir sem er eina viðbótin í ríkisfyrirtækjaflokkinn um árabil. Sjóðum, lánastofnunum og fjármálafyrirtækjum hefur fækkað um 8, þ.a. hafa 4 sjóðir (Lánasjóður landbúnaðarins, Þróunarsjóður sjávarútvegsins, Framkvæmdasjóður Íslands og Ferðamálasjóður) verið lagðir niður en tveir sjóðir sameinast þeim þriðja undir merkjum Íbúðalánasjóðs, auk þess sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Hafnarbótasjóður teljast nú til A-hluta ríkissjóðs.

Hluta- og sameignarfélögum í meirihluta eigu ríkissjóðs (E-hluta) hefur reyndar fjölgað um þrjú frá árinu 1998. Í árslok 1998 var langumfangsmesti ríkisreksturinn hjá Landsvirkjun, Landssímanum og viðskiptabönkunum. Eigið fé allra félaganna nam 74,1 milljarði króna í árslok 1998. Félögin sem eru í eigu ríksins í árslok 2006 eru með eigið fé samtals að fjárhæð 86,6 milljarða króna og jafngildir það meira en 20 milljarða raunlækkun á tímabilinu.

Staða ellilífeyrisþega í aðildarríkjum OECD

Nýverið gaf OECD út skýrslu sem fjallar um eftirlaun til aldraðra, "Pensions at a glance 2007". Í skýrslunni eru teknir saman mælikvarðar sem sýna ellilífeyri í hverju landi sem hlutfall af launum verkamanns sem vinnur í 45 ár. Tölurnar í skýrslunni eiga við um árið 2004. Mælikvarðanum er skipt í þrennt, þ.e. sem hlutfall af lægri launum, meðallaunum og hærri launum. Samkvæmt fyrri skýrslu OECD um sama málefni, sem kom út árið 2005, kom í ljós að íslenskir ellilífeyrisþegar voru rétt við meðaltal Norðurlandana og OECD. En í nýjustu skýrslunni kemur fram að staða íslenskra ellilífeyrisþega er nú enn betri í þessum samanburði og er vel yfir meðaltali Norðurlandanna og OECD landa eins fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Ellilífeyrir sem hlutfall af launum launamanns árið 2004, (%)

Land	*Lægri tekjur*	*Meðal tekjur*	*Hærri tekjur*
Danmörk	132,7	86,7	72,2
Finnland	77,4	68,8	70,5
Ísland	*110,9*	*84,2*	*79,7*
Noregur	77,1	69,3	55,1
Svíþjóð	81,4	64,0	73,9
Meðaltal Norðurlandanna	*95,9*	*74,6*	*70,3*
Meðaltal OECD landa	*83,8*	*70,1*	*60,7*

Í töflunni sést að staða íslenskra ellilífeyrisþega er hlutfallslega næst best á Norðurlöndunum á eftir Danmörku sé litið til hlutfalls af lægri og meðal tekjum en bestur ef litið er á hærri tekjur. Tölur OECD styðja aðra mælikvarða t.d. frá Nordisk Socialstatistisk Komité (NOSOSCO) þar sem að íslenskir ellilífeyrisþegar komu ágætlega út í samanburði við hin Norðurlöndin. Nokkur atriði ber að hafa í huga varðandi skýrslu OECD. Í fyrsta lagi eru lífslíkur á Íslandi meðal þeirra hæstu innan OECD landa en hærri lífslíkur auki álag á lífeyriskerfin. Í öðru lagi er séreignarlífeyrissparnaður ekki tekinn með í tölum OECD en sá sparnaður er að verða umtalsverður hér á landi. Í þriðja lagi eiga tölur OECD við um árið 2004.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	16,3	13,9
Skattar á tekjur og hagnað	33,5	18,8
Eignarskattar	-27,3	0,8
Skattar á vöru og þjónustu	9,8	11,0
Tryggingagjöld	15,3	10,2
Tekjur alls	10,4	19,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,5	21,3
Heilbrigðismál	7,3	9,7
Alm.trygg. & velferðarmál	12,4	16,1
Efnahags- og atvinnumál	56,4	25,6
Menntamál	13,0	11,1
Gjöld alls	9,5	14,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	29.706	28.690
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.498	-39.679
Afborgun lána	-38.873	-35.556
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-13.355	-77.215
Lántökur	16.246	49.745
Greiðsluafkoma	2.890	-27.470

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (ágúst)	8,6	3,4
Kjarnaverðbólga (ágúst)	7,6	4,8
Launavísitala (júní)	8,8	9,8
Heildarvelta (jan.-apríl)	13,6	11,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,7	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,4	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

23. ágúst 2007

Launavísitala í júlí

Í vikunni birti Hagstofa Íslands mælingu á launavísitölu (LVT) fyrir júlí. Mældist vísitalan 319,8 stig sem er 0,25% hækkun frá fyrra mánuði, en það er nokkru minni hækkun en sést hefur undanfarna mánuði. Miðað við júlí 2006, þegar LVT var 295,4 stig, nemur hækkunin 8,3%, sem er aðeins minni hækkun en á fyrri hluta ársins, þegar hún nam um 10% frá sama tíma á fyrra ári. Áframhaldandi mikil hækkun launavísitölu í ár endurspeglar umtalsverða og aukna spennu á vinnumarkaði. Atvinnuleysi mælist nú um 0,9% af vinnuafli, sem er lítið atvinnuleysi í sögulegu samhengi. Sú þróun hefur átt sér stað þrátt fyrir mjög aukinn aðflutning erlends vinnuafls til Íslands á undanförnum árum. Það sem skiptir mestu máli fyrir launþega er hve mikið laun þeirra hækka að raungildi. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir hefur kaupmáttur launa aukist á bilinu 1% til 5% undanfarin ár. Frá miðju síðasta ári hafði aukin verðbólga í kjölfar snarprar gengislækkunar áhrif til að draga úr kaupmáttaraukningunni. Í ár hefur verðbólgan tekið að minnka og launahækkanir skilað sér í meiri kaupmáttaraukningu. Þannig nam aukning kaupmáttar launa í júlí 4,3% frá sama mánuði árið áður.

Kaupmáttaraukning launa



Af vettvangi tvísköttunarmála

Ýmislegt er á döfinni á sviði samningagerðar um tvísköttunarmál um þessar mundir. Fyrr í þessari viku var haldinn fundur í vinnuhópi á vegum norræna ráðherraráðsins, en hópurinn hefur það hlutverk að gera upplýsingaskiptasamninga á sviði skatta við ýmsar þekktar skattavinjar, þ.á.m. Ermasundseyjarnar Guernsey, Jersey og Mön. Um er að ræða samnorrænt verkefni með það að markmiði að samhæfa og styrkja viðleitni Norðurlandanna í baráttunni gegn alþjóðlegum skattaflótta. Formlegar viðræður eru þegar hafnar við Mön og Jersey og sömuleiðis skattavinjarnar Arúba og Hollensku Antillaeyjar. Jafnvel er búist við undirritun upplýsingaskiptasamninga milli eyjunnar Manar og Norðurlandanna á fundi fjármálaráðherra Norðurlanda í lok október nk. Rétt er að geta þess að hvert Norðurlandanna gerir sjálfstæðan tvíhliða upplýsingaskiptasamning við eyjuna Mön, þó svo að samningarnir séu samhljóða að efnisinnihaldi.

Þá er nýafstaðinn fundur um norræna tvísköttunarsamninginn sem er frá árinu 1996. Fyrir fundinum lágu ýmsar tillögur varðandi breytingar á einstökum ákvæðum samningsins í formi bókunar við hann. Meginbreytingin skv. þessum tillögum varðar 18. gr. samningsins sem fjallar um skattlagningu eftirlauna. Samkvæmt gildandi samningi er skattlagning eftirlauna alfarið í höndum greiðsluríkis þeirra, en í tillögunni sem fyrir liggur er gert ráð að skipta megi skattlagningarréttinum milli greiðsluríkis eftirlaunanna og búseturíkis eftirlaunaþegans. Þess má geta að meginregla þessa ákvæðis í samningsfyrirmynd OECD er að búseturíki eftirlaunaþegans eigi alfarið skattlagningarréttinn, en þróunin í aðildarríkjum OECD hefur hins vegar verið sú að fara þá leið sem nú er lögð til gagnvart norræna tvísköttunarsamningnum. Stefnt er að undirritun umræddrar bókunar á áðurnefndum fundi fjármálaráðherra Norðurlanda í lok október.

Auk þessa eru framundan áframhaldandi samningaviðræður við Slóveníu, en þær viðræður hófust á árinu 2004. Vonast er til að þeirri samningagerð ljúki á næsta fundi sem haldinn verður í Reykjavík í fyrstu viku september. Þá munu í annarri viku september hefjast formlegar samningaviðræður við Búlgaríu um gerð tvísköttunarsamnings milli landanna. Að lokum má geta þess að undanfarna mánuði hefur verið unnið að íslenskri þýðingu á endurskoðuðum tvísköttunarsamningi Íslands við Bandaríkin.

Hávaxtamyntir

Mikið hefur verið fjallað um hávaxtamyntir í tengslum við vaxtamunarviðskipti (e. carry trade) að undanförnu. Eins og kunnugt er hefur Ísland ekki farið varhluta af áhrifum vaxtamunarviðskipta síðan þau hófust hér á landi á haustmánuðum 2005. Vaxtamunarviðskipti ganga út á að notfæra mismun í vaxtastigi landa, þ.e. taka lán í landi með lága vexti og fjárfesta í landi sem gefur háa vexti að því marki sem væntingar um gengisþróun leyfa. Íslenska krónan telst vera hávaxtamynt þar sem vextir hér á landi hafa verið háir vegna tímabundins ójafnvægis í tengslum við mikinn hagvöxt. Ísland hefur þannig bæst við hóp ríkja á borð við Nýja–Sjáland, Tyrkland, Suður Afríku, Brasilíu og Ungverjaland sem öll eiga það sameiginlegt að búa við hátt vaxtastig og talsverð vaxtamunarviðskipti. Síðustu ár hefur fylgni hávaxtamynta aukist umtalsvert eins og sjá má á mynd. Þar sem vaxtamunarviðskiptin eru orðin áberandi áhrifaþáttur í gengisþróun þessara ríkja geta breytt skilyrði til slíkra viðskipta haft áhrif samtímis á hávaxtamyntir.

Gengi hávaxtagjaldmiðla



Ísland er oft flokkað með nýmarkaðsríkjum í umfjöllun um hávaxtamyntir. Sú flokkun er ekki viðeigandi í tilviki Íslands þar sem nýmarkaðsríki eru að öllu jöfnu miðlungs-/lágtekjuríki með skamma reynslu af markaðsbúskap og misvel mótað stofnanaumhverfi. Ísland er hins vegar hátekjuríki með þróað stofnanaumhverfi og ábyrga efnahagsstjórn. Vera má að Ísland sé flokkað með nýmarkaðsríkjum í þessu tilliti af þeirri ástæðu að vaxtamunarviðskipti hófust á svipuðum tíma fyrir nokkrum árum og í nýmarkaðsríkjum á borð við Tyrkland. Hávaxtamyntir einskorðast því ekki við nýmarkaðsríki en hátekjulönd á borð við Nýja–Sjáland og Ástralía hafa einnig haft hærri vexti en t.d. Bandaríkin og langa reynslu af vaxtamunarviðskiptum.

Stýrivextir - ársmeðaltöl (%)

	2002	*2003*	*2004*	*2005*	*2006*
Tyrkland	55,9	42,4	26,6	18,8	19,7
Ungverjaland	10,4	9,7	12,4	8,2	7,7
Ísland	8,1	5,3	6,0	9,0	11,7
Nýja–Sjáland	5,4	5,3	5,8	6,8	7,3
Bandaríkin	1,7	1,1	1,3	3,1	4,9

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	16,3	13,9
Skattar á tekjur og hagnað	33,5	18,8
Eignarskattar	-27,3	0,8
Skattar á vöru og þjónustu	9,8	11,0
Tryggingagjöld	15,3	10,2
Tekjur alls	10,4	19,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,5	21,3
Heilbrigðismál	7,3	9,7
Alm.trygg. & velferðarmál	12,4	16,1
Efnahags- og atvinnumál	56,4	25,6
Menntamál	13,0	11,1
Gjöld alls	9,5	14,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	29.706	28.690
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.498	-39.679
Afborgun lána	-38.873	-35.556
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-13.355	-77.215
Lántökur	16.246	49.745
Greiðsluafkoma	2.890	-27.470

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (ágúst)	8,6	3,4
Kjarnaverðbólga (ágúst)	7,6	4,8
Launavísitala (júlí)	10,2	8,3
Heildarvelta (jan.-apríl)	13,6	11,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,7	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,4	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

30. ágúst 2007

Greiðsluafkoma ríkissjóðs júlí 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu sjö mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 46,5 milljarða króna innan ársins, sem er 10 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 59 milljörðum hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur reyndust 36,4 milljörðum hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækkuðu um 25,3 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 22,3 milljarð króna, en jákvæður um 34,1 milljarða á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 milljarða kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjáraukningu Seðlabanka Íslands með 44 milljarða króna eiginfjárframlagi ríkissjóðs í byrjun maí.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 252 ma.kr. fyrstu sjö mánuði þessa árs. Það er 36,4 ma.kr meira en á sama tíma í fyrra, eða 14% aukning sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 18,7%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 12,1% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5,4% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 6,7%. Aukning annarra rekstrartekna um 39% milli ára skýrist af auknum vaxtatekjum og öðrum lánatekjum.

Skattar á tekjur og hagnað námu 85,4 ma.kr. og jukust um 12,3 ma.kr. frá síðasta ári, eða 16,8%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 11,7%, tekjuskattur lögaðila um 30,6% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 49%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 6,8% milli ára, og dróst saman samanborið við launavísitölu. Innheimta eignarskatta nam 6,5 ma.kr. sem er 11,5% aukning frá fyrra ári. Þar af námu stimpilgjöld 5,1 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur aukist um tæpar 600 m.kr frá fyrra ári. Tekjur af stimpilgjöldum eru nú orðnar 1,5 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir tímabilið janúar–júlí.

Innheimtir skattar á vöru og þjónustu janúar 2001 – júlí 2007

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 108 ma.kr. fyrstu sjö mánuði ársins og jókst um 8,7% að nafnvirði frá fyrra ári og 3,4% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 11,5% sem jafngildir rúmlega 6% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Þegar litið er á 6 mánaða hreyfanlegt meðaltal veltuskatta kemur fram að raunbreyting er nánast engin milli ára. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er mest aukning í sköttum á olíu og þungaskatti. Mest lækkun tekna er af vörugjöldum af ökutækjum en þau skiluðu 16% minni tekjum en á sama tíma í fyrra. Nýskráningar bifreiða á fyrstu sjö mánuðum ársins voru 17% færri en á sama tíma 2006. Nýskráning bifreiða er að taka við sér og var júní þriðji hæsti mánuðurinn frá upphafi og nýskráningar í júlí 20% fleiri en í júlí í fyrra.

Greidd gjöld nema 203,6 milljörðum króna og hækka um 25,3 milljarða milli ára, eða um 14,2%. Mest aukning er vegna almannatrygginga og velferðarmála 6,7 milljarðar og vegna almennrar opinberrar þjónustu 5,6 milljarða. Greiðslur vegna efnahags- og atvinnumála hækka um 3,9 milljarða, greiðslur vegna heilbrigðismála um 4,6 milljarða og vegna menntamála um tæpa 2 milljarða.

Lántökur ársins nema 53,2 milljörðum króna og hækka um 33,5 milljarða milli ára, mest vegna 26,9 milljarða lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun.

Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Í nýbirtri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) um efnahagsástandið á Íslandi og aðgerðir stjórnvalda á sviði opinberrar fjármálastjórnar kemur fram það mat sérfræðinga IMF að stjórnvöld telji takmarkaða þörf fyrir aukið aðhald í hagstjórninni miðað við fyrirliggjandi hagvaxtarspár. Þetta er ekki rétt túlkun á sjónarmiðum stjórnvalda. Lögð hefur verið áhersla á að sjálfvirkir sveiflujafnarar, sem tengjast teygni skatttekna og langtímamarkmiðum um raunvöxt útgjalda, skili auknu aðhaldi ef eftirspurnarþrýstingur reynist meiri en reiknað hefur verið með. Sú hefur einnig verið reyndin. Afkoma ríkissjóðs hefur það sem af er ári batnað umtalsvert umfram áætlun eins og kemur fram í meðfylgjandi greinargerð. Skatttekjur hafa aukist mikið í uppsveiflunni á meðan haldið hefur verið aftur af vexti útgjalda. Þá er nefnt að stjórnvöld sjái lítið svigrúm til að auka aðhald vegna aðstæðna á vinnumarkaði. Rétt er að þrýstingur á vinnumarkaði gerir erfiðara fyrir að ná markmiðum um raunvöxt samneysluútgjalda, vegna þess að þau eru að stærstum hluta laun og kaupmáttur á Íslandi hefur aukist ríflega undanfarin ár. Þrátt fyrir það, eins og áður segir, hafa sjálfvirkir sveiflujafnarar fengið fullt svigrúm til starfa og með því hafa þeir dregið fjármuni úr umferð í einkageiranum á meðan eftirspurn hefur gefið tilefni til. Það er í samræmi við niðurstöður rannsókna á sveiflujöfnun í opinberum fjármálum OECD-ríkja sem sýna að hún hafi verið með mesta móti á Íslandi undanfarin ár.

Mikil aukning útgjalda til menntamála

Á milli áranna 1998 og 2007 hafa árleg útgjöld til menntamála aukist um 15 milljarða króna og er þá tekið tillit til verðlagsbreytinga. Það jafngildir tæplega 70% aukningu. Til samanburðar hafa útgjöld til heilbrigðismála á sama tímabili aukist um 57%. Í töflunni hér að neðan má sjá árleg útgjöld til menntamála á árinu 1998 á verðlagi ársins 2007 samanborið við fjárlög 2007.

Útgjöld til menntamála 1998 og 2007

	1998	*2007*	*Breyting*	*Breyting*
	M.kr.	*M.kr.*	*M.kr.*	*%*
Háskólastig	9.652	18.854	9.202	95
Almennt framhaldsskólastig	7.828	12.832	5.004	64
Sérskólastig	2.613	3.165	552	21
Námsaðstoð	248	550	301	121
Önnur fræðslumál	1.598	1.588	-10	-1
Útgjöld alls	**21.939**	**36.988**	**15.049**	**69**

Samkvæmt fjárlögum 2007 eru útgjöld til menntamála samtals 37 milljarðar króna, sem eru 10,1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Í krónum talið hafa útgjöldin aukist mest á háskólastigi eða um 9,2 milljarða króna sem jafngildir 95% aukningu. Hlutfallslega hafa hins vegar útgjöld til námsaðstoðar hækkað mest eða um 121%. Helstu skýringar á hækkunum útgjalda til menntamála er aukið námsframboð og nem endafjölgun.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,6	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	39,7	16,8
Eignarskattar	-29,5	11,5
Skattar á vöru og þjónustu	16,3	8,7
Tryggingagjöld	16,0	6,8
Tekjur alls	16,4	16,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-18,2	0,3
Heilbrigðismál	6,1	7,4
Alm.trygg. & velferðarmál	-6,8	15,4
Efnahags- og atvinnumál	-0,9	18,8
Menntamál	11,0	11,3
Gjöld alls	-1,5	14,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	36.500	46.526
Hreinn lánsfjárjöfnuður	34.116	-22.320
Afborgun lána	-35.088	-36.416
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-3.282	-61.047
Lántökur	19.735	53.245
Greiðsluafkoma	16.453	-7.802

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (ágúst)	8,6	3,4
Kjarnaverðbólga (ágúst)	7,6	4,8
Launavísitala (júlí)	10,2	8,3
Heildarvelta (jan.-apríl)	13,6	11,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,7	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,4	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

6. september 2007

Samsetning skatttekna ríkissjóðs

Samkvæmt nýbirtum ríkisreikningi ársins 2006 námu skatttekjur og tryggingagjöld samtals 377 milljörðum króna það ár. Athyglisvert er að skoða þróun einstakra skattstofna í heildarskatttekjum.

Af helstu liðum skatttekna námu skattar á sölu vöru og þjónustu 186 milljörðum króna árið 2006. Þessir skattar nema um helming allra skatttekna, hlutfallið var um 51% árin 2003 og 2004 og rúm 49% árin 2005 og 2006. Þar af nam virðisaukaskattur 132 milljörðum króna og 35% af skatttekjum í heild, sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Hlutdeild vörugjalda hefur staðið óbreytt um 11,5% um nokkurt skeið, en dregið úr vægi annarra neyslu og leyfisskatta, sem var um 4% af heildarskatttekjum árið 2003 en 2% árið 2006.

Hlutfallsleg skipting skatttekna og tryggingagjalda (%)

	Ríkisreikningur			
	2003	*2004*	*2005*	*2006*
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	24,2	23,6	21,5	21,6
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	5,1	4,2	7,0	8,6
Skattur á fjármagnstekjur	3,8	4,9	6,5	6,3
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	0,2	0,2	0,1	0,1
Eignarskattar	3,6	4,2	4,4	2,3
Virðisaukaskattur	33,8	35,0	34,1	35,0
Vörugjöld	11,7	11,3	11,4	11,6
Sértækir þjónustuskattar	0,8	0,8	0,6	0,7
Neyslu- og leyfisskattar	4,1	4,0	3,1	2,0
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	1,1	1,1	1,1	1,2
Aðrir skattar	0,5	0,5	0,4	0,4
Tryggingagjöld	10,9	10,3	9,8	10,2
Skatttekjur og tryggingagjöld alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Tekjur ríkisjóðs af fjármagnstekjuskatti og tekjuskatti einstaklinga og lögaðila námu alls 138 milljörðum króna, eða tæpum 37% af heildarskatttekjum, sem er nokkur aukning frá árinu á undan þegar hlutfallið nam 35%. Tekjuskattur einstaklinga nam 81 milljörðum króna árið 2006. Hlutfall tekjuskatts einstaklinga hefur lækkað úr um 24% af heildarskatttekjum árin 2003 og 2004 í um 21,5% árin 2005 og 2006, eftir að skattprósentan var lækkuð um 1 prósentustig hvort ár. Skattar á tekjur og hagnað lögaðila námu 32 milljörðum króna árið 2006. Hlutur skattsins hefur aukist úr rúmum 4% af heild árið 2004 í 8,6% árið 2006, en hagnaður fyrirtækja, sérstaklega á sviði fjármálaþjónustu, hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Skattur á fjármagnstekjur, sem nam 24 milljörðum króna á síðasta ári, var 6,3% af skatttekjunum, sem er svipað hlutfall og árið 2005. Tryggingagjöld námu 38,4 milljörðum króna árið 2006 og var hlutfall þeirra rúm 10% af heildarskatttekjum, sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Tekjur af eignarsköttum hafa hinsvegar dregist mikið saman og voru um 8,7 milljarðar króna árið 2006, sem eru mestmegnis tekjur af stimpilgjöldum og erfðafjárskatti, enda búið að afnema hinn eiginlega eignarskatt. Hlutdeild eignarskatta í skatttekjum í heild hefur því minnkað úr rúmum 4% undanfarin ár í rúm 2% árið 2006.

Breytingar á lánaumsýslu ríkissjóðs

Samningur hefur verið gerður við Seðlabanka Íslands um að hann annist útgáfu innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs sem Lánasýsla ríkisins hefur haft með höndum en bankinn annast nú þegar umsýslu erlendra lána ríkissjóðs. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á íslensku fjármálaumhverfi og stöðu ríkisins á lánamarkaði er nú talið mögulegt að framkvæma lánaumsýslu ríkissjóðs með hagkvæmari hætti en verið hefur með því að flytja verkefni stofnunarinnar til Seðlabanka Íslands. Í Danmörku og Noregi sjá seðlabankar landanna um lánaumsýslu ríkissjóðs á grundvelli samninga milli fjármálaráðuneytis og þeirra. Helstu kostir þess að hafa heildarumsjón lánamála ríkissjóðs á einum stað eru að með því fæst betri yfirsýn og skilvirkari lána-, gjaldeyris- og lausafjárstýring og hagræðing næst hvað varðar fastan kostnað og nýtingu starfsmanna. Þar sem eitt meginhlutverk Seðlabankans snýr að peningamálastjórnun, sem þarf ekki alltaf að fara saman við hagkvæma lánastýringu ríkissjóðs, er í samningnum við Seðlabankann skýrt kveðið á um verkskiptingu milli aðila og um ákvörðunarvald fjármálaráðuneytisins í lánamálum og endanlegt úrslitavald ráðuneytisins gagnvart framkvæmd samningsins. Samningurinn tekur gildi 1. október nk. Þá hættir Lánasýsla ríkisins starfsemi en stofnunin verður síðan formlega lögð niður með lögum.

Markmið samningsins við Seðlabanka er að stuðla að hagkvæmri og vandaðri lánaumsýslu fyrir ríkissjóð sem byggist á stefnumörkun fjármálaráðuneytisins í lánamálum. Í því felst að halda innlendum og erlendum vaxta- og fjármagnskostnaði ríkisins í lágmarki með því að leita hagkvæmra fjármögnunarleiða fyrir ríkissjóð innanlands sem erlendis. Einnig að dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu vegna skulda ríkissjóðs á sem hagkvæmastan hátt og draga eins og kostur er úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána.

Ábyrgð á stjórn lánamála ríkisins verður, eins og áður segir, í höndum fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið tekur ákvarðanir um skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs, greiðslu lána ríkisins og lausafjárstýringu ríkissjóðs. Ráðuneytið ákvarðar jafnframt ávöxtunarkröfu tekinna tilboða í útboðum ríkisverðbréfa, tekur ákvarðanir um uppbyggingu einstakra lánaflokka, tímalengd og eiginleika þeirra, uppkaup flokka og/eða gerð skiptasamninga og annað það er fram kemur í samningnum. Seðlabankinn sér um framkvæmd lánamála og skuldstýringu í umboði fjármálaráðuneytis og í samræmi við viðmiðunarreglur sem settar eru af ráðuneytinu. Einnig ber Seðlabankinn ábyrgð á að lántökur og skuldstýring sé í samræmi við stefnu sem mótuð er af ráðuneytinu.

Vöruviðskipti í ágúst

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 12 milljarða í ágúst sem er nokkur bati frá júlímánuði þegar hallinn var 14,8 milljarðar króna. Útflutningur nam 17,8 milljörðum króna meðan flutt var inn fyrir um 29,8 milljarða, en dregið hefur úr innflutningi, sem var um 2 milljörðum lægri í ágúst en í júlí. Ef nánar er rýnt í undirliði innflutnings má sjá að innflutningur á fjárfestingarvörum lækkar umtalsvert milli mánaða vegna samdráttar í stóriðjuframkvæmdum. Einnig dró úr eldsneytisinnflutningi en sá liður er sveiflukenndur. Aðrir liðir vísa upp á við milli mánaða. Verðmæti innflutnings á hrá- og rekstrarvörum eykst og innflutningur á neysluvörum eykst lítillega, einkum út af hálf-varanlegum neysluvörum (t.d föt og skór). Innflutningur á bílum jókst lítillega ásamt innflutningi á skipum og flugvélum. Það sem af er ári er vöruskiptajöfnuður neikvæður um 85,2 milljarða króna miðað við 105,2 milljarða króna árið 2006. Á næstu misserum má gera ráð fyrir batnandi horfum vöruskiptajafnaðar með hægt hjaðnandi innflutningi og auknum útflutningi eftir því sem álframleiðsla eykst.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2003 – júlí 2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,6	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	39,7	16,8
Eignarskattar	-29,5	11,5
Skattar á vöru og þjónustu	16,3	8,7
Tryggingagjöld	16,0	6,8
Tekjur alls	16,4	16,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-18,2	0,3
Heilbrigðismál	6,1	7,4
Alm.trygg. & velferðarmál	-6,8	15,4
Efnahags- og atvinnumál	-0,9	18,8
Menntamál	11,0	11,3
Gjöld alls	-1,5	14,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	36.500	46.526
Hreinn lánsfjárjöfnuður	34.116	-22.320
Afborgun lána	-35.088	-36.416
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-3.282	-61.047
Lántökur	19.735	53.245
Greiðsluafkoma	16.453	-7.802

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (ágúst)	8,6	3,4
Kjarnaverðbólga (ágúst)	7,6	4,8
Launavísitala (júlí)	10,2	8,3
Heildarvelta (jan.-apríl)	13,6	11,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,7	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,4	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

13. september 2007

Ríkisstofnunum hefur fækkað

Ríkisstofnanir voru tæplega 250 árið 1998 en eru nú rúmlega 200. Hér er gerð grein fyrir nokkrum tölulegum staðreyndum um fjölda stofnana, starfsmanna og stöðugilda en umfjöllunin birtist í niðurstöðum könnunar á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna frá árinu 2006.

Í október 2006 voru ríkisstofnanir sem tilheyra framkvæmdavaldi 204 talsins. Stærð ríkisstofnana er breytileg. Sú fámennasta er með 2 starfsmenn en sú fjölmennasta með rúmlega 4.700 manns. Miðgildi stærðar stofnana er 38 starfsmenn í 33 stöðugildum. Rúmlega helmingur stofnana ríkisins er með færri en 50 starfsmenn en hjá þeim starfa aðeins um 10% ríkisstarfsmanna. Sé litið á stöðugildi eru 59% stofnana með færri en 50 stöðugildi, en hlutfallið árið 1998 var 68%. Stofnunum hefur því bæði fækkað og þær stækkað á tímabilinu.

Hlutfallslegur fjöldi og stærð ríkisstofnana



Eins og áður sagði er breytileiki í stærð stofnana mjög mikill, hvort sem litið er til fjölda stöðugilda eða starfsmanna. Mestur er munurinn meðal heilbrigðisstofnana. Sú fámennasta er með ríflega 10 starfsmenn en sú fjölmennasta ríflega 4.700. Að jafnaði eru fjölmennustu vinnustaðirnir heilbrigðisstofnanir, jafnvel þótt litið sé framhjá LSH sem er allra fjölmennastur. Framhalds- og háskólar eru einnig fjölmennar stofnanir en fámennustu vinnustaðirnir eru almennt stofnanir á sviði skatta- og tollamála.

Fjöldi starfsmanna ríkisstofnana 1. október 2006 var um 21.600 í 17.600 stöðugildum. Til samanburðar má geta þess að á fjórða ársfjórðungi 2006 voru 169.900 starfandi á vinnumarkaðnum í heild. Töluverðar sveiflur geta verið í starfsmannafjölda stofnana eftir árstíma, t.d. vegna sumarleyfa eða verkefnastöðu. Meðalfjöldi starfsmanna og stöðugilda er því nokkru hærri ef litið er á heilt ár í einu í stað „punktstöðu" líkt og hér er gert.

Yfirlit yfir fjölda stofnana, starfsmanna og stöðugilda

Stofnanahópur	*Fjöldi stofnana*	*Fjöldi starfsmanna*	*Fjöldi stöðugilda*
Æðsta stjórnsýsla	16	735	707
Sýslumannsembætti, löggæsla og fangelsi	30	1.642	1.571,30
Stofnanir skatt- og tollamála	13	512	488,2
Aðrar stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta	11	603	474,1
Heilbrigðisstofnanir	23	8.210	6.413,50
Stofnanir félags- og lýðheilsumála	22	2.005	1.465,50
Framhalds- og háskólar	33	4.480	3.538,20
Aðrar mennta-, menningar- og vísindastofnanir	20	936	805,9
Stofnanir atvinnumálaráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála	36	2.444	2.149,60
Samtals	**204**	**21.567**	**17.613,30**

Töluverður hluti hópsins er í minna en 50% starfi, eða ríflega 3.100 einstaklingar í 760 stöðugildum. Er það einkum ungt fólk sem starfar hjá heilbrigðisstofnunum og stofnunum félags- og lýðheilsumála. Ef litið er til stofnanahópa er fjöldinn mestur hjá heilbrigðisstofnunum en hjá þeim er um þriðjungur stöðugilda hópsins sem hér er til umfjöllunar. Næstfjölmennasti hópurinn er í framhalds- og háskólum eða um 20%. Fámennustu hóparnir eru stofnanir skatta- og tollamála og stofnanir fjár-, dóms- og kirkjumálaráðuneyta (að löggæslu og sýslumannsembættum undanskildum).

Ríkisaðstoð vegna þjónustu í almannaþágu

Í 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, eða framleiðslu ákveðinna vara, að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Í sömu grein er jafnframt fjallað um undanþágur frá meginreglunni. Til fyllingar þessu ákvæði gefur Eftirlitsstofnun EFTA (í kjölfar stofnana Evrópusambandsins) út leiðbeinandi reglur um form og efnisreglur í tengslum við ríkisaðstoð. Er þessum leiðbeinandi reglum skipt upp í hina ýmsu kafla og tekur hver kafli breytingum eftir því sem þörf er metin á. Þannig er í hinum leiðbeinandi reglum t.d. að finna sér kafla um ríkisábyrgðir, byggðaaðstoð, aðstoð til skipasmíða, sjóflutninga o.s.frv.

Nýverið var gefinn út nýr kafli sem myndar hluta áðurnefndra leiðbeiningarreglna og snýr að ríkisaðstoð vegna þjónustu í almannaþágu ("state aid in the form of public service compensation"). Stofnanir Evrópusambandsins hafa um nokkurn tíma haft til skoðunar hvort líta beri á opinberan fjárstuðning við aðila sem falið er að veita þjónustu í almannaþágu sem tilkynningarskylda ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Í kjölfar dóma frá Evrópudómstólnum (t.d. Altmark C-280/00) er almennt litið svo á að fjögur skilyrði séu fyrir því að ekki sé um ólögmæta ríkisaðstoð að ræða í slíkum tilfellum. Í fyrsta lagi verður viðkomandi aðili í raun að hafa með höndum skilgreinda starfsemi sem lýtur opinberum kvöðum. Í öðru lagi verður ríkisaðstoðin að vera fyrirfram ákveðin og skilgreind á gagnsæjan hátt. Í þriðja lagi má ríkisaðstoðin ekki vera meiri en sem nemur kostnaði fyrirtækisins við að veita hina opinberu þjónustu sem því hefur verið falið. Í fjórða lagi verður upphæð ríkisaðstoðarinnar, sé aðilinn ekki valinn að undangengnu útboði, að taka mið af kostnaði sambærilegra fyrirtækja og verkefna.

Aðeins að þessum fjórum skilyrðum uppfylltum er hægt að líta svo á að hinn opinberi fjárstuðningur til viðkomandi aðila feli ekki í sér ívilnun á kostnað annarra fyrirtækja og þar með sé tilkynningarskyld ríkisaðstoð. Í kjölfar dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins hefur Eftirlitsstofnun EFTA því eins og áður segir gefið út leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð vegna þjónustu í almannaþágu. Samkvæmt reglunum verður öll viðvarandi aðstoð frá og með 20. júlí sl., á þessu sviði, að nýrri aðstoð sem ber að tilkynna um. Með viðvarandi aðstoð er átt við aðstoð sem var við lýði þegar viðkomandi aðildarríki gerðist aðili að evrópska efnahagssvæðinu en hugtakið ný aðstoð nær til ríkisaðstoðar sem er síðar til komin. Í tilfelli nýrrar aðstoðar getur aðildarríkjum verið gert skylt að endurkrefja ólögmæta ríkisaðstoð aftur í tímann, en ef um viðvarandi aðstoð er að ræða er einvörðungu um leiðréttingu til framtíðar að ræða.

Meðal aðildarríkja evrópska efnahagssvæðisins er nokkuð deilt um það hversu langt þessar reglur nái og hvaða áhrif þær hafi í raun á þjónustu í almannaþágu og jafnframt hvað teljist vera þjónusta í almannaþágu. Sem dæmi um það má nefna að fyrir EFTA dómstólnum liggur nú mál sem snýr að því hvort stuðningur norska ríkisins við opinbera leikskóla kunni að fela í sér ólögmæta ríkisaðstoð. Í því máli hefur einkarekinn leikskóli ("Private Barnehagers Landsforbund") kært ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 27. febrúar 2007 sem taldi slíkan stuðning ekki falla undir 61. gr. EES samningsins um tilkynningarskylda ríkisaðstoð. Er fyrirséð að á næstu misserum muni fleiri mál af þessum toga verða tekin til meðferðar bæði hjá Evrópudómstólnum og EFTA dómstólnum og þar með varpa skýrara ljósi á hugtakið þjónusta í almannaþágu.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,6	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	39,7	16,8
Eignarskattar	-29,5	11,5
Skattar á vöru og þjónustu	16,3	8,7
Tryggingagjöld	16,0	6,8
Tekjur alls	16,4	16,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-18,2	0,3
Heilbrigðismál	6,1	7,4
Alm.trygg. & velferðarmál	-6,8	15,4
Efnahags- og atvinnumál	-0,9	18,8
Menntamál	11,0	11,3
Gjöld alls	-1,5	14,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	36.500	46.526
Hreinn lánsfjárjöfnuður	34.116	-22.320
Afborgun lána	-35.088	-36.416
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-3.282	-61.047
Lántökur	19.735	53.245
Greiðsluafkoma	16.453	-7.802

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (sept.)	7,6	4,2
Kjarnaverðbólga (sept.)	7,2	5,2
Launavísitala (júlí)	10,2	8,3
Heildarvelta (jan.-apríl)	13,6	11,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,7	6,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

20. september 2007

Aldur og menntun ríkisstarfsmanna

Verkefni ríkisins eru margvísleg að eðli og umfangi og eru starfsmenn ríkisstofnana fjölbreyttur hópur. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum tölulegum staðreyndum um aldur og menntun starfsmanna ríkisins en umfjöllunin birtist í niðurstöðum könnunar á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna frá árinu 2006.

Meðalaldur ríkisstarfsmanna er 45,4 ár. Konur eru aðeins yngri með tæplega 45 ára meðalaldur en karlar eru ríflega 46 ára gamlir. Yngstur er starfsmannahópurinn hjá stofnunum félags- og lýðheilsumála en þar er meðalaldurinn 40,5 ár. Í þessum stofnanahópi er meðalaldur karla 39,7 ár en í öllum öðrum hópum er meðalaldur karla og kvenna hærri en 40 ár. Hæstur er meðalaldurinn hjá stofnunum atvinnumála, ráðuneyta, umhverfis-, skipulags- og samgöngumála en þar er hann 48,2 ár.

Fjöldi ríkisstarfsmanna eftir aldri



Meðalaldur ríkisstarfsmanna hefur hækkað frá árinu 1995 en þá var hann 41 ár. Meðalaldur kvenna á því ári var 40 ár en meðalaldur karla 42 ár.

Samkvæmt könnuninni hefur hlutfall starfsmanna ríkisins með háskólamenntun hækkað talsvert frá fyrri könnun 1998. Þá voru 43% þátttakenda háskólagengin en nú er sama hlutfall 57%. Að sama skapi hefur hlutfall starfsmanna með starfs- og framhaldsmenntun lækkað, er nú rúmur þriðjungur en var tæp 45% árið 1998. Hlutfall þeirra sem eru einvörðungu með grunnmenntun hefur einnig lækkað, úr 12% í innan við 9%.

Menntun ríkisstarfsmanna er breytileg eftir stofnanaflokkum. Alls voru 82% starfsmanna framhalds- og háskóla voru með háskólapróf en 20% starfsmanna sýslumanns- og lögregluembætta og fangelsa. Í þeim flokki eru flestir með starfs- og framhaldsmenntun.

Menntun ríkisstarfsmanna eftir stofnanahópum



Seðlabanki Bandaríkjanna lækkar stýrivexti

Síðastliðinn þriðjudag ákvað Seðlabanki Bandaríkjanna að lækka stýrivexti um 50 punkta. Í röksemdafærslu bankastjórnar kom fram að samdráttur á lánsfjármarkaði getur hert á leiðréttingu á fasteignamarkaði og það haft áhrif til að halda aftur af hagvexti. Lækkun stýrivaxta bankans hefur það markmið að fyrirbyggja neikvæð áhrif af truflun í starfsemi fjármálamarkaða og stuðla að hóflegum hagvexti í framtíðinni. Lækkunin, sem er sú fyrsta í fjögur ár, var umfram væntingar markaðsaðila sem höfðu almennt spáð 25 punkta lækkun. Fyrir vikið tók hlutabréfaverð kipp upp á við þegar ákvörðunin lá fyrir en Dow Jones vísitalan hækkaði um 2,5% á þriðjudaginn og einkenndu miklar hækkanir markaði í London, Frankfurt og Tókýó á miðvikudag. Ákvörðun Seðlabankans er talin mikilvægt skref í að róa markaði innanlands og á heimsvísu en bankinn hefur verið undir miklum þrýstingi um að lækka vexti að undanförnu eftir því sem lausafjárvandamál á fjármálamörkuðum hafa undið upp á sig. Horfur eru á að evrópski seðlabankinn muni halda vöxtum stöðugum á vaxtaákvörðunarfundinum í október en hann mun halda áfram að bjóða lánsfjárstofnunum lausafjárstuðning eins og Seðlabanki Bandaríkjanna. Ákvörðun Seðlabanka Bandaríkjanna hafði jákvæð áhrif á Íslandi eins og annars staðar, en úrvalsvísitalan hefur hækkað tvo síðustu daga og gengið styrkst.

Stýrivextir 2001–2007



OECD um menntamál

Nýverið birtist grein í vefritinu sem fjallaði um útgjöld til menntamála á Íslandi. Þar kom fram að útgjöld ríkissjóðs til menntamála á Íslandi hafa aukist samtals um 15 milljarða eða 69% á síðustu 10 árum. Í þessu samhengi er því áhugavert að skoða nýja skýrslu frá OECD um menntamál. Þar kemur m.a. fram að á sl. 10 árum hefur fjöldi þeirra sem ljúka háskólanámi aukist um 12% og sömuleiðis hefur fjöldi þeirra sem ljúka framhaldsskólanámi aukist um 7% innan landa OECD. Í skýrslunni eru birtir ýmsir mælikvarðar sem tengjast útgjöldum til menntamála. Helst ber að nefna að opinber útgjöld til menntastofnana í hlutfalli við landsframleiðslu eru næsthæst á Íslandi meðal landa OECD eða 7,6% en meðaltal OECD er um 5,4%. Skýringuna á hlutfallslega miklum útgjöldum til menntamála á Íslandi má finna í öðrum mælikvörðum í skýrslunni, t.d. eru skráðir nemendur í skólum á Íslandi hlutfallslega flestir af öllum löndum OECD eða um 31% af heildarmannfjölda. Einnig kemur fram í ýmsum mælikvörðum að útgjöld á hvern nemanda á Íslandi eru yfirleitt yfir meðaltali OECD. Þá er fjöldi nemenda í bekk og á hvern kennara minni á Íslandi en að meðaltali í OECD. Að lokum ber að nefna að í skýrslunni kemur fram að almennt í löndum OECD sé hægt að lækka útgjöld til menntamála um allt að 30% án þess að minnka gæði og umfang kennslu ef áhrifaríkari kennsluaðferðum er beitt. Einnig er bent á að ef allir skólar í löndum OECD nýttu bolmagn sitt til hins ýtrasta þá gætu þeir aukið gæði menntunar um allt að 22% án viðbótarfjármagns.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,6	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	39,7	16,8
Eignarskattar	-29,5	11,5
Skattar á vöru og þjónustu	16,3	8,7
Tryggingagjöld	16,0	6,8
Tekjur alls	16,4	16,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-18,2	0,3
Heilbrigðismál	6,1	7,4
Alm.trygg. & velferðarmál	-6,8	15,4
Efnahags- og atvinnumál	-0,9	18,8
Menntamál	11,0	11,3
Gjöld alls	-1,5	14,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	36.500	46.526
Hreinn lánsfjárjöfnuður	34.116	-22.320
Afborgun lána	-35.088	-36.416
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-3.282	-61.047
Lántökur	19.735	53.245
Greiðsluafkoma	16.453	-7.802

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (sept.)	7,6	4,2
Kjarnaverðbólga (sept.)	7,2	5,2
Launavísitala (ágúst)	10,6	8,0
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

27. september 2007

Hlutur skatta í bensínverði

Almennt er hægt að rökstyðja skattlagningu á bíla og umferð með því að þeim sem þá eiga stendur til boða að nota vegakerfið og þá þjónustu sem þar er í boði án þess að greiða sérstakt gjald. Einnig veldur umferð ökutækja ýmsum kostnaði sem notandinn verður ekki var við nema endrum og sinnum. Umferð veldur mengun og hávaða, auk þess sem samfélagið tekur á sig ýmsan kostnað við slys og óhöpp sem verða á vegunum. Notkun jarðefnaeldsneytis er skattlögð í þeim tilgangi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að auka sjálfbærni.

Hér á landi er hluti skatta á eldsneyti notaður til að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins. Það er hins vegar ekki þekkt á Norðurlöndunum en algengt í Norður-Ameríku. Sums staðar er skattlagningu beitt til þess að hafa áhrif á umferðarálag.

Eldsneyti er víða skattlagt töluvert mikið og í mörgum nágrannalandanna er skattur meira en helmingur af söluverði. Á meðfylgjandi mynd er sýnt hvert skatthlutfall af bensíni var í endanlegu söluverði í ágúst síðastliðnum í nokkrum löndum. Byggt er á upplýsingum frá alþjóða orkumálastofnuninni (IEA) nema fyrir Svíþjóð og Noreg og svo Ísland. Gengissveiflur og örar verðbreytingar hafa að sjálfsögðu áhrif á þennan samanburð.

Skatthlutfallið, og verð á lítra var hæst í Stóra-Bretlandi. Bandaríkin skera sig úr með mun lægri skatta á bensín en í öðrum löndum en bensínverð fyrir utan skatt þar er álíka og í Stóra-Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi.

Nú stendur yfir endurskoðun á allri skattlagningu á ökutæki og eldsneyti hér á landi með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka hlut vistvænna ökutækja. Sambærileg endurskoðun og breytingar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis fer fram víðar.

Hlutur skatta af endanlegu söluverðs bensíns ágúst 2007



Staða lífeyrissjóðanna

Á milli áranna 1997 og 2006 hafa hreinar eignir lífeyrissjóðanna vaxið úr 509,8 milljörðum króna í tæpa 1.500 milljarða, sem jafngildir 194% aukningu. Þetta sýnir samantekt Fjármálaeftirlitsins á ársreikningum allra lífeyrissjóða. Ýmsar aðrar athyglisverðar kennitölur má lesa úr samantekt Fjármálaeftirlitsins eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Iðgjöld hafa hækkað mjög mikið á umræddu tímabili eða úr 36,7 milljörðum í 95,1 milljarða sem jafngildir 159% aukningu umfram almennar verðlagsbreytingar. Þá hafa lífeyrisgreiðslur aukist úr 17,9 milljörðum króna í 40 milljarða sem er 23,4% raunaukning. Þessi aukning lífeyrisgreiðslna skýrist af því að lífeyrissjóðsréttindi lífeyrisþega eru stöðugt að batna. Margir eldri lífeyrisþegar hafa einnig fengið hækkaðar lífeyrisgreiðslur umfram verðlag vegna jákvæðrar raunávöxtunar lífeyrissjóðanna. Fjöldi sjóðsfélaga hefur vaxið mikið en á það skal bent

Lífeyrissjóðir

	1997	*2006*	*Breyting (%)*
Hrein eign, m.kr. - verðlag 2006	509.767	1.498.810	194,0
Iðgjöld, m.kr. - verðlag 2006	36.733	95.121	158,9
Lífeyrisgreiðslur, m.kr. - verðlag 2006	17.921	40.043	23,4
Fjöldi lífeyrissjóða	66	41	-37,9
Fjöldi sjóðsfélaga[1]	139.086	200.893	44,4
Örorkulífeyrir (% af lífeyrisgr.)[1]	18,4	20,9	.
Lífeyrisbyrði (lífeyrisgr. sem % af iðgjöldum)[1]	47,3	48,2	.

1. Samtryggingardeildir. *Heimild:* FME.

að margir eru með réttindi í fleiri en einum sjóði og eru því taldir oftar en einu sinni. Athygli vekur að hlutfall útgreiðslu lífeyris vegna örorku hefur vaxið úr 18,4% í 20,9%, en helsta skýringa á því er fjölgun örorkulífeyrisþega frá árinu 1997. Þá hefur lífeyrisbyrðin, lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum, hækkað lítillega.

Framkvæmd fjárlaga

Fjármálaráðuneytinu ber að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og veita leiðbeiningar þar um, á grundvelli sérstakrar reglugerðar nr. 1061/2004. Ráðuneyti og forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á að rekstrarútgjöld séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Þeim ber skylda til að bregðast við ef útgjöld verða meira en 4% umfram heimildir hverju sinni.

Fjármálaráðuneytið hefur á undanförnum árum unnið að ýmsum umbótum til að styrkja framkvæmd fjárlaga. Sá grunnur sem byggt er á hvílir á skýrri verkaskiptingu einstakra aðila í ferlinu og að ábyrgðarskil séu skýr. Jafnframt þessu er lögð áhersla á að styrkja fjárhagsáætlanagerð stofnana og innleiða setningu markmiða og starfsáætlana í rekstri stofnana m.a. með samningum um árangursstjórnun.

Innan ársins fylgir fjármálaráðuneytið framkvæmd fjárlaga eftir á þann hátt að í kjölfar samþykktar fjárlaga á það fund með ráðuneytunum þar sem reynt er að leggja mat á þá veikleika sem kunna að vera í rekstri einstakra stofnana á grundvelli heimilda Alþingis og þeirra rekstraráætlana sem liggja fyrir af hálfu stofnana. Ráðuneytunum er síðan ætlað að bregðast sérstaklega við gagnvart þessum stofnunum til að hafa áhrif á framvindu útgjalda. Samhliða þessu hefur upplýsingagjöf um framvindu útgjalda innan ársins verið aukin. Þannig er ríkistjórn og fjárlaganefnd Alþingis ársfjórðungslega gerð grein fyrir stöðu einstakra fjárlagaliða í samanburði við heimildir. Á sömu tímabilum hefur fjármálaráðuneytið skriflega farið þess á leit við einstök ráðuneyti að þau geri grein fyrir því til hvaða aðgerða þau hyggjast grípa gagnvart þeim liðum sem eru umfram 4% viðmiðunarmörk reglugerðarinnar.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit um útgjöld stofnana fyrir fyrstu sex mánuði þessa árs. Þar er fjárlagaliðum skipt upp í fjóra flokka eftir svokallaðri hagrænni skiptingu útgjalda, þ.e. rekstrarútgjöld, rekstrartilfærslur, vaxtagjöld og viðhalds- og stofnkostnaðarliði. Rekstrargjöld sýna kostnað að frádregnum sértekjum stofnana. Tilfærslur eru ýmsar greiðslur og bætur úr ríkissjóði til einstaklinga svo sem tryggingabætur, barnabætur og greiðslur til bænda.

Útgjöld ríkissjóðs janúar–júní 2007

		Fjár-	*Frávik*	
Milljónir króna	*Gjöld*	*heimild*	*M.kr.*	*%*
Rekstrargjöld	88.043	87.090	-953	-1,1
Rekstrartilfærslur	68.208	74.019	5.811	7,9
Vaxtagjöld	8.850	8.843	-7	-0,1
Viðhald og stofnkostnaður	9.747	14.740	4.994	33,9
Samtals	174.848	184.692	9.844	5,3

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,6	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	39,7	16,8
Eignarskattar	-29,5	11,5
Skattar á vöru og þjónustu	16,3	8,7
Tryggingagjöld	16,0	6,8
Tekjur alls	16,4	16,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-18,2	0,3
Heilbrigðismál	6,1	7,4
Alm.trygg. & velferðarmál	-6,8	15,4
Efnahags- og atvinnumál	-0,9	18,8
Menntamál	11,0	11,3
Gjöld alls	-1,5	14,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	36.500	46.526
Hreinn lánsfjárjöfnuður	34.116	-22.320
Afborgun lána	-35.088	-36.416
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-3.282	-61.047
Lántökur	19.735	53.245
Greiðsluafkoma	16.453	-7.802

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (sept.)	7,6	4,2
Kjarnaverðbólga (sept.)	7,2	5,2
Launavísitala (ágúst)	10,6	8,0
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

4. október 2007

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Fyrr í þessari viku kom út ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Helstu niðurstöður eru:

Umsvif í efnahagslífinu voru meiri árið 2006 en fyrri tölur gáfu til kynna, en hagvöxtur nam 4,2% í stað 2,6%. Samneysla sveitarfélaga og fjármunamyndun jukust meira en einkaneysla minna. Árið 2007 er áætlað að þjóðarútgjöld dragist saman um 5,2% vegna loka mikilla stóriðjuframkvæmda. Samt er reiknað með áframhaldandi vexti einkaneyslu og annarrar fjárfestingar en í stóriðju. Spáð er að hagvöxtur verði 0,7% á árinu í krafti stóraukins útflutnings áls og samdráttar innflutnings. Áframhaldandi viðsnúningur í utanríkisverslun leiðir til þess að hagvöxtur verður 1,2% árið 2008 þrátt fyrir samdrátt í útflutningi sjávarafurða, einkaneyslu og fjárfestingu. Árið 2009 er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í einkaneyslu en að fjármunamyndun taki að aukast á ný og vöruskiptahallinn haldi áfram að dragast saman og hagvöxtur verði 2,1%.

Yfirlit þjóðhagsspár 2006–2009

	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
	Brb.	*Spá*		
	2006	2007	2008	2009
Einkaneysla	4,4	2,1	-0,9	-1,8
Samneysla	3,9	2,8	2,0	2,5
Fjármunamyndun	19,8	-22,2	-19,8	4,6
Þjóðarútgjöld alls	9,2	-5,2	-4,8	0,4
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,1	8,7	9,2	3,9
Innflutningur vöru og þjónustu	10,1	-9,8	-7,0	-0,5
Verg landsframleiðsla	4,2	0,7	1,2	2,1

Spáð er að viðskiptahallinn dragist hratt saman á næstu árum og verði 8,8% af landsframleiðslu árið 2008 og 7,6% árið 2009. Áætlað er að spenna á vinnumarkaði verði í hámarki í ár en slaki myndist á næstu árum með auknu atvinnuleysi. Spáð er að verðbólga minnki í 3,3% árið 2008 og að hún verði 2,8% að meðaltali á árinu 2009. Helstu óvissuþættir í þjóðhagsspánni varða frekari stóriðjuframkvæmdir, ástand á alþjóðlegum mörkuðum, gengi krónunnar og endurnýjun kjarasamninga á næsta ári. Í skýrslunni er jafnframt að finna útreikninga á fráviksdæmum. Annars vegar eru metin áhrif af 20% veikingu á gengi krónunnar og hins vegar af byggingu nýs álvers og tengdra orkuvera.

Um frávik í spám um hagvöxt og tekjur ríkissjóðs

Mikil breyting hefur orðið á íslensku efnahagslífi undanfarin ár og hafa áætlanagerð og hagspár átt fullt í fangi með að endurspegla þá þróun. Tvö vandamál, sem eru innbyrðis tengd, hafa verið nefnd í umræðunni. Annars vegar hafa hagspár greiningaraðila vanmetið hagvöxt, verðbólgu og viðskiptahalla undanfarin ár. Hins vegar hafa tekjuspár ríkissjóðs og sveitarfélaga vanmetið þær tekjur sem hafa skilað sér í kassann. Ástæðan er margþætt.

Íslenskt efnahagslíf hefur tekið stakkaskiptum undanfarin ár og sérstaklega má nefna öra þróun í fjármálastarfsemi og hækkun eignaverðs sem hafa aukið innlenda eftirspurn og ytra ójafnvægi. Í hinni nýju þjóðhagsspá kemur fram greining á þeirri eðlisbreytingu íslensks efnahagslífs sem hefur birst m.a. í snarauknum halla á þáttatekjum vegna eignamyndunar Íslendinga erlendis auk fleiri þátta. Opinberar hagtölur hafa endurspeglað þessa þróun með tímatöf og oftar en ekki hafa fyrstu tölur Seðlabanka Íslands og Hagstofunnar tekið umtalsverðum breytingum við endurskoðun. Sú tímabundna skekkja hefur síðan haft bein áhrif á hagspár sem eru framkvæmdar á grundvelli talnanna. Þá eru reiknilíkönin byggð á hagmælingu á sögulegum orsakasamböndum, sem þarf að endurmeta ef hagkerfið tekur eðlisbreytingum. Myndin sýnir að atvinnusköpun og virðisauka undanfarinna ára má í auknum mæli rekja til greina sem voru ekki eins áberandi í efnahagsstarfseminni áður á meðan aðrar greinar hafa látið undan síga. Fjármálaráðuneytið hefur hafið þróunarvinnu á reiknilíkönum og í hinni nýju þjóðhagsskýrslu er rammagrein um áhrif alþjóðavæðingar á innlenda eftirspurn þar sem leitast er við að skýra þá þætti sem breyst hafa í íslensku efnahagslífi. Niðurstaðan er að hagkerfið er orðið fjölbreyttara og þróttmeira en áður þannig að eftirspurn og ójafnvægi í þjóðarbúskapnum hefur orðið meira en reiknað var með, þrátt fyrir vaxandi hagsstjórnaraðhald. Í stuttu máli má rekja aukninguna til alþjóðlegrar þróunar sem birst hefur í hækkun tekna og atvinnustigs ásamt bættu aðgengi að ódýru fjármagni, en þeir þættir hafa skilað sér í hærra íbúðaverði og hlutabréfaverði sem hefur enn aukið eftirspurnina. Aukinn hagvöxtur hefur síðan haft bein áhrif á tekjur hins opinbera. Mælingar sýna að tekjuteygni ríkissjóðs hefur aukist því meiri sem eftirspurn og viðskiptahalli hafa orðið. Þróunarvinna í ráðuneytinu á sviði ríkisfjármála er vel á veg komin við að skilgreina betur hagrænar forsendur einstakra tekjustofna, en markmiðið er að bæta tekjuspágerðina eins og framast er unnt.

Framlag greina til hagvaxtar



Greiðsluuppgjör ríkissjóðs ágúst 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu átta mánuði ársins liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um tæpa 39 ma.kr., sem er 3 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma 2006. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um tæpa 24 ma.kr. sem er 57 ma.kr lakara en í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu af 30 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut í Landsvirkjun og 44 ma.kr. eiginfjárframlagi til Seðlabanka Íslands.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 285 ma.kr. á tímabilinu og voru 39 ma.kr meiri en sama tíma í fyrra. Hér er leiðrétt fyrir tilfærslu tekjuskatts lögaðila milli ára í ársbyrjun 2006 og nemur tekjuaukningin þá 17,4%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,7% að nafnvirði. Skattar á tekjur og hagnað námu 93 ma.kr. og jukust um rúma 17 ma.kr. frá síðasta ári eða 22,6%. Tekjuskattur einstaklinga jókst um 11%, tekjuskattur lögaðila um 32% og fjármagnstekjuskattur um 52%. Innheimta veltuskatta nam tæpum 127 ma.kr. á tímabilinu og jókst um 8% að nafnvirði frá fyrra ári. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 10% sem jafngildir tæplega 5% raunaukningu. Þegar litið á 6 mánaða hreyfanlegt meðaltal kemur fram aðeins 0,3% raunvöxtur á milli ára, hinn minnsti frá nóvember 2002, og eru þar að hluta komin fram áhrif lækkunar skatthlutfallsins 1. mars sl.

Greidd gjöld námu rúmum 238 ma.kr. og jukust um 29 ma.kr. milli ára. Mest jukust gjöld til almannatrygginga- og velferðarmála, um 8 ma.kr. eða 16,4%. Hlutfallslega jukust mest gjöld til almennrar opinberrar þjónustu, um 23,7%.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs á tímabilinu var 62,8 ma.kr., 13,1 ma.kr. hagstæðari útkoma en áætlað var. Hrein lánsfjárþörf var 23,8 ma.kr. (sjá einnig töflu neðst.)

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	14,9	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	29,7	17,6
Eignarskattar	-33,3	15,4
Skattar á vöru og þjónustu	10,5	8,2
Tryggingagjöld	15,5	6,6
Tekjur alls	12,2	15,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,6	23,7
Heilbrigðismál	5,6	10,2
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	16,4
Efnahags- og atvinnumál	4,2	9,6
Menntamál	14,4	11,9
Gjöld alls	2,9	13,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	35.558	38.893
Hreinn lánsfjárjöfnuður	33.219	-23.767
Afborgun lána	-32.592	-36.443
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-2.013	-62.849
Lántökur	25.247	57.515
Greiðsluafkoma	23.234	-5.334

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (sept.)	7,6	4,2
Kjarnaverðbólga (sept.)	7,2	5,2
Launavísitala (ágúst)	10,6	8,0
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

11. október 2007

Ný könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Nú liggja fyrir niðurstöður nýrrar könnunar Capacent Gallup um stöðu og framtíðarhorfur 400 stærstu fyrirtækja á Íslandi. Stuðst er við heildarlaunagreiðslur þegar stærstu fyrirtækin eru valin. Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Capacent Gallup. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 24. ágúst til 16. september 2007 og svarhlutfall var 62,6%. Alls tók 231 fyrirtæki þátt í könnuninni að þessu sinni en í endanlegu úrtaki voru 369 fyrirtæki.

Vísitala efnahagslífsins hefur lækkað frá síðustu könnun sem gerð var í maí úr 196,5 stigum í 189,5 stig. Stór meirihluti forráðamanna fyrirtækjanna telur aðstæður í efnahagslífinu góðar og aðeins 4,2% telja aðstæður slæmar að þessu sinni. Þótt vísitalan hafi lækkað er hún enn mjög há í sögulegu samhengi. Fyrirtæki í samgöngum, flutningum, ferðaþjónustu, byggingastarfsemi og veitum virðast vera jákvæðust um ástandið í efnahagslífinu en í þessum atvinnugreinum telur enginn að ástandið sé slæmt á meðan að fyrirtæki í sjávarútvegi eru nokkuð neikvæðari.

Bjartsýni um horfur í efnahagslífinu á næstu sex mánuðum virðist hafa minnkað, en vísitala efnahagslífsins sex mánuði fram í tímann hefur lækkað úr 106,5 stigum í 80. Þeim hefur því fjölgað sem telja að ástandið muni versna á næstu sex mánuðum frá því í maí síðastliðnum en telja þó flestir að ástandið muni verða óbreytt, eða um 62,4% svarenda. Enn virðist skortur á starfsfólki vera að aukast, en þeim hefur fjölgað töluvert frá síðustu könnun sem telja að nú sé skortur á starfsfólki í fyrirtækjum sínum, eða úr 51,2% í 58,2% svarenda. Þau fyrirtæki sem líða mestan skort á starfsfólki eru í ýmissi sérhæfðri þjónustu, verslun og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu, en viðsnúningur hefur orðið hjá fyrirtækjum í fjármála- og tryggingastarfsemi en skorturinn hjá þeim hefur minnkað úr 71% í 33% frá síðustu könnun. Vísitala starfsmannafjölda hefur lækkað frá síðustu könnun úr 193,9 í 157,1 stig, en nú eru mun fleiri fyrirtæki sem telja að starfsmönnum muni fækka á næstu 6 mánuðum.

Vísitala efnahagslífsins



Vöruviðskipti í september

Innfluttar vörur í september námu 28,1 milljörðum króna á fob virði sem er 5,7% minna en í ágúst þegar flutt var inn fyrir 29,8 milljarða. Ef tekið er mið af sama mánuði í fyrra hafa innfluttar vörur, án skipa og flugvéla, dregist saman um 5,6% á föstu gengi. Útfluttar vörur í september námu 18,1 milljarði króna og var því vöruskiptahallinn 10 milljarðar sem er nokkur bati frá ágústmánuði þegar hallinn nam um 12 milljörðum króna. Ef skoðaðir eru einstaka liðir innflutningsins má sjá að töluvert hefur dregið úr innflutningi fólksbifreiða en innflutningur annarra flutningjatækja stendur nokkuð í stað. Innflutningur á eldsneyti og smurolíum jókst mikið en þessi liður er jafnan mjög sveiflukenndur milli mánaða. Aðrir liðir standa nokkuð í stað, verðmæti innfluttra hrá- og rekstrarvara minnkar lítilega en verðmæti mat- og drykkjarvöru eykst. Sama má segja um verðmæti annarra neysluvara og munar þar helst um hálf-varanlegar neysluvörur (t.d. fatnað) en aftur á móti dregur úr innflutningi óvaranlegra neysluvara (t.d. lyf og tóbak). Það sem af er árinu hefur verðmæti innfluttra vara, án skipa og flugvéla, dregist lítillega saman miðað við á sama tíma og í fyrra eða sem svarar 0,9% á föstu gengi. Á næstu mánuðum má gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og draga muni lítilega úr verðmæti innfluttra vara á sama tíma og vöruútflutningurinn kemur til með að aukast samfara aukinni álframleiðslu.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2003 – september 2007



Um ástand á fasteignamarkaði

Í spám um þróun íbúðabygginga til lengri tíma hefur gefist vel að beita lýðfræðilegri greiningu á þróun mannfjölda í landinu, s.s. fjölda kjarnafjölskyldna og einstaklinga utan kjarnafjölskyldna. Í rammagrein 4 í nýrri þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins er meðfylgjandi mynd, en á henni sést fylgnin á milli fjölgunar íbúða og þróunar mannfjöldans. Undanfarin ár hafa frávik á milli tímaraðanna sýnt tilhneigingu til að minnka vegna þess að framboð af íbúðum hefur aukist hraðar en íbúum hefur fjölgað. Þótt fylgni milli tímaraða yfir tímabilið í heild sé mikil eru fleirri atriði, eins og tekjur, atvinnuástand og fasteignaverð, sem útskýra þróunina og ástand á fasteignamarkaði á hverjum tíma. Árin 1995 til 2000 var íbúðafjölgun vel umfram mannfjölgun. Á fyrri hluta tímabilsins var slaki á íbúðamarkaði og fasteignaverð hækkaði ekki umfram almennt verðlag. Frá árinu 1997 tók mannfjölgun að draga á íbúðafjölgun og fór síðan fram úr henni árið 2000. Þessi þróun kemur heim og saman við markaðsupplýsingar frá þeim tíma, en íbúðamarkaðurinn tók að lifna við frá 1997 með hækkun á verði íbúða. Línuritið sýnir að árið 2006 ríkti enn nokkur spenna á íbúðamarkaði þótt hún hafði farið minnkandi undanfarin ár.

Íbúðir og mannfjöldaþróun 1981–2006



Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	14,9	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	29,7	17,6
Eignarskattar	-33,3	15,4
Skattar á vöru og þjónustu	10,5	8,2
Tryggingagjöld	15,5	6,6
Tekjur alls	12,2	15,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,6	23,7
Heilbrigðismál	5,6	10,2
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	16,4
Efnahags- og atvinnumál	4,2	9,6
Menntamál	14,4	11,9
Gjöld alls	2,9	13,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	35.558	38.893
Hreinn lánsfjárjöfnuður	33.219	-23.767
Afborgun lána	-32.592	-36.443
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-2.013	-62.849
Lántökur	25.247	57.515
Greiðsluafkoma	23.234	-5.334

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (október)	7,2	4,5
Kjarnaverðbólga (október)	7,1	5,0
Launavísitala (ágúst)	10,6	8,0
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

18. október 2007

Áhrif alþjóðavæðingar á innlenda eftirspurn

Í rammagrein 1 í nýrri þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins er fjallað um helstu ástæður þess að innlend eftirspurn, hagvöxtur og tekjur ríkissjóðs hafa verið umfram væntingar undanfarin ár. Í stuttu máli má segja að íslenskt efnahagslíf hafi tekið stakkaskiptum á undanförnum árum í tengslum við víðtækar skipulagsbreytingar og aukna þátttöku í alþjóðlegu efnahagsstarfi. Uppbygging atvinnugreina sem ekki voru eins áberandi áður hefur verið ör á síðustu árum. Þrátt fyrir mikið aðhald í efnahagsstjórn á Íslandi, með því mesta á OECD-svæðinu undanfarin ár, hefur uppgangur efnahagslífsins verið mikill og honum jafnframt fylgt meira ójafnvægi í formi verðbólgu og viðskiptahalla en búist var við.

Undanfarna áratugi hefur markvisst verið dregið úr viðskiptahindrunum í alþjóðahagkerfinu sem hefur aukið hagvöxt í heiminum. Stækkun markaða og breytingar á framleiðslumynstri heimsins hafa leitt til aukinna alþjóðaviðskipta og það skapað svigrúm fyrir atvinnulíf einstakra landa til að sérhæfa sig í auknum mæli. Hagkvæmari nýting framleiðsluþátta hefur stuðlað að aukinni framleiðslu, fjárfestingu og arðsemi fyrirtækja. Í kjölfarið hafa hlutabréf út um allan heim hækkað í verði og framboð á ódýrara fjármagni stóraukist á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Til viðbótar hefur þessi þróun byggt á bylgju tækniframfara sem leyst hefur úr læðingi margvíslega krafta og skapað tækifæri fyrir framþróun á mörgum sviðum. Samhliða hafa framleiðni og launatekjur aukist, ekki síst í þekkingariðnaði. Ásamt bættu aðgengi einstaklinga að ódýrara lánsfjármagni hefur aukinn kaupmáttur víða leitt til hækkunar fasteignaverðs. Allt hefur það lagst á eitt við að auka eftirspurn og hagvöxt. Meðfylgjandi tafla sýnir þróun eignaverðs í nokkrum löndum. Af ofangreindu má vera ljóst að þróun efnahagsmála á Íslandi undanfarin ár hefur verið nátengd hinni alþjóðlegu.

Þróun eignaverðs í nokkrum löndum 2003-2006

Breyting frá byrjun árs 2003 til loka árs 2006 (%)	*Íbúðaverð*	*Hlutabréfaverð*
Ástralía	49,2	89,7
Bandaríkin	57,0	49,4
Bretland	54,9	57,9
Frakkland	73,8	80,9
Ísland	74,6	316,2
Noregur	46,7	317,5
Nýja-Sjáland	88,6	107,9

Heimild: EcoWin.

Búferlaflutningar milli landa leiðandi í mannfjöldaþróun

Nýlegar tölur Hagstofunnar sýna að 2/3 fólksfjölgunar í landinu á fyrri helmingi ársins voru vegna búferlaflutninga milli landa. Tölur liggja fyrir hjá Hagstofunni um mannfjöldann og þróun hans til loka júní og nýjustu tölur um búferlaflutninga milli landsvæða innanlands og gagnvart útlöndum ná til loka september. Á fyrri helmingi ársins fjölgaði íbúum landsins um 3.700 manns, eða 1,2%. Á sama tíma var fjöldi aðfluttra umfram brottflutta af landinu 2.561 en náttúruleg fjölgun var 1.139 manns, þ.e. fæddir umfram dána.

Brottfluttir frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar voru 234 fleiri en aðfluttir á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Aðfluttir frá útlöndum voru hins vegar 2.343 fleiri en brottfluttir og því fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu um 2.109 manns vegna flutninga. Þess ber að gæta að höfuðborgarsvæðið sem atvinnusvæði er að stækka sem sést af miklum fólksflutningum til Suðurnesja og þeirra byggða Suðurlands sem næst liggja hinu skilgreinda höfuðborgarsvæði.

Það landsvæði sem var öflugast um aðdrætti í innanlandsflutningum á fyrstu þremur fjórðungum ársins voru Suðurnes þar sem íbúum fjölgaði um 769 þeirra vegna. Í öðrum landshlutum fækkaði (sjá mynd). Í öllum landshlutum fjölgaði hins vegar vegna millilandaflutninga nema á Austurlandi. Einnig þar voru Suðurnes í fararbroddi sé höfuðborgarsvæðið undanskilið. Á tveimur landsvæðum fækkaði fólki af völdum búferlaflutninga í heild, á Vestfjörðum og Austurlandi.

Búferlaflutningar á fyrri hluta 2007, aðfluttir umfram brottflutta



Heimild: Hagstofa Íslands.

Íbúaþróunin á Suðurnesjum vekur athygli fyrir þær sakir hversu mikið aðdráttarafl svæðið hefur, þrátt fyrir að herstöðin hafi verið lögð niður og enn sé atvinnuleysi talsvert. Jákvæð íbúaþróun á Austurlandi, bæði í ár og í fyrra stafar af aðflutningi frá útlöndum, þrátt fyrir að aðflutningur innanlands hafi aukist nokkuð og heldur dregið úr brottflutningi á undanförnum árum.

Þróun samneyslu hins opinbera

Til að auka hagstjórnarlegt aðhald í uppsveiflunni hefur ríkissjóður verið rekinn á grundvelli viðmiða um vöxt útgjalda frá árinu 2003. Útgjöld hins opinbera, þ.e. ríkis, almannatrygginga og sveitarfélaga, má flokka sem *i*) samneyslu, þ.e. útgjöld sem takmarkast við rekstur hins opinbera, *ii*) tilfærsluútgjöld, þ.e beinar peningalegar greiðslur til heimila, samtaka og fyrirtækja, *iii*) vaxtagjöld, þ.e. greiðslur vegna lána og *iv*) fjárfestingu, þ.e. útgjöld til stofnframkvæmda.

Í langtímaáætlun ríkissjóðs eru töluleg viðmið um að samneysla ríkissjóðs aukist ekki um meira en 2% að raungildi og tilfærsluútgjöld ríkissjóðs ekki um meira en 2,5% að raungildi að jafnaði. Engin viðmið hafa verið sett um vaxtagjöld eða útgjöld til fjárfestingar ríkissjóðs. Hins vegar er ljóst að vaxtagjöld hafa minnkað mikið undanfarin ár vegna ört minnkandi skulda ríkissjóðs. Á sama tíma hefur markvisst verið haldið aftur af framkvæmdum ríkissjóðs í ljósi umfangsmikilla stóriðjuframkvæmda.

Undanfarin ár hefur vöxtur samneyslu ríkissjóðs verið nokkru yfir markmiði en gert er ráð fyrir að hún verði undir markmiðinu árið 2008 og verði þá 1,7%. Vöxtur samneyslu almannatrygginga hefur hins vegar verið nokkru meiri en ríkissjóðs undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að vöxtur samneyslu ríkissjóðs og almannatrygginga verði 1,9% árið 2008 og 2,6% árið 2009.

Samneysla sveitafélaganna undanfarin tvö ár hefur verið nokkru meiri en ríkissjóðs eða 5,2% árið 2005 og 6,3% árið 2006. Í spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að raunvöxtur samneyslu sveitarfélaga fari minnkandi en verði nokkru meiri en ríkissjóðs næstu ár. Ólíkt ríkisstjórninni hafa sveitarfélögin ekki enn tekið upp fjármálareglu sem miðast við að takmarka samneysluútgjöldin og hafa þannig aðkomu að heildarhagstjórninni. Viðræður um það eru hins vegar í gangi milli ríkis og sveitarfélaga.

Raunvöxtur samneyslunar 2005–2009

	Brb.		Spá		
	2005	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Ríkissjóður og almannatryggingar	2,6	2,8	2,6	1,9	2,6
Sveitarfélög	5,2	6,3	3,2	2,8	2,5
Hið opinbera	3,5	3,9	2,8	2,0	2,5

Heimild: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	14,9	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	29,7	17,6
Eignarskattar	-33,3	15,4
Skattar á vöru og þjónustu	10,5	8,2
Tryggingagjöld	15,5	6,6
Tekjur alls	12,2	15,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,6	23,7
Heilbrigðismál	5,6	10,2
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	16,4
Efnahags- og atvinnumál	4,2	9,6
Menntamál	14,4	11,9
Gjöld alls	2,9	13,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	35.558	38.893
Hreinn lánsfjárjöfnuður	33.219	-23.767
Afborgun lána	-32.592	-36.443
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-2.013	-62.849
Lántökur	25.247	57.515
Greiðsluafkoma	23.234	-5.334

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (október)	7,2	4,5
Kjarnaverðbólga (október)	7,1	5,0
Launavísitala (ágúst)	10,6	8,0
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

25. október 2007

Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans var haldinn í Washington DC dagana 20-22. október sl. Á fundinum var birt skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um horfur i alþjóðlegum efnahagsmálum. Þrátt fyrir umtalsverðan óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í ár eru hagvaxtarhorfur í heimsbúskapnum enn taldar góðar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir nú að hagvöxtur í heiminum verði 5,2% í ár en 4,8% árið 2008. Ástæðuna fyrir hægari heimshagvexti má að mestu rekja til verra ástands á húsnæðismarkaði í Bandaríkjunum.

Spáð er að hagvöxtur í þróuðum ríkjum verði að meðaltali 2,5% árið 2007 og 2,2% árið 2008. Þar af er spáð að hagvöxtur í Bandaríkjunum verði 1,9% bæði árin 2007 og 2008. Gert er ráð fyrir svipuðum hagvexti í Japan en aðeins meiri hagvexti á Evrusvæðinu, eða 2,5% árið 2007 og 2,1% árið 2008. Í öðrum þróuðum ríkjum er spáð 3,7% hagvexti árið 2007 og 3,1% árið 2008. Gert er ráð fyrir mun meiri hagvexti í nýmarkaðs- og þróunarríkjum, eða 8,1% árið 2007 og 7,4% árið 2008. Þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar er spáð að hagvöxtur á mann í þróuðum ríkjum verði um 2% en í nýmarkaðs- og þróunarríkjum verði hann ríflega 6%. Af heimsframleiðslu ársins 2006 áttu 52% sér stað í þróuðum ríkjum en 48% annarsstaðar.

Margir áhættuþættir eru taldir vera til staðar sem áhrif geta haft til að breyta niðurstöðunni. Á meðfylgjandi mynd má sjá mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á helstu áhættuþáttum og breytingum á hverjum áhættuþætti fyrir sig frá því í vorspá. Athygli vekur að nú er gert ráð fyrir því að hagvöxtur geti orðið minni árið 2008 en gert var ráð fyrir í meginspá Alþjóðagaldeyrissjóðsins í apríl síðastliðnum.

Þróun alþjóðlegra áhættuþátta



Mikil umsvif á vinnumarkaði

Hagstofan birti nýlega niðurstöður vinnumarkaðskönnunar fyrir 3ja ársfjórðung þessa árs. Umsvif á vinnumarkaði undanfarin ár hafa aldrei verið meiri. Enda þótt atvinnuþátttaka teljist hafa minnkað um 0,1% hefur hlutfall starfandi af mannfjölda á vinnualdri aldrei verið hærra, eða 82% á síðasta ársfjórðungi.

Á vinnumarkaði er áberandi fjölgun fólks á starfsaldri og þar er skýringin fyrst og fremst mikill aðflutningur fólks frá útlöndum. Fjöldi landsmanna á starfsaldri telst nú tæplega 220.000 manns. Á 3ja ársfjórðungi ársins 2007 hafði starfandi fjölgað um 7.600 frá sama ársfjórðungi í fyrra, en það er 3,6% aukning. Fjölgun starfandi nemur því nærri einu starfi á hverjum klukkutíma ársins. Í mælingu Hagstofunnar teljast einungis 800 manns af aukningunni hafa komið úr hópi atvinnulausra.

Vinnutími er venjulega lengstur á 3ja ársfjórðungi og það er hann einnig nú; telst vera 43,2 stundir að meðaltali á viku. Hann hefur hins vegar dregist saman frá sama ársfjórðungi fyrra árs um 0,9 stundir. Svo mikil breyting milli ára er sjaldgæf og einungis einu sinni áður hefur mælst meiri breyting en þetta. Breytingin á vinnutíma er langmest hjá aldurshópi 55-74 ára þar sem meðalvinnutími fer úr 43,8 stundum í fyrra í 42,1 í ár. Atvinnuþátttaka þessa hóps er hins vegar meiri en í fyrra og atvinnuleysi minna.

Vinnumagn, þ.e. margfeldi fjölda starfandi og vinnustunda, er talin haldgóð mæling á vinnuframlagi. Á meðfylgjandi mynd sést að ársvöxtur vinnumagns er enn verulegur þótt hann hafi farið mjög minnkandi síðustu tvo ársfjórðunga frá því hámarki sem náðist í fyrra þegar ársvöxtur vinnumagns nam 6,7% á fjórða ársfjórðungi. Ríflega tveggja prósenta ársvöxtur vinnumagns eins og nú mælist á 3ja ársfjórðungi telst víða ásættanlegur grundvöllur ríflegs hagvaxtar ef hann fer saman við framleiðniaukningu vinnuafls.

Ársvöxtur vinnumagns



Nýr tvísköttunarsamningur við Bandaríkin

Undirritaður hefur verið nýr tvísköttunarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna. Gildandi tvísköttunarsamningur var undirritaður árið 1975 og tók hann gildi í ársbyrjun 1976. Nýi samningurinn endurspeglar þær breytingar sem hafa átt sér stað í stefnu og áherslum beggja þjóða á sviði tvísköttunarmála síðastliðna þrjá áratugi.

Nýr samningur tekur einungis til tekjuskatta en gildandi samningur nær bæði til tekju- og eignarskatta. Ástæðan er sú að í dag leggur hvorugt ríkið á eignarskatta. Þá er tekinn upp afdráttarskattur á tilteknar tegundir þóknana sem ekki er að finna í eldri samningi. Þessi breyting er í takt við stefnu íslenskra stjórnvalda í tvísköttunarmálum sem hefur verið í gildi frá árinu 1999. Jafnframt eru í nýja samningnum tekin af öll tvímæli um að lífeyrissjóðir njóti ívilnana samningsins, en ákvæði eldri samnings varðandi lífeyrissjóði voru mjög óljós.

Gerð er sú breyting að tekin eru upp sérstök takmarkandi ákvæði (Limitations on Benefits) sem ætlað er að tryggja að einungis þeir skattaðilar sem uppfylla ákvæði þeirra njóti ívilnana samningsins. Sambærileg ákvæði var ekki að finna í samningnum frá 1975 en í dag er það ófrávíkjanleg krafa af hálfu Bandaríkjanna að slík ákvæði séu hluti af nýjum og endurskoðuðum samningum. Einnig er að finna í samningnum ákvæði um sérstakan 5% "branch profit" skatt á hagnað útibúa í Bandaríkjunum en þessi skattur er hluti af bandarískum skattalögum.

Í nýja samningnum er að finna sólarlagsákvæði gagnvart eldri samningi þar sem skattaaðila, ef hann á rétt til meiri ávinnings skv. eldri samningi en þeim nýja, er heimilt að óska eftir því að fyrri samningi verði beitt í 12 mánuði frá þeim degi þegar ákvæðum nýs samnings myndi annars hafa verið beitt.

Framundan er fullgildingarferli samningsins sem er afar ólíkt milli ríkjanna. Á Íslandi er samningurinn lagður fyrir ríkisstjórn til samþykktar og síðan birtur í Stjórnartíðindum eftir að löndin hafa skipst á fullgildingarskjölum. Í Bandaríkjunum er samningurinn aftur á móti lagður fyrir sérstaka þingnefnd (Foreign Relation Committee) til umræðu og samþykktar áður en hann er formlega fullgiltur. Ekki liggur fyrir hvenær næsti fundur þingnefndarinnar verður haldinn, en af hálfu Bandaríkjanna er vonast til að af honum geti orðið á fyrri árshelmingi 2008.

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	14,9	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	29,7	17,6
Eignarskattar	-33,3	15,4
Skattar á vöru og þjónustu	10,5	8,2
Tryggingagjöld	15,5	6,6
Tekjur alls	12,2	15,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-32,6	23,7
Heilbrigðismál	5,6	10,2
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	16,4
Efnahags- og atvinnumál	4,2	9,6
Menntamál	14,4	11,9
Gjöld alls	2,9	13,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	35.558	38.893
Hreinn lánsfjárjöfnuður	33.219	-23.767
Afborgun lána	-32.592	-36.443
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-2.013	-62.849
Lántökur	25.247	57.515
Greiðsluafkoma	23.234	-5.334

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (október)	7,2	4,5
Kjarnaverðbólga (október)	7,1	5,0
Launavísitala (september)	10,8	8,1
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

1. nóvember 2007

Greiðsluafkoma ríkissjóðs september 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri 43,2 ma.kr innan ársins, sem er sambærileg útkoma og var fyrir sama tímabil 2006. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 19,6 ma.kr. sem 61,3 ma.kr. lakari útkoma en í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og 44 ma.kr. eiginfjárframlagi til Seðlabanka Íslands. Tekjur án eignasölu reyndust 36,2 ma.kr. meiri en í fyrra og gjöldin jukust um 34,2 ma.kr. frá fyrra ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 319,6 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Það er 42 ma.kr aukning frá sama tíma í fyrra, eða 13% sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila í ársbyrjun 2006 nemur aukningin 16,6%, en tölurnar hér á eftir taka mið af henni. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,1% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 7,7%. Aukning annarra rekstrartekna um 35,8% milli ára skýrist að mestu af auknum vaxtatekjum af skammtímalánum, en þær uxu um 125%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 103,6 ma.kr. og jukust um rúma 18 ma.kr. frá síðasta ári, eða 21,7%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 10%, tekjuskatur lögaðila jókst um 34,7% og fjármagnstekjuskattur um 49,7%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 6% milli ára á meðan launavísitalan hækkaði um 9,2%, en þess bera að gæta að skatthlutfallið lækkaði á milli ára úr 5,79% í 5,34%. Innheimta eignarskatta nam 8,4 ma.kr. og jókst um 22,1% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 6,8 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur hefur aukist um tæpar 1.400 milljónir frá fyrra ári.

Innheimta veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 142,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst um 7,6% að nafnvirði frá fyrra ári eða 2,4% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 9,6% sem jafngildir 4,3% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé litið á síðustu mánuði, eða tímabilið frá því að lækkunar virðisaukaskatts þann 1. mars sl. tók að gæta til fulls í innheimtutölum, kemur fram lítillegur raunsamdráttur milli ára. Verulega hefur hægt á raunvexti veltuskatta árið 2007 sem er enn ein vísbending um að dregið hafi úr umsvifum í hagkerfinu. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er mest aukning í sköttum á olíu og þungaskatti en vörugjöld af ökutækjum drógust hins vegar mest saman eða um tæp 12% milli ára.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára 2000-2007
(miðað við VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Greidd gjöld ríkissjóðs námu 267,9 milljörðum króna og jukust um 34,2 ma.kr. frá fyrra ári eða 14,6%. Mest jukust gjöld vegna almannatrygginga- og velferðarmála, um 9,8 ma.kr eða 17,8%. Þar munar mest um lífeyristryggingar sem hækka um 5 ma.kr. á milli ára, fæðingarorlofsgreiðslur um 1,9 ma.kr og barnabætur um 1,1 ma.kr. Hlutfallslega jukust mest gjöld til almennrar opinberrar þjónustu, um 23,6% eða 6,8 ma.kr. Þar hækka vaxtagjöld mest af einstökum liðum eða um 3,3 ma.kr. Þar munar mestu að á þessu ári kom til greiðslu fyrsti gjalddagi nýrra ríkisbréfa og voru vextir vegna þessa 1,4 ma.kr. Aðrir stórir liðir eru vextir vegna lána við kaup á Landsvirkjun að upphæð 600 m.kr. og auknar greiðslur vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um tæpar 900 m.kr. Aukning útgjalda til heilbrigðismála milli ára er 6,4 ma.kr., efnahags- og atvinnumála 4,1 ma.kr og til menntamála 2,9 ma.kr.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins nam 59,2 ma.kr. í heild, en hrein lánsfjárþörf var 19,6 ma.kr. Afborganir lána fyrstu níu mánuðina eru 36,6 ma.kr., þar af hafa 14,6 ma.kr verið greiddir upp af erlendum lánum. Heildarlántökur tímabilsins nema 61,6 ma.kr. þar af hafa rúmir 58 ma.kr. verið teknir að láni innanlands. Lánsfjárþörf ríkisins á árinu 2007 skýrist einkum af lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun og hins vegar eiginfjáraukningu Seðlabankans, sem var fjármögnuð með því að ganga á innstæðu á reikningi ríkissjóðs í bankanum.

Álagning tekjuskatts á lögaðila

Álagning opinberra gjalda á lögaðila var birt nú í vikunni. Tekjuskattur þeirra nemur í ár samtals 42,7 ma.kr. Það er aukning milli ára um 8 ma.kr. eða 23,2%. Liðlega 15 þúsund lögaðilar greiða tekjuskatt í ár en það er um helmingur gjaldskyldra félaga. Tekjuskattstofn lögaðila nemur alls 234 ma.kr. Hluti hans er byggður á áætlun skattstjóra um þá aðila sem ekki hafa skilað skattframtali. Fjöldi þeirra jókst nokkuð milli ára en sem hlutfall af öllum gjaldskyldum félögum dróst fjöldinn saman í fyrsta sinn frá árinu 1998 og er nú 31,4%. Áætlanir nema nú um 55 ma.kr. eða 23,6% af tekjuskattstofninum.

Tekjuskattur lögaðila hefur aukist verulega á undanförnum þremur árum. Þetta endurspeglar gott efnahagsástand og kraftmikið atvinnulíf. Þá hefur mikill hagnaður nokkurra stórra félaga haft veruleg áhrif á þessa þróun og hefur dreifing álagðs tekjuskatts á félögin orðið þéttari í efsta hlutanum á undanförnum árum. Sé t.d. aðeins horft á þau tíu fyrirtæki sem mest greiða í tekjuskatt þá greiða þau samtals 18,8 ma.kr. í ár og standa því að baki 44% skattsins. Þetta hlutfall var 41% í fyrra og hefur hækkað úr 13% á árinu 2001.

Undirritun upplýsingaskiptasamnings við Mön

Undirritaður hefur verið samningur milli Íslands og eyjunnar Mön í Írlandshafi, um upplýsingaskipti á sviði skattamála. Auk samnings um upplýsingaskipti voru undirritaðir þrír samningar sem taka til afmarkaðra tekna; samningur um að komast hjá tvöfaldri skattlagningu á tekjur einstaklinga, samningur um skattlagningu tekna af rekstri skipa og flugvéla og samningur um aðferðir við ákvörðun hagnaðar tengdra fyrirtækja.

Á sama tíma undirrituðu öll Norðurlöndin auk Færeyja og Grænlands, samskonar tvíhliða samninga. Samningarnir eru afrakstur samvinnu landanna og nýtur verkefnið fjárhagsstuðnings frá Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur verkefnisins er að ná samningum við þau lögsagnarumdæmi sem hafa með sérstöku samkomulagi við OECD, skuldbundið sig til að mæta kröfum stofnunarinnar um gegnsæi og upplýsingaskipti á sviði skattamála. Stjórnvöld á Mön hafa gengið hvað lengst fram í hópi þeirra þjóða, sem undirritað hafa yfirlýsingar um gerð upplýsingaskiptasamninga, að sýna fram á samstarfsvilja á þessum vettvangi. Sú aðferð Norðurlandanna að vinna að þessu verkefni í sameiginlegri samninganefnd er vinnusparandi og gefur verkefninu aukið vægi. Auk Manar, er í þessarri samningalotu Norðurlandanna stefnt að gerð samninga við Guernsey, Jersey, Gíbraltar, Arúba, Bermúda, Bresku Jómfrúreyjar, Cayman eyjar og Hollensku Antillaeyjar.

Upplýsingaskiptasamningurinn við Mön mun gera skattyfirvöldum kleift að óska eftir upplýsingum um skattskyldar tekjur einstakra íslenskra aðila á Mön í samræmi við tekjuskattslög.

Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,8	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	19,6	17,2
Eignarskattar	-36,6	22,2
Skattar á vöru og þjónustu	14,1	7,6
Tryggingagjöld	16,0	6,0
Tekjur alls	-9,2	15,3

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	23,6
Heilbrigðismál	...	10,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	17,8
Efnahags- og atvinnumál	...	12,7
Menntamál	...	11,1
Gjöld alls	...	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	43.872	43.245
Hreinn lánsfjárjöfnuður	41.627	-19.642
Afborgun lána	-38.071	-36.620
Brúttó lánsfjárjöfnuður	586	-59.232
Lántökur	24.978	61.587
Greiðsluafkoma	25.564	2.355

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (október)	7,2	4,5
Kjarnaverðbólga (október)	7,1	5,0
Launavísitala (september)	10,8	8,1
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. nóvember 2007

Mikill hagvöxtur á Norðurlöndunum

Staða og horfur í efnahagsmálum voru til umræðu á haustfundi fjármálaráðherra Norðurlandanna sem haldinn var í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Osló 30. október síðastliðinn. Þar kom fram að mikill hagvöxtur hefur einkennt öll löndin. Í fyrra var hann að meðaltali 4% í Norðurlöndunum; mestur í Finnlandi 5% en minnstur í Noregi 2,8%. Verðbólga er lítil en hefur farið nokkuð vaxandi, meðal annars vegna aukinnar eftirspurnar, hagvaxtar og launaskriðs. Að meðaltali hefur verðbólgan verið minni á Norðurlöndunum en á evrusvæðinu en spár benda nú til þess hún verði meiri á næsta ári. Þá má jafnframt gera ráð fyrir að Ísland hætti að skera sig úr í þessum efnum.

Norðurlöndunum er það sameiginlegt að ástandið í fjármálum hins opinbera er mjög gott. Ísland er þar engin undantekning. Að meðaltali er reiknað með að afkoma hins opinbera á Norðurlöndum verði jákvæð um 5,9% af landsframleiðslu í ár, þegar áætlað er að afkoma hins opinbera á evru-svæðinu verði neikvæð um 1% af landsframleiðslu svæðisins, þótt dregið hafi úr hallanum á undanförnum árum.

Mikill hagvöxtur hefur haft umtalsverð áhrif á vinnumarkaði landanna. Þannig búa Danir nú við lægra atvinnuleysisstig en þeir hafa áður talið mögulegt, þótt það sé enn yfir 3%. Þrátt fyrir það hefur störfum ekki fjölgað tiltakanlega. Umframeftirspurn eftir vinnuafli ríkir einnig í Noregi og á Íslandi og í öllum þessum löndum hefur verið mikill aðflutningur vinnuafls, einkum frá Austur-Evrópu. Í Svíþjóð og Finnlandi hefur atvinnuleysi verið mun meira en á hinum Norðurlöndunum. Enda þótt það hafi minnkað er áætlað að það verði yfir 6% í báðum löndunum í ár. Bæði löndin eru einnig að fást við þann vanda að atvinnuþátttaka er lítil.

Í umræðum um hagvaxtarhorfur kom fram að spáð er heldur minni hagvexti á næsta ári en að undanförnu. Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, benti á að fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn væru þeir einu sem spáðu litlum hagvexti á Íslandi enda væri ekki gert ráð fyrir nýjum stóriðjuframkvæmdum í spám þeirra. Aðrir markaðsaðilar gerðu ráð fyrir meiri umsvifum. Árni benti á að losun gróðurhúsalofttegunda frá hinum fyrirhuguðu framkvæmdum rúmaðist innan heimilda Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Hagvöxtur á Norðurlöndunum, 1998-2008



Vöruviðskiptin í október

Samkvæmt bráðabirgðatölum voru fluttar inn vörur fyrir 34,9 milljarða króna (fob virði) í október. Er þetta töluverð aukning frá síðasta mánuði þegar innflutningurinn nam um 28 milljörðum. Hefur virði innfluttra vara ekki verið jafn hátt síðan í júlímánuði á síðastliðnu ári þegar innflutningur fjárfestingavara var í hámarki. Aukning er á innflutningi á hrá- og rekstrarvörum en á móti kemur að þessi innflutningur var með minnsta móti í síðasta mánuði. Nokkur aukning varð einnig í innflutningi á fjárfestingavörum og hlutum til þeirra á milli mánaða en þessi innflutningur er þó að dragast saman eftir að hafa náð hámarki á sl. ári. Töluverð aukning var á ný í innflutningi fólksbifreiða og flutt var inn flugvél fyrir um 1,8 milljarð. Mesta athygli vekur þó mjög mikil aukning í innflutningi á hálf-varanlegum neysluvörum á milli mánaða.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2003 – október 2007



Stór hluti af þeirri skýringu er innflutningur á málverkum og öðrum listaverkum en þrátt fyrir að sá liður sé tekinn út er innflutningur í hálf-varanlegum neysluvörum í sögulegu hámarki.

Fluttar voru út vörur fyrir rétt tæpa 28,4 milljarða sem er einnig töluverð aukning frá fyrra mánuði þegar útflutningurinn nam 18,1 milljarði. Hefur virði útfluttra vara ekki verið jafn hátt síðan í mars á þessu ári. Nokkur aukning er í útflutningi á áli auk þess sem flutt er út flugvél fyrir rúmlega 1,8 milljarð. Stærsta skýringin á þessum mikla mismun milli mánaða liggur þó í stórfelldum auknum útflutningi sjávarafurða.

Samkvæmt þessu er vöruskiptahallinn um 6,5 milljarðar í október og er hallinn nokkuð að dragast saman aftur frá því að hann náði hámarki á síðastliðnu ári. Gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram samfara auknum útflutningi á áli.

Álitamál við skattlagningu ökutækja og eldsneytis

Starfshópur fjármálaráðherra vinnur nú að gerð tillagna um heildarstefnu í skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Hlutverk starfshópsins er að gera tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis sem hafi það að markmiði að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, aukinnar notkunar innlendra orkugjafa og að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins, auk þess að þjóna áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Í samráðsferli því sem starfshópurinn hefur átt undanfarnar vikur við fjölmarga hagmunaaðila má segja að þau mörgu álitamál sem uppi eru í máli þessu hafi komið skýrt fram. Auk ofangreindra markmiða hins nýja skattlagningarkerfis er ljóst að það má ekki hafa sérstaklega skaðleg áhrif á einn hóp umfram annan, ekki raska samkeppnisumhverfi fyrirtækja og síðast en ekki síst má það ekki vera of flókið í framkvæmd.

Ólík sjónarmið eru uppi um hvaða leiðir í gegnum stjórntæki ríkisins séu heppilegastar til að ná þessum markmiðum. Að mati sumra er æskilegast að það sé gert í gegnum skattlagningu við innflutning og skráningu ökutækja á meðan aðrir benda á að réttara sé að horfa til skattlagningar á eldsneytinu í þessu samhengi. Ýmis konar samspil af stofngjaldi (vörugjöld), fastagjaldi (bifreiðagjald), losunargjaldi (miðað við koltvísýringslosun) og veggjaldi (fyrir notkun vegakerfisins) hefur þannig verið reifað á fundum starfshópsins með hagsmunaaðilum. Einnig hefur verið bent á fjölmörg önnur atriði sem m.a. snúa að hinni fjölbreyttu flóru vistvænna ökutækja og eldsneytisgjafa sem tækniþróun undanfarinna ára hefur leitt af sér. Þá hefur verið bent á að losun gróðurhúsalofttegunda og staðbundin mengun séu tveir ólíkir þættir sem sömu stjórntækin nái ekki endilega til, svo dæmi sé nefnt.

Miðað er við að starfshópurinn skili endanlegum tillögum sínum til ráðherra fyrir 1. febrúar 2008.

Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,8	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	19,6	17,2
Eignarskattar	-36,6	22,2
Skattar á vöru og þjónustu	14,1	7,6
Tryggingagjöld	16,0	6,0
Tekjur alls	-9,2	15,3

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	23,6
Heilbrigðismál	...	10,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	17,8
Efnahags- og atvinnumál	...	12,7
Menntamál	...	11,1
Gjöld alls	...	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	43.872	43.245
Hreinn lánsfjárjöfnuður	41.627	-19.642
Afborgun lána	-38.071	-36.620
Brúttó lánsfjárjöfnuður	586	-59.232
Lántökur	24.978	61.587
Greiðsluafkoma	25.564	2.355

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (október)	7,2	4,5
Kjarnaverðbólga (október)	7,1	5,0
Launavísitala (september)	10,8	8,1
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Fjármunamyndun hins opinbera

Fjárfesting hins opinbera hefur verið í umræðunni í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabanka Íslands þann 1. nóvember sl. Frá árinu 1996 hefur fjármunamyndun hins opinbera vegið að meðaltali um 3,9% af vergri landsframleiðslu. Hlutur fjármunamyndunar hins opinbera af landsframleiðslu hafði farið minnkandi frá árinu 2001 og nam 3,1% árið 2005. Árið 2006 var vöxtur fjármunamyndunar hins opinbera meiri en nam vexti hagkerfisins og nam hlutfallið 4% það ár. Á tímabilinu 1996–2006 var fjármunamyndun ríkissjóðs að meðaltali 1,9% af landsframleiðslu en 2,1% hjá sveitarfélögum. Á síðustu árum hefur fjárfesting ríkissjóðs verið með allra minnsta móti en mörgum verkefnum var frestað á meðan mesti kúfurinn af stóriðjuframkvæmdunum gekk yfir. Aukningin í fjárfestingu hins opinbera á milli áranna 2005 og 2006 má að verulegu leyti rekja til fjárfestinga sveitarfélaganna sem voru með allra mesta móti á síðasta ári. Það má rekja til þess að mikið af nýjum íbúðahverfum hafa verið að rísa og því fylgir veruleg fjármunamyndun af hálfu sveitarfélaganna.

Ár	Sveitarfélög	Ríkissjóður	Hið opinbera
	% af VLF		
1996	1,5	2,0	3,5
1997	1,9	1,5	3,4
1998	2,4	2,1	4,5
1999	2,2	2,5	4,7
2000	2,0	2,1	4,1
2001	2,5	2,0	4,5
2002	2,2	1,8	4,0
2003	1,5	2,1	3,7
2004	2,1	1,8	3,9
2005	1,8	1,3	3,1
2006	2,6	1,4	4,0
Meðaltal 1996-2006	**2,1**	**1,9**	**3,9**

Heimild: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið.

Erlend lán heimila

Á undanförnum misserum hefur talsvert verið rætt um lántöku íslenskra heimila í erlendum gjaldmiðlum. Sum hver þessara lána bera fljótandi vexti sem ráðast af stýrivöxtum þess myntsvæðis sem höfuðstóllinn tilheyrir. Þá ræðst virði höfuðstólsins í íslenskum krónum af því hvernig gengi krónunnar stendur gagnvart viðkomandi gjaldmiðli. Reynsla undanfarinna ára sýnir að vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands hafa áhrif á greiðslubyrði slíkra lána í gegnum gengi krónunnar. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig erlend lán heimila standa í samanburði við ráðstöfunartekjur. Hér er hlutfall erlendra lána af ráðstöfunartekjum fyrir árið 2007 miðað við meðaltal erlendra lána það sem af er ári á móti ráðstöfunartekjum í spá fjármálaráðuneytisins. Einnig má sjá á myndinni hlutfall erlendra lána af heildarskuldum heimila við lánakerfið, en fyrir árið 2007 er miðað við fyrirliggjandi meðalstöðu erlendra lána og meðalstöðu skulda heimila við lánakerfið yfir sama tímabil. Tölur fyrir árið 2007 miðast við stöðu í lok september.

Sjá má að erlendar skuldir heimila hafa vaxið hraðar en ráðstöfunartekjur þeirra á undanförnum árum, þrátt fyrir mikinn vöxt ráðstöfunartekna. Erlendar skuldir heimila námu 108 milljörðum í september 2007, sem er 93% aukning frá sama tíma á fyrra ári, þegar slík lán námu 56 milljörðum króna. Af þessum 108 milljörðum eru einungis um 25 milljarðar vegna húsnæðislána. Þrátt fyrir þessa þróun eru erlend lán enn í minnihluta heildarskulda heimila við lánakerfið eins og dökkblá línan á myndinni sýnir, en styrking gengisins á þessu ári lækkar hlutfallið. Snörp lækkun á gengi krónunnar myndi koma illa við íslensk heimili, bæði vegna þess að afborganir af erlendum lánum í krónum hækka en einnig vegna þess að gengislækkun er líkleg til að auka á verðbólgu sem hækkar afborganir og höfuðstól verðtryggðra lána. Af ofangreindu er að sjá að næmni heimilanna fyrir breytingum á gengi krónunnar er nokkur. Þó er næmnin ekki talin vera það mikil að hún sé líkleg til að skapa vandamál fyrir fjármálalegan stöðugleika í landinu jafnvel þótt komi til umtalsverðrar gengislækkunar.

Erlend lán heimila



Heimild: Seðlabanki Íslands og þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum innfluttra ökutækja

Eftir nokkurn samdrátt frá fyrra ári í upphafi árs hefur nýskráningum bifreiða fjölgað á ný á seinni hluta ársins. Í kjölfar gengislækkunar krónunnar í mars og apríl á síðasta ári dró verulega úr nýskráningum bifreiða, en með sterkara gengi á þessu ári hefur innflutningur bifreiða farið vaxandi og ársbreytingin farið úr því að vera neikvæð í að vera jákvæð. Þetta hefur áhrif á tekjur ríkissjóðs, en eftir því sem liðið hefur á árið hafa vörugjöld af ökutækjum nálgast það sem þau voru á síðasta ári. Þannig voru uppsöfnuð vörugjöld um 36% minni að raunvirði í lok fyrsta ársfjórðungs miðað við sama tíma fyrra árs, um 22,5% minni í lok annars ársfjórðungs og um 5,9% minni í lok þess þriðja. Sjá má á myndinni hvernig vörugjöldin hafa þróast að raunvirði, en hér er miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 2006. Sjá má hvernig vörugjöldin drógust umtalsvert saman í maí árið 2006 frá fyrra mánuði í kjölfar gengislækkunar.

Á þessu ári má sjá að fram til júní var hægur stígandi í vörugjöldum af ökutækjum. Það endurspeglar vaxandi eftirspurn heimilanna innan ársins sem m.a. kemur fram í einkaneyslutölum þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands, en nýskráningar bifreiða eru ein af helstu vísbendingum um þróun einkaneyslu. Af myndinni að dæma má því gera ráð fyrir nokkrum vexti einkaneyslu á þriðja ársfjórðungi. Á árinu 2006 námu vörugjöld af ökutækjum um 10,2 milljörðum króna en í lok september á þessu ári námu uppsöfnuð vörugjöld um 8,1 milljarði króna. Vörugjöld á hvern nýskráðan bíl hafa ekki aukist sjáanlega miðað við fyrra ár þrátt fyrir umtal um innflutning á mjög dýrum bílum.

Vörugjöld af ökutækjum, verðlag janúar 2006



Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,8	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	19,6	17,2
Eignarskattar	-36,6	22,2
Skattar á vöru og þjónustu	14,1	7,6
Tryggingagjöld	16,0	6,0
Tekjur alls	-9,2	15,3

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	23,6
Heilbrigðismál	...	10,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	17,8
Efnahags- og atvinnumál	...	12,7
Menntamál	...	11,1
Gjöld alls	...	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	43.872	43.245
Hreinn lánsfjárjöfnuður	41.627	-19.642
Afborgun lána	-38.071	-36.620
Brúttó lánsfjárjöfnuður	586	-59.232
Lántökur	24.978	61.587
Greiðsluafkoma	25.564	2.355

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (nóv.)	7,3	5,2
Kjarnaverðbólga (nóv.)	7,2	5,4
Launavísitala (september)	10,8	8,1
Heildarvelta (jan.-júní)	14,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	5,9	7,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Tekjuskattur lögaðila eftir atvinnugreinum

Tekjuskattur lögaðila fyrir árið 2006 var 42,7 milljarðar króna sem er nær fjórðungs aukning frá síðasta ári þegar hann var 34,7 milljarðar. Á síðustu fimm árum, eða frá því að fyrirtækjaskatturinn var lækkaður úr 30% í 18%, hefur tekjuskattur lögaðila rúmlega fjórfaldast. Ef tekjuskattinum er skipt eftir atvinnugreinum kemur í ljós að fjármálaþjónusta og tengd starfsemi skilar langmestu í ríkissjóð eða sem nemur 18,2 milljörðum árið 2006. Það er gríðarleg aukning frá árinu 2003 þegar tekjurnar námu rétt rúmlega 2 milljörðum. Tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja í ýmissri sérhæfðri þjónustu hafa einnig aukist mikið á undanförnum árum og skiluðu greinarnar tæpum 6,3 milljörðum króna í ríkissjóð vegna afkomu á síðasta ári. Í þessum flokki ber hæst lögfræðiþjónustu, bókhald, endurskoðun, starfsemi arkitekta og verkfræðinga og skyldar greinar (atvinnugreinaflokkur 74 í ÍSAT95). Tekjuskattur lögaðila í bygginga- og mannvirkjagerð hefur einnig aukist mjög mikið og nam rúmlega 3,9 milljörðum á síðasta ári en rétt rúmum milljarði árið 2001. Í verslunargreinunum hefur tekjuaukningin ekki verið eins mikil en þær skiluðu rúmlega 4,8 milljörðum króna árið 2006. Heildarafkoma fiskveiða hefur staðið nánast í stað á umræddu tímabili og skilaði einum milljarði í tekjuskatt vegna síðastliðins árs. Hvað aðrar atvinnugreinar varðar má helst nefna að töluverðs samdráttar gætir í tekjuskatti af síma- og fjarskiptaþjónustu, sem stafar af verri afkomu en ekki minni umsvifum. Einnig gætir nokkurs samdráttar í hótel- og veitingahúsarekstri annars vegar og matvæla- og drykkjarvöruiðnaði hins vegar. Lítils háttar aukning er í heilbrigðis- og samfélagsþjónustu og skyldum greinum.



Útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2008 verða útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála samtals 94 milljarðar króna. Frá árinu 1998 og til ársins 2008 er áætlað að útgjöld í þessum málaflokki aukist um 38 milljarða króna og er þá tekið tillit til verðlagsbreytinga. Það jafngildir 68% aukningu að raungildi.

Í töflunni má sjá árleg útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála á árinu 1998 á áætluðu verðlagi ársins 2008 samanborið við fjárlagafrumvarp 2008. Útgjöldin samsvara 21,9% af heildarútgjöldum ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2008. Árið 1998 voru útgjöldin í þessum málaflokki 19,2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs og hefur því hlutdeildin hækkað um 2,7 prósentustig. Yfir helmingur útgjaldanna er vegna lífeyristrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega en þar hafa árleg útgjöld aukist um 21 milljarð króna á tímabilinu. Þá hafa útgjöld vegna sjúkra-, mæðra- og örorkubóta aukist um 6 milljarða króna og útgjöld vegna málefna fatlaðra um tæplega 5 milljarða króna. Ekki þarf að koma á óvart að útgjöld í málefnaflokknum aukist nokkuð, meðal annars vegna fólksfjölgunar. En aukningin er þó mun meiri en sem nemur fólksfjölgun þar sem útgjöld á mann hafa hækkað umtalsvert eða um 46% á árunum 1998 til 2008 m.v. áætlað verðlag 2008. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2008 verða útgjöldin tæplega 300 þús. kr. á mann en voru um 205 þús. kr. á mann árið 1998.

Útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála

	M.kr.			Hækkun
Á verðlagi ársins 2008	*1998*	*2008*	*Hækkun*	*%*
Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	3.106	9.061	5.955	192
Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	28.654	49.795	21.141	74
Atvinnuleysisbætur	4.004	5.830	1.826	46
Fjölskyldu- og barnabætur	7.666	10.719	3.053	40
Önnur félagsleg aðstoð	6.106	6.614	508	8
Barna- og unglingaheimili	458	839	381	83
Málefni fatlaðra	4.742	9.419	4.678	99
Önnur velferðarheimili	46	186	140	304
Önnur velferðarþjónusta	1.319	1.847	528	40
Samtals	**56.101**	**94.311**	**38.210**	**68**

Samspil peningamála- og ríkisfjármálastefnu á Norðurlöndunum

Undanfarin ár hefur verið unnið að norrænu verkefni um samspil ríkisfjármála- og peningamálastjórnunar á Norðurlöndunum að frumkvæði Íslands. Markmiðið var að lýsa þessum tveimur sviðum efnahagsstjórnunar og samspili þeirra og reyna að meta áhrif þeirra á efnahagsframvinduna. Helstu spurningar sem leitað hefur verið svara við eru eftirfarandi:

- Hverjar voru ástæður breytinga á stjórnun?
- Hver er hlutverkaskipting ríkisfjármálastjórnunar annars vegar og peningamálastjórnunar hins vegar við núverandi aðstæður?
- Hvert er sambandið á milli stjórnunar með tilliti til stöðugleika eða kerfisbreytinga (strukturpolitik)?
- Hvað er átt við með samspili peningamála- og ríkisfjármálastefnu – samræming, blanda (policy mix) eða eitthvað annað?
- Hver eru áhrif aðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum? Hvenær koma þau fram? Hvaða mælingar eru til?
- Hvert er samspil sjálfvirkra sveiflujafnara og markmiða ríkisfjármála um jákvæða afkomu og útgjaldaþök?

Því samspili sem nú fer fram milli ríkisfjármála- og peningamálastefnu er best lýst sem óformlegu þar sem á báðum sviðum er verið að nota þau tæki sem í boði eru til að ná markmiðum, án samráðs. Nauðsynlegt er að stefnan og forsendurnar sem unnið er eftir séu aðgengileg og gegnsæ. Opinber fjármál gegna mikilvægu hlutverki í efnahagslífinu með því að stuðla að auknum sjálfbærum hagvexti og með aðkomu að almennri hagstjórn. Varðandi það síðarnefnda benda nýlegar hagrannsóknir til þess að tekju- og útgjaldamargfaldarar séu nokkru minni en áður var talið. Stærðargráða áhrifanna er meðal annars háð opnun hagkerfisins, gengisstefnunni og trúverðugleika hagstjórnarinnar. Seðlabankar gegna leiðandi hlutverki við að halda verðlagi stöðugu. Í dag fylgja margir seðlabankar skýrt mörkuðu verðbólgumarkmiði á grundvelli fljótandi gengis. Miðlunarferli peningamálastefnunnar lýsir því hvernig breyting á stýrivöxtum hefur áhrif á aðra vexti í hagkerfinu, á gengið og hvernig heildareftirspurnin hefur að lokum áhrif á verðbólgu. Tíminn sem það tekur fyrir áhrifin að fara um þessa farvegi er óviss en er talinn vera á bilinu eitt til tvö ár. Miðlunarfarvegirnir eru fyrst og fremst vaxta-, gengis- og útlánafarvegurinn.

Skýrsla um þetta verkefni, sem er að mestu á norðurlandamálum, er nú nær fullgerð og hefur verið sett á vef fjármálaráðuneytisins. Henni fylgir greinargerð á ensku sem ber heitið "Fiscal and Monetary Policy Interaction in Small Open Economies" og er eftir Torben Andersen og Steinar Holden. Ráðuneytið telur að þetta verk sé þarft innlegg í umræðu um þessi mál.

Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,8	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	19,6	17,2
Eignarskattar	-36,6	22,2
Skattar á vöru og þjónustu	14,1	7,6
Tryggingagjöld	16,0	6,0
Tekjur alls	-9,2	15,3

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	23,6
Heilbrigðismál	...	10,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	17,8
Efnahags- og atvinnumál	...	12,7
Menntamál	...	11,1
Gjöld alls	...	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	43.872	43.245
Hreinn lánsfjárjöfnuður	41.627	-19.642
Afborgun lána	-38.071	-36.620
Brúttó lánsfjárjöfnuður	586	-59.232
Lántökur	24.978	61.587
Greiðsluafkoma	25.564	2.355

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (nóv.)	7,3	5,2
Kjarnaverðbólga (nóv.)	7,2	5,4
Launavísitala (október)	11,0	8,1
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

29. nóvember 2007

Greiðsluafkoma ríkissjóðs október 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu nam handbært fé frá rekstri um 51,2 ma.kr., sem er 2,4 ma.kr. aukning frá sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 11,9 ma.kr., sem er 58,6 ma.kr. lakari útkoma en í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjáraukningu Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. eiginfjárframlagi. Tekjur án eignasölu reyndust 39,4 ma.kr. meiri en á sama tíma á síðasta ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 354 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins. Það er 45,6 ma.kr aukning frá sama tíma í fyrra, eða 13% sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila í ársbyrjun 2006 nemur aukningin 16%, en tölurnar hér á eftir taka mið af henni. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,2% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 7,8%. Aukning annarra rekstrartekna um 29,2% milli ára skýrist að mestu með vaxtatekjum af skammtímalánum, en þær uxu um 109%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 113,5 ma.kr. og jukust um rúma 19 ma.kr. frá síðasta ári, eða 20,6%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 8,1%, tekjuskattur lögaðila jókst um 40,3% og fjármagnstekjuskattur um 48,5%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 5,9% milli ára á meðan launavísitalan hækkaði um 9,1%, en þess bera að gæta að skatthlutfallið lækkaði á milli ára úr 5,79% í 5,34%. Innheimta eignarskatta nam 9,5 ma.kr. og jókst um 24,9% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 7,7 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur aukist um rúmar 1.700 milljónir frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 159 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins og jókst um 8,3% að nafnvirði frá fyrra ári eða 3,2% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 10,1% sem jafngildir 4,9% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé litið á síðustu mánuði, eða tímabilið frá því að lækkunar virðisaukaskatts þann 1. mars sl. tók að gæta til fulls í innheimtutölum, kemur fram hverfandi raunbreyting milli ára.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára 2000-2007
(miðað við VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Eins og sést af myndinni hér að ofan þá er raunvöxtur veltuskatta í heild að aukast lítillega eftir verulegan samdrátt raunvaxtar árið 2006. Af einstökum liðum veltutengdra skatta er mest aukning í virðisaukaskatti og í sköttum á olíu og þungaskatti, eða um 10% en vörugjöld af ökutækjum drógust hins vegar saman um 0,1% milli ára.

Greidd gjöld nema 295,9 ma.kr. og hækka um 37 ma.kr. frá fyrra ári eða 14,3%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála 10,7 ma.kr. eða rúm 18%. Þar munar mest um að lífeyristryggingar hækka um 5,8 ma.kr. á milli ára, fæðingarorlofsgreiðslur um 2 ma.kr. og barnabætur um 1,1 ma.kr. Almenn opinber þjónusta hækkar um 6,4 ma.kr. eða 20%. Þar hækka vaxtagjöld mest af einstökum liðum eða um tæpa 3 ma.kr. Þar munar mestu að á þessu ári kom til greiðslu fyrsti gjalddagi nýrra ríkisbréfa og voru vextir vegna þessa 1,4 ma.kr. Aukning útgjalda til heilbrigðismála milli ára er 7,4 ma.kr., til efnahags- og atvinnumála 5,4 ma.kr. og til menntamála 3,6 ma.kr.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins nam 48,7 ma.kr. í heild, en hrein lánsfjárþörf var 11,9 ma.kr. Afborganir lána fyrstu tíu mánuðina eru 33,5 ma.kr., þar af hafa 11,2 ma.kr. verið greiddir upp af erlendum lánum. Heildarlántökur tímabilsins nema 58,4 ma.kr. og er allt tekið að láni innanlands. Annars vegar er um að ræða skuldabréfaútgáfu vegna kaupa ríkisins á 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og hins vegar útgáfu á ríkisbréfum og ríkisvíxlum.

Aukning dagvöruveltu

Uppsveifla í efnahagslífinu frá vormánuðum hefur verið meiri en almennt var búist við. Flestir mælikvarðar staðfesta það, hvort heldur þegar litið er til veltu á fasteignamarkaði, innflutnings eða greiðslukortaveltu, að innlend eftirspurn hefur aukist umtalsvert á árinu. Nýleg gögn um þróun smásöluverslunar benda einnig til að svo sé.

Rannsóknasetur verslunarinnar á Bifröst birtir reglulega visitölu dagvöruveltu. Á myndinni sést hvernig sú vísitala hefur þróast á undanförnum árum. Vísitala dagvöruveltu er á föstu verði, án virðisaukaskatts og árstíðaleiðrétt af fjármálaráðuneytinu. Sú leiðrétting nær þó ekki að jafna út áhrif af mismunandi tímasetningu páska og hvort velta vegna verslunarmannahelgar er í júlí eða ágúst.

Vísitala dagvöruveltu, fast verð, árstíðaleiðrétt



Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar.

Dagvöruvelta hefur farið jafnt vaxandi á undanförnum árum og kemur þar bæði til aukinn kaupmáttur landsmanna og fjölgun íbúa. Jafnframt má sjá á myndinni að það tók að draga úr vextinum árið 2005 og fram á árið 2007 en þá varð mikill kippur upp á við. Jafnframt sýnir myndin að sú uppsveifla sem átti sér stað í dagvöruveltu þá hefur ekki gengið til baka.

Í mars var lægra þrep virðisaukaskattsins lækkað úr 14% í 7%, jafnframt því sem ýmsar vörur sem áður höfðu borið 24,5% skatt voru færðar í neðri flokkinn og vörugjöld voru lækkuð á matvælum. Svo virðist sem landsmenn hafi notað það svigrúm sem skattalækkunin myndaði til þess meðal annars að bæta við dagvöruinnkaup sín. Einnig er líklegt að það hafi haft áhrif til að auka neyslu að óróleiki á fjármálamarkaði sem einkenndi árið 2006 hafði fjarað út í ársbyrjun 2007 og gengi krónunnar og hlutabréfa styrkst á ný.

Þá benda upplýsingar um innheimtu virðisaukaskatts sem fjallað er um í grein hér að framan um afkomu ríkissjóðs til aukinnar neyslu en tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist umtalsvert þrátt fyrir lækkun skatthlutfallsins.

Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	11,8	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,9	16,6
Eignarskattar	-37,0	24,9
Skattar á vöru og þjónustu	10,3	8,3
Tryggingagjöld	16,6	5,9
Tekjur alls	-8,4	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-16,0	20,0
Heilbrigðismál	0,9	10,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,6	18,1
Efnahags- og atvinnumál	71,0	15,2
Menntamál	12,7	12,5
Gjöld alls	6,3	14,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (nóv.)	7,3	5,2
Kjarnaverðbólga (nóv.)	7,2	5,4
Launavísitala (október)	11,0	8,1
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

6. desember 2007

Rammafjárlög og kostnaðarumsagnir

Í meira en áratug hefur fjármálastjórn ríkisins byggst á svonefndri rammafjárlagagerð. Í rammafjárlögum felst að fyrst eru sett heildarmarkmið um tekjur og gjöld ríkissjóðs og síðar í ferlinu er útgjöldum skipt á ráðuneyti og málaflokka. Verklag rammafjárlaga felur í sér að hver ráðherra er ábyrgur fyrir sínum útgjaldaramma og er einskonar fjármálaráðherra í sínum málaflokki. Ráðuneytin forgangsraða verkefnum innan útgjaldarammans í fjárlagagerðinni við undirbúning fjárlagafrumvarps og fjárlaga. Ráðuneytin bera síðan hvert um sig ábyrgð á að framkvæmd fjárlaga verði innan rammans. Árangur hvers ráðuneytis má sjá í fjáraukalögum og niðurstöðu ríkisreiknings ár hvert. Í útgjaldaramma ráðuneyta felast allar breytingar á útgjöldum hvort sem þær stafa af samningum eða nýjum lögum, en tilteknir liðir sem ráðast af lýðfræðilegum og hagrænum forsendum eru áætlaðir, svo sem almannatryggingar, vextir og lífeyrisskuldbindingar. Til að fylgja eftir verklagi rammafjárlaga samþykkir ríkisstjórnin eftir framlagningu fjárlagafrumvarps ár hvert vinnureglur um hvernig staðið skuli að undirbúningi 2. og 3. umræðu fjárlaga og hvernig eigi að mæta kostnaði við ný lagafrumvörp og ákvarðanir. Í samþykktinni nú í haust segir t.d.: „Lagafrumvörpum og reglugerðum sem lögð eru fyrir ríkisstjórn og hafa í för með sér kostnaðarauka árið 2007 eða 2008 fylgi áætlun um hvernig þeim kostnaði skuli mætt innan útgjaldaramma viðkomandi ráðuneytis og langtímaáætlunar."

Dæmi eru um að einstök ráðuneyti láti ekki fylgja frumvarpi sem lagt er fram í ríkisstjórn áætlun um það hvernig kostnaði, sem fyrir liggur að fylgja muni lögfestingu lagafrumvarps verði mætt innan útgjaldarammans, en ríkisstjórnin samþykki allt að einu að frumvarpið verði lagt fram. Hefur fjármálaráðuneytið nú tekið upp það verklag að láta það koma fram í kostnaðarumsögnum með viðkomandi frumvörpum að ekki sé í fjárlagafrumvarpi eða fjárlögum gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til að standa straum af kostnaði sem hlýst af frumvarpinu og ekki liggi fyrir hvernig útgjöldum vegna viðkomandi frumvarps verði mætt.

Með þessu er athygli vakin á því að eftir sé að leysa það hvernig kostnaði sem lögfesting viðkomandi frumvarps muni hafa í för með sér verði mætt.

Mismunandi áherslur norrænna velferðarkerfa

Enda þótt Norðurlöndin eigi það sameiginlegt að þar eru öflug velferðarkerfi þá eru þau með ólíku sniði. Þótt þau eigi það sammerkt að aðgengi að mennta- og heilbrigðisþjónustu sé gott eru kerfi tekjutilfærslna ólík. Þetta sést meðal annars ef litið er á samsetningu og uppruna tekna. Í nýlegri skýrslu NOSOSKO um félagslega velferð á Norðurlöndunum er meðal annars fjallað um tekjudreifingu. Á myndinni, sem byggir á upplýsingum í skýrslunni og viðbótar útreikningum fjármálaráðuneytisins, er sýnd samsetning tekna árið 2004 hjá þeim fjórðungi hjóna sem hefur lægstar tekjur. Á hinum Norðurlöndunum fær þessi hópur stærri hluta tekna sinna sem millifærslu frá hinu opinbera en hér á landi. Um leið greiðir þessi hópur hærra hlutfall teknanna í skatta en hér á landi. Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi fær tekjulægsti fjórðungur hjóna allt að 70% tekna sinna sem millifærslur en hér á landi nam þetta hlutfall innan við 30% árið 2004. Að einhverju leyti endurspeglar þetta að lífeyrissjóðir á hinum Norðurlöndunum eru að uppistöðu til opinberir gegnumstreymissjóðir en einnig er atvinnuleysi þar meira en hér á landi. Á Íslandi er þessi fjórðungur hjóna með um 70% tekna sinna af eigin aflafé. Tekjur frá lífeyrissjóðum telja með í tilfelli Íslands. Skattahlutfallið er lægst á Íslandi enda þótt það sé reiknað brúttó, þ.e. barna- og vaxtabætur eru reiknaðar sem millifærslutekjur. Í Noregi eru hlutföllin nær því sem gerist hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Hæst er skatthlutfallið í Danmörku og þar hækkar það ekki tiltakanlega með tekjum, þótt það sé hæst í efsta fjórðungi. Það vekur einnig athygli í samanburði Norðurlandanna á þessu sviði, að alls staðar nema hér á landi fær fólk millifærslur frá hinu opinbera allt upp í tekjuefsta fjórðung hjóna. Hér á landi eru þær nær algerlega bundnar við tekjulægsta fjórðunginn. Í Svíþjóð fær

Samsetning tekna og skatthlutfall
hjá tekjulægsta fjórðungi hjóna árið 2004



Heimild: NOSOSKO og fjármálaráðuneytið.

tekjuhæsti fjórðungurinn þannig 17% tekna sem millifærslur og hlutfallið er hvergi lægra en 7%.

Hagrannsóknir OECD benda til orsakasamhengis á milli skatta- og bótakerfa annars vegar og þróunar atvinnuleysis og kaupmáttar hins vegar. Undanfarin tíu ár hefur atvinnuleysistigið verið helmingi lægra á Íslandi og kaupmáttaraukning helmingi meiri en í Svíþjóð og Danmörku.

Vöruviðskiptin í nóvember

Samkvæmt bráðabirgðatölum voru fluttar inn vörur í nóvember fyrir um 33,5 milljarða á fob virði sem er lítilleg lækkun frá síðasta mánuði þegar innflutningurinn nam tæpum 35 milljörðum. Þegar rýnt er í einstaka undirliði innflutningsins er helst að nefna að nokkur aukning hefur verið í innflutningi á eldsneyti í nóvember frá fyrra mánuði en þessi liður er jafnan nokkuð sveiflukenndur milli mánaða. Áfram er töluverður innflutningur í hálf-varanlegum neysluvörum (fatnaður, skór o.fl.) en heilt yfir er ekki mikið um breytingar á milli mánaða að þessu sinni og er helsta ástæðan fyrir minni innflutningi í nóvember sú að engin flugvél er flutt inn í mánuðinum.

Virði útfluttra vara í nóvember er samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands um 31 milljarður sem er nokkur hækkun frá fyrra mánuði þegar virði útfluttra vara var 28,3 milljarðar. Áfram er virði útfluttra sjávarafurða hátt en hækkunina á heildarútflutningi milli mánaða að þessu sinni má helst rekja til töluverðrar aukningar í útflutningi á áli.

Samkvæmt þessu er vöruskiptahallinn rúmlega 2,5 milljarður í nóvember og hefur hallinn dregist töluvert saman frá því hann náði hámarki um mitt síðastliðið ár. Má gera ráð fyrir því að þessi þróun haldi áfram á næsta ári samfara auknum útflutningi á áli.

Vöruskiptajöfnuður frá janúar 2004 til nóvember 2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	11,8	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,9	16,6
Eignarskattar	-37,0	24,9
Skattar á vöru og þjónustu	10,3	8,3
Tryggingagjöld	16,6	5,9
Tekjur alls	-8,4	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-16,0	20,0
Heilbrigðismál	0,9	10,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,6	18,1
Efnahags- og atvinnumál	71,0	15,2
Menntamál	12,7	12,5
Gjöld alls	6,3	14,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (nóv.)	7,3	5,2
Kjarnaverðbólga (nóv.)	7,2	5,4
Launavísitala (október)	11,0	8,1
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

13. desember 2007

Íslenska þjóðin er ung

Mikið hefur verið fjallað um það undanfarin ár að lífslíkur íslenskra karla og kvenna séu með því besta sem gerist í heiminum. Annað atriði varðandi aldur íslensku þjóðarinnar er ekki síður athyglisvert en það er hversu ung hún er í alþjóðlegum samanburði. Á meðfylgjandi mynd er þjóðum nokkurra landa skipt upp í þrjá aldurshópa. Þar sést hve stórt hlutfall þjóðarinnar tilheyrir hverjum aldurshópi. Greinilegt er að Ísland er með töluvert hærra hlutfall í aldurshópnum 0-14 ára en aðrar þjóðir. Munurinn er 7,6-8,4 prósentustig, þegar Ísland er borið saman við Japan, Spán og Þýskaland. Þó eru Bandaríkin með svipað hlutfall og Ísland í þessum aldurshópi. Í aldurshópnum 15-64 ára er Ísland með svipað hlutfall og aðrar þjóðir. Í aldurshópnum 65 ára og eldri er Ísland með lægsta hlutfall þessara þjóða, eða 11,7% þjóðarinnar. Aðeins Bandaríkin eru með svipað hlutfall. Hlutfall Íslendinga er 3,4-8,3 prósentustigum lægra en hjá öðrum samanburðarþjóðum. Mestur er munurinn við Þýskaland og Japan sem hafa 19,2% og 20% þjóðarinnar í þessum aldurshóp. Það að íslenska þjóðin er jafn hlutfallslega ung og raun ber vitni er hagfellt frá sjónarmiði lífeyriskerfisins. Öldrun samfélagsins verður síðar á ferðinni en hjá samanburðarþjóðunum. Þá mun unga kynslóðin ganga inn í það kerfi lífeyrissparnaðar sem byggt hefur verið upp á undanförnum áratugum og geta sparað fyrir efri árum. Því er allt útlit fyrir að öldrun samfélagsins verði ekki eins fjárhagslega krefjandi og í mörgum öðrum löndum. Til dæmis er staðan mun betri en í Bandaríkjunum, sem eru með sambærilega lýðfræðilega dreifingu en uppsafnaðan halla á lífeyrisskuldbindingum, eða í Japan og Þýskalandi þar sem meðalaldur íbúanna er talsvert hærri og lífeyrissparnaður ekki til staðar í sama mæli og hér á landi.

Aldursdreifing 2005



Tvísköttunarsamningur við Indland

Undirritaður hefur verið samningur milli Íslands og Indlands til að komast hjá tvísköttun og nær samningurinn til tekjuskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að samið var um 10% afdráttarskatt af arði, vöxtum og þóknunum. Þá er í samningnum sérstakt ákvæði um prófessora, kennara og rannsóknarmenn sem felur það í sér að þeir eru undanþegnir tekjuskatti í tvö ár komi þeir til starfa í hinu samningsríkinu að uppfylltum nánar tilgreinum skilyrðum. Samkvæmt samningnum er frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun.

Í samningunum er tekið upp sérstakt takmarkandi ákvæði (Limitations On Benefits) sem ætlað er að tryggja að einungis þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði þeirra njóti ívilnana samningsins. Ákvæðið tekur ekki til einstaklinga eða skráðra félaga. Í stuttu máli eru helstu efnisatriði ákvæðisins að önnur félög en þau sem skráð eru í viðurkenndri kauphöll falla undir samninginn ef þau eru að meiri hluta í eigu aðila sem búsettir eru í samningsríkjunum. Almennt skilyrði fyrir framangreindu er að minna en 50% af brúttó tekjum sé greitt úr landi nema um sé að ræða kaup á þjónustu eða vörum eða um að ræða lánaviðskipti við útibú erlends banka. Þessar takmarkanir gilda þó ekki ef félag er með virka starfsemi í landinu og tekjurnar tengjast þeirri starfsemi. Samningsríkin geta komið sér saman um að aðili frá hinu landinu, sem ekki uppfyllir framangreind skilyrði, njóti ákvæða samningsins ef markmið hans er ekki að ná sér í ívilnanir. Að lokum er í ákvæðinu tekið fram að ef starfsemi er eingöngu sett upp til að nýta sér ívilnanir samningsins þá falli sá aðili ekki undir samninginn.

Jafnframt er samið um upplýsingaskipti á milli landanna varðandi þá skatta sem samningurinn nær til og er ákvæðið efnislega samhljóða endurskoðaðri 26. grein OECD módelsins frá 2005. Í þeirri endurskoðun var bætt við nýrri 4. mgr. sem skyldar samningsaðila til að láta í té upplýsingar sé þess óskað þótt sá samningsaðili sem afhendir upplýsingarnar þurfi ekki sjálfur á þeim að halda í skattalegum tilgangi. Einnig var bætt við nýrri 5. mgr. en samkvæmt henni getur samningsaðili ekki neitað að afhenda upplýsingar eingöngu vegna þess að þær séu í vörslu banka eða annarra fjármálastofnana. Síðast en ekki síst var samið um aðstoð við innheimtu skatta en hingað til hefur það heyrt til undantekninga að slíkt ákvæði sé í þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert.

Á næstu mánuðum munu stjórnvöld vinna að fullgildingu samningsins í báðum samningsríkjum. Vonast er til að samningurinn geti komið til framkvæmda 1. janúar 2009.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum hefur aukist mikið

Fjármálaráðuneytið vinnur nú að heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Markmiðið er að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar og minni losunar gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Enn er fyrirhugað að hluti skattlagningar verði eyrnamerktur samgönguframkvæmdum auk almennrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Bílafloti landsmanna hefur vaxið mjög að undanförnu. Í árslok 1990 voru skrásett ökutæki 134.000 en þau eru nú 292.000, sem er meira en tvöföldun. Enda þótt bílar nýti orku almennt betur en áður og akstur á hvert ökutæki hafi minnkað þá hefur heildarorkunotkunin aukist næstum því jafn mikið og fjölgun ökutækja. Að mati Vegagerðarinnar hefur losun koltvísýrings (og þar með annarra gróðurhúsalofttegunda) aukist um 60% frá 1990 til 2006, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Orkunotkun hefur haldið áfram að aukast þótt það kunni að hafa dregið úr vaxtahraðanum. Vegagerðin telur að losun díselbíla á fyrri hluta umræddsa tímabils sé hugsanlega vanmetin.

Samkvæmt Kyoto-bókuninni við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland heimild til að auka almenna losun gróðurhúsalofttegunda í heild um 10% frá 1990 til meðaltals áranna 2008-2012. Í nýlegri samþykkt ríkisstjórnarinnar um samningsmarkmið Íslands varðandi samdrátt í losun eftir 2012 kemur fram stuðningur við að iðnríkin dragi umtalsvert úr losun á næstu áratugum. Ljóst er að aukin losun frá samgöngum hér á landi hefur verið mun meiri en önnur aukning og því mikilvægt að draga úr henni til að markmið um heildarlosun náist.

Losun CO_2 frá vegasamgöngum



Heimild: Útstreymisbókhald Vegagerðarinnar.

Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	11,8	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,9	16,6
Eignarskattar	-37,0	24,9
Skattar á vöru og þjónustu	10,3	8,3
Tryggingagjöld	16,6	5,9
Tekjur alls	-8,4	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-16,0	20,0
Heilbrigðismál	0,9	10,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,6	18,1
Efnahags- og atvinnumál	71,0	15,2
Menntamál	12,7	12,5
Gjöld alls	6,3	14,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (des.)	7,0	5,9
Kjarnaverðbólga (des.)	7,0	5,8
Launavísitala (október)	11,0	8,1
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

20. desember 2007

Allir fá þá eitthvað fallegt, í það minnsta kerti og spil

Þessar hendingar er að finna í inngangsljóðinu í kveri Jóhannesar úr Kötlum, Jólin koma, sem kom út í fyrsta sinn árið 1932, fyrir 75 árum síðan. Í því er að finna mjög mörg af vinsælustu jólakvæðum þjóðarinnar sem hafa lifað með henni síðan enda hefur það verið gefið út 24 sinnum. Einhverjum þætti það heldur þunnur þrettándi að fá einungis kerti og spil í jólagjöf í dag og skáldið gefur í skyn að flestir hafi mátt vænta einhvers meira. Að sjálfsögðu voru efni manna almennt minni í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar en nú á dögum. Skáldið var kennari vestur í Dölum þegar kverið kom út en það kann engu að síður að hafa haft áhrif á ljóðið að í auglýsingu í Morgunblaðinu í desemberbyrjun kemur fram að innflutningsbann hafði verið á leikföngum allt árið og því hefur ef til vill verið minna vöruúrval en annars. Í blöðum fyrir jólin 1932 er ekki að finna margar auglýsingar kaupmanna um leikföng eða jólagjafir barna utan spil. Kerti voru auglýst en að mestu til að skreyta jólatré. Í einni auglýsingu kemur fram að spil kosti 45 aura en í öðrum auglýsingum kosta þau 6 og 10 krónur en að sjálfsögðu hafa spil verið misjafnlega dýr þá eins og nú. Á þessum tíma voru laun verkamanns í Reykjavík 1 króna og 36 aurar og þau laun héldust óbreytt þegar kreppan mikla var í hámarki frá 1931 til 1936. Það var því hægt að kaupa þrenn spil af ódýrari gerðinni fyrir tímalaunin. Síðan þá hefur margt breyst meðal annars verðlag og kaupgjald. Verðbreytingar hétu þá dýrtíð og urðu ekki að verðbólgu fyrr en löngu síðar. Að mati Hagstofunnar hefur almennt neysluverð (án húsnæðis) hækkað 26 þúsundfalt frá árinu 1932. Verkamannalaun hafa hækkað að minnsta kosti 55 þúsund falt frá sama tíma og því hefur kaupmáttur lægstu launa meira en tvöfaldast en langmestur hluti þeirrar aukningar hefur orðið til á allra síðustu árum en fram til 1996 hafði kaupmátturinn aðeins aukist um 50%. Samsetning neyslunnar hefur breyst mikið. Að nauðsynjavöru undanskilinni var árið 1932 ekki til nema örlítið brot þess sem neytt er í dag. Bæði ódýr og dýr spil eru eitthvað dýrari nú en þau voru þá. Í dag er ekki hægt að fá nema rúmlega tvenn spil fyrir lágmarkstímalaunin. Jólaeplin eru aftur á móti miklu ódýrari en þau voru árið 1932 enda eru þau ekki lengur munaðarvara. Til að vinna fyrir þeim í dag þarf einungis 1/10 af þeim tíma sem þurfti þá. Jólin koma, sem er hægt að fá nú eins og þá, kostaði 1,50 kr. árið 1932 en kostar 747 krónur í dag. Það er tæplega 50 þúsundföld hækkun og hefur um það bil haldið í við verkamannalaunin enda hefur innihaldið haldið gildi sínu fullkomlega og vaxið ef eitthvað er.

Skattaumsýsla stórfyrirtækja

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um breytingar á skattaumsýslu stórra og umsvifamikilla fyrirtækja, en þeim hefur fjölgað mjög hratt hérlendis á örfáum árum. Þar á vaxandi útrás íslenskra fyrirtækja stóran hlut að máli. Við slíkar aðstæður verða viðskipti oft afar flókin enda lagalegt umhverfi séð frá sjónarhóli skattareglna sem annarra, oftar en ekki ólíkt milli landa, bæði að uppbyggingu og eðli. Þetta breytta umhverfi kallar á aukna sérfræðiþekkingu á öllum sviðum og meiri sérhæfingu í allri umsýslu gagnvart þessum aðilum.

Þessi þróun er ekki séríslensk heldur er hún alþjóðlegt fyrirbæri sem löndin í kringum okkur hafa verið að bregðast við með ýmsu móti. Flest þeirra fara þá leið að setja á fót sérstakar stjórnsýslueiningar í skattkerfinu sem annast alla skattalega umsýslu og þjónustu við þessa aðila. Það á til dæmis við um hin Norðurlöndin og virðist þetta fyrirkomulag hafa gefið góða raun.

Ýmsir mælikvarðar hafa verið notaðir við mat á því hvaða fyrirtæki teljist vera stórfyrirtæki. Algengast er þó að það mat byggist á umsvifum þeirra í formi veltu og/eða eigna. Í frumvarpinu er lagt til að þessum fyrirtækjum verði skipað undir einn hatt á grundvelli viðmiðana um tekjur og eignir af tiltekinni stærðargráðu. Þannig teljist félag stórfyrirtæki ef rekstrartekjur þess að meðtöldum fjármagnstekjum skv. ársreikningi eru 10 milljarðar króna eða meiri, eða heildareignir þess skv. ársreikningi 5 milljarðar króna eða meiri. Aðeins annað þessara skilyrða þarf að vera uppfyllt til að félag teljist stórfyrirtæki.

Í dag dreifast umrædd fyrirtæki á nær öll skattumdæmi landsins, sem sum hver hafa ekki yfir að ráða því sérhæfða starfsfólki sem til þarf til að þjónusta slíka aðila. Þetta hefur í einhverjum tilvikum leitt til þess að álitamál þeim tengd hafa ekki fengið úrlausn sem skyldi né heldur hafa viðkomandi fyrirtæki fengið þá þjónustu sem eðlilegt er að skattkerfið veiti. Verði frumvarpið að lögum verður forræðið varðandi skattaleg úrlausnarefni þeirra fyrirtækja á hendi eins skattstjóra, sem hefur heðbundið framkvæmdar- og úrskurðarvald í málum sem þeim tengjast óháð því hvar á landinu þau hafa skráð heimili. Með því fyrirkomulagi skapast möguleikar á að tryggja að skattlagning sambærilegra eða tengdra fyrirtækja sem hafa mikil umsvif verði samhæfðari og skilvirkari en verið hefur.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum lögaðila fyrir árið 2007 vegna rekstrar ársins 2006 falla 249 fyrirtæki undir ofangreindar viðmiðanir. Þar af eru 170 fyrirtæki, eða 70% af heild, með skattalegt heimilisfesti í Reykjavík þó að innan við helmingur af heildarfjölda lögaðila sé skráður þar. Jafnframt sýna upplýsingar úr skattframtölum að stórfyrirtækin í Reykjavík eru margfalt umfangsmeiri en flest þeirra sem eru annars staðar, bæði er varðar tekjur og eignir. Á ljósi þessa er talið rökrétt, eins og fram kemur í tillögu frumvarpsins, að skattaumsýsla stórfyrirtækja, sem rekin verður sem sérhæfð stjórnsýslueining, falli undir Reykjavíkurumdæmi og verði þar með á forræði skattstjórans í Reykjavík.

Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2008

Á árinu 2008 verður ritið Þjóðarbúskapurinn gefið út fjórum sinnum, bæði á íslensku og ensku. Á vetrar- og sumarmánuðum verða gefnar út endurskoðaðar þjóðhagsspár til tveggja eða þriggja ára í senn. Þessar skýrslur eru stuttar, með færri töflum í viðauka og verða einungis birtar á vef fjármálaráðuneytisins. Fleiri töflur verða þó uppfærðar á vef ráðuneytisins í tengslum við útgáfuna. Í vetrarskýrslu verður þjóðhagsspáin uppfærð í ljósi ákvarðana Alþingis um fjárlög og fjáraukalög til viðbótar við nýjar upplýsingar um efnahagsþróun. Á vor- og haustmánuðum verða gefnar út ítarlegri spár með áherslu á framvindu efnahagslífsins til meðallangs tíma, eða fjögurra til fimm ára í senn, og ítarlegum töfluviðauka. Haustspáin er jafnframt byggð á nýjum forsendum um ríkisfjármálin sem felast í fjárlagafrumvarpinu. Vor- og haustskýrslur eru gefnar út á prentuðu formi á íslensku og á vef fjármálaráðuneytisins á íslensku og ensku. Útgáfuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir ritið Þjóðarbúskapurinn er sem hér segir fyrir árið 2008:

15. janúar 2008	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2009
15. apríl 2008	Þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2012
24. júní 2008	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2010
1. október 2008	Þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2012

Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Næsta vefrit kemur út 10. janúar 2008.

Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	11,8	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,9	16,6
Eignarskattar	-37,0	24,9
Skattar á vöru og þjónustu	10,3	8,3
Tryggingagjöld	16,6	5,9
Tekjur alls	-8,4	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-16,0	20,0
Heilbrigðismál	0,9	10,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,6	18,1
Efnahags- og atvinnumál	71,0	15,2
Menntamál	12,7	12,5
Gjöld alls	6,3	14,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (des.)	7,0	5,9
Kjarnaverðbólga (des.)	7,0	5,8
Launavísitala (nóvember)	10,5	8,3
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

10. janúar 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs nóvember 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu ellefu mánuði ársins 2007 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu nam handbært fé frá rekstri 53,5 ma.kr. innan ársins, sem er 1,5 ma.kr. betri útkoma en á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 8,1 ma.kr., sem er 58 ma.kr. lakari útkoma en í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjáraukningu í Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. eiginfjárframlagi. Tekjur, án eignasölu, reyndust tæpum 44 ma.kr. meiri en á sama tíma á síðasta ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 388,5 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Það er tæplega 50 ma.kr aukning frá sama tíma í fyrra, eða 13% sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila í ársbyrjun 2006 nemur aukningin 16%, en tölurnar hér á eftir taka mið af henni. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,0% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5% og var því raunaukning skatttekna og tryggingargjalda 7,7%. Aukning annarra rekstrartekna um 33% milli ára skýrist að mestu af vaxtatekjum af skammtíma- og langtímalánum, en þær jukust um 5,4 ma.kr. á milli ára.

Skattar á tekjur og hagnað námu 123,7 ma.kr. og jukust um tæpa 20 ma.kr. frá síðasta ári, eða 19,0%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 8,7%, tekjuskattur lögaðila um 28,4% og fjármagnstekjuskattur um 54,6%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 5,4% milli ára á meðan launavísitalan hækkaði um 9,0%. Innheimta eignarskatta nam 10,5 ma.kr. og jókst um 27,5% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 8,6 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur aukist um rúma tvo ma.kr. frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta nam 175 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins og jókst um 9,1% að nafnvirði frá fyrra ári eða 3,9% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Greidd gjöld nema 326,9 ma.kr. og hækka um 42 ma.kr. frá fyrra ári eða um tæp 13%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála 11,8 ma.kr. eða tæp 18%. Þar munar mest að lífeyristryggingar hækka um 6,4 ma.kr. á milli ára, barnabætur um 2,6 ma.kr. og fæðingarorlofsgreiðslur um 2,1 ma.kr. Almenn opinber þjónusta hækkar um 6,9 ma.kr. eða um 20%. Þar hækka vaxtagjöld mest af einstökum liðum eða um rúma 3 ma.kr. Þar munar mestu að á þessu ári kom til greiðslu fyrsti gjalddagi nýrra ríkisbréfa og voru vextir vegna þessa 1,4 ma.kr. Aukning útgjalda til heilbrigðismála á milli ára er 8,2 ma. kr., til efnahags- og atvinnumála 6,9 ma.kr. og til menntamála 3,8 ma.kr.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs fyrstu ellefu mánuði ársins nam 45,6 ma.kr. í heild, en hrein lánsfjárþörf var 8,1 ma.kr. Afborganir lána fyrstu ellefu mánuðina eru 33,8 ma.kr., þar af hefur 11,3 mö.kr. verið varið til uppgreiðslu erlendra lána. Heildar lántökur tímabilsins nema 58,4 mö.kr. og er allt tekið að láni innanlands. Mestur hluti lántökunnar er annars vegar vegna skuldabréfaútgáfu í tengslum við kaup ríkisins á 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og hins vegar útgáfu á ríkisbréfum og ríkisvíxlum.

Um gjafir og góða starfshætti

Í leiðbeiningum sem fjármálaráðuneytið setti í ársbyrjun 2006 um þau viðmið og gildi sem ríkisstarfsmanni ber að fylgja í störfum sínum segir m.a. að ríkisstarfsmaður skuli ekki þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi hans ef almennt má líta á það sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Sanngjarnt sé að víkja frá þessu ef um afmælisgjafir eða annars konar tækifærisgjafir er að ræða, enda séu verðmæti þeirra innan hóflegra marka. Skal hafa samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf.

Leiðbeiningarnar voru settar fram í formi dreifibréfs sem sent var öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum og er það jafnframt að finna á vef fjármálaráðuneytisins með öðrum dreifibréfum er varða málefni ríkisstarfsmanna og ennfremur á svonefndum stjórnendavef sem fjármálaráðuneytið heldur úti fyrir stjórnendur ríkisstofnana.

Leiðbeiningarnar geyma kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til starfa og háttsemi ríkisstarfsmanna og fram koma í skráðum og óskráðum réttarreglum. Í því sambandi er sérstaklega skírskotað til krafna um vammleysi ríkisstarfsmanna í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í leiðbeiningunum segir að þau viðmið sem þar séu sett fram verði jafnan að taka mið af aðstæðum starfsmanna á hverju sviði stjórnsýslunnar. Er því lagt fyrir stjórnendur að meta sjálfstætt hvenær og í hvaða tilfellum sé rétt að setja frekari viðmið í formi leiðbeinandi reglna eða sérstakra siðareglna. Stjórnendur ríkisstofnana skulu tryggja að leiðbeiningarnar séu ávallt aðgengilegar starfsmönnum. Við ráðningu starfsmanna skulu leiðbeiningarnar kynntar þeim sérstaklega.

Vöruviðskipti í desember

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur fyrir 34,8 ma.kr. í desember (fob virði) og út fyrir 18,7 ma.kr. Vöruskiptahallinn var því 16,1 ma.kr. sem er mesti halli í einum mánuði á sl. ári. Það sem helst skýrir þennan mikla halla í desember er að útflutningur dregst töluvert saman. Munar þar mestu um að verðmæti útflutts áls dregst töluvert saman frá nóvember þegar það náði sögulegu hámarki. Verðmæti útfluttra sjávarafurða dregst einnig nokkuð saman en er engu að síður hátt í sögulegu samhengi. Verðmæti innfluttra vara eykst lítillega á milli mánaða og er mikil aukning í innflutningi á hrá- og rekstrarvörum og er sú aukning til komin vegna mikils innflutnings á áloxíð í mánuðinum. Hvað aðra liði varðar er undirliggjandi samdráttur í innflutningi og er hann einna mest áberandi í hálf-varanlegum og óvaranlegum neysluvörum, en einnig er lítill innflutningur á eldsneyti í desember.

Samkvæmt þessum bráðabirgðatölum fyrir desember er vöruskiptahallinn á sl. ári 100,2 ma.kr. sem er töluverður bati frá árinu 2006 þegar hallinn nam 153,2 ma.kr. Verðmæti útflutts áls eykst um rétt rúmlega 40% á milli ára og verðmæti útfluttra sjávarafurða um 3%. Einnig er töluverð aukning í verðmæti útflutts kísiljárns en verðmæti útfluttra landbúnaðarafurða dregst aftur á móti saman. Verðmæti innfluttrar mat- og drykkjarvöru eykst um 12,7% og verðmæti hrá- og rekstrarvara um 5,5%. Verðmæti innfluttra fjárfestingarvara dregst saman um rúm 11% eftir að dregið hefur úr umfangi stóriðjuframkvæmdanna en þessi liður er enn mjög hár í sögulegu samhengi. Verðmæti innfluttra fólksbíla eykst um 8% og önnur flutningatæki til einkanota um rétt rúm 30%. Aðrar ótaldar neysluvörur aukast um 7,1% og ber þar hæst innflutningur á varanlegum neysluvörum eins og heimilistækjum og húsbúnaði sem eykst um 18%.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2003 – desember 2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,9	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	20,1	15,4
Eignarskattar	-42,6	27,5
Skattar á vöru og þjónustu	12,9	9,1
Tryggingagjöld	16,1	5,4
Tekjur alls	-6,2	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	-5,2
Heilbrigðismál	...	9,1
Alm.trygg. & velferðarmál	...	15,9
Efnahags- og atvinnumál	...	19,9
Menntamál	...	13,3
Gjöld alls	...	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	52.031	53.529
Hreinn lánsfjárjöfnuður	49.893	-8.116
Afborgun lána	-44.583	-33.828
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.661	-45.594
Lántökur	21.587	58.392
Greiðsluafkoma	23.248	12.798

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (des.)	7,0	5,9
Kjarnaverðbólga (des.)	7,0	5,8
Launavísitala (nóvember)	10,5	8,3
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

17. janúar 2008

Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2007-2009

Fjármálaráðuneytið hefur birt endurskoðaða þjóðhagsspá fyrir árin 2007 til 2009 í skýrslunni Þjóðarbúskapurinn – vetrarskýrsla 2008. Í skýrslunni kemur fram að flest bendi til að íslenska hagkerfið sé á leið inn í skeið hjaðnandi hagvaxtar eftir öflugt uppgangstímabil tengt markaðs- og alþjóðavæðingu þess. Aðhaldssöm hagstjórn, lok mikilla stóriðjuframkvæmda, lækkun hlutabréfaverðs og minna framboð af ódýru erlendu lánsfé draga úr innlendri eftirspurn og ójafnvægið í þjóðarbúskapnum minnkar á spátímanum. Gert er ráð fyrir að óróleiki á alþjóðlegum og innlendum fjármálamarkaði gangi niður og að hagvöxtur í heiminum verði áfram mikill en nokkru minni en áður var talið m.a. vegna útlánatapa á fasteignamörkuðum vestan hafs.

Áætlað er að hagvöxtur hafi numið 2,7% árið 2007, sem er tveimur prósentustigum meira en í haustspá vegna meiri einkaneyslu og minni samdráttar í fjárfestingu en þar var gert ráð fyrir. Búist er við hóflegum hagvexti árið 2008, eða 1,4%, þegar hagfelld þróun utanríkisviðskipta yfirstígur áframhaldandi samdrátt innlendrar eftirspurnar. Árið 2009 er útlit fyrir 0,4% hagvöxt, einu og hálfu prósentustigi minna en í haustspá, þegar vöxtur einkaneyslu og fjárfestingar gefur eftir. Viðskiptahalli á árinu 2007 er nú talinn minni en í fyrri áætlunum, eða um 12,8% af landsframleiðslu, aðallega vegna hagstæðari þáttatekjujafnaðar. Spáð er að hallinn minnki hratt og verði 9,6% árið 2008 og 6,8% af landsframleiðslu árið 2009. Atvinnuleysi í ár er minna en í haustspá, eða 1,9% af vinnuafli, en spáð að það aukist í 3,6% árið 2009 þegar framleiðsluslaki myndast í hagkerfinu. Um leið er spáð að verðbólga, sem var 5,0% árið 2007, verði 4,3% í ár, sem er aukning um 1 prósentustig frá haustspá, og að 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð á fyrra hluta ársins 2009. Áætlun um afgang á tekjujöfnuði ríkissjóðs árið 2008 er lítið breytt frá haustspá, en sumir tekju- og gjaldaliðir hækka frá fyrri spá á meðan nokkrir lækka. Spáð er að afkoma ríkissjóðs snúist í lítinn halla árið 2009. Áfram er miðað við að Seðlabankinn fylgi aðhaldssamri peningastjórn í ár, eða þar til skýr merki eru komin fram um meira jafnvægi í efnahagslífinu. Spáð er að gengi krónunnar gefi lítillega eftir á spátímabilinu. Meðfylgjandi mynd sýnir helstu breytingar frá haustspá fyrir árið 2008.

Breyting á spá um helstu þjóðhagsstærðir á árinu 2008



Óvissuþættir í spánni eru taldir vera nokkru fleiri en oft áður. Helst ber að nefna þróun á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, gengi krónunnar, kjarasamninga og frekari stóriðjuframkvæmdir. Í því sambandi má nefna að fjármálakerfið á Íslandi er talið traust, staða ríkissjóðs sterk, starfsemi fyrirtækja mikil og atvinnustig hátt. Íslenska hagkerfið hefur sýnt eindæma viðnámsþrótt þegar aðstæður á mörkuðum hafa skyndilega breyst en sá árangur er rakinn til aukinnar skilvirkni og sveigjanleika þess.

Um tekjuafkomu ríkissjóðs

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á afkomu ríkissjóðs árið 2008. Áhrif lækkunar hlutabréfaverðs árið 2007 eru talin hafa takmörkuð áhrif til lækkunar tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjuskatts sem kemur til greiðslu árið 2008. Tekjur af þessum liðum miðast að stærstum hluta við hagnað fyrirtækja og fjármálagjörninga fyrra árs. Þó er viðbúið að þróunin á síðasta ársfjórðungi ársins 2007 hafi einhver áhrif til lækkunar þessara liða. Á móti má búast við meiri tekjum af tekjuskatti einstaklinga og veltusköttum á yfirstandandi ári í samanburði við fyrri þjóðhagsspá. Ljóst er að mikil óvissa tengist núverandi spám.

Ef aðstæður í fjármála- og atvinnulífi á yfirstandandi ári þróast á verri veg en nú er gert ráð fyrir mun það hafa áhrif til lækkunar á tekjum ríkissjóðs. Jafnframt yrði slík þróun líkleg til að auka útgjöld hans, meðal annars vegna aukinna útgjalda til atvinnuleysisbóta. Það yrði hins vegar í fullu samræmi við það mikilvæga hlutverk opinberra fjármála að hafa sveiflujafnandi áhrif á efnahagsþróunina. Nú er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 17,2 milljarðar króna árið 2008, eða 1,3% af landsframleiðslu. Í haust var spáð að afgangurinn yrði 17,6 milljarðar, eða 1,4% af landsframleiðslu.

Afkoma ríkissjóðs 1998–2009



Frá sjónarhóli hagstjórnar er áætlað að kerfislæg afkoma ríkissjóðs verði aðeins hagstæðari í ár en í fyrri spá. Kerfislægur afgangur ríkissjóðs er áætlaður 3,0% af landsframleiðslu á sl. ári, sem er 0,1% lækkun frá fyrri spá. Kerfislæg afkoma ríkissjóðs er áfram jákvæð árið 2008 en lækkar frá árinu 2007. Afkomubreytingin milli ára gefur til kynna að fjármál ríkissjóðs hafi smávægileg hvetjandi áhrif á landsframleiðsluna árið 2008. Árið 2009, þegar áform stjórnvalda um að mæta samdrætti í þjóðarútgjöldum með aukinni fjárfestingu koma að fullu fram má búast við örlítið neikvæðri kerfislægri afkomu og að áhrif ríkissjóðs verði áfram smávægilega hvetjandi.

Val á fyrirmyndastofnun ríkisins 2008

Í fjármálaráðuneytinu er hafinn undirbúningur að vali á ríkisstofnun til fyrirmyndar 2008. Um er að ræða viðurkenningu til ríkisstofnunar sem skarað hefur fram úr og er til fyrirmyndar í starfi sínu. Þetta er í sjöunda sinn sem fjármálaráðherra veitir slíka viðurkenningu, en hún hefur verið veitt á tveggja ára fresti síðan 1996, er Kvennaskólinn í Reykjavík hlaut hana. Árið 1998 hlaut Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi síðan viðurkenninguna, árið 2000 Landgræðsla ríkisins, Orkustofnun árið 2002, ÁTVR árið 2004 og Umferðarstofa árið 2006.

Við mat á stofnunum verður fyrst og fremst horft til stjórnunar þeirra. Skoðað verður að hverju stefnt er í starfsemi stofnana, hvaða stjórnunaraðferðir eru hafðar til hliðsjónar í rekstri þeirra og hvernig stjórnendur og starfsmenn fylgja eftir áherslum þannig aðferðirnar beri árangur. Jafnframt eru skoðaðar aðferðir stofnana sem notaðar eru til frekari þróunar og bætts árangurs í síbreytilegu umhverfi.

Fjármálaráðherra hefur skipað sérstaka valnefnd til þess að fara yfir stöðu þeirra stofnana sem til greina koma og velja þá stofnun sem þykir skara fram úr og er til fyrirmyndar í starfi sínu. Ráðherrann mun svo veita umræddri stofnun viðurkenningu í vor.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,9	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	20,1	15,4
Eignarskattar	-42,6	27,5
Skattar á vöru og þjónustu	12,9	9,1
Tryggingagjöld	16,1	5,4
Tekjur alls	-6,2	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,2	-5,2
Heilbrigðismál	8,3	9,1
Alm.trygg. & velferðarmál	4,8	15,9
Efnahags- og atvinnumál	2,5	19,9
Menntamál	12,1	13,3
Gjöld alls	1,8	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (jan.´08)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (jan.´08)	7,1	5,9
Launavísitala (nóvember)	10,5	8,3
Heildarvelta (jan.-ágúst)	14,4	8,1
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	6,2	9,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

24. janúar 2008

Viðbrögð við óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum

Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem gefin var út 15. janúar sl. kemur fram að íslenska hagkerfið er á leið inn í skeið hjaðnandi hagvaxtar. Spáð er að hagvöxtur nemi einu og hálfu prósenti í ár og hálfu prósenti á næsta ári. Áhrif aðhaldssamrar hagstjórnar, loka mikilla stóriðjuframkvæmda, lækkunar hlutabréfaverðs og minna framboðs af ódýru erlendu lánsfé leggjast á eitt að draga úr innlendri eftirspurn og ójafnvæginu í þjóðarbúskapnum. Í spánni er gert ráð fyrir að óróleiki á alþjóðlegum og innlendum fjármálamarkaði gangi niður og hagvöxtur í heiminum verði áfram mikill en nokkru minni en áður var talið m.a. vegna útlánatapa á fasteignamörkuðum. Þó er nefnt að óvenju margir óvissuþættir eru til staðar sem geta breytt niðurstöðunni. Meðal þeirra eru atriði eins og þróun á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, gengi krónunnar, kjarasamningar og frekari stóriðjuframkvæmdir.

Nú er ljóst að þróunin á fjármálamörkuðum hefur verið neikvæð síðan spáin var birt og hagvaxtarhorfur því heldur verri. Í því sambandi er rétt að minna á tvö mikilvæg atriði. Í fyrsta lagi er fjármálakerfið á Íslandi talið í grunninn traust, staða ríkissjóðs sterk, starfsemi fyrirtækja mikil og atvinnustig í landinu hátt. Íslenska hagkerfið hefur einnig sýnt eindæma viðnámsþrótt þegar aðstæður á mörkuðum hafa breyst. Í öðru lagi er mikilvægt að hafa í huga að þróunin hér á landi að undanförnu hefur verið mjög háð þróuninni alþjóðlega. Það skiptir því meira máli en oft áður fyrir framvinduna hér á landi hvernig stjórnvöld annars staðar bregðast við ástandinu.

Varðandi erlenda áhrifaþætti má nefna að hagfræðingurinn Frederick Mishkin lét frá sér fyrir nokkru skýrslu um forsendur fjármálakreppu. Þar kom fram að oftast er það samspil lítilla gæða útlána og slæmrar lausafjárstöðu sem framkallar slíkar kreppur og nefnir hann Mexíkó árið 1994 og Asíu árið 1996 í því sambandi. Nú er ljóst að þessi atriði eru ástæða vandræða Bandaríkjanna í dag. Ástandið þar hefur jafnframt áhrif víða um heim og þar á meðal hér á landi. Það sem kannski meiru skiptir er hvað stjórnvöld þar í landi gera til að bregðast við þróuninni áður en hún fær tækifæri til að grafa um sig og framkalla djúpan samdrátt. Mishkin telur mikilvægt og áhrifaríkt að seðlabanki lands sem upplifir lausafjárskort hafi skýra stefnu um að veita nægu lánsfé til markaðsaðila og lækka vexti að því marki sem verðbólguhorfur í landinu leyfa. Þetta er nákvæmlega það sem seðlabanki Bandaríkjanna hefur gert, en Mishkin er jafnframt stjórnarmaður bankans. Í fyrradag voru stýrivextir þar lækkaðir um 75 grunnpunkta, í 3,5%. Jafnframt hefur bandaríska ríkisstjórnin ákveðið að koma með beina innspýtingu í hagkerfið að jafnvirði 150 milljörðum dollara á árinu.

Líklegt má telja að þessi viðbrögð, sérstaklega aðgerðir bankans til að koma til móts við lánsfjárþörf tengda óvissu markaðsaðila, verði hjálpleg þegar fram í sækir. Þannig eru bandarísk stjórnvöld, þar sem rót vandans liggur, að bregðast við ástandinu af næmni og sveigjanleika. Því má rétt eins búast við því að aðstæður lagist í Bandaríkjunum þegar fram í sækir sem mun hafa mikil áhrif á alþjóðlega fjármálamarkaði og efnahagsframvindu, einnig hér á landi.

Árangursríkur ríkisrekstur: aðgerðaáætlun 2008–2010

Í upphafi árs 2007 kynnti fjármálaráðuneytið nýja stefnu í umbóta- og hagræðingarmálum sem kallast Árangursríkur ríkisrekstur. Kjörorð stefnunnar eru *skilvirk þjónusta á einfaldan og hagkvæman hátt* og er henni ætlað að leysa af hólmi stefnu um nýskipan í ríkisrekstri sem unnið hafði verið eftir með góðum árangri. Árangursríkur ríkisrekstur byggist á sömu grunnhugmyndum, þ.e. að skipulag og starfsemi ríkisins sé á þann veg að það geti sinnt skyldum sínum við landsmenn á eins hagkvæman, skjótvirkan og árangursríkan hátt og kostur er og að opinber þjónusta sé svo skilvirk að hún gefi íslenskum fyrirtækjum forskot í vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Í stefnunni eru sett fimm meginmarkmið umbóta í ríkisrekstri sem lúta að skipulagi ríkisrekstrar, stjórnháttum hjá ríkinu, fjármálastjórn, starfsmannastjórn og samskiptum ríkis og einkamarkaðar. Þá eru þar tilgreind undirmarkmið og áhersluatriði við hvert meginmarkmið.

Á grunni stefnunnar hefur fjármálaráðuneytið nú útbúið aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2008-2010. Um er að ræða 56 aðgerðir sem ráðuneytið mun vinna að á tímabilinu, eitt eða í samráði við aðra. Aðgerðirnar miða allar að því að bæta rekstur og skerpa á áherslum og stefnumiðum ríkisins í umbótar- og hagræðingarmálum, ásamt því að nýjar áherslur verða kynntar til sögunnar. Stefnuna og aðgerðaáætlunina er að finna á vef fjármálaráðuneytisins.

Íbúaþróun

Landsmönnum hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Hinn 1. desember síðastliðinn taldi Hagstofa Íslands að íbúafjöldinn næmi 313 þúsund manns. Fjölgunin var 1,8% frá fyrra ári. Á síðustu fimm árum hefur landsmönnum fjölgað um 25 þúsund manns. Af Evrópulöndum eru það einungis Írland og Kýpur þar sem mannfjölgun hefur verið um það bil jafn mikil og hér á landi. Fjölgunin hérlendis er til komin af tveimur ástæðum: annars vegar eru fæddir fleiri en dánir og hins vegar hefur verið mikill aðflutningur fólks frá útlöndum. Náttúruleg fjölgun, þ.e. fæddir umfram dána hefur verið álíka hér á landi og á Írlandi, um 0,8% á ári. Hún er næst mest í Frakklandi en þó einungis helmingur af því sem hér er. Í öðrum löndum er hún minni og í sumum fjölmennum ríkjum Vestur-Evrópu og nær öllum löndum Austur-Evrópu deyja fleiri en fæðast um þessar mundir. Árið 2006 fæddust þannig færri en dóu á Ítalíu, í Þýskalandi og Portúgal.

Það eru búferlaflutningar sem er megináhrifaþáttur mannfjöldabreytinga í flestum löndum Evrópu og þar skipa Kýpur, Írland og Ísland efstu sætin og Spánn bætist í hópinn. Í öllum þessum löndum bættu millilandaflutningar yfir 1% við mannfjöldann á árinu 2006. Brottflutningur er mestur frá Austur-Evrópuríkjunum og fer því saman við náttúrulega fækkun. Þarna situr Pólland í þriðja neðsta sæti með brottflutning sem nam 0,3% af íbúafjölda árið 2006.

Hlutfallsleg breyting íbúafjölda eftir landssvæðum 2002–2007



Á Íslandi hafa auk þessa verið miklir flutningar fólks innlands milli landssvæða. Þetta má sjá af myndinni sem sýnir hlutfallslega breytingu íbúafjöldans eftir landsvæðum á síðustu 5 árum. Heildarfjölgunin nam 8,6% á þessum tíma. Í upphafi tímabilsins sem hér er til umfjöllunar voru framkvæmdir vegna stóriðju ekki hafnar að marki eystra og undir lok árs í fyrra hafði íbúum Austurlands fækkað nokkuð frá því þegar mest var enda framkvæmdatímabilinu nær lokið. Engu að síður nemur fjölgun íbúa Austurlands 20% þótt eitthvað kunni að fækka þar á ný þegar uppbyggingu verður að fullu lokið. Suðurnesjamönnum hefur hins vegar fjölgað mest allra á þessum tíma, þrátt fyrir að varnarliðið hafi farið af landi brott og margir misst atvinnu af þeim sökum. Höfuðborgarsvæðið, sem löngum hefur vermt efsta sæti landshlutanna í íbúaþróun, bæði hlutfallslega og í beinum tölum, er í fjórða sæti. Íbúum hefur fækkað á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Þessi tilfærsla íbúanna í landinu skýrir að hluta af hverju eftirspurn eftir nýjum íbúðum hefur verið meiri en fólksfjölgun á undanförnum árum.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,9	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	20,1	15,4
Eignarskattar	-42,6	27,5
Skattar á vöru og þjónustu	12,9	9,1
Tryggingagjöld	16,1	5,4
Tekjur alls	-6,2	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,2	-5,2
Heilbrigðismál	8,3	9,1
Alm.trygg. & velferðarmál	4,8	15,9
Efnahags- og atvinnumál	2,5	19,9
Menntamál	12,1	13,3
Gjöld alls	1,8	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (jan.´08)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (jan.´08)	7,1	5,9
Launavísitala (desember)	9,8	8,6
Heildarvelta (jan.-október)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-október)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

31. janúar 2008

Skattlagning olíuleitar og -vinnslu í íslenskri lögsögu

Í janúar 2009 er stefnt að því að hægt verði að bjóða út sérleyfi til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg. Hluti af undirbúningi stjórnvalda vegna þess er að nú er unnið að frumvarpi að skattlagningu slíkrar starfsemi í fjármálaráðuneytinu. Ýmis álitaefni koma til skoðunar við skattlagningu olíuleitar og olíuvinnslu. Sérstaða þeirra fyrirtækja sem að slíkri starfsemi standa liggur í gríðarlegum kostnaði vegna olíuleitar og olíuvinnslu og þeirri óvissu sem fylgir starfseminni. Ef litið er til nágrannaríkja okkar má sjá að þau byggja gjaldtöku og skattheimtu fyrirtækja í olíuleit og olíuvinnslu á svipuðum grunni en með misjöfnu fyrirkomulagi. Almennt hafa ríki margþætta skattheimtu sem miðar að því að ná til sín sem mestu af hagnaði olíuvinnslunnar og skattlagning olíufyrirtækja er almennt meiri en annarra fyrirtækja.

Algengast er í nágrannalöndum okkar að leyfishafi greiði leyfisgjald vegna undirbúnings og útgáfu leyfis og svæðisgjald vegna afnota á því svæði sem honum er úthlutað vegna rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis. Í mars á síðasta ári lögfesti Alþingi slíkt svæðisgjald í lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þá eru í sumum ríkjum innheimt sérstök framleiðslugjöld (t.d. Færeyjum). Til viðbótar þessum gjöldum er litið svo á að leyfishafi greiði almennan fyrirtækjaskatt, en að auki eru í flestum nágrannaríkjum okkar innheimtir sérstakir olíuskattar á hagnað vegna olíuvinnslu (50% í Noregi). Á móti kemur að yfirleitt er heimilt að draga ýmsan kostnað, t.d. rannsóknarkostnað, frá skattstofni, auk hagstæðra reglna um afskriftir og uppsafnað tap.

Við gerð ofangreinds frumvarps fjármálaráðherra um skattlagningu olíuleitar og olíuvinnslu er það haft í huga að við slíka skattheimtu er mikilvægt að annars vegar sé tryggt að ásættanlegur arður af olíuvinnslu renni til íslenska ríkisins og hins vegar að samanlögð skattheimta vegna olíuleitar og vinnslu í íslenskri lögsögu verði ekki hærri en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar til að tryggja að skattaumhverfið hérlendis sé fullkomlega samkeppnishæft samanborið við nágrannaþjóðir okkar. Jafnframt ber að hafa í huga að sértæk ívilnandi frávik frá almennri fyrirtækjaskattlagningu ber að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og fá samþykkt út frá ákvæðum EES samningsins um ríkisaðstoð. Fyrirhugað er að frumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi vorþingi.

Sótt í ríkiskassann

Fjármálaráðuneytið heldur úti sérstökum vef sem ætlað er að bregða upp mynd af nokkrum meginatriðum í ríkisrekstri og efnahagsmálum. Vefurinn nefnist rikiskassinn.is. Meðal efnis eru skilgreiningar og orðskýringar á ýmsum hugtökum sem gjarnan heyrast í opinberri umræðu.

Hér fara á eftir nokkur dæmi um orðskýringar sem ríkiskassinn hefur að geyma:

- *Hagræn skipting útgjalda*

Umsvif ríkisins hafa ýmis áhrif á efnahagsstarfsemina. Sú venja hefur myndast í alþjóðlegum samanburði að skipta útgjöldum ríkisins í þrjá þætti með tilliti til þessa og er talað um hagræna skiptingu í því sambandi. Í fyrsta lagi beinan rekstur ríkisins og stofnana þess. Í öðru lagi tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga og fyrirtækja, svonefndar neyslu- og rekstrartilfærslur. Í þriðja og síðasta lagi meiriháttar viðhalds- og stofnkostnað.

- *Jaðarskattar*

Með jaðarsköttum er átt við það hversu stór hluti af síðustu krónunni sem fólk vinnur sér inn fer í skatt til hins opinbera. Ýmsar bætur sem hið opinbera greiðir fólki ráðast af tekjum þess. Hugsunin er þá yfirleitt sú að þeir sem eru undir ákveðnum tekjum fái greiðslur frá ríkinu en að fjárhæðin lækki eftir því sem fólk á meiri eignir eða aflar sér meiri tekna sjálft. Tekjutenging bóta getur leitt til þess að viðbótartekjur sem fólk vinnur sér inn lækki bætur og virki eins og skattur. Jaðarskattur sýnir þannig hve stóran hluta af viðbótartekjum viðkomandi heldur eftir.

- *Landsframleiðsla*

Landsframleiðslu er allt það sem framleitt er hérlendis burtséð frá því hvort framleiðslan er í eigu íslenskra eða erlendra aðila.

Landsframleiðsla er mælikvarði á það hversu mikið er framleitt af tilbúinni vöru og þjónustu í hagkerfinu. Vörur sem notaðar eru til að framleiða aðrar vörur eru ekki taldar með til þess að forðast tvítalningu.

Landsframleiðsla er notuð sem mælikvarði á velferð þjóða og breyting á landsframleiðslu milli ára, mæld í prósentum, kallast hagvöxtur.

Landsframleiðsluna er hægt að mæla og sýna á nokkra vegu en algengast er að hún sé sett fram samkvæmt svokallaðri ráðstöfunaraðferð. Hún byggist á því að gera grein fyrir hvernig þeim fjármunum sem verða til í hagkerfinu er ráðstafað. Einfaldasta form þjóðhagsreikningsins er þetta:

Verg landsframleiðsla = einkaneysla + samneysla + fjárfesting + birgðabreyting + útflutningur - innflutningur

- *Markaðar tekjur*

Tekjur af sumum sköttum ríkisins eru beinlínis ætlaðar til að standa undir tilteknum útgjöldum. Þannig er til dæmis ákveðið að mestallar tekjur af svonefndu bensíngjaldi, sem er sérstök tegund af vörugjaldi, renni til vegagerðar. Sömuleiðis er fyrir fram ákveðið í lögum til hvaða þátta tekjur af tryggingagjaldi skuli renna.

Tollafgreiðslugengi

Hinn 1. febrúar nk. taka gildi nýjar reglur um skráningu tollafgreiðslugengis, en tollafgreiðslugengi er notað til umreiknings tollverðs vöru í íslenskar krónur sé einhver hluti þess tilgreindur í erlendum gjaldmiðli. Hingað til hefur ákvörðun tollverðs við tollafgreiðslu sendinga í sérhverjum almanaksmánuði verið byggð á tollafgreiðslugengi eins og það var ákveðið á 28. degi undanfarandi mánaðar. Miklar sveiflur geta orðið á gengi innan mánaðar og á milli mánaða. Því samþykkti Alþingi í desember sl. breytingu á tollalögum þess efnis að tollafgreiðslugengi verði frá og með 1. febrúar 2008 miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á hverjum virkum degi. Það þýðir að við tollafgreiðslu sendinga skal ákvörðun tollverðs byggð á opinberu viðmiðunargengi sem skráð var af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan. Tollverð vöru sem er tollafgreidd á sunnudegi verður því ákvarðað á grundvelli gengis sem Seðlabankinn skráði sem opinbert viðmiðunargengi á föstudeginum á undan.

Gert er ráð fyrir að skráning vöruviðskipta okkar við útlönd verði réttari eftir breytinguna en nokkrar skekkjur hafa birst í heildarfjárhæðum innflutnings og útflutnings annað hvort til vanmats eða ofmats vegna gengissveiflna. Að auki er gert ráð fyrir að breytingin stuðli að jafnara álagi við tollafgreiðslu hjá tollstjórum.

Í dag er orðið afar sjaldgæft að tollverð vöru sé tilgreint í gjaldmiðlum sem Seðlabankinn tekur ekki til opinberrar skráningar en gert er ráð fyrir að tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla verði jafnframt ákvarðað af tollstjóranum í Reykjavík að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands á hverjum virkum degi í stað 28. hvers mánaðar.

Ársreikningar og bókhald

Meðal þeirra málaflokka sem heyra undir fjármálaráðuneytið samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands eru lög og stjórnsýsla varðandi bókhald og ársreikninga. Þar undir falla m.a. heimildir fyrirtækja til færslu bókhalds og samningar ársreikningsins í erlendum gjaldmiðli.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,9	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	20,1	15,4
Eignarskattar	-42,6	27,5
Skattar á vöru og þjónustu	12,9	9,1
Tryggingagjöld	16,1	5,4
Tekjur alls	-6,2	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	-21,2	-5,2
Heilbrigðismál	8,3	9,1
Alm.trygg. & velferðarmál	4,8	15,9
Efnahags- og atvinnumál	2,5	19,9
Menntamál	12,1	13,3
Gjöld alls	1,8	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (jan.´08)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (jan.´08)	7,1	5,9
Launavísitala (desember)	9,8	8,6
Heildarvelta (jan.-október)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-október)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

7. febrúar 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2007 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri nam tæpum 61 ma.kr. sem er 4,7 ma.kr. lakari útkoma en árið á undan. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 2,1 ma.kr. samanborið við 25 ma.kr. lánsfjárhalla árið 2006. Fjármunahreyfingar námu 63 ma.kr. og skýrast af kaupum á eignarhluta í Landsvirkun að fjárhæð 30,3 ma.kr. og eiginfjárframlagi til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 44 ma.kr. Á móti því vegur sala eigna og innheimta veittra lána.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs árið 2007 námu 452,7 ma.kr. sem er 18,7% aukning frá fyrra ári. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 395,7 ma.kr. sem er 11,7% aukning frá fyrra ári og samsvarar raunaukningu um 6,4% miðað við hækkun almenns verðlags. Aðrar rekstrartekjur aukast um 43,2% en þær skýrast einkum af vaxtatekjum og sölu vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 144,6 ma.kr. sem nemur 14,6% aukningu frá árinu 2006. Þar af vegur tekjuskattur einstaklinga mest og nam hann 84,1 ma.kr. og jókst um 7,5% frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 35,4 ma.kr. og var vöxturinn hóflegur á árinu, eða sem samsvarar 12,7%, eftir mjög mikinn vöxt í tvö ár þar á undan. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,2 ma.kr. og jókst um 51,7% á árinu. Eignarskattar jukust um 27,7% á árinu og námu 11,7 ma.kr., þar af námu stimpilgjöld 9,3 ma.kr.

Innheimta veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 191,8 ma.kr. á sl. ári og jókst um 9,2% frá fyrra ári eða sem nemur 4% að raunvirði eftir að tekið hefur verið tillit til hækkunar vísitölu neysluverðs. Stærsti hluti veltuskatta eru tekjur af virðisaukaskatti sem nam 135,4 ma.kr. og jókst um 10,6% á milli ára eða 5,3% að raunvirði. Áfengis- og tóbaksgjald og fleiri vörugjöld fylgdu verðlagsþróun að mestu. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 2,4% að raunvirði og olíugjaldið um 6% en vörugjöld af bensíni drógust saman um 2,9% að raunvirði.

Af öðru má nefna að tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda jukust um 26,9% á milli ára og námu 5,3 ma.kr. og innheimt tryggingargjöld jukust um 5,2% og námu 39,2 ma.kr. Þá voru tekjur af sölu eigna alls 20 ma.kr. á árinu en þar af voru bókfærðir 12,8 ma.kr. í desember vegna sölu mannvirkja á fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll.

Greidd gjöld námu 369,6 ma.kr. á árinu 2007 og jukust um 54,9 ma. kr. milli ára eða rúm 17%. Almenn opinber þjónusta nam 52,3 ma.kr. og var hækkunin 38,2% milli ára. Útgjöld til almannatrygginga- og velferðarmála nema 86,6 ma.kr og hækka um rúm 18% frá fyrra ári. Þar undir falla lífeyristryggingar sem nema 38,7 ma.kr. og hækka um 7 ma.kr. milli ára og einnig barnabætur sem námu tæpum 8 ma.kr. og jukust um 2,1 ma.kr. Fæðingarorlofsgreiðslur hækkuðu um 1,5 ma.kr og námu 7,9 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála nema 52,8 ma.kr. og er aukningin 9 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilbrigðismála voru 93,3 ma.kr. og jukust um 8,5 ma.kr. Útgjöld til menntamála nema 37,8 ma.kr. og er aukningin á milli ára 3,3 ma.kr.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 48,5 ma.kr. á árinu 2007 en hrein lánsfjárþörf var 2,1 ma.kr. Afborganir lána voru 33,8 ma.kr., þar af hefur 11,3 ma.kr. verið varið til uppgreiðslu erlendra lána. Heildarlántökur tímabilsins nema 58,9 ma.kr. og er allt tekið að láni innanlands. Lántökurnar skýrast af skuldabréfaútgáfu í tengslum við kaup ríkisins á 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun að fjárhæð 26,9 ma.kr. og útgáfu á ríkisbréfum og ríkisvíxlum.

Vöruskiptin í janúar

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur fyrir 34,2 ma.kr. í janúar sem er lítilleg aukning frá síðasta mánuði en frá janúar í fyrra er raunaukningin um 20%. Það sem mesta athygli vekur þegar rýnt er í undirliði innflutningsins er að innflutningur fólksbifreiða eykst umtalsvert á milli mánaða og er í sögulegu hámarki. Einnig er nokkur aukning í hrá- og rekstrarvörum þrátt fyrir að innflutningur á áloxíði dragist saman. Innflutningur fjárfestingarvara og hluta til þeirra eykst á milli mánaða og hefur ekki verið meiri síðan í júlí á sl. ári. Innflutningur rafskauta til álframleðslu er áfram nokkuð mikill en eykst þó ekki á milli mánaða. Innflutningur á mat, drykkjarvörum og öðrum neysluvörum dregst saman á milli mánaða en er engu að síður mikill samanborið við janúar á sl. ári.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – janúar 2008



Fluttar voru út vörur fyrir 24,4 milljarða króna sem er nokkur aukning frá sl. mánuði þegar útflutningur nam einungis um 18,7 milljörðum króna. Útflutningur áls eykst að nýju eftir að hafa dregist töluvert saman í desember og útflutningur sjávarafurða er sambærilegur við útflutning sjávarafurða í desember. Í heild nam hallinn á vöruskiptajöfnuðinum í janúar 9,8 milljörðum króna.

Athygli skal vakin á því að mat á hreyfingum undirliða inn- og útflutnings er byggt á eigin útreikningum en ekki bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Framboð vinnuafls 2008

Fjármálaráðuneytið hefur að venju áætlað framboð vinnuafls í ár eftir landshlutum og mánuðum. Þessi áætlun er meðal annars notuð við útreikning á hlutfalli skráðs atvinnuleysis sem Vinnumálastofnun birtir mánaðarlega yfir árið. Áætlunin er gerð í svokölluðum ársverkum, sem eru mælikvarði á magn framboðsins. Gert er ráð fyrir því að að meðaltali verði framboð vinnuafls í ár 162.600 ársverk sem er nær óbreytt frá endanlegu mati ráðuneytisins fyrir árið 2007. Nokkur tilflutningur verður þó á framboðinu milli landshluta eins og kemur fram í töflunni hér fyrir neðan. Mest aukning á framboðnu vinnuafli er á Suðurnesjum en fólksfjölgun hefur verið mest þar en hins vegar dregur mest úr framboðinu á Austurlandi þar sem framkvæmdum er að mestu lokið. Hinn mikli aðflutningur vinnuafls sem átt hefur sér stað að undanförnu hefur gert nokkuð erfitt um vik að fylgja eftir breytingum á framboði vinnuafls. Eins og hingað til mun verða reynt að gera breytingar á áætluninni yfir árið eftir því sem nýjar upplýsingar gefa tilefni til.

Framboð vinnuafls eftir landshlutum 2008

Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári

	%		%
Allt landið	0,0	Vestfirðir	-1,6
Höfuðborgarsvæði	0,2	Norðurland vestra	-1,2
Landsbyggð	-0,2	Norðurland eystra	-0,4
Suðurnes	1,9	Austurland	-2,9
Vesturland	0,3	Suðurland	0,1

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6
Eignarskattar	-38,5	27,7
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2
Tryggingagjöld	15,4	5,2
Tekjur alls	-4,5	18,7

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	38,2
Heilbrigðismál	...	10,0
Alm.trygg. & velferðarmál	...	18,2
Efnahags- og atvinnumál	...	20,7
Menntamál	...	9,5
Gjöld alls	...	17,4

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-25.435	-2.144
Afborgun lána	-46.097	-33.837
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-75.531	-48.481
Lántökur	115.713	58.939
Greiðsluafkoma	40.182	10.457

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Verðbólga (jan.´08)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (jan.´08)	7,1	5,9
Launavísitala (desember)	9,8	8,6
Heildarvelta (jan.-október)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-október)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,2	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

14. febrúar 2008

Atvinnuleysi í janúar hið lægsta í 20 ár

Í nýbirtum tölum Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi í síðasta mánuði kemur fram að hlutfallslegt atvinnuleysi reiknast 1,1% af vinnuafli. Þetta er minnsta atvinnuleysi í þessum mánuði í 20 ár. Þegar tekið hefur verið tillit til árstíðarleiðréttingar er atvinnuleysishlutfallið 0,9% og stendur það óbreytt milli mánaða. Samtals fjölgaði atvinnulausum á skrá um 208 í mánuðinum og helmingur þeirrar fjölgunar var á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnulausum fjölgaði mest utan höfuðborgarsvæðisins í Fjarðabyggð, Ölfusi og Vestmannaeyjum en þeim fækkaði í Fjallabyggð og Norðurþingi. Um það bil 300 manns komu nýir inn á atvinnuleysisskrá í janúar sem er fjölgun frá fyrra mánuði. Enda þótt fjölgun í þessum hópi sé undanfari vaxandi atvinnuleysis er fjöldi þeirra sem koma nýir inn á atvinnuleysisskrá ennþá lítill. Fjölgað hefur í hópi þeirra sem verið hafa á skránni 4-8 vikur, minna í hópi þeirra sem verið hafa á skrá frá 2-6 mánuði á meðan ennþá fækkar í hópi þeirra sem hafa verið án atvinnu lengur en hálft ár. Hingað flyst enn erlent vinnuafl og fjöldi á vegum starfsmannaleiga er meiri en hann var í síðasta mánuði. Bendir þetta til þess að enn ríki mikil spenna á vinnumarkaði. Í nýrri þjóðhagsspá er hlutfallslegu atvinnuleysi spáð að aukast nokkuð í ár. Nýliðin þróun bendir til að sú aukning verði minni en þar er gert ráð fyrir.

Fjöldi atvinnulausra í lok janúar 2000–2008



Mikill aðflutningur

Í nýútgefnum tölum Hagstofu Íslands um búferlaflutninga árið 2007 kemur fram að það dró lítið úr íbúafjölgun vegna búferlaflutninga milli landa ef miðað er við árin 2005 og 2006 þegar aukningin var mest. Aðfluttir umfram brottflutta voru 3.352 árið 2007 sem er 1% af íbúafjölda landsins. Þó hefur þróunin verið mismunandi milli einstakra landsvæða eins og sjá má á myndinni. Þannig voru aðfluttir umfram brottflutta milli landa á höfuðborgarsvæðinu 3.257, eða um 1.000 fleiri en árið 2006. Aðfluttum umfram brottflutta fjölgaði einnig á landsbyggðinni utan Austurlands og var fjölgun vegna þeirra nær 1.300 manns. Þar munar mest um Suðurnes þar sem nettóflutningur

Aðfluttir umfram brottflutta í flutningum milli landa



nam 340 manns. Á Vesturlandi var munurinn 280 og á Norðurlandi eystra 260. Það er einungis á Austurlandi sem brottfluttir eru fleiri en aðfluttir í flutningum milli landa. Það stafar af því að framkvæmdunum eystra er nær lokið og starfsmenn á vegum hinna erlendu verktaka eru farnir á brott. Mismunur aðfluttra og brottfluttra er 1.453 þrátt fyrir það að rúmlega þúsund manns hafi flust til Austurlands í fyrra frá útlöndum. Það var einungis árin 2005 og 2006 sem fleiri fluttust þangað frá útlöndum. Þessar tölur sýna ótvírætt að árið 2007 var meiri eftirspurn eftir vinnuafli hér á landi en nokkru sinni fyrr og að enn eru engin merki um að slakna sé á í þeim efnum. Að einu leyti er árið 2007 frábrugðið fyrri árum. Á árunum 2004 til 2006 voru karlar mun fleiri en konur í hópi aðfluttra eftir að kynjaskipting hafði verið jöfn til margra ára. Konum hefur að vísu fjölgað í hópi aðfluttra en körlunum meira þar til í fyrra. Þá fluttust örlítið færri karlar til landsins en árið 2006 meðan konurnar hafa aldrei verið fleiri. Þetta bendir til þess að vaxandi fjöldi aðfluttra sé að sameina fjölskyldur og þá jafnframt að festa sig í sessi hér á landi. Jafnframt bendir þetta til þess að eftirspurn eftir vinnuafli í fleiri atvinnugreinum sé nú sinnt af erlendu starfsfólki en áður var.

Stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans

Seðlabanki Íslands hefur í dag ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum, í 13,75%. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var 15. janúar sl. er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hefji lækkun stýrivaxta á seinni hluta þessa árs. Sú spá er í samræmi við yfirlýsingar Seðlabankans um væntan stýrivaxtaferil. Nauðsynlegt er að setja inn forsendur um þennan þátt eins og aðra í gerð þjóðhagspár. Líkt og í haustspá er í þjóðhagsspánni gert ráð fyrir að stýrivextir taki að lækka á síðari hluta ársins í ákveðnum skrefum allt þar til þeir verða komnir niður í 5,5% í lok árs 2009. Sú spá byggir á þeirri forsendu að niðurstaða kjarasamninga verði hófleg, spenna á vinnumarkaði hjaðni, gengisþróun haldist hagstæð, að ótvíræðar vísbendingar komi fram um minnkandi innlenda eftirspurn og að ekki komi til frekari stóriðjuframkvæmda á árinu. Miðað við það er gert ráð fyrir að stýrivextir verði að meðaltali 13,2% árið 2008 og 7,8% árið 2009.

Væntur stýrivaxtaferill Seðlabanka Íslands



Ljóst er að forsendur þjóðhagsspár hafa breyst nokkuð þótt um gagnverkandi áhrif á innlenda eftirspurn sé að ræða. Ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur dregið úr framboði af lausafé og það lagst á sveif með aðhaldssamri hagstjórn við að draga úr innlendri eftirspurn. Merkjanlega hefur dregið úr veltu á fasteignamarkaði að undanförnu. Á móti hefur verð fasteigna haldið áfram að hækka og gengi krónunnar lækkað. Þá benda tölur um greiðslukortaveltu í janúar til að einkaneysla sé enn að aukast. Eins og kemur fram í grein hér að ofan ríkir spenna á vinnumarkaði og kaupmáttur ráðstöfunartekna er enn að aukast. Þá hafa líkur aukist að stóriðjuframkvæmdir í Helguvík hefjist í ár. Þótt umtalsverð óvissa tengist efnahagshorfum er ekki ósennilegt að Seðlabankinn telji þörf á aðhaldi í peningastefnunni enn um sinn, eða þar til skýr merki eru kominn fram um að tekið sé að draga úr spennu og að verðbólguvæntingar samræmist verðbólgumarkmiði.

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6
Eignarskattar	-38,5	27,7
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2
Tryggingagjöld	15,4	5,2
Tekjur alls	-4,5	18,7

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	38,2
Heilbrigðismál	...	10,0
Alm.trygg. & velferðarmál	...	18,2
Efnahags- og atvinnumál	...	20,7
Menntamál	...	9,5
Gjöld alls	...	17,4

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-25.435	-2.144
Afborgun lána	-46.097	-33.837
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-75.531	-48.481
Lántökur	115.713	58.939
Greiðsluafkoma	40.182	10.457

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (janúar)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	7,1	5,9
Launavísitala (des.´07)	9,8	8,6
Heildarvelta (jan.-okt.´07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt.´07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

21. febrúar 2008

Kjarasamningar breyta ekki spám um launaþróun

Í morgun birti Hagstofan launavísitölu fyrir janúarmánuð. Launavísitalan hefur hækkað um 1,3% frá fyrra mánuði og mælist árshraði launahækkana nú 6,2%, lægri en hann hefur verið í eitt og hálft ár. Um helming hækkunarinnar á launavísitölunni má skýra með samningsbundnum hækkunum hjá ríki og sveitarfélögum sem komu til framkvæmda um áramótin en helmingur er af öðrum orsökum. Má reikna með að launabreytingar utan samninga hafi verið með líku móti í janúar og verið hefur undanfarna mánuði. Að einhverju leyti kunna fyrirtæki að hafa hækkað laun starfsmanna á undan kjarasamningum á almennum launamarkaði, í trausti þess að í þeim yrði launaþróunartrygging (s.k. baksýnisspegill) eins og raun varð á. Lítið atvinnuleysi og mikil eftirspurn eftir vinnuafli eiga síðan efalítið sinn þátt í því hvernig framvindan er. Ársbreyting launavísitölunnar hrökk niður vegna þess að ekki varð almenn launahækkun í janúar eins og verið hefur undanfarin ár. Samtök atvinnulífsins hafa metið kostnaðarauka sinna félagsmanna vegna kjarasamninganna 17. febrúar sem 4% en þar af eru 3,3% vegna launahækkana sem hafa áhrif á launavísitöluna. Samtökin meta launaþróunartryggingu sem 1,4% kostnaðarauka og einhver hluti hans kann að hafa orðið til strax í janúar. Í síðustu spá ráðuneytisins var gert ráð fyrir að launahækkanir í ár yrðu 5,8% á almennum vinnumarkaði. Launavísitalan í janúar og nýgerðir kjarasamningar breyta ekki forsendum þeirrar spár. Meðan atvinnuástand er eins gott og verið hefur að undanförnu verður áfram þrýstingur á laun til hækkunar en spá ráðuneytisins gerir hins vegar ráð fyrir því að þessi þrýstingur taki að minnka eftir því sem líður á árið, m.a. vegna þess að reiknað er með því að atvinnuleysi taki að aukast.

Launavísitala janúar 2003 til janúar 2008



Útgáfa á nýjum flokki ríkisbréfa

Ákveðið hefur verið að hefja útgáfu á nýjum flokki ríkisbréfa til ellefu ára. Sex ár eru frá því að ríkissjóður gaf síðast út nýjan flokk ríkisbréfa til svo langs tíma. Sá flokkur er á gjalddaga eftir 5 ár og því var talin þörf á nýjum flokki óverðtryggðra bréfa til að mynda vaxtaviðmið til lengri tíma þrátt fyrir að fjármögnunar þörf ríkissjóðs sé nú engin.

Markmið útgáfunar er að mynda vaxtaviðmið fyrir aðra útgefendur óverðtryggðra skuldabréfa og auðvelda þannig verðlagningu á vaxtaskiptasamningum í krónum til 10 ára og mat á verðbólguvæntingum markaðarins til sama tíma. Ríkisbréfin eru óverðtryggð og bera ársvexti sem greiðast eftir á, 26. febrúar ár hvert. Auðkenni flokksins er RIKB 19 0226. Fyrsta útboð flokksins verður haldið í dag, 21. febrúar, og er áætlað að selja ríkisbréf fyrir allt að 10 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að halda 5 útboð á árinu þar sem þessi flokkur verður boðinn til sölu og að gefið verði út fyrir allt að 35 milljarða króna.

Fyrsta útboðið verður með svokölluðu hollensku sölufyrirkomulagi. Það felur í sér að tilboð í ríkisbréf sem eru samþykkt í útboðinu seljast á sama verði. Aðalmiðlarar ríkisbréfa, sem eru 7 innlendir bankar, bjóða í vextina sem þeir óska eftir að fá greidda árlega. Hæsta samþykkta krafan, þ.e. lægsta tilboðsverðið sem ríkissjóður gengur að ræður söluverðinu. Niðurstaðan úr útboðinu mun síðan gefa vísbendingu um hvaða nafnvexti bréfið ber með sér. Ríkissjóður hefur heimild til þess að ákvarða nafnvexti á bréfunum með 25 punkta fráviki frá niðurstöðu úr útboðinu.

Hollenskt sölufyrirkomulag er víða þekkt og dregur mjög úr óvissu bjóðenda við að finna hvað er eðlilegt verð á flokki sem ekki á sér eiginlegt vaxtaviðmið. Næstu útboð með flokkinn verða svo með því sniði sem verið hefur, þ.e. samkeppnisútboð þar sem aðalmiðlarar senda inn verðtilboð.

Flokkurinn verður skráður í kerfi OMX Nordic Exchange Iceland. Viðskiptavakt verður í höndum aðalmiðlara ríkisverðbréfa en það mun tryggja seljanleika flokksins á eftirmarkaði.

Breytingar í forstöðumannahóp ríkisins

Á undanförnum árum hafa átt sér stað töluverðar skipulagsbreytingar hjá ríkinu, þar sem stofnanir hafa ýmist verið sameinaðar, lagðar niður, eða nýjar settar á laggirnar. Þetta hefur áhrif á forstöðumannahóp ríkisins. Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda og kynjaskiptingu forstöðumanna ríkisstofnana í september 2005 og janúar 2008.

Kynjabókhald forstöðumanna 2005 og 2008

	2005		2008	
Ráðuneyti	*karlar*	*konur*	*karlar*	*konur*
Forsætisráðuneytið	2	3	3	3
Menntamálaráðuneytið	35	19	36	17
Utanríkisráðuneytið	4	0	3	0
Landbúnaðarráðuneytið	10	0		
Sjávarútvegsráðuneytið	5	1		
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið			9	0
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	33	10	27	8
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	8	6	8	7
Heilbrigðisráðuneytið	25	8	24	8
Fjármálaráðuneytið	20	1	17	3
Samgöngumálaráðuneytið	8	1	9	1
Iðnaðarráðuneytið	7	1	5	1
Viðskiptaráðuneytið	4	0	5	2
Hagstofa Íslands	1	0		
Umhverfisráðuneytið	10	0	11	1
Samtals	**172**	**50**	**157**	**51**
Kynjaskipting (%)	77,5	22,5	75,5	24,5

Eins og sjá má eru forstöðumenn nú 206 talsins í stað 222, sem er fækkun um 16 á tímabilinu. Á þessu tímabili hefur fækkun í hópi forstöðumanna eingöngu verið meðal karla. Hlutfall kvenna hefur á tímabilinu hækkað úr 22,5% í 24,5%.

Fjöldi forstöðumanna 2005 og 2008



Tekjur ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6
Eignarskattar	-38,5	27,7
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2
Tryggingagjöld	15,4	5,2
Tekjur alls	-4,5	18,7

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	38,2
Heilbrigðismál	...	10,0
Alm.trygg. & velferðarmál	...	18,2
Efnahags- og atvinnumál	...	20,7
Menntamál	...	9,5
Gjöld alls	...	17,4

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-25.435	-2.144
Afborgun lána	-46.097	-33.837
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-75.531	-48.481
Lántökur	115.713	58.939
Greiðsluafkoma	40.182	10.457

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (janúar)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	7,1	5,9
Launavísitala (janúar)	10,1	6,2
Heildarvelta (jan.-okt.´07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt.´07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

28. febrúar 2008

Ný skýrsla OECD um íslensk efnahagsmál

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, birti í dag nýja skýrslu um íslensk efnahagsmál. Hægt er að nálgast lauslega þýðingu á samandregnum niðurstöðum skýrslunnar hér.

Í kjölfar mikilvægra skipulagsbreytinga og erlendrar fjárfestingar hefur íslenska hagkerfið gengið í gegnum skeið mikils hagvaxtar sem leiddi af sér umtalsvert innra og ytra ójafnvægi. Þótt nýlega hafi hægt á hagvexti og dregið úr ójafnvæginu hefur aðlögunin verið ójöfn en launaþróun, betri fjármögnunarskilyrði og aðgerðir stjórnvalda kyntu aftur undir eftirspurn og verðbólguþrýstingi á árinu 2007. Að mati OECD er hagkerfið sveigjanlegt en áfram viðkvæmt fyrir viðhorfi erlendra fjárfesta, eins og sveiflur í gengi og verði hlutabréfa nýlega eru til marks um. Það er því höfuðverkefni stjórnvalda að endurheimta stöðugleika með því að tryggja að áfram muni draga úr ójafnvægi. Því til viðbótar er nauðsynlegt að efla getu bæði peningamála- og ríkisfjármálastjórnarinnar til að draga úr sveiflum í hagkerfinu og koma í veg fyrir að meiriháttar ójafnvægi skjóti aftur upp kollinum. Til lengri tíma litið eru horfur á útgjaldaþrýstingi á mörgum sviðum og því er það eitt höfuðverkefna stjórnvalda að endurskoða heilbrigðiskerfið. Þótt opinber fjármál séu á heildina litið í góðu lagi eru heilbrigðismál (sem eru að miklu leyti fjármögnuð af hinu opinbera) uppspretta mikils útgjaldaþrýstings. Heilbrigðisástand er mjög gott, en kerfið er dýrt sem bendir til að auka þurfi hagkvæmni í ráðstöfun fjármuna.

Stofnunin telur að meginverkefni stjórnvalda sé að koma fljótt á stöðugleika og er lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

- Það þarf að koma skýrt fram að Seðlabankinn hiki ekki við að herða aðhald í peningamálum enn frekar ef nauðsyn krefur til að halda verðbólguvæntingum við verðbólgumarkmiðið. Til að styðja við trúverðugleika peningastefnunnar væri það hjálplegt ef aðilar í ríkisstjórn virtu sjálfstæði Seðlabankans við að marka stefnuna.
- Á meðan eftirspurnar- og verðbólguþrýstingur er fyrir hendi er mikilvægt að forðast þensluhvetjandi aðgerðir í ríkisfjármálum. Eftir því sem tök eru á er einnig mikilvægt að stóriðjufjárfestingar verði innleiddar í hægum skrefum.

Þá þarf að styrkja þjóðhagslega stefnumörkun.

- Þegar dregið hefur úr sveiflum í verðbólgu er nauðsynlegt að styrkja rammagerð fjárlaga með því að nota útgjaldaþak á nafnverði til margra ára í samræmi við verðbólgumarkmið. Innleiða þarf samskonar fjármálareglur fyrir sveitarfélög, með útgjaldatakmörkunum.
- Þegar verðbólga er komin á markmið er æskilegt að laga umgjörð verðbólgumarkmiðsins (svo sem með breytingu á vísitölu markmiðsins).
- Einnig er fjallað um þörfina á að endurskoða Íbúðalánasjóð sem nú skekkir dreifingu fjármuna og dregur úr skilvirkni peningamálastefnunnar og eykur þar með þjóðhagslegt ójafnvægi.

Heibrigðismálin fá að þessu sinni sérstaka umfjöllun, en stofnunin telur að bæta þurfi kostnaðarskilvirkni heilbrigðisgeirans.

Vöruviðskiptin 2007

Hagstofa Íslands birti nýverið endurskoðaðar tölur fyrir inn- og útflutning á vörum árið 2007. Um er að ræða bráðabirgðatölur sem enn geta tekið frekari breytingum. Athygli vekur að útflutningur ársins er mun meiri en áður var gert ráð fyrir eða 302,8 ma. kr. í stað 287,6 ma.kr. áður. Aukinn útflutningur liggur að mestu leyti í útflutningi skipa og flugvéla í nóvember og desember en nú er gert ráð fyrir rúmlega 45,4 ma.kr. útflutningi skipa og flugvéla á árinu í stað 33,5 ma.kr. áður. Þessi aukni útflutningur skipa og flugvéla, frá því sem gert var ráð fyrir í vetrarskýrslu ráðuneytisins, hefur þó ekki áhrif á hagvaxtarspá ársins 2007 þar sem hann dregur úr atvinnuvegafjárfestingu ársins að sama magni. Annar útflutningur eykst þó einnig eða sem nemur 3,3 ma.kr. Innflutningur vöru er nú áætlaður 390,7 ma.kr. sem er einnig aukning frá fyrri tölum eða sem nemur 2,5 ma. kr. (án skipa og flugvéla) og er vöruskiptahallinn nú áætlaður 87,9 ma.kr. í stað 100,6 ma.kr. áður. Mismunurinn, um 800 milljónir kr. (án aukins útflutnings skipa og flugvéla), eykur hagvöxt sl. árs um tæpt 0,1 prósentustig, en í vetrarskýrslu ráðuneytisins var spáð 2,7% hagvexti á sl. ári.

Vöruviðskiptin 2007 (ma.kr.)

	2007	
Útflutningsframleiðsla	*Bráðabirgðatölur*	*Endurmetnar tölur*
Sjávarafurðir	128,4	127,7
Ál	80,6	80,3
Annað	45,1	49,4
Samtals	**254,1**	**257,4**
Útflutt skip og flugvélar	33,5	45,4
Breyting útflutningsvörubirgða	0,0	0,0
Vöruútflutningur alls	**287,6**	**302,8**
Vöruinnflutningur alls	**388,2**	**390,7**
Vöruskiptajöfnuður	**-100,6**	**-87,9**
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	**-12,8**	**-11,8**

Skattaleg meðferð söluhagnaðar í atvinnurekstri

Nú er til meðferðar hjá Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem varðar skattalega meðferð á sölu hlutabréfa hjá lögaðilum. Forsögu þeirra breytinga má rekja allt aftur til vorsins 1998 þegar samþykkt var sú regla að arður myndaði ekki skattstofn væri hann greiddur milli hlutafélaga eða sambærilegra félagaforma. Samhliða var lögaðilum heimilað að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum ef önnur sambærileg væru keypt innan tveggja ára frá sölunni. Þessar reglur tóku til hlutabréfa annarra en veltuhlutabréfa, en veltuhlutabréf eru alla jafna skilgreind sem þau bréf sem ganga kaupum og sölu innan ársins. Samkvæmt gildandi lögum telst hagnaður af sölu veltuhlutabréfa til rekstrartekna og tap sem við slíka sölu myndast frádráttarbær rekstrarkostnaður.

Frá því að framangreindar breytingar voru samþykktar hefur alþjóðlegt skattaumhverfi tekið stórfelldum breytingum í átt til lægri skattlagningar á atvinnurekstur og einfaldari og skilvirkari reglna. Það á ekki hvað síst við um skattlagningu fjármagnstekna, m.a. söluhagnaðar af hlutabréfum, enda er sá skattstofn afar kvikur. Þannig hafa íslensk félög í einhverjum mæli flutt eignarhald sitt á hlutabréfum yfir í dótturfélög í ríkjum þar sem skattlagning á söluhagnaði er talin hagstæðari en hér á landi.

Í ljósi þessarar þróunar er lagt til í umræddu frumvarpi að hagnaður lögaðila með takmarkaða ábyrgð eigenda, þ.e. hlutafélaga og einkahlutafélaga, af sölu hvers kyns hlutabréfa verði frádráttarbær frá tekjum með sama hætti og greiðslur arðs samhliða því að heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar verði felld brott.

Grunnregla tekjuskattsálagningar þegar um atvinnurekstur er að ræða er sú að sá rekstrarkostnaður, sem gengur til öflunar, viðhalds eða tryggingar á skattskyldum tekjum, sé frádráttarbær frá þeim tekjum áður en til álagningar tekjuskatts kemur. Með öðrum orðum, skattfrjálsar tekjur takmarka rétt til frádráttar á rekstrarkostnaði. Í ljósi þess er lagt til í frumvarpinu að frádráttarbærni rekstrarkostnaðar verði takmörkuð á því ári sem skattfrjáls hagnaður af sölu hlutabréfa myndast eða er færður til tekna hjá viðkomandi lögaðila. Þá myndar tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa innan ársins ekki frádráttarbæran rekstrarkostnað. Sé til staðar yfirfæranlegt rekstrartap vegna fyrri ára þarf einnig að nýta það á móti hagnaði af sölu hlutabréfa og sama á við um yfirfæranlegt rekstrartap á söluári nema að því marki að rekstrarkostnaður sé umfram skattfrjálsan söluhagnað. Sé viðkomandi fyrirtæki í blönduðum rekstri skiptist rekstrarkostnaður í réttu hlutfalli við tekjurnar. Hafa ber í huga að þessi takmörkun á frádráttarbærni rekstrarkostnaðar nær þó ekki til arðgreiðslna.

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6
Eignarskattar	-38,5	27,7
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2
Tryggingagjöld	15,4	5,2
Tekjur alls	-4,5	18,7

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2006*	*2007*
Almenn opinber þjónusta	...	38,2
Heilbrigðismál	...	10,0
Alm.trygg. & velferðarmál	...	18,2
Efnahags- og atvinnumál	...	20,7
Menntamál	...	9,5
Gjöld alls	...	17,4

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember

Milljónir króna	*2006*	*2007*
Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-25.435	-2.144
Afborgun lána	-46.097	-33.837
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-75.531	-48.481
Lántökur	115.713	58.939
Greiðsluafkoma	40.182	10.457

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (janúar)	10,1	6,2
Heildarvelta (jan.-okt.´07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt.´07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

6. mars 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 25,4 ma.kr., sem er 1,9 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 4,6 ma.kr. meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 3,3 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 24,4 ma.kr. en var neikvæður um 6,8 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs í janúar námu 56,6 ma.kr. sem er 9,3% aukning frá janúar 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 54,2 ma.kr. sem er 9,5% aukning frá fyrra ári og samsvarar raunaukningu um 3,7% miðað við hækkun almenns verðlags. Aðrar rekstrartekjur aukast um 6,7% en þær skýrast einkum af vaxtatekjum og sölu vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 31,7 ma.kr. sem er 5,7% aukning frá árinu 2007. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 7,9 ma.kr. og lækkaði um 9,6% frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 0,3 ma.kr. Skattur af fjármagnstekjum nam 23,5 ma.kr. og jókst um 17,2% miðað við sama tímabil í fyrra, en innheimta hans fer að stærstum hluta fram í janúarmánuði hvert ár. Eignarskattar jukust um 40% frá fyrra ári og námu 831 m.kr., þar af námu stimpilgjöld 629 m.kr.

IFnnheimta veltuskatta nam 17,1 ma.kr. í janúar og jókst um 17,2% frá fyrra ári eða sem nemur 11,4% að raunvirði eftir að tekið hefur verið tillit til hækkunar vísitölu neysluverðs. Stærsti hluti veltuskatta eru tekjur af virðisaukaskatti sem nam 12,5 ma.kr. og jókst um 18,7% á milli ára eða 12,9% að raunvirði. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi lækkuðu að raunvirði um 2,5% að raunvirði. Önnur vörugjöld fylgdu verðlagsþróun að mestu. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 90% að raunvirði og olíugjaldið um 1,7% en vörugjöld af bensíni drógust saman um 10,3% að raunvirði.

Af öðru má nefna að tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda jukust um 14% frá sama tíma í fyrra og námu um 850 m.kr. og innheimta tryggingargjalda er sú sama og í janúar 2007.

Greidd gjöld nema 31,6 ma.kr. og hækka um 3,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða 11,5%. Mest munar um eins milljarðs hækkun til menntamála eða 21% og vegur Lánasjóður námsmanna þar þyngst með um 500 m.kr. hækkun á milli ára. Almannatryggingar og velferðarmál hækka um 0,6 milljarða milli ára eða 11%, og heilbrigðismál um 0,5 ma.kr. eða 6,8%. Þessir þrír málaflokkar vega langþyngst í heildarútgjöldum ríkisins og eru með tæplega 2/3 hluta útgjaldanna.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 23,5 ma.kr. í janúar, en lánsfjárþörfin var 7,2 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 24,4 ma.kr. Í janúar var gerður upp ríkisvíxill að fjárhæð 3,5 ma.kr.

Vöruskiptin við útlönd í febrúar 2008

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur í febrúar fyrir 32 ma.kr. sem er lítilleg lækkun frá fyrri mánuði þegar fluttar voru inn vörur fyrir 33,7 ma.kr. Fluttar voru út vörur fyrir 19,5 ma.kr. sem er nokkur lækkun frá fyrri mánuði og einnig minni útflutningur heldur en í febrúar á sl. ári. Vöruskiptajöfnuðurinn var því neikvæður sem nam 12,5 ma.kr. en á sl. ári var hallinn að meðaltali um 7,5 ma.kr. á mánuði.

Þegar rýnt er í undirliði inn- og útflutningsins ber helst til tíðinda að töluvert dregur úr innflutningi fólksbifreiða á milli mánaða en hann náði reyndar sögulegu hámarki í janúar sl. Einnig dregur nokkuð úr innflutningi á öðrum flutningatækjum til einkanota sem og flutningatækjum til atvinnurekstrar. Lítillega dregur úr innflutningi fjárfestingarvara og mat- og drykkjarvara en töluverður samdráttur er í innflutningi á varanlegum neysluvörum. Á móti kemur að um 10% aukning er í innflutningi á eldsneyti og smurolíum sem og hrá- og rekstrarvörum, þar sem aukinn innflutningur á áloxíði vegur þungt. Þá er einnig nokkur aukning í innflutningi á hálf-varanlegum neysluvörum (fatnaður, skór ofl.). Má gera ráð fyrir að innflutningurinn dragist saman á næstunni samfara minni innflutningi fjárfestingarvara auk þess sem lægra gengi mun draga úr innflutningi fólksbifreiða og ýmissa neysluvara.

Hvað útflutninginn varðar þá er útflutningur sjávarafurða svipaður og undanfarna tvo mánuði en verð sjávarafurða í erlendri mynt er gott um þessar mundir auk þess sem gengi krónunnar hefur lækkað undanfarið. Útflutningur áls er nokkru minni en í janúar þrátt fyrir að verð á áli sé gott um þessar mundir eftir að dregið hefur úr framleiðslu Kínverja undanfarið vegna erfiðs árferðis. Það lítur því út fyrir að nokkur töf verði á því að útflutningurinn endurspegli framleiðslugetuna á áli en einungis er tímaspursmál hvenær við sjáum útflutningsverðmætið taka góðan kipp upp á við.

Sem fyrr er mat á hreyfingum undirliða inn- og útflutnings byggt á eigin útreikningum en ekki bráðabirgðatölum Hagstofunnar.

Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri

Nýverið gaf Hagstofa Íslands út nýja spá um mannfjölda á Íslandi til ársins 2050. Í því samhengi er áhugavert að skoða þróun mannfjölda þeirra sem eru ellilífeyrisaldri þ.e. 67 ára og eldri. Á Íslandi er fjöldi 67 ára og eldri nú um 32 þúsund manns, sem er rúmlega 10% af heildarmannfjöldanum. Áætlað er fjöldinn í þessum aldurshópi verði orðinn tæplega 82 þúsund árið 2050 eða um 19% af heildarmannfjölda á Íslandi. Gert ráð fyrir því að ævilengd muni aukast talsvert. Í dag er meðalævilengd kvenna 82,8 ár og 78,9 ár hjá körlum en á árinu 2050 er reiknað með að meðalævilengd kvenna verði orðin 87,1 ár og 84,6 ár hjá körlum. Á móti er gert ráð fyrir því að fæðingartíðni muni standa í stað og jafnvel minnka. Með þessu móti verður þjóðin hlutfallslega eldri. Myndin sýnir þróun mannfjölda 67 ára og eldri fram til ársins 2050.

Þróun mannfjölda 67 ára og eldri til ársins 2050



Heimild: Hagstofa Íslands

Reikna má með því að ellilífeyrisútgjöld almannatrygginga aukist af þessum sökum en það fer þó eftir þróun viðmiðunartekna og uppsöfnun lífeyrisréttinda landsmanna. Ísland hefur þá sérstöðu að lífeyrissjóðirnir munu í vaxandi mæli standa undir lífeyri ellilífeyrisþega. Reikna má með að útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðisþjónustu aukist með auknum fjölda 67 ára og eldri en þó einkum þegar tekur að fjölga umtalsvert í hópi þeirra sem eru áttræðir og eldri. Reglulega eru endurskoðaðir þættir í heilbrigðiskerfinu og almannatryggingum. Í því samhengi verður að hafa það í huga hvort framtíðarkynslóðir muni standa undir væntanlegum auknum útgjöldum sem stafa af því að þjóðin er hlutfallslega að eldast.

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	26,9	9,5
Skattar á tekjur og hagnað	17,8	5,7
Eignarskattar	-26,8	40,0
Skattar á vöru og þjónustu	56,2	17,2
Tryggingagjöld	15,7	0,8
Tekjur alls	25,9	9,3

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	10,9	15,9
Heilbrigðismál	-0,4	6,8
Alm.trygg. & velferðarmál	10,3	11,0
Efnahags- og atvinnumál	37,6	-7,6
Menntamál	7,5	21,0
Gjöld alls	11,1	11,5

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	23.518	25.410
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-6.824	24.359
Afborgun lána	-60	-576
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-7.214	23.453
Lántökur	31.861	-3.550
Breyting á handbæru fé	24.647	19.903

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (janúar)	10,1	6,2
Heildarvelta (jan.-okt.´07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt.´07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

13. mars 2008

Skýrsla OECD um skattlagningu launa

Í nýrri skýrslu OECD um skattlagningu launa (Taxing Wages 2007) eru kynntar niðurstöður um þróun skattbyrði einstakra tekjuhópa og skattskriðs (e. fiscal drag). Skattskrið, sem er tæknilegt og flókið fyrirbæri, er skilgreint sem þau áhrif sem skatttekjur verða fyrir í stighækkandi skattkerfi af völdum breytinga á tekjum. Í fréttatilkynningu OECD er sérstaklega horft til þess að hve miklu leyti skattkerfisbreyting skilar sér til einstakra tekjuhópa. Í því sambandi er bent á að Ísland er í hópi landa þar sem barnafólk greiddi hærra hlutfall tekna í skatta árið 2006 en skattkerfisbreytingar gáfu til kynna. Ekki er auðvelt að túlka niðurstöður svo flókinna útreikninga í alþjóðlegum samanburði þar sem ekki er tekið tillit til mismunandi uppbyggingar skattkerfa í einstökum löndum eða ólíkrar launaþróunar þeirra.

Til að útskýra það sem um er að ræða má setja greiddan tekjuskatt einstaklinga fram á einfaldan hátt:

tekjuskattur = ((tekjur*skattprósenta) – persónuafsláttur) – barnabætur

Hér er um aðeins þrengri skilgreiningu að ræða en *skattafleyg* þann sem OECD mælir, en þar eru launatengd gjöld launþega og vinnuveitanda tekin með.

Laun á almennum markaði hækkuðu um 50% frá árinu 2000 til 2006 en verðlag hækkaði á sama tíma um ríflega 30%. Kaupmáttur launa hækkaði verulega á tímabilinu. Skattprósenta í tekjuskatti var lækkuð úr 25,75% í 24,75% árið 2005 og í 23,75% árið 2006. Skatthlutfall í staðgreiðslu lækkaði um 1,65% á tímabilinu. Yfir tímabilið var upphæð persónuafsláttar hækkuð um 90% af þróun verðlags og lækkaði því um 9% að raungildi á tímabilinu. Frá síðustu áramótum er upphæð persónuafsláttar hækkuð til jafns við verðlag. Barnabætur með börnum yngri en 7 ára hafa vaxið að raungildi um 28% á þessu tímabili. Heildarupphæð barnabóta hefur vaxið umtalsvert.

Það sem kemur í ljós miðað við ofangreint er að það er fyrst og fremst hækkun raunlauna á tímabilinu sem hefur leitt til þess skattskriðs sem OECD mælir og lækkun persónuafsláttar að raungildi aðeins að litlu leyti. Ef tekjur hefðu haldist óbreyttar að raungildi miðað við þær breytingar sem framkvæmdar voru á skattkerfinu hefði skattbyrðin lækkað og á sú niðurstaða einnig við um barnafólk.

Vert er að huga að því að íslenska skattkerfið er með stigvaxandi (e. progressive) eiginleika þannig að aukinn kaupmáttur launa leiðir til aukinnar skattbyrði. Það er talið eðlilegt að fólk með auknar tekjur að raungildi greiði meira til rekstrar samfélagslegrar þjónustu. Við þetta má bæta að skattprósentan á Íslandi er orðin lág í alþjóðlegum samanburði. Mikilvægt er að skoða mælingar OECD á skattskriði í ofangreindu samhengi.

Þá má benda á að á ofangreindu tímabili jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um rúm 25%. Það er vegna þess að með lækkun skattprósentunnar lækkaði hlutfall skatta í tekjum. Auknar tilfærslur til heimilanna í formi persónuafsláttar og bóta lögðust síðan við atvinnutekjur. Því hefur hagur vinnandi fólks batnað umtalsvert á tímabilinu.

Varðandi þá fullyrðingu OECD að skattbreytingar undanfarinna ára hafi samkvæmt slíkum mælingum komið þeim tekjuhærri til góða þá er það út af fyrir sig rétt. Hátekjuskatturinn svonefndi var afnuminn til að einfalda kerfi tekjuskatta og auka framboð vinnuafls, en honum var talið fylgja óhagræði á vinnumarkaði. Í efnahagsskýrslu fyrir Ísland árið 2001 mælti OECD raunar með afnámi hátekjuskattsins þar sem viðmiðunarupphæðin hafði lækkað að raungildi með þeirri afleiðingu að vaxandi hópur fólks með sem næst meðaltekjur greiddi skattinn. Ofangreindar skattkerfisbreytingar hafa borið tilætlaðan árangur því atvinnustig á Íslandi er með því hæsta og atvinnuleysi með því lægsta sem er að finna hjá OECD-ríkjunum og velferð borgaranna með því mesta sem þekkist.

Vinnuafl í fjármálageiranum

Uppgangur fjármálastofnana hefur verið í brennidepli undanfarin misseri en eftir því sem óróleikinn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur staðið lengur hafa menn haft áhyggjur af því hvernig þær muni þróast áfram. Íslenskar fjármálastofnanir hafa vaxið mjög undanfarin ár, bæði erlendis og hérlendis, að umfangi og mannafla. Þessi þróun hefur þó ekki staðið lengi. Einkavæðingu viðskiptabankanna var endanlega lokið snemma árs 2003 og fjöldi starfsmanna í þessum geira atvinnulífsins hafði þá farið nokkuð minnkandi um nokkurra ára skeið. Það er í raun ekki fyrr en árið 2006 sem fjölgun starfsmanna í fjármálaþjónustu fer að verða áberandi en þá fjölgaði þeim um 11%. Árið 2007 fjölgaði þeim enn, og nú um tæp 20%. Alls töldust 8.700 manns starfandi í fjármálaþjónustu árið 2007. Það vekur athygli að frá árinu 2005 hefur körlum fjölgað um 71% meðan konum hefur fjölgað um 11%.

Fjöldi starfandi í fjármálaþjónustu og tryggingastarfsemi



Heimild: Hagstofa Íslands (vinnumarkaðskönnun).

Athyglisverður dómur EFTA dómstólsins

Í 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, eða framleiðslu ákveðinna vara, að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Á undanförnum misserum hafa komið upp álitamál um að hvaða marki þessi meginregla gildi á sviði þjónustu í almannaþágu og hvenær hægt sé að líta svo á að stofnanir á vegum ríkis eða sveitarfélags, sem sinna lögbundinni þjónustu í almannaþágu, séu skilgreindar sem fyrirtæki í skilningi ríkisstyrkjareglna og falli þar með undir umrædda 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Þetta stafar af því einkaaðilar hafa í auknum mæli haslað sér völl á sviði þjónustu í almannaþágu. Hefur framkvæmdastjórn ESB m.a. í því skyni gefið út leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð vegna þjónustu í almannaþágu. Þann 21. febrúar sl. kvað EFTA dómstóllinn upp athyglisverðan dóm í norsku máli þar sem reyndi á hvort opinber stuðningur við leikskóla í eigu sveitarfélaga kunni að fela í sér ólögmæta ríkisaðstoð. Forsaga málsins var sú að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafði í febrúar 2007 úrskurðað að hinn opinberi stuðningur félli ekki undir 61. gr. EES-samningsins, um tilkynningarskylda ríkisaðstoð, þar sem leikskólar í eigu sveitarfélaga væru ekki fyrirtæki í skilningi 61. gr. og að stuðningurinn gæti ekki talist hafa skaðleg samkeppnisáhrif á viðskipti milli samningsaðila. Einkarekinn leikskóli („Private Barnehagers Landsforbund") kærði ákvörðun ESA til EFTA dómstólsins þar sem hann taldi að um ólögmæta ríkisaðstoð væri að ræða sem hefði neikvæð samkeppnisleg áhrif á sinn rekstur þar sem hann hefði ekki aðgang að samskonar ríkisaðstoð. Í dómi sínum staðfesti EFTA dómstóllinn niðurstöðu ESA um að ekki væri unnt að líta svo á að leikskóli í eigu sveitarfélags, sem nyti opinbers stuðnings, væri fyrirtæki í samkeppnisrekstri í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Dóminn er að finna hér.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	26,9	9,5
Skattar á tekjur og hagnað	17,8	5,7
Eignarskattar	-26,8	40,0
Skattar á vöru og þjónustu	56,2	17,2
Tryggingagjöld	15,7	0,8
Tekjur alls	25,9	9,3

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	10,9	15,9
Heilbrigðismál	-0,4	6,8
Alm.trygg. & velferðarmál	10,3	11,0
Efnahags- og atvinnumál	37,6	-7,6
Menntamál	7,5	21,0
Gjöld alls	11,1	11,5

Afkoma ríkissjóðs janúar		
Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	23.518	25.410
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-6.824	24.359
Afborgun lána	-60	-576
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-7.214	23.453
Lántökur	31.861	-3.550
Breyting á handbæru fé	24.647	19.903

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (janúar)	10,1	6,2
Heildarvelta (jan.-okt.´07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt.´07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,1	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

27. mars 2008

Hagvöxtur á mann

Hagfræðingar beina gjarnan sjónum sínum að hagvexti til að mæla velgengni þjóðarbúskaparins. Mælingar á hagvexti í heild taka hins vegar ekki sérstaklega tillit til íbúaþróunar. Þegar tekið er tillit til mannfjölgunar fæst hagvöxtur á mann sem er talinn betri mælikvarði á þróun lífskjara einstaklinga.

Frá 1980 til 2007 óx landsframleiðslan í heild um 125% og mannfjöldinn um ríflega þriðjung, eða úr 228.161 í 311.296 manns. Landsframleiðslan óx því um 65% á mann. Í meðfylgjandi töflu má sjá meðaltal árlegs hagvaxtar í heild og á mann. Vöxturinn hefur verið ærið mismunandi eftir tímabilum.

VLF og mannfjöldi

Árlegur meðalvöxtur, %

	VLF	*VLF á mann*	*Mannfjöldi*
1980-1985	2,3	1,2	1,1
1985-1990	3,2	2,1	1,1
1990-1995	0,3	-0,7	1,0
1995-2000	4,9	3,8	1,0
2000-2005	4,3	3,2	1,0
2006-2007	4,1	1,5	2,6

Á fyrri helmingi níunda áratugarins var hagvöxtur hægur en jókst á síðari helmingnum. Hagvöxtur á mann þróaðist á svipaðan hátt, en var minni en hagvöxtur í heild vegna mannfjölgunar. Fyrri helmingur tíunda áratugarins var erfiður með svo til engum hagvexti og samdrætti í vexti landsframleiðslu á mann að meðaltali um 0,7% á ári. Á síðari helmingi síðasta áratugar lifnaði hins vegar yfir efnahagslífinu og var hagvöxtur að meðaltali nær 5% þau ár. Hagvöxtur á mann nam þá um 3,8% að meðaltali. Þótt hagvöxtur væri lítill rétt eftir aldamótin var hann mjög mikill árin 2004 og 2005 og var því að meðaltali um 4,3% á fyrri helming yfirstandandi áratugar, um 3,2% á mann. Hagvöxtur í heild hefur verið áþekkur undanfarin tvö ár, um 4,1%, en mun minni á mann, 1,5%. Eins og sjá má þróaðist mannfjöldin nokkuð jafnt frá 1980 til 2005 eða um 1% á ári að meðaltali. Hin síðari ár hefur aukningin hinsvegar verið mun meiri og hagvöxtur á mann því minni sem því nemur sérstaklega undanfarin tvö ár. Aukningin stafar fyrst og fremst af því að aðstreymi fólks til landsins hefur verið vel umfram brottflutning í tenglsum við mikla eftirspurn eftir vinnuafli. Rétt er að hafa fyrirvara á því að sá hagvöxtur á mann sem kemur fram í nýbirtum bráðabirgðatölum Hagstofunnar fyrir árið 2007 kann að breytast þegar fyllri upplýsingar liggja til grundvallar, en nýjar bráðabirgðatölur fyrir það ár verða birtar í september.

Atvinnu- og íbúaþróun

Skráð atvinnuleysi er tiltölulega næm vísbending um ástand í efnahagsmálum og gefur tilefni til að draga ályktanir um þróun mála um leið og þær birtast. Það er gert mánaðarlega og raunar er á vefsíðu Vinnumálastofnunar hægt að fylgjast með skráningunni daglega. Hvorki þær upplýsingar né hinar endanlegu tölur um atvinnuleysi eru þó gallalausar.

Í lok ágúst voru 1.538 manns á atvinnuleysisskrá á landinu öllu. Í lok febrúar voru þeir 1.796 og hafði fjölgað um 258. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar hafði atvinnulausum sem komu úr sjávarútvegi ekki fjölgað nema um 17 manns á þessu tímabili sem kann að vekja athygli í ljósi samdráttar í veiðiheimildum. Því má ekki gleyma í þessu samhengi að mannaflanotkun í sjávarútvegi hefur verið að dragast mjög saman á undanförnum árum jafnframt því sem framleiðni hefur vaxið mikið.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt skráð atvinnuleysi eftir sveitarfélögum þar sem breytingin milli ágúst og febrúar nam fleiri en 10 manns. Á höfuðborgarsvæðinu samtals hafði atvinnulausum fækkað um 57 frá ágúst til febrúar. Fjölgun atvinnulausra var mest í Reykjanesbæ og á

Atvinnulausir, fjöldi í lok mánaðar eftir sveitarfélögum

	Ágúst 2007	*Febrúar 2008*	*Breyting*
Reykjanesbær	151	218	67
Akureyrarkaupstaður	154	187	33
Fjarðabyggð	5	32	27
Fjallabyggð	10	35	25
Sveitarfélagið Árborg	19	39	20
Dalvíkurbyggð	12	26	14
Skútustaðahreppur	1	15	14
Sveitarfélagið Ölfus	25	38	13
Sandgerðisbær	17	29	12
Sveitarfélagið Skagafjörður	8	19	11
Fljótsdalshérað	4	15	11
Bolungarvíkurkaupstaður	13	2	-11
Ísafjarðarbær	40	6	-34
Reykjavíkurborg	626	587	-39
Landið allt	**1538**	**1796**	**258**

Akureyri, um 67 og 33 á hvorum stað fyrir sig. Á sama tíma fjölgaði íbúum í þessum sveitarfélögum verulega. Atvinnulausum hefur fjölgað í Fjarðabyggð þar sem orsakanna er væntanlega að leita bæði í lokum álversbyggingar og samdrætti í sjávarútvegi. Skráðum íbúum hefur fækkað eftir að starfsmenn byggingarverktaka álversins luku störfum. Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 135 á síðasta ári og það kann að eiga sinn þátt í fækkun atvinnulausra þar. Í Fjallabyggð (Ólafsfjörður og Siglufjörður) fjölgaði atvinnulausum samtímis því sem íbúum fækkaði um 92. Þar er skýringa á atvinnuþróun væntanlega fyrst og fremst að leita í sjávarútvegi. Atvinnulausum fjölgaði einnig í Skagafirði en þar fækkaði íbúum um 55 á síðasta ári. Á nokkrum stöðum er mögulegt að fækkun íbúa hafi komið í veg fyrir fjölgun atvinnulausra. Þarna má nefna Hornafjörð, þar sem íbúum fækkaði um 59 meðan atvinnulausum fjölgaði einungis lítillega. Í Vestmannaeyjum fækkaði íbúum en atvinnuleysi var nær óbreytt.

Tvísköttunarsamningur við Mexíkó

Undirritaður hefur verið samningur milli Íslands og Mexíkó til að komast hjá tvísköttun og nær samningurinn til tekjuskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að samið var um 5% afdráttarskatt af arði ef félagið sem móttekur arðinn á a.m.k. 10% í félaginu sem greiðir arðinn, en í öðrum tilvikum var samið um 15% afdráttarskatt. Þá var samið um 10% afdráttarskatt af vöxtum og þóknunum. Í sérstakri bókun sem gerð var í tengslum við samninginn er tekið fram að vextir af skiptisamningum (back-to-back loans) falli ekki undir ákvæði 2. mgr. 11. gr. Einnig er í sömu bókun ákvæði um að tvísköttunarsamningurinn komi ekki í veg fyrir að samningsríki geti nýtt sér ákvæði laga um lága eiginfjármögnun. Samkvæmt samningnum er frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun.

Jafnframt er samið um upplýsingaskipti á milli landanna varðandi þá skatta sem samningurinn nær til og er ákvæðið efnislega samhljóða endurskoðaðri 26. grein OECD módelsins frá 2005. Í þeirri endurskoðun var bætt við nýrri 4. mgr. sem skyldar samningsaðila til að láta í té upplýsingar sé þess óskað þótt sá samningsaðili sem afhendir upplýsingarnar þurfi ekki sjálfur á þeim að halda í skattalegum tilgangi. Einnig var bætt við nýrri 5. mgr. en samkvæmt henni getur samningsaðili ekki neitað að afhenda upplýsingar eingöngu vegna þess að þær séu í vörslu banka eða annarra fjármálastofnana.

Á næstu mánuðum munu stjórnvöld vinna að fullgildingu samningsins í báðum samningsríkjum. Vonast er til að samningurinn geti komið til framkvæmda 1. janúar 2009.

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	26,9	9,5
Skattar á tekjur og hagnað	17,8	5,7
Eignarskattar	-26,8	40,0
Skattar á vöru og þjónustu	56,2	17,2
Tryggingagjöld	15,7	0,8
Tekjur alls	25,9	9,3

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	10,9	15,9
Heilbrigðismál	-0,4	6,8
Alm.trygg. & velferðarmál	10,3	11,0
Efnahags- og atvinnumál	37,6	-7,6
Menntamál	7,5	21,0
Gjöld alls	11,1	11,5

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	23.518	25.410
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-6.824	24.359
Afborgun lána	-60	-576
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-7.214	23.453
Lántökur	31.861	-3.550
Breyting á handbæru fé	24.647	19.903

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (febrúar)	9,8	6,8
Heildarvelta (jan.-des.´07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des.´07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,1	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

3. apríl 2008

Hátt eldsneytisverð?

Svo sem kunnugt er hefur heimsmarkaðsverð á olíu hækkað mjög að undanförnu. Í ljósi umræðna um hátt eldsneytisverð hér á landi er áhugavert að skoða hvernig Ísland stendur í samanburði við nágrannalöndin þegar kemur að eldsneytisverði og hlut skattlagningar í því.

Notkun á olíu er víðast hvar skattlögð umfram aðrar vörur og er þeirri skattlagningu meðal annars ætlað að draga úr notkuninni. Á Norðurlöndunum er skattlagningin töluvert meiri en hér á landi eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan og gildir það bæði um bensín og díselolíu. Nú skömmu fyrir síðustu mánaðarmót var bensínverðið lægst á Íslandi af þeim fjórum Norðurlöndum sem hér eru sýnd. Raunar var það einungis í Lúxemborg og á Írlandi sem bensín var ódýrara en hér á landi meðal V-Evrópuríkja meðan Hollendingar borga næstum því eins mikið og Norðmenn fyrir bensín. Díselolía var hins vegar ódýrari en hér á landi í nokkrum ríkjum V-Evrópu.

Hlutur íslenskra stjórnvalda er innan við helmingur af endanlegu söluverði bensíns meðan það er nær 60% af söluverðinu á hinum Norðurlöndunum. Hlutfall skattlagningar er nokkru lægra á díselolíu.

Söluverð á eldsneyti í lok mars 2008

95 okt. bensín	*Ísland*	*Noregur*	*Danmörk*	*Svíþjóð*
Söluverð	151,90	186,99	171,17	157,71
Vörugjald	42,23	62,43	62,29	37,89
CO_2 gjald	.	11,98	3,56	30,05
VSK	29,89	37,40	34,23	31,54
Skattar alls	72,12	111,80	100,08	99,48
Verð án allra skatta	79,78	75,18	71,09	58,23
Hlutur stjórnvalda (%)	*47,5*	*59,8*	*58,5*	*63,1*
Dísilolía				
Söluverð	161,90	188,34	170,04	*166,70*
Vörugjald	41,00	45,21	45,09	16,44
CO_2 gjald	.	8,08	3,93	36,99
VSK	39,67	47,08	42,51	41,68
Skattar alls	80,67	100,38	91,53	95,10
Verð án allra skatta	81,23	87,95	78,51	71,60
Hlutur stjórnvalda (%)	*49,8*	*53,3*	*53,8*	*57,0*

Miklar verð- og gengissveiflur gera verðsamanburð milli landa erfiðan. Þessir útreikningar byggjast á verðupplýsingum frá FÍB um eldsneytisverð hér á landi og er miðað við fulla þjónustu. Upplýsingar um verð á eldsneyti í Evrópu eru fengnar af vefsíðu vegagerðarinnar í Danmörku. Útreikningar á skattlagningu eldsneytis eru byggðir á upplýsingum frá fjármálaráðuneytum Norðurlandanna.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - febrúar 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu greiðslna milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Handbært fé frá rekstri er jákvætt um 34,1 ma.kr. innan ársins sem er heldur hagstæðara en á sama tíma í fyrra. Tekjur voru 8,2 ma.kr. meiri en í fyrra en gjöldin jukust um 3,5 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 31,8 ma.kr. en var neikvæður um 1,6 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur á fyrstu tveimur mánuðum ársins námu 96 ma.kr. sem er 9,4% meira en á sama tíma 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingargjöld tæpum 91 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 9,9% að nafnvirði milli ára eða 6,5% umfram verðbólgu. Aðrar rekstrartekjur jukust um 9,2% (einkum vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu.) Skattar á tekjur og hagnað námu 44 ma.kr. og jukust um 11,6% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 15,7 ma.kr og jókst um 1,2% að nafnvirði frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 3,0 ma.kr. og minnkaði um 9,9% milli ára. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,7 ma.kr. en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Eignarskattar drógust saman um 2,9% frá fyrra ári og námu 1,7 ma.kr., þar af voru stimpilgjöld 1,3 ma.kr. Innheimta almennra veltuskatta nam 36,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem samsvarar 2,7 ma.kr. aukningu eða 4,8% hækkun að raunvirði. Stærsti hluti veltuskattanna er virðisaukaskattur sem nam að meðaltali um 13 ma.kr. á mánuði í janúar og febrúar og jókst um 1,6% að raunvirði frá fyrra ári. Vegna uppgjörstímabila og gjalddaga er rétt að líta á summu tveggja mánaða í senn til að sjá þróun heildarinnheimtunnar og er hún jafnan mest í upphafi árs vegna mikillar veltu í desember. Innheimtan var gríðarmikil í ársbyrjun 2007 en tólf mánaða takturinn féll hratt er leið á árið og yfir sumarmánuðina var innheimtan minni að raunvirði en árið áður. Um haustið tók við uppsveifla sem stóð fram til nóvember. Raunbreytingin milli ára hefur minnkað úr 16,3% í nóvember í 1,6% nú í febrúar. Að raunvirði jukust vörugjöld af ökutækjum um 118,8% milli ára og olíugjald stóð óbreytt frá fyrra ári. Vörugjöld af bensíni minnkuðu um 1,6% að raunvirði. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi minnkuðu að raunvirði um 5,3%.

Greidd gjöld nema 60,4 ma.kr. og hækka um 3,5 ma.kr. frá fyrra ári eða 6,9%. Milli ára hækka útgjöld mest til heilbrigðismála, um 1,1 ma.kr. eða 9,9% og til menntamála um 1 ma.kr. eða 7,3%. Hlutfallslega hækkar liðurinn óregluleg útgjöld mest eða um 73,8%. Undir þennan flokk falla liðirnir lífeyrisskuldbindingar og fjármagnstekjuskattur, en sá liður hækkar um tæpar 700 milljónir milli ára. Varnarmál hækka um 65,2% og munar mestu að nú kemur Ratsjárstofnun undir þennan lið. Útgjöldin eru 7,3 ma.kr. innan áætlunar og skýrist rúmur helmingur af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 30,3 ma.kr. fyrstu tvo mánuði ársins, en lánsfjárþörfin var 22,8 ma.kr. króna fyrir sama tímabil í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 31,8 ma.kr. og er 5,7 ma.kr. hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Vöruviðskiptin í mars

Samkvæmt bráðabirgðatölum voru fluttar inn vörur í mars fyrir um 36,4 ma.kr. (fob) sem er 14% aukning frá fyrri mánuði en gengislækkun krónunnar í mánuðinum hefur mikil áhrif þar sem innfluttar vörur eru nú mun dýrari en áður. Fluttar voru út vörur fyrir 31,2 ma.kr. sem er töluverð aukning frá því í febrúar þegar útflutningurinn nam um 20,9 ma.kr. Vöruskiptahallinn í mars var því 5,3 ma.kr. sem er mikill bati frá fyrri mánuði þegar hallinn nam 12,5 ma.kr.

Útflutningur sjávarafurða var með mesta móti í mars og ljóst að gengislækkun krónunnar mun reynast mikil búbót fyrir sjávarútveginn sem og aðrar útflutningsgreinar. Þá er útflutningur áls loks að taka við sér. Aukningin í mars er rúmlega 60% meiri en á sama mánuði í fyrra. Þau tæknilegu vandamál sem tafið hafa aukningu framleiðslu Alcoa Fjarðaáls að undanförnu er nú að mestu leyst og því má gera ráð fyrir að álútflutningur verði mun meiri þegar framleiðslugeta Fjarðaáls kemst á fullt stig innan skamms.

Þegar rýnt er í undirliði innflutningsins ber fyrst að nefna að innflutningur fjárfestingarvara (annarra en flutningatækja) er mjög hár í mánuðinum og hefur ekki verið hærri síðan í júlí 2006. Innflutningur hrá- og rekstrarvara er einnig hár í mars og hefur ekki verið hærri í einum mánuði, að desember sl. undanskildum. Aukning í innflutningi neysluvara í mars þarf ekki að koma á óvart og er í samræmi við svokölluð J-kúrfu áhrif. Samkvæmt þeim eykst verðmæti innflutnings í kjölfar gengislækkunar til að byrja með, en þegar fram í sækir hefur hærra verð áhrif til að draga úr magni innflutnings. Á næstu misserum má búast við að innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara dragist saman að magni til samfara hækkandi verði en að innflutningsverðmæti nauðsynjavara eins og matvöru aukist. Því er líklegt að vöruskiptahallinn dragist saman á komandi mánuðum og snúist í afgang þegar líða tekur á árið.

Tekjur ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,4	9,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,7	11,6
Eignarskattar	-15,5	-2,9
Skattar á vöru og þjónustu	24,2	8,1
Tryggingagjöld	12,2	4,9
Tekjur alls	21,3	9,4

Gjöld ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	18,9	15,0
Heilbrigðismál	6,6	4,8
Alm.trygg. & velferðarmál	14,5	2,7
Efnahags- og atvinnumál	74,5	-10,2
Menntamál	6,6	14,7
Gjöld alls	13,9	6,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – febrúar

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.133	34.087
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1.601	31.775
Afborgun lána	-20.583	-808
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-22.844	30.308
Lántökur	38.519	2.327
Breyting á handbæru fé	15.676	32.635

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (febrúar)	9,8	6,8
Heildarvelta (jan.-des.´07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des.´07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,1	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

10. apríl 2008

Niðurfelling stimpilgjalda vegna lána til fyrstu fasteignakaupa

Fjármálaráðherra hefur á Alþingi mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald. Núgildandi lög um stimpilgjald eru frá 1978 og kveða á um að greiða skuli stimpilgjald af þeim skjölum sem tilgreind eru í lögunum en þar er fyrst og fremst um að ræða afsöl og kaupsamninga, skuldabréf og tryggingarbréf, hlutabréf, víxla, vátryggingasamninga og kaupmála. Stimplun skjala er í höndum sýslumanna, banka og sparisjóða.

Með frumvarpi fjármálaráðherra er lagt til að skuldabréf og tryggingarbréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði, skulu vera undanþegin stimpilgjaldi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Er frumvarpið lagt fram í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, frá 17. febrúar 2008, í tengslum við gerð kjarasamninga.

Í frumvarpinu er nánar afmarkað hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að unnt sé að líta svo á að um fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði sé að ræða. Skilyrðin eru nánar tiltekið eftirfarandi:

a. Kaupandi íbúðarhúsnæðis, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, hafi ekki áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði.

b. Kaupandi íbúðarhúsnæðis, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, skal vera þinglýstur eigandi að a.m.k. helmingi eignarhluta í viðkomandi fasteign.

c. Sú lánsfjárhæð sem fram kemur í hinu stimpilfrjálsa skjali skal einvörðungu ætluð til fjármögnunar kaupum á viðkomandi fasteign.

Hafi maki kaupanda og skuldara, eða sambúðaraðili, áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði skal réttur þess sem uppfyllir skilyrði frumvarpsins, til niðurfellingar stimpilgjalds, aldrei vera meiri en sem nemur helmingi af annars ákvörðuðu stimpilgjaldi hins stimpilfrjálsa skjals. Með þessu er verið að horfa til þeirra tilvika þegar hjón eða sambúðarfólk búa saman í íbúðarhúsnæði sem aðeins annar aðilinn er skráður eigandi fyrir.

Í samræmi við lög um stimpilgjald gerir frumvarpið ráð fyrir að þeir aðilar sem hafa á hendi stimplun skjala (sýslumenn og bankar) skuli kanna, við ákvörðun um stimpilgjald skuldabréfs eða tryggingarbréfs sem tryggt er með veði og gefið út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði, hvort skilyrði frumvarpsins um niðurfellingu stimpilgjalds séu uppfyllt. Er það fyrirkomulag í samræmi við önnur ákvæði laganna um stimpilgjald.

Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs af stimpilfrelsi skuldabréfa og tryggingabréfa vegna fyrstu kaupa á fasteign geti numið allt að 500 m.kr. á ársgrundvelli. Lagt er til að gildistaka frumvarpsins verði 1. júlí 2008 þar sem að framkvæma þarf ákveðnar kerfisbreytingar vegna Landskrár fasteigna.

Tekjur aldraða

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á tekjum landsmanna. Tekjur og ráðstöfunartekjur hafa vaxið og kaupmáttur ráðstöfunartekna einnig. Þá hefur samsetning tekna tekið miklum breytingum, aðallega vegna þess að hlutur fjármagnstekna, beint og óbeint, hefur aukist. Aldraðir hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Hér á eftir verður fjallað um tekjur aldraða hjóna og teljast þær nokkuð dæmigerðar fyrir aldraða.

Árið 1995 voru meðaltekjur hjóna sem voru eldri en sjötug um 30% lægri en meðaltekjur allra hjóna, en það er í samræmi við alþjóðlega þróun á vinnumarkaði að heildartekjur fólks lækki eftir miðjan aldur. Þegar uppsveiflan fram að aldamótum gekk yfir náðu hinir eldri ekki að halda fyllilega í við þá yngri og tekjurnar urðu 41% lægri en allra hjóna árið 2000. Síðan þá hefur dregið saman með hverju ári og árið 2006 var hópurinn með tekjur sem voru 37,7% lægri en allra hjóna.

Samsetning tekna hjá eldra fólki hefur tekið miklum breytingum og þær breytingar munu halda áfram á næstu árum. Hlutur fjármagnstekna hefur þannig vaxið úr því að vera 8% af tekjum árið 1995 í að vera orðinn 39% árið 2006. Allan tímann sem hér er til athugunar hafa fjármagnstekjur þessa hóps verið hærri en meðalfjármagnstekjur allra hjóna. Hlutur atvinnutekna, sem er uppistaðan af því sem á myndinni er í flokknum aðrar tekjur hefur farið stöðugt minnkandi á þessu tímabili enda fækkar í þeim hópi sem heldur áfram störfum eftir 70 ára aldur til að afla nauðsynlegra ráðstöfunartekna. Eftir árið 2000 hafa lífeyrissjóðirnir haldið sínum hlut nokkurn veginn í tekjumynd þessa hóps og það hefur Tryggingastofnun einnig gert þótt vaxandi tekjur hópsins hafi leitt til þess að hluturinn hefur rýrnað örlítið. Að sjálfsögu er það svo með aldraða eins og aðra landsmenn að fjármagnstekjum er skipt misjafnar á milli manna en öðrum tekjum og sumir aldraðir bera lítið úr býtum meðan aðrir hafa góða afkomu. Eftir því sem lífeyriskerfi landsmanna byggist upp fjölgar í þeim hópi aldraðra sem hefur góðar og öruggar tekjur. Breytingar á skattkerfinu á undanförnum árum hafa auk þess auðveldað þeim sem það vilja að halda áfram störfum án þess að það bitni á þeim stuðningi sem þeir njóta frá samfélaginu.

Hlutfallsleg skipting heildartekna hjóna
70 ára og eldri eftir uppruna



Heimild: Ríkisskattstjóri.

Af vettvangi tvísköttunarmála

Hinn 4. apríl 2008 var undirrituð í Helsinki bókun við norræna tvísköttunarsamninginn frá árinu 1996. Í þeirri bókun er að finna ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum samningsins sem fyrst og fremst taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur á reglum er varða tvísköttun á gildistíma hans. Jafnframt hefur skattalöggjöf landanna breyst nokkuð frá því að samningurinn var undirritaður.

Með bókuninni eru m.a. gerðar breytingar á þeim ákvæðum samningsins sem gilda um skattlagningu arðs (gr. 10), söluhagnaðar af hlutabréfum (gr. 13), endurgjalds af vinnu um borð í flugvélum (gr. 15) og lífeyrisgreiðslna (gr. 18). Einnig eru gerðar minniháttar breytingar á reglum um framkvæmd samningsins.

Sú breyting sem mestu máli skiptir fyrir íslenska skattborgara er sú sem gerð er á skattlagningu lífeyrisgreiðslna. Samkvæmt gildandi samningi, sbr. 18. gr., skal einungis skattleggja eftirlaun og lífeyri í því ríki þaðan sem hann er greiddur. Sem dæmi, íslenskur lífeyrisþegi sem eyðir ellinni í Danmörku en fær eftirlaun greidd úr íslenskum lífeyrissjóði, greiðir einungis tekjuskatt og útsvar af þeim greiðslum á Íslandi. Breytingin skv. bókuninni felur það hins vegar í sér að skattlagningaréttinum er skipt milli greiðsluríkis og búseturíkis lífeyrisþegans. Það þýðir að íslenski lífeyrisþeginn í Danmörku er skattlagður með sama hætti og áður hér á landi, en samtímis öðlast dönsk skattyfirvöld rétt til að skattleggja þessar tekjur, þó þannig að frá þeim tekjuskatti sem heimilt verður að leggja á í Danmörku dregst sá tekjuskattur sem þegar hefur verið greiddur á Íslandi.

Löndin stefna á að fullgilda bókunina um breytingu á samningnum á þessu ári og tekur hún þá gildi frá og með næstu áramótum.

Tekjur ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,4	9,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,7	11,6
Eignarskattar	-15,5	-2,9
Skattar á vöru og þjónustu	24,2	8,1
Tryggingagjöld	12,2	4,9
Tekjur alls	21,3	9,4

Gjöld ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	18,9	15,0
Heilbrigðismál	6,6	4,8
Alm.trygg. & velferðarmál	14,5	2,7
Efnahags- og atvinnumál	74,5	-10,2
Menntamál	6,6	14,7
Gjöld alls	13,9	6,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – febrúar

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.133	34.087
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1.601	31.775
Afborgun lána	-20.583	-808
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-22.844	30.308
Lántökur	38.519	2.327
Breyting á handbæru fé	15.676	32.635

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (febrúar)	9,8	6,8
Heildarvelta (jan.-des.´07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des.´07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,1	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

17. apríl 2008

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er því spáð að aðlögun hagkerfisins að innra og ytra jafnvægi hefjist á þessu ári. Miðað er við að viðsnúningur hagsveiflunnar verði um mitt þetta ár en viðbúið er að hátt stýrivaxtastig og lægra gengi krónunnar dragi að lokum úr eftirspurnarþrýstingi í hagkerfinu. Í Þjóðarbúskapurinn – Vorskýrsla 2008 sem var gefin út 15. apríl sl. er að finna nýja þjóðhagsspá fyrir árin 2008-2010 og framreikning til ársins 2013.

Þrátt fyrir vaxandi óróleika á fjármálamörkuðum árið 2007 jukust fjármunamyndun, einkaneysla og útflutningur meira en fyrri tölur gáfu til kynna. Hagstofan metur nú að hagvöxtur árið 2007 hafi verið 3,8%, sem er aðeins undir 4,5% meðaltali hagvaxtar síðustu tíu ára. Sterkt gengi krónunnar var helsta vörnin gegn miklum verðhækkunum innanlands með því að stuðla að samkeppni frá erlendri vöru og þjónustu. Gott atvinnuástand, sívaxandi kaupmáttur og greiður aðgangur að lánsfé skýra af hverju vöxtur innlendrar eftirspurnar var jafn mikill og hefur staðið jafn lengi og raun ber vitni. Mikill eftirspurnarþrýstingur hefur leitt til þess að nýting framleiðsluþátta hefur verið umfram það sem samrýmist verðstöðugleika.

Tafla Yfirlit þjóðhagsspár 2007–2010

	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
	Brb.	Spá		
	2007	2008	2009	2010
Einkaneysla	4,2	-1,1	-6,0	3,2
Samneysla	3,3	2,9	2,5	2,7
Fjármunamyndun	-14,9	-10,5	-2,2	-4,6
Birgðabreytingar	-0,8	-0,2	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	-2,3	-2,3	-3,3	1,3
Útflutningur vöru og þjónustu	18,1	6,6	5,2	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,4	-3,4	-1,8	3,7
Landsframleiðsla	3,8	0,5	-0,7	0,8
Þjóðartekjur	7,3	-1,6	0,6	2,0
Viðskiptajöfnuður	.	.	.	.
% af landsframleiðslu	-15,6	-13,2	-7,7	-6,6

Árið 2008 er áætlað að þjóðarútgjöld dragist saman um 2,3% vegna samdráttar í einkaneyslu og íbúðar- og atvinnuvegafjárfestingu, þrátt fyrir að uppbygging álvers í Helguvík hefjist á árinu. Spáð er að hagvöxtur verði 0,5% á árinu m.a. vegna tæplega 70% aukningar í útflutningi áls og samdráttar innflutnings. Áframhaldandi vöxtur kaupmáttar og spenna á vinnumarkaði viðhalda innlendri eftirspurn á fyrri hluta yfirstandandi árs en eftirspurn mun hins vegar dragast hratt saman á seinni hluta þess. Þá hefur neikvæð þróun á fjármálamörkuðum, ef hún verður langvarandi, þau áhrif að hægja á hjólum efnahagslífsins.

Mikill samdráttur í einkaneyslu og íbúðarbyggingum leiðir til þess að hagvöxtur dregst saman um 0,7% árið 2009. Mikil veiking á gengi krónunnar árið 2008, óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og af þeim sökum minna lánsfjárframboð og verri horfur varðandi þróun eignaverðs gera það að verkum að samdráttur einkaneyslu verður meiri en í fyrri spám. Þá er gert ráð fyrir að innflutningur dragist áfram saman árið 2009 sem nemur 1,9% þrátt fyrir að framkvæmdir við byggingu álvers í Helguvík verði komnar á skrið og veikingu á gengi krónunnar. Jafnframt er spáð að áframhald verði á samdrætti undanfarinna ára í fjármunamyndun í heild, sem nemi 2,2%.

Verðbólga árið 2007 jókst í 5,0% vegna aukinnar spennu á fasteignamarkaði. Gengislækkun krónunnar frá miðju síðast ári ásamt eftirspurnarþrýstingi og viðvarandi spennu á vinnumarkaði hefur leitt til þess að verðbólga er áætluð að vera um 8,3% að meðaltali í ár. Nokkur verðbólguþrýstingur er enn talinn verða til staðar árið 2009 en að verðbólga minnki í 3,9%. Spáð er að verðbólga verði komin á 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands á seinni hluta ársins 2009 og verði að meðaltali 2,5% árið 2010. Spáð er að stýrivextir verði að meðaltali 15,1% árið 2008, 11,2% árið 2009 og 7,0% árið 2010.

Árið 2010 er gert ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu og fjármunamyndunar ásamt áframhaldandi bata í utanríkisviðskiptum knýi hagvöxtinn sem verði 0,8% það ár. Viðskiptahalli er áætlaður að hafa verið 15,5% af landsframleiðslu árið 2007 og spáð að dragast áfram saman á næstu árum og verða 13,2% af landsframleiðslu árið 2008 og 7,7% árið 2009 og 6,6% árið 2010.

Í framreikningum fyrir árin 2011-2013 er reiknað með 1,4% hagvexti að meðaltali; að verðbólga verði nálægt verðbólgumarkmiði og að viðskiptahallinn nálgist 4,4% af landsframleiðslu í lok tímabilsins.

Húsnæðisverð

Eftir að óróleiki magnaðist á alþjóðlegum fjármálamörkuðum árið 2007 hefur aðgengi að lánsfjármagni dregist saman víða um heim. Rót óróleikans á fjármálamarkaði má rekja til umfangs undirmálslána í Bandaríkjunum en mikil aukning varð í útlánum til margra einstaklinga án þess að greiðslumat færi fram þar sem flestir reiddu sig á að fasteignaverð héldi áfram að hækka. Þegar stýrivextir tóku að hækka í Bandaríkjunum fór að hægja hratt á veltu á fasteignamarkaði og vanskil íbúðalána jukust verulega. Í framhaldinu tók verð á bandarískum fasteignamarkaði að lækka og hefur sú þróun ágerst að undanförnu víða um Bandaríkin. Flest bendir til að tímabil hækkandi fjármagnskostnaðar sé gengið í garð og að það leiði til þess að fasteignamarkaðir kólni á næstu misserum og er fasteignaverð farið að lækka víðar en í Bandaríkjunum. Ef svo fer sem horfir, verður Ísland þar engin undantekning, en velta á fasteignamarkaði hefur haldist um 40% minni en á sama tíma í fyrra það sem af er ári.

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að raunlækkun á fasteignaverði verði um það bil 15% árin 2008-2010. Raunlækkun í spám annarra greiningaraðila hefur verið á bilinu 10-14% en Seðlabankinn spáir 30% raunlækkun. Undanfarin ár hefur fasteignverð hækkað víða um heim vegna mikils hagvaxtar og vaxandi framboðs af sífellt ódýrara fjármagni. Fasteignaverð á Íslandi hefur einnig hækkað en þó nokkru meira en í mörgum öðrum löndum. Eftir einkavæðingu bankanna var lokið hafa umsvif og fjárhagslegur styrkur þeirra aukist hröðum skrefum. Í lok ágúst 2004 hófu þeir óvænt harða samkeppni við Íbúðalánasjóð með lækkun íbúðavaxta og hærri lánsupphæðum. Fram að því hafði aðgengi að lánsfjármagni á innlendum fasteignamarkaði verið takmarkað og þá átt sinn þátt í að halda fasteignaverði lægra en ella. Jafnframt var fasteignaverð hér á landi lengi mun lægra en í nágrannaríkjunum. Aðkoma bankanna breytti því og fyrir vikið varð umtalsverð hækkun á mörkuðum milli 2004-2006 meðan fasteignamarkaðurinn aðlagaðist nýjum aðstæðum við fjármögnun fasteignakaupa. Einnig átti ört hækkandi lóðaverð vegna skipulagsbreytinga á höfuðborgarsvæðinu þátt í að verð hækkaði meira í Reykjavík en í öðrum borgum á þessu tímabili. Undanfarin fjögur ár hefur fasteignaverð hækkað um tæp 56% að raunvirði. Raunlækkun á fasteignaverði á næstu árum þarf að skoða í því samhengi.

Fasteignaverð í nokkrum borgum 2002-2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,4	9,9
Skattar á tekjur og hagnað	19,7	11,6
Eignarskattar	-15,5	-2,9
Skattar á vöru og þjónustu	24,2	8,1
Tryggingagjöld	12,2	4,9
Tekjur alls	21,3	9,4

Gjöld ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	18,9	15,0
Heilbrigðismál	6,6	4,8
Alm.trygg. & velferðarmál	14,5	2,7
Efnahags- og atvinnumál	74,5	-10,2
Menntamál	6,6	14,7
Gjöld alls	13,9	6,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – febrúar

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.133	34.087
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1.601	31.775
Afborgun lána	-20.583	-808
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-22.844	30.308
Lántökur	38.519	2.327
Breyting á handbæru fé	15.676	32.635

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (febrúar)	9,8	6,8
Heildarvelta (jan.-des.´07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des.´07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	1,3	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. maí 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 37,8 ma.kr. innan ársins, sem er 7,4 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust 9,4 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 7,9 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 35,5 ma.kr., en var neikvæður um 1,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur á fyrstu þremur mánuðum ársins námu 128 ma.kr. sem er 7,2% meira en á sama tíma 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingargjöld rúmum 119 ma.kr. og jukust um 6,7% að nafnvirði milli ára eða 2,4% umfram verðbólgu. Aðrar rekstrartekjur námu rúmum 7 ma.kr. og jukust um 10,5% en þær samanstanda einkum af vaxtatekjum og sölutekjum af vöru og þjónustu. Loks nam eignasala ríkissjóðs rúmum einum milljarði á greiðslugrunni í mars.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæpum 54 ma.kr. og jukust um 8,7% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 23,1 ma.kr og jókst um 0,5% að nafnvirði frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 4,8 ma.kr. og minnkaði um 11,5% milli ára. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,8 ma.kr. en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Innheimtur fjármagnstekjuskattur á tímabilinu jókst um 22,9% milli ára. Eignarskattar drógust saman um 16% frá fyrra ári og sjást þar merki samdráttar á fasteignaviðskiptum, en stimpilgjöld sem námu 800 m.kr. í mars í fyrra námu aðeins 484 m.kr. í mars síðastliðnum.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæpum 51 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðunum ársins sem samsvarar 2,4 ma.kr. aukningu milli ára eða 0,7% hækkun að raunvirði (umfram hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar litið er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunhækkun veltuskatta 6,1% á ársgrundvelli. Stærsti hluti veltuskattanna (um 70%) er virðisaukaskattur og skilaði hann 9,3 ma.kr. í mars sem er tæpum milljarði minna að krónutölu en í sama mánuði í fyrra. Talsverð umskipti koma fram í innheimtutölum um virðisaukaskatt sl. tveggja mánaða eftir mikla innheimtu í janúar sl. Aðrir veltuskattar skiluðu ríkissjóði 15,5 ma.kr. í tekjur á tímabilinu, rúmum 2 ma.kr. meira en í fyrra, tollar 1,9 ma.kr. og tryggingagjöldin 10,3 ma.kr. Innheimta veltuskatta það sem af er ári er nokkru meiri en reiknað var með í tekjuáætlun ársins en á móti kemur heldur minni innheimta tekjuskatta.

Greidd gjöld námu tæpum 94 ma.kr. og jukust um 8 ma.kr. frá fyrra ári, eða 9,3%. Milli ára jukust útgjöld mest til heilbrigðismála, um 1,8 milljarð króna eða 8,3% og til menntamála um 1,3 ma.kr. eða 12,5%. Hlutfallslega er mest hækkun milli ára á liðnum varnarmál, en Ratsjárstofnun kemur sem ný stofnun undir þennan lið nú á þessu ári.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 33,6 ma.kr. eftir fyrsta ársfjórðung, en lánsfjárþörfin var 34,6 ma.kr. fyrir sama tímabil í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 35,5 ma.kr. fyrstu þrjá mánuðina, en var neikvæður um 1,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Áhrif frekari stóriðjuframkvæmda

Margvíslegar stóriðjuframkvæmdir eru til skoðunar á Íslandi sem byggja á samstarfi fjölþjóðlegra fyrirtækja og innlendra orkuveita. Í rammagrein 1 í þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins er greint frá þeim helstu og mati á líklegum áhrifum þeirra á þjóðarbúskapinn á komandi árum, ef af þeim yrði. Helstu verkefni eru sem hér segir:

- Álver Alcoa á Bakka
- Stækkun álvers Alcan í Straumsvík
- Hreinkísilverksmiðja Becromal á Íslandi í Þorlákshöfn
- Hreinkísilverksmiðja bandarískra aðila í Þorlákshöfn

Hafa ber í huga að um yrði að ræða langan framkvæmdatíma, frá næsta ári til 2015. Á næstu átta árum myndu framkvæmdirnar í heild hafa í för með sér fjárfestingu sem næmi 5 - 6% af landsframleiðslu á ári frá 2009 til 2011 en það hlutfall færi síðan lækkandi fram til ársins 2015 þegar umræddum framkvæmdum myndi ljúka.

Hagvöxtur með og án frekari stóriðjuframkvæmda 2008–2015



Gera má ráð fyrir að árlegur hagvöxtur yrði 1,0 til 1,5 prósent meiri árin 2009 til 2011 en kemur fram í meginspá. Þau ár myndi aukin atvinnuvegafjárfesting drífa hagvöxtinn. Spáð er að framleiðsluslaki myndist í hagkerfinu næstu ár og því ættu framkvæmdirnar að rúmast innan þanþols hagkerfisins.

Á seinni hluta tímabilsins, árin 2012 til 2015, yrði aukning hagvaxtar minni þegar færi saman mikill vöxtur í útflutningi en samdráttur í fjárfestingu eftir að mesti þungi framkvæmdanna er liðinn.

Við lok tímabilsins yrði virði útflutnings iðnvarnings nær tvöfalt meira en það er í dag og þrátt fyrir mikla aukningu í innflutningi væri kominn umtalsverður afgangur á vöruviðskiptum.

Taka ber fram að margir óvissuþættir tengjast því hvort af þessum verkefnum verður og áætluðum kostnaði við þau.

Vöruviðskiptin í apríl 2008

Innflutningur vöru, fob, var 40,8 ma.kr. í apríl samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þetta er 12% meiri innflutningur en í mars. Útflutningur vöru nam 33,5 ma.kr. sem er eilítið minni útflutningur en í mars þegar útflutningur nam 34,3 ma.kr. Vöruskiptahallinn í apríl nam því 7,2 ma.kr sem er nokkur aukning frá því í mars þegar hallinn nam 2,8 ma.kr.

Innflutningur hrá- og rekstrarvara eykst nokkuð á milli mánaða sem skýrist af auknum innflutningi á áloxíð til álframleiðslu. Einnig er nokkur aukning í innflutningi á eldsneyti frá því í mars en innflutningur á eldsneyti er jafnan mjög óreglulegur á milli mánaða. Að öðru leyti er lítið um breytingar frá sl. mánuði en helst má nefna að lítillega dregur úr innflutningi fólksbifreiða á milli mánaða. Innflutningur fjárfestingarvara er enn mikill en töluverð umsvif eru enn í hagkerfinu þótt hægt hafi á útlánum bankanna. Útflutningur vöru dregst lítillega saman eins og áður sagði og munar þar helst um að útflutningur áls dregst saman en hann var mjög mikill í sl. mánuði. Útflutningur sjávarafurða er mikill líkt og í fyrri mánuði þar sem veiking krónunnar er mikil búbót fyrir sjávarútveginn auk þess sem erlent verð sjávarafurða er gott um þessar mundir.

Gera má ráð fyrir að hallinn dragist saman á næstu mánuðum þegar innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra vara dregst saman að magni til samfara hækkandi verði.

Breytt útgáfuáætlun ritsins Þjóðarbúskapurinn 2008

Á árinu 2008 verður ritið Þjóðarbúskapurinn gefið út þrisvar sinnum í stað fjögurra áður. Ritið er gefið út á íslensku og ensku.

Útgáfa endurskoðaðrar þjóðhagsspár fyrir árin 2008–2010 þann 24. júní 2008 fellur niður.

Ný þjóðhagsspá fyrir árin 2008–2013 verður birt 1. október næstkomandi í samræmi við áður tilkynnta útgáfuáætlun.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,2	6,7
Skattar á tekjur og hagnað	20,2	8,7
Eignarskattar	-10,5	-16,0
Skattar á vöru og þjónustu	18,7	5,0
Tryggingagjöld	11,7	3,8
Tekjur alls	19,6	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	21,6	9,1
Heilbrigðismál	12,1	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	16,8	5,1
Efnahags- og atvinnumál	27,9	2,9
Menntamál	9,2	12,5
Gjöld alls	17,3	9,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.357	37.763
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1.663	35.457
Afborgun lána	-31.921	-808
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-34.574	33.659
Lántökur	43.753	-322
Breyting á handbæru fé	9.180	33.337

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (apríl)	5,3	11,8
Kjarnaverðbólga (apríl)	6,4	10,4
Launavísitala (mars)	9,7	7,8
Heildarvelta (jan.-des.´07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des.´07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	1,3	0,9

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

15. maí 2008

Fjármagnstekjuskattur

Í nýrri þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins er fjallað um fjármagnstekjuskattinn sem var tekinn upp hérlendis árið 1997. Fram að því voru vaxtatekjur einstaklinga skattfrjálsar en aðrar fjármagnstekjur þeirra báru almennan tekjuskatt. Hinum nýja skatti var m.a. ætlað að samræma og einfalda skattlagningu hinna ýmsu fjármagnstekna og þjóna markmiðum um jafnari tekjudreifingu, aukna áhættufjárfestingu í atvinnulífi og tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Fjármagnstekjuskatturinn hefur frá upphafi verið flatur skattur, 10%. Í samanburði við önnur lönd er þetta hlutfall fremur lágt, skattstofninn breiður og regluverkið einfalt. Fyrri myndin sýnir að skatturinn hefur skipað æ stærri sess í tekjum ríkissjóðs á þessum áratug, allt frá 1,7% af skatttekjum í byrjun upp í 6,0% árið 2006. Áætlað er að fjármagnstekjuskattur skili ríflega 30 milljörðum króna í ríkissjóð í ár.



Heimild: Ríkisreikningur áranna 1997–2006; fjárlög.

Fjármagnstekjuskatturinn leggst fyrst og fremst á einstaklinga, en einnig þá lögaðila sem eru undanþegnir almennri skattskyldu skv. 4. gr. skattalaga og ríkissjóð sjálfan. Fjármagnstekjur lögaðila eru hins vegar ekki aðgreindar frá öðrum skattskyldum rekstrartekjum þeirra og bera því 18% tekjuskatt. Stofn fjármagnstekjuskattsins eru eignatekjur hvers konar, svo sem vaxtatekjur, arður, leigutekjur og söluhagnaður. Seinni myndin sýnir hvernig vægi þessara fjögurra flokka í samsetningu heildarskattstofnsins hjá einstaklingum hefur þróast á sl. áratug. Dregið hefur úr hlut vaxtatekna þrátt fyrir mikinn vöxt þeirra á undanförnum árum. Í dag eru vaxtatekjurnar aðeins liðlega fimmtungur skattstofnsins og rúmur helmingur þar af eru vextir af bankainnistæðum. Fjölgun almenningshlutafélaga og tilurð virks hlutafjármarkaðar eftir 1996 leiddi til vaxandi fjármagnstekna einstaklinga úr þeirri átt. Það er einkum mikil aukning söluhagnaðar af hlutabréfum sem hefur breytt mynstrinu undanfarin ár.



Heimild: Ríkisskattstjóri.

Lágtekjuhlutfall á Íslandi með því lægsta í Evrópu

Nýlega birti Hagstofa Íslands skýrslu um lágtekjumörk og tekjudreifingu fyrir árin 2003-2005. Skýrslan er greinargerð um lífskjararannsókn á vegum Evrópusambandsins sem Hagstofan tekur þátt í. Samkvæmt skilgreiningu ESB voru 9,6% landsmanna undir lágtekjumörkum árið 2005 en miðað er við 60% af viðmiðunartekjum. Ef miðað væri við 50% af viðmiðunartekjum, eins og OECD gerir, væri hlutfallið 5,2%. Þessar tölur eru metnar út frá úrtaki og því háðar vikmörkum sem eru nálægt 1%. Vikmörkin sem eru mælikvarði á óvissu miðast við að 95% líkur séu á því að rétt gildi sé innan þeirra. Lágtekjuhlutfall (hlutfall landsmanna með ráðstöfunartekjur á neyslueiningu undir lágtekjumörkum) var lægst á Íslandi, í Hollandi og Tékklandi af 30 Evrópulöndum árið 2005.

Lágtekjuhlutfall er mismunandi eftir aldri eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Fyrir þá sem eru yngri en 15 ára var hlutfallið 12,1% árið 2005, með vikmörkum sem eru ±2,3%. Þetta er hinn hefðbundni mælikvarði á fátækt barna. Hlutfallið er nær óbreytt fyrir fólk á aldrinum 16-24 ára en þess ber að geta að hluti þess notar lán frá LÍN sér til framfærslu en þau lán teljast ekki til tekna. Hlutfallið fer síðan lækkandi eftir aldri fram til hópsins sem er eldri en 65 ára.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Lágtekjuhlutfall er mjög mismunandi eftir félagslegum aðstæðum. Hlutfallið er nokkru hærra hjá fólki með börn en án barna. Þetta á einkum við um einstæða foreldra þar sem yfir fjórðungur telst vera neðan við mörkin, að vísu með ±9,5% vikmörkum. Hlutfallið er 10,3% fyrir þá sem farnir eru á eftirlaun, nokkru minna en fyrir allan hópinn sem er eldri en 65 ára. Hlutfall undir lágtekjumörkum er hæst hjá þeim sem eru eldri en 65 ára og búa einir. Þar er það 27,6% ±6,8%. Þar sem tveir búa saman og annar er eldri en 65 ára er hlutfallið hins vegar 3,9% ±2,0%.

Bætur hvers kyns, bæði innan skattkerfisins og utan, skipta verulegu máli í afkomu tekjulágra. Ef öllum félagslegum greiðslum er sleppt (og raunar greiðslum úr lífeyrissjóðum einnig) telst rúmur fjórðungur landsmanna vera neðan við lágtekjumörk en ekki 9,6%. Fjórðungur barna telst einnig vera neðan við lágtekjumörkin ef ekki eru teknar með félagslegar greiðslur. Þetta segir með öðrum orðum að tilfærslur á vegum opinberra aðila (og lífeyrissjóða) fækkar þeim sem eru neðan við lágtekjumörk um meira en helming.

Ríkisstofnun til fyrirmyndar

Samkeppniseftirlitið hefur verið valin ríkisstofnun til fyrirmyndar 2008. Kvennasvið Landsspítala háskólasjúkrahúss og Geislavarnir ríkisins fengu hvatningarviðurkenningar.

Valið stóð á milli fimmtán stofnana að þessu sinni. Fimm stofnanir komust í úrslit. Þessar stofnanir eru: Fiskistofa, Geislavarnir ríkisins, Kvennasvið LSH, Menntaskólinn við Sund og Samkeppniseftirlitið. Umsögn valnefndar um allar fimm stofnanirnar er að finna hér.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,2	6,7
Skattar á tekjur og hagnað	20,2	8,7
Eignarskattar	-10,5	-16,0
Skattar á vöru og þjónustu	18,7	5,0
Tryggingagjöld	11,7	3,8
Tekjur alls	19,6	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	21,6	9,1
Heilbrigðismál	12,1	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	16,8	5,1
Efnahags- og atvinnumál	27,9	2,9
Menntamál	9,2	12,5
Gjöld alls	17,3	9,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.357	37.763
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1.663	35.457
Afborgun lána	-31.921	-808
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-34.574	33.659
Lántökur	43.753	-322
Breyting á handbæru fé	9.180	33.337

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (apríl)	5,3	11,8
Kjarnaverðbólga (apríl)	6,4	10,4
Launavísitala (mars)	9,7	7,8
Heildarvelta (jan.-des.´07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des.´07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,1	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

22. maí 2008

Mikill aðflutningur til landsins á fyrsta ársfjórðungi

Í nýbirtum tölum Hagstofunnar um búferlaflutninga á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs kemur fram að enn er mikill aðflutningur erlendra ríkisborgara til landsins og að brottflutningur þeirra í heild hefur ekki aukist.

Á myndinni má sjá hvernig mismunur á aðfluttum og brottfluttum milli landa hefur þróast frá árinu 2000. Í efnahagslægðinni sem varð skömmu eftir aldamótin fluttust fleiri íslenskir ríkisborgarar á brott en komu til landsins. Á sama tíma dró úr fjölgun erlendra ríkisborgara vegna þess að aðfluttum fækkaði meðan fjöldi brottfluttra stóð í stað. Í uppsveiflu undanfarinna ára voru aðfluttir íslenskir ríkisborgarar einungis fleiri en brottfluttir árið 2005. Útrás íslenskra fyrirtækja kann að eiga sinn þátt í því. Þó ber að hafa í huga að nettóflutningar íslenskra ríkisborgara eru einungis lítið brot af flutningi þeirra inn í landið eða úr því. Því er ólíkt farið með erlenda ríkisborgara. Aðflutningur þeirra hefur vaxið mjög og var mestur árið 2007. Það ár var jafnframt sett met í brottflutningi þeirra sem leiddi til þess að nettóflutningur var töluvert minni en árið 2006 enda fóru þá margir starfsmenn við stóriðju- og virkjanaframkvæmdirnar úr landi.

Hreinn fólksflutningur frá útlöndum til Íslands
(aðfluttir umfram brottflutta) 2000-2008



Á fyrsta ársfjórðungi ársins í ár fluttust hingað til lands 2.816 erlendir ríkisborgarar á meðan 671 þeirra fluttust á brott. Um er að ræða meiri aðflutning en á sama tíma á fyrra ári en einnig minni brottflutning. Ef heldur sem horfir er nýtt metár í uppsiglingu hvað nettóinnflutning erlendra ríkisborgara varðar. Ekki er reiknað með að þetta innstreymi útlendinga til landsins haldi áfram þegar hægja tekur á í efnahagslífinu. Vísbendingar eru nokkuð misvísandi um hvort og að hve miklu leyti sé tekið að hægja á í atvinnulífinu. Þannig kemur það einnig nokkuð á óvart að á fyrstu þremur mánuðum ársins hefur aðflutningur íslenskra ríkisborgara aukist og dregið úr brottflutningi þeirra. Ofangreind þróun bendir til að enn hafi verið mikill gangur í atvinnulífinu á fyrsta ársfjórðungi 2008 hvað sem síðar verður.

Tvísköttunarsamningur við Suður-Kóreu

Þann 15. maí sl. var undirritaður samningur milli Íslands og Suður-Kóreu til að komast hjá tvísköttun og nær samningurinn til tekju- og eignaskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að afdráttarskattur af arði er 5% ef móttakandi á a.m.k. 25% í félaginu sem greiðir arðinn en afdráttarskattur er 15% í öllum öðrum tilvikum. Þá var samið um 10% afdráttarskatt af vöxtum. Þó eru vextir sem greiddir eru ákveðnum fjármálastofnunum í eigu ríkisins s.s., bönkum og lánasjóðum undanþegnir afdráttarskatti. Einnig var samið um 10% afdráttarskatt af þóknunum en skilgreiningin á þóknunum er frábrugðin þeirri hefðbundnu að því leyti að hún nær einnig til þóknana fyrir afnot af vísindabúnaði. Samkvæmt samningnum er frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun.

Nokkur önnur atriði í samningnum eru frábrugðin hinni íslensku samningsfyrirmynd og þau helstu eru þessi: Í 4. gr. þar sem fjallað er um heimilisfasta aðila er sett fram það viðbótarviðmið að ef fyrirtæki hefur aðalskrifstofur (head or main office) sínar í Suður-Kóreu þá telst það heimilisfast þar. Þetta ákvæði kemur úr innlendri kóreanskri löggjöf. Í 15. gr. er ákvæði um sjálfstæða persónulega þjónustu en Kórea lagði mikla áherslu á það þar sem samkvæmt innlendri löggjöf þarf að flokka á milli sjálfstæðrar starfsemi og hagnaðar af atvinnustarfsemi þar sem um það gilda mismunandi reglur. Samningurinn inniheldur ákvæði um skattleysi kennara og rannsóknaraðila í hinu ríkinu í 2 ár frá komu til samningsríkis. Samkvæmt kóreanskri löggjöf eru kennarar taldir heimilisfastir í Suður-Kóreu og því skattlagðir þar þótt þeir fari og kenni erlendis í þann tíma sem fjallað er um í umræddum ákvæðum tvísköttunarsamninga.

Á næstu mánuðum munu stjórnvöld vinna að fullgildingu samningsins í báðum samningsríkjum. Vonast er til að samningurinn geti komið til framkvæmda 1. janúar 2009.

Stór áfangi í þróun rafrænna skilríkja

Ein helsta forsendan fyrir útbreiðslu rafrænnar þjónustu er að rafræn málsmeðferð njóti sama trausts og hefðbundin málsmeðferð. Traustið felst í því að öryggi, trúnaður og festa við meðferð mála séu óháð því hvaða aðferð er notuð. Mikilvæg forsenda fyrir því trausti er að aðilar sem stunda rafræn viðskipti séu vottaðir og þær upplýsingar sem miðlað er séu varðveittar.

Síðastliðin ár hafa fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, og Auðkenni hf., fyrir hönd banka og sparisjóða, átt í samstarfi um útbreiðslu rafrænna skilríkja á debetkortum. Í samstarfssamningi þessara aðila er kveðið á um að fjármálaráðuneytið stofni og beri ábyrgð á sérstakri vottunarrót fyrir Ísland. Þriðjudaginn 20. maí 2008 var slíkri vottunarrót komið á fót með stofnun svonefndrar Íslandsrótar.

Íslandsrót er efst í stigveldi trausts í skipulagi um rafræn skilríki, svokölluðu dreifilyklaskipulagi. Með dreifilyklaskipulagi er m.a. átt við það skipulag sem þarf til að framleiða skilríki. Mikilvægur þáttur í útbreiðslu rafrænna skilríkja er að notendur geti treyst á og staðfest með auðveldum hætti heilleika rafrænna auðkenninga og undirskrifta og að traustur aðili sé tilbúinn til að votta þann heilleika. Íslandsrót er starfrækt af sérstakri vottunarstöð Íslandsrótar sem fjármálaráðuneytið hefur umsjón með og er uppruni trausts í dreifilyklaskipulagi.

Á grunni Íslandsrótar verður nú hægt að gefa út svokölluð milliskilríki sem eru hugsuð sem vottunarstöð fyrir útgáfu endaskilríkja. Endaskilríki geta verið persónutengd sem einka- eða starfsmannaskilríki. Rafræn skilríki á debetkortum eru dæmi um slík skilríki. Endaskilríki geta einnig verið ótengd persónum og ætlað til auðkenningar á búnaði, tölvukerfi eða skipulagseiningu, t.d. félagi, sviði eða deild í fyrirtæki.

Með almennri útbreiðslu rafrænna skilríkja á debetkortum, útgáfu starfsmannaskilríkja og útgáfu annarra rafrænna skilríkja verður Íslandsrótin í lykilhlutverki í traustu rafrænu samfélagi á Íslandi.

Stofnun og starfræksla Íslandsrótar er tvímælalaust einn stærsti áfangi í samstarfsverkefni um útgáfu rafrænna skilríkja.

ÍSLANDSRÓT

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,2	6,7
Skattar á tekjur og hagnað	20,2	8,7
Eignarskattar	-10,5	-16,0
Skattar á vöru og þjónustu	18,7	5,0
Tryggingagjöld	11,7	3,8
Tekjur alls	19,6	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	21,6	9,1
Heilbrigðismál	12,1	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	16,8	5,1
Efnahags- og atvinnumál	27,9	2,9
Menntamál	9,2	12,5
Gjöld alls	17,3	9,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.357	37.763
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1.663	35.457
Afborgun lána	-31.921	-808
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-34.574	33.659
Lántökur	43.753	-322
Breyting á handbæru fé	9.180	33.337

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (apríl)	5,3	11,8
Kjarnaverðbólga (apríl)	6,4	10,4
Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,1	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

29. maí 2008

Þróun skattkerfisins 1991-2007

Nýverið svaraði fjármálaráðherra fyrirspurn á Alþingi um meginbreytingar á skattlagningu einstaklinga og lögaðila frá árinu 1990 og áhrif þeirra breytinga á tekjur ríkissjóðs. Eins og fram kemur í svarinu hefur skattkerfið á Íslandi tekið stórfelldum breytingum á því tímabili sem hér um ræðir. Á þessum árum lækkaði tekjuskattsprósenta ríkisins úr 32,8% í 22,75% og útsvar í staðgreiðslu úr 6,99% í 12,97%. Þannig hefur tekjuskatthlutfall einstaklinga að meðtöldu útsvari lækkað úr 39,79% í 35,72%, eða liðlega 4 prósentustig. Á sama tímabili hefur persónuafsláttur verið hækkaður sem leitt hefur til þess að skattleysismörk að teknu tilliti til frádráttarbærni iðgjalds í lífeyrissjóð hefur hækkað verulega. Þá hefur eignarskattur verið lagður af og skattlagning fjármagnstekna hjá einstaklingum verið samræmd. Ýmsar breytingar hafa einnig verið gerðar á barnabótum og vaxtabótum. Skattlagning lögaðila hefur ekki síður tekið stakkaskiptum með lækkun hlutfallsins úr 45% í 18%, afnámi aðstöðugjalds og eignarskatta. Þá hefur verðbólguleiðréttingar í skattskilum verið afnumndar.

Ýmsum vandkvæðum er bundið að meta áhrif framangreindra breytinga á tekjur ríkissjóðs. Í eftirfarandi töflu sést hvernig vægi einstakra tekjustofna hefur verið að breytast á umræddu tímabili sem hlutfall af skatttekjum sem gefur ákveðna mynd af því hvaða áhrif framangreindar breytingar hafa haft á einstaka tekjustofna ríkissjóðs.

Skatttekjur 1991–2007

	1991	*2007*	*Breyting*
	%		*% -stig*
Tekjuskattur einstaklinga	20,3	21,3	1,0
Tekjuskattur fyrirtækja	2,8	8,9	6,1
Fjármagnstekjuskattur	-	6,4	6,4
Eignarskattar, þmt. stimpilgjöld	5,7	3,0	-2,7
Tryggingagjöld	8,8	10,3	1,5
Virðisaukaskattur	38,1	33,9	-4,2
Aðrir skattar	24,3	15,9	-8,1
Skatttekjur, samtals	**100,0**	**100,0**	**-**

Virðisaukaskattur í viðskiptum yfir landamæri

Frá árinu 2006 hefur vinnuhópur á vegum OECD (Working Party No. 9 on Consumption Taxes) unnið að gerð alþjóðlegra leiðbeinandi reglna fyrir stjórnvöld um meðferð virðisaukaskatts við sölu á vöru og þjónustu yfir landamæri (International VAT/GST Guidelines). Til að byrja með snýr sú vinna fyrst og fremst að sölu á þjónustu yfir landamæri. Tilgangurinn með þessari vinnu er að samræma reglur sem flestra ríkja um hvernig staðið skuli að skattlagningu á viðskiptum yfir landamæri með það fyrir augum að koma í veg fyrir tvískattlagningu, undankomu skattlagningar sem og til hagræðis og einföldunar fyrir fyrirtæki og einstaklinga í viðskiptum sín á milli. Talsvert ósamræmi er í dag í löggjöf aðildarríkja OECD um hvar og hvernig leggja eigi virðisaukaskatt á í viðskiptum yfir landamæri, þ.e. hvort það sé í umdæmi seljanda, kaupanda eða þar sem kaupin eiga sér stað. Slík vandamál koma til að mynda oft upp við kaup á vöru og þjónustu með rafrænum hætti í gegnum internetið. Með samræmdum alþjóðlegum reglum á þessu sviði er ætlunin að sjá til þess að sem flest ríki beiti samskonar aðferðum við álagningu virðisaukaskatts í viðskiptum yfir landamæri. Í vinnuhópi OECD hefur þegar verið samþykkt sú meginregla að leggja beri virðisaukaskatt á sölu á þjónustu yfir landamæri í því umdæmi þar sem kaupandinn er staðsettur (customer location rule). Frá þeirri meginreglu kunna hins vegar að vera undanþágur sem nánar þarf að útfæra. Evrópusambandið hefur boðað að gerðar verði breytingar á s.k. virðisaukaskattstilskipun þess (VAT Directive), frá og með 2010, í þá veru að samskonar meginregla verði tekin upp fyrir aðildarríki Evrópusambandsins í viðskiptum yfir landamæri. Fyrirhugað er að gengið verði frá umræddum leiðbeinandi reglum OECD innan tveggja ára.

Spá um lýðfræðilega þróun á næstu árum

Hagstofa Íslands gaf út nýja mannfjöldaspá sem nær allt til ársins 2050 seint á árinu 2007. Fjallað er um spána í rammagrein í Þjóðarbúskapnum, nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kom út í síðasta mánuði. Í spánni er gert ráð fyrir að landsmenn verði orðnir tæplega 440.000 í lok spátímans sem er fjölgun um 0,8% að meðaltali yfir spátímabilið. Í spánni vex fjöldi landsmanna um 1% á ári í byrjun en smám saman dregur úr vextinum og undir lok tímans verður árlegur vöxtur orðinn 0,6%. Fjöldi fólks á starfsaldri (16-74 ára) vex hraðar en mannfjöldinn í upphafi tímabilsins en síðan fer vöxturinn minnkandi. Hlutfall fólks á starfsaldri af heildarmannfjöldanum helst hins vegar stöðugt næstu 10 árin, eða um 72%. en eftir það fer hlutfallið lækkandi og verður komið í 68% skömmu fyrir lok spátímans. Nú eru um 225.000 manns á starfsaldri en í lok spátímans verða 300.000 manns í þessum hópi. Á næstu 10 árum gerir spáin ráð fyrir að fjöldi ungra og eldri Íslendinga aukist hlutfallslega sem mun kalla á aukin útgjöld til mennta- og heilbrigðismála.

Samkvæmt spánni mun börnum að 5 ára aldri fjölga um 14% á næstu 10 árum og sambærileg fjölgun mun eiga sér stað á fjölda barna sem eru yngri en 7 ára og njóta barnabóta sem ekki eru tekjutengdar. Þó dregur úr fjölguninni ár frá ári. Aftur á móti snýst fækkun barna á grunnskólaaldri, sem reiknað er með næstu tvö ár, í vaxandi fjölgun sem nær hámarki eftir áratug. Þá verður fjöldi barna á grunnskólaaldri orðinn um 47.000, sem er 7% aukning frá því sem nú er.

Nokkru flóknara er að spá fyrir um fjölda framhaldsskólanema vegna óvissu um brottfall. Á undanförnum árum hefur þátttökuhlutfall í hverjum aldursflokki framhaldsskólanema hækkað. Ef miðað er við sama hlutfall árganga í framhaldsskóla og haustið 2006 verður ekki mikil fjölgun framhaldsskólanema í heild á komandi árum. Fjöldi nemenda á háskólastigi hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Einkum hefur þátttaka eldri nemenda aukist mikið. Ef áframhaldandi aukning verður á hlutfallinu verður fjölgun háskólanema enn meiri.

Um leið og yngri aldursflokkum Íslendinga fjölgar hlutfallslega er spáð að eldri aldursflokkar geri það einnig. Þeim sem eldri eru en sjötugir hefur á undanförnum árum fjölgað nokkuð meira en landsmönnum öllum þótt þrjú síðastliðin ár séu þar undantekning og svo mun enn verða um sinn en ekki lengi. Eftir 5 ár tekur að fjölga mjög í hópnum og gerir spáin ráð fyrir að á 16 ára tímabili frá 2016 fjölgi yfir 3% á ári í þessum hópi. Á næstu 10 árum stækkar hópur sjötugra og eldri um fjórðung. Aftur á móti mun áttræðum og eldri sem fjölgar um þessar mundir um yfir 3% á ári ekki fjölga svo ört á næstu árum þar á eftir þannig að eftir 10 ár verður þessi hópur einnig fjórðungi stærri en hann er nú. Hins vegar mun níræðum og eldri fjölga meira en þeim sem yngri eru og þeir verða orðnir 2.100 eftir 10 ár, 50% fleiri en þeir eru nú.

Mannfjöldaspá



Heimild: Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og eigin útreikningar.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,2	6,7
Skattar á tekjur og hagnað	20,2	8,7
Eignarskattar	-10,5	-16,0
Skattar á vöru og þjónustu	18,7	5,0
Tryggingagjöld	11,7	3,8
Tekjur alls	19,6	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	21,6	9,1
Heilbrigðismál	12,1	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	16,8	5,1
Efnahags- og atvinnumál	27,9	2,9
Menntamál	9,2	12,5
Gjöld alls	17,3	9,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.357	37.763
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1.663	35.457
Afborgun lána	-31.921	-808
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-34.574	33.659
Lántökur	43.753	-322
Breyting á handbæru fé	9.180	33.337

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (maí)	4,7	12,3
Kjarnaverðbólga (maí)	5,7	10,8
Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,1	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

5. júní 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta þriðjung ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 28,4 ma.kr. innan ársins, sem er 2,5 milljörðum lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust 11,5 milljörðum meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um tæpa 10 milljarða. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 26 ma.kr., sem er 24,5 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 161 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins sem er 8% aukning frá sama tíma árið 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 148 ma.kr. og jukust um 7% að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 5,8% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því aukist um 1,1% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur námu rúmlega 10,5 ma.kr. og jukust um 10,5% frá sama tímabili í fyrra, en sá liður samanstendur að mestu af vaxtatekjum og tekjum af sölu vöru og þjónustu. Þá var eignasala ríkissjóðs um 2 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað námu 65 ma.kr. sem er aukning um 11,1% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 31 ma. kr. (aukning um 3,5%), tekjuskattur lögaðila 8 ma.kr. (aukning um 2,1%) og fjármagnstekjuskattur 26 ma.kr. (aukning um 25,5%). Innheimta eignarskatta nam 3 ma.kr. sem er samdráttur upp á 17,8% á milli ára. Stimpilgjöld, sem eru um 80% eignarskattanna, drógust saman um 15,4% á tímabilinu.

Innheimta almennra veltuskatta nam 64 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og jókst um 3,7% að nafnvirði frá sama tíma árið áður en dróst hins vegar saman um 2% að raunvirði (miðað við hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal fer raunvöxtur veltuskatta minnkandi og var nú 2,1% á milli ára. Stærsti hluti veltuskattanna er virðisaukaskattur og skilaði hann ríkissjóði um 45 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins sem er nánast sama fjárhæð og hann skilaði á tímabilinu janúar-apríl 2007. Þar af skilaði hann tæplega 10 ma.kr. fyrir aprílmánuð 2008 sem er lítillega hærri fjárhæð en í mánuðinum á undan. Ef litið er til tímabilsins frá ársbyrjun, er raunlækkun virðisaukaskatts 4,8% á milli ára. Aðrir veltuskattar námu 19 ma.kr. á tímabilinu, um 2 ma.kr. meira en í fyrra. Þá námu tollar 2 ma.kr. og tryggingagjöld tæpum 14 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 35,6% og hins vegar 4,9% á milli ára.

Greidd gjöld nema 125,2 ma.kr. og hækka um tæpa 10 milljarða frá fyrra ári, eða um 8,6%. Mest hækka geiðslur til almannatrygginga og velferðarmála, um 2,1 ma.kr. eða 7,7% og til almennrar opinberrar þjónustu, um 2 ma.kr. eða 13,2%. Hlutfallslega er mest hækkun til varnarmála, en Ratsjárstofnun kemur sem ný stofnun undir þennan lið á þessu ári. Óregluleg útgjöld hækka um 29,7% og munar mest um gjaldfærslu fjármagnstekjuskatts sem er um 800 m.kr. meiri en á sama tíma í fyrra. Liðurinn löggæsla, réttargæsla og öryggismál hækkar um 19,7% en þar munar mestu um smíði varðskips.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 23,9 ma.kr. eftir fyrsta ársþriðjung en lánsfjárþörfin var 31,9 milljarðar á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 26 ma.kr. fyrstu fjóra mánuði ársins, en var jákvæður um tæpa 1,5 ma.kr. fyrir sama tímabil á síðasta ári.

Tillögur um skattlagningu eldsneytis og ökutækja

Eins og fram hefur komið hefur starfshópur fjármálaráðherra skilað af sér skýrslu um heildarstefnumótun skattlagningar eldsneytis og ökutækja. Í skýrslu starfshópsins er unnið út frá núgildandi fjórum stoðum í skattlagningu ökutækja og eldsneytis, þ.e. stofngjald (vörugjald af ökutækjum), árgjald (bifreiðagjald), eldsneytisgjald (bensíngjald og olíugjald) og notkunargjald á stór ökutæki (kílómetragjald). Ný og samræmd skattlagning ökutækja og eldsneytis nær til allra þessara þátta og eðli máls samkvæmt eru margir valkostir færir varðandi útfærslur. Í tillögum starfshópsins er lagt til að íslensk stjórnvöld feti svipaðar brautir og nágrannaþjóðir okkar hafa gert í baráttunni gegn aukinni losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum, þ.e. að tengja skattlagningu í ofangreindum flokkum við losun á koltvísýringi (CO2). Samræmd skattlagning í þá veru felur í sér upptöku losunargjalda á ökutæki, í stað vörugjalds og bifreiðagjalds, og upptöku kolefnisskatts á jarðefnaeldsneyti. Valkostir við útfærslu slíkrar heildarskattlagningar felast í samspili þessara fjögurra stoða. Sem dæmi má nefna tilfærslu á skattbyrði frá ökutækjum yfir á eldsneyti eða öfugt, tilhögun frávika frá stofngjaldi, árgjaldi, notkunargjaldi og eldsneytisköttum, stofn og dreifing losunargjalds og kolefnisskatts og afmörkun tekna af skattlagningunni. Er farið ítarlega yfir þessa valkosti í skýrslunni, kosti þeirra og galla, með það að leiðarljósi að búa til traustan grunn fyrir frekari ákvarðanatöku. Skattlagningu er að þessu leyti beitt sem hagrænu stjórntæki og ljóst er að margar misgóðar leiðir eru færar til að reyna að ná þeim umhverfislegu markmiðum sem starfshópnum voru sett. Í tillögum starfshópsins er í framhaldi af umfjöllun um valkosti og útfærslur lögð til ákveðin tilfærsla á skattlagningu frá ökutækjum yfir á eldsneyti á þann hátt að tekjur ríkissjóðs verði því sem næst óbreyttar. Áætlað er að með tillögu starfshópsins náist fram lækkun á meðallosun gróðurhúsalofttegunda frá nýjum fólksbílum úr 194 gCO2/km í 183 gCO2/km á sama tíma og stuðlað er að aukinni notkun vistvænna ökutækja og óhefðbundinna orkugjafa og tryggðar tekjur til vegagerðar.

Vöruviðskiptin í maí

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur fyrir 39,9 ma.kr. í maí sem er lítillega minni innflutningur en í aprílmánuði. Fluttar voru út vörur fyrir 39,3 ma.kr. en aldrei fyrr hefur virði útflutnings verið jafn mikið í einum mánuði. Hallinn á vöruviðskiptunum er því einungis um 600 milljónir í maí sem er töluverður bati frá fyrri mánuði þegar hann var 7,3 ma.kr.

Mikil aukning í útflutningi kemur til vegna stóraukins útflutnings á áli og er ljóst að Alcoa Fjarðarál er nú loks komið í fulla framleiðslugetu en gangsetningu allra rafgreiningarkera álversins lauk í apríl sl. Heimsmarkaðsverð á áli er auk þess hátt um þessar mundir líkt og verið hefur það sem af er ári. Útflutningur sjávarafurða er einnig mikill líkt og verið hefur en hann dregst þó lítillega saman frá fyrri mánuði þegar útflutningsvirði sjávarafurða náði sögulegu hámarki. Verð sjávarafurða er með hærra móti auk þess sem lágt gengi íslensku krónunnar hefur góð áhrif á afkomu sjávarútvegsins.

Innflutningur vöru var einnig með mesta móti í maí. Innflutningur á hrá- og rekstrarvörum eykst jafnt og þétt og munar þar mestu um aukinn innflutning á áloxíði. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum er með mesta móti og ljóst að lágt gengi krónunnar eykur innflutningsvirði á nauðsynjavarningi töluvert. Innflutningsvirði varanlegra og hálfvaranlegra neysluvara dregst nú saman eftir að hafa aukist fyrst eftir gengisfall krónunnar í mars sl. Eru þetta augljós áhrif lágs gengis krónunnar og erfiðra aðstæðna á lánamörkuðum um þessar mundir. Athygli skal vakin á því að mat á hreyfingum undirliða inn- og útflutnings er byggt á eigin útreikningum en ekki bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu

(m.v. VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,1	7,0
Skattar á tekjur og hagnað	22,3	11,1
Eignarskattar	-0,7	-17,8
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	3,7
Tryggingagjöld	12,0	4,9
Tekjur alls	19,5	8,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	14,9	12,8
Heilbrigðismál	8,6	7,2
Alm.trygg. & velferðarmál	15,4	9,1
Efnahags- og atvinnumál	20,6	4,8
Menntamál	11,3	12,0
Gjöld alls	13,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.885	28.379
Hreinn lánsfjárjöfnuður	1.484	26.025
Afborgun lána	-32.024	-804
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-31.864	23.901
Lántökur	46.052	9.701
Breyting á handbæru fé	14.188	33.602

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (maí)	4,7	12,3
Kjarnaverðbólga (maí)	5,7	10,8
Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,1	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

12. júní 2008

Þáttaskil í efnahagsmálum á Norðurlöndunum

Á fundi fjármálaráðherra Norðurlandanna sem haldinn var nýlega í Stokkhólmi var staða og horfur í efnahagsmálum til umræðu eins og venja er til. Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, eru jafnan efnahagslega vel í takt við hvert annað. Hagvöxtur hefur verið nokkuð jafn og stöðugur á undanförnum árum og hefur verið vaxandi ef eitthvað er. Nú er hins vegar komið að þáttaskilum. Reiknað er með því að hagvöxtur dragist saman á þessu ári. Er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti á hagvexti á næsta ári á Norðurlöndunum öllum.

Verðbólga er að aukast á Norðurlöndunum líkt og annars staðar í heiminum meðal annars vegna hækkandi olíu- og hráefnaverðs. Í Danmörku var verðbólgan til að mynda ekki nema um 1% um mitt síðasta ár en mælist um 3% nú um stundir. Svipaða sögu má segja af Svíþjóð þar sem árshraði hennar er 4% í nýjustu mælingu. Í Noregi jókst verðbólgan umtalsvert á seinni hluta síðasta árs og mældist um 4% um sl. áramót eftir að hafa verið lítil sem engin um mitt ár.

Dregið hefur úr atvinnuleysi á Norðurlöndunum á undanförnum árum samfara auknum vexti á vinnuaflinu. Atvinnuleysi í Danmörku mælist nú minna en áður var talið mögulegt og er gert ráð fyrir að það fari niður fyrir 2% en taki síðan að aukast aftur á næsta ári. Sömu sögu má segja um Noreg þar sem verið hefur innflutningur vinnuafls líkt og í Danmörku. Í Svíþjóð hefur einnig dregið úr atvinnuleysi á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir því að það haldist áfram í kringum 4%. Í Finnlandi er spáð 6% atvinnuleysi á árinu en dregið hefur jafnt og þétt úr því frá því er það var um 18% á fyrri hluta síðasta áratugar.

Sveiflur í vexti einkaneyslu

Í þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins sem kom út í apríl sl. var fjallað um hagræna þætti sem útskýra sveiflur í einkaneyslu. Fjallað var um kenningu Milton Friedman um frambúðartekjur (Permanent Income Hypothesis) sem kom fram 1957 og hefur oft verið notuð til að skýra út hvers vegna sveiflur í einkaneyslu eru minni en sveiflur í tekjum, en það mun vera raunin í flestum þróuðum hagkerfum. Í sem stystu máli er kenningin sú að neysla á hverjum tíma ráðist ekki eingöngu af tekjum þess tíma heldur einnig af áætluðum tekjum til langs tíma. Einstaklingur sem lifir samkvæmt þessari kenningu eyðir meira en hann aflar þegar tekjur eru verulega rýrari heldur en vænst er til langframa og sömuleiðis eyðir hann minna en hann aflar ef hann býr við uppgrip sem ekki eru varanleg. Kenningin gengur út frá að fólk vilji hafa neyslu sína sem jafnasta og stilli neysluna við nokkurs konar áætlað tekjumeðaltal.

Einkaneysla svarar til u.þ.b tveggja þriðju hluta landsframleiðslunnar, þannig að mikilvægt er að fá hugmynd um hvað drífur einkaneysluna áfram og þá helst hvað drífur sveiflurnar. Á Íslandi er ljóst að sterkt samband er á milli einstakra neysluliða, eins og bílainnflutnings, og gengis krónunnar, en aðrir þættir vega einnig þungt í að skýra sveiflur í einkaneyslu.

Vöxtur einkaneyslu á mann,
íbúðaverðs og hlutabréfaverðs



Við getum skoðað eftirfarandi líkan af einkaneyslu:

$$C = m1 * H + m2 * TW + m3 * FW$$

þar sem H er mannauður, TW er áþreifanlegur auður og FW er fjárhagsauður. Sem staðgengla fyrir þessar stærðir notum við kaupmátt ráðstöfunartekna fyrir H, íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu í stað TW og úrvalsvísitölu kauphallar í stað FW. Raðir með þessum gögnum eru afar stuttar, þ.e.a.s. við höfum ekki þessar fjórar stærðir fyrir þjóðfélagið í heild nema frá 1994 og þá á ársgrundvelli. Með svo lítið af gögnum getum við ekki metið flókin sambönd. Þó virðist á myndinni vera góð fylgni milli einkaneysluvaxtar á mann og íbúðaverðsþróunar.

Tölfræðipróf virðast ennfremur staðfesta það. Íbúðaverðsþróun er verulega marktæk sem mælikvarði á einkaneysluþróun. Þetta á við hvort sem við skoðum allt tímabilið eða eingöngu frá árinu 2000. Með öðrum orðum þá gefur kaupmáttarþróun síðustu tólf ára minni vísbendingar um einkaneyslu en íbúðaverð.

Með þetta bak við eyrað getum við nú stækkað gagnamengið með skoðun ársfjórðungsgagna frá og með árinu 1998. Þar höfum við einkaneyslu, íbúðaverð og hlutabréfaverð. Hér er sama upp á teningnum þ.e.a.s. hlutabréfaverðið er mun minna marktækt í einkaneyslu heldur en íbúðaverð. Engin tafin gildi íbúða- eða hlutabréfaverðs reynast marktæk við tölfræðilega skoðun á líkaninu.

Það að hlutabréfaauður vegi minna en íbúðarauður kemur síður en svo á óvart. Það er þekkt að jaðarneysluhneigð til að eyða fjármagnsauði er mun minni en hvatinn sem húsnæðisauður er.

Samþykkt lög á vorþingi

Á síðastliðnu vorþingi Alþingis voru afgreidd sem lög eftirfarandi tíu lagafrumvörp sem fjármálaráðherra lagði fram.

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum (breytingar á reglum um skattskyldu söluhagnaðar, stofnun sérstakrar starfseiningar innan skattkerfisins sem hafi með höndum umsýslu með skattamálum stórfyrirtækja)

Lög um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar (hækkun persónuafsláttar, lækkun á tekjuskatti lögaðila, hækkun barnabóta, hækkun á eignarviðmiðunarmörkum vaxtabóta, breytingar á skattalegri meðferð á gengishagnaði og gengistapi)

Lög um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald (niðurfelling stimpilgjalds af veðlánum sem gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði)

Lög um uppbót á eftirlaun (uppbót á eftirlaun til þeirra sem hafa engin eftirlaun úr lífeyrissjóði eða eftirlaun sem ekki ná 25.000 kr.)

Lög um endurskoðendur (ný heildarlög, innleiðing á EES-reglum)

Lög um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga (EES-reglur, endurskoðunarnefndir o.fl.)

Lög um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög (EES-reglur, rafræn skráning upplýsinga í hlutafélagaskrá)

Lög um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna (breytingar á starfsemi og fjármögnun Fasteignamats ríkisins)

Lög um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008 (fjármálaráðherra heimilt að taka lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt)

Lokafjárlög 2006

Á vorþinginu náðist ekki að afgreiða frumvarp fjármálaráðherra til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem kveður á um að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf, auk annarra smærri breytinga á lögunum.

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,1	7,0
Skattar á tekjur og hagnað	22,3	11,1
Eignarskattar	-0,7	-17,8
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	3,7
Tryggingagjöld	12,0	4,9
Tekjur alls	19,5	8,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	14,9	12,8
Heilbrigðismál	8,6	7,2
Alm.trygg. & velferðarmál	15,4	9,1
Efnahags- og atvinnumál	20,6	4,8
Menntamál	11,3	12,0
Gjöld alls	13,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.885	28.379
Hreinn lánsfjárjöfnuður	1.484	26.025
Afborgun lána	-32.024	-804
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-31.864	23.901
Lántökur	46.052	9.701
Breyting á handbæru fé	14.188	33.602

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (maí)	4,7	12,3
Kjarnaverðbólga (maí)	5,7	10,8
Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,1	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Þróun eldsneytisverðs

Í skýrslu starfshóps fjármálaráðherra um skattlagningu á ökutæki og eldsneyti er m. a. fjallað um heimsmarkaðsverð á eldsneyti. Á myndinni er sýnd þróun heimsmarkaðsverðs á 95 oktana bensíni og dísilolíu frá því skattlagningu dísilolíu var breytt á miðju ári 2005.

Heimsmarkaðsverð á bensíni og dísilolíu



Á myndinni má sjá að verðið á bensíni hefur sveiflast meira en á dísilolíu á undanförnum árum. Verð á bensíni hefur mjög sjaldan verið lægra en á dísilolíu. Að meðaltali hefur dísilolía verið 3,3% lægri í verði á hvert tonn en bensín þrátt fyrir að hún hafi 3,6% meira orkuinnihald. Frá ársbyrjun 2007 hefur verð hennar hækkað meira en bensín. Upp á síðkastið hefur verð á hverju tonni af dísilolíu verið um fjórðungi hærra en á bensíni. Innkaupsverð á eldsneyti til landsins er háð gengi krónunnar gagnvart dollar. Á því tímabili sem þarna er sýnt sveiflaðist gengi krónunnar gagnvart dollar mjög mikið. Krónan stóð hæst í október og nóvember í fyrra, innan við 61 kr/dollar en lægst í júní 2006 tæpar 75 krónur. Þótt gengi krónunnar hafi veikst mjög að undanförnu hefur því meðalgildi mánaðar ekki verið náð. Endanlegt söluverð eldsneytis jafnar mjög út sveiflur á innkaupsverði og gengi.

Frá því í fyrrahaust hefur innkaupsverð á hvern lítra af bensíni og dísilolíu hækkað mjög. Í október 2007 var reiknað innkaupsverð á bensíni 33,63 kr/l og 38,22 kr/l á dísilolíu. Fram til apríl í ár hefur innkaupsverðið á bensíni hækkað um næstum 20 kr á lítra, sem er 59%. Innkaupsverð á dísilolíu hefur hækkað um nærri 30 kr á lítra, um 76%. Á sama tíma hefur útsöluverð á bensíni hækkað um 17% en á dísilolíu um 25%. Hlutur olíufélaganna í endanlegu verði hefur því dregist saman að undanförnu. Framlegð olíufélaganna (endanlegt söluverð að frádregnum sköttum og vörugjaldi ásamt reiknuðu innkaupsverði, sem hlutfall af innkaupsverði) af dísilolíu var yfir 60% í október í fyrra en er nú 29%. Framlegð í bensínsölu var 78% en er nú 46%. Olíufélögin virðast þannig ekki hafa fært alla hækkun innkaupsverðsins yfir á neytendur þótt mjög hafi verið kvartað yfir verðinu. Mismunurinn er meiri á dísilolíu en bensíni að þessu leyti.

Teygni skatttekna í heild

Íslenskt atvinnulíf og skattkerfi hefur tekið umtalsverðum breytingum undanfarin ár og gefur það tilefni til að taka til endurskoðunar mat fjármálaráðuneytisins á því hver teygni skatttekna er með tilliti til hagsveiflunnar. Með öðrum orðum hve hratt eru tekjurnar líklegar til að aukast í uppsveiflu og hve mikið geta þær dregist saman í niðursveiflu.

Gott er að byrja á því að skilgreina hagsveifluna en hana má mæla með framleiðslubili (e. output gap), sem er vísbending um það hvort spenna eða slaki einkenni efnahagslífið. Framleiðslubilið er mismunurinn á raunverulegum hagvexti og þeim hagvexti sem metinn er samræmast jafnvægi. Sá jafnvægishagvöxtur er metinn vera nálægt 3% undanfarin ár. Þannig er líklegt að það dragi úr slaka eða að spenna myndist í hagkerfinu ef hagvöxtur er umfram 3%. Að sama skapi ef hagvöxtur er minni er líklegt að spennan minnki eða að slaki myndist í hagkerfinu.

Samsetning skatttekna skiptir einnig miklu máli, en hún hefur tekið örum breytingum undanfarin ár. Þannig hefur hlutfall beinna skatta, þ.á.m. tekjuskatta einstaklinga, tekjuskatta lögaðila, fjármagnstekjuskatta og eignaskatta, vaxið á kostnað óbeinna skatta, þ.á.m. virðisaukaskatta, vörugjalda og margvíslegra annarra skatta. Þá hefur samsetning beinna skatta tekið miklum breytingum. Hlutfall beinna skatta árið 2007 var 50% af heildarskatttekjum samanborið við 38% árið 1997. Aukið hlutfall beinna skatta má ekki síst rekja til mikils vaxtar í skatttekjum af fjármagni í kjölfar skattkerfisbreytinga, einkavæðingar bankakerfisins og aukinna umsvifa í fyrirtækjarekstri. Skatttekjur af fjármagni sem hlutfall af beinum skatttekjum ríkissjóðs hafa þannig aukist úr 4,5% árið 1997 í 15,7% á síðastliðnu ári. Aukið hlutfall beinna skatta og þá sérstaklega aukið hlutfall skatttekna af fjármagni leiðir til meiri teygni heildarskatttekna. Því eru skatttekjur næmari fyrir hagsveiflunni en áður.

Við mat á teygni skatttekna er fylgt aðferðafræði alþjóðastofnana og þá sérstaklega OECD. Hér er aðeins horft til beins mats á teygni heildarskatttekna gagnvart framleiðslubilinu en það má þó í framhjáhlaupi minnast á að óbeinir skattar hafa jafnan teygni í kringum 1 á meðan beinir skattar reiknast með teygni yfir 1. Þannig er teygni skatttekna af fjármagni nálægt 2, á meðan teygni tekjuskatts einstaklinga liggur á bilinu 1-1,3.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun yfir tíma á annars vegar metnu framleiðslubili og hins vegar fráviki skatttekna á hverjum tíma frá metinni langtímaleitni skatttekna. Nokkuð góð fylgni er á milli þessara tveggja tímaraða og á grundvelli þeirra er teygnin metin.

Frávik skatttekna frá HP-leitni og framleiðsluspennan



Stikamat fjármálaráðuneytisins á teygni skatttekna er nú 1,18 fyrir skatttekjur hins opinbera og 1,40 fyrir skatttekjur ríkissjóðs eins. Skatttekjur ríkissjóðs eru því samkvæmt þessu mun teygnari en skatttekjur sveitarfélaga og skýrist það af annars vegar af mun meiri skatttekjum af fjármagni og hins vegar stigvaxandi tekjuskatti einstaklinga. M.ö.o. ef hagvöxtur er mikill og framleiðslubilið eykst um 1% þá er líklegt að skatttekjur ríkissjóðs í heild aukist um 1,4%. Ofangreint teygnimat í alþjóðlegum samanburði liggur í efri mörkum þess sem OECD og IMF hafa metið fyrir aðildarlönd sín. Teygni skatttekna er hins vegar aðeins metin af alþjóðastofnunum fyrir skatttekjur hins opinbera í heild og liggur stikamat þeirra á bilinu 0,70-1,25. Sjálfvirk sveiflujöfnun ríkisfjármála er því mikil og sveiflujafnandi áhrif ríkisfjármála því mögulega meiri en hjá öðrum þjóðum OECD.

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,1	7,0
Skattar á tekjur og hagnað	22,3	11,1
Eignarskattar	-0,7	-17,8
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	3,7
Tryggingagjöld	12,0	4,9
Tekjur alls	19,5	8,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	14,9	12,8
Heilbrigðismál	8,6	7,2
Alm.trygg. & velferðarmál	15,4	9,1
Efnahags- og atvinnumál	20,6	4,8
Menntamál	11,3	12,0
Gjöld alls	13,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.885	28.379
Hreinn lánsfjárjöfnuður	1.484	26.025
Afborgun lána	-32.024	-804
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-31.864	23.901
Lántökur	46.052	9.701
Breyting á handbæru fé	14.188	33.602

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (maí)	4,7	12,3
Kjarnaverðbólga (maí)	5,7	10,8
Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,1	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

26. júní 2008

Viðskiptin við útlönd það sem af er ári

Það sem af er ári hefur virði innflutnings aukist um 10%. Um nokkra magnminnkun er að ræða, að teknu tilliti til gengislækkunar krónunnar og hækkunar verðlags. Ef innflutningur skipa og flugvéla er undanskilinn hefur verðmætið aukist um 24%. Virði innfluttrar mat- og drykkjarvöru hefur aukist um 47% það sem af er ári sem skýrist af lægra gengi krónunnar og hærra verði í erlendri mynt, en ekki er samdráttur að magni til enda um nauðsynjavöru að ræða. Sömu sögu má segja af eldsneyti en innflutningsvirði eldsneytis og olía hefur aukist um 41% frá áramótum. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins jókst magninnflutningur á eldsneyti (án eldsneytis fyrir flugvélar) um rúm 9% þrátt fyrir gríðarlegar verðhækkanir sem staðfestir hversu óteygin eftirspurn eftir eldsneyti er til skamms- og meðallangs tíma. Verðmæti innfluttra hrá- og rekstrarvara hefur aukist um 30% á fyrstu fimm mánuðum ársins en innflutningurinn hefur aukist að magni til vegna aukins innflutnings á áloxíði. Í vorspá ráðuneytisins var spáð 2,3% samdrætti að magni til í vöruinnflutningi á þessu ári en á fyrstu fjórum mánuðum ársins var samdrátturinn 2,6%.

Útflutningur vöru hefur aukist um 2,5% að magni til á fyrstu fjórum mánuðum ársins, þar af hefur útflutningur áls aukist um rúm 30%. Alcoa á Reyðarfirði náði ekki fullri framleiðslugetu fyrr en í apríl. Spáð var um 70% magnaukningu í álútflutningi á árinu og er enn gert ráð fyrir að sú spá muni rætast og í heild um 6,5% aukningu útflutnings yfir árið. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins dróst útflutningur sjávarafurða saman um tæp 5% en í vorspá var gert ráð fyrir 9% samdrætti í útflutningi sjávarafurða.

Halli á vöruskiptajöfnuði var 7,8% af landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi en spáð var 4,2% halla yfir árið. Halli á viðskiptajöfnuði var 17,8% í fjórðungnum en spáð var 13,2% halla yfir árið. Þessi halli mun sömuleiðis dragast saman þegar á líður.

Hallinn á jöfnuði þáttatekna var rúmlega 20 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi en í síðustu spá var spáð halla upp á 85,5 ma.kr. yfir árið og er enn gert ráð fyrir að sú spá geti staðist. Sem fyrr eru vaxtagjöld vegna skuldabréfaeignar erlendra aðila í innlendum bréfum stærsti gjaldaliðurinn en endurfjárfestur hagnaður er sá liður sem sveiflast mest á milli ársfjórðunga.

Kerfislæg afkoma

Rekstur ríkissjóðs skilar ýmist afgangi eða halla á ári hverju. Þegar afkoman er skoðuð frá ári til árs sést yfirleitt hæg sveifla þar sem tímabil afgangs og halla skiptast á; afkoman er jákvæð um tíma og snýst svo í halla. Þessi tímabil eru mislöng og inn á milli getur sveiflan orðið snörp. Sveiflan í afkomu ríkissjóðs hefur löngum verið skoðuð í samhengi við hagsveifluna og áhrif hinnar síðarnefndu á hina fyrrnefndu eru vel þekkt. Þannig vilja menn greina þau áhrif sem hagsveiflan hefur á afkomu ríkissjóðs og opinbera geirans í heild. Sem einfalt dæmi um þessi áhrif má nefna að í góðu árferði og við mikla atvinnu aukast tekjuskattar ríkissjóðs og útgjöld hans til atvinnuleysisbóta minnka. Við fjármálastjórn ríkisins er mikilvægt að hægt sé að greina slík utanaðsteðjandi áhrif á útkomuna frá öðrum þáttum sem eru betur innan áhrifasviðs fjármálastjórnarinnar. Hér á eftir verður útskýrt hvernig áhrif hagsveiflunnar á ríkissjóð eru metin og þýðing slíkra útreikninga, en þeir eru einnig gerðir fyrir opinbera geirann í heild og á umfjöllunin jafnt við um hvort tveggja. Tekið skal fram að við þetta er horft á tölur um fjármál hins opinbera úr uppgjöri þjóðhagsreikninga en ekki úr ársreikningum.

Útreikningur á hagsveifluleiðréttri afkomu, eða kerfislægri afkomu, felur í sér að afkoman er reiknuð miðað við að hagkerfið væri í jafnvægi. Hún er því jafnframt nokkurs konar mælikvarði á sjálfbærni opinberra fjármála, þ.e. sú afkoma sem búast mætti við að jafnaði þegar horft er yfir alla hagsveifluna. Hagsveifluleiðréttingin krefst mats á framleiðslugetu hagkerfisins og vexti hennar yfir tíma. Mæld framleiðsla á hverjum tíma ákvarðast af framleiðslugetunni sjálfri og jafnframt af tilfallandi áhrifum sem ýmist eru jákvæð eða neikvæð,



misvaranleg og missterk. Dæmi um varanleg áhrif eru tækniframfarir sem leiða til aukinnar framleiðni og framleiðslu. Framleiðsluferillinn hnikast þá upp á við vegna aukinnar framleiðslugetu hagkerfisins. Aftur á móti fjara tímabundnu áhrifin út, samkvæmt skilgreiningu, en röð slíkra áhrifa orsakar sveiflur framleiðslunnar í kringum feril jafnvægisframleiðslugetunnar. Gert er ráð fyrir að áhrif þessara sveiflna á afkomu jafnist að mestu út yfir tíma, verri afkoma í niðursveiflu jafnist út á móti betri afkomu í næstu uppsveiflu. Útreikningarnir heimta einnig að næmni tekna og útgjalda gagnvart þessum frávikum sé metið. Mat á kerfislægri afkomu fer því fram í þremur skefum:

A. Mat á framleiðslugetu og frávikum frá henni

Framleiðslugetuna má áætla með tvennum hætti, með tölfræðilegum aðferðum eða út frá framleiðslufalli. Fjármálaráðuneytið kýs að nota seinni aðferðafræðina sem felst í því að tengja saman með Cobb-Douglas framleiðslufalli annars vegar fjármagnsstofn og vinnuafl og hins vegar framleiðni þessara framleiðsluþátta. Þannig fæst framleiðslugetan á hverjum tíma sem aftur er notuð til að reikna út stærð frávika í framleiðslu á hverjum tíma, svonefnda framleiðsluspennu.

B. Mat á hagsveifluþætti tekna og gjalda

Meta þarf hver næmni, eða teygni, tekna og gjalda er gagnvart framleiðsluspennunni. Teygnistuðull skatttekna segir til um hve mikillar breytingar sé að vænta í skatttekjum við ákveðna breytingu í framleiðsluspennu. Teygnistuðull skatttekna ríkissjóðs hefur verið metinn 1,40. Það þýðir að við 1% aukningu framleiðsluspennu aukast skatttekjurnar um 1,4%. Hagsveifluþáttur tekna fæst því með því að horfa til framleiðsluspennunnar á hverjum tíma annars vegar og teygnistuðulsins hins vegar. Hvað hagsveifluleiðréttingu útgjalda varðar þá gildir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum að þau eru aðeins leiðrétt fyrir áhrifum munarins á mældu atvinnuleysi og jafnvægisatvinnuleysi. Hér á landi væri þó ástæða til að taka einnig tillit til t.d. barnabóta og vaxtabóta þar sem þau útgjöld eru einnig næm fyrir hagsveiflunni.

C. Tekjur og gjöld leiðrétt fyrir hagsveifluþáttum sínum

Kerfislæg afkoma fæst loks einfaldlega með því að draga hagsveifluleiðrétt útgjöld frá hagsveifluleiðréttum tekjum. Á myndinni má sjá mælda afkomu og hagsveifluleiðrétta afkomu ríkissjóðs á undanförnum árum og spá til ársins 2010. Kerfislæg afkoma sveiflast minna en mæld afkoma en auk þess að horfa til einstakra ára þarf jafnframt að horfa til kerfislægrar afkomu yfir hagsveifluna. Algengt viðmið er að hagsveiflan gangi yfir á 10 ára tímabili. Kerfislæg afkoma ríkissjóðs að meðaltali sl. 10 ár hefur verið jákvæð um 0,86% af VLF.

Sumarfrí

Vefrit fjármálaráðuneytisins kemur næst út fimmtudaginn 14. ágúst

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,1	7,0
Skattar á tekjur og hagnað	22,3	11,1
Eignarskattar	-0,7	-17,8
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	3,7
Tryggingagjöld	12,0	4,9
Tekjur alls	19,5	8,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	14,9	12,8
Heilbrigðismál	8,6	7,2
Alm.trygg. & velferðarmál	15,4	9,1
Efnahags- og atvinnumál	20,6	4,8
Menntamál	11,3	12,0
Gjöld alls	13,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	30.885	28.379
Hreinn lánsfjárjöfnuður	1.484	26.025
Afborgun lána	-32.024	-804
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-31.864	23.901
Lántökur	46.052	9.701
Breyting á handbæru fé	14.188	33.602

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (júní)	4,0	12,7
Kjarnaverðbólga (júní)	4,9	11,0
Launavísitala (maí)	9,6	7,9
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,1	1,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

14. ágúst 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri helming ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 27,5 ma.kr. innan ársins, sem er 4,1 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 7,5 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 22,9 ma.kr. króna. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 26 ma.kr., sem er 66,3 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins námu rúmlega 225,5 ma.kr. sem er aukning um 7,6 ma.kr. frá sama tíma árið 2007 eða um 3,5% að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 206 ma.kr. sem samsvarar 5,2% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 7,8% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 2,4% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur jukust um 16,4% frá sama tímabili í fyrra. Þar af er mest aukning í vaxtatekjum af skammtímalánum ríkissjóðs sem skýrist m.a. af því að innistæður ríkissjóðs eru meiri nú en í fyrra og vaxtastigið er hærra.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæplega 85 ma.kr. sem er aukning um 9,6% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga um 46 ma.kr., tekjuskattur lögaðila rúmlega 12,5 ma.kr. og skattur af fjármagnstekjum tæplega 26 ma.kr.

Innheimta almennra veltuskatta nam 92,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og jókst um 2% að nafnvirði frá sama tíma árið áður en dróst hins vegar saman um 5,4% að raunvirði (miðað við hækkun VNV án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 5,6% en innheimta almennra veltuskatta gefur ágæta mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði rúmlega 65,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,3% aukning að nafnvirði frá fyrstu sex mánuðum ársins 2007 en 6% raunlækkun.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára 2000–2008
(m.v. VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Greidd gjöld nema 198,3 ma.kr. og hækka um 22,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 13,1%. Mest hækkun milli ára er á liðunum efnahags- og atvinnumál 4,9 ma.kr. eða 22,1% og munar þar mestu um 3 ma.kr. hækkun til samgöngumála á milli ára. Greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu hækka um 19,1% og til almannatrygginga- og velferðarmála um 10,9%.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 7,4 ma.kr. á fyrri helmingi ársins, en var neikvæður um 74,5 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 26 ma.kr. janúar til júní, en var neikvæður um 40,3 ma.kr. fyrir sama tímabil á síðasta ári.

Nýting heimildar til sérstakrar lántöku ríkissjóðs á árinu 2008

Sem kunnugt er samþykkti Alþingi nú í vor lög sem heimila fjármálaráðherra að taka á þessu ári lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt umfram þær lántökur sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kom fram að lántökuheimildin miðaði að tvennu. Annars vegar væri gert ráð fyrir að nýta mætti heimildina til töku erlends láns sem endurlánað verði Seðlabanka Íslands í því skyni að efla gjaldeyrisforða bankans. Hins vegar væri gert ráð fyrir að nýta mætti heimildina til aukinnar útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði, yrði þess talin þörf í því skyni að styrkja innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað.

Þess misskilnings gætir í opinberri umræðu að lántökuheimildarinnar hafi verið aflað til þess að tafarlaust yrði hægt að ráðast í stóra erlenda lántöku að jafnvirði 500 milljarða króna í því skyni að styrkja gjaldeyrisforðann. Ástæða er því til að minna á að í athugasemdum við lagafrumvarpið sagði eftirfarandi :

„ Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvenær á árinu, að hvaða marki, í hvaða áföngum eða í hvaða hlutföllum erlendrar og innlendrar lántöku heimildin verður nýtt, enda mun það ráðast af aðstæðum. " Og í umsögn efnahags- og skattanefndar um frumvarpið við þinglega meðferð þess segir : „ Ekki liggur fyrir hvenær eða að hvaða marki heimildin verður nýtt innanlands eða erlendis, en í fyrstu verður hún tæpast nýtt nema að hluta. "

Í framhaldi af samþykkt lántökuheimildarlaganna hefur verið unnið að málinu í samræmi við það sem að framan er rakið. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um auknar innlendar lántökur ríkissjóðs í formi ríkisbréfaútgáfu og gjaldeyrisforðinn hefur verið aukinn nokkuð með útgáfu ríkisvíxla í evrum og bandaríkjadölum.

Eins og fram kom í kostnaðarumsögn með frumvarpinu mun árleg afkoma ríkissjóðs versna um 500 milljónir króna fyrir hvert 0,1 % (10 punkta) sem vaxtakostnaður ríkissjóðs af lántökunni verður hærri en vaxtatekjur, miðað við að lántökuheimildin yrði nýtt að fullu. Það skiptir því ekki litlu að rétt sé á málum haldið.

Tekjur landsmanna 2007

Samkvæmt skattframtölum landsmanna fyrir árið 2007 námu tekjur einstaklinga 992 milljörðum króna. Þessum tekjum er skipt í tvo flokka með tilliti til skattlagningar, þ.e. launatekjur og fjármagnstekjur. Árið 2007 námu launatekjur landsmanna 610 milljörðum króna og höfðu aukist um 13,8% frá fyrra ári. Það ár námu fjármagnstekjur einstaklinga samtals 244 milljörðum króna. Á undanförnum árum hefur hlutur fjármagnstekna farið vaxandi í heildartekjum einstaklinga. Skattlagning fjármagnstekna var einfölduð árið 1997 þegar fallið var frá skattlagningu þeirra eins og um launaðar tekjur væri að ræða. Öran vöxt fjármagnstekna undanfarin ár má rekja til þess m.a. að möguleikar einstaklinga til að ávaxta fé sitt hafa farið mjög vaxandi. Skattstofn fjármagnstekna telur bæði vaxtatekjur, arð og leigutekjur en einnig arð af sölu hlutabréfa og það er síðasttaldi flokkurinn sem hefur vaxið langmest á undanförnum árum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Þar af voru 151 milljarðar króna vegna söluhagnaðar en 94 milljarðar vaxta-, arð og leigutekjur.

Hlutdeild fjármagnstekna af heildartekjum einstaklinga 2001–2007



Tekjur ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,9	5,2
Skattar á tekjur og hagnað	18,8	9,6
Eignarskattar	0,8	-23,0
Skattar á vöru og þjónustu	11,0	2,0
Tryggingagjöld	10,2	3,5
Tekjur alls	19,2	3,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	21,3	18,6
Heilbrigðismál	9,7	9,7
Alm.trygg. & velferðarmál	16,1	10,9
Efnahags- og atvinnumál	25,6	14,0
Menntamál	11,1	10,8
Gjöld alls	14,6	13,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	28.690	27.470
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-39.679	25.984
Afborgun lána	-35.556	-31.415
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-77.215	-7.411
Lántökur	49.745	62.319
Breyting á handbæru fé	-27.470	54.908

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (júlí)	3,8	13,6
Kjarnaverðbólga (júlí)	4,9	11,8
Launavísitala (júní)	9,8	8,5
Heildarvelta (jan.-apríl)	11,8	7,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,6	2,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,0	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

21. ágúst 2008

Ríkisreikningur fyrir árið 2007

Birtur hefur verið ríkisreikningur fyrir árið 2007. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Afkoma ríkissjóðs. Ríkissjóður skilaði góðri afkomu á árinu 2007 og sýnir rekstrarreikningur 88,6 milljarða króna tekjuafgang eða sem nemur 18,2% af tekjum ársins. Árið 2006 var 81,8 milljarða króna afgangur eða um 19,5% af tekjum ársins. Síðustu þrjú ár hefur ríkissjóður skilað samanlagt 283 milljarða króna tekjuafgangi. Í hnotskurn þá vænkaðist hagur ríkissjóðs töluvert á árinu 2007. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 69 milljarða króna. Góð afkoma ársins var meðal annars nýtt til að efla eiginfjárstöðu Seðlabankans um 44 milljarða og staða á bankareikningum batnaði um 12 milljarða sem í lok árs nam alls 104 milljörðum. Langtímalántökur ríkissjóðs á árinu námu 107 milljörðum króna en afborganir voru 81 milljarður. Mismunurinn skýrist einkum af lántökum vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun. Kaupverðið nam 30 milljörðum og voru þau fjármögnuð með 27 milljarða lántöku en afgangurinn var greiddur með reiðufé. Niðurstöðutölur efnahagsreiknings sýna í fyrsta sinn jákvætt eigið fé hjá ríkissjóði en staðan breyttist á árinu 2007 úr því að vera neikvæð um 63 milljarða í ársbyrjun í að vera jákvæð um 10 milljarða í árslok. Til samanburðar var eigið fé ríkissjóðs neikvætt um 198 milljarða króna í árslok árið 2000 á verðlagi þess tíma.

	Ríkisreikningur		Breyting milli ára		Fjárlög / fjáraukalög
Ma.kr.	**2006**	**2007**	**Ma.kr.**	**%**	**2007**
Tekjur alls	421.963	486.129	64.166	15,2	472.176
Gjöld alls	340.166	397.524	57.358	16,9	389.374
Tekjur umfram gjöld	81.797	88.604	6.807	.	82.803

Tekjur ríkissjóðs. Tekjur ársins urðu alls 486 milljarðar króna á árinu 2007 en árið 2006 námu þær 422 milljörðum króna. Hækkun milli ára nam 64 milljörðum króna eða 15,2%. Tekjur af sköttum á sölu vöru og þjónustu nema 195 milljörðum króna. Hækkun frá fyrra ári er um 9 milljarðar og vegur þar þyngst að tekjur af virðisaukaskatti hækka um tæpa 6 milljarða. Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjum og sköttum á tekjur einstaklinga og hagnað fyrirtækja nema alls 153 milljörðum króna samanborið við 138 milljarða árið á undan. Skattar á tekjur einstaklinga nema 86 milljörðum og hækka um 4,9% frá fyrra ári, skattar á hagnað fyrirtækja nema 37 milljörðum og hækka um 11,3% og skattar á fjármagnstekjur eru rúmlega 31 milljarður króna og nemur hækkun þeirra 32%.

Gjöld ríkissjóðs. Gjöld ársins 2007 reyndust 398 milljarðar króna en árið 2006 námu gjöldin 340 milljörðum. Hækkunin milli ára nam 57 milljörðum og er hún 16,9%. Heilbrigðismál eru sem fyrr stærsti útgjaldaliður ríkisins eða tæplega fjórðungur af ríkisútgjöldum og var 95 milljörðum króna varið til þeirra. Hækkunin frá fyrra ári er 9,5 milljarðar eða 5,8% að raungildi. Næstmest eru gjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála. Þau nema 85 milljörðum og hækka um 9,1% að raungildi. Gjöld til menntamála námu 38 milljörðum og hækka um 4 milljarða eða um 6,5% að raungildi. Gjöld til efnahags- og atvinnumála námu 52 milljörðum og hækka þau um 6 milljarða frá fyrra ári eða 8,5% að raungildi. Hér er m.a. um að ræða 25 milljarða til samgöngumála og 12 milljarða vegna landbúnaðarmála. Gjöld vegna annarra málaflokka nema samtals 127 milljörðum króna.

Um varanleika aukinna skatttekna í OECD-ríkjum

Nýverið hefur verið birt rannsóknarritgerð OECD um tímabundna aukningu skatttekna í mörgum OECD-ríkjum og áhrif hennar á stjórn ríkisfjármála. Þar kemur fram að líkt og á Íslandi hafa mörg OECD-ríki átt það sameiginlegt að skatttekjur þeirra hafa aukist hratt á undanförnum árum. Aðallega er um að ræða auknar skatttekjur af lögaðilum vegna tímabundinna þátta og af einstaklingum í tengslum við örar eignaverðshækkanir.

Þegar tekjuskattur lögaðila er skoðaður, er það sammerkt öllum ríkjunum að auknar skatttekjur ríkissjóðs, umfram það sem hagsveiflan skilar, hafa verið tengdar örum vexti hagnaðar fyrirtækja. Að meðaltali í OECD-ríkjunum kom meira en helmingur tekjuaukans 2003-2006 frá tekjuskatti lögaðila, eða um 1% af landsframleiðslu. Auknar tekjur af tekjuskatti lögaðila komu jafnframt aðallega úr fjármála-, orku- og fasteignastarfsemi. Þar að auki virðist sem hagnaður hafi skilað sér betur í tekjuskatt lögaðila en í fyrri uppsveiflum, sérstaklega í hinum stærri OECD-ríkjum. Þannig jukust tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila þrefalt hraðar en hagnaður fyrirtækjanna. Að einhverju leyti stafar það af því að fyrirtækin hafi verið búin að fullnýta yfirfæranlegt tap ásamt því að dregið hefur verið úr skattskjólum. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir hefur Ísland ekki skorið sig úr þróuninni.

Tekjuskattur lögaðila: aukning skatttekna 2003–2006



Heimild: OECD og fjármálaráðuneytið.

Skattur á söluhagnað af fasteigna- og verðbréfafjárfestingum hefur einnig aukist. Nú eru áhyggjur af því að þessi ávinningur af auknum tekjum fjármagnsskatta verði skammvinnur, sérstaklega þar sem samdráttur virðist vera á næsta leiti í mörgum ríkjum OECD. Þá ber að merkja að áhrif af fjármálaóróleikanum, sem hófst fyrir ári með töpuðum undirmálslánum, virðast ætla að verða meiri og langvinnari en upphaflega var reiknað með. Í því sambandi er líklegt að aðlögun í fjármála- og byggingarstarfsemi hafi áhrif til að draga úr mikilvægri uppsprettu hagnaðar lögaðila undanfarin ár. Þannig eru nú komnar fram vísbendingar víða í OECD-ríkjunum um að tekjur af þessum skattstofnum verði minni en áætlað var á síðari hluta 2007. Fram kemur í rannsóknarritgerð OECD að margt bendi til þess að lítið hafi verið á þennan tekjuauka sem varanlegan og hafi ákvarðanir á tekju- og gjaldahlið fjárlaga víða tekið mið af því.

Tvísköttunarviðræður hefjast við Katar og Albaníu

Nýverið var haldinn í Reykjavík fyrsti fundur samninganefnda Íslands og Katar um gerð tvísköttunarsamnings milli landanna. Samningagerðin komst vel á veg, þó að ýmis atriði samningsins sé enn óafgreidd. Áætlað er að næsti fundur landanna fari fram í Doha á fyrri hluta næsta árs. Vonast er til að unnt verði að ljúka samningsgerðinni á þeim fundi.

Samningaviðræður Íslands við Albaníu um gerð tvísköttunarsamnings munu hefjast hér á landi í byrjun október nk. Þá liggur fyrir að stjórnvöld í Grikklandi og Rúmeníu hafa fyrr á þessu ári fullgilt þá tvísköttunarsamninga sem gerðir voru við íslensk stjórnvöld. Þeir samningar ættu því að öbreyttu að koma til framkvæmda frá og með næstu áramótum. Nýr samningur við Bandaríkin er enn til meðferðar í bandaríska þinginu og óljóst hvort Bandaríkjamenn munu fullgilda samninginn af sinni hálfu fyrir næstu áramót.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,9	5,2
Skattar á tekjur og hagnað	18,8	9,6
Eignarskattar	0,8	-23,0
Skattar á vöru og þjónustu	11,0	2,0
Tryggingagjöld	10,2	3,5
Tekjur alls	19,2	3,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	21,3	18,6
Heilbrigðismál	9,7	9,7
Alm.trygg. & velferðarmál	16,1	10,9
Efnahags- og atvinnumál	25,6	14,0
Menntamál	11,1	10,8
Gjöld alls	14,6	13,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní		
Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	28.690	27.470
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-39.679	25.984
Afborgun lána	-35.556	-31.415
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-77.215	-7.411
Lántökur	49.745	62.319
Breyting á handbæru fé	-27.470	54.908

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (júlí)	3,8	13,6
Kjarnaverðbólga (júlí)	4,9	11,8
Launavísitala (júlí)	8,3	9,1
Heildarvelta (jan.-apríl)	11,8	7,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,6	2,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,0	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

28. ágúst 2008

Mikill aðflutningur einkennir íbúaþróunina

Í tölum Hagstofu Íslands um mannfjölda á Íslandi kemur fram að hér bjuggu rúmlega 319 þúsund manns á miðju ári 2008. Þetta eru tæplega 8.000 fleiri íbúar en voru hér fyrir ári síðan og er það næstmesta fjölgun íbúa á einu ári. Þessi mikla fjölgun stafar annars vegar, og að stærri hluta, af því að fjöldi aðfluttra var meiri en brottfluttra af landinu og hins vegar að fjöldi fæddra var vel umfram fjölda látinna. Frá miðju ári 2007 nemur íbúafjölgunin fyrir landið í heild um 2,5%, þar af má ætla að náttúrleg fjölgun skýri um 2.700 eða 0,9% en millilandaflutningar rúmlega 5.000 eða 1,6% fjölgun.

Miðársmannfjöldi, fjölgun frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands.

Á fyrri hluta yfirstandandi árs má ætla að aðfluttir umfram brottflutta hafi verið um 4.600. Til samanburðar var nettóaðflutningur til landsins nokkru minni á sama tíma í fyrra. Miðað við tölur Vinnumálastofnunar kom ríflega helmingur aðfluttra frá hinum nýju aðildarríkjum ESB á fyrri hluta þessa árs, eða um 2.500 einstaklingar. Um 2.000 manns koma því annars staðar frá, bæði innan og utan ESB.

Töluvert hefur verið rætt á undanförnum mánuðum að margir erlendir starfsmenn hafi farið af landi brott en ekki verið skráðir sem slíkir. Vel má vera að tölur um brottflutning séu lægri en þær ættu að vera. Það breytir þó ekki því að tölurnar um aðflutning sýna að hingað hefur komið talsverður fjöldi nýrra einstaklinga, flestir á starfsaldri.

Þótt íbúum landsins hafi fjölgað í heild er þróun ólík eftir landssvæðum. Þannig hefur fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi en fækkað á Austurlandi og Vestfjörðum.

Íbúum landsins fjölgar þó ekki einungis af aðflutningi því mikil fjölgun fæðinga á sinn þátt. Undanfarna 12 mánuði hafa fæðst hér á landi nær 4.800 börn en látnir töldu um 1.700 manns. Ef heldur sem horfir má því búast við að náttúruleg fjölgun ársins í ár verði ein hin mesta um langt skeið.

Víða er fylgst með lausum störfum hjá ríkinu

Fjármálaráðuneytið heldur sem kunnugt er úti upplýsingavef um laus störf hjá ríkinu sem nefnist starfatorg.is. Tilgangurinn með vefnum er m.a. sá að tryggja að unnt sé að fylgjast með því hvenær og hvar sem er hvaða störf eru laus til umsóknar hjá ríkinu á hverjum tíma. Þetta virðist svo sannarlega hafa gengið eftir. Mælingar á heimsóknum á starfatorg.is frá byrjun þessa árs sýna að heimsóknir á vefinn á þessu tímabili voru samtals 148.427 og voru frá hvorki meira né minna en 100 ríkjum í öllum heimsálfum. Eins og við er að búast voru flestar heimsóknirnar innlendar. Flestar hinna erlendu heimsókna voru frá Danmörku (2086), Svíþjóð (1754), Bandaríkjunum (1164), Bretlandi (819), Noregi (404), Spáni (391), Frakklandi (268), Þýskalandi (262) Belgíu (196) og Finnlandi (171). Heimsóknir voru 10 eða fleiri frá rúmlega 40 ríkjanna eitt hundrað og 5 eða færri frá tæpum helmingi þeirra.

Rekstur ríkissjóðs janúar – júní 2008

Uppgjör ríkissjóðs eftir fyrri helming ársins liggur nú fyrir. Heildargjöld tímabilsins námu 197,2 milljörðum króna, sem er rúmum 13 milljörðum króna undir áætlun, en fjárlög gerðu ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu rúmir 210 milljarðar króna. Í töflunni sést hvernig gjöldin skiptast.

Eins og kemur fram í töflunni er heildargjöldum ríkissjóðs skipt í fjóra flokka eftir eðli þeirra. Undir rekstrargjöld fellur allur venjulegur rekstur stofnana á vegum ríkisins og er sá liður tæpum tveimur milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Rekstrartilfærslur eru ýmiss konar styrkir og bótagreiðslur, sem greiddar eru úr ríkissjóði og er þessi liður um 4,8 milljörðum króna innan áætlunar eftir fyrri helming ársins og munar þar mestu að greiðslur til atvinnuleysistrygginga hafa verið lægri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Vaxtagöld ríkissjóðs eru nánast á áætlun, en liðurinn viðhalds- og stofnkostnaður er rúmum 6 milljörðum króna innan áætlunar tímabilsins. Undir þennan lið falla framkvæmdir í samgöngumálum, sem farið hafa ívið hægar af stað en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Útgjöld ríkissjóðs janúar – júní 2008

M.kr.	Gjöld	Áætlun	Frávik	Hlutfall %
Rekstrargjöld	94.977	96.922	1.944	2,0
Rekstrartilfærslur	76.531	81.351	4.820	5,9
Vaxtagjöld	9.620	9.719	98	1,0
Viðhald og stofnkostnaður	16.125	22.298	6.172	27,7
Samtals	**197.254**	**210.289**	**13.035**	**6,2**

Fjármálaráðuneytið hefur á hendi eftirlits- og upplýsingaskyldu gagnvart ríkisstjórn og Alþingi um framkvæmd fjárlaga og skal ársfjórðungslega gera grein fyrir stöðu einstakra fjárlagaliða. Ráðuneytin ásamt forstöðumönnum stofnana þeirra bera hvert um sig ábyrgð á rekstri sinna verkefna. Í reglugerð er kveðið á um skyldur ráðuneyta og forstöðumanna til þess að bregðast við ef útgjöld verða meira en 4% umfram heimildir hverju sinni og grípa til aðgerða þannig að rekstur verði í samræmi við heimildir fjárlaga.

Samkvæmt uppgjöri bókhalds eru 119 fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimildum, sem er lítilsháttar fækkun frá því á sama tíma í fyrra, þegar að 123 fjárlagaliðir voru með meiri halla en sem nam 4% af heimildum.

Frumvarp til breytinga á lífeyrissjóðalögum

Meðal þeirra stjórnarfrumvarpa sem ekki fengu afgreiðslu fyrir þinghlé í vor var frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á hinum almennu lífeyrissjóðalögum. Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar sem ætlað er að auka sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris. Þar má nefna ákvæði sem varða styttingu á uppsagnarfresti vegna samnings um viðbótartryggingarvernd eða séreignasparnað, rétt erlendra ríkisborgara til endurgreiðslu iðgjalda vegna öflunar lífeyrisréttinda í séreign, heimild lífeyrissjóða til auka svigrúm sjóðfélaga til að flýta eða fresta töku lífeyris og aukið svigrúm sjóðfélaga til ráðstöfunar áunninna ellilífeyrisréttinda til maka eða fyrrverandi maka.

Þá er lagt til í frumvarpinu að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í viðskiptum á skipulegum lánamarkaði með verðbréf. Lagt var til að lánveitingar af þessu tagi gætu ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 25% af hreinni eign lífeyrissjóðs. Efnahags- og skattanefnd sem fékk frumvarpið til meðferðar lagði til að þetta hlutfall yrði lækkað í 12,5%. Einnig lagði nefndin til að heimild lífeyrissjóða til verðbréfalána tæki ekki gildi fyrr en um næstu áramót að því er hlutabréf varðar, þótt lögin tækju að öðru leyti gildi við staðfestingu.

Frumvarpið var komið til annarrar umræðu þegar hlé var gert á störfum þingsins í vor. Það á eftir að koma í ljós hvort frumvarpið hlýtur afgreiðslu þegar Alþingi kemur saman á ný nú í september.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	13,9	5,2
Skattar á tekjur og hagnað	18,8	9,6
Eignarskattar	0,8	-23,0
Skattar á vöru og þjónustu	11,0	2,0
Tryggingagjöld	10,2	3,5
Tekjur alls	19,2	3,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	21,3	18,6
Heilbrigðismál	9,7	9,7
Alm.trygg. & velferðarmál	16,1	10,9
Efnahags- og atvinnumál	25,6	14,0
Menntamál	11,1	10,8
Gjöld alls	14,6	13,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	28.690	27.470
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-39.679	25.984
Afborgun lána	-35.556	-31.415
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-77.215	-7.411
Lántökur	49.745	62.319
Breyting á handbæru fé	-27.470	54.908

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (ágúst)	3,4	14,5
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,8	12,9
Launavísitala (júlí)	8,3	9,1
Heildarvelta (jan.-apríl)	11,8	7,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,6	2,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,0	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

4. september 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu sjö mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 26,8 ma.kr. innan ársins, sem er 10,9 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur ársins hækka um 11 ma.kr., en gjöldin um 34 ma.kr. milli ára. Útkoman er engu að síður 15,4 ma.kr. hagstæðari heldur en gert var ráð fyrir. Tekjur hækka um 7 ma.kr. umfram áætlun og gjöldin eru um 9 ma.kr. innan áætlunar. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 35,5 ma.kr., en hann var neikvæður um 22,4 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Skýringin á þessum viðsnúningi er sá að í fyrra keypti ríkissjóður hlut tveggja sveitarfélaga í Landsvirkjun fyrir 30 milljarða, auk þess sem veitt var 44 ma.kr. til styrkingar á eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands. Lántökur aukast um 60 ma.kr. milli ára og eykst handbært fé um hátt í 100 ma.kr. það sem af er árinu.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu sjö mánuðum ársins námu rúmlega 264 ma.kr. sem er aukning um rúma 11 ma.kr. frá sama tíma árið 2007 eða um 4,4% að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 241 ma.kr. sem samsvarar 5,5% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 8,6% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 2,8% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur námu um 21 ma.kr. og jukust um 20% frá sama tímabili í fyrra en þær samanstanda einkum af vaxtatekjum og sölutekjum af vöru og þjónustu. Þá nam eignasala ríkissjóðs rúmlega 2 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 95 ma.kr. sem er aukning um 9,9% frá sama tíma árið áður. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 7,0% að nafnvirði á milli ára, tekjuskattur lögaðila um 5,6% og skattur af fjármagnstekjum um 19,3%. Innheimta eignarskatta nam 5 ma.kr. sem er samdráttur upp á 20,6% á milli ára. Stimpilgjöld, sem eru um 80% eignarskattanna, drógust saman um rúman 1 ma.kr. á tímabilinu eða um 23,2% en þess má geta að ný lög um afnám stimpilgjalda af lánum vegna fyrstu íbúðakaupa tóku gildi 1. júlí sl.

Innheimta almennra veltuskatta gefur ágæta mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 111 ma.kr. frá janúar til júlí þessa árs og jókst um 2,8% að nafnvirði frá sama tíma árið áður en dróst hins vegar saman um 5,3% að raunvirði (miðað við hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 8,7% á milli ára. Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði tæplega 80 ma.kr. á tímabilinu sem er 4,2% aukning að nafnvirði frá fyrstu sjö mánuðum ársins 2007 en 4,0% raunlækkun. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mest nafnverðsaukning í sköttum á olíu og kílómetragjaldi (+4,3%) en mest nafnverðslækkun af vörugjöldum af bensíni (-3%). Tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda námu tæpum 4 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum 24 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 18,9% og hins vegar 6,3% á milli ára.

Greidd gjöld nema 237,1 ma.kr. og hækka um 33,3 ma.kr. milli ára, eða um 16,3%. Alþjóðlegir staðlar skipa ríkisútgjöldum í 11 málaflokka, en vægi einstakra málaflokka er mjög misjafnt. Hérlendis munar mest um heilbrigðismál, eða 58,8 ma.kr. og hækkar sá málaflokkur um 5,6 ma.kr. milli ára, sem er hlutfallslega undir meðaltali, eða 11%. Næst mest vega greiðslur til almannatrygginga og velferðarmála, eða 52,9 ma.kr. og hækka um 7,5 ma.kr. milli ára. Greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu eru 35,7 ma.kr. og hækka um 6,2 ma.kr. milli ára. Efnahags- og atvinnumál eru 35,2 ma.kr. og samtals nema þessir fjórir málaflokkar 77% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hlutfallslega er hækkunin mest í varnarmálum, en þar er um tiltölulega nýjan málaflokk að ræða.

Lántökur ársins nema 103,4 ma.kr. og hækka um rúma 60 ma.kr. milli ára. Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að auka útgáfu á stuttum ríkisbréfum, í því skyni að auka virkni skuldbréfa- og gjaldeyrismarkaðar. Það sem af er árinu hafa því lántökur ríkissjóðs aukist um 77,8 ma.kr. í formi ríkisbréfa, auk þess sem skammtímalántaka í erlendri mynt jókst um 25,6 ma.kr., á árinu.

Vöruskiptin í ágúst 2008

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam vöruinnflutningur 34,7 ma.kr. í ágúst. Er þetta töluvert minna en í sl. mánuði þegar innflutningur var 51,6 ma.kr. sem var óvenju mikið fyrir margar sakir.

Í ágúst drógust allir undirliðir innflutningsins hins vegar saman en hrá- og rekstrarvörur einna mest eftir gríðarmikinn innflutning í júlí. Sem fyrr skipar innflutningur á áloxíði stóran sess í þessum lið og var um 7 ma.kr. í ágúst en um 8,2 ma.kr. í júlí. Einnig er töluverður samdráttur í innflutningi á eldsneyti og fjárfestingarvörum en hvort tveggja var með mesta móti í júlí. Innflutningur flutningatækja dregst einnig saman líkt og undanfarna mánuði og hefur verðmæti innfluttra fólksbifreiða í einum mánuði ekki verið eins lágt í nokkur ár. Áhrif veikara gengis á kaupmátt landsmanna erlendis eru að koma fram af meiri þunga og það hefur einnig áhrif á innflutning varanlegra neysluvara sem dregst saman jafnt og þétt um þessar mundir.

Vöruútflutningur nam 31,4 ma.kr. í ágúst sem er eilítið minni útflutningur en í júlí. Útflutningur á áli dróst lítillega saman en heimsmarkaðsverð á áli lækkaði nokkuð í ágúst og hefur meðalmánaðarverð á áli ekki verið lægra síðan í febrúar sl. Vöruskiptahallinn nam því 3,4 ma.kr. að þessu sinni.

Á fyrstu 7 mánuðum ársins hefur útflutningur aukist um 18,8% að magni til en í vorspá ráðuneytisins er gert ráð fyrir 17,6% magnaukningu fyrir yfirstandandi ár í heild. Þar var gert ráð fyrir 8,9% samdrætti í útflutningi sjávarafurða að magni til, en á fyrstu 7 mánuðum ársins nam samdrátturinn einungis 2,7%. Annar stór liður, útflutningur á áli hefur aukist að magni til um tæplega 64% á sama tíma en í vorspá ráðuneytisins var spáð tæplega 70% magnaukningu. Er enn gert ráð fyrir að sú spá haldi þar sem framleiðsla Alcoa Fjarðaál komst ekki á fullt stig fyrr en í apríl á þessu ári.

Innflutningur vöru dróst saman um 3,2% á fyrstu 7 mánuðum ársins en í vor var spáð 2,3% samdrætti fyrir árið í heild. Eitt þeirra atriða sem útskýra þróunina er að innflutningur á eldsneyti og olíum hefur dregist saman um 1% að magni til á fyrstu 7 mánuðum ársins. Innflutningur nauðsynjavarnings hefur aftur á móti aukist nokkuð að magni til þrátt fyrir töluverðar verðhækkanir á þessu tímabili.

Það sem af er ári er hallinn á vöruskiptunum um 45 ma.kr. en í vorspá ráðuneytisins var spáð 57,2 ma.kr. halla fyrir árið í heild sinni og er ekki ósennilegt að sú spá haldi þar sem ekki er gert ráð fyrir miklum halla síðustu fjóra mánuði ársins. Athygli skal þó vakin á því að upplýsingar varðandi verslun með flugvélar berast Hagstofunni jafnan seint. Því má gera ráð fyrir einhverjum breytingum á inn- og útflutningstölum fyrir síðustu 2-3 mánuði.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – júlí 2008



Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,7	5,5
Skattar á tekjur og hagnað	18,6	9,9
Eignarskattar	10,3	-20,6
Skattar á vöru og þjónustu	8,6	2,8
Tryggingagjöld	6,8	6,3
Tekjur alls	17,4	4,4

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,7	20,9
Heilbrigðismál	10,4	10,6
Alm.trygg. & velferðarmál	17,3	16,5
Efnahags- og atvinnumál	10,9	31,3
Menntamál	10,5	10,9
Gjöld alls	14,3	16,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	37.788	26.847
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.377	35.450
Afborgun lána	-26.465	-37.941
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-51.152	-4.801
Lántökur	43.292	103.376
Breyting á handbæru fé	-7.860	98.575

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (ágúst)	3,4	14,5
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,8	12,9
Launavísitala (júlí)	8,3	9,1
Heildarvelta (jan.-apríl)	11,8	7,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,6	2,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,0	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

11. september 2008

Skattlagning olíuleitar og olíuvinnslu

Á vegum fjármálaráðuneytisins er unnið að gerð lagafrumvarps um skattlagningu olíuleitar og olíuvinnslu innan íslenskrar efnahagslögsögu. Fyrirhugað er að frumvarpið verði lagt fram á komandi haustþingi Alþingis en í janúar 2009 er stefnt að því að bjóða út leyfi til leitar, rannsóknar og vinnslu á olíu og gasi á sk. Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg.

Olíuleitarfyrirtæki greina á milli ríkja eftir því hversu vel kannaðar olíulindir þeirra eru, hversu auðvelt er að nálgast þær, hvað vitað er um jarðlög og hver skattheimta ríkjanna er. Til að laða hingað til lands olíufyrirtæki þarf skattlagning þeirra að vera vel samkeppnishæf við önnur ríki þar sem aðstæður til leitar og vinnslu á Drekasvæðinu eru almennt séð erfiðar.

Við frumvarpsgerðina hefur því verið haft að leiðarljósi að ríkissjóði verði tryggð ásættanleg hlutdeild af þeim hagnaði sem fellur til vegna nýtingar á takmarkaðri auðlind í eigu þjóðarinnar og jafnframt að Ísland verði í skattalegu tilliti samkeppnishæft við nágrannaríki okkar sem eru með samskonar starfsemi, þ.e. Noreg, Færeyjar, Kanada, Írland og Grænland.

Umrædd nágrannaríki okkar hafa valið ólíkar leiðir við skattlagningu olíuleitar og vinnslu. Þannig er í Noregi lagður sérstakur 50% kolvetnisskattur á hagnað vegna olíuvinnslu, til viðbótar við almennan tekjuskatt fyrirtækja. Á móti kemur að hægt er að draga frá skattstofni allan kostnað sem fellur til við öflun olíunnar, auk ívilnandi reglna um uppsafnað tap og afskriftir. Kostur slíkrar skattlagningar er að hún er einföld en ókostur hennar er að langur tími getur liðið frá því vinnsla olíu hefst þar til viðkomandi fyrirtæki greiðir skatt af hagnaðinum, auk þess sem endurgreiddur er hluti kostnaðar vegna olíuleitar jafnvel þó að engin olía finnist. Hafa ber í huga að jarðlög í Noregi hafa verið könnuð gríðarlega mikið og mun meira en á Drekasvæðinu, auk þess sem Drekasvæðið er mjög langt frá landi ólíkt norsku leitar- og vinnslusvæðunum en það hefur áhrif á hvaða fyrirkomulag skattlagningar er heppilegt, m.a. út frá stofnkostnaði og áhættu.

Í Færeyjum og Kanada er löggjöf á þessu sviði samsett af þrenns konar sköttum, þ.e. almennum fyrirtækjaskatti, framleiðslugjaldi og sérstökum kolvetnisskatti. Er framleiðslugjaldið stighækkandi samhliða aukinni framleiðslu en kolvetnisskatturinn kemur í stað þess þegar tekjur af framleiðslunni eru orðnar hærri en rekstrarkostnaður. Kostir slíkrar skattlagningar felast í því að tekjur ríkissjóðs koma inn þegar í upphafi olíuvinnslunnar og eru stöðugar, auk þess sem ekki þarf að endurgreiða kostnað ef engin olía finnst. Á móti kemur að skatthlutfall kolvetnisskattsins er lægra en í Noregi enda dreifist skattlagningin á lengra tímabil.

Á Írlandi er einvörðungu almennur fyrirtækjaskattur á þessa starfsemi en skatthlutfallið sjálft er þó tvöfalt hærra en almenna skatthlutfallið eða 25%. Slík skattlagning er einföld en nær tæpast því markmiði að tryggja ásættanlega hlutdeild í takmarkaðri auðlind.

Á ríkisstjórnarfundi í júlí sl. var samþykkt tillaga fjármálaráðherra í þá veru að frumvarp til löggjafar um skattlagningu á þessu sviði verði grundvallað í fyrsta lagi á almennum fyrirtækjaskatti, í öðru lagi á stighækkandi framleiðslugjaldi og í þriðja lagi á stighækkandi kolvetnisskatti sem komi í stað framleiðslugjalds þegar tekjur af framleiðslunni eru orðnar hærri en rekstrarkostnaður. Er það talið skynsamlegasta nálgunin út frá ofangreindum markmiðum og aðstæðum á Drekasvæðinu. Frumvarp til laga í þessa veru er sem áður segir í vinnslu í fjármálaráðuneytinu.

Ágreiningur við ESA vegna ríkisábyrgðargjalds

Nýverið hóf Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) formlega rannsókn á því hvort undanþága Íbúðalánasjóðs frá greiðslu sérstaks ríkisábyrgðargjalds, samkvæmt 7. gr. laga nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir, hafi frá gildistöku laganna 1. janúar 1998 falið í sér ólögmæta nýja ríkisaðstoð. Í ákvörðun ESA um að hefja rannsóknina kemur fram sú afstaða ESA að líkur séu á því að um ólögmæta nýja ríkisaðstoð sé að ræða þar sem frá og með árinu 1998 hafi ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum almennt borið að greiða sérstakt ríkisábyrgðargjald af innlendum sem erlendum skuldbindingum sínum sem ríkið ber ábyrgð á. Hins vegar hafi Íbúðalánasjóður verið sérstaklega undanþeginn þessari gjaldskyldu og þar með notið sérstakrar meðferðar. Þar sem um sé að ræða sk. nýja aðstoð („new aid"), þ.e. aðstoð sem veitt er eftir gildistöku EES-samningsins, gæti niðurstaða rannsóknarinnar, samkvæmt bráðabirgðamati ESA, orðið á þá leið að íslenska ríkinu beri að endurkrefja Íbúðalánasjóð um þá fjárhæð sem nemur ógreiddu ríkisábyrgðargjaldi sjóðsins aftur til ársins 1998, með vöxtum.

Íslensk stjórnvöld hafa komið á framfæri við ESA rökstuddum andmælum við þá bráðabirgðaniðurstöðu sem fram kemur í umræddri ákvörðun ESA. Þau benda á að Íbúðalánasjóður hefur frá upphafi verið undanþeginn greiðslu ríkisábyrgðargjalds vegna þeirrar ríkisábyrgðar sem er á skuldbindingum sjóðsins. Í því efni hafi engin breyting orðið með lögum nr. 121/1997 heldur hafi þau aðeins staðfest ríkjandi ástand hvað sjóðinn varðar. Eðli máls samkvæmt geti ákvörðun Alþingis um gjaldskyldu annarra ríkisstofnana og fyrirtækja ekki myndað nýtt sjálfstætt ríkisaðstoðarkerfi fyrir Íbúðalánasjóð. Eingöngu efnislegar breytingar á eldra ríkisaðstoðarkerfi, eða nýtt sjálfstætt kerfi, geta talist vera ný ríkisaðstoð. Því sé, að mati íslenskra stjórnvalda, í tilviki Íbúðalánasjóðs um að ræða ríkisaðstoðarkerfi (þ.e. undanþága sjóðsins frá ríkisábyrgðargjaldi) sem sé eldra en EES-samningurinn og í slíkum tilvikum („existing aid") er samkvæmt málsmeðferðarreglum ekki um endurgreiðslukröfu að ræða verði niðurstaðan sú að ríkisaðstoðarkerfið sé andstætt ríkisstyrkjaákvæðum EES-samningsins. Í slíkum tilvikum ber stjórnvöldum einvörðungu að sjá til þess að til framtíðar sé viðkomandi ríkisaðstoðarkerfi aðlagað gildandi reglum um ríkisaðstoð.

Ætla má að niðurstaða hinnar formlegu rannsóknar liggi fyrir á síðari hluta næsta árs. Endanleg ákvörðun ESA er síðan kæranleg til EFTA dómstólsins. Samhliða þessari rannsókn hefur ESA til sjálfstæðrar skoðunar aðra þætti í starfsemi Íbúðalánasjóðs og hvernig þeir falla að reglum um ríkisaðstoð.

Ný lög um endurskoðendur

Í vor voru samþykkt ný lög um endurskoðendur sem taka gildi um næstu áramót.

Voru lögin sett til innleiðingar á 8. félagatilskipun ESB en hún kallaði á umfangsmiklar breytingar á eldri lögum um endurskoðendur. Markmið tilskipunarinnar er að kröfur og gæði endurskoðunar verði sambærileg á EES-svæðinu og til þess fallin að auka tiltrú fjárfesta á endurskoðuðum ársreikningum. Með nýjum lögum eru gerðar meiri og skýrari kröfur til endurskoðenda en verið hefur til þessa. Þar má nefna auknar kröfur til endurmenntunar og gæðaeftirlits. Einnig skal Félag löggiltra endurskoðenda setja siðareglur sem endurskoðendum ber að fara eftir. Þegar um er að ræða endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum eru gerðar ríkari kröfur um að endurskoðandinn sé óháður einingunni. Eining tengd almannahagsmunum er lögaðili sem hefur verðbréf sín skráð á markaði, lífeyrissjóðir, lánastofnanir og vátryggingafélög. Skulu endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtækin sem endurskoða slíkar einingar birta árlega á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi þar sem fram koma upplýsingar um endurskoðunarfyrirtækið. Einnig skal endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Endurskoðanda slíkrar einingar er ekki heimilt að taka við stjórnunarstöðu hjá viðkomandi fyrirtæki fyrr en a.m.k. tvö ár eru liðin frá því hann tók þátt í endurskoðuninni.

Er hinum nýju lögum ætlað að tryggja að almenningur og þeir sem þurfa á fjárhagsupplýsingum að halda geti treyst á gæði þeirra upplýsinga sem fram koma í endurskoðuðum ársreikningi og að hann sé unninn af óháðum endurskoðanda.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,7	5,5
Skattar á tekjur og hagnað	18,6	9,9
Eignarskattar	10,3	-20,6
Skattar á vöru og þjónustu	8,6	2,8
Tryggingagjöld	6,8	6,3
Tekjur alls	17,4	4,4

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,7	20,9
Heilbrigðismál	10,4	10,6
Alm.trygg. & velferðarmál	17,3	16,5
Efnahags- og atvinnumál	10,9	31,3
Menntamál	10,5	10,9
Gjöld alls	14,3	16,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	37.788	26.847
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.377	35.450
Afborgun lána	-26.465	-37.941
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-51.152	-4.801
Lántökur	43.292	103.376
Breyting á handbæru fé	-7.860	98.575

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (ágúst)	3,4	14,5
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,8	12,9
Launavísitala (júlí)	8,3	9,1
Heildarvelta (jan.-apríl)	11,8	7,7
Smásöluvelta (jan.-apríl)	6,6	2,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	0,9	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

18. september 2008

Hækkandi eldsneytisverð dregur úr akstri

Undanfarna mánuði hefur Vegagerðin birt mánaðarlega upplýsingar um umferðarmagn á nokkrum mælingastöðvum. Mælingar í safni Vegagerðarinnar eru flestar á hringveginum vítt og breitt um landið þar sem gætir mikils munar á umferð eftir árstíðum. Sú umferð kann að vera valkvæðari en almenn umferð innan þéttbýlisstaða. Frá byrjun árs 2007 hefur eldsneytisverð sýnt mikla leitni til hækkunar en þó með nokkrum undantekningum. Sú spurning vaknar því hvort hægt sé að meta skammtímaviðbrögð landsmanna við breytingum á eldsneytisverði. Því hefur löngum verið haldið fram að eftirspurn eftir eldsneyti sé mjög óteygin, þ.e. að fólk noti bíla sína jafn mikið óháð því hvort verð hækkar eða lækkar og jafnvel að Íslendingar séu öðru vísi en aðrar þjóðir í þessum efnum. Á því tímabili sem hinar birtu upplýsingar Vegagerðarinnar ná til hefur eldsneytisverð bæði lækkað en einnig hækkað, og það svo um munar. Því er fróðlegt að sjá hvort mæla megi með hvaða hætti landsmenn hafa brugðist við þessum breytingum.

Ársbreyting (%) á umferðarmagni og raunverði eldsneytis



Á myndinni hér fyrir ofan er sýnd þróun ársbreytingar á eldsneytisverði annars vegar og breyting á umferðarmagni hins vegar. Ekki er hægt að nota ársbreytingartölur um umferð fyrir nóvember 2007 og apríl 2008 vegna óreglu í talnaefni. Með því að skoða ársbreytingu mánaða hefur það ekki áhrif að umferð er meiri á sumrin en veturna á þeim mælingastöðum sem Vegagerðin notast við. Verð á eldsneyti er sett á fast verðlag með vísitölu neysluverðs. Á því er sá hængur að eldsneytisverðið hefur sjálft umtalsverð áhrif á vísitöluna, sérstaklega þegar breytingarnar eru miklar eins og í ár. Myndin sýnir að viðbrögð landsmanna við breytingum á eldsneytisverði, bæði til lækkunar og hækkunar, eru töluverð. Meðan eldsneytisverð lækkaði umfram almennt verðlag jókst umferð og í raun með ólíkindum. Um leið og eldsneytisverð hætti að lækka dró úr vexti umferðarinnar og þegar verðhækkunin á ári var komin í 7% var vöxtur umferðar orðinn enginn og

Tölfræðilegt samband ársbreytingar á eldsneytisverði og umferðar



eftir það fór að draga úr umferð frá árinu á undan. Sá samdráttur hélt áfram þótt sjá megi að þegar eldsneytisverð lækkaði nokkuð í ágúst varð samdrátturinn minni en hina sumarmánuðina.

Sambandið á milli hlutfallslegra verðbreytinga og notkunar á eldsneyti, verðteygnin, er nokkuð sterkt tölfræðilega. Það segir að 1% hækkun (lækkun) eldsneytisverðs frá fyrra ári (miðað við annað verðlag) leiðir af sér 0,36% lækkun (hækkun) á umferðarmagni, og þar með notkun á eldsneyti. Útreikningarnir sýna jafnframt að miðað við óbreytt eldsneytisverð má gera ráð fyrir að umferð aukist í samræmi við fólksfjölgun, sem var 2,5% á ári á því tímabili sem athugunin nær til. Sambandið milli þessara breyta, sem sýnt er á neðri myndinni, er álíka sterkt og það sem mælt hefur verið í öðrum löndum. Til lengri tíma hefur verið sýnt fram á að teygnin er nálægt -1. Það stafar af því að við hækkun eldsneytisverðs til lengri tíma er brugðist með bættri nýtingu eldsneytis.

Skattar og hagvöxtur

OECD gaf nýlega út rannsóknarritgerð um samband skattlagningar og hagvaxtar. Í rannsókninni kemur m.a. fram hvernig samsetning skattkerfisins getur haft áhrif á vöxt landsframleiðslunnar í gegnum hagnýtingu og framleiðni vinnuaflsins. Almennt hefur verið talið að erfitt sé að greina tengsl milli skattbyrði og stærðar hins opinbera annars vegar og vaxtar landsframleiðslunnar hins vegar. Í þessari rannsókn er farin sú leið að bera saman landsframleiðslu á mann sl. þrjá áratugi við ýmsa mælikvarða skattkerfisins meðal OECD-ríkjanna. Sköttunum er skipt í tvo flokka; skatta á tekjur og hagnað (beinir skattar) annars vegar og skatta á vörur og þjónustu (óbeinir skattar) hins vegar. Beinum sköttum er síðan skipt niður á tekjuskatt einstaklinga og tekjuskatt fyrirtækja. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að þau lönd sem eru með hærra hlutfall óbeinna skatta á móti beinum sköttum uppskáru meiri hagvöxt á umræddu tímabili.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar nánar kemur í ljós að mismunur milli landa í skattlagningu einstaklinga virðist hafa minni neikvæð áhrif á vöxt landsframleiðslunnar heldur en mismunur í skattlagningu fyrirtækja. Ísland kemur vel út hvað þetta varðar. Tekjuskattur fyrirtækja er 15% hér á landi á móti 28% meðaltali OECD-ríkja. Einungis Ungverjaland og Írland eru með lægri tekjuskatt fyrirtækja en Ísland. Almennt séð hefur tekjuskattsprósenta á fyrirtæki lækkað í OECD-ríkjum frá árinu 2000 en í nokkrum tilvikum er hún sú sama. Í engu tilviki var hún hækkuð á umræddu tímabili.

Skattar hafa áhrif á hagnýtingu vinnuaflsins í gegnum hvort tveggja framboð og eftirspurn þess. Hár tekjuskattur einstaklinga hefur tilhneigingu til að draga úr heildaratvinnuþátttöku. Annars vegar dregur hátt skattstig úr atvinnuþátttöku þeirra lægst launuðu og hins vegar hefur það áhrif til að auka fjölda vinnustunda vegna þess að hærri sköttum fylgja lægri ráðstöfunartekjur. Þetta á sérstaklega við um karla. Staðkvæmdaráhrif eru sterkari hjá konum, þ.e. þær hafa frekar tilhneigingu til að draga úr vinnu með aukinni skattlagningu. Stighækkandi skattþrep (e. progressive taxation), sem miðast við að auka jöfnuð ráðstöfunartekna ólíkra hópa, hefur áhrif til að draga úr atvinnuþátttöku og fækka vinnustundum, sérstaklega hjá konum.

Niðurstöðurnar benda frekar til að lægri skattþrep leiði til aukinnar fjárfestingar í mannauði. Tölfræðilegar rannsóknir eru þó ekki ótvíræðar hvað þetta varðar. Þá draga háir tekjuskattar á fyrirtæki úr atvinnuvegafjárfestingu. Hvað varðar heildarþáttaframleiðni, sem er samvegin framleiðni vinnuafls, fjármagns og annarra framleiðsluþátta, benda rannsóknirnar til að flóknir og ógegnsæir skattar á aðföng, eignir eða fyrirtæki trufli ráðstöfun fjármuna sem dragi úr vexti framleiðninnar. Háir jaðarskattar á tekjur einstaklinga og fyrirtækja hafa tilhneigingu að draga úr hvata til frumherjastarfsemi og þar með hagvexti. Háir tekjuskattar á fyrirtæki í alþjóðlegu samhengi hafa áhrif til að hindra innstreymi beinnar erlendrar fjárfestingar. Slíkt hefur áhrif til að halda aftur af mögulegum vexti framleiðninnar og hagvexti þar sem minni tækniþekking berst frá erlendum fyrirtækjum til innlendra.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,7	5,5
Skattar á tekjur og hagnað	18,6	9,9
Eignarskattar	10,3	-20,6
Skattar á vöru og þjónustu	8,6	2,8
Tryggingagjöld	6,8	6,3
Tekjur alls	17,4	4,4

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,7	20,9
Heilbrigðismál	10,4	10,6
Alm.trygg. & velferðarmál	17,3	16,5
Efnahags- og atvinnumál	10,9	31,3
Menntamál	10,5	10,9
Gjöld alls	14,3	16,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	37.788	26.847
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.377	35.450
Afborgun lána	-26.465	-37.941
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-51.152	-4.801
Lántökur	43.292	103.376
Breyting á handbæru fé	-7.860	98.575

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (ágúst)	3,4	14,5
Kjarnaverðbólga (ágúst)	4,8	12,9
Launavísitala (júlí)	8,3	9,1
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	0,9	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

25. september 2008

Fjöldauppsagnir

Sett hafa verið sérstök lög um hópuppsagnir þar sem kveðið er á um það hvernig atvinnurekandi skuli bera sig að ef hann áformar hópuppsagnir starfsmanna, en með hópuppsögnum er samkvæmt lögunum átt við uppsagnir atvinnrekanda á tilteknu hlutfalli starfsmanna á 30 daga tímabili.

Þegar starfsmenn segja upp starfi er hins vegar ekki að finna neina almenna skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu hópuppsögn eða fjöldauppsögn. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þó gert ráð fyrir því að til fjöldauppsagna af hálfu starfsmanna geti komið. Mismunandi er samkvæmt þeim til hvaða úrræða hægt er að grípa ef um fjöldauppsagnir af hálfu starfsmanna er að ræða.

Samkvæmt meginreglunni sem kemur fram í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa starfsmenn rétt til að segja upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi. Forstöðumanni stofnunar er þó heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein innan stofnunar að það myndi hafa veruleg áhrif á starfsemi hennar. Skal forstöðumaður tilkynna starfsmanni innan tiltekins tíma ef uppsagnarfrestur er lengdur. Ákvæði starfsmannalaganna um heimild til að lengja uppsagnarfrest taka því aðeins til tiltekinnar stofnunar en ekki ótiltekins fjölda stofnana.

Meðan kjarasamningar eru í gildi ríkir svokölluð friðarskylda. Í friðarskyldunni felst að aðilar mega ekki á samningstímabilinu knýja fram breytingar á því sem um hefur verið samið með vinnustöðvun, þ.e. verkfalli eða verkbanni.

Þegar um kjaradeilu er að ræða milli stéttarfélags og ríkisins ber aðilum að fara eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna á þeim tíma sem kjaradeilan stendur yfir. Samkvæmt lögunum er stéttarfélagi heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna með þeim skilyrðum og takmörkum sem sett eru í þeim.

Í lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru settar fram reglur um það með hvaða hætti heimilt er að vinna að lausn kjaradeilu með vinnustöðvun. Samkvæmt lögunum er boðun verkfalls því aðeins lögmæt að ákvörðun um hana hafi verið tekin í almennri leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Til að samþykkja verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna sem starfar hjá þeim sem verkfallið beinist gegn að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra að samþykkja hana. Ber stéttarfélagi að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim sem vinnustöðvun beinist gegn ákvörðun um vinnustöðvun og skal verkfallsboðun vera skrifleg og kynnt viðtakanda á sannanlegan hátt.

Í lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna kemur fram að það teljist til verkfalla í skilningi laganna þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði og sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla. Með sambærilegum aðgerðum er m.a. átt við fjöldauppsagnir.

Fjöldauppsagnir flokkast því sem verkfallsaðgerðir þegar starfsmenn hafa með sér samstöðu og sammælast um að segja upp störfum í því skyni að knýja fram ákveðnar kröfur, þ.e.a.s. markmið og tilgangur aðgerða starfsmanna með fjöldauppsögn er að knýja viðsemjendur til að ganga til samninga á tilteknum grundvelli.

50 ár frá fyrstu útgáfu tvísköttunarmódels OECD

Nýlega var þess minnst að á þessu ári eru liðin 50 ár frá því að samningsfyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD í tvísköttunarmálum kom fyrst út en markmið með gerð tvísköttunarsamninga er að koma í veg fyrir tvísköttun og undanskot frá skattlagningu. Reyndar var það forveri OECD sem stóð fyrir þessari fyrstu útgáfu eða OEEC. Ástæða þess að þörf var talin á að samræma efni tvísköttunarsamninga voru stóraukin efnahagsleg samskipti milli ríkjanna eftir síðari heimsstyrjöldina og þar með mikilvægi þess að koma í veg fyrir tvísköttun.

Árið 1963 kom fyrsta samningsfyrirmyndin út í núverandi mynd frá OECD og síðan þá hefur hún verið endurskoðuð nokkrum sinum og endurútgefin, nú síðast í júlí 2008. Með samningsfyrirmyndinni frá árinu 1977 voru gefnar út nákvæmar leiðbeiningar um hvernig túlka skyldi hverja grein fyrir sig. Það eru fyrst og fremst þessar leiðbeiningar sem taka breytingum eftir því hvernig alþjóðlegt skattalegt umhverfi breytist en ekki sjálf samningsfyrirmyndin.

Efni samningsfyrirmyndarinnar skiptist í nokkra kafla sem fjalla meðal annars um skilgreiningar á hugtökum, hvernig skipta skuli skattlagningarrétti milli ríkja vegna tekna hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum, fjallað er um aðferðir sem ríki geti samið um til að koma í veg fyrir tvísköttun og síðast en ekki síst hvernig skuli hátta upplýsingaskiptum og leysa úr deilumálum ef upp kemur ágreiningur um skattlagningarrétt milli samningsaðila.

Innan OECD er í dag starfandi vinnuhópur sem samanstendur af fulltrúum allra ríkjanna og vinnur hann að endurskoðun og túlkun á samningsfyrirmyndinni og athugasemdunum. Ísland hefur tekið fullan þátt í þessari vinnu og sent fulltrúa á árlega vinnufundi. Mikil vinna liggur að baki hverri breytingu sem gerð er á fyrirmyndinni og athugasemdunum og tekur iðulega mörg ár að komast að niðurstöðu sem leiðir til breytinga.

Samningsmódelið hefur verið haft til fyrirmyndar í öllum þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland er aðili að, hvort sem samið hefur verið við OECD-ríki eða ekki. Ekki er þó alltaf hægt að fylgja fyrirmyndinni í öllum atriðum, ýmist vegna sérislenskra skattareglna eða vegna sérreglna samningsríkisins en yfirleitt er komist að samkomulagi sem aðilar geta unað við. Athugasemdirnar við samningsfyrirmyndina eru afar mikilvægar við túlkun á ákvæðum hennar og hafa bæði skattyfirvöld og lögmenn nýtt sér þær við úrlausn ágreiningsefna og Hæstiréttur vísað til þeirra í rökstuðningi sínum.

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins væntanleg

Næstkomandi miðvikudag, 1. október, birtir fjármálaráðuneytið nýja þjóðhagsskýrslu, Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008. Í skýrslunni verður fjallað um framvindu og horfur helstu þátta efnahagsmála á árunum 2008-2010 á grundvelli nýrrar þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins auk framreikninga til ársins 2013. Auk þess verða birtar niðurstöður margvíslegra rannsókna á sviði þjóðhags- og tekjuspágerðar.

Undanfarin ár hafa þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins, eins og annarra aðila, vanmetið kraft uppsveiflunnar. Þar sem spár um tekjur ríkissjóðs eru byggðar á þjóðhagsspá ráðuneytisins hefur sama tilhneiging komið fram hvað þær varðar. Í skýrslunni verða birtar rannsóknir á orsökum spáfrávika í helstu þjóðhagsstærðum, bæði frávik í haggögnum og ólíka eiginleika reiknilíkana við spágerð. Samanburður á ICEMOD og QMM líkönum varpar ljósi á þætti sem stýra ólíkum spániðurstöðum. Rannsóknarvinnan miðar einnig að því að bæta þekkingu á mikilvægum atriðum er lúta að fjármálastjórn ríkissjóðs.

Meðal hagfræðilegra og tölfræðilegra rannsókna á sviði ríkisfjármála undanfarin ár sem gerð verður grein fyrir í skýrslunni má nefna

- mat á teygnistikum einstakra skattstofna og skatttekna ríkissjóðs í heild
- gerð spálíkana fyrir skatttekjur
- mælingar á kerfislægum tekjujöfnuði ríkissjóðs og
- mat á árangri í sveiflujöfnun ríkissjóðs Íslands í samanburði við ríkissjóði annarra OECD ríkja.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,7	5,5
Skattar á tekjur og hagnað	18,6	9,9
Eignarskattar	10,3	-20,6
Skattar á vöru og þjónustu	8,6	2,8
Tryggingagjöld	6,8	6,3
Tekjur alls	17,4	4,4

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,7	20,9
Heilbrigðismál	10,4	10,6
Alm.trygg. & velferðarmál	17,3	16,5
Efnahags- og atvinnumál	10,9	31,3
Menntamál	10,5	10,9
Gjöld alls	14,3	16,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	37.788	26.847
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.377	35.450
Afborgun lána	-26.465	-37.941
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-51.152	-4.801
Lántökur	43.292	103.376
Breyting á handbæru fé	-7.860	98.575

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (sept.)	4,2	14,0
Kjarnaverðbólga (sept.)	5,2	12,7
Launavísitala (ágúst)	8,0	9,1
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	0,9	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

2. október 2008

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Í gær var birt ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Helstu niðurstöður eru:

Erfiðleikar og viðsjár á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafa í auknum mæli sett mark sitt á þróun efnahagsmála hér á landi eins og annars staðar. Eftir áralanga kröftuga uppsveiflu með aukinni verðbólgu og viðskiptahalla er aðlögun að jafnvægi hafin í þjóðarbúinu. Þrátt fyrir að þjóðarútgjöld lækki um 3,1% árið 2008 er áætlað að aukinn útflutningur og samdráttur í innflutningi skili landsmönnum 1,7% hagvexti það ár. Frekari samdráttur þjóðarútgjalda og minni aukning í útflutningi leiðir til þess að landsframleiðsla dregst saman um 1,6% árið 2009. Árið 2010 er gert ráð fyrir að vöxtur þjóðarútgjalda verði lítillega jákvæður og að hagvöxtur verði 1,1% það ár.

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður/VLF 1995-2010



Þrátt fyrir verulegan bata í vöru- og þjónustuskiptajöfnuði er reiknað með að viðskiptahallinn verði 16,8% af landsframleiðslu árið 2008 vegna aukins halla á þáttatekjujöfnuði. Vegna minni halla á vöru- og þjónustujöfnuði er spáð að viðskiptahallinn nemi 8,2% árið 2009 og 6,0% árið 2010.

Áætlað er að meira jafnvægi muni nást á vinnumarkaðinn á næstu árum. Reiknað er með að atvinnuleysi verði að meðaltali 1,2% af vinnuafli árið 2008 en spáð að það aukist á komandi misserum og að það verði 2,7% árið 2009 og 3,8% af vinnuafli árið 2010.

Vegna gengislækkunar krónunnar á árinu ásamt viðvarandi spennu á vinnumarkaði er áætlað að verðbólga aukist í 11,5% að meðaltali á þessu ári. Spáð er að verðbólga dragist hratt saman á næsta ári og verði 5,7% að meðaltali. Reiknað er með að 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands náist á árinu 2010 og að verðbólga verði að meðaltali 2,8% það ár.

Spáin grundvallast á forsendum um þróun gengis krónunnar sem háðar eru mikilli óvissu. Þegar spánni var lokað fyrr í september var miðað við að hún yrði 149 stig að meðaltali í ár sem jafngildir um 26% hækkun gengisvísitölunnar frá árinu 2007. Til samanburðar, ef miðað er við að gengi krónunnar haldist óbreytt frá skráðu gengi 1. október út þetta ár yrði gengisvísitalan um 163 stig að meðaltali, eða 37% hærri en í fyrra.

Spáð er að afkoma ríkissjóðs verði í jafnvægi í ár samhliða því að dregur úr framleiðsluspennu. Afkoman mun snúast í halla á næstu árum og mun hann nema 5% af landsframleiðslu árið 2009 og 3,5% árið 2010. Ríkissjóður gegnir mikilvægu hlutverki í fjármálastjórn hins opinbera með því að hafa sveiflujafnandi áhrif á efnahagsframvinduna, en gert er ráð fyrir að dragi úr hallanum eftir því sem hagvöxtur tekur við sér og að afkoman verði jákvæð 2012.

Í framreikningum fyrir árin 2011-2013 er reiknað með hóflegum hagvexti á tímabilinu, eða um 2,4% á ári að meðaltali; að verðbólga verði nálægt verðbólgumarkmiði, að viðskiptahallinn nálgist 4,8% af landsframleiðslu og að tekjuafkoma ríkissjóðs verði í jafnvægi í lok tímabilsins.

Óvissuþættir í þjóðhagsspánni varða ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og sveiflur í gengi krónunnar, en einnig frekari stóriðjuframkvæmdir og endurnýjun kjarasamninga á næsta ári.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 16,7 ma.kr. innan ársins, sem er 27,2 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 8,3 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 42,7 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 25,2 ma.kr., sem er 47,6 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum þessa árs námu um 294 ma.kr. sem er aukning um 2,9% að nafnvirði.

Greidd gjöld nema 281,9 ma.kr. og hækka um 42,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um tæp 18%. Gjöld til almannatrygginga og velferðarmála eru 71,2 ma.kr. og hækka um 12,7 ma.kr., eða tæp 22% og er það veigamesta skýringin á hækkun gjalda milli ára.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 15,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins, en var neikvæður um 64,1 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjáraukningu Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. eiginfjárframlagi á síðasta ári.

Samkeppnishæfni og skilvirkni íslenska skattkerfisins

Í skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði til að kanna samkeppni og skilvirkni íslenska skattkerfisins kemur að það sé einfalt og gagnsætt í samanburði við skattkerfi annarra landa. Sá eiginleiki stuðli að skilvirkni þess, jafnframt því að draga úr skattsvikum. Einfaldleiki og gagnsæi í formi almennra skattareglna í heimi þar sem flutningur á fjármagni, atvinnustarfsemi og vinnuafli milli landa eru einnig mikilvægir þættir séð frá sjónarhóli samkeppni. Einföld álagning tekjuskatts með fremur lágum meðalskatti, lág launatengd gjöld og lágt tekjuskatthlutfall á hagnað fyrirtækja eru allt þættir sem stuðla að bættri samkeppnisstöðu íslenska skattkerfisins.

Í skýrslunni segir að meðalskatthlutfall á tekjur einstaklinga sé almennt lægra á Íslandi en að jafnaði innan OECD. Þegar tekið er tillit til greiðslu barnabóta verða meðalskatthlutföllin sýnu lægst á Íslandi. Jaðarskattur á meðaltekjur og lágar tekjur er hins vegar tiltölulega hár hér á landi samanborið við nágrannalöndin án þess þó að hafa letjandi áhrif á vinnuframlag einstaklinga. Þá er samanlögð skattlagning launa og launatengd gjöld (tryggingagjöld) lágt hlutfall hér á landi miðað við önnur OECD ríki og því verða neikvæð áhrif skattkerfisins á vinnumarkaðinn tiltölulega lítil.

Jafnframt kemur fram í skýrslunni að samanlögð áhrif tekjuskatts á hagnað fyrirtækja og fjármagnstekjuskatts á arðgreiðslur séu lítil hér á landi samanborið við OECD-ríkin. Sú staðreyndi virki hvetjandi fyrir fjárfestingar í atvinnurekstri og auki á samkeppni og skilvirkni íslenska skattkerfisins í alþjóðlegum samanburði. Í stuttu máli verður því ekki annað sagt en að íslensku skattkerfi sé gefin ágætiseinkunn í umræddri skýrslu.

Vöruviðskiptin í september

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru í september fluttar inn vörur fyrir 42,6 ma.kr. á fob virði sem er um 23% aukning frá sl. mánuði en innflutningurinn í ágúst var með minnsta móti. Fluttar voru út vörur fyrir 42,3 ma.kr. sem er einnig töluverð aukning frá sl. mánuði eða sem nemur um 35%. Vöruskiptahallinn var því ekki nema um 0,3 ma.kr en enn eiga eftir að berast upplýsingar varðandi verslun með flugvélar í mánuðinum. Þessi mikla aukning í bæði inn- og útflutningi má að stórum hluta rekja til gengislækkunar krónunnar en gengisvísitalan var að meðaltali 170,2 stig í september á móti 158 stigum í ágúst en það nemur um 7,7% lækkun á gengi krónunnar.

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,3	3,4
Skattar á tekjur og hagnað	18,5	10,0
Eignarskattar	15,4	-24,7
Skattar á vöru og þjónustu	8,1	-1,2
Tryggingagjöld	6,6	6,0
Tekjur alls	16,2	2,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,3	20,3
Heilbrigðismál	10,8	11,6
Alm.trygg. & velferðarmál	16,4	21,8
Efnahags- og atvinnumál	10,0	30,8
Menntamál	11,7	10,4
Gjöld alls	14,0	17,9

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	45.346	16.633
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.412	25.171
Afborgun lána	-36.443	-38.129
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-61.496	-15.598
Lántökur	57.515	147.531
Breyting á handbæru fé	-3.981	131.933

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (sept.)	4,2	14,0
Kjarnaverðbólga (sept.)	5,2	12,7
Launavísitala (ágúst)	8,0	9,1
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	0,9	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

9. október 2008

Um þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins

Undanfarin ár hafa þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins, eins og spár annarra aðila, vanmetið kraft uppsveiflunnar. Þar sem spár um tekjur ríkissjóðs eru byggðar á þjóðhagsspá ráðuneytisins hefur sama tilhneiging komið fram hvað þær varðar. Í skýrslunni Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008 eru birtar niðurstöður rannsókna á orsökum spáfrávika í helstu þjóðhagsstærðum og samanburðar á ólíkum eiginleikum reiknilíkana við spágerð.

Í rannsóknninni á frávikum í þjóðhagsspám fjármálaráðuneytisins eru vor- og haustspár ráðuneytisins á árunum 2002 til 2007 rannsakaðar með tölfræðimælingum. Helstu þjóðhagsstærðir eru skoðaðar, þ.e. verg landsframleiðsla og undirliðir hennar sem eru einkaneysla, samneysla, fjármunamyndun og inn- og útflutningur. Mælikvarðar sem lagðir eru til grundvallar mælingum á nákvæmni spánna eru meðalfrávik (e. average error, AE) og kvaðratfrávik (e. root mean square error, RMSE). Meðalfrávik nálægt núlli sýnir óbjagaða spá en neikvætt gildi merkir vanspá. Kvaðratfrávikið sem er kvaðratrót af meðaltali frávikanna í öðru veldi er betri mælikvarði á það hversu nálægt réttu gildi spágildin eru og þannig vega stór frávik þyngra en lítil. Mælingarnar sýna að frávik í spám um hagvöxt minnkuðu þegar komið var fram á spáárið sem sýnir að spáin er að batna eftir því sem tíminn líður og upplýsingar aukast. Þá sýnir rannsóknin að frávikin voru meira áberandi fyrir innlenda eftirspurnarliði en útflutning. Frávikin eru samt nokkuð mikil og má ýmist rekja þau til breytinga á sögulegum haggögnum, gefnum forsendum eða eiginleikum þeirra reiknilíkana sem stuðst er við. Gefnar forsendur um stýrivexti og gengi hafa stundum ekki þróast á þann veg sem vænst var með áhrifum á útkomuna. Annar stór áhrifavaldur er breyting á sögulegum haggögnum. Endanleg gildi á þjóðhagsstærðunum liggja jafnan ekki fyrir fyrr en nokkuð eftir að árið er liðið. Þannig hefur Hagstofan birt endurmat á tölum og hafa því stundum fylgt umtalsverðar breytingar, jafnvel nokkrum árum síðar. Sem dæmi má taka hagvöxt ársins 2004, sem í dag er áætlaður að hafa verið 7,7% en var í mars 2005 5,2%.

Í þriðja lagi hefur fjármálaráðuneytið stuðst við ICEMOD þjóðhagslíkanið frá árinu 2002 en Seðlabankinn hefur frá árinu 2006 stuðst við nýtt QMM þjóðhagslíkan. Samanburður á þessum líkönum varpar ljósi á þætti sem stýra ólíkum spániðurstöðum. Nákvæmur samanburður á spám ráðuneytisins og Seðlabankans er erfiður því viðmiðanirnar eru ólíkar. Þó eru meðalfrávikin í spám Seðlabankans í flestum tilfellum neikvæð sem bendir til sömu tilhneigingar til vanmats í spám bankans og hjá ráðuneytinu. Þegar kvaðratfrávikin eru skoðuð virðist sem frávik í spám fjármálaráðuneytisins séu í flestum tilfellum örlítið meiri en hjá Seðlabankanum. Að einhverju leyti getur það stafað af því að breytingar á birtum gögnum Hagstofunnar jukust á þeim tíma sem báðar spárnar ná yfir. Þá er líklegt að notkun Seðlabankans á nýju ársfjórðungslegu þjóðhagslíkani QMM frá árinu 2006 hafi dregið úr spáskekkjum en það virðist endurspegla þær breytingar sem orðið hafa á efnahagsumhverfinu undanfarin ár betur en ICEMOD líkanið.

Með aukinni alþjóðavæðingu hagkerfisins og þróun innlends fjármálamarkaðar hafa áhrifaþættir helstu hagstærða breyst (eins og greint er frá í rammagrein 1 í skýrslunni Þjóðarbúskapurinn - Haustskýrsla 2007). Reynsla undanfarinna ára sýnir að ráðstöfunartekjur heimila ráðast í síauknum mæli af þróun eignaverðs og fjármagnstekna. Um leið hafa einkaneysla og fjárfesting stýrst í meira mæli af hækkun eignaverðs, svokölluðum auðsáhrifum. Þessi kenning virðist eiga við nokkur rök að styðjast en mælingar á fylgni spár ICEMOD líkansins fyrir hagvöxt á tímabilinu 1997-2007 er nokkru minni en fyrir spár með QMM líkaninu. Myndin sýnir að QMM líkanið virðist spá betur fyrir um hagvöxt en ICEMOD líkanið, en munurinn á hagvaxtarspánum virðist sérstalega áberandi á síðasta hluta spátímans. Þannig virðist ICEMOD líkanið vanspá um hagvöxt þau ár sem innlend eftirspurn jókst hvað mest en ofspá um þau ár þar sem innlend eftirspurn jókst minna eða dróst saman. Sú niðurstaða er í samræmi við tölfræðilegar mælingar um einstaka eftirspurnarliði eins og að ofan er getið.

Þar sem ICEMOD líkanið var þróað fyrir all nokkrum árum má færa fyrir því rök að líkanið endurspegli ekki nægilega vel íslenskt efnahagsumhverfi eins og það hefur þróast á yfirstandandi áratug. Fjármálaráðuneytið hefur því hafið rannsóknir á því að laga QMM líkanið að sínum þörfum með sérstaka áherslu á frekari þróun á opinbera búskapnum í líkaninu.

Ákvarðanir útlendinga um þátttöku á innlendum vinnumarkaði

Á undanförnum árum hefur mikill fjöldi útlendinga flutt hingað til lands. Um síðastliðin áramót bjuggu hér rúmlega 21.000 manns með erlent ríkisfang, eða 6,8% af heildarfjölda landsmanna. Langflestir útlendingar koma frá Póllandi og næst flestir frá Litháen. Ísland er ekki eina landið í Evrópu sem fólk frá þessum löndum hefur flutt til. Margir hafa flutt til Bretlands og Írlands en af Norðurlöndunum hefur aðflutningurinn verið mestur til Noregs, Íslands og Danmerkur. Aðflutningur vinnuafls frá nýjum aðildarríkjum ESB hefur skipt umtalsverðu máli fyrir þróun vinnumarkaðar á Norðurlöndunum. Þar hefur farið saman að eftirspurn hefur verið eftir vinnuafli og á vinnumarkaði upprunalandanna hefur verið misvægi og umframframboð af vinnuafli. Mikill mismunur hefur verið á lífskjörum milli uppruna- og móttökulandanna. Eftir því sem flutningarnir hafa vaxið og staðið lengur hafa orðið til tengslanet og bættar upplýsingar sem auðvelda ákvarðanir um að flytja. Talið er að aðflutningur vinnuafls hafi leitt af sér meiri hagvöxt, minni verðhækkanir og lægri vexti en annars hefði orðið. Fjölgun starfa hefur hins vegar aðallega orðið í láglaunastörfum. Á sama tíma hefur hagvöxtur aukist í upprunalöndum hinna aðfluttu og því er ekki óeðlilegt að menn velti fyrir sér hvort að því muni koma að áhuginn á því að flytja til annarra landa fari minnkandi.

Spár um sögulega þróun hagvaxtar



Samanburður hagstærða fyrir Ísland, Pólland og Litháen

	Ísland	Pólland	Litháen
VLF/mann 2007 jafnvirðisgildi ESB27=100	128,9	53,8	60,3
Verðbólga, ágúst 2008 (HICP)	15,3	4,4	12,2
Árshækkun launakostnaðar 2008:2F	10,6*	10,0	18,2
Atvinnuleysi 2008:2F	3,1	6,8	4,6
Atvinnuþátttaka, 2007	85,1	57,0	64,9

*) Hækkun launavísitölu.
Heimild: Eurostat og Hagstofa Íslands.

Nánar er fjallað um þá þætti sem hafa áhrif á ákvarðanir útlendinga um þátttöku á innlendum vinnumarkaði í rammagrein 5 í skýrslunni Þjóðarbúskapurinn - Haustskýrsla 2008.

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,3	3,4
Skattar á tekjur og hagnað	18,5	10,0
Eignarskattar	15,4	-24,7
Skattar á vöru og þjónustu	8,1	-1,2
Tryggingagjöld	6,6	6,0
Tekjur alls	16,2	2,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,3	20,3
Heilbrigðismál	10,8	11,6
Alm.trygg. & velferðarmál	16,4	21,8
Efnahags- og atvinnumál	10,0	30,8
Menntamál	11,7	10,4
Gjöld alls	14,0	17,9

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	45.346	16.633
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.412	25.171
Afborgun lána	-36.443	-38.129
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-61.496	-15.598
Lántökur	57.515	147.531
Breyting á handbæru fé	-3.981	131.933

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (sept.)	4,2	14,0
Kjarnaverðbólga (sept.)	5,2	12,7
Launavísitala (ágúst)	8,0	9,1
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (ágúst)	0,9	1,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

16. október 2008

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans var nýlega haldinn í Washington D.C.. Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC), sem skipuð er fjármálaráðherrum og/eða seðlabankastjórum 24 kjördæma hinna 184 aðildarlanda, fundaði þann 11. október sl.. Framkvæmdastjórar helstu alþjóðastofnana og æðstu embættismenn sjóðsins tóku þátt í umræðum á fundinum þar sem fjallað var um stöðu og horfur í efnahags- og fjármálum aðildarríkjanna.

Á fundinum var fjallað um það að hagkerfi heimsins væru á leið inn í efnahagslægð í kjölfar stærsta áfalls á fjármálamörkuðum frá því á fjórða áratug síðustu aldar. Sú þróun er talin ógna fjármálastöðugleika í heiminum. Frá árinu 2006 hefur hagkerfi heimsins einnig verið að takast á við annað áfall sem er mikil hækkun á verði olíu og hrávöru. Sú þróun hefur þó gengið til baka að undanförnu. Megin vandinn í hinu alþjóðlega efnahagslífi nú er að framboð á lánsfé hefur stórlega dregist saman frá miðju ári 2007. Óvarlegar lánveitingar til fasteignakaupenda og lækkun fasteignaverðs eru talin rót núverandi erfiðleika á bandarískum fjármálamarkaði. Mikil útlánatöp og gjaldþrot bankastofnana í Bandaríkjunum hafa aukið áhættufælni fjárfesta og ástandið smitast til annarra landa og valdið erfiðleikum þar. Í september og byrjun október sl. keyrði um þverbak á fjármálamörkuðum þegar stórir bankar á Vesturlöndum urðu gjaldþrota eða voru þjóðnýttir. Í hagspá Alþjóðagjaldeyrissjóðins er áætlað að hægi umtalsvert á hagvexti í heiminum í ár en að hagvöxtur taki að aukast hægum skrefum á ný árið 2009. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði hófleg á spátímanum. Tekið er fram að mikil óvissa ríkir í allri spágerð og að meiri hætta en minni er talin á því að hagvöxtur verði neikvæðari en spáð er. Niðurstaða fundarins var sú að megin áhersla stjórnvalda þarf að vera að bregðast hratt og markvisst við ástandi á fjármálamörkuðum og stuðla að jafnvægi þar. Þar sem erfiðleikar bankakerfisins eru alþjóðlegir voru stjórnvöld jafnframt hvött til að samræma slíkar aðgerðir. Til að lánastarfsemi komist í eðlilegan farveg á ný er talið mikilvægt að verðfall á fasteignum, sérstaklega í Bandaríkjunum, taki enda. Stjórnvöld voru einnig hvött til að gera hvað þau geta til að örva efnahagsstarfsemi á tímabili lítils hagvaxtar og halda verðbólgu í skefjum.

Skuldir heimilanna

Skuldir heimilanna hafa verið mjög í sviðsljósinu að undanförnu í tengslum við gengisfall krónunnar, hækkandi verðbólgu og verri horfur varðandi tekju- og atvinnustig. Eðlilegt er að vaxandi greiðslubyrði valdi áhyggjum og rýri lífskjör. Í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum er staða heimilanna misjöfn. Í þessari grein verður reynt að gera nokkra heildarmynd af stöðunni.

Hjá Seðlabanka Íslands kemur fram að skuldir heimilanna við lánakerfið, þ.e. banka, Íbúðalánasjóð, lífeyrissjóði, LÍN, tryggingarfélög hafi numið 1.551 ma.kr. um síðustu áramót. Ráðstöfunartekjur heimilanna námu rétt rúmum 700 ma.kr. Því var skuldin rúmlega tvöfaldar ráðstöfunartekjur ársins. Á miðju yfirstandandi ári voru þessar skuldir orðnar 1.760 ma. kr og höfðu vaxið um 13,5% á árinu. Skuldir við Íbúðalánasjóð eru vegna íbúðakaupa og mestur hluti lána við lífeyrissjóði. Af skuldum við bankana teljast 60% vera vegna íbúðakaupa meðan lán LÍN og skuldir við tryggingarfélög eru vegna annars.

Einungis er vitað um samsetningu skulda við bankana, en þær voru 967 ma. kr á miðju ári. Af þeim voru 626 ma.kr. eða 65% verðtryggðar skuldir meðan 210 ma.kr., 22% voru gengistryggð lán. Yfirdráttarlán heimilanna námu 81 ma.kr., óverðtryggð lán 28 ma.kr. og eignarleigusamningar 21 milljarði.

Í skattframtölum landsmanna voru taldar fram skuldir að upphæð 1.348 ma.kr. um síðastliðin áramót. Þetta er 13% lægri upphæð en tölur Seðlabanka benda til. Sá mismunur kann að eiga sér ýmsar skýringar, m.a. í flokkun lána hjá bankanum, en einnig kann að vera að einstaklingar sem ekki eru að leita eftir vaxtabótum telji ekki fram skuldir sínar að fullu. Þá má ekki gleyma þeim hópi landsmanna sem ekki telja fram. Skuldir vegna íbúðarkaupa töldust vera 840,5 milljarðar meðan verðmæti framtalinna fasteigna taldist nær 2.400 milljarðar. Tæplega 97 þúsund fjölskyldur telja fram fasteignir og af þeim telur ¼ ekki fram neinar skuldir. Hins vegar voru skuldir vegna íbúðakaupa yfir 80% af verðmæti hjá um fjórðungi þeirra sem þá eru eftir, alls 17.500 fjölskyldum og samtals töldust skuldir þess hóps vegna íbúðakaupa um 300 ma.kr. um síðustu áramót en heildarskuldir 357 milljarðar. Eins og eðlilegt hlýtur að teljast er aðallega um að ræða yngra fólk, en meðalaldurinn í þessum hópi er tæplega 40 ár, sem er um tíu árum undir meðalaldri allra með íbúðalán. Þótt þessi hópur sé líklega viðkvæmari fyrir þeim áföllum sem nú dynja yfir, er greiðslugeta þeirra af lánum enn fyrir hendi. Þá er atvinnuleysi enn hlutfallslega lítið þótt það sé tekið að aukast.

Um auglýsingu embætta að liðnum tímabundnum skipunartíma

Innan stjórnsýslunnar hefur því sjónarmiði verið hreyft að rétt væri að auglýsa ávallt embætti forstöðumanna laus til umsóknar að liðnum tímabundnum skipunartíma þeirra. Þau rök eru einkum færð fyrir því sjónarmiði að við lok skipunartímans sé eðlilegt að endurmeta stjórnunarstörf viðkomandi forstöðumanns og árangur hans í starfi. Í því sambandi er jafnframt vísað til sjónarmiða um nýskipan í ríkisrekstri og árangursstjórnunarsamninga.

Með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, (starfsmannalög) var horfið frá ótímabundnum skipunum í embætti á vegum ríkisins og sú meginregla sett að embættismenn, þar á meðal forstöðumenn, skuli skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. starfsmannalaga.

Samhliða þessum breytingum var sett nýmæli í 2. mgr. 23. gr. starfsmannalaga, þess efnis að tímabundin skipun embættismanns framlengist sjálfkrafa um fimm ár sé viðkomandi ekki tilkynnt, með a.m.k. sex mánaða fyrirvara áður en skipunartími hans rennur út, að embættið verði auglýst laust til umsóknar. Umrætt nýmæli hljóðar svo:

„Ef maður hefur verið skipaður í embætti skv. 1. mgr. skal honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir að láta af störfum með hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr.“

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að starfsmannalögum segir um þetta nýmæli, að því sé ætlað að stuðla að stöðugleika í röðum embættismanna sem hljóti að teljast æskilegur, að minnsta kosti að vissu marki.

Orðalagið gefur ekki til kynna að það hafi verið ætlun löggjafans að embætti yrðu sjálfkrafa auglýst laus til umsóknar á fimm ára fresti heldur þyrfti að taka sjálfstæða ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig. Af orðalaginu verður heldur ekki dregin sú ályktun að ekki megi auglýsa nema að fyrir hendi séu sérstakar tilteknar forsendur.

En á hvaða forsendum á þá sá sem skipaði viðkomandi forstöðumann að byggja ákvörðun sína um að auglýsa embættið? Þar hefur ráðherra tiltölulega frjálst mat að því tilskyldu að matið byggi á málefnalegum forsendum eins og við alla aðra ákvarðanatöku hans. Þannig gæti það til dæmis verið forsenda auglýsingar að breytingar væru ákveðnar á verkefnaskipan með tilfærslu verkefna til eða frá viðkomandi stofnun. Önnur forsenda þess að hægt væri með markvissum hætti að meta hvort auglýsa skuli embættið við fimm ára markið er að fyrir hendi sé virkt mat á stjórnunarstörfum viðkomandi forstöðumanna og árangur þeirra í starfi sé metinn með reglubundnum hætti. Eitt af þeim átaksverkefnum sem hrint hefur verið úr vör í aðgerðaáætlun fjármálaráðuneytis sem kynnt var í vefritinu 24. janúar sl. er árangursstjórnun og árangursmælingar. Nauðsynlegur þáttur í viðhaldi árangursstjórnunar innan sérhverrar stofnunar er að stunda reglulegt endurmat á markmiðum og mælikvörðum viðkomandi stofnunar og þannig skýra og skerpa stöðu og ábyrgð stjórnenda.

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,3	3,4
Skattar á tekjur og hagnað	18,5	10,0
Eignarskattar	15,4	-24,7
Skattar á vöru og þjónustu	8,1	-1,2
Tryggingagjöld	6,6	6,0
Tekjur alls	16,2	2,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,3	20,3
Heilbrigðismál	10,8	11,6
Alm.trygg. & velferðarmál	16,4	21,8
Efnahags- og atvinnumál	10,0	30,8
Menntamál	11,7	10,4
Gjöld alls	14,0	17,9

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	45.346	16.633
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.412	25.171
Afborgun lána	-36.443	-38.129
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-61.496	-15.598
Lántökur	57.515	147.531
Breyting á handbæru fé	-3.981	131.933

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (sept.)	4,2	14,0
Kjarnaverðbólga (sept.)	5,2	12,7
Launavísitala (ágúst)	8,0	9,1
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	0,9	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

23. október 2008

Tekjur ríkissjóðs – áætlun og útkoma

Við fjárlagagerð að hausti er sett fram áætlun um tekjur ríkissjóðs á komandi ári. Ári síðar er hún endurmetin með fjáraukalögum. Niðurstaðan er síðan birt í ríkisreikningi um mitt næsta ár og kemur þá í ljós hvernig til tókst að áætla tekjurnar. Í greinargerð fjárlagafrumvarps um tekjuáætlunina er lýst þeim forsendum sem hún er byggð á; tekjum fyrra árs, innheimtu á líðandi ári, efnahagshorfum næsta árs, lagabreytingum, aðferðafræði o.fl.

Þegar talað er um tekjur ríkissjóðs er ekki einhlítt hvaða stærð miða ber við. Þetta kom t.d. í ljós árið 2005 þegar nær 14% af heildartekjum ársins voru 58 milljarða króna söluhagnaður af sölu hlutabréfa sem bókfærður var á tekjuhlið ríkissjóðs. Slíkar tilfallandi tekjur skekkja að sjálfsögðu myndina séu þær meðtaldar við hina ýmsu útreikninga og samanburð, svo sem þegar tekjur eru bornar saman við áætlun fjárlaga eða við önnur tímabil eða ríkissjóði annarra landa, og ljóst að í sumum tilvikum getur verið æskilegt að miða fremur við afmarkaðri hluta teknanna. Á það má minna að í uppgjöri á tekjum ríkissjóðs samkvæmt aðferð þjóðhagsreikninga eru tilfallandi liðir eins og söluhagnaður og sölutekjur ekki tekjufærðir heldur bókfærðir á annan hátt. Marghátt aður annar munur er á uppgjörsaðferðum ríkisreiknings og þjóðhagsreikninga en segja má að með því að undanskilja óreglulega liði úr tekjum ríkisreiknings sé eitt skref stigið í átt að síðarnefnda uppgjörinu.

Í umfjöllun í rammagrein 9 í nýútkomnum Þjóðarbúskap – haustskýrslu 2008, er útkoma áranna 1998 til 2007 samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings borin saman við fjárlög ársins og ýmist miðað við heildartekjur eða tekjur án óreglulegra liða. Í ríkisreikningi er birt sérstakt yfirlit um tekjur og gjöld af reglulegri, eða venjubundinni starfsemi. Er þá tekjum sem talist geta tilfallandi eða „eins-skiptis" sleppt í þeim tilgangi að fá skýrari mynd en ella af þróun kjarnaþátta teknanna yfir tíma. Í ríkisreikningi ársins 2007 eru tekjur af sölu eigna og af þeningalegum eignum (flokkar IV og V í séryfirliti 1 í ríkisreikningi) taldar til tilfallandi tekna og er þeirri viðmiðun einnig fylgt hér.

Tekjur ríkissjóðs 1998-2007: frávik niðurstöðu ríkisreiknings frá áætlun fjárlaga (með og án fjáraukalaga). Sýnt sem % af niðurstöðu ríkisreiknings





Ljóst er að verulegan hluta þess fráviks sem jafnan er til staðar milli tekjuáætlunar fjárlaga og niðurstöðu ríkisreiknings má rekja til tilfallandi tekjuliða. Eðli málsins samkvæmt er þeim iðulega ýmist sleppt eða þeir áætlaðir óbreyttir milli ára í tekjuáætlun fjárlaga, nema nánari upplýsingar liggi fyrir við fjárlagagerðina. Þannig er t.d. ekki áætlað í fjárlögum hvert bókfært endurmat á virði ríkisfyrirtækja gæti orðið á árinu.

Myndirnar sýna umrætt frávik, ýmist miðað við fjárlögin ein eða að viðbættum fjáraukalögum. Eins og við er að búast er frávikið minna þegar fjáraukalög eru tekin með í reikninginn og við það lækkar t.d. meðalfrávikið á þessu tíu ára tímabili úr 8,7% í 1,9% (án óreglulegra liða). Ef miðað er við heildartekjur er frávikið á tímabilinu alltaf vel undir 10% nema árið 2006 þegar tekjur voru vanmetnar um 10,1%.

Aðgerðir til að styðja við starfsemi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum

Í erindi í tengslum við nýafstaðinn ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lagði Dominique Strauss-Kahn, aðalframkvæmdastjóri, áherslu á að ríkisstjórnir bregðist við áhyggjum á fjármálamörkuðum með því að lýsa því yfir að skuldbindingar í fjármálakerfinu verði tryggðar og að slíkt verði gert á samræmdan hátt alþjóðlega. Til að draga úr áhyggjum og byggja upp jákvæðar væntingar á mörkuðum kynnti hann drög að fjórþættri aðgerðaáætlun sem gerir ráð fyrir tímabundinni tryggingu skuldbindinga fjármálastofnana, aðgerðum til að fjarlægja töpuð útlán og færa þau til bókar, framlagningu á opinberu fé til fjármálakerfisins og aukinni samvinnu ríkisstjórna á þessu sviði. Hin fjórþætta áætlun myndi fela í sér eftirfarandi aðgerðir:

- ***Tímabundin trygging á skuldbindingum.*** Fjármálaóróleikinn hefur aukið á svartsýni almennings sem krefst þess að stjórnvöld grípi til tímabundinna trygginga á skuldbindingum fjármálastofnana. Hjá þessu verður ekki komist. Til viðbótar við innistæðutryggingar, þarf líklega að tryggja millibankalán til að endurvekja viðskipti með þau. Slíkar tryggingar ættu að vera tímabundnar og þeim ætti að fylgja aukið eftirlit og takmörk á vaxtakjör innistæðureikninga.
- ***Viðurkenning á töpuðum kröfum.*** Stjórnvöld þurfa að fjarlægja slæm lán og láta bókfæra útlánatöp. Yfirtaka eigna þarf að eiga sér stað á grundvelli sanngjarns verðmats. Til að geta laðað fjármagn til bankastofnana er betra að borga lægra verð núna, viðurkenna útlánatöp og leyfa bönkunum að njóta hagnaðarins ef tapið verður minna en ætlað er.
- ***Stjórnvöld leggi fram nýtt fé til fjármálakerfisins.*** Af því að lausafjárskortur er viðvarandi á peningamörkuðum í því umhverfi sem ríkir í dag, þarf aðstoð frá stjórnvöldum. Ein leið sem hefur gefist vel í fyrri erfiðleikum er að tengja fjárframlög hins opinbera við fjárframlög frá einkaaðilum, en þannig staðfestir markaðurinn notkun almannafjár.
- ***Hvetja til alþjóðlegrar samvinnu.*** Þörfin á alþjóðlegri samvinnu um lausn núverandi erfiðleika hefur aukist og er orðin aðkallandi. Dvínandi væntingar á mörkuðum hafa einnig birst í hegðun á milli landa sem hefur leitt til einhliða aðgerða með þjóðarhag einan að leiðarljósi.

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að styrkja regluverkið og að auka eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja, einnig á alþjóðagrundvelli. Fjármálaerfiðleikarnir eru afleiðing af því að regluverkið og eftirlitið brást, mat og verðlagning á áhættu í lánaviðskiptum fjármálafyrirtækja var ekki raunhæft og aðhald á fjármálamarkaði var ekki nægilegt. Til að bregðast við þessari stöðu þarf að endurvekja trúverðugleika og skilvirkni alþjóðlega fjármálakerfisins. Alþjóðlegar stofnanir þurfa í auknum mæli að ná til allra þjóða heims, þannig að öll ríki sem vilja taka þátt geti gert það. Virknina má bæta með því að auka samstarf meðal alþjóðastofnana og fylgja betur eftir alþjóðlegum samningum.

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,3	3,4
Skattar á tekjur og hagnað	18,5	10,0
Eignarskattar	15,4	-24,7
Skattar á vöru og þjónustu	8,1	-1,2
Tryggingagjöld	6,6	6,0
Tekjur alls	16,2	2,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,3	20,3
Heilbrigðismál	10,8	11,6
Alm.trygg. & velferðarmál	16,4	21,8
Efnahags- og atvinnumál	10,0	30,8
Menntamál	11,7	10,4
Gjöld alls	14,0	17,9

Afkoma ríkissjóðs janúar – ágúst

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	45.346	16.633
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-22.412	25.171
Afborgun lána	-36.443	-38.129
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-61.496	-15.598
Lántökur	57.515	147.531
Breyting á handbæru fé	-3.981	131.933

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (sept.)	4,2	14,0
Kjarnaverðbólga (sept.)	5,2	12,7
Launavísitala (sept.)	8,1	9,0
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	0,9	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

30. október 2008

Greiðluafkoma ríkisjóðs janúar - september 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri 19,2 ma.kr. innan ársins samanborið við 48,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Innheimtar tekjur voru 11,6 ma.kr. hærri en á árinu 2007 en gjöldin voru 49,9 ma.kr. hærri nú en í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 27,7 ma.kr. sem er 45,6 ma.kr. betri útkoma en í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 332 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 3,6% aukning að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 302 ma.kr. sem samsvarar 3,6% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 9,9% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 5,8% að raunvirði. Aðrar tekjur jukust um 4,1% og þar af er mest hækkun á vaxtatekjum af bankainnistæðum eða 91,2%. Skattar á tekjur og hagnað námu um 115 ma.kr. sem er aukning um 10,5% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 64 ma.kr. (aukning um 5,6%), tekjuskattur lögaðila 20 ma.kr. (aukning um 4,9%) og fjármagnstekjuskattur 32 ma.kr. (aukning um 26,7%). Frá ársbyrjun hafa veltuskattar skilað ríkissjóði 141 ma.kr. og dregist lítillega saman að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 15,8% á milli ára sem er mesta raunlækkun um árabil eins og sést á myndinni hér að neðan. Þetta er enn ein vísbending um að dregið hefur verulega úr umsvifum í hagkerfinu.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu
(m.v. VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Greidd gjöld nema 318,6 ma.kr. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála, 14,3 ma.kr. Þar munar mest um lífeyristryggingar sem hækka um 9 ma.kr. á milli ára, fæðingarorlofsgreiðslur um 1,2 ma.kr. og vaxtabætur um 1,4 ma.kr.

Hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs var jákvæður um 27,7 ma.kr. Afborganir lána námu 45,5 ma.kr., þar af voru 30 ma.kr. til niðurgreiðslu innlendra skulda. Greiðslur til LSR og LH námu 2.970 m.kr. Lántökur námu 208,4 ma.kr., þar sem 101,7 ma.kr. voru teknir að láni innanlands.

Efnahagslíf Norðurlandanna

Árin 2004-2007 var hagvöxtur á Norðurlöndununum umtalsvert meiri en á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum, eða á bilinu 3,3 til 4,4% að meðaltali. Hagvöxtur á Norðurlöndum var 3,6 % og 3,3% árin 2004 og 2005 og hvað mestur á Íslandi, eða 7,7% og 7,4%. Árið 2006 var hagvöxturinn á Norðurlöndum 4,4% að meðaltali og 3,5% árið 2007 en mestur í Noregi, 6,2% það ár. Áætlað er að hagvöxtur Norðurlandanna verði mun minni í ár, eða 2,0% og áfram mestur í Noregi, þótt hann dragist víða verulega saman á milli ára. Í flestum tilfellum má rekja minni hagvöxt til samdráttar í einkaneyslu og fjárfestingu. Árið 2009 er spáð að áfram hægi á hagvexti á svæðinu og að hann verði 1,3%.

Hagvöxtur á Norðurlöndunum

					Spá	
Hagvöxtur	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Danmörk	2,3	2,5	3,9	1,7	1,1	0,5
Finnland	3,7	2,8	4,9	4,5	2,8	1,8
Ísland	7,7	7,4	4,4	4,9	1,7	-1,6
Noregur (fastland)	4,4	4,6	4,8	6,2	3,1	1,9
Svíþjóð	4,1	3,3	4,1	2,7	1,5	1,3
Norðurlönd	*3,6*	*3,3*	*4,4*	*3,5*	*2,0*	*1,3*

Hafa ber í huga að spár fjármálaráðuneyta Norðurlandanna voru allar gerðar í ágúst og september en aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum versnuðu mjög mikið eftir að fjórði stærsti fjárfestingarbanki Bandaríkjanna, Lehman Brothers, varð gjaldþrota þann 15. september sl. Ljóst er að allar þessar spár eru í endurskoðun og á það sérstaklega við um Ísland, en viðbúið er að hagvöxtur hér á landi verði mun minni á næsta ári en kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Í ofangreindum spám er gert ráð fyrir að einkaneysla taki við sér í Svíþjóð og Noregi á næsta ári en að fjárfesting haldi áfram að dragast saman. Víða er búist við samdrætti í íbúðafjárfestingu en einnig í fjárfestingu atvinnuvega. Nafnverð íbúða er tekið að lækka í flestum landanna.

Verðbólga hefur verið lítil á Norðurlöndunum undanfarin ár og mældist 1,8% að meðaltali árið 2007. Áætlað er að hún aukist í ár og verði 3,8%, en spáð að hún minnki aftur á næsta ári.

Atvinnuleysi hefur minnkað ört á Norðurlöndunum á undanförnum árum og er áætlað að sú þróun haldi áfram í ár, sérstaklega í Danmörku, þar sem gert er ráð fyrir 1,7% atvinnuleysi í ár. Þarlend stjórnvöld töldu fyrir nokkrum árum að svo lágt atvinnuleysisstig væri óhugsandi. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að atvinnuleysi á svæðinu aukist lítillega á ný.

Undirritun upplýsingaskiptasamninga við Guernsey og Jersey

Undirritaðir hafa verið samningar milli Íslands og eyjanna Guernsey og Jersey á Ermarsundi um upplýsingaskipti á sviði skattamála. Auk samninga um upplýsingaskipti voru undirritaðir þrír samningar sem taka til afmarkaðra tekna; samningur um að komast hjá tvöfaldri skattlagningu á tekjur einstaklinga, samningur um skattlagningu tekna af rekstri skipa og flugvéla og samningur um aðferðir við ákvörðun hagnaðar tengdra fyrirtækja.

Á sama tíma undirrituðu öll Norðurlöndin auk Færeyja og Grænlands, samskonar tvíhliða samninga. Samsvarandi samningar voru undirritaðir fyrir ári síðan við eyjuna Mön. Samningarnir eru afrakstur samvinnu landanna og nýtur verkefnið fjárhagsstuðnings frá Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur verkefnisins er að ná samningum við þau lögsagnarumdæmi sem hafa, með sérstöku samkomulagi við OECD, skuldbundið sig til að mæta kröfum stofnunarinnar um gegnsæi og upplýsingaskipti á sviði skattamála. Eftir undirritun fyrrgreindra samninga teljast þessi lögsagnarumdæmi hafa staðið við umræddar skuldbindingar og teljast því ekki skattaskjól (e. tax haven) samkvæmt skilningi OECD. Í næstu samningalotu Norðurlandanna er stefnt að gerð sambærilegra samninga við Arúba, Bermúda og Hollensku Antillaeyjar.

Upplýsingaskiptasamningarnir við Guernsey og Jersey munu gera skattyfirvöldum kleift að óska eftir upplýsingum um skattskyldar tekjur einstakra íslenskra aðila á eyjunum í samræmi við tekjuskattslög. Ekki er um sjálfvirka upplýsingagjöf að ræða heldur munu upplýsingaskipti fara fram eftir nánar tilgreindri beiðni frá skattyfirvöldum.

Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,0	3,6
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	10,5
Eignarskattar	22,2	-27,1
Skattar á vöru og þjónustu	7,6	-0,9
Tryggingagjöld	6,0	6,0
Tekjur alls	15,7	3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,0	23,2
Heilbrigðismál	11,1	11,7
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	22,1
Efnahags- og atvinnumál	13,3	30,5
Menntamál	10,7	12,6
Gjöld alls	15,5	18,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	48.584	19.200
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-17.896	27.740
Afborgun lána	-33.483	-45.486
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-54.349	-20.716
Lántökur	58.453	208.397
Breyting á handbæru fé	4.105	187.681

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (október)	4,5	15,9
Kjarnaverðbólga (október)	5,0	14,9
Launavísitala (sept.)	8,1	9,0
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	0,9	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

6. nóvember 2008

Vöruskiptin í október

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru fluttar inn vörur í október fyrir 36,4 ma.kr. (fob) sem er nokkuð minni innflutningur en í september, þegar verðmæti innflutnings nam 42,4 ma.kr., þrátt fyrir töluverða hækkun innflutningsverðs samfara lækkun á gengi krónunnar en meðalgengisvísitalan hækkaði um 17,2% á milli mánaða. Fluttar voru út vörur fyrir 47 ma.kr. sem er eilítið minni útflutningur en í september, þegar hann nam 50,2 ma.kr. Hafa ber í huga að í september voru flutt út skip og flugvélar fyrir um 7,5 ma.kr. en enn hafa ekki borist upplýsingar um verslun með flugvélar í október. Afgangurinn á vöruskiptunum í október nam því um 10,6 ma.kr. sem er mesti afgangur í einum mánuði síðan Hagstofa Íslands tók að birta mánaðarlegar tölur fyrir inn- og útflutning vara.

Þegar undirliðir innflutningsins eru skoðaðir nánar kemur í ljós að minnkunin nær yfir þá alla. Hún er þó minnst í verðmæti innflutnings á nauðsynjavörum eins og mat- og drykkjarvörum en margir innflytjendur hafa ekki getað átt eðlileg viðskipti við sína erlendu birgja á síðustu vikum sem skýrir eflaust ástæðu þess að verðmæti þessa innflutnings hefur ekki aukist samfara gengislækkuninni. Hlutfallslega er minnkun innflutnings í október einna mest áberandi í innflutningi fólksbifreiða en hann dregst mikið saman í október auk þess sem mikill samdráttur var einnig í nýskráningum ökutækja í mánuðinum. Mikill samdráttur var einnig í innflutningi varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara eins og heimilistækja og fatnaðar og þá var einnig nokkur samdráttur í innflutningi í eldsneyti og olíum en sá innflutningur er jafnan mjög sveiflukenndur á milli mánaða.

Verðmæti útfluttra sjávarafurða eykst á milli mánaða samfara lægra gengi krónunnar og sömu sögu má segja af verðmæti útflutts áls sem eykst þrátt fyrir lækkun á heimsmarkaðsverði. Erfitt er þó að meta hversu stór hluti útflutningstekna í október hefur skilað sér til landsins þar sem greiðsluskil hafa gengið erfiðlega og margir útflytjendur hafa þ.a.l. beðið sína kaupendur að bíða með greiðslur. En líkt og Hagstofan bendir sérstaklega á er verðmæti inn- og útflutnings mælt þegar vörur fara yfir landamæri óháð því hvenær gjaldeyrisskil vegna þeirra fara fram.

Mánaðarlegur vöruskiptajöfnuður



Í lok sl. viku birti Hagstofa Íslands uppfærðar tölur fyrir vöruviðskiptin á fyrstu níu mánuðum ársins. Í ljós kemur að nokkur útflutningur var á flugvélum í september sem ekki kom fram í bráðabirgðatölum stofnunarinnar. Þetta þýðir að afgangur var á vöruskiptunum í september sem nam 7,8 ma.kr. og á sama hátt var meiri halli á vöruviðskiptunum í júlí heldur en áður var talið vegna nokkurs innflutnings á flugvélum. Á fyrstu níu mánuðum ársins nam hallinn á vöruskiptunum því 42,5 ma.kr. en í haustspá fjármálaráðuneytisins, Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008, var spáð 15,7 ma.kr. halla fyrir árið í heild sinni. Atburðir undangenginna vikna hafa að sjálfsögðu breytt forsendum fyrir þeirri spá.

Álagning opinberra gjalda á lögaðila 2008

Nú liggur fyrir álagning opinberra gjalda á lögaðila vegna rekstrarársins 2007. Álagður tekjuskattur er 47,8 ma.kr., en það er meira en nokkru sinni áður og um 5 ma.kr. meira en í fyrra. Tryggingargjaldið er rúmir 40 ma.kr. og heildarálagning opinberra gjalda á lögaðila nemur 90 ma.kr.

Rúmlega 24 þúsund lögaðilum ber að greiða opinber gjöld í ár. Þar af fengu liðlega 16 þúsund aðilar álagðan tekjuskatt og þeim fjölgaði um liðlega eitt þúsund frá í fyrra.

Fjöldi lögaðila 2001-2008



Einkahlutafélög í landinu eru nú um 29.200 talsins en önnur skattskyld félög, hlutafélög og sameignarfélög, eru um 3.600. Einkahlutafélögunum hefur fjölgað mjög undanfarin ár og á sl. ári bættust við tæplega 2.700 einkahlutafélög. Einstaklingum með reiknað endurgjald vegna eigin atvinnurekstrar hefur að sama skapi fækkað ár frá ári sl. áratug, alls um þriðjung frá árinu 1998. Einkahlutafélögin eru nú um 90% skattskyldra félaga á skattgrunnskrá.

Opinber gjöld lögaðila í álagningu 2001-2008



Hér er um frumálagningu opinberra gjalda að ræða og hún mun að vanda taka breytingum eftir því sem kærumál í kjölfar hennar verða afgreidd. Þessi mikli álagði tekjuskattur í ár, sem endurspeglar góðan hagnað fyrirtækja á árinu 2007, mun væntanlega skila sér að minna leyti í endanlegri innheimtu en hann hefur gert undanfarin ár. Fall stóru viðskiptabankanna þriggja og þeir erfiðleikar sem brostið hafa á í efnahagsmálum munu gera mörgum fyrirtækjum erfitt að mæta skuldbindingum sínum og fyrirsjáanlegt að þeir muni einnig setja mark sitt á innheimtu þessa skatts. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2009 kemur fram að endurskoðuð áætlun um tekjuskatt lögðila á árinu 2008 er 34 ma.kr. Vinna við fjáraukalög ársins stendur nú yfir með frekari endurskoðun á horfum um þennan skatt eins og aðrar skatttekjur ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,0	3,6
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	10,5
Eignarskattar	22,2	-27,1
Skattar á vöru og þjónustu	7,6	-0,9
Tryggingagjöld	6,0	6,0
Tekjur alls	15,7	3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,0	23,2
Heilbrigðismál	11,1	11,7
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	22,1
Efnahags- og atvinnumál	13,3	30,5
Menntamál	10,7	12,6
Gjöld alls	15,5	18,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	48.584	19.200
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-17.896	27.740
Afborgun lána	-33.483	-45.486
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-54.349	-20.716
Lántökur	58.453	208.397
Breyting á handbæru fé	4.105	187.681

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (október)	4,5	15,9
Kjarnaverðbólga (október)	5,0	14,9
Launavísitala (sept.)	8,1	9,0
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (sept.)	0,9	1,4

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

13. nóvember 2008

Rekstur ríkissjóðs janúar-september 2008

Uppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu níu mánuði ársins 2008 liggur nú fyrir. Heildargjöld tímabilsins námu 318,8 milljörðum króna, sem er 3,7 milljörðum króna undir áætlun, en fjárlög gerðu ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 322,5 milljarðar króna.

Heildarútgjöld ríkissjóðs skiptast í fjóra flokka eftir eðli þeirra. Rekstur stofnana er 468 milljónum króna yfir fjárheimildum og er heildarkostnaður 144,9 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Undir rekstur stofnana fellur allur venjulegur rekstur stofnana á vegum ríkisins. Rekstrartilfærslur eru ýmis konar styrkir og bótagreiðslur sem greiddir eru úr ríkissjóði. Framlög til þessa málaliðar námu 132,8 milljörðum króna á tímabilinu og eru greiðslur 4,1 milljarði yfir heimildum. Munar þar mestu að útgjöld til lífeyristrygginga hafa verið meiri en gert var ráð fyrir. Útgjöld til viðhalds- og stofnkostnaðar nema 27,4 milljörðum króna og eru 10,6 milljörðum króna innan ramma. Þá eru vaxtagjöld ríkissjóðs 2,3 milljörðum yfir áætlun og námu 13,7 milljörðum króna á tímabilinu.

Heildarútgjöld ríkissjóðs

M.kr.	*Gjöld*	*Áætlun*	*Frávik*	*% Hlutfall*
Rekstrargjöld	144.880	144.412	-468	-0,3
Rekstrartilfærslur	132.823	128.713	-4.110	-3,2
Vaxtagjöld	13.713	11.394	-2.319	-20,4
Viðhald og stofnkostnaður	27.422	37.977	10.556	27,8
Samtals	**318.838**	**322.496**	**3.659**	**1,1**

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlits- og upplýsingaskyldu gagnvart ríkisstjórn og Alþingi um framkvæmd fjárlaga og skal ársfjórðungslega gerð grein fyrir stöðu einstakra fjárlagaliða. Ráðuneytin ásamt forstöðumönnum stofnana bera hvert um sig ábyrgð á rekstri sinna verkefna. Í reglugerð er kveðið á um skyldur ráðuneyta og forstöðumanna til að bregðast við ef útgjöld verða meira en 4% umfram heimildir á hverjum tímapunkti. Grípa skal þá til aðgerða þannig að rekstur verði í samræmi við heimildir fjárlaga.

Samkvæmt uppgjöri bókhalds eru 106 fjárlagaliðir meira en 4% umfram fjárheimildir eftir fyrstu níu mánuði ársins. Þetta er fækkun frá sama tíma í fyrra þegar 116 fjárlagaliðir voru með meiri halla en sem nam 4% af heimildum.

Breyting á lögum um stimpilgjald

Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um stimpilgjald. Er það sett fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir á fjármálamörkuðum og tilmæla yfirvalda til banka og sparisjóða um að aðstoða fólk sem kynni að lenda í greiðsluerfiðleikum vegna hækkunar fasteignalána, sem rekja má til lækkunar krónu og verðbólguáhrifa.

Með frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði bætist við lögin þess efnis að tímabundið verði fellt niður stimpilgjald. Annars vegar vegna skilmálabreytinga á fasteignaveðskuldabréfum, sem útgefin hafa verið af einstaklingum. Hins vegar vegna nýrra veðskuldabréfa sem gefin eru út vegna vanskila á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga. Í framkvæmd er vanskilum ýmist bætt við höfuðstól hins upprunalega fasteignaveðskuldabréfs með skilmálabreytingu eða útgáfu sérstaks nýs veðskuldabréfs í tengslum við hið fyrra. Í báðum tilvikum er það skilyrði fyrir undanþágu stimpilgjalds samkvæmt frumvarpinu að sömu aðilar séu útgefendur að hinu nýja skjali og eru jafnframt kröfuhafi og skuldari samkvæmt viðkomandi fasteignaveðskuldabréfi sem hið nýja skjal nær til. Getur það jafnt náð til upphaflegra aðila að viðkomandi fasteignaveðskuldabréfi sem og aðila sem tekið hafa að fullu yfir skyldur upphaflegra aðila. Jafnframt er það skilyrði að hið nýja skjal sé gefið út vegna tiltekins áður útgefins fasteignaveðskuldabréfs og það vísi beint í það.

Tillaga frumvarpsins er ekki talin leiða til beinna útgjalda fyrir ríkissjóð, en ljóst er að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi munu minnka eitthvað verði frumvarpið að lögum. Tekið skal fram að ekki var í forsendum tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 2008 reiknað með sérstökum tekjum af stimpilgjaldi vegna skilmálabreytinga við aðstæður eins og nú hafa skapast.

Fullgilding tvísköttunarsamninga

Nýlega voru tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við Ítalíu og Úkraínu fullgiltir og munu þeir koma til framkvæmda þann 1. janúar 2009.

Markmiðið með gerð tvísköttunarsamninga er fyrst og fremst að koma í veg fyrir tvísköttun á tekjum og eignum sem óhjákvæmilega leiðir til ójafnræðis milli aðila, en einnig að koma í veg fyrir undanskot frá skatti. Með tvísköttun er átt við álagningu sambærilegra skatta í tveimur eða fleiri ríkjum á sama skattaðila, á sama skattstofn og á sama tímabili.

Helstu efnisatriði samningsins við Ítalíu eru þau að afdráttarskattur af arði er 5% ef móttakandi á a.m.k. 10% í félaginu sem greiðir arðinn en afdráttarskattur er 15% í öllum öðrum tilvikum. Enginn afdráttarskattur er á vöxtum en samið var um 5% afdráttarskatt af þóknunum. Sérstakt ákvæði er um skattlagningarrétt er varðar uppsagnargreiðslur eða bætur við starfslok en eingöngu er heimilt að skattleggja þær í greiðsluríkinu. Meginreglan er sú að eftirlaun eru skattlögð í því ríki þar sem aðili er heimilisfastur. Í samningnum er sérstakt undanþáguákvæði fyrir prófessora og kennara er varðar skattskyldu í kennsluríki.

Í samningnum við Úkraínu er svipað ákvæði er varðar afdráttarskatt af arði nema gerð er krafa um 25% eignarhald. Samið var um 10% afdráttarskatt af vöxtum og þóknunum. Þrátt fyrir að hvorki Ísland né Úkraína leggi á eignaskatt var að kröfu Úkraínu fallist á að samningurinn næði einnig til eigna þar sem þeir hyggja á upptöku eignaskatts í náinni framtíð.

Tvísköttunarsamningar öðlast gildi að þjóðarrétti þegar samningarnir hafa verið fullgiltir af báðum samningsríkjum. Fullgildingarferli ríkja er ekki alls staðar eins en það ferli hefst að lokinni undirritun beggja aðila sem yfirleitt eru utanríkisráðherrar ríkjanna eða aðrir ráðherrar í umboði utanríkisráðherra. Þegar því ferli lýkur fara tilkynningar á milli utanríkisráðuneyta ríkjanna um að stjórnskipulegri málsmeðferð sé lokið og dagsetning á móttöku síðari tilkynningarinnar telst vera gildisdagsetning samningsins. Á Íslandi fer þetta þannig fram að samningurinn er lagður fyrir ríkisstjórn til samþykktar en í 1. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á sköttum. Tvísköttunarsamningar eru síðan birtir í C-deild Stjórnartíðinda til þess að þeir öðlist gildi en þó með þeim fyrirvara að óbirt fyrirmæli binda stjórnvöld frá gildistöku þeirra. Flest önnur ríki þurfa að fara með samninga bæði fyrir ríkisstjórn og þing og eru þeir afgreiddir þaðan sem lög og síðan birtir opinberlega. Slíkt ferli getur tekið mislangan tíma eins og best sést á því að samningurinn við Ítalíu var ekki fullgiltur af þeirra hálfu fyrr en nú í haust en sjálfur samningurinn var undirritaður í september 2002 og fullgiltur af Íslands hálfu á árinu 2003. Mikið var þrýst á ítölsk stjórnvöld af hálfu utanríkisráðuneytisins og fleiri aðila að hraða fullgildingu samningsins þar sem töfin olli íslenskum fyrirtækjum sem höfðu fjárfest á Ítalíu, erfiðleikum. Til dæmis lentu vaxtagreiðslur frá Ítalíu í afdráttarskatti, sem gat numið allt að 27% eftir því hver greiddi vextina, en skv. tvísköttunarsamningnum er enginn afdráttarskattur lagður á vexti. Fullgildingarferli samningsins við Úkraínu er hins vegar gott dæmi um „eðlilegan" tímaramma en sá samningur var undirritaður í nóvember 2006, fullgiltur af hálfu Íslands fljótlega á eftir og samþykktur af Úkraínuþingi í september 2008 eftir að hann var samþykktur af ríkisstjórn landsins í apríl sama ár.

Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,0	3,6
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	10,5
Eignarskattar	22,2	-27,1
Skattar á vöru og þjónustu	7,6	-0,9
Tryggingagjöld	6,0	6,0
Tekjur alls	15,7	3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,0	23,2
Heilbrigðismál	11,1	11,7
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	22,1
Efnahags- og atvinnumál	13,3	30,5
Menntamál	10,7	12,6
Gjöld alls	15,5	18,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	48.584	19.200
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-17.896	27.740
Afborgun lána	-33.483	-45.486
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-54.349	-20.716
Lántökur	58.453	208.397
Breyting á handbæru fé	4.105	187.681

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (október)	4,5	15,9
Kjarnaverðbólga (október)	5,0	14,9
Launavísitala (sept.)	8,1	9,0
Heildarvelta (jan.-júní)	8,4	8,6
Smásöluvelta (jan.-júní)	7,7	0,6
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	0,9	2,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

20. nóvember 2008

Aðgerðir stjórnvalda á sviði opinberra fjármála

Samkomulag stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) felur í sér þríþætta aðgerðaáætlun sem snýr að endurreisn bankakerfisins, peningastefnu Seðlabankans og opinberum fjármálum. Hvað varðar aðgerðir á sviði opinberra fjármála er ljóst að skuldir ríkissjóðs aukast stórlega, m.a. vegna endurfjármögnunar viðskiptabankanna og Seðlabanka og innstæðutrygginga. Á móti er áætlað að á næstu árum muni fjármunir endurheimtast með sölu á eignum gömlu bankanna og hugsanlega einkavæðingu ríkisbankanna þegar fram í sækir. Þó er ljóst að á komandi árum þarf að auka aðhald í fjármálum hins opinbera umtalsvert til að endurheimta þá góðu stöðu sem náðst hafði áður en bankakerfið hrundi.

Í samningnum við IMF er miðað við að ríkissjóður og sveitarfélögin í heild verði rekin með miklum halla árið 2009. Þó eru hallanum sett þau mörk að hann verði ekki meiri en svo að hann samræmist sjálfvirkri sveiflujöfnun opinberra fjármála. Þetta er flókið hugtak sem gerir ráð fyrir því að fjárlagahalli fái að aukast vegna hagsveifluþátta s.s. að útgjöld aukist vegna hækkandi atvinnuleysisbóta og að tekjur dragist saman í takt við minkandi efnahagsumsvif. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir að hallinn aukist umfram það vegna sértækra aðgerða stjórnvalda. Miðað við væntа hagþróun á komandi ári hefur sjóðurinn metið það sem svo að skera þurfi niður útgjöld eða auka skattheimtu að jafnvirði 2,4% af landsframleiðslu, eða um tæplega 40 ma.kr. frá því sem fram kom í fjárlagafrumvarpi ársins 2009.

Miðað við áætlaðan halla á komandi ársfjórðungum, endurmat sendinefnd IMF jafnframt lánsfjárþörf ríkissjóðs og lagði fyrir lánsfjártakmörk við lok hvers ársfjórðungs. Frekari lánveitingar sjóðsins eru háðar því að ríkissjóður og sveitarfélög verði rekin innan þeirra marka.

Til lengri tíma litið, þegar gert er ráð fyrir að hagvöxtur taki að aukast á ný, munu fjárlög miðast við að skila afgangi á mælikvarða sveifluleiðréttts frumjöfnuðar. Með frumjöfnuði er átt við mismun heildartekna og –gjalda án vaxtagjalda og –tekna. M.ö.o. þegar horft er framhjá kostnaði við að borga niður skuldirnar er metið hverju annar rekstur þarf að skila af sér til að ríkissjóður geti lækkað skuldabyrðina. Aðhaldsstig opinberra fjármála þarf að aukast verulega þau ár til að sá árangur náist sem stefnt er að.

Í þessu sambandi er vert að nefna tvö mikilvæg mál. Þörf verður á að treysta enn frekar langtímaáætlanir í opinberum fjármálum, en í haust voru fjögurra ára rammafjárlög fyrir ríkissjóð lögð fram í fyrsta sinn. Jafnframt verður unnið að því að samræma enn frekar stefnu í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, m.a. á grundvelli fjármálareglna. Móta þarf og útfæra nýja stefnu opinberra fjármála varðandi sjálfbærni opinberra skulda. Slík framþróun er jafnframt skilyrði fyrir fjárhagsaðstoðina sem endurskoðuð er við lok hvers ársfjórðungs.

Breyttar horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nýlega endurnýjað spá sína um horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum. Venjulega gerir sjóðurinn slíkar spár tvisvar á ári, að vori og hausti, en síðasta spá hans kom út 13. október síðastliðnn. Um mánuði síðar, brá sjóðurinn út af venju sinni og endurskoðaði spá sína þar sem stefnir í að niðursveiflan í heimsbúskapnum verði mun meiri en áður var talið. Hagvöxtur í heiminum er talinn ná aðeins 2,2% 2009, um 0,8% minna en í októberspánni, borið saman við 3,8% vöxt í ár og 5% 2007. Þar af er gert ráð fyrir samdrætti í hinum þróuðu ríkjum á næsta ári, og yrði það í fyrsta sinn á heilsársgrundvelli frá stríðslokum. Þá spáir sjóðurinn að hægja muni umtalsvert á hagvexti í nýmarkaðsríkjum en að hann verði um 5% árið 2009.

Samdrátturinn í þróuðum ríkjum á næsta ári, um 0,3%, er 0,8% lægri en spáð var fyrir um mánuði síðan, en það endurspeglar mikinn samdrátt í efnahagsframvindu stærstu iðnríkjanna. Þessi samdráttur er í aðalatriðum sambærilegur við hagsveifluferilinn 1975 og 1982, en talið er að niðursveiflan nú taki ekki enda fyrr en seint á næsta ári.

Vöxtur nýmarkaðsríkja verður líklega um 1% minni 2009 en spáð var fyrir mánuði, en samt er vöxtur þeirra meiri en í nokkrum fyrri heimsniðursveiflum (t.d. 1990, 1998 og 2001). Þar sem verðlag á ýmsum hrávörum hefur lækkað talsvert á undanförnum mánuðum, hefur sú lækkun mest áhrif í þróunarlöndum sem flytja mikið út af slíkum vörum. Samdráttaráhrifin eru hvað minnst í Austur-Asíu, þ.m.t. í Kína, en þau lönd hagnast á bættum viðskiptakjörum vegna fallandi hrávöruverðs.

Hið snögga fall í verði hrávara er bein afleiðing af minnkandi heimseftirspurn. Olíuverð hefur lækkað um rúmlega 50% frá hámarki sínu og er nú aftur komið niður á það verð sem ríkti snemma á síðasta ári. Grunnspá sjóðsins gerir ráð fyrir 68 dollara meðalolíuverði fyrir 2009. Versta vandamálið nú er fjármálakreppan, sem undið hefur enn frekar upp á sig undanfarnar vikur. Skuldatryggingarálög hafa hækkað upp úr öllu valdi, hlutabréfavísitölur hríðfallið og gengi margra gjaldmiðla í þróunarlöndum hefur lækkað hratt. Þótt mörg lönd hafi nú þegar beitt róttækum aðgerðum til að rétta við fjármagnsmarkaði sína, eru allar líkur á að staða fjármagnsmarkaða verði áfram höfuðdragbítur inn á endurbatann í heiminum. Í ljósi þessarar óvissu, leggur sjóðurinn áherslu á að stærstu þjóðir heims verði að taka höndum saman til að vinna bug á niðursveiflunni. Ekki dugi að hvert land geri það hvert og eitt fyrir sig. Stærri iðnríkin hafa þegar tekið vel til í peningamálum, en aukinn hvati gegnum ríkisfjármál er nú mjög við hæfi þar sem verðbólguhættan er í lágmarki.

Munu erlendir ríkisborgarar flytjast héðan á næstunni?

Atvinnuleysi eykst nú hratt og nær til bæði innlendra og erlendra starfsmanna. Hér á eftir er fjallað um réttindi erlendra ríkisborgara til atvinnuleysisbóta ef þeir missa atvinnuna og hvaða áhrif þróun á vinnumarkaði er líkleg til að hafa á fjölda erlendra ríkisborgara hér á landi.

Einstaklingur sem kemur hingað erlendis frá til vinnu öðlast fullan rétt til atvinnuleysisbóta eftir 12 mánuði í starfi. Eftir það heldur hann réttinum í allt að 3 ár. Eftir 4 vikur á atvinnuleysisbótum hér getur hann fengið svokallað E-303 vottorð og getur þá farið til annars EES-ríkis í atvinnuleit. Vinnumálastofnunin þar í landi sér þá um að greiða hinar íslensku bætur í allt að þrjá mánuði. Snúi viðkomandi einstaklingur aftur til Íslands innan 3ja mánaða fær hann að nýju atvinnuleysisbætur hér á landi eins og reglur þar að lútandi segja til um.

Samanburður á aðstæðum hér á landi og í heimalandinu er mikilvægur áhrifavaldur í ákvörðun um búferlaflutninga á milli landa þegar atvinnuleysi er tekið að aukast hér á landi. Margir erlendir ríkisborgarar hafa starfað við mannvirkjagerð og langfjölmennasti hópur þeirra er frá Póllandi. Í þessu sambandi má nefna að meðalmánaðarlaun í byggingarstarfsemi í Póllandi á öðrum ársfjórðungi 2008 voru um 3.200 slot. Sú upphæð jafngilti 83.000 krónum í upphafi ársins 2008 en er nú um 146.000 krónur. Grunnatvinnuleysisbætur á Íslandi er nú 136.000 krónur á mánuði, sem, miðað við núverandi gengisskráningu, er svipuð upphæð og meðallaun í byggingarstarfsemi í Póllandi. Þá hefur atvinnuleysi í Póllandi farið minnkandi undanfarin ár en var þó 9,6% í lok júní 2008. Ef viðkomandi finnur ekki vinnu þar ytra á hann eða hún rétt á að koma aftur til Íslands innan 3 mánaða eða fara á atvinnuleysisbætur í Póllandi. Árið 2007 voru atvinnuleysisbætur í Póllandi um 532 slot á mánuði, sem jafngildir um 24.000 krónum á núverandi gengi. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að framfærslukostnaður í Póllandi er mun lægri en hér á landi. Kaupmáttur atvinnuleysisbóta þar er þó líklega lakari en kaupmáttur grunnatvinnuleysisbóta hér á landi. Það er því erfitt að segja til um það hve margir Pólverjar snúi aftur til Íslands fari þeir á annað borð til síns heima í atvinnuleit. Annar áhrifavaldur á ákvörðun um búferlaflutning er íbúðaeign. Um fjórðungur erlendra hjóna og einstæðra foreldra á íbúð, en sama hlutfall fyrir Íslendinga er tvöfalt hærra. Sá hópur er talinn líklegri til að ílengjast. Því má gera ráð fyrir að þó nokkuð stór hluti erlendra ríkisborgara verði áfram hér á landi næstu misserin, jafnvel þótt þeir verði atvinnulausir.

Tekjur ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,0	3,6
Skattar á tekjur og hagnað	18,0	10,5
Eignarskattar	22,2	-27,1
Skattar á vöru og þjónustu	7,6	-0,9
Tryggingagjöld	6,0	6,0
Tekjur alls	15,7	3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar – september

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	23,0	23,2
Heilbrigðismál	11,1	11,7
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	22,1
Efnahags- og atvinnumál	13,3	30,5
Menntamál	10,7	12,6
Gjöld alls	15,5	18,6

Afkoma ríkissjóðs janúar – september

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	48.584	19.200
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-17.896	27.740
Afborgun lána	-33.483	-45.486
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-54.349	-20.716
Lántökur	58.453	208.397
Breyting á handbæru fé	4.105	187.681

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (október)	4,5	15,9
Kjarnaverðbólga (október)	5,0	14,9
Launavísitala (október)	8,1	8,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	0,9	2,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

27. nóvember 2008

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu nam handbært fé frá rekstri um 24,2 ma.kr., sem er 31,8 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Innheimtar tekjur voru 14,4 ma.kr. hærri en á sama tíma árið 2007 en greidd gjöld 59,3 ma.kr. hærri. Hreinn lánsfjárjöfnuður er jákvæður um 30,2 ma.kr., sem er 40,7 ma.kr. betri útkoma en í fyrra. Afborganir lána reyndust 12,4 ma.kr. hærri en á sama tíma í fyrra og lántökur 139,7 ma.kr. hærri. Breyting á handbæru fé var því 167,9 ma.kr. meiri en á sama tíma 2007.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 369 ma.kr. fyrstu tíu mánuði ársins sem er 4,1% aukning að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 334 ma.kr. sem samsvarar 3,7% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 10,7% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 6,3% að raunvirði. Skattar á tekjur og hagnað námu um 129 ma.kr. sem er 12,8% aukning frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 72 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 20 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur 36 ma.kr. Innheimta eignarskatta var um 7 ma.kr. sem er samdráttur upp á 29,4% á milli ára. Frá ársbyrjun hafa veltuskattar skilað ríkissjóði 156 ma.kr. sem er samdráttur upp á 1,9% að nafnvirði frá fyrstu tíu mánuðum fyrra árs, og 11,4% raunsamdráttur (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar horft er til 6 mánaða hlaupandi meðaltals nemur raunlækkun veltuskatta nú 18% á milli ára sem er mesta raunlækkun um árabil eins og sést á myndinni hér að neðan. Þetta er enn ein vísbending um að dregið hefur verulega úr umsvifum í hagkerfinu. Virðisaukaskattur skilaði ríkissjóði 110 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,5% samdráttur að nafnvirði frá fyrstu tíu mánuðum ársins 2007 og 11,1% raunsamdráttur. Þá dróst virðisaukaskattur í októbermánuði einum saman um 9,5% að nafnvirði en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina júlí og ágúst. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum, sem hafa verið stærsti liður vörugjaldanna undanfarin ár, eða 19,6% samdráttur.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu
(m.v. VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Greidd gjöld nema 355,8 ma.kr sem er 20% aukning frá fyrra ári. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála, 18,8 ma.kr. Þar munar mest um lífeyristryggingar sem hækka um 10,1 ma.kr. á milli ára, barnabætur um 3 ma.kr. og vaxtabætur um 1,4 ma.kr. Heilbrigðismál hækka um 10,5 ma.kr. þar sem útgjöld vegna sjúkratrygginga og Landspítala aukast mest á milli ára.

Hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs var jákvæður um 30,2 ma.kr. Afborganir lána námu 45,9 ma.kr., þar af voru 30 ma.kr. til niðurgreiðslu innlendra skulda. Greiðslur til LSR og LH námu um 3 ma.kr. Lántökur námu 198,1 ma.kr., þar sem 101,7 ma.kr. voru teknir að láni innanlands. Lántökur eru umfram lánsfjárþörf en ákvörðun var tekin á vormánuðum um að auka útgáfur á stuttum ríkisbréfum í því skyni að auka virkni á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Jafnframt var í september tekið 300 milljóna EUR lán til styrkingar gjaldeyrisvaraforða.

Verðlagsþróun

Hagstofa Íslands birti verðbólgutölur fyrir nóvember í gær. Verðbólgan reyndist vera 17,1% í mánuðinum en 19,5% ef horft er fram hjá húsnæðislið. Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,74% frá fyrra mánuði sem er talsvert undir væntingum greiningaraðila sem höfðu gert ráð fyrir rúmlega 2% hækkun milli mánaða.

Verðbólga hefur aukist verulega á árinu. Í janúar mældist verðbólga 5,8% en eftir að gengi krónunnar tók að lækka í mars hefur verðbólga verið á stöðugri uppleið og hefur hækkað um rúmlega 11 prósentustig frá upphafi ársins meðan krónuverð fyrir hverja evru hefur nær tvöfaldast frá upphafi ársins.

Verðbólguþróunin undanfarin misseri hefur nær alfarið stjórnast af gengisþróun meðan dregið hefur úr áhrifum annarra verðbólguvalda sem hafa verið áberandi í uppsveiflu liðinna ára. Á allra síðustu mánuðum hefur hratt dregið úr verðbólguþrýstingi launa eftir því sem atvinnuleysi hefur aukist og þrengst hefur um rekstur fyrirtækja. Einnig hefur verulega dregið úr þrýstingi vegna þróunar á fasteignaverði en í ágúst varð verðbólga án húsnæðis hærri en heildarverðbólga í fyrsta sinn síðan í maí árið 2002, sem gefur til kynna að þróun á fasteignaverði er farin að draga úr verðbólgu. Þá hefur heimsmarkaðsverð á olíu lækkað verulega en frá því að verðið náði hámarki í júní hefur það lækkað um tæp 65%. Lækkun heimsmarkaðsverðs hefur ekki komið að fullu leyti fram í verðlagi hér á landi sem má að mestu leyti rekja til gengisþróunar.

Verðbólguhorfur næstu misseri eru nokkuð dökkar. Skráð gengi krónunnar hefur lækkað um tæp 14% frá upphafi mánaðar sem bætist við verulegt gengisfall síðustu mánaða. Innan skamms verður krónan sett á flot í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þá eru allar horfur á að fyrst um sinn verði mikill söluþrýstingur á krónuna og því líklegt að hún veikist umtalsvert og að misræmið minnki milli skráðs gengis utan Íslands og gengisskráningar Seðlabanka Íslands. Á móti kemur að ástandið á gengismarkaði hefur verið þannig að vænt gengisveiking hefur dregið úr hvata fyrir t.d. útflytjendur og fjárfesta til að kaupa krónur fyrir erlendan gjaldeyri. Því má ætla að kaupþrýstingur komi að einhverju leyti til móts við söluþrýsting á krónunni þegar hún verður sett á flot.

Á næstu misserum mun verðbólguþróun áfram stjórnast af gengisþróun og samdrætti í eftirspurn. Óvissan er sérlega mikil um þessar mundir því það er óljóst hversu mikið gengi krónunnar veikist þegar hún verður sett á flot og hve lengi það ástand varir. Þegar horft er lengra fram á næsta ár má gera ráð fyrir því að eftir því sem álagið á krónuna minnkar og framleiðsluslaki myndist í hagkerfinu eru allar forsendur fyrir því að verðbólga taki að minnka hratt á síðari hluta ársins 2009.

Verðbólga 2000-2008



Heimild: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	3,7
Skattar á tekjur og hagnað	17,3	12,8
Eignarskattar	24,9	-29,4
Skattar á vöru og þjónustu	8,3	-1,9
Tryggingagjöld	5,9	6,0
Tekjur alls	15,1	4,1

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,1	23,2
Heilbrigðismál	11,2	13,6
Alm.trygg. & velferðarmál	18,1	26,9
Efnahags- og atvinnumál	15,4	29,4
Menntamál	12,1	12,4
Gjöld alls	14,5	20,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	51.229	24.189
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.868	30.173
Afborgun lána	-33.503	-45.934
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.671	-19.061
Lántökur	58.383	198.081
Breyting á handbæru fé	9.712	179.020

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (nóv.)	5,2	17,1
Kjarnaverðbólga (nóv.)	5,4	16,1
Launavísitala (október)	8,1	8,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	0,9	2,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

4. desember 2008

Ísland verði eitt tollumdæmi

Fram er komið á Alþingi frumvarp þar sem lagt er til að landið verði gert að einu tollumdæmi. Frá árinu 2007 hefur landinu verið skipt upp í 8 tollumdæmi en þau voru áður 26. Tollstjórinn í Reykjavík er í dag eini tollstjórinn sem heyrir undir fjármálaráðuneytið, en það ráðuneyti fer með faglega yfirstjórn tollamála í landinu. Aðrir tollstjórar eru sýslumenn og lögreglustjórar sem heyra undir dómsmálaráðherra og er því fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð tollamála á hendi tveggja ráðuneyta í dag. Þetta fyrirkomulag hefur valdið ýmsum vandkvæðum við stefnumótun í tollamálum, samræmingu tollframkvæmdar og allri áætlanagerð varðandi tollamál almennt.

Með frumvarpinu er sem fyrr segir lagt til að skrefið verði stigið til fulls í því að fækka tollumdæmum og tollembættum. Landið verði gert að einu umdæmi sem stjórnað verði af einu embætti, embætti tollstjóra og þar með verði fagleg, fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð færð á eina hendi. Þó er miðað við að tollstjóri geti með samningum falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast tiltekna þætti tollframkvæmdar í umdæmum þeirra. Með því móti mun umrædd breyting hafa óveruleg áhrif á almenna þjónustu tollyfirvalda við fyrirtæki og einstaklinga hvar sem er á landinu. Þetta nýja fyrirkomulag mun hins vegar stuðla að aukinni hagræðingu og einföldun í rekstri viðkomandi embætta, jafnframt því að auðvelda stefnumótun í tollamálum, skipulagningu tollframkvæmdar og alla áætlanagerð varðandi tollstarfsemina sjálfa til framtíðar.

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur þegar ákveðna sérstöðu meðal tollembættanna samkvæmt gildandi lögum. Því liggur beinast við að fela embættinu umsjón tollamála á landinu öllu eins og lagt er til í frumvarpinu. Samhliða er lagt til að heiti embættis tollstjórans í Reykjavík verði breytt í embætti tollstjóra. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi í för með sér að starfsmönnum tollyfirvalda á landsbyggðinni fækki enda verður verkefnum á sviði tollamála áfram sinnt þar eins og verið hefur. Þvert á móti kunna við sameininguna að skapast ýmsir möguleikar á tilflutningi verkefna frá höfuðborgarsvæðinu til starfsstöðva tollyfirvalda úti á landi.

Reglur um greiðslu barnabóta

Samkvæmt lögum skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 18 ára og eru þær ákveðnar við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga 1. ágúst ár hvert. Meginhluti barnabóta er tekjutengdur og tekur mið af tekjum fyrra árs, en það á ekki við um sérstakar barnabætur sem greiddar eru með börnum yngri en 7 ára.

Í reglugerð um greiðslu barnabóta, segir að barnabætur skulu greiddar með tveimur jöfnum greiðslum eftir að álagning opinberra gjalda liggur fyrir. Fyrri greiðslan skal greidd eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember. Þar er einnig kveðið á um fyrirframgreiðslu barnabóta þar til álagningin liggur fyrir. Við útreikning á skerðingu þeirra vegna tekna skal taka tillit til fyrirliggjandi upplýsinga um staðgreiðsluskyldar tekjur vegna síðustu tólf mánaða ásamt upplýsingum úr framtali fyrra árs, um tekjur utan staðgreiðslu og eignastöðu í árslok. Fyrirframgreiðsla skal nema 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, þ.e. 1. febrúar og 1. maí.

Á grundvelli framangreindra reglna fengu barnafjölskyldur ákvarðaðar barnabætur miðað við heilt ár við álagningu opinberra gjalda 1. ágúst sl. Áður en þær barnabætur voru greiddar út var dregin frá sú fjárhæð sem viðkomandi fjölskylda hafði fengið greidda fyrirfram í barnabætur 1. febrúar og 1. maí. Fjárhæðinni sem eftir stóð af barnabótum ársins 2008 var síðan skipt niður á tvo greiðsludaga, þ.e. 1. ágúst og 1. nóvember sl. Með öðrum orðum, barnabætur vegna ársins 2008 hafa þegar verið greiddar út að fullu.

Að óbreyttum reglum mun 1. greiðsla barnabóta vegna ársins 2009 berast rétthöfum 1. febrúar nk., eða fjórðungur þeirra barnabóta sem áætlað er að verði greiddar viðkomandi á árinu 2009. Annar fjórðungur er síðan greiddur út 1. maí. Rétt er að taka fram að upplýsingar um staðgreiðsluskyldar tekjur fyrir desembermánuð 2008 liggja ekki fyrir fyrr en í janúar sem þýðir að barnabætur vegna ársins 2009 sem byggja á tekjum ársins 2008 verða ekki greiddar út fyrr en í fyrsta lagi 1. febrúar. Þegar álagning opinberra gjalda liggur fyrir 1. ágúst er fyrirgreiðsla barnabóta dregin frá endanlegri ákvörðun barnabóta fyrir árið 2009 og þeirri fjárhæð sem eftir stendur er skipt á tvo greiðsludaga, þ.e. 1. ágúst og 1. nóvember.

Nú eru uppi áform um að bjóða upp á mánaðarlega greiðslu barnabóta á árinu 2009 og myndi fyrsta greiðsla berast fjölskyldum 1. febrúar nk. Með því myndu barnabæturnar berast fjölskyldum með jafnari hætti en nú gerist, þ.e. mánaðarlega en ekki á þriggja mánaða fresti. Það þýðir að fjölskylda X með 3 börn, þar af eitt yngra en 7 ára og 300 þús.kr. í tekjur á mánuði eða minna 2008 sem áætlað er að fái alls 545 þús.kr. barnabætur á árinu 2009, fengi 45 þús.kr. 1. febrúar nk. og síðan mánaðarlegar greiðslur eftir það. Samsvarandi fjárhæð fyrir einstætt foreldri með 150 þús.kr. eða minna í tekjur á árinu 2008 eru 790 þús.kr. í barnabætur fyrir árið allt eða um 66 þús.kr. á mánuði.

Vöruskiptin í nóvember

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam verðmæti innfluttrar vöru í nóvember 40,8 ma. kr. sem er nokkuð meiri innflutningur en í október þegar hann nam 36,3 ma.kr. Verðmæti útflutnings nam 43,2 ma.kr. sem er minni útflutningur en í september og október þrátt fyrir umtalsverða gengislækkun krónunnar. Vöruskiptaafgangur við útlönd í nóvember nam því 2,4 ma.kr. sem er nokkuð minni afgangur en í október þegar hann nam 10,9 ma.kr. Í nóvember var meðalgengisvísitala krónunnar 229 stig en 199 stig í október sem samsvarar um 13% veikingu á gengi krónunnar.

Það sem helst skýrir aukinn innflutning í nóvember er mikill innflutningur á áloxíði en hann meira en tvöfaldast á milli mánaða. Aukning er einnig í verðmæti innfluttra mat- og drykkjarvara en verðmæti innfluttra nauðsynjavara eins og matvæla eykst jafnan þegar gengi krónunnar veikist. Verðmæti varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara eykst einnig í nóvember en þessi innflutningur er jafnan sterkur í þeim mánuði þegar verslunarmenn eru að undirbúa mesta annatíma ársins.

Það sem helst skýrir minni útflutning í nóvember er samdráttur í verðmæti útflutts áls miðað við september og október en heimsmarkaðsverð á áli hefur verið að lækka jafnt og þétt frá því í sumar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða dregst einnig lítillega saman frá því í október þegar það náði sögulegu hámarki.

Síðastliðinn föstudag birti Hagstofa Íslands endurskoðaðar tölur fyrir utanríkisviðskiptin fyrstu tíu mánuði ársins. Samkvæmt þeim er útflutningur í september meiri en áður var talið vegna töluverðs útflutnings flugvéla en upplýsingar um verslun með flugvélar berast Hagstofunni jafnan seint. Afgangur á vöruskiptum var því meiri í september en áður var talið eða sem nam 7,8 ma.kr. Í október var vöruskiptaafgangurinn 10,9 ma.kr. en lítil verslun með skip og flugvélar er enn sem komið er skráð í október.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – júlí 2008



Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	3,7
Skattar á tekjur og hagnað	17,3	12,8
Eignarskattar	24,9	-29,4
Skattar á vöru og þjónustu	8,3	-1,9
Tryggingagjöld	5,9	6,0
Tekjur alls	15,1	4,1

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,1	23,2
Heilbrigðismál	11,2	13,6
Alm.trygg. & velferðarmál	18,1	26,9
Efnahags- og atvinnumál	15,4	29,4
Menntamál	12,1	12,4
Gjöld alls	14,5	20,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	51.229	24.189
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.868	30.173
Afborgun lána	-33.503	-45.934
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.671	-19.061
Lántökur	58.383	198.081
Breyting á handbæru fé	9.712	179.020

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (nóv.)	5,2	17,1
Kjarnaverðbólga (nóv.)	5,4	16,1
Launavísitala (október)	8,1	8,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv.leysi, árst.leiðr. (okt.)	0,9	2,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

11. desember 2008

Frumvörp fjármálaráðherra til meðferðar á Alþingi

Óvenjumörg frumvörp á ábyrgðarsviði fjármálaráðherra eru nú til meðferðar á Alþingi. Má þar sérstaklega nefna frumvörp um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

Tekjuskattur

Tekjuskattsfrumvarpið inniheldur meðal annars tillögu þess efnis að öllum fjármálastofnunum verði gert skylt að senda skattyfirvöldum ár hvert upplýsingar um bankainnstæður og innstæður í sjóðum ásamt upplýsingum um vexti af viðkomandi innstæðum. Fram til þessa hafa bankar og sparisjóðir ekki sent umræddar upplýsingar óumbeðið, heldur hefur tilgreining þeirra á skattframtali alfarið verið háð vilja einstakra framteljenda. Þetta fyrirkomulag, þ.e. að ekki liggi fyrir sundurliðaðar upplýsingar um afdreginn fjármagnstekjuskatt, hefur gert allt eftirlit með þeim skattstofni nánast óframkvæmanlegt. Ljóst er að verði umrædd tillaga lögfest stuðlar hún að mun meira jafnræði milli skattþegnanna, ekki síst í ljósi þess að ýmsar bótagreiðslur, svo sem bætur almannatrygginga, eru ákvarðaðar á grundvelli framtalinna heildartekna hjá rétthöfum þeirra. Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum ársins 2008 fengu meira en 35 þúsund einstaklingar greiddar einhvers konar tekjutengdar bætur á árinu 2007 án þess að fram væru taldar innstæður í bönkum og sparisjóðum. Ekki er ólíklegt að einhver hluti þess hóps hafi látið hjá líða að telja fram inneignir sínar og vaxtatekjur. Sjálfvirk skil á umræddum bankaupplýsingum eru því ekki aðeins mikilvæg aðhaldsaðgerð gegn undandrætti tekna frá skatti, heldur skapa þau mótvægi gegn misnotkun á bótarétti frá hinu opinbera. Síðast en ekki síst munu slík skil leiða til þess að umræddar upplýsingar verða forskráðar á framtölin til mikillar einföldunar og hagræðis fyrir framteljendur.

Lífeyrissjóðir

Í lífeyrissjóðafrumvarpinu er að finna nokkrar breytingar sem vert er að nefna. Meðal annars er lögð til sú breyting að þeim aðilum sem náð hafa 60 ára aldri verði heimilt að taka út séreignarsparnað sinn í einu lagi í stað þess að dreifa greiðslu á sjö ár eins og nú er. Þá er lagt til að ekkert aldurshámark verði á því hvenær einstaklingur getur hafið töku lífeyris, en í gildandi lögum er það hámark bundið við 75 ára aldur. Tillögur að ýmsum breytingum sem markast af því ástandi sem nú ríkir á innlendum fjármálamarkaði er einnig að finna í frumvarpinu. Þar er meðal annars lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 20% af hreinni eign sinni í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, en í gildandi lögum er umrætt hlutfall 10%. Jafnframt er lagt til að lögfestar verði samræmdar reglur um fjárfestingastefnu þeirra aðila sem hafa heimild til að taka við séreignarlífeyrissparnaði. Samkvæmt gildandi lögum er slíkur sparnaður í vörslu lífeyrissjóða háður sömu takmörkunum varðandi fjárfestingar og samtryggingarsparnaðurinn á meðan aðrir vörsluaðilar hafa ótakmarkað frelsi til að móta fjárfestingarstefnu sína. Í frumvarpinu er lagt til, bæði í varúðarskyni og til að gæta samræmis, að allir vörsluaðilar séreignarlífeyrissparnaðar verði bundnir tilteknum lágmarksskilyrðum varðandi fjárfestingar. Að lokum er í frumvarpinu að finna bráðabirgðaákvæði þess efnis að munur á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga miðað við tryggingafræðilega athugun í lok árs 2008 geti verið neikvæður um allt að 15% í stað 10% skv. gildandi lögum án þess að skylt verði að skerða réttindi eða hækka iðgjald.

Ársreikningar

Breytingar á ársreikningslögum eru lagðar fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir í efnahagslífi landsins og þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á gengi íslensku krónunnar á árinu 2008. Sú þróun vekur í sumum tilfellum óneitanlega upp þá spurningu hvaða gjaldmiðill í skilningi ársreikningslaganna gefi í raun rétta mynd af afkomu íslenskra fyrirtækja á árinu 2008. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal umsókn um heimild til að færa bókhald og gera ársreikning í erlendum gjaldmiðli berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf reikningsárs, eða í síðasta lagi 31. október 2007 fyrir reikningsárið 2008. Í ljósi þess að útilokað var að sjá fyrir þá óvæntu stöðu sem upp er komin varðandi skráningu íslensku krónunnar standa ýmis rök til þess að opnað verði á þann möguleika að félögum sem ekki sóttu um heimild til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt á reikningsárinu 2008 verði gert kleift að sækja um slíka heimild afturvirkt. Slíka tillögu er að finna í framangreindu frumvarpi að því gefnu að skilyrði ársreikningslaga fyrir þeirri heimild séu uppfyllt í ársbyrjun 2008. Jafnframt er lagt til að umsóknarfrestur til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli á reikningsárinu 2009 verði framlengdur til 15. desember nk.

Atvinnuleysi hefur aldrei vaxið jafn ört

Atvinnulausum hefur fjölgað gríðarlega að undanförnu og ekkert lát virðist þar á enn sem komið er. Hlutfallslegt atvinnuleysi mældist 3,3% í nóvember en var 1,9% mánuðinn áður. Í lok nóvember voru 6.350 skráðir atvinnulausir en á vefsíðu Vinnumálastofnunar í dag eru þeir 8.461. Þeim hefur því fjölgað um 260 hvern virkan dag mánaðarins. Nú eru fleiri karlar atvinnulausir en konur en það hefur ekki gerst frá því atvinnuleysi var mest árið 2002. Í síðasta mánuði fjölgaði atvinnulausum körlum um 71% meðan konunum fjölgaði um 47%. Aukning atvinnuleysis í síðasta mánuði var heldur meiri á höfuðborgarsvæðinu (62%) en á landsbyggðinni (57%) en 62% atvinnulausra búa á fyrrnefnda svæðinu. Fjölgun atvinnulausra erlendra ríkisborgara í síðasta mánuði var sú sama og varð á heildarfjölda atvinnulausra (60%). Þeir eru nú 15% af hópnum og atvinnuleysi meðal þeirra því eitthvað meira en meðal íslenskra ríkisborgara. Það kemur þó ekki á óvart enda hafa þeir starfað í þeim greinum þar sem búist var við mestum samdrætti. Aukning atvinnuleysis hefur verið langt umfram það sem búist hafði verið við. Erfitt er að spá um framhald atvinnuleysisins sem og annarra þátta efnahagsframvindunnar. Svo virðist sem minni tregða sé gagnvart uppsögnum en á fyrri samdráttarskeiðum og á ástand á fjármálamarkaði efalítið sinn þátt í því. Hlutfallslegt atvinnuleysi hefur aldrei orðið hærra en 7,5% af vinnuafli í einum mánuði frá árinu 1980 en það var í janúar 1994. Það mundi jafngilda um 12.000 atvinnulausum nú.

Mannvirkjagerð er sú atvinnugrein sem flestir hafa orðið atvinnulausir í en verslun og iðnaður (þ.m.t. fiskiðnaður) koma næst á eftir. Fjölgun atvinnulausra sem koma úr byggingariðnaði var 131% í nóvember. Atvinnulausir koma úr öllum atvinnugreinum. Atvinnuleysi er sennilega komið yfir 7% í mannvirkjagerð og um 5% í samgöngum. Þrátt fyrir mikla fjölgun er það sennilega innan við 3% í verslun.

Hin mikla aukningu atvinnuleysis sem nú gengur yfir kemur mismunandi niður á aldurshópum. Skráð atvinnuleysi yngsta aldurshópsins hefur jafnan verið mjög lágt, hins vegar hefur það mælst sveiflukennt en oft mikið í vinnumarkaðskönnunum. Nú bregður svo við að það er orðið meira en í öðrum aldurshópum og það er ennþá minnst í elsta hópnum.

Fjöldi atvinnulausra í lok nóvember eftir fyrri atvinnugrein



Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	3,7
Skattar á tekjur og hagnað	17,3	12,8
Eignarskattar	24,9	-29,4
Skattar á vöru og þjónustu	8,3	-1,9
Tryggingagjöld	5,9	6,0
Tekjur alls	15,1	4,1

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,1	23,2
Heilbrigðismál	11,2	13,6
Alm.trygg. & velferðarmál	18,1	26,9
Efnahags- og atvinnumál	15,4	29,4
Menntamál	12,1	12,4
Gjöld alls	14,5	20,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	51.229	24.189
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.868	30.173
Afborgun lána	-33.503	-45.934
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.671	-19.061
Lántökur	58.383	198.081
Breyting á handbæru fé	9.712	179.020

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (nóv.)	5,2	17,1
Kjarnaverðbólga (nóv.)	5,4	16,1
Launavísitala (október)	8,1	8,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv.leysi, árstíðaleiðr. (nóv.)	0,9	3,5

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

18. desember 2008

Uppfærð áætlun um tekjur ríkissjóðs

Fjármálaráðuneytið hefur að undanförnu, í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, uppfært tekjuáætlun ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 við 2. umræðu á Alþingi. Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2009 eru áætlaðar 395,8 milljarðar króna, 65,3 milljörðum minni en á árinu 2008. Samdrátturinn nemur 14,2% að nafnvirði en 24,6% að rauvirði, en spáð er að verðbólga verði 13,8% á næsta ári. Áætlað er að skatttekjur í heild verði 357,7 milljarðar og dragist saman um 48,9 milljarða milli ára. Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi alls 126,3 milljörðum króna á árinu 2009 og lækki um tæpa 36 milljarða frá árinu 2008. Áætlað er að skattar á vöru og þjónustu nemi 180,9 milljörðum króna og lækki um 12,2 milljarða króna frá árinu 2008. Áætlunin er byggð á spá um þróun einkaneyslu, innflutnings og annarra hagstærða, en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði neikvæður um 9,6% á árinu 2009 og þjóðarútgjöld dragist saman um tæp 20%. Í meðfylgjandi töflu má sjá áætlunina fyrir einstaka skatta.

Tekjur ríkissjóðs 2007-2009

Tölur á rekstrargrunni, ma.kr.	*ríkis-reikningur 2007*	*fjárauka-laga-frumvarp 2008*	*fjárlaga-frumvarp við 2. umr. 2009*	*raunbreyting milli ára, % 2009*
Heildartekjur ríkissjóðs	486,1	461,1	395,8	-24,6
Skatttekjur	409,0	406,6	357,7	-22,7
1. Beinir skattar alls	206,9	210,4	173,2	-27,7
þ.a. tekjuskattur einstaklinga	85,6	89,3	87,2	-14,2
þ.a. fjármagnstekjuskattur	28,9	34,3	13,9	-64,3
þ.e. tekjuskattur lögaðila	36,6	34,0	22,1	-42,9
þ.a. tryggingagjöld	38,9	40,4	39,8	-13,5
þ.a. eignarskattar	12,0	7,8	7,1	-20,5
2. Skattar á vöru og þjónustu alls	200,7	193,1	180,9	-17,7
þ.a. virðisaukaskattur	137,7	135,9	128,2	-17,1
þ.a. almenn vörugjöld	19,3	18,8	19,2	-9,9
þ.a. vörugj. af ökut. og eldsneyti	32,4	28,5	24,6	-24,2
3. Aðrar rekstrartekjur	39,6	51,1	33,4	-42,7
þ.a. vaxtatekjur	25,0	39,7	22,3	-50,6
4. Sala eigna	20,5	2,0	3,3	45,0
5. Fjárframlög	2,3	1,4	1,5	-6,0

Af vettvangi tvísköttunarmála

Næstu áramót munu fimm nýir tvísköttunarsamningar sem fullgiltir voru á þessu ári koma til framkvæmda. Um er að ræða samninga við Grikkland, Ítalíu, Kóreu, Mexíkó, Rúmeníu og Úkraínu. Þegar tvísköttunarsamningur kemur til framkvæmda er átt við að unnt sé að beita ákvæðum samningsins vegna tekna sem aflað er frá og með þeim degi eða frá 1. janúar 2009 hvað varðar framangreinda samninga.

Með tilkomu hinna nýju samninga eru í gildi tvísköttunarsamningar við 36 ríki. Búið er að árita samningsdrög við 4 ríki til viðbótar en frágangi þeirra samninga og undirritun er enn ólokið.

Endurskoðaður tvísköttunarsamningur við Bandaríkin sem var fullgiltur þann 15. desember sl. mun einnig koma til framkvæmda þann 1. janúar 2009. Hinn nýi samningur leysir af hólmi eldri samning sem gilt hefur frá ársbyrjun 1976 og var fjallað um efni hans í vefriti ráðuneytisins þann 25. október 2007.

Upplýsingaskiptasamningur við Mön mun öðlast gildi þann 28. desember 2008 og kemur til framkvæmda strax á þeim degi að því er varðar mál vegna refsiverðra skattalagabrota og um önnur málefni sem falla undir samninginn vegna skattárs sem hefst 1. janúar 2009. Sama gildir um þrjá aðra samninga sem gerðir voru við Mön en þeir taka til tekna einstaklinga, tekna af rekstri skipa og flugvéla og sá þriðji fjallar um framkvæmd gagnkvæms samkomulags í tengslum við leiðréttingu á hagnaði tengdra fyrirtækja.

Að lokum má geta þess að bókun um breytingu á tvísköttunarsamningi milli Norðurlandanna kemur einnig til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009. Nánar má lesa um efni bókunarinnar í vefriti ráðuneytisins þann 10. apríl 2008.

Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2009

Á árinu 2009 verður ritið Þjóðarbúskapurinn gefið út þrisvar sinnum, bæði á íslensku og ensku. Á vetrarmánuðum verður gefin út endurskoðuð þjóðhagsspá til þriggja ára. Þessi skýrsla verður stutt, með færri töflum í viðauka og verður einungis birt á vef fjármálaráðuneytisins. Fleiri töflur verða þó uppfærðar á vef ráðuneytisins í tengslum við útgáfuna. Í vetrarskýrslu verður þjóðhagsspáin uppfærð í ljósi ákvarðana Alþingis um fjárlög og fjáraukalög til viðbótar við nýjar upplýsingar um efnahagsþróun. Á vor- og haustmánuðum verða gefnar út ítarlegri spár með áherslu á framvindu efnahagslífsins til meðallangs tíma, eða fimm ára í senn, og ítarlegum töfluviðauka. Haustspáin er jafnframt byggð á nýjum forsendum um ríkisfjármálin sem felast í fjárlagafrumvarpinu. Vor- og haustskýrslur eru gefnar út á prentuðu formi á íslensku og á vef fjármálaráðuneytisins á íslensku og ensku. Útgáfuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir ritið Þjóðarbúskapurinn er sem hér segir fyrir árið 2009:

20. janúar 2009	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2008 – 2010
12. maí 2009	Þjóðhagsspá fyrir árin 2009 – 2013
1. október 2009	Þjóðhagsspá fyrir árin 2009 – 2013

Kvöldskattur

Nú, þegar þrengir að í búskap heimilanna, er vert að hyggja að jólahaldi íslenskra heimila á fyrri tímum þegar gjafir voru ekki jafn ríkur hluti af hátíðinni og áherslan í meira mæli á mannkærleika þann sem býr í jólaboðskapnum en einnig góðan mat. Þannig segir frá því í bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili um íslenska þjóðhætti að haldið var upp á byrjun aðventunnar – sem þá hét jólaföstuinngangur – með ,,kvöldskattinum" þar sem heimilisfólki var í eitt sinn skammtað vel á diska af öllu því besta sem fannst í búrinu og var skammturinn slíkur að hann átti að duga sem viðbit handa heimilisfólkinu í nokkra daga. Kvöldskatturinn var gefinn eitt kvöldið í fyrstu viku jólaföstunnar og ,,var þá ekki eymt í skammtinn, þó að kort væri annars vant að skammta". Þetta gerðist þannig að eitt kvöldið fór húsfreyja fram í búr og fór að skammta heimilisfólki sínu á stór föt eða diska allt hið besta sem búið átti til: hangiket, magál, sperðil, pottbrauð og flatbrauð og vel við af floti og sméri. Allt fór þetta fram með mestu leynd og þótti mest til koma ef enginn vissi neitt fyrr en ílátin komu inn úr baðstofudyrunum. Var þá rokkum, snældum og prjónum varpað frá sér í snatri og síðan sest að snæðingi.

Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Næsta vefrit kemur út 8. janúar 2009.

Tekjur ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	3,7
Skattar á tekjur og hagnað	17,3	12,8
Eignarskattar	24,9	-29,4
Skattar á vöru og þjónustu	8,3	-1,9
Tryggingagjöld	5,9	6,0
Tekjur alls	15,1	4,1

Gjöld ríkissjóðs janúar – október

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,1	23,2
Heilbrigðismál	11,2	13,6
Alm.trygg. & velferðarmál	18,1	26,9
Efnahags- og atvinnumál	15,4	29,4
Menntamál	12,1	12,4
Gjöld alls	14,5	20,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – október

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	51.229	24.189
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.868	30.173
Afborgun lána	-33.503	-45.934
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.671	-19.061
Lántökur	58.383	198.081
Breyting á handbæru fé	9.712	179.020

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (nóv.)	5,2	17,1
Kjarnaverðbólga (nóv.)	5,4	16,1
Launavísitala (október)	8,1	8,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv.leysi, árstíðaleiðr. (nóv.)	0,9	3,5

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. janúar 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu ellefu mánuði ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu nam handbært fé frá rekstri 7,3 ma.kr. innan ársins, sem er 46,2 ma.kr. verri útkoma en á sama tíma fyrra árs. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 30 ma.kr., sem er 18,5 ma.kr. lakari útkoma en á fyrra ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 393 ma.kr. fyrstu ellefu mánuði ársins sem er aukning um rúma 3 ma.kr. frá sama tíma fyrra árs, eða 0,9% aukning að nafnvirði. Tekjuáætlun ársins gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu 398 ma.kr. og eru þær um 5 ma.kr. undir áætlun. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 354 ma.kr. sem er litlu hærri upphæð að nafnvirði en árið 2007. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 11,5% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 10,2% að raunvirði.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 134 ma.kr. sem er 7,6% aukning að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga um 80 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 23 ma.kr. og skattur af fjármagnstekjum tæplega 32 ma.kr. Innheimta eignarskatta var um 7 ma.kr. sem er 3 ma.kr. samdráttur milli ára sem er að mestu tilkominn vegna samdráttar í stimpilgjöldum.

Frá ársbyrjun hafa veltuskattar skilað ríkissjóði 167 ma.kr. sem er samdráttur upp á 4,8% að nafnvirði frá fyrstu ellefu mánuðum fyrra árs, og 14,6% raunsamdráttur (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Innheimta veltuskatta í nóvembermánuði skilaði ríkissjóði tæpum 11 ma.kr. sem er um 5 ma.kr. lækkun frá sama mánuði fyrra árs. Samdráttur að raunvirði milli ára, hefur aukist mjög hratt á síðustu mánuðum. Miðað við 6 mánaða hlaupandi meðaltal er hann nú 24,2% sem er mesta raunlækkun um árabil eins og sést á myndinni. Virðisaukaskattur skilaði ríkissjóði 118 ma.kr. á tímabilinu sem er 4,4% samdráttur að nafnvirði frá fyrstu ellefu mánuðum ársins 2007 og 14,3% raunsamdráttur. Þá dróst virðisaukaskattur í nóvembermánuði einum saman um þriðjung að nafnvirði en hann kemur af innflutningi fyrir mánuðina september og október. Þess ber að gæta að þessi samdráttur skýrist til fulls af áhrifum sérstakrar greiðslufrestunar sem heimiluð var í nóvember. 3,7 ma.kr. af virðisaukaskatti var frestað og koma þess í stað til innheimtu í desember og janúar, en hefði fjárhæðin verið innheimt í nóvember hefði virðisaukaskattur verið hinn sami að nafnvirði og í nóvember 2007 eða liðlega 11 milljarðar. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 26,1% samdráttur í janúar-nóvember og 86% samdráttur í nóvembermánuði einum. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu rúmum 5 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum 38 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins.

Greidd gjöld nema 392,5 ma.kr. og hækka um 64,5 ma.kr. frá fyrra ári eða tæp 20%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála, 20,1 ma.kr. eða 25,6%. Þar munar mest að lífeyristryggingar hækka um 10,8 ma.kr. á milli ára, fæðingarorlofsgreiðslur um 1,5 ma.kr. og vaxtabætur um 1,4 ma.kr. Almenn opinber þjónusta hækkar um 9,1 ma.kr. eða um 22%. Þar af hækka vaxtagjöld um tæpa 2 ma.kr. Aukning útgjalda til efnahags- og atvinnumála nam 13,2 ma. kr. milli ára eða 28,2%.

Hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs var neikvæður um 30,0 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Afborganir lána námu 45,5 ma.kr., þar af voru 30 ma.kr. til niðurgreiðslu innlendra skulda. Greiðslur til LSR og LH námu 3,7 ma.kr. Lántökur námu 145,3 ma.kr. þar sem 101,7 ma.kr. voru teknir að láni innanlands. Lántökur eru umfram lánsfjárþörf en ákvörðun var tekin á vormánuðum um að auka útgáfur á stuttum ríkisbréfum í því skyni að auka virkni á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Jafnframt var í september tekið 300 milljóna EUR lán til styrkingar gjaldeyrisvaraforða sem veitt var áfram til Seðlabanka Íslands.

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu
(m.v. VNV án húsnæðis og 6 mánaða hlaupandi meðaltal)



Rit um sameiningu ríkisstofnana

Fjármálaráðuneytið hefur nýlega gefið út rit um vinnuferlið við að sameina ríkisstofnanir og koma á þeim fjölmörgu breytingum sem tengjast því.

Í ritinu er fjallað um athuganir, skipulag, markmiðasetningu og áætlanir sem þarf að undirbúa áður en ákveðið er að ráðast í sameiningu, samráð og annan undirbúning fyrir ákvörðun í málinu og framkvæmd sameiningar á grundvelli vandaðrar samrunaáætlunar þar sem starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í breytingum. Ferlinu lýkur síðan með úttektum til að meta árangur og draga lærdóm.

Settar eru fram hugmyndir um skipulag þessarar vinnu, þátttakendur og vinnulag. Ítarleg umfjöllun er um þátt fjármála og starfsmannamála auk þess sem fjallað er um mörg önnur atriði sem lúta að uppbyggingu stofnunarinnar eftir sameiningu.

Ritinu er ætlað að auðvelda vinnu við sameiningu stofnana svo og við tilflutning verkefna og aðrar umfangsmiklar skipulagsbreytingar sem ákveðið kann að vera að ráðast í.

Vöruskiptin í desember

Samkvæmt bráðabirgðatölum fjármálaráðuneytisins var verðmæti innfluttrar vöru í desember 32,5 ma.kr. sem er nokkuð minni innflutningur en í nóvember þegar hann nam 40,6 ma.kr. Fyrstu vísbendingar eru um að útflutningur vöru hafi aukist töluvert í desember en hann nam 43,2 ma.kr. í nóvember. Athygli skal vakin á því að vegna tæknilegra vandamála hefur Hagstofa Íslands enn ekki birt bráðabirgðaniðurstöður sínar fyrir desember og verða þær birtar á vef stofnunarinnar næstkomandi miðvikudag. Er því ekki tímabært að birta nákvæmar upplýsingar varðandi útflutning eða vöruskiptin í heild í desember en líklega er um verulega aukinn afgang að ræða.

Hvað undirliði innflutningsins varðar er mestur samdrátturinn í innflutningi á eldsneyti og smurolíum en þessi liður er jafnan mjög sveiflukenndur á milli mánaða. Einnig er nokkur samdráttur á innflutningi á hrá- og rekstrarvörum og skýrist sá samdráttur af minni innflutningi á áloxíði en sá innflutningur var mjög mikill í nóvember. Aðrir undirliðir innflutningsins í desember eru að mestu óbreyttir miðað við undanfarna mánuði.

Varðandi fyrirliggjandi vísbendingar um útflutning í desember er búist við auknum útflutningi á bæði áli og sjávarafurðum. Ekki er ólíklegt að álfyrirtækin hafi átt uppsafnaðar birgðir frá nóvember þar sem útflutningurinn var með minna móti í þeim mánuði. Sömu sögu má segja varðandi útflutning sjávarafurða en einhverrar sölutregðu hefur gætt á erlendum mörkuðum á íslensku sjávarfangi auk þess sem verð sjávarafurða hefur lækkað. Þrátt fyrir styrkingu á meðalgengi krónunnar um 5,8% milli nóvember og desember er reiknað með að vegna aukins útflutnings hafi útflutningsverðmæti sjávarafurða verið með besta móti í desember.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	0,2
Skattar á tekjur og hagnað	16,0	7,6
Eignarskattar	27,5	-31,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,1	-4,8
Tryggingagjöld	5,4	5,5
Tekjur alls	15,0	0,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,8	22,0
Heilbrigðismál	11,2	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	25,6
Efnahags- og atvinnumál	18,5	28,2
Menntamál	11,7	11,7
Gjöld alls	15,8	19,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	53.550	7.302
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.484	-29.984
Afborgun lána	-33.828	-45.490
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.961	-79.124
Lántökur	63.392	145.286
Breyting á handbæru fé	14.430	66.162

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (des.)	5,9	18,1
Kjarnaverðbólga (des.)	5,8	17,8
Launavísitala (nóvember)	8,3	7,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv.leysi, árstíðaleiðr. (nóv.)	0,9	3,5

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Afturvirk heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli

Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi 18. desember sl. var opnað fyrir það að félög gætu, fyrir 30. desember 2008, sótt um heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, annars vegar vegna reikningsárs sem hófst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar vegna reikningsársins sem hófst 1. janúar 2009.

Með öðrum orðum var ársreikningaskrá annars vegar heimilað að samþykkja afturvirkt slíkar beiðnir félaga fyrir reikningsárið 2008 og hins vegar var framlengdur umsóknarfrestur fyrir reikningsárið 2009.

Þessi tímabundna og afturvirka breyting var gerð í ljósi þess ástands sem ríkir í efnahagslífi landsins og þeirra breytinga sem áttu sér stað á gengi íslensku krónunnar á árinu 2008 en talið var að sú þróun kynni í sumum tilfellum að vekja upp spurningar um hvaða starfrækslugjaldmiðill, í skilningi laga um ársreikninga, gefi í raun rétta mynd af afkomu og efnahag félaga á reikningsárinu 2008. Var breytingin hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar til að bregðast við vanda fyrirtækja í landinu. Viðkomandi fyrirtæki þurfa eftir sem áður að uppfylla þau skilyrði sem fram koma í lögum um ársreikninga fyrir veitingu heimildar ársreikningaskrár.

Samkvæmt breytingalögunum bar að leggja inn slíka umsókn hjá ársreikningaskrá fyrir 30. desember sl. Samkvæmt upplýsingum frá ársreikningaskrá hafa 39 félög nýtt sér ákvæði laganna og sótt um heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli vegna reikningsársins 2008. Í yfirgnæfandi tilvika er hinn erlendi gjaldmiðill sem sótt er um evra. Á vegum ársreikningaskrár er nú unnið að því að yfirfara og afgreiða umræddar umsóknir.

Auknar kröfur um gæði endurskoðunar

Ný lög um endurskoðendur nr. 79/2008 tóku gildi 1. janúar 2009. Voru lögin sett til innleiðingar á 8. félagatilskipun ESB en kallaði hún á umfangsmiklar breytingar á eldri lögum um endurskoðendur. Markmið tilskipunarinnar er að kröfur og gæði endurskoðunar verði sambærileg á EES-svæðinu og að auka tiltrú fjárfesta á endurskoðuðum ársreikningum.

Í lögunum er gerðar auknar kröfur varðandi óhæði endurskoðenda og þá sérstaklega endurskoðenda sem endurskoða einingar tengdum almannahagsmunum t.d. banka, vátryggingafélög, lífeyrissjóði og félög með verðbréf sín skráð á verðbréfamarkaði. Skulu endurskoðendur þessara eininga á hverju ári staðfesta skriflega óhæði sitt gagnvart hinni endurskoðuðu einingu og skulu þeir birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi. Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdri almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið.

Ákvæði um gæðaeftirlit hefur ekki áður verið bundið í lög en með nýju lögunum skulu nú endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti en hjá þeim sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skal gæðaeftirlit fara fram á þriggja ára fresti. Upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins skal endurskoðendaráð birta árlega.

Með lögunum er skýrt um það kveðið að öðrum en endurskoðendum sé ekki heimilt að notað heitið endurskoðandi í starfsheiti sínu nema að hann uppfylli þeim kröfum sem getur um í lögunum. Þær kröfur eru að ýmsu leyti ríkari en í eldri lögum og má nefna að ítarlegri kröfur eru gerðar varðandi endurmenntun endurskoðenda en hún skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Einnig skal endurskoðandi fyrir 15. janúar ár hvert senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu en með nýju lögunum hefur Félag löggiltra endurskoðenda fengið meira hlutverk í að halda utan um réttindi endurskoðenda. Öllum endurskoðendum er nú skylt að vera félagsmenn í Félagi löggiltra endurskoðenda frá og með gildistöku laganna.

Uppfylli endurskoðandi ekki skilyrðum laganna skal hann án tafar leggja inn réttindi sín og er ábyrgðin hjá endurskoðandanum sjálfum að tilkynna það til endurskoðendaráðs.

Vinnumarkaður á fjórða ársfjórðungi 2008

Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar fyrir 4. ársfjórðung nýliðins árs kemur fram að þrátt fyrir það að atvinnuleysi hafi vaxið mjög meðan á könnuninni stóð hafði lítil breyting orðið á atvinnuþátttökuhlutfalli, þ.e. hlutfalli þeirra sem eru starfandi eða atvinnulausir af fjölda fólks á starfsaldri. Sá hópur stækkaði um 1,7% frá fyrra ári á meðan vinnuafli fjölgaði um 1,4%. Atvinnuþátttökuhlutfallið var 81,5% á síðasta ársfjórðungi ársins, einungis 0,2% lægra en árið áður. Því er ekki hægt að merkja að samdrátturinn í efnahagslífinu sé enn sem komið er farinn að leiða til þess að fólk hverfi af vinnumarkaði. Þó kom í ljós að atvinnuþátttaka yngsta aldurshópsins, þeirra á aldrinum 16-24 ára, var tekin að minnka nokkuð meðan þátttaka eldri aldurshópa var enn að aukast.

Þekkt er að atvinnuþátttakan er langbreytilegust hjá yngsta aldursflokknum. Frá því að Hagstofan tók að gera þessar kannanir hefur atvinnuþátttaka þeirra sveiflast um yfir 11 prósentur á fyrsta ársfjórðungi og 9 á þeim fjórða. Sveiflan er mun minni á öðrum og þriðja fjórðungi. Atvinnuþátttaka þeirra var 63,5% á fyrsta ársfjórðungi 2004 en 74,9% árið 2007. Heildarfjöldi fólks á aldrinum 16-24 ára er nú um 40 þúsund og 10 prósentustiga minni atvinnuþátttaka þeirra samsvarar um 4.000 manns. Miðað við mikla skráningu fólks í skóla nú um áramót er ekki ólíklegt að sá fjöldi hverfi af vinnumarkaði á 1. ársfjórðungi 2009 og að það hafi áhrif til að minnka heildaratvinnuþátttöku um 1,5%.

Í könnuninni er fjölgun atvinnulausra á fjórða ársfjórðungi frá fyrra ári talin vera 3.900 manns og samtals voru 7.400 atvinnulausir í ársfjórðungnum. Skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun voru hins vegar 2.500 við upphaf 4. ársfjórðungs en nær 9.000 við lok hans. Mat Hagstofu er því nærri 6.400 meðalfjölda skráðra atvinnulausra á fjórða ársfjórðungi. Starfandi fækkaði um 1.300 frá fyrra ári.

Vinnutími dróst saman, sem er vísbending um að dregið hafi úr yfirvinnu og að fólk í hlutastörfum vinni skemur. Vinnutíminn dróst saman um 3,7% í heild en um 5,2% hjá fólki í hlutastarfi meðan fækkun vinnustunda nam 2,6% hjá fólki í fullu starfi. Þegar allt er dregið saman minnkaði vinnumagn (sem hér er reiknað sem margfeldi allra starfandi og meðalvinnutíma) saman um 4,4% milli ára á fjórða ársfjórðungi. Til samanburðar má nefna að samdráttur vinnumagns var 14,2% milli 3. og 4. ársfjórðungs 2008, sem er mun meira en áður hefur sést.

Meðalfjöldi vinnustunda á fjórða ársfjórðungi



Heimild: Vinnumarkaðskannanir Hagstofu.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	0,2
Skattar á tekjur og hagnað	16,0	7,6
Eignarskattar	27,5	-31,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,1	-4,8
Tryggingagjöld	5,4	5,5
Tekjur alls	15,0	0,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,8	22,0
Heilbrigðismál	11,2	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	25,6
Efnahags- og atvinnumál	18,5	28,2
Menntamál	11,7	11,7
Gjöld alls	15,8	19,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	53.550	7.302
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.484	-29.984
Afborgun lána	-33.828	-45.490
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.961	-79.124
Lántökur	63.392	145.286
Breyting á handbæru fé	14.430	66.162

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (des.)	5,9	18,1
Kjarnaverðbólga (des.)	5,8	17,8
Launavísitala (nóvember)	8,3	7,8
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,9	7,4
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	9,4	-0,8
Atv.leysi, árstíðaleiðr. (des.)	0,9	4,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

22. janúar 2009

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Á þriðjudaginn sl. var birt endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Helstu niðurstöður eru:

Viðbúið er að aðlögun efnahagslífsins sem hafin er í kjölfar bankahrunsins taki nokkurn tíma. Áætlað er að hagvöxtur hafi numið -0,1% árið 2008, þar sem vegast á áhrif samdráttar í innlendri eftirspurn og bata í utanríkisviðskiptum. Árið 2009 er gert ráð fyrir að landsframleiðslan dragist saman um 9,6%, þrátt fyrir viðsnúning í utanríkisviðskiptum og stóriðjuframkvæmdir í Helguvík. Árið 2010 er spáð að landsframleiðslan standi í stað þegar þjóðarútgjöld aukast lítillega.

Vegna óhagstæðari þáttatekjujafnaðar er viðskiptahalli á árinu 2008 nú talinn mun meiri en í fyrri áætlunum, eða um 22,2% af landsframleiðslu. Þá er spáð að mikill viðsnúningur verði í utanríkisviðskiptum og viðskiptajöfnuðurinn snúist í afgang og verði 6,1% árið 2009 og 5,6% af landsframleiðslu árið 2010. Atvinnuleysi árið 2008 varð 1,7% af vinnuafli, en spáð er að það aukist hratt árið 2009, og verði 7,8% að meðaltali það ár og 8,6% árið 2010. Reiknað er með að gengi krónunnar muni styrkjast á spátímanum. Spáð er að gengisvísitalan verði 203,5 stig á þessu ári að jafnaði, sem felur í sér nokkra styrkingu innan ársins, og að vísitalan verði 178,5 stig að jafnaði árið 2010. Þá er spáð að verðbólga verði 13,1% árið 2009 að meðaltali sem skýrist að verulegu leyti af grunnáhrifum vegna mikillar verðbólgu á síðustu mánuðum ársins 2008. Reiknað er með nokkuð hraðri lækkun verðbólgu á árinu og að verðbólgan verði nálægt 2,5 verðbólgumarkmiði Seðlabankans árið 2010.

Yfirlit þjóðhagsspár 2007–2010

		Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
	Ma.kr.	Brb.	Spá		
	2007	2007	2008	2009	2010
Einkaneysla	749,0	4,3	-7,1	-24,1	-1,4
Samneysla	316,8	4,2	3,5	1,6	1,6
Fjármunamyndun	356,9	-13,7	-23,2	-34,5	7,8
Þjóðarútgjöld alls	1 429,4	-1,4	-8,8	-20,6	1,0
Útflutningur vöru og þjónustu	451,7	18,1	8,6	5,2	4,2
Innflutningur vöru og þjónustu	587,9	-1,4	-14,5	-22,9	8,4
Verg landsframleiðsla	1 293,2	4,9	-0,1	-9,6	0,0
Viðskiptajöfnuður	-199,6	.	.	.	.
% af landsframleiðslu	.	-15,4	-22,2	6,1	5,6

Ofangreind þróun ásamt endurreisn gjaldeyrismarkaðar og bankakerfisins skapar forsendur fyrir snarpri lækkun stýrivaxta þegar líður á árið og er því spáð að þeir verði um 13,1% að meðaltali á árinu. Reiknað er með frekari lækkun árið 2010 og að þeir verði að jafnaði 4,8% það ár. Mikil óvissa er um framvindu efnahagsmála nú um stundir en hún snýr helst að þróun gengis krónunnar, framvindu kjarasamninga og frekari stóriðjuframkvæmda. Auk þess má nefna möguleika á breyttri stefnu varðandi þátttöku landsins í Evrópusamstarfi og tengdar breytingar á fyrirkomulagi gengismála ásamt þróun á fjármálamörkuðum og efnahagsmálum á heimsvísu. Þá ríkir mikil óvissa um endurreisn bankakerfisins og virkni fjármálakerfisins.

Frávikspár fyrir árin 2009 og 2010

Til að koma til móts við þá óvissu sem nú ríkir um framvindu efnahagslífsins eru birtar spár sem sýna möguleg frávik við grunnspá. Í fyrra fráviksdæminu er gert ráð fyrir jákvæðari þróun en í grunnspá. Þannig er miðað við að erlendis verði viðsnúningur fyrr á ferðinni og verð á hrávöru hækki. Það skilar sér í betri stöðu utanríkisviðskipta en í grunnspá auk hraðari viðsnúningi þjóðarútgjalda og meiri styrkingu gengis krónunnar. Niðurstaðan er sú að hagvöxtur verður 0,7 prósentum meiri en í grunnspá árið 2009 og 2,7 prósentum meiri árið 2010. Þá hefur jákvæðari þróun áhrif til að draga úr verðbólgu og atvinnuleysi.



Í seinna dæminu er gert ráð fyrir neikvæðari þróun en í grunnspá. Staðan á erlendum mörkuðum verði verri, minni hagvöxtur á heimsvísu og minni eftirspurn eftir útflutningsvörum landsins. Einnig er gert ráð fyrir að verð á hrávörum lækki umfram það sem fram kemur í grunnspá. Fyrir vikið verður viðsnúningur minni í utanríkisviðskiptum en einnig er gert ráð fyrir að fjárfesting verði minni en ella vegna takmarkaðra aðgengis að fjármögnun ásamt því að styrking krónu er minni en í grunnspá. Niðurstaðan er sú að hagvöxtur dregst saman um 0,6 prósent meira en í grunnspá árið 2009 og 1,2 prósentum meira árið 2010. Neikvæðari forsenda hefur einnig áhrif til að auka verðbólgu og atvinnuleysi.

Lánamál ríkissjóðs 2009

Áherslur í lánamálum ríkissjóðs á árinu 2009 hafa nú verið birtar. Þar kemur fram að hrein fjárþörf ríkissjóðs verður 145 milljarðar kr. á árinu. Það þýðir að útstreymi fjármagns úr ríkissjóði er meira en innkomnar tekjur sem þessu nemur.

Við fall gömlu bankanna féllu á ríkissjóð ýmsar skuldbindingar sem hann þarf að taka á sig. Má þar m.a. nefna stofnfjár- og eiginfjárframlag inn í nýju bankana og yfirtöku ótryggra tryggingabréfa vegna veð- og daglána Seðlabanka og verðbréfalána til aðalmiðlara ríkissjóðs.

Áætlað er að eiginfjárframlag ríkissjóðs til nýju bankanna nemi 385 ma.kr. Ekki er gert ráð fyrir að fjármagna þurfi framlagið með því að sækja fé á markað heldur að ríkissjóður kaupi markaðshæf skuldabréf af Seðlabankanum og greiði fyrir þau með því að fella niður kröfu á Seðlabankann vegna áður veittra lána ríkissjóðs til styrkingar gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans og með útgáfu skuldabréfs til bankans.

Ríkissjóður yfirtók í byrjun árs óvarin tryggingabréf vegna veð- og daglána Seðlabankans til innlendra fjármálastofnana að fjárhæð 345 ma.kr. og greiddi fyrir með skuldabréfi útgefnu á Seðlabankann að fjárhæð 270 ma.kr. Á þessi stigi liggur ekki nákvæmlega fyrir hvað innheimtast kann af þessum bréfum en í áætlunum fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að 50 – 80 ma.kr. muni innheimtast.

Fyrir liggur að fjármagna þarf fjárþörf ríkissjóðs á árinu á innlendum markaði. Áformað er að gera það með því að nýta 100 ma.kr. af innistæðum ríkissjóðs í Seðlabanka ásamt því að gefa út markaðsskulda bréf umfram innlausn skulda á gjalddaga fyrir um 45 ma.kr. Á gjalddaga eru ríkisbréf fyrir um 71 ma.kr. að nafnverði auk þess sem ráðgert er að innlausn ríkisvíxla umfram sölu nemi 29 ma.kr. Samtals eru því á innlausn 100 ma.kr. Ný útgáfa ríkisbréfa er því áætluð 145 ma. kr. Óbundnar innistæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands námu um sl. áramót 172 ma.kr.

Áætlað er að hreinar skuldir ríkissjóðs hafi í árslok 2008 numið 442 ma.kr. og að hrein staða ríkissjóðs hafi verið neikvæð um 263 ma.kr. eða um 16,1% af VLF.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	0,2
Skattar á tekjur og hagnað	16,0	7,6
Eignarskattar	27,5	-31,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,1	-4,8
Tryggingagjöld	5,4	5,5
Tekjur alls	15,0	0,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,8	22,0
Heilbrigðismál	11,2	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	25,6
Efnahags- og atvinnumál	18,5	28,2
Menntamál	11,7	11,7
Gjöld alls	15,8	19,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	53.550	7.302
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.484	-29.984
Afborgun lána	-33.828	-45.490
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.961	-79.124
Lántökur	63.392	145.286
Breyting á handbæru fé	14.430	66.162

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (des.)	5,9	18,1
Kjarnaverðbólga (des.)	5,8	17,8
Launavísitala (desember)	8,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt.)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árstíðaleiðr. (des.)	0,9	4,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Eigna- og skuldastaða ríkissjóðs

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs eftir breytingar sem urðu vegna falls bankanna í október sl. og hefur áætlað stöðuna eins og hún verður í árslok 2009.

Eins og fram kemur í töflu er gert ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs aukist um ríflega 400 milljarða króna á árinu 2009 auk þess sem ríkissjóður kann að ábyrgjast skuldir vegna Icesave/Edge og lán IMF o.fl. til Seðlabanka Íslands upp á tæplega 1300 milljarða króna.

Nettóstaða ríkissjóðs (skuldir að frádregnum eignum) mun breytast úr því að vera neikvæð upp á ríflega 8 milljarða króna í 563 milljarða neikvæða stöðu. Er þá gert ráð fyrir að heildarkostnaður ríkissjóðs vegna Icesave/Edge verði 150 milljarðar króna.

	Fært til gjalda	*Skuldir*	*Eignir*	*Eigna-breyting*
*Staða ríkissjóðs árslok 2008**		*666.300*	*658.200*	*-8.100*
Fjárlagahalli ársins 2009**	150.000	50.000	-100.000	-150.000
Tap vegna veðlána	220.000	270.000	50.000	-220.000
Tap vegna verðbréfalána	35.000		-35.000	-35.000
Endurfjárm. bankanna (385 ma.kr.)		100.000	100.000	0
Skuldastaða í lok árs 2009	*405.000*	*1.086.300*	*673.200*	*-413.100*
Ábyrgðir ríkissjóðs/SÍ				
Icesave/Edge		600.000	450.000	-150.000
IMF og ýmis lönd (lán og lánalínur)		680.000	680.000	0

$ = 127 16.01.08

*Auk peningalegra eigna sem hér eru taldar nemur bókfært virði fyrirtækja í eigu ríkissjóðs 195 ma.kr.

**Halli ríkissjóðs árin 2010 og 2011 er samtals áætlaður 160 ma.kr.

Horfur í heimshagvexti

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur endurskoðað spá sína frá því í nóvember 2008 um framvindu efnahagsmála í heiminum. Spáin endurspeglar nýjar upplýsingar um þróun efnahagsmála. Nú er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum verði 0,5% árið 2009, sem er umtalsverð lækkun frá fyrri spá, þegar gert var ráð fyrir 2,2% hagvexti það ár. Gangi spáin eftir verður hagvöxtur á heimsvísu sá minnsti frá lokum seinna heimsstríðs fyrir ríflega sex áratugum. Jafnframt spáir AGS nú í fyrsta skipti fyrir um hagvöxt árið 2010 og telur að hann verði 3%. Í vetrarskýrslu fjármálaráðuneytisins var m.a. miðað við fyrri spá sjóðsins um þróun alþjóðlegra efnahagsmála árið 2009.



Spáð er að samdráttur í þróuðum iðnríkjum nemi 2% að meðaltali árið 2009. Þar af dragist landsframleiðsla saman um 1,6% í Bandaríkjunum, 2% á Evrusvæðinu 2,8% á Bretlandi og 2,6% í Japan. Erfiðleikar á fjármagnsmörkuðum margra þessara ríkja hafa reynst meiri en hægt var að ráða við með lækkun stýrivaxta eða inngripum á fjármálamörkuðum til að styrkja fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækja. Þannig hafa seðlabankar slakað á veðkröfum til fjármálakerfisins, keypt eignarhluti í bönkum, veitt þeim aukin lán eða keypt af þeim lán í vanskilum. Markmiðið hefur verið að endurvekja lánastarfsemi á millibankamarkaði. Sú viðleitni hefur hinsvegar gengið mun treglegar en vænst var þar sem margar fjármálastofnanir hafa lagt áherslu á að treysta efnahag sinn og aukna varkárni í útlánum, sérstaklega í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Við þessar aðstæður eru Bandaríkin að hverfa að því ráði að auka halla ríkissjóðs með meiri útgjöldum og lækkunum skatta. Ætlunin er að auka hallann um allt að 1000 milljörðum dollara, nálægt 6-7% af landsframleiðslu, til að koma efnahagslífinu aftur á rétt skrið. Um leið hafa áform um aukinn hallarekstur þar skapað aukna óvissu um stöðu dollarans. Í Bretlandi geysar nú alvarlegasta kreppa eftirstríðsára, en stjórnvöld þar í landi hyggjast beita ríkisfjármálaaðgerðum á sama hátt til að bæta stöðuna. Ríki á evrusvæðinu eru í sömu stöðu en hafa í meira mæli stuðst við aðgerðir í peningamálum til að vinna gegn niðursveiflunni. Þó virðast inngrip á fjármálamarkaði vera að aukast en slíkt togast á við skilmála um að halli í fjármálum hins opinbera fari ekki yfir 2% af landsframleiðslu. Í heild telur sjóðurinn að ríkishalli í þróuðum ríkjum muni aukast um 3,2 prósentur í ár og nemi hallinn þá sem næst 7,0% af landsframleiðslu. Sú þróun tengist einnig sjálfkrafa lækkun tekna og aukningu útgjalda í niðursveiflunni.

Þótt horfur í þróuðum ríkjum séu ekki bjartar er gert ráð fyrir að hagvöxtur nýmarkaðsríkja og þróunarlanda verði jákvæður árið 2009 þótt einnig sé reiknað með að hann verði mun minni en gert var ráð fyrir í fyrri spá. Þannig er spáð að hagvöxtur í Kína verði 6,7% árið 2009, sem er um helmingur af 13% hagvexti ársins 2007. Önnur nýmarkaðsríki Asíu horfa fram á svipaðan hagvaxtarsamdrátt. Hagvöxtur Rússlands nam 8% 2007 og 6% í fyrra en breytist nú í samdrátt. Álíka sögu er að segja af öðrum ríkjum Austur-Evrópu.

Hagvöxtur erlendis 2007-2009[1]

%	2007	2008	2009
Heimurinn alls	3,4	0,5	3,0
Þróuð lönd	1,0	-2,0	1,1
Bandaríkin	1,1	-1,6	1,6
Evrusvæðið	1,0	-2,0	0,2
Þýskaland	1,3	-2,5	0,1
Frakkland	0,8	-1,9	0,7
Ítalía	-0,6	-2,1	-0,1
Spánn	1,2	-1,7	-0,1
Japan	-0,3	-2,6	0,6
Bretland	0,7	-2,8	0,2
Rússland	6,2	-0,7	1,3
Kína	9,0	6,7	8,0
Indland	7,3	5,1	6,5
Brasilía	5,8	1,8	3,5
Heimsviðskipti	4,1	-2,8	3,2

1. Ársvöxtur vergrar landsframleiðslu á föstu verðlagi.

Heimild: AGS, endurskoðuð þjóðhagsspá, janúar 2009.

Vöxtur heimsviðskipta hefur á undanförnum árum verið eitt aðalframvinduaflið í heimsbúskapnum. Viðskiptin uxu um meir en 7% 2007 en eru talin snúast í nær 3% samdrátt í ár. Þetta kemur niður á öllum löndum, en þó meir á nýmarkaðsríkjum Asíu sem byggja hagvöxt sinn á útflutningssókn svo og mörgum þróunarlöndum sem háð eru útflutningi matvæla og ýmissa hráefna.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	0,2
Skattar á tekjur og hagnað	16,0	7,6
Eignarskattar	27,5	-31,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,1	-4,8
Tryggingagjöld	5,4	5,5
Tekjur alls	15,0	0,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,8	22,0
Heilbrigðismál	11,2	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	25,6
Efnahags- og atvinnumál	18,5	28,2
Menntamál	11,7	11,7
Gjöld alls	15,8	19,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	53.550	7.302
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.484	-29.984
Afborgun lána	-33.828	-45.490
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.961	-79.124
Lántökur	63.392	145.286
Breyting á handbæru fé	14.430	66.162

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (jan.´09)	5,8	18,6
Kjarnaverðbólga (jan.´09.)	5,7	18,2
Launavísitala (desember)	8,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt.)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árstíðaleiðr. (des.)	0,9	4,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

5. febrúar 2009

Séreignarsparnaður

Í verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar kemur fram að sett verði lög um séreignarsparnað sem veiti sjóðfélögum tímabundna heimild til fyrirframgreiðslu úr séreignarsjóðum til að mæta brýnum fjárhagsvanda.

Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, kveða á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs sé 12% af iðgjaldsstofni, en stofninn er skilgreindur sem allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. viðeigandi ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þetta iðgjald er öllum launamönnum og sjálfstæðum atvinnurekendum skylt að greiða frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Skipting iðgjaldsins milli launþega og launagreiðanda fer eftir kjarasamningum eða sérlögum ef við á.

Samkvæmt lögunum skal lágmarkstryggingavernd, sem lífeyrissjóður veitir miðað við framangreint lágmarksiðgjald og 40 ára inngreiðslutíma, vera 56% af mánaðarlaunum frá þeim tíma sem taka lífeyris hefst (lágmarkstryggingavernd í sameign). Geri lágmarksiðgjaldið gott betur en að standa undir lágmarkstryggingaverndinni samkvæmt tryggingafræðilegri athugun má verja þeim hluta iðgjaldsins sem umfram er til öflunar réttinda í séreign.

Þessu til viðbótar er heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð (viðbótariðgjald). Þeir einstaklingar sem það kjósa eiga alla jafna kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar. Sú séreign sem myndast af umræddu viðbótariðgjaldi er gjarnan nefnd frjáls séreign til aðgreiningar frá þeirri sem verður til sem hluti af skyldubundnu iðgjaldi eins og að framan er lýst.

Greiðsla lífeyrisiðgjalda, bæði lágmarksiðgjalds og viðbótariðgjalds í séreignarsjóði, felur í sér frestun skattlagningar þar til lífeyristaka hefst. Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars er því dregin frá lífeyri rétthafa áður en til útgreiðslu kemur að teknu tilliti til persónuafsláttar og annast vörsluaðili skil á þeirri staðgreiðslu. Í dag er staðgreiðsluhlutfallið 37,2%, þar af er tekjuskattur til ríkisins 24,1% og útsvar til sveitarfélaga 13,1%.

Séreignarlífeyrir er laus til útborgunar við 60 ára aldur, örorku eða fráfall sjóðfélaga. Í lok árs 2008 var samþykkt sú breyting á lífeyrislögunum að vörsluaðila sé heimilt að greiða séreignarlífeyri út í einu lagi við 60 ára aldur, en samkvæmt eldri lögum skyldi greiðslu dreift á árin frá upphafi lífeyristöku þar til rétthafi næði 67 ára aldri. Séreignarlífeyrir erfist og er laus til útborgunar við andlát sjóðfélaga. Öðru máli gegnir um samtryggingarlífeyrinn sem við andlát rétthafa er greiddur út í formi maka- eða barnalífeyris, gjarnan tímabundið, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Talið er að allt að 300 milljarðar króna liggi í séreignarlífeyrissparnaði í dag í formi margvíslegra og að sama skapi misáhættusamra eigna allt eftir því hvaða sparnaðarleið rétthafi hefur valið sér. Þessi fjárhæð samanstendur af tvenns konar séreignarsparnaði sem fyrr var lýst. Annars vegar er séreign sem myndast hefur sem hluti af skyldubundnu lágmarksiðgjaldi og hins vegar séreign sem stafar af viðbótariðgjaldi, eða allt að 6% af heildarlaunum. Auk þess innifelur hún þann séreignarsparnað sem til varð fyrir gildistöku lífeyrislaganna 1998. Ekki liggur fyrir hvernig áðurnefndir 300 milljarðar skiptast á milli þessara flokka séreignar, en lausleg athugun bendir til þess að allt að fjórðungur hennar, eða um 75 milljarðar króna, sé að stofni til hluti af hinu skyldubundna iðgjaldi og eldri séreign.

Framboð vinnuafls árið 2009

Fjármálaráðuneytið hefur áætlað framboð vinnuafls árið 2009 eftir landshlutum, kyni og mánuðum. Til vinnuafls teljast allir einstaklingar á starfsaldri sem taka þátt á vinnumarkaði annað hvort í starfi eða atvinnulausir í starfsleit. Í þessari áætlun er reynt að meta framboð vinnuafls í ársverkum en það er einn einstaklingur í fullu starfi í eitt ár. Einstaklingur í hlutastarfi eða sem starfar hluta úr ári telst hluti af ársverki. Vinnumálastofnun notar tölur ráðuneytisins til að reikna atvinnuleysishlutfall fyrir einstaka landshluta eftir kyni í hverjum mánuði. Stofnunin reiknar atvinnuleysið á sama hátt, með því að taka tillit til þess hversu marga daga mánaðarins hver og einn er án atvinnu og minnkaðs starfshlutfalls þar sem það á við. Þess vegna gefur tala atvinnulausra sem birt er á vefsíðu Vinnumálastofnunar ekki rétta mynd af atvinnuleysisstiginu eins og það er reiknað í mánaðarlegum skýrslum. Til dæmis er næstum því fimmti hver einstaklingur sem skráður er atvinnulaus á vefsíðu Vinnumálastofnunar í raun í vinnu en með skert starfshlutfall.

Ráðuneytið áætlar að framboð vinnuafls aukist um 0,9% frá fyrra ári og verði að meðaltali um 167.800 ársverk árið 2009. Þar af er áætlað að það dragist saman hjá körlum, aðallega vegna brottflutnings erlendra verkamanna, en að aukist hjá konum, vegna vaxandi atvinnuþátttöku þeirra og aðflutnings. Áætlað er að framboð vinnuafls muni aukast á höfuðborgarsvæðinu en minnka á landsbyggðinni, einkum á Austurlandi nú þegar stóriðjuframkvæmdum er að fullu lokið. Reiknað er með töluverðri aukningu á framboði vinnuafls á Suðurnesjum frá því í fyrra. Framboð vinnuafls er minnst í janúar en mest í júní og desember. Áætlun ráðuneytisins um framboð vinnuafls er óvissu háð eins og flest annað. Því verður henni breytt á árinu ef tilefni gefst til.

Vöruskiptin í janúar

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam vöruinnflutningur 33,3 ma.kr. (fob) í janúar, sem er 4,5 ma.kr. aukning frá fyrra mánuði. Vöruútflutningur var aftur á móti 33,6 ma.kr., sem er 20,4 ma.kr. samdráttur frá því í desember en umtalsverð aukning frá janúar á fyrra ári. Afgangurinn á vöruskiptunum var því einungis 0,3 ma.kr. í janúar, sem er 24,2 ma.kr. minni afgangur en í desember þegar margir þættir lögðust á eitt við að skila miklum afgangi.

Það er tvennt sem skýrir aukinn innflutning í janúar. Innflutningur hrá- og rekstrarvara jókst lítillega en innflutningur á áloxíð var með minna móti í desember. Þá var mikil aukning í innflutningi á eldsneyti og olíum eftir lítinn slíkan innflutning í desember. Á móti dróst annar innflutningur eilítið saman í janúar. Gert er ráð fyrir að innflutningur í heild haldi áfram að dragast saman í febrúar m.a. þar birgðastaða ál- og olíufyrirtækja virðist hafi verið orðin nokkuð góð í lok janúar.



Útflutningur dróst aftur á móti mjög mikið saman í janúar og er það rakið til bæði minni útflutnings á sjávarafurðum og áli. Verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt hefur lækkað undanfarið og sömuleiðis heimsmarkaðsverð á áli. Þessar verðlækkanir skýra þó ekki nema að hluta samdráttinn í janúar. Einnig var um mikinn magnsamdrátt í útflutningi sjávarafurða og áls að ræða en nákvæmar upplýsingar um það liggja ekki fyrir sem stendur. Gera má ráð fyrir auknum álútflutningi í febrúar þar sem álverin þrjú framleiða nú öll við fullt framleiðslustig þrátt fyrir samdrátt í eftirspurn á áli á heimsvísu. Bráðabirgðatölur um veiddan afla í janúar liggja ekki fyrir en vísbendingar eru um að sölutregðu gæti á íslenskum sjávarafurðum um þessar mundir og að birgðir af óseldum sjávarafurðum hafi aukist.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	0,2
Skattar á tekjur og hagnað	16,0	7,6
Eignarskattar	27,5	-31,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,1	-4,8
Tryggingagjöld	5,4	5,5
Tekjur alls	15,0	0,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,8	22,0
Heilbrigðismál	11,2	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	25,6
Efnahags- og atvinnumál	18,5	28,2
Menntamál	11,7	11,7
Gjöld alls	15,8	19,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	53.550	7.302
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.484	-29.984
Afborgun lána	-33.828	-45.490
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.961	-79.124
Lántökur	63.392	145.286
Breyting á handbæru fé	14.430	66.162

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Verðbólga (jan.´09)	5,8	18,6
Kjarnaverðbólga (jan.´09.)	5,7	18,2
Launavísitala (desember)	8,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt.)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árstíðaleiðr. (des.)	0,9	4,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Baldur Guðlaugsson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

12. febrúar 2009

Útgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga og velferðarmála

Samkvæmt fjárlögum 2009 verða útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála samtals um 127 milljarðar króna. Frá árinu 1999 til ársins 2009 er áætlað að útgjöld í þessum málaflokki aukist um 56 milljarða króna og er þá tekið tillit til verðlagsbreytinga. Það jafngildir 79% aukningu að raungildi.

	1999	*2009*	*Hækkun*	*Hækkun*
		M.kr.		*%*
Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	3.893	11.306	7.414	190
Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	37.637	62.681	25.044	67
Atvinnuleysisbætur	3.593	17.704	14.110	393
Fjölskyldu- og barnabætur	9.113	12.245	3.133	34
Önnur félagsleg aðstoð	7.700	8.590	890	12
Barna- og unglingaheimili	699	968	270	39
Málefni fatlaðra	6.410	11.240	4.830	75
Önnur velferðarþjónusta	1.999	2.558	559	28
Samtals	*71.043*	*127.292*	*56.249*	*79*

Í töflunni má sjá árleg útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála á árinu 1999, á áætluðu verðlagi ársins 2009, samanborið við fjárlög 2009. Útgjöldin samsvara til 22,9% af heildarútgjöldum samkvæmt fjárlögum 2009. Árið 1999 voru útgjöld í þessum málaflokki 19,2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs og hefur því hlutdeildin hækkað um 3,7%. Um helmingur útgjaldanna eru vegna lífeyristrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega en þar hafa árleg útgjöld aukist um 25 milljarða króna á umræddu tímabili. Útgjöld til atvinnuleysisbóta hækka þó hlutfallslega mest eða um 14 milljarða sem jafngildir 393% aukningu frá árinu 1999. Helsta skýringin á aukningu útgjalda til atvinnuleysisbóta er að áætlað atvinnuleysi í ár er mun hærra en sem nemur atvinnuleysi á árinu 1999. Þó skal bent á að atvinnuleysisbætur eru nú mun hærri en á árinu 1999 og skýrir það að hluta hækkun á útgjöldunum. Þó ber að geta þess að umtalsverð óvissa ríkir um þróun atvinnuleysis. Almennt þarf ekki að koma á óvart að útgjöld í málefnaflokknum hækki nokkuð, meðal annars vegna fólksfjölgunar. En hækkunin er þó mun meiri en sem nemur fólksfjölgun þar sem að útgjöld á mann hafa hækkað umtalsvert eða um 55% á árunum 1999 til 2009 m.v. áætlað verðlag 2009. Samkvæmt fjárlögum 2009 verða árleg útgjöld á mann 398 þús.kr. en voru 258 þús.kr. á mann árið 1999.

Aukning atvinnuleysis

Atvinnuleysi hefur aukist mjög mikið á undanförnum mánuðum og eru ekki miklar líkur til þess að það gangi til baka á næstu misserum. Á það hefur verið bent að talning atvinnulausra er ekki einfalt mál. Nýjar reglur um bótarétt hafa orðið til þess að tæplega fimmtungur þeirra sem rétt eiga á bótum er ekki atvinnulaus heldur býr við skert starfshlutfall. Það var áður óþekkt nema í fiskvinnslu þegar skortur var á hráefni. Atvinnuleysishlutfall er mæling á raunverulega tapaðri vinnu sem hlutfall af því mögulega vinnumagni sem boðið er fram. Þá stærð er hins vegar alls ekki einfalt að meta og hún er ekki mæld heldur er byggt á áætlun sem ekki er endurskoðuð eftir að Vinnumálastofnun hefur gefið út skýrslu um atvinnuástand fyrir hvern mánuð.

Hinn öri vöxtur atvinnuleysis hefur vakið mikla eftirtekt og er án fordæma bæði hvað varðar fjölgun þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá og hlutfall atvinnulausra. Atvinnuleysi hefur þó vaxið mjög ört áður. Á efri myndinni má sjá hvernig hlutfallslegt atvinnuleysi óx seinni hluta ársins 1993 til janúar 1994. Þá hafði það verið rúmlega 3% um skeið en óx svo mjög hratt og náði hámarki í janúar þegar það var 7,5% af áætluðu vinnuafli. Í október 1993 var atvinnuleysið næstum því það sama og í nóvember í fyrra. Í nóvember 1993 var það hið sama og í desember í fyrra. Atvinnuleysi í janúar í ár var 0,3% hærra en það var í desember fyrir 15 árum. Þá fór atvinnuleysi hratt minnkandi eftir að janúartoppnum var náð. Nú reikna allir með því að atvinnuleysi muni halda áfram að aukast. Það er hins vegar ekki án fordæma að það vaxi jafn hratt og það hefur gert hingað til í þessari niðursveiflu.

Skráð atvinnuleysishlutfall



Heimild: Vinnumálastofnun.

Á myndinni hér fyrir neðan er gerð tilraun til þess að meta hlutfallslegt atvinnuleysi eftir aldursflokkum og hvað það hefur aukist mikið að undanförnu. Byggt er á upplýsingum Hagstofu um mannfjölda eftir aldri 1. desember síðastliðinn og atvinnuþátttöku eftir aldri úr vinnumarkaðskönnunum. Þær tölur eru síðan notaðar til að skipta vinnuaflsframboði eftir aldri. Á það hefur verið bent að atvinnuleysi hefur aukist mest hjá yngstu aldursflokkunum. Það hefur til að mynda meira en sexfaldast frá því í september hjá þeim sem eru innan við tvítugt en telst þó vera innan við 4% af framboði. Það stafar af því að atvinnuþátttaka þeirra sem yngri eru en 25 ára telst næstum því jafn mikil og hjá þeim sem eldri eru. Sú þátttaka er væntanlega annars vegar sumarvinna og hins vegar hlutastörf með námi enda eru yfir 80% 15-19 ára í skólum og um helmingur 20-24 ára. Aukavinna nemenda hefur væntanlega dregist mjög saman. Hlutfallslegt atvinnuleysi telst nú mest í hópi 20-24 ára, yfir 11% og þar hefur atvinnulausum fjölgað nær fimmfalt frá því í september. Í aldurshópum þeirra sem eru eldri en 25 ára og allt að sextugu hefur orðið fjórföldun. Minnst hefur aukningin orðið hjá þeim þátttakendum á vinnumarkaði sem eldri eru en sextugir. Miðað við þessa útreikninga er atvinnuleysi í janúar lægra en meðaltalið hjá öllum aldursflokkum eldri en 35 ára og lægst hjá þeim sem eru að nálgast sjötugt.

Hlutfallslegt atvinnuleysi eftir aldri



Heimild: Vinnumálastofnun og útreikningar fjármálaráðuneytisins.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,1	0,2
Skattar á tekjur og hagnað	16,0	7,6
Eignarskattar	27,5	-31,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,1	-4,8
Tryggingagjöld	5,4	5,5
Tekjur alls	15,0	0,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	20,8	22,0
Heilbrigðismál	11,2	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	17,8	25,6
Efnahags- og atvinnumál	18,5	28,2
Menntamál	11,7	11,7
Gjöld alls	15,8	19,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	53.550	7.302
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-11.484	-29.984
Afborgun lána	-33.828	-45.490
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.961	-79.124
Lántökur	63.392	145.286
Breyting á handbæru fé	14.430	66.162

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (janúar)	5,8	18,6
Kjarnaverðbólga (janúar)	5,7	18,2
Launavísitala (des.´08)	8,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt.´08)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.´08)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	0,9	6,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

19. febrúar 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu var handbært fé frá rekstri neikvætt um 12,3 ma.kr. innan ársins, sem er 73,3 milljörðum verri útkoma en á árinu 2007. Hreinn lánsfjárjöfnuður er neikvæður um 398,4 ma.kr., sem er 396,3 milljörðum króna lakari útkoma en árið áður og skýrist sá mismunur að mestu af aðgerðum ríkisstjórnar vegna falls bankakerfisins.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs voru 444,8 ma.kr. á árinu 2008 sem er samdráttur um 9,3 ma.kr. frá sama tíma í fyrra, eða 2,1% samdráttur að nafnvirði. Við samanburð milli ára er hér horft á niðurstöðu ríkisreiknings um innheimtar tekjur á árinu 2007 að undanskilinni tekjufærslu vegna endurmats ríkisfyrirtækja. Tekjuáætlun fjárlaga á greiðslugrunni var upp á 455,5 ma.kr. og fjáraukalaga upp á 450,6 ma.kr. og eru tekjurnar því heldur minni en áætlað hafði verið, eða tæpum 6 milljörðum undir áætlun fjáraukalaga og munar þar mest um minni fjármagnstekjuskatt, minni tekjuskatt lögaðila en gert var ráð fyrir í ljósi álagningar á lögaðila og minni tekjur af sölu eigna. Skatttekjur og tryggingagjöld lækka á milli ára en þau námu 391 ma.kr. árið 2008 samanborið við 395,4 ma.kr. árið 2007. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 12,3% (VNV án húsnæðis) og er raunsamdráttur milli áranna því um 11,9%. Á síðasta þriðjungi ársins var samdrátturinn að raunvirði 23,7%, hinn mesti um árabil.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 153 ma.kr. á árinu 2008 sem er 6,3% aukning að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Innheimta eignarskatta var um 8 ma.kr. sem er samdráttur um 32,9% á milli ára og er hann að mestu tilkominn vegna samdráttar í stimpilgjöldum.

Innheimta almennra veltuskatta nam 179,4 ma.kr. á árinu 2008 sem er 16,8% raunsamdráttur á milli ára. Samdráttur að raunvirði milli ára, miðað við 4 mánaða hlaupandi meðaltal, hefur aukist hratt á síðustu mánuðum og er nú 29%. Virðisaukaskattur skilaði ríkissjóði 127,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 16,2% raunsamdráttur á milli ára. Þá dróst virðisaukaskattur í desembermánuði saman um 14,8% að nafnvirði en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina september og október. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða þriðjungs samdráttur á árinu 2008 og 93,1% samdráttur í desembermánuði einum, sem endurspeglar mikinn samdrátt í innflutningi bifreiða.

Greidd gjöld nema 643,9 ma.kr. og hækka um 274,3 ma.kr. frá fyrra ári eða um rúm 74%. Tæplega 200 ma.kr. af þeirri fjárhæð skýrist af tapi á kröfum sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabanka Íslands vegna falls bankanna. Ef ekki hefði komið til þessarar gjaldfærslu þá hefðu útgjöldin verið 82,2 milljörðum hærri en árið 2007 og 10 milljörðum innan heimilda fjárlaga. Útgjöld til almannatrygginga- og velferðarmála námu 109,3 ma.kr. og hækka um 26,2% á milli ára. Þar munar mest um að lífeyristryggingar hækka um 11,6 ma.kr. á milli ára, útgjöld vegna atvinnuleysistryggingasjóðs hækka um 2,3 ma.kr., fæðingarorlofsgreiðslur um 1,7 ma.kr. og vaxtabætur um 1,4 ma.kr. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu námu 68,1 ma.kr. á árinu 2008 og jukust um 30,3% frá 2007. Þar af skýra aukin vaxtagjöld ríkissjóðs tæpa 10,4 ma.kr., Þróunarsamvinnustofnun og önnur þróunarmál skýra 1,3 ma.kr. og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 869 milljónir króna. Útgjöld til heilbrigðismála námu 109,2 ma.kr. á árinu 2008 og jukust um 17,1% á milli ára. Þar skýra útgjöld til Landspítala 4,4 ma.kr., sjúkratryggingar 4,1 ma.kr., heilbrigðisstofnanir 1,5 ma.kr. og heilsugæslustöðva 1 ma.kr.

Raunbreyting skatttekna og tryggingagjalda
og skatta á vöru og þjónustu 2001-2008
(m.v. VNV án húsnæðis og 4 mán. hlaupandi meðaltal)



Hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs var neikvæður um 398,4 ma.kr. á árinu. Afborganir lána námu 120,6 ma.kr., þar af voru 104,7 ma.kr. vegna innlendra skulda. Greiðslur til LSR og LH námu 4 ma.kr. Lántökur námu 602 ma.kr. þar sem 558,1 ma.kr. voru teknir að láni innanlands. Stór hluti af lántökunum er til kominn vegna falls bankanna og er þar helst að telja 270 ma.kr. skuldabréf til kaupa á kröfum vegna veðlána og daglána sem tryggðar eru með verðbréfum útgefnum af gömlu bönkunum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Þá voru yfirtekin verðbréfalán að fjárhæð 100 ma.kr.

Frumvarp um afnám eftirlaunalaga

Í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Með eftirlaunalögunum voru æðstu embættismönnum þjóðarinnar veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast og þeim tryggð ákveðin lágmarksréttindi til eftirlauna umfram þau réttindi sem opinberir starfsmenn njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Yfirlýstur tilgangur laganna var m.a. að gera alþingismönnum og ráðherrum sem verið hafa lengi í störfum á opinberum vettvangi betur kleift að draga sig í hlé og stuðla þannig að meiri endurnýjun í þjóðmálum að því leyti. Frá því lögin voru sett hafa þau hins vegar sætt margs konar gagnrýni. Til að mæta henni var lögunum breytt á nýliðnu haustþingi og dregið úr réttindum. Þrátt fyrir þær breytingar er engu að síður ljóst að ýmsir þættir í eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar víkja eftir sem áður frá almennum lífeyrisréttindum. Í frumvarpinu er því lagt til að réttindin verði samræmd að fullu við réttindi annarra starfsmanna ríkisins með því að afnema eftirlaunalögin frá og með 1. apríl 2009, en þó þannig að þau haldi gildi sínu gagnvart núverandi forseta Íslands og hæstaréttardómurum sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna á meðan þeir gegna þeim embættum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þeir sem öðlast hafa eftirlaunarétt samkvæmt eftirlaunalögunum haldi áunnum réttindum.

Eftirlaunalögin ná að jafnaði til innvinnslu eftirlaunaréttinda hjá 77 starfandi einstaklingum, auk geymdra réttinda þeirra sem áður hafa gegnt þessum störfum. Alls áttu 633 einstaklingar réttindi samkvæmt lögunum í árslok 2007 og nam áfallin eftirlaunaskuldbinding ríkissjóðs vegna þeirra rúmlega 12 milljörðum króna. Samkvæmt frumvarpinu eru áunnin réttindi varðveitt og því munu áhrif þess á skuldbindingar ríkissjóðs koma fram smám saman eftir því sem árin líða. Megináhrif frumvarpsins á útgjöld ríkissjóðs felast í því að réttindaávinnsla samkvæmt eftirlaunalögunum hættir og bindur því ríkissjóði ekki þyngri bagga en þegar er orðið.

Unnið hefur verið tryggingafræðilegt mat fyrir fjármálaráðuneytið á áhrifum frumvarpsins. Þar er gengið út frá hópnum sem átti réttindi samkvæmt núgildandi lögum í árslok 2007. Til langs tíma litið mun afnám laganna leiða til þess að þessi sérstaka skuldbinding sem myndast hefur mun fjara alveg út. Strax við gildistöku laganna myndi heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna alls hópsins sem lögin ná til verða 356 m.kr. lægri en í árslok 2007, samkvæmt matinu, og eftir fjögur ár ætti skuldbindingin að hafa lækkað um 1.689 m.kr., eða sem svarar til 14% af skuldbindingunni í árslok 2007.

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	11,6	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	14,1	6,3
Eignarskattar	29,0	-32,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,3	-6,6
Tryggingagjöld	5,2	4,9
Tekjur alls	19,1	-2,1

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	18,1	30,3
Heilbrigðismál	8,6	17,1
Alm.trygg. & velferðarmál	17,9	26,2
Efnahags- og atvinnumál	20,9	28,3
Menntamál	12,0	14,2
Gjöld alls	9,6	74,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember

Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	60.958	-12.310
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-2.144	-398.416
Afborgun lána	-33.837	-120.625
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.481	-523.041
Lántökur	58.939	601.955
Breyting á handbæru fé	10.457	78.914

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (janúar)	5,8	18,6
Kjarnaverðbólga (janúar)	5,7	18,2
Launavísitala (des.´08)	8,6	8,3
Heildarvelta (jan.-okt.´08)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.´08)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	0,9	6,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

26. febrúar 2009

Frumvarp um tímabundna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar

Í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og fleiri lögum. Samkvæmt frumvarpinu geta allir sem eiga frjálsan séreignarsparnað leyst út allt að 1 milljón kr. samkvæmt umsókn til vörsluaðila á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist þó hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 1 milljón kr. er að ræða. Þetta svarar til þess að einstaklingur fái um 70 þús. kr. á mánuði, að frádreginni staðgreiðslu, til viðbótar ráðstöfunartekjum sínum.

Þessi leið er fyrst og fremst hugsuð til að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum, t.d. vegna atvinnumissis. Ekki er það þó gert að skilyrði að viðkomandi eigi í fjárhagserfiðleikum heldur eiga allir kost á þessari fyrirgreiðslu. Hins vegar má gera ráð fyrir því að þessi kostur höfði fyrst og fremst til þeirra sem eiga í einhverjum fjárhagsvandræðum, í ljósi þess hversu verðmætt sparnaðarform séreignarsparnaðurinn er fyrir flesta. Meðal annars vegna þess var talið nauðsynlegt að árétta í frumvarpinu að skuldheimtumönnum sé óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn en í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er kveðið á um að séreignarsparnaður sé ekki aðfararhæfur. Markmiðið með þessu ákvæði er þannig að vernda þennan rétt sem menn hafa gegn aðför.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar útgreiðslur séreignarsparnaðar komi ekki til skerðingar á barnabótum, vaxtabótum eða atvinnleysisbótum. Er þetta gert til að gæta samræmis í aðgerðum ríkisstjórnarinnar og til að frumvarpið nái markmiði sínu. Þá er einnig lagt til að mönnum verði heimilað að draga allt að 6% viðbótariðgjald frá tekjuskattsstofni í stað 4% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Er þetta hugsað til þess að hvetja til aukins séreignarsparnaðar sem þannig gæti að einhverju marki vegið upp á móti því útflæði sem verður úr séreignarsjóðum verði frumvarp þetta að lögum.

Fjárhæð séreignarsparnaðar í árslok 2001-2007[1]



1. Bundin séreign meðtalin.
Heimild: Fjármálaeftirlitið, ársreikningaskýrslur um lífeyrissjóði 2001-2007.

Áætlað er að um 200 milljarðar króna séu í frjálsum séreignarsparnaði í dag og að um 40% af því sé í fjárhæðum að 1 milljón kr., eða um 90 milljarðar króna samtals. Erfitt er hins vegar að meta af einhverri nákvæmni hversu margir muni nýta sér framangreinda heimild til útgreiðslu á séreignarsparnaði verði frumvarpið að lögum.

Ljóst er að vörsluaðilar séreignarsparnaðarins eru nokkuð misjafnlega undir það búnir að mæta óskum um útgreiðslu hans vegna þess hversu misseljanlegar þær eignir eru sem standa að baki séreignarsparnaðinum. Því er í frumvarpinu lagt til að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilt að fresta þessum útgreiðslum séreignarsparnaðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skilyrði fyrir frestuninni er að hún sé almenn og einungis beitt ef sérstakar ástæður mæli með því og hagsmunir eigenda séreignarsparnaðar krefjist. Jafnframt er skilyrði að frestun á útgreiðslum skuli þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og að hún sé háð samþykki þess.

Búferlaflutningar innanlands hafa mikil áhrif á íbúaþróun

Mikill aðflutningur til landsins undanfarin ár hefur verið mjög í umræðunni. Minna hefur farið fyrir umfjöllun um búsetuþróun innanlands. Á síðustu 5 árum hafa tæplega 46.000 manns flutt til landsins. Þar af voru rúmlega 34 þúsund með erlent ríkisfang. Af landinu hafa flutt tæplega 30 þúsund. Á sama tíma hafa 47 þúsund manns flutt milli landshluta innanlands. Með landshlutum er átt við höfuðborgarsvæðið og gömlu kjördæmin. Innan landshluta, en milli sveitarfélaga fluttu tæplega 55 þúsund en 170 þúsund hafa flutt lögheimili innan sama sveitarfélags á þessum fimm árum. Auk beinna breytinga á íbúafjölda gefa miklir búferlaflutningar tilefni til breytinga á hlutföllum milli kynja og aldursskiptingu ef þeir sem flytja skera sig úr brottflutningseða aðflutningssvæðinu í þeim efnum. Slíkt getur haft áhrif á vinnuframboð og þörf fyrir ýmsa þjónustu.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig landshlutunum hefur reitt af í búferlaflutningum undanfarinna ára og þar sést hversu miklu máli innanlandsflutningarnir skipta. Á myndinni sést að síðastliðin fimm ár hafa innanlandsflutningar skipt mjög litlu fyrir íbúaþróun höfuðborgarsvæðisins. Þeir hafa bætt 0,3% við íbúafjöldann á tímabilinu meðan flutningar milli landa hafa aukið hann um tæplega 6%. Suðurnes annars vegar og Suðurland hins vegar eru einu landshlutarnir þar sem innanlandsflutningar hafa bætt við íbúafjöldann. Í öðrum landshlutum hafa innanlandsflutningar fækkað íbúum en í öllum landshlutum hafa millilandaflutningar bætt við hann. Suðurnes skera sig úr en þar hafa innanlandsflutningar bætt 15% við mannfjöldann auk þess sem millilandaflutningar hafa aukið hann um 8%. Búferlaflutningar hafa þannig bætt næstum því fjórðungi við þann íbúafjölda sem bjó á Suðurnesjum fyrir fimm árum. Mestur er nettóbrottflutningur innanlands á Vestfjörðum þar sem hann nam 18,5% af íbúafjölda. Þar ná millilandaflutningar ekki að vega upp fækkunina og hið sama á við um Norðurland bæði austurhlutann og þann vestari.

Framlag búferlaflutninga til íbúaþróunar 2004-2008
Uppsafnaðir nettóflutningar sem hlutfall
af íbúafjölda 1. janúar 2004



Áhrif búferlaflutninganna koma mjög fram í aldursdreifingu íbúanna. Á sama tíma og íbúum Vestfjarða fækkar um 8% fækkar þeim sem yngri eru en tvítugum um 15%. Þeim sem eru eldri en sjötugir fjölgar um 11%. Þessar tölur taka ekki til áhrifa búferlaflutninga undangengis árs á aldursskiptingu Vestfirðinga. Flutningar á þessu tímabili hafa ekki raskað hlutföllum milli kynja.

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Skatttekjur og trygg.gjöld	11,6	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	14,1	6,3
Eignarskattar	29,0	-32,9
Skattar á vöru og þjónustu	9,3	-6,6
Tryggingagjöld	5,2	4,9
Tekjur alls	19,1	-2,1

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember		
12 mánaða breyting (%)	*2007*	*2008*
Almenn opinber þjónusta	18,1	30,3
Heilbrigðismál	8,6	17,1
Alm.trygg. & velferðarmál	17,9	26,2
Efnahags- og atvinnumál	20,9	28,3
Menntamál	12,0	14,2
Gjöld alls	9,6	74,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember		
Milljónir króna	*2007*	*2008*
Handbært fé frá rekstri	60.958	-12.310
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-2.144	-398.416
Afborgun lána	-33.837	-120.625
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-48.481	-523.041
Lántökur	58.939	601.955
Breyting á handbæru fé	10.457	78.914

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (febrúar)	6,8	17,6
Kjarnaverðbólga (febrúar)	6,4	17,5
Launavísitala (janúar)	6,2	7,5
Heildarvelta (jan.-okt.´08)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.´08)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	0,9	6,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

5. mars 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilegum sveiflum í einstaka liðum. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 16 ma.kr., sem er 9,4 ma.kr. lakari útkoma en á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs í janúar sl. voru 55 ma.kr. samanborið við 57 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Samdrátturinn er því 3,6% að nafnvirði. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu 61 ma.kr. í mánuðinum og er frávikið því um 6 ma.kr. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 54 ma.kr. og drógust saman um 1,1% að nafnvirði og um 18,5% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn að raunvirði milli ára hefur aukist hratt síðustu mánuði og er nú 25,3% þegar horft er á 4 mánaða meðaltal.

Skattar á tekjur og hagnað námu 36 ma.kr. í janúar 2009 sem er 13,4% aukning að nafnvirði. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga tæplega 9 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 0,5 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur tæplega 27 ma.kr.

Innheimta almennra veltuskatta nam 13 ma.kr. í fyrsta mánuði ársins sem er 38,1% raunsamdráttur (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Virðisaukaskattur dróst einnig töluvert saman. Hann skilaði ríkissjóði 9,5 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 37,2% að raunvirði frá janúar 2008, sem endurspeglar niðursveifluna í hagkerfinu. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er einna mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 93,7% en nýskráningar bifreiða drógust saman um 88,8% frá janúarmánuði 2008.

Greidd gjöld nema 38,9 ma.kr. og hækka um 7,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 24,7%. Mestu munar um 4,6 milljarða hækkun bóta almannatrygginga. Þar af hækka barnabætur um ríflega 2,3 ma.kr. á milli ára og framlög vegna atvinnuleysistryggina aukast um 1,2 ma.kr.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 15,3 ma.kr. í janúar, á móti 23,5 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 16 ma.kr. Í janúar seldi ríkissjóður ríkisbréf fyrir um 18,1 ma.kr. ásamt því að greiða ríkisvíxla fyrir um 6,5 ma.kr.

Raunbreyting skatttekna og tryggingagjalda
og skatta á vöru og þjónustu
(m.v. VNV án húsnæðis og 4 mán. hlaupandi meðaltal)



Hækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis

Í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar kemur fram að tekin verði upp full endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði. Í samræmi við það hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Samkvæmt frumvarpinu skal á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. júlí 2010 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.

Byggjendur íbúðarhúsnæðis fá í dag endurgreidd 60% af þeim virðisaukaskatti sem þeir greiða af vinnu iðnaðar- og verkamanna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds. Skattstjóri, í því umdæmi þar sem umsækjandi er skráður með lögheimili, afgreiðir endurgreiðslubeiðnir þessar. Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af þessu tagi var fyrst lögfest árið 1989. Til ársins 1996 var virðisaukaskattur vegna vinnu manna á byggingarstað og vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald endurgreiddur að fullu. Sú heimild var lækkuð niður í 60% árið 1996 og var sú breyting rökstudd með vísan í breytingar á vörugjaldslögum sem orsökuðu skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði var lækkað til að mæta þessu tekjutapi ríkisins.

Markmiðið með frumvarpinu er að koma til móts við húsbyggjendur sem eiga í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna við svartri atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði. Hækkað endurgreiðsluhlutfall hvetur til framkvæmda en það er mikilvægt þegar atvinnuástandið er jafnbágt og nú og horfur eru á á næstunni, m.a. í byggingargeiranum. Auk þess er almennt litið svo á að hækkun endurgreiðslunnar sé líkleg til að stuðla að minni undanskotum frá skatti og þar með minnka svarta atvinnustarfsemi. Að sama skapi getur hækkunin dregið úr greiðslum vegna atvinnuleysisbóta vegna aukinna framkvæmda.

Vöruskiptin í febrúar

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam innflutningur vöru (fob) í febrúar 26,4 ma.kr. sem er nokkuð minni innflutningur en í janúar þegar hann nam 32,3 ma.kr. Verðmæti útfluttrar vöru nam aftur á móti 32,3 ma.kr. í febrúar en í janúar nam útflutningurinn 33,6 ma.kr. Í febrúar nam því afgangur á vöruskiptum við útlönd 5,9 ma.kr.

Minni innflutningur í febrúar stafar annars vegar af minni innflutningi á hrá- og rekstrarvörum og hins vegar á eldsneyti og olíum en þessir liðir eru báðir mjög sveiflukenndir á milli mánaða. Lágt heimsmarkaðsverð á annars vegar áloxíði sem fylgir álverðinu jafnan mjög vel, og hins vegar olíu hefur greinilega þau áhrif að innflutningsverðmæti þessara liða fer minnkandi. Að öðru leyti er innflutningur í febrúar mjög svipaður og í janúar.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða er lítið eitt meira en í janúar en verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt hefur farið lækkandi að undanförnu. Vegna lágs gengis íslensku krónunnar er útflutningsverðmæti sjávarafurða enn gott í sögulegu samhengi. Útflutningsverðmæti áls er lágt annan mánuðinn í röð og er líklegt að lágt heimsmarkaðsverð á áli sé að draga úr útflutningsverðmæti greinarinnar um þessar mundir þó má ekki útiloka að um einhverja birgðaaukningu sé að ræða hjá álfyrirtækjunum.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – febrúar 2009



Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	9,9	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	5,8	13,4
Eignarskattar	40,0	-52,6
Skattar á vöru og þjónustu	18,5	-24,9
Tryggingagjöld	0,8	-5,8
Tekjur alls	10,4	-3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,9	35,1
Heilbrigðismál	10,3	14,4
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	77,9
Efnahags- og atvinnumál	-0,1	-9,4
Menntamál	24,6	15,7
Gjöld alls	10,2	24,7

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	25.410	15.997
Hreinn lánsfjárjöfnuður	24.359	16.000
Afborgun lána	-576	-662
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.453	15.338
Lántökur	-3.550	11.401
Breyting á handbæru fé	19.903	26.739

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (febrúar)	6,8	17,6
Kjarnaverðbólga (febrúar)	6,4	17,5
Launavísitala (janúar)	6,2	7,5
Heildarvelta (jan.-okt.´08)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.´08)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	0,9	6,2

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

12. mars 2009

Atvinnuleysi vex mishratt eftir greinum og kynjum

Sú mikla aukning atvinnuleysis sem gengur yfir á sér enga hliðstæðu lengur í íslenskri atvinnusögu. Í lok janúar voru 7.100 karlar á skrá Vinnumálastofnunar um atvinnulausa en 4.200 konur. Þetta eru 7,4% af meðalfjölda karla við störf árið 2008 samkvæmt vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar en 5,1% af meðalfjölda kvenna. Rétt er að halda því til haga að mismunandi er eftir kynjum hversu hátt hlutfall er við hlutastörf og því gefa þessar tölur ekki nákvæma vísbendingu um hlutfallslegt atvinnuleysi en eru aftur á móti ágæt vísbending um það hvar samdráttur í atvinnulífinu er mestur og hvernig hann bitnar á kynjunum.

Myndin hér fyrir neðan sýnir fjölda þeirra sem skráðir voru atvinnulausir í lok janúar sem hlutfall af fjölda starfandi í sömu atvinnugrein árið 2008. Atvinnulausum hefur fjölgað mjög síðan þá en nákvæmar tölur um atvinnuskiptingu þeirra liggja ekki fyrir. Myndin gefur þó nokkuð skýra mynd af því sem hafði gerst í atvinnulífinu fram að þeim tíma. Af myndinni má sjá að atvinna hefur dregist mjög mismunandi mikið saman eftir atvinnugreinum og að almennt er munurinn milli atvinnugreina mun meiri en milli kynja innan sömu greinar. Tölurnar segja að yfir fjórðungur kvenna við fiskveiðar hafi misst atvinnuna frá því í fyrra en vegna þess hve fáar konur starfa við greinina er mat Hagstofunnar á fjölda þeirra mikilli óvissu háð. Meira er að marka tölur úr fjölmennari atvinnugreinum. Tvöfalt fleiri konur en karlar hafa misst vinnuna í flokknum ýmis sérhæfð þjónusta, þar sem m.a. er að finna þjónustu við atvinnurekstur. Í samgöngum hafa hlutfallslega mun fleiri konur en karlar misst vinnuna og hið sama gildir um veitinga- og gistihúsarekstur. Annars staðar er munurinn minni. Atvinna hefur dregist mjög lítið saman í opinberu eða hálf-opinberu þjónustugreinunum en næstum jafn mikið í fiskveiðum og fiskvinnslu eins og þeim atvinnugreinum sem mest finna fyrir samdrætti í framkvæmdum og einkaneyslu. Þetta kann að stafa af því að þessar greinar hafa verið að draga mannaflanotkun sína saman á undanförnum árum meðan framleiðni hefur vaxið.

Fjöldi skráðra atvinnulausra í lok janúar 2009 sem hlutfall af ársfjölda starfandi eftir atvinnugreinum og kyni 2008



Heimild: Vinnumálastofnun og vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands.
Eigið mat á atvinnugreinaskiptingu í sumum tilvikum.

Eyrnamerktir skattar

Eyrnamerktir eða markaðir skattar eru þeir skattar og þau gjöld nefnd sem er fyrirfram ráðstafað í lögum til tiltekinna samtaka eða til þjóðhagslega mikilvægra verkefna og eru oftar en ekki lagðir á vörur og þjónustu innan viðkomandi sviða þjóðfélagsins. Dæmi um slíka skattlagningu eru sérstakt vörugjald á eldsneyti sem rennur til vegagerðar, höfundaréttargjald á diskum og upptökutækjum sem rennur til samtaka höfundaréttarfélaga og búnaðargjald á veltu búvara sem rennur til samtaka og sjóða sem tengjast landbúnaði.

Almennt er ekki gert ráð fyrir því að skattlagning af þessu tagi og ráðstöfun teknanna sé tekin til skoðunar reglulega líkt og þegar um framlög á fjárlögum er að ræða, en þó má benda á að þegar kostnaður sem gjaldi er ætlað að standa undir er skýrt afmarkaður í lögum hefur verið tilhneiging til að láta gjaldtökuna fylgja kostnaðinum eins og kostur er. Dæmi um það er úrvinnslugjald sem stendur undir kostnaði við söfnun, flokkun og endurnotkun úrgangs, en í lögum er gert ráð fyrir að gjaldið sé endurskoðað með hliðsjón af kostnaði við úrvinnsluna.

Í skýrslu starfshóps á vegum fjármálaráðherra, Heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis, frá maí 2008, segir að helstu rökin fyrir eyrnamerkingu skatta séu þau að gera sambandið milli þess sem greiðir og nýtur augljóst, auk þess sem eyrnamerking tryggi tiltekið framlag til viðkomandi verkefnis og geri það stöðugra. Það sem mæli gegn eyrnamerkingu sé að það er talin góð lýðræðisleg stjórnsýsla að allar skatttekjur séu settar í einn pott og löggjafinn ákveði síðan öll útgjöld með tilliti til þeirra málefna sem talin eru mikilvægust á hverjum tíma, eyrnamerking endurspegli stundum gamlar áherslur og dragi úr möguleikum á því að taka tillit til nýrra aðstæðna. Eyrnamerking komi í veg fyrir reglubundna endurskoðun á nauðsyn tiltekinna útgjalda og í sumum tilfellum geti gjaldstofn sem eyrnamerktar tekjur byggjast á rýrnað miðað við útgjaldatilefni og orðið til þess að viðkomandi málefni sé ekki sinnt nægilega vel. Á síðustu árum hefur dregið úr því að skattstofnar séu eyrnamerktir, einkum vegna þess að það er talið draga úr sveigjanleika í fjárveitingum og hefur fremur verið horft til þess að tryggja framlög til mikilvægra verkefna í fjárlögum hvers árs.

Endurgreiðsla vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt hafa verið úr landi

Þann 11. desember 2008 voru lögfestar tímabundnar breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um virðisaukaskatt, sem heimila endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af notuðum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi. Breytingunni er ætlað að greiða fyrir sölu notaðra ökutækja úr landi en við gildistöku laganna var útflutningur á ökutækjum þegar hafinn í þó nokkrum mæli.

Samkvæmt lögunum er heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af afskráðum ökutækjum sem flutt eru úr landi fram til 31. desember 2009. Endurgreiðslan tekur mið af þeirri fjárhæð sem greidd var í vörugjald og virðisaukaskatt við innflutning ökutækis að teknu tilliti til aldurs þess. Þannig lækkar viðmiðunarfjárhæð endurgreiðslu um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð, fyrstu 12 mánuðina eftir skráningu ökutækisins, og 1,5% fyrir hvern mánuð eftir það. Samanlögð endurgreiðsla vörugjalds og virðisaukaskatts má þó ekki vera hærri en 2.000.000 kr. á hvert ökutæki.

Á þeim tæpu þremur mánuðum sem lögin hafa verið í gildi hefur verið sótt um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af 190 ökutækjum. Af þessum 190 umsóknum hefur 19 verið hafnað, 73 umsóknir hafa verið afgreiddar og 98 bíða afgreiðslu. Í heildina hafa verið endurgreiddar tæplega 91.000.000 kr. eða að meðaltali 1.250.000 kr. á hvert ökutæki.

Óhætt er að fullyrða að endurgreiðslur vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt hafa verið úr landi fari hægar af stað heldur en búist var við í upphafi en þá var gert ráð fyrir að sótt yrði um endurgreiðslur af allt að 5.000 ökutækjum á gildistíma laganna. Fjárhæð endurgreiðslu á hvert ökutæki er hins vegar að meðaltali hærri heldur en búist var við.

Færri umsóknir um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af bílaleigubifreiðum hafa verið afgreiddar heldur en búist var við en nú bíða um 50 umsóknir um endurgreiðslu gjalda af bílaleigubifreiðum afgreiðslu. Mun lægra vörugjald er greitt við innflutning bílaleigubifreiða auk þess sem eigendur bílaleigubifreiða njóta innskattsréttar og því nema endurgreiðslur vegna þeirra mun lægri fjárhæðum.

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	9,9	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	5,8	13,4
Eignarskattar	40,0	-52,6
Skattar á vöru og þjónustu	18,5	-24,9
Tryggingagjöld	0,8	-5,8
Tekjur alls	10,4	-3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,9	35,1
Heilbrigðismál	10,3	14,4
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	77,9
Efnahags- og atvinnumál	-0,1	-9,4
Menntamál	24,6	15,7
Gjöld alls	10,2	24,7

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	25.410	15.997
Hreinn lánsfjárjöfnuður	24.359	16.000
Afborgun lána	-576	-662
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.453	15.338
Lántökur	-3.550	11.401
Breyting á handbæru fé	19.903	26.739

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (febrúar)	6,8	17,6
Kjarnaverðbólga (febrúar)	6,4	17,5
Launavísitala (janúar)	6,2	7,5
Heildarvelta (jan.-okt.´08)	8,8	6,9
Smásöluvelta (jan.-okt.´08)	9,0	-2,0
Atv.leysi, árst.leiðr. (feb.)	0,9	7,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

19. mars 2009

Launatekjur eftir aldri

Sá áhrifaþáttur sem best skýrir mismunandi launatekjur fólks er aldur. Fyrir þessu eru nokkrar ástæður. Íslendingar byrja snemma að taka þátt í atvinnulífinu, með sumarvinnu eða hlutastörfum með skóla. Þegar fólk kemur úr námi byrjar það gjarnan neðarlega í launatöflum en færist upp með starfsreynslu og -aldri. Kjarasamningar eru oft með innbyggðar hækkanir eftir starfsaldri en fleira kemur til. Þannig er vinnutími gjarnan misjafn eftir aldri og sumir vinna á fleiri en einum stað. Yngra fólk hefur oft vaxandi fjárþörf þegar stofnað er til fjölskyldu, heimilisrekstrar, barnauppeldis, íbúðakaupa o.þ.h. Á ákveðnu aldursskeiði ná meðaltekjur aldurshópa hámarki og fara lækkandi eftir það. Skýringin er líklega sú að fólk lætur sér í auknum mæli nægja að sinna einu starfi og dregur úr vinnutíma.

Meðallaunatekjur eftir aldri árið 2007



Á myndinni má sjá að árið 2007 voru launatekjur að meðaltali hæstar hjá fólki sem var um fertugt og byrjuðu að lækka á fimmtugsaldri. Í hinni miklu uppsveiflu sem ríkti undanfarin ár hækkuðu laun yngri hópa mjög mikið og var hlutfallsleg hækkun meðaltekna mest á yngri aldursskeiðum. Árið 2007 hækkuðu meðallaunatekjur fólks sem fætt var árið 1980 um 20% á meðan launatekjur allra framteljenda hækkuðu um 8,5%. Þótt krónutöluhækkun aldurshópa fram að fertugu sé áþekk eru grunntekjur hinna yngri lægri. Hlutfallsleg aukning milli ára segir því ekki alla söguna.

Nú hafa orðið mikil straumhvörf á vinnumarkaði. Margir hafa misst vinnu og erfiðara er fyrir yngra fólk að koma inn á vinnumarkaðinn en áður, sem getur haft áhrif á sambandið milli tekjubreytinga og aldurs. Hlutfallslega fleira ungt fólk hefur misst vinnuna en eldri þátttakendur á vinnumarkaði. Reynsla annarra þjóða er að þegar atvinnuleysi eykst og ungt fólk á erfiðara með að fá vinnu þegar það er tilbúið til að koma inn á vinnumarkaðinn, t.d. eftir nám, er hætta á að það missi af lestinni þannig að þegar uppsveiflan hefst að nýju sé framboð af yngra fólki með nýrri menntun tilbúið að taka að sér þau störf sem í boði eru. Þannig hafa orðið til „týndar kynslóðir". Þeir sem ekki fá vinnu fljótlega eftir að þeir útskrifast ættu eftir því sem kostur er að halda áfram námi til að tryggja að þeir búi yfir nýjustu þekkingu þegar hjólin fara að snúast hraðar á nýjan leik.

Greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið

Í gær, 18. mars, varð að lögum frá Alþingi frumvarp fjármálaráðherra sem kveður á um tímabundna greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið. Með lögum þessum eru gerðar tímabundnar breytingar á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt til að koma til móts við erfiðleika fyrirtækja í landinu við að standa skil á aðflutningsgjöldum og vörugjöldum á hefðbundnum gjalddögum. Samkvæmt lögunum er gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 dreift á lengri tímabil. Gildistaka laganna er frá 15. mars til þess að ná yfir hefðbundinn gjalddaga aðflutningsgjalda, vegna tímabilsins janúar til febrúar 2009, sem var 15. mars. Þeim gjalddaga, 15. mars, er þá samkvæmt lögunum dreift á þann hátt að 1/3 af aðflutningsgjöldum vegna tímabilsins ber að skila 15. mars, 1/3 15. apríl og 1/3 5. maí. Næsti hefðbundinn gjalddagi aðflutningsgjalda er síðan 15. maí, fyrir tímabilið mars til apríl, og er honum að sama skapi skipt í þrennt (15. maí, 15. júní og 5. júlí) o.s.frv. Um nokkurs konar greiðslufrest þessara gjalda er því að ræða en samkvæmt lögunum ber ekki að reikna vexti á meðan á hinum tímabundna greiðslufresti stendur. Að auki er kveðið á um í lögunum að þetta tímabundna fyrirkomulag hafi ekki áhrif á rétt fyrirtækja til innskatts á viðkomandi uppgjörstímabilum. Þess má geta að greiðsludreifing aðflutningsgjalda af samskonar meiði var lögfest 17. nóvember 2008 en náði þá eingöngu yfir uppgjörstímabilið september til október 2008 og var með vaxtareikningi. Með hinum nýsamþykktu lögum er því gengið lengra þar sem greiðsludreifingin nær út árið 2009 og að auki er fallið frá vaxtaútreikningi á meðan að á greiðslufresti stendur. Eins og fram kemur í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar með frumvarpi því sem varð að hinum nýsamþykktu lögum er þessi greiðsluaðlögun í samræmi við tillögur Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu og ætla má að lögin verði til hagsbóta fyrir atvinnurekstur í landinu og auðveldi fyrirtækjum innflutning á vöru.

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Nokkur umræða er um þessar mundir um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna og verður hér aðeins farið yfir þær. Í 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um hvernig lífeyrissjóðum er heimilt að ávaxta fé sitt og hvaða takmarkanir eru á þeim heimildum en þær hafa þann tilgang að tryggja áhættudreifingu. Helstu takmarkanir eru þær að hlutdeild hlutabréfa má að hámarki vera 60% af hreinni eign sjóðsins. Gjaldeyrisáhætta má að hámarki vera 50%. Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins (t.d. hlutabréf og skuldabréf sama hlutafélags). Þá er lífeyrissjóði eða einstakri deild hans ekki heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Með lögum nr. 171/2008 sem tóku gildi 31. desember sl. var gerð sú breyting á 36. gr. laga nr. 129/1997 að heimild lífeyrissjóða til fjárfestingar í óskráðum bréfum var hækkuð úr 10% í 20%. Var það gert í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast höfðu á fjármálamarkaðnum en hlutföll í eignasöfnum lífeyrissjóðanna höfðu riðlast verulega þannig að hlutfall óskráðra bréfa hafði vaxið hjá mörgum sjóðanna eingöngu vegna þessa ástands á fjármálamarkaði. Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu þá má búast við að þetta hlutfall verði endurskoðað þegar betra jafnvægi kemst á fjármálamarkaðinn. Aðrar breytingar sem urðu á 36. gr. laga nr. 129/1997 með lögum nr. 171/2008 voru hins vegar til þrengingar á fjárfestingarheimildum sjóðanna.

Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi er séreignarlífeyrissparnaður í vörslu lífeyrissjóða háður sömu takmörkunum varðandi fjárfestingarstefnu og samtryggingarlífeyrissjóðirnir þ.e. falla undir 36. gr. laga nr. 129/1997. Séreignarlífeyrissparnaður sem er í vörslu annarra aðila sem heimild hafa til að taka við slíkum sparnaði skv. 3. mgr. 8. gr. laganna er hins vegar ekki háður sömu takmörkunum. Þarna þótti ríkja ákveðið ójafnræði milli aðila sem bjóða upp á sömu þjónustu. Var því með lögum nr. 171/2008 gerð sú breyting að allur séreignarsparnaður mun falla undir lágmarksskilyrði um fjárfestingarstefnu. Var nýju ákvæði bætt inn í lögin þar sem kveðið er á um að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skuli móta fjárfestingarstefnu þar sem fjárfestingar eru sundurliðaðar með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. laganna, en sé að öðru leyti háð takmörkunum sem eru tilgreindar í ákvæðinu og eru nokkuð rýmri en 36. gr laganna gerir ráð fyrir. Þannig er því verið að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða þegar kemur að séreignarsparnaði en þrengja heimildir annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar. Þessi breyting á lögunum tekur hins vegar ekki gildi fyrr en 1. janúar 2010 og fellur séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða því undir 36. gr. laga nr. 129/1997 þangað til.

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	9,9	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	5,8	13,4
Eignarskattar	40,0	-52,6
Skattar á vöru og þjónustu	18,5	-24,9
Tryggingagjöld	0,8	-5,8
Tekjur alls	10,4	-3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,9	35,1
Heilbrigðismál	10,3	14,4
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	77,9
Efnahags- og atvinnumál	-0,1	-9,4
Menntamál	24,6	15,7
Gjöld alls	10,2	24,7

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	25.410	15.997
Hreinn lánsfjárjöfnuður	24.359	16.000
Afborgun lána	-576	-662
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.453	15.338
Lántökur	-3.550	11.401
Breyting á handbæru fé	19.903	26.739

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (febrúar)	6,8	17,6
Kjarnaverðbólga (febrúar)	6,4	17,5
Launavísitala (janúar)	6,2	7,5
Heildarvelta (jan.-des. ´08)	8,3	4,6
Smásöluvelta (jan.-des. ´08)	8,3	-5,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (feb.)	0,9	7,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

26. mars 2009

Breytingar á vaxtabótakerfinu

Í fjárlögum ársins 2009 eru áætluð útgjöld ríkissjóðs til greiðslu vaxtabóta tæpir 8 milljarðar króna, en þessar bætur eru mikilvægur stuðningur fyrir fjölskyldur við að eignast húsnæði. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra nutu 58 þúsund fjölskyldur vaxtabóta á árinu 2008 og voru meðalbætur á fjölskyldu 114 þús.kr. Stofn til vaxtabóta eru þeir vextir sem fjölskyldur greiða af lánum sem tekin eru til kaupa á íbúðarhúsnæði. Ákvörðun þeirra er hins vegar einnig háð tekjum, skuldastöðu, nettóeign og hjúskaparstöðu vaxtabótaþega.

Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 5,7% hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabótakerfisins. Í ljósi þess mikla efnahagsvanda sem við fjölskyldum blasir, m.a. í formi aukinnar vaxtabyrði vegna mikilla gengissveiflna og verðbólgu á undanförnum mánuðum er nú til meðferðar á Alþingi frumvarp þar sem gert er ráð fyrir verulegri hækkun á vaxtabótum, eða um allt að 2 milljarða króna. Hér er um einskiptisaðgerð að ræða sem ætlað er að létta undir með heimilum landsins. Ákvörðun vaxtabóta liggur skv. venju fyrir 1. ágúst ár hvert við álagningu opinberra gjalda á tekjur fyrra árs.

Í frumvarpinu er lögð til veruleg viðbótarhækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabótakerfisins, eða um 25% á hámarki vaxtagjalda og 55% á hámarki vaxtabóta. Í þessu felst að hámarksvaxtabætur hjóna eða sambýlisfólks hækka úr 314.134 kr., en það var sú fjárhæð sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, í 486.908 kr. Viðbótarhækkunin nemur samtals um 173 þús.kr. á ári, en samsvarandi hækkun fyrir einstaklinga og einstæða foreldra er 104 þús.kr. og 134 þús.kr. Þessi hækkun kemur sem fyrr segir til viðbótar þeirri 5,7% hækkun sem gert var ráð fyrir í fjárlögum sem þýðir að hámarksvaxtabætur til hjóna og sambýlisfólks hækka um 190 þús.kr. milli áranna 2008 og 2009 verði frumvarpið að lögum.

Í frumvarpinu er einnig lögð til 25% viðbótarhækkun á hámarki vaxtagjalda, sem þýðir fyrir hjón að stofn til vaxtabóta verður að hámarki 1.126 þús.kr. á ári í stað 901 þús.kr. Jafnframt er lagt til að tekjuskerðingarhlutfall bótanna verði 7,5% í stað 6% þannig að viðbótarvaxtabætur skili sér fyrst og fremst til tekjulægri fjölskyldna.

Staðgreiðslugögn

Fjármálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið upplýsingar upp úr staðgreiðslugögnum. Um er að ræða mánaðarlegar skrár um launagreiðslur og staðgreiðslu tekjuskatts. Allar kennitölur í skránum eru dulkóðaðar og því er hvorki hægt að rekja upplýsingar til einstakra launþega né launagreiðenda. Nokkur tími líður frá raunverulegu launatímabili þar til upplýsingar eru orðnar nothæfar til greiningar. Kosturinn við staðgreiðslugögn er að í þeim er að finna nýjar upplýsingar um ástand á vinnumarkaði, launaþróun og undirliggjandi skýringarbreytur á tekju- og útsvarsstofni ríkissjóðs og sveitarfélaga. Með því að greina á milli þeirra tekna þar sem greitt er í lífeyrissjóð og þar sem það er ekki gert er hægt að greina nokkurn veginn á milli tekna á vinnumarkaði og utan hans, eða þeim sem njóta lífeyris eða bóta almannatrygginga. Þar sem ekki er greitt í lífeyrissjóð af sumum launagreiðslum er ekki einfalt að afmarka hópinn á vinnumarkaði. Vekja má athygli á því að greitt er í lífeyrissjóð af atvinnuleysisbótum enda eru atvinnulausir þátttakendur á vinnumarkaði.

Laun og fjöldi þeirra sem greiða í lífeyrissjóð (breyting frá fyrra ári)



Á meðfylgjandi mynd er sýnt hvernig þróun tveggja stærða sem hægt er að vinna úr staðgreiðslugögnum var árið 2008. Gögn fyrir tvo mánuði yfirstandandi árs eru enn það ófullkomin að ekki er hægt að draga marktækar ályktanir af þeim.

Myndin sýnir breytingu frá sama mánuði fyrra árs, annars vegar á fjölda þeirra sem fengu laun sem greitt var af í lífeyrissjóð og hins vegar breytingu á meðallaunum hópsins. Fjöldi launamanna hafði verið að vaxa á um og yfir 4% árshraða um allnokkurt skeið en í fyrra dró úr vextinum og í ágúst var fjöldinn sá sami og hafði verið árinu fyrr. Síðan þá hefur launamönnum fækkað. Meðallaun hafa hins vegar haldið áfram að hækka og var sú hækkun mest í október en það kann að stafa af uppgjörsgreiðslum vegna uppsagna í bankakerfinu. Meðallaun héldu áfram að hækka út árið 2008. Hluti skýringarinnar á því kann að vera að þeir sem voru að hverfa af vinnumarkaði hafi verið með lægri laun að meðaltali en þeir sem eftir voru.

Fyrirhugað er að nýta staðgreiðslugögn í auknum mæli til þess að vakta efnahagsástandið. Það hefur þó einhver áhrif ef það verður algengara að dráttur verði á skilum launagreiðenda á staðgreiðslu.

Fyrirspurnir vegna efnahagsvandans

Frá því að neyðarlögin voru sett 6. október sl. hefur fjármálaráðuneytinu borist vel á annað hundrað skriflegra erinda frá íslenskum aðilum þar sem óskað er eftir upplýsingum sem tengja má efnahagsvandanum. Þá eru símtöl ótalin.

Þessum erindum hefur verið svarað eins fljótt og auðið er en vegna álags í ráðuneytinu fyrstu vikurnar eftir bankahrunið tók lengri tíma að bregðast við innkomnum erindum en almennt viðgengst.

Fyrst um sinn var aðallega spurt um inneignir í hlutabréfum bankanna og peningasjóðum, hvernig ríkisstjórnin ætlaði að taka á málunum og hvort grípa ætti til sérstakra aðgerða fyrir ellilífeyrisþega, námsmenn og öryrkja. Frá því um áramót hafa hins vegar langflest erindin tengst lífeyrissjóðunum og útgreiðslu á séreignarsparnaði. Auk þess hafa borist margar fyrirspurnir um greiðslu barnabóta.

Athygli er vakin á Upplýsingamiðstöð stjórnvalda sem starfrækt er í forsætisráðuneytinu með þátttöku annarra ráðuneyta. Þar eru veittar upplýsingar um efnahagsáætlun stjórnvalda, aðrar aðgerðir vegna endurreisnar efnahagslífsins og hvert einstaklingar í vanda geta snúið sér. Þá eru ýmsar gagnlegar upplýsingar á vefnum island.is.

Upplýsingamiðstöð stjórnvalda svarar fyrirspurnum almennings í síma 800 1190 milli 9 og 17 alla virka daga. Upplýsingamiðstöðin svarar einnig erindum sem berast bréflega og fylgir því eftir að erindum sem berast stofnunum ríkisins sé svarað.

Yfirlit um rammagreinar og viðauka í Þjóðarbúskapnum

Meðal verkefna efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins er að leggja fram þjóðhagsforsendur fyrir fjárlagagerðina á grundvelli þjóðhagsspár og að gera tekjuáætlun fyrir ríkissjóð til skemmri og lengri tíma. Í tengslum við það eru gerðar ýmsar rannsóknir á sviði opinberra fjármála og fjármálaráðherra veitt ráðgjöf um áherslur í ríkisfjármálastjórn (e. fiscal policy). Þá gerir efnahagsskrifstofa margvíslegar hagrannsóknir, m.a. á áhrifum skatta og stóriðjuframkvæmda á atvinnustarfsemi og velferð landsmanna. Mikil áhersla hefur verið lögð á rannsóknarvinnu til að bæta áætlanagerðina og ráðgjöfina. Niðurstöður þessarar vinnu eru birtar reglulega, að vori og hausti, í þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins, Þjóðarbúskapurinn. Nú hefur verið birt yfirlit á vef ráðuneytisins yfir þær 75 rammagreinar og viðauka á sviði ríkisfjármála og efnahagsmála sem birtir hafa verið í skýrslunni undanfarin 4 ár.

Tekjur ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	9,9	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	5,8	13,4
Eignarskattar	40,0	-52,6
Skattar á vöru og þjónustu	18,5	-24,9
Tryggingagjöld	0,8	-5,8
Tekjur alls	10,4	-3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,9	35,1
Heilbrigðismál	10,3	14,4
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	77,9
Efnahags- og atvinnumál	-0,1	-9,4
Menntamál	24,6	15,7
Gjöld alls	10,2	24,7

Afkoma ríkissjóðs janúar

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	25.410	15.997
Hreinn lánsfjárjöfnuður	24.359	16.000
Afborgun lána	-576	-662
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.453	15.338
Lántökur	-3.550	11.401
Breyting á handbæru fé	19.903	26.739

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (mars)	8,7	15,2
Kjarnaverðbólga (mars)	8,0	15,3
Launavísitala (febrúar)	6,8	6,7
Heildarvelta (jan.-des. ´08)	8,3	4,6
Smásöluvelta (jan.-des. ´08)	8,3	-5,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (feb.)	0,9	7,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

2. apríl 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs febrúar 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður ákveðinni óvissu vegna tilfærslu greiðslna milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið sveiflum í einstaka liðum. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 12,1 ma.kr., sem er 22,9 milljörðum lakari útkoma en á sama tímabili í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu tveimur mánuðum ársins voru tæplega 91 ma.kr. samanborið við tæplega 97 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu um 96 ma.kr. og er frávikið því um 5 ma.kr. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 85 ma.kr. og drógust saman um 23% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn að raunvirði milli ára hefur aukist hratt síðustu mánuði og er nú 29,2% þegar horft er á 4 mánaða meðaltal.

Skattar á tekjur og hagnað námu 46 ma.kr. sem er aukning um milljarð frá sama tíma árið 2008 eða 2,2% aukning að nafnvirði. Þar af dróst tekjuskattur einstaklinga saman um 1,5% að nafnvirði og tekjuskattur lögaðila um 26,9%. Fjármagnstekjuskattur jókst aftur á móti um 7,6% á milli ára en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Stór hluti innheimts fjármagnstekjuskatts janúarmánaðar gengur þó til baka síðar á árinu, upp í álagðan tekjuskatt lögaðila. Innheimta eignarskatta var um 0,8 ma.kr. og dróst saman um 49,6% á milli ára.

Innheimta almennra veltuskatta nam 30 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins og dróst saman um tæplega 6 ma.kr. frá sama tíma í fyrra eða um 30,5% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þá er raunlækkunin á milli ára mjög mikil þegar litið er á 4 mánaða meðaltal eða 34,4%. Virðisaukaskattur nam um 22 ma.kr. samanborið við 25 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Það er samdráttur upp á 11,3% að nafnvirði og 26,8% að raunvirði. Virðisaukaskattur í febrúarmánuði einum dróst saman um 4,7% frá sama mánuði í fyrra en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina nóvember og desember. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er einna mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 91,9%. Hann endurspeglast í samdrætti í nýskráningum bifreiða, sem hefur farið stigvaxandi frá miðju ári 2008 og var um 90% á fyrstu tveimur mánuðum ársins.

Greidd gjöld nema 80,5 ma.kr. og hækka um 20,2 ma.kr. frá fyrra ári. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu eða um 8,1 ma.kr., þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 6,2 ma.kr. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 6,3 ma.kr. sem skýrist að mestu með 3,2 ma.kr. hækkun útgjalda atvinnuleysistryggingasjóðs og 1,3 ma.kr. vegna útgjalda lífeyristrygginga. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 2,2 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld til sjúkratrygginga skýra 1,5 ma.kr. Útgjöldin eru 1,8 ma.kr. innan áætlunar og skýrist það að mestu af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 8,4 ma.kr. í febrúar á móti 31,2 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 9,8 ma.kr. og lækkar um 22,9 ma.kr. milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 29,2 ma.kr. og hækkað stofn ríkisvíxla um 3,5 ma.kr. umfram innlausn. Á móti námu afborganir 1,3 ma.kr. sem skiptist jafnt á milli spariskírteina og annarra lána ríkissjóðs.

Ný hagspá OECD

Í nýrri hagspá Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, kemur fram að hagkerfi heimsins sé að fara í gegnum dýpsta og samstilltasta samdráttarskeið á ævi flestra okkar sem nú lifum. Orsökina er að finna í hinni alþjóðlegu fjármálakrísu sem leitt hefur til hruns alþjóðaviðskipta. Þá hafa svartsýni og þrengingar á lánamörkuðum lagst þungt á framleiðslu og atvinnustarfsemi, jafnt í aðildarríkjunum sem öðrum ríkjum. Til viðbótar er samdráttur í atvinnustarfsemi og tekjum farinn að veikja efnahagsreikninga banka og auka á niðursveifluna. Í skýrslunni bendir stofnunin á aðgerðir í efnahagsmálum sem líklegar eru til að stöðva samdráttinn og leiða til viðvarandi uppsveiflu. Miðað við slíkar aðgerðir reiknar stofnunin með að botni niðursveiflunnar verði náð í ár og að hagvöxtur hefjist árið 2010. Jafnframt bendir OECD á að mikil óvissa tengist mati á núverandi aðstæðum og framvindunni. Á meðfylgjandi mynd má sjá ársfjórðungslega þróun hagvaxtar (á árshraða) á OECD-svæðinu.



Upplýsingaskiptasamningur við Cayman-eyjar

Í gær var undirritaður í Stokkhólmi samningur milli Íslands og Cayman-eyja um upplýsingaskipti á sviði skattamála. Á sama tíma undirrituðu hin Norðurlöndin samhljóða samning við Cayman-eyjar. Af hálfu Íslands undirritaði Guðmundur Árni Stefánsson sendiherra samninginn en fyrir hönd Cayman-eyja Alden McLaughlin, ráðherra alþjóðlegra fjármálaviðskipta. Jafnframt hefur verið unnið að gerð þriggja samninga er varða skattlagningu tekna á afmörkuðum sviðum, þ.e. samningur um að komast hjá tvöfaldri skattlagningu á tekjur einstaklinga, samningur um skattlagningu tekna af rekstri skipa og flugvéla og samningur um aðferðir við ákvörðun hagnaðar tengdra fyrirtækja. Þessir þrír samningar verða undirritaðir í París í sumar. Stefnt er að fullgildingu allra samninganna á þessu ári og munu þeir koma til framkvæmda um næstu áramót.

Vöruskiptin í mars

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam verðmæti vöruútflutnings (fob) í mars 34,9 ma.kr. Verðmæti vöruinnflutnings nam aftur á móti 26,6 ma.kr. sem er svipuð útkoma og í febrúar og hefur ekki verið lægra í einum mánuði í þrjú ár. Afgangurinn á vöruskiptunum í mars nam því 8,3 ma.kr. sem er nokkuð betri útkoma en í febrúar þegar afgangurinn nam 5,9 ma.kr.

Flestir undirliðir innflutningsins eru að þessu sinni mjög svipaðir og í febrúar. Annan mánuðinn í röð er innflutningur hrá- og rekstrarvara með minnsta móti sem bendir til þess að heimsmarkaðsverð á áloxíði sé mjög lágt um þessar mundir. Nokkur aukning er aftur á móti í innflutningi á hálf-varanlegri neysluvöru eins og fatnaði.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða vex lítillega annan mánuðinn í röð en er þó lágt samanborið við síðustu mánuði sl. árs. Útflutningsverðmæti áls er lágt þriðja mánuðinn í röð þar sem heimsmarkaðsverð áls er nú með lægsta móti en útflutningsverðmæti kísiljárns er aftur á móti hátt.

Gleðilega páska!
Vefritið kemur næst út 16. apríl.

Tekjur ríkissjóðs janúar – febrúar		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	10,3	-6,7
Skattar á tekjur og hagnað	13,7	2,2
Eignarskattar	-2,9	-49,6
Skattar á vöru og þjónustu	6,9	-15,8
Tryggingagjöld	4,9	-8,4
Tekjur alls	10,2	-6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – febrúar		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	10,5	118,0
Heilbrigðismál	9,7	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	2,4	46,1
Efnahags- og atvinnumál	-6,1	33,8
Menntamál	15,7	12,6
Gjöld alls	6,7	33,5

Afkoma ríkissjóðs janúar – febrúar		
Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	34.979	12.053
Hreinn lánsfjárjöfnuður	32.668	9.774
Afborgun lána	-808	-1.327
Brúttó lánsfjárjöfnuður	31.201	8.447
Lántökur	2.327	32.389
Breyting á handbæru fé	33.529	40.836

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (mars)	8,7	15,2
Kjarnaverðbólga (mars)	8,0	15,3
Launavísitala (febrúar)	6,8	6,7
Heildarvelta (jan.-des. ´08)	8,3	4,6
Smásöluvelta (jan.-des. ´08)	8,3	-5,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (feb.)	0,9	7,0

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

16. apríl 2009

Meira um breytingar á vaxtabótakerfinu

Í vefriti fjármálaráðuneytisins 26. mars sl. var fjallað um fyrirhugaðar breytingar á vaxtabótakerfinu samkvæmt frumvarpi sem var til meðferðar á Alþingi. Í því frumvarpi var gert ráð fyrir 55% hækkun á hámarksfjárhæð vaxtabóta samhliða 25% hækkun hámarksfjárhæðar vaxtagjalda. Jafnframt var lagt til að tekjuskerðingarhlutfall kerfisins yrði hækkað úr 6% úr 7,5% þannig að bæturnar skiluðu sér fyrst og fremst til tekjulægri fjölskyldna. Kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum var talinn verða nálægt 2 milljörðum króna til viðbótar þeim 8 milljarða króna útgjöldum í formi vaxtabóta sem þegar hafði verið gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2009. Í þessu samhengi er rétt að nefna að í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 5,7% hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabótakerfisins.

Framangreint frumvarp sem nú hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi tók hins vegar nokkrum breytingum í meðförum þingsins. Tillaga um hækkun á tekjuskerðingarhlutfallinu úr 6% í 7,5% mætti talsverðri andstöðu vegna þess að í vissum tilvikum gat sú breyting leitt til þess að rétthafar vaxtabóta yrðu verr settir eftir breytinguna en fyrir hana þrátt fyrir mikla hækkun á vaxtagjöldum. Jafnframt var bent á að vaxtabyrði fjölskyldna hefði almennt farið hækkandi á undanförnum mánuðum vegna vaxandi greiðsluerfiðleika, meðal annars með töku dýrra skammtímalána. Sú þróun hefði leitt til þess að mun algengara væri nú en áður að meðalvaxtabyrði af lánum færi umfram það 5% hámark sem vaxtabótakerfið setur að óbreyttu.

Meðal annars í ljósi þessara athugasemda var fyrri tillögum um breytingar á vaxtabótakerfinu breytt í þá veru að í stað þess að hækka fjárhæð hámarksvaxtagjalda, sem mynda stofn til vaxtabóta, um 25% var hámarkshlutfall vaxtagjalda af skuldum hækkað úr 5% í 7%. Jafnframt var fallið frá þeirri tillögu að hækka tekjuskerðingarhlutfallið úr 6% í 7,5% samhliða því að dregið er úr fyrri áformum um hækkun hámarksbóta, eða úr 55% í 30%. Með þessum breytingum var því markmiði náð að vaxtabætur rétthafa samkvæmt breyttu kerfi yrðu aldrei lægri en samkvæmt eldra kerfi.

Í þessu felst að hámarksvaxtabætur hjóna eða sambýlisfólks hækka úr 314.134 krónum, en það var sú fjárhæð sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, í 408.374 krónur. Viðbótarhækkunin nemur samtals um 94 þús.kr. á ári, en samsvarandi hækkun fyrir einstaklinga og einstæða foreldra er 57 þús. og 73 þús.kr. Þessi hækkun kemur sem fyrr segir til viðbótar þeirri 5,7% hækkun sem gert var ráð fyrir í fjárlögum sem þýðir að hámarksvaxtabætur til hjóna og sambýlisfólks hækka um 111 þús. krónur milli áranna 2008 og 2009. Kostnaðarauki ríkissjóðs af framangreindum breytingum er áætlaður svipaður og áður, eða kringum 2 milljarðar króna. Rétt er að árétta að hér er um einsskiptisaðgerð að ræða sem ætlað er að létta undir með heimilum landsins. Ákvörðun vaxtabóta mun samkvæmt venju liggja fyrir við álagningu opinberra gjalda hinn 1. ágúst nk.

Af framansögðu má ljóst vera að íslenska vaxtabótakerfið er æði flókið, enda háð margvíslegum ólíkum breytum eins og tekjum, skuldastöðu, vaxtabyrði, nettóeign og síðast en ekki síst hjúskaparstöðu vaxtabótaþega. Slík kerfi vekja óhjákvæmilega upp spurningar um nauðsyn endurskoðunar í átt til einföldunar og meira gegnsæis gagnvart þeim sem þeirra njóta.

Færri auglýsingar birtar á Starfatorgi

Eftir aukningu á milli áranna 2006 og 2007, dró úr fjölda auglýsinga um laus störf á Starfatorgi (starfatorg.is) árið 2008. Fjöldi auglýsinga hélst mikill á fyrri hluta ársins 2008, en á síðari hluta ársins tók auglýsingum hins vegar að fækka umtalsvert, sérstaklega á fjórða ársfjórðungi. Á fjórða ársfjórðungi árið 2006 voru 380 auglýsingar birtar, en þær námu um 440 á sama tíma árið 2007. Á fjórða ársfjórðungi 2008 voru hins vegar aðeins 180 auglýsar birtar á Starfatorgi og á fyrsta ársfjórðungi 2009 var fjöldinn aftur um 180. Ljóst er að áhrifa samdráttar í efnahagslífinu gætir í fækkun auglýsinga á Starfatorginu og er líklegt að minni starfsmannavelta hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins búi þar að baki. Ekki er hægt að leggja að jöfnu fjölda auglýsinga og fjölda auglýstra starfa þar sem oft hendir að mörg stöðugildi eru auglýst með einni auglýsingu á Starfatorgi. Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda auglýsinga á Starfatorgi umrædd ár.

Auglýsingar á Starfatorgi 2006–2009



Vefurinn Starfatorg.is hefur verið starfræktur síðan í mars 2002. Markmiðið með vefnum er að auðvelda áhugasömum að skoða á einum stað hvaða störf eru í boði hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins, afla sér upplýsinga um störfin og þau réttindi og skyldur er þeim fylgja og senda inn umsóknir til viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar.

Mikil lækkun raunlauna

Þróun efnahagslífsins hefur verið talsvert neikvæð að undanförnu og ber þar helst að nefna stóraukið atvinnuleysi, gengisfall krónunnar, mikla hækkun verðlags og samdrátt í kaupmætti heimilanna. Í þessu svartnætti felst þó einn vonarneisti sem tengist sveigjanleika raunlauna. Eins og myndin sýnir hafa raunlaun lækkað um tæp 10% í febrúar 2009 frá sama mánuði á fyrra ári, sem er meiri lækkun en sést hefur í a.m.k. tvo áratugi. Þótt slík þróun sé ekki þægileg er önnur hlið á henni sem er vel þekkt í hagsögu Íslendinga, en hún er sú að þegar illa árar hefur gengið átt það til að falla og verðbólga að aukast. Þegar nafnlaun hækka minna en verðlag eða alls ekki, leiðir það til þess að raunlaunin falla og eftirsóknaverðara verður að ráða fólk til vinnu. Slíkt á sérstaklega við í atvinnugreinum sem framleiða til útflutnings eða eru í samkeppni við innflutning þar sem samkeppnisstaða þeirra hefur batnað mikið í erlendum gjaldmiðli talið. Við núverandi aðstæður er mikilvægt að endurreisn bankakerfisins gangi hratt og vel fyrir sig svo að fyrirtæki sem sjá sér hag í að taka lán til að auka starfsemina fái möguleika til þess. Þegar það fer að gerast munu hjól efnahagslífsins taka að hreyfast hraðar á ný. Þá er viðbúið að atvinnuleysið taki að minnka og nafnlaun að hækka á ný.

Þróun raunlauna janúar 1989 - febrúar 2009



Tekjur ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	10,3	-6,7
Skattar á tekjur og hagnað	13,7	2,2
Eignarskattar	-2,9	-49,6
Skattar á vöru og þjónustu	6,9	-15,8
Tryggingagjöld	4,9	-8,4
Tekjur alls	10,2	-6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – febrúar

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	10,5	118,0
Heilbrigðismál	9,7	14,2
Alm.trygg. & velferðarmál	2,4	46,1
Efnahags- og atvinnumál	-6,1	33,8
Menntamál	15,7	12,6
Gjöld alls	6,7	33,5

Afkoma ríkissjóðs janúar – febrúar

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	34.979	12.053
Hreinn lánsfjárjöfnuður	32.668	9.774
Afborgun lána	-808	-1.327
Brúttó lánsfjárjöfnuður	31.201	8.447
Lántökur	2.327	32.389
Breyting á handbæru fé	33.529	40.836

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (mars)	8,7	15,2
Kjarnaverðbólga (mars)	8,0	15,3
Launavísitala (febrúar)	6,8	6,7
Heildarvelta (jan.-des. ´08)	8,3	4,6
Smásöluvelta (jan.-des. ´08)	8,3	-5,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	0,9	7,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 4,9 ma.kr., sem er 42,6 milljörðum lakari útkoma en á sama tímabili í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu þremur mánuðum ársins voru 122 ma.kr. sem er um 6 ma.kr. lægri tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu um 130 ma.kr. og er frávikið því um 8 ma.kr. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 107 ma.kr. og drógust saman um 26,1% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis).

Innheimta almennra veltuskatta nam um 39 ma.kr. á fyrsta fjórðungi ársins og dróst saman um 35,1% að raunvirði á milli ára (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Virðisaukaskattur nam um 28 ma.kr. sem er samdráttur upp á 32,3% að raunvirði. Virðisaukaskattur í marsmánuði einum dróst saman um 37,4% frá sama mánuði í fyrra en hann kemur af innflutningi fyrir mánuðina janúar og febrúar. Frávikið frá fyrra ári skýrist þó að hluta til af áhrifum breyttra reglna um gjalddaga skattsins sem tóku gildi í mars og gilda til ársloka. Aðeins þriðjungur virðisaukaskatts fyrir tímabilið janúar-febrúar var nú á gjalddaga þann 15. mars og hinir tveir þriðjungarnir í apríl og maí. Það virðast ekki allir hafa nýtt sér þessa breytingu en um 1,4 ma.kr. koma til greiðslu í apríl og maí sem annars hefðu komið til greiðslu í mars.

Greidd gjöld nema 123,2 ma.kr. og hækka um 32,1 ma.kr. frá fyrra ári. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu um 15,8 ma.kr., þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 14,3 ma.kr. Útgjöldin eru 3,2 ma.kr. innan áætlunar og skýrist það að mestu af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 1,4 ma.kr. í mars á móti jákvæðum lánsfjárjöfnuði 33,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 64 milljónir króna og lækkar um 35,5 ma.kr. milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 44 ma. kr. og lækkað stofn ríkisvíxla um 3,6 ma.kr. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeyjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Á móti námu afborganir 1,3 ma.kr. sem skiptist jafnt á milli spariskírteina og annarra lána ríkissjóðs.

Nýleg könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Út er komin ný könnun Capacent Gallup um stöðu og framtíðarhorfur 500 stærstu fyrirtækja á Íslandi. Könnunin sem er samstarfsverkefni Fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Capacent Gallup var framkvæmd á tímabilinu 3. mars til 22. mars 2009 og svarhlutfall var 68,8%. Vísitalan nær frá 0 upp í 200 stig. Túlka má 100 stig þannig að jafnmargir séu jákvæðir og neikvæðir.

Vísitala efnahagslífsins



Vísitala efnahagslífsins mælist nú 0,7 stig og hefur verið í lágmarki frá haustmánuðum 2008. Langflestir forráðamanna fyrirtækjanna telja aðstæður í efnahagslífinu frekar slæmar eða mjög slæmar og eru niðurstöðurnar svipaðar hvort sem fyrirtækin eru á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Sama á við eftir því í hvaða atvinnugrein fyrirtækin eru. Ef forráðamenn fyrirtækjanna eru beðnir að hugsa sex mánuði fram í tímann eru niðurstöðurnar þær að vísitala efnahagslífsins mælist 93,4 stig sem gefur til kynna væntingar um óbreytt ástand að þeim tíma liðnum.

Breytingar á lögum um tekjuskatt

Þann 15. apríl sl. voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt með það að markmiði að styrkja skattframkvæmd og vinna gegn skattundanskoti. Lögfestingu þessara breytinga er ætlað að leiða til aukins jafnræðis en með þeim er dregið úr möguleikum þeirra sem hafa vilja og aðstöðu til þess að velta hlutdeild sinni í kostnaði af samfélaginu yfir á aðra. Þá ætti styrking skattframkvæmdar að leiða til aukinna tekna af tekjuskatti einstaklinga og fyrirtækja.

Helstu efnisatriði laganna eru eftirfarandi:

- Heimilt verður að skattleggja tekjur félags sem heimilisfesti hefur á lágskattasvæði með tekjum íslensks skattaðila sem á eða fer með umráð yfir því félagi. Hér er um að ræða svokallaða CFC-löggjöf (e. Controlled Foreign Corporation) en slík löggjöf er þekkt víða í löndum hins vestræna heims. Markmið hennar er að hamla gegn skattasniðgöngu í því formi að innlendir aðilar flytji eignir sínar og tekjur úr landi í félög sem þeir stofnsetja í lágskattaríkjum án þess að hafa í reynd nokkra starfsemi þar. Félög í virkri atvinnustarfsemi á EES-svæðinu eru undanþegin þessari löggjöf. Með þessu ákvæði verður einnig til framtalsskylda hins íslenska eiganda eða umráðaaðila vegna hinna erlendu félaga, eigna þeirra og tekna. Gert er ráð fyrir að ráðherra birti lista yfir þau lönd sem CFC-löggjöf tekur til.
- Sjálfvirk upplýsingaskylda banka og fjármálafyrirtækja gagnvart skattyfirvöldum er útvíkkuð frá því sem verið hefur og tekur nú til hvers kyns vaxtaberandi eigna og hvers kyns skulda. Breytingar þessar þjóna margvíslegum tilgangi. Má fyrst nefna bein áhrif á skattlagningu þar sem hvers kyns eignir, skuldir og vaxtagjöld af lánum til íbúðarkaupa eru t.a.m. ráðandi forsenda við ákvörðun vaxtabóta. Breytingarnar hafa einnig mikilvæg áhrif varðandi allt skatteftirlit. Þá má nefna að með sjálfvirkri upplýsingagjöf um lán, skuldir og vaxtagjöld einstaklinga verður unnt að forskrá nær allar upplýsingar sem til þarf fyrir framtal flestra einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur.
- Fjármálastofnunum sem starfa hér á landi verður skylt að veita skattyfirvöldum upplýsingar um viðskipti sem íslenskir skattaðilar eiga við útibú þeirra erlendis eða dótturfélög í lágskattaríkjum. Grunur leikur á að eignarhald í félögum hafi verið falið með því að skrá félög á Bresku Jómfrúreyjum eða í öðrum lágskattaríkjum og tekjum þar með skotið undan réttmætri íslenskri skattlagningu.
- Aðilum sem veita alþjóðlega skattaráðgjöf verður gert skylt að halda skrá yfir viðskiptavini sína sem skattyfirvöldum er heimill aðgangur að. Upplýsingar sem þannig fást munu bæta stöðu skattyfirvalda gagnvart þeim sem ástunda að koma tekjum sínum undan skatti.
- Eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun mun ekki teljast til skattskyldra tekna. Þá hefur fjármálaráðherra heimild til að samræma matsferli skuldaeftirgjafar, þannig að uppfyllt séu skilyrði umræddrar undanþágu, í því tilviki þegar eignir eru ekki til fyrir skuldum.

Þess má geta að frumvarpið tók nokkrum breytingum í meðförum þingsins og m.a. var felld brott grein er kvað á um það að aðilar sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi og bera því takmarkaða skattskyldu, skyldu sæta hér skattlagningu vegna vaxta sem þeir fá greidda hér á landi. Efnahags- og skattanefnd taldi að skoða þyrfti betur hver áhrif greinin gæti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé og lagði áherslu á að þegar að loknum kosningum yrði, með hliðsjón af tilgangi greinarinnar, haldið áfram að leita leiða sem tryggt gætu íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum úr landi.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	6,9	-10,9
Skattar á tekjur og hagnað	10,4	0,6
Eignarskattar	-16,0	-39,8
Skattar á vöru og þjónustu	3,9	-21,8
Tryggingagjöld	3,8	-8,5
Tekjur alls	7,9	-5,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	-14,8	163,7
Heilbrigðismál	9,9	13,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	46,5
Efnahags- og atvinnumál	6,6	22,4
Menntamál	13,8	11,4
Gjöld alls	6,4	35,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	37.763	-4.878
Hreinn lánsfjárjöfnuður	35.457	-64
Afborgun lána	-808	-1.339
Brúttó lánsfjárjöfnuður	33.659	-1.403
Lántökur	-322	36.880
Breyting á handbæru fé	33.337	35.477

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (apríl)	11,8	11,9
Kjarnaverðbólga (apríl)	10,4	12,3
Launavísitala (mars)	7,8	5,5
Heildarvelta (jan.-des. ´08)	8,3	4,6
Smásöluvelta (jan.-des. ´08)	8,3	-5,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	0,9	7,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

7. maí 2009

Staða samningaferlis við skilanefndir og kröfuhafa „gömlu bankanna"

Frá því að stóru viðskiptabankarnir þrír Glitnir, Landsbanki og Kaupþing, sem í almennu tali eru nú kallaðir „gömlu bankarnir", féllu í október 2008 hefur verið unnið að því að reisa nýja banka til að þjóna innlendum fjármálamarkaði, heimilum og atvinnulífi. Verkefnið er umsvifamikið og mörg flókin úrlausnarefni. Frá því að ný ríkisstjórn tók við í febrúar 2009 hefur verið unnið skipulega að þessu verkefni og stór skref tekin. Mikið hefur verið kallað eftir upplýsingum um stöðu mála. Þar sem framundan eru flóknar og viðamiklar samningaviðræður milli skilanefnda gömlu bankanna og og kröfuhafa annars vegar og nýju bankanna hinsvegar er erfitt að upplýsa á þessari stundu um einstök atriði. Engu að síður vilja stjórnvöld upplýsa almenning eins mikið og unnt er og því er hér rakið það sem unnist hefur.

Nýju bankarnir, nú Íslandsbanki, NBI, og Nýja Kaupþing voru stofnaðir í október í kjölfar þess að gömlu bankarnir féllu. Fjármálaeftirlitið tilkynnti að gömlu bönkunum yrði greitt fyrir eignir sem yfirfærðar voru í nýju bankana umfram skuldir þeirra, en fyrst og fremst var um innstæður sparifjáreigenda að ræða. Greiðslurnar yrðu skuldabréf sem útgefið yrði af nýju bönkunum. Í upphafi var gert ráð fyrir því að skilmálar skuldabréfanna tækju mið af mati Deloitte á eignum nýju bankanna.

Til þess að undirbúa og fara með samningaviðræður við skilanefndir gömlu bankanna og kröfuhafa um þessi skuldabréf voru reyndur fjármálamaður, Þorsteinn Þorsteinsson, og ráðgjafafyrirtækið Hawkpoint ráðin til þessa verks af fjármálaráðuneytinu.

Til viðbótar við verðmat Deloitte á eignum nýju bankanna var talið nauðsynlegt fyrir framgang samningaviðræðnanna að fá nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu nýju bankanna, m.a. efnahagsreikninga þeirra og raunhæfar viðskiptaáætlanir sem sýndu að nýju bankarnir yrðu starfshæfar og líffvænlegar einingar sem gætu staðið við skuldbindingar sínar og gætu þar með greitt af fyrrgreindu skuldabréfi.

Til að undirbúa samningaviðræður tóku ráðgjafarnir saman þau atriði sem þurfti að vinna frekar til að samningaviðræður gætu hafist, þar með talið stöðu nýju bankanna og væntingar skilanefnda, ráðgjafa þeirra og kröfuhafa og vinnuferil við fjármögnun nýju bankanna. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Misvægi er í efnahagsreikningum nýju bankanna bæði hvað varðar gjaldeyri og verðtryggingu sem leiðir til aukinnar áhættu í rekstri þeirra. Vinna þarf bug á þessu misvægi áður en hægt er að leggja fram áreiðanlegar viðskiptaáætlanir.
- Mikil óvissa í þjóðarbúskapnum og væntanleg skuldbreyting lána vegna greiðsluerfiðleika gerir það óraunhæft að ætla að ná samkomulagi við kröfuhafa um aðeins eitt eignaverð.
- Auk verðmats Deloitte þarf að fá fram frekari fjárhagslegar upplýsingar um nýju bankana, m.a. viðskiptaáætlanir vegna samninga um skuldabréfið sem taka mið af lausn á áðurnefndu misvægi.
- Skortur á upplýsingagjöf til kröfuhafa hafði dregið úr trausti þeirra og þeir töldu að nægilegrar sanngirni gætti ekki í tímaáætlun við samningaviðræður og að ekki væri tekið tillit til þarfa þeirra til að vinna úr upplýsingum sem lagðar yrðu fram.
- Fjármögnun bankanna af hálfu ríkisins og útgáfa skuldabréfsins til kröfuhafa þurfi að gerast á sama tíma, en ekki sitt í hvoru lagi.

Ráðgjafarnir hafa í framhaldi af þessum niðurstöðum unnið fyrir fjármálaráðuneytið og í samvinnu við önnur ráðuneyti og Seðlabankann að því að undirbúa samningaviðræður um skuldabréfið. Undirbúningsvinna gengur eftir atvikum vel.

- Unnið hefur verið hörðum höndum í nýju bönkunum við þá vinnu sem nauðsynlegt er að fari fram þar og mikill árangur hefur náðst t.d. varðandi viðskiptaáætlanir þar sem tekið er á hlutum eins og skuldbreytingu lána. Það sem helst stendur enn útaf borðinu er misvægi í efnahagsreikningi bankanna sem verið er að vinna að lausn á.
- Vinna vegna undirbúnings endurskoðunar stofnefnahagsreiknings og samræming á henni hefur farið fram á vegum Ríkisendurskoðunar í samvinnu við fjármálaráðuneytið.
- Samskipti við skilanefndir, ráðgjafa þeirra og kröfuhafa hafa batnað með aukinni upplýsingagjöf og bættum samskiptum og það virðist sem dregið hafi úr tortryggni.
- Skýrslur Deloitte liggja nú fyrir og upplýsingar í þeim og miðlun til samningsaðila hefur farið fram.

Eins og sést á ofangreindu er undirbúningur viðræðna langt kominn. Þegar sest verður að samningaborðinu munu ráðgjafarnir leggja fram samningsdrög fyrir hvern banka um sig fyrir samningsaðila að undangengnu samráði við ríkisstjórn og nýju bankana.

Vöruskiptin í apríl

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam útflutningur vöru á fob virði 31,7 ma.kr. sem er eilítið minni útflutningur en í marsmánuði. Innflutningur vöru nam 29,4 ma.kr. sem er aftur á móti aukning frá því í mars þegar innflutningurinn nam 26,5 ma.kr.

Það sem skýrir aukinn innflutning í apríl er aukinn innflutningur hrá- og rekstrarvara en þessi liður sveiflast nú meira en áður þar sem sveiflukenndur innflutningur á súráli hefur meira vægi en áður. Verðmæti annars innflutnings er nokkuð óbreytt á milli mánaða. Þá eru vísbendingar um að verðmæti útfluttra sjávarafurða hafi dregist saman á milli mánaða. Verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt hefur lækkað í efnahagslægð Vesturlanda, mest í ferskum botnfiskafurðum. Þá dróst heildaraflinn nokkuð saman á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við fyrsta fjórðung sl. árs og munar þar mikið um litla sem enga loðnuveiði á nýafstaðinni vertíð. Auk þess hefur gætt nokkurrar sölutregðu á undanförnum mánuðum og birgðir hafa aukist. Búist er við að jafnvægi framboðs og eftirspurnar aukist nú þegar verð hefur lækkað. Verðmæti útflutts áls er nær óbreytt á milli mánaða. Gengislækkun krónunnar hefur vegið á móti mikilli lækkun álverðs í erlendri mynt í kjölfar gríðarlegs samdráttar eftir álafurðum. Þrátt fyrir lækkun álverðs eru álverin hér á landi í fullri framleiðslu enda flest hagkvæm í alþjóðlegum samanburði auk þess sem þau eru með langtímasamninga um raforkukaup.

Á fyrsta fjórðungi ársins jókst útflutningur áls að magni til um 26% en álver Alcoa Fjarðaáls var ekki komið í fulla framleiðslugetu á fyrsta fjórðungi sl. árs. Í heild jókst vöruútflutningur alls að magni til um 8,9% á fyrsta fjórðungi ársins en útflutningur sjávarafurða dróst aftur á móti lítillega saman. Að magni til hefur innflutningur dregist gríðarlega saman eða sem nemur 43% á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við fyrsta fjórðung sl. árs. Samdrátturinn er mestur í innflutningi flutningatækja hvort sem er til einkanota eða atvinnurekstrar en einnig er mikill samdráttur í innflutningi fjárfestingarvara sem er góð vísbending um þróun fjárfestingar á árinu. Þá hefur innflutningur mat- og drykkjarvara til heimilisnota dregist saman um þriðjung en á móti er líklegt að neysla innlendrar neysluvöru sé að aukast.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – apríl 2009



Tekjur ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	6,9	-10,9
Skattar á tekjur og hagnað	10,4	0,6
Eignarskattar	-16,0	-39,8
Skattar á vöru og þjónustu	3,9	-21,8
Tryggingagjöld	3,8	-8,5
Tekjur alls	7,9	-5,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	-14,8	163,7
Heilbrigðismál	9,9	13,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	46,5
Efnahags- og atvinnumál	6,6	22,4
Menntamál	13,8	11,4
Gjöld alls	6,4	35,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	37.763	-4.878
Hreinn lánsfjárjöfnuður	35.457	-64
Afborgun lána	-808	-1.339
Brúttó lánsfjárjöfnuður	33.659	-1.403
Lántökur	-322	36.880
Breyting á handbæru fé	33.337	35.477

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (apríl)	11,8	11,9
Kjarnaverðbólga (apríl)	10,4	12,3
Launavísitala (mars)	7,8	5,5
Heildarvelta (jan.-des.´08)	8,3	4,6
Smásöluvelta (jan.-des.´08)	8,3	-5,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	0,9	7,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

14. maí 2009

Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið birti þann 12. maí sl. nýja skýrslu um stöðu og þróun efnahagsmála fyrir árin 2009 til 2014. Þar kemur fram að við hrun íslensku bankanna haustið 2008 í alþjóðlegri fjármálakreppu varð grundvallarbreyting á íslensku efnahagslífi. Stór hluti af fjárhagslegum auði landsmanna þurrkaðist út, gengi krónunnar hrapaði, vextir hækkuðu og fjármálastarfsemi fór í uppnám. Þessi atburðarás hefur framkallað djúpan samdrátt í innlendri eftirspurn, aukin gjaldþrot fyrirtækja og fjöldaatvinnuleysi. Gert er ráð fyrir að landsframleiðsla dragist saman um 10,6% árið 2009 meðan þjóðarútgjöld dragast saman um fimmtung. Verðbólguþrýstingur hefur minnkað mikið að undanförnu en þrátt fyrir það er talið að meðalverðbólga ársins mælist 10,2%. Stýrivextir munu lækka hratt fram eftir ári en ársmeðaltal þeirra verður 11,8%. Í skýrslunni er áætlað að atvinnuleysi verði 9,0% af vinnuafli árið 2009 og hefur það aldrei verið jafn mikið. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun dragast mikið saman vegna verðbólgu, lítilla kauphækkana, minna vinnumagns og atvinnuleysis. Einkaneysla dregst saman um fjórðung (24,7%).

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður/VLF
1995–2011



Lítils háttar hagvöxtur, eða 0,5%, gæti orðið árið 2010 ef stóriðjufjárfesting sem nú er ráðgerð gengur eftir. Samdráttur í öðrum eftirspurnarliðum heldur þó áfram árið 2010 en af minnkandi þunga. Einkaneysla verður 2,5% minni en 2009. Atvinnuleysi helst áfram hátt og gæti orðið 9,6% árið 2010 en verður þó tekið að minnka seinni hluta ársins. Verðbólga verður með minnsta móti árið 2010 eða um 1,6%. Stýrivextir 2010 verða því lægri en sést hafa lengi eða 4,3%.

Yfirlit þjóðhagsspár 2008–2011

		Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
	Ma.kr.	Brb.	Spá		
	2008	2008	2009	2010	2011
Einkaneysla	793,8	-7,7	-24,7	-2,5	5,5
Samneysla	360,0	2,8	0,5	0,3	0,4
Fjármunamyndun	350,4	-21,8	-36,3	11,6	17,7
Þjóðarútgjöld alls	1 507,6	-9,3	-21,3	0,7	6,4
Útflutningur vöru og þjónustu	655,1	7,1	0,5	1,6	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	697,6	-18,0	-27,9	2,4	6,1
Landsframleiðsla		0,3	-10,6	0,5	5,0
Viðskiptajöfnuður	- 514,5	.	.	.	.
% af landsframleiðslu	.	-34,6	-2,0	0,2	-1,1

Einn stærsti óvissuþátturinn í spánni er gengi krónunnar. Gert er ráð fyrir að gengið haldist veikt að meðaltali árin 2009-2010 en styrkist nokkuð árið 2011. Samkeppnisstaða innlendra framleiðenda hefur styrkst mikið og mun haldast sterk meðan krónan er veik. Vöruskiptahalli heyrir sögunni til og viðskiptahalli stefnir í sömu átt en hann var verulega neikvæður árið 2008 vegna falls bankanna.

Fjárfesting og einkaneysla drógust stórlega saman árið 2008 og munu dragast mikið saman 2009 meðan hagkerfið fer í gegnum dýpstu lægðina. Búist er við að viðsnúningur byrji á árinu 2010 og haldi áfram árið 2011, þegar fjárfesting, kaupmáttur og einkaneysla aukast á ný. Árin 2012 til 2014 er búist við hóflegum hagvexti, lítilli verðbólgu og mun minna atvinnuleysi.

Tekjur ríkissjóðs hafa minnkað mikið á meðan útgjöldin hafa stóraukist. Það blasir því við að framundan eru erfið ár í ríkisrekstrinum. Tekjuhalli ríkisins var 1,2% af landsframleiðslu 2008 en verður 12,6% árið 2009. Ráðgert er að hallanum verði eytt á næstu árum og ríkissjóður verði með tekjuafgang 2013.

Atvinnuleysi að breytast

Í gær gaf Vinnumálastofnun út nýjar tölur um atvinnuleysi. Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli er enn að aukast. Þó ber svo við í fyrsta skipti sl. tólf mánuði að færri eru atvinnulausir en mánuðinum á undan. Á myndinni má sjá breytingar á atvinnuleysi á milli mánaða á undanförnum mánuðum, bæði eftir kyni og landsvæðum.

Atvinnulausum tók að fjölga í fyrrasumar einkum meðal karla á höfuðborgarsvæðinu (HBS). Í september 2008 tók síðan steininn úr og hefur atvinnuleysi farið vaxandi í hverjum mánuði hjá körlum, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Í janúar og febrúar fjölgaði atvinnulausum körlum þar um nær 1.500 í hvorum mánuði. Þá var þegar farið að draga úr aukningu atvinnuleysis karla á landsbyggðinni þótt þeim fjölgaði enn ört. Atvinnulausum konum hefur einnig fjölgað en sú fjölgun hefur verið misjafnari og minni en hjá körlum.

Fjöldi atvinnulausra - breyting frá fyrra mánuði



Heimild: Vinnumálastofnun.

Í apríl hefur það svo gerst að atvinnulausum körlum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði lítið en konunum meira og það er í fyrsta skipti frá því atvinnuleysið tók að vaxa að konunum fjölgar meira en körlunum. Á landsbyggðinni hefur atvinnulausum fækkað, og meira hjá körlum en konum. Það er í samræmi við hefðbundna árstíðasveiflu en atvinnuleysi dregst yfirleitt saman á vorin. Nýliðun í atvinnuleysisskráningu, sem er mælikvarði á það hversu margir missa vinnuna var 744 í síðasta mánuði og hefur lækkað mikið.

Fjöldi atvinnulausra sem kemur úr mannvirkjagerð, verslun og ýmissi þjónustu stendur því sem næst í stað milli mánaða en í þessum greinum er það talið vera orðið mest. Þeim fækkar sem taldir eru hafa komið úr iðnaði og flutningastarfsemi en hlutfallslegt atvinnuleysi í seinni greininni var næst mest. Atvinnuleysi er enn að vaxa í sérfræðiþjónustu og öðrum greinum. Það er áhyggjuefni enda var atvinnuleysi fyrir viðast mun minna en í þeim greinum sem að ofan voru nefndar.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	6,9	-10,9
Skattar á tekjur og hagnað	10,4	0,6
Eignarskattar	-16,0	-39,8
Skattar á vöru og þjónustu	3,9	-21,8
Tryggingagjöld	3,8	-8,5
Tekjur alls	7,9	-5,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	-14,8	163,7
Heilbrigðismál	9,9	13,7
Alm.trygg. & velferðarmál	4,4	46,5
Efnahags- og atvinnumál	6,6	22,4
Menntamál	13,8	11,4
Gjöld alls	6,4	35,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars		
Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	37.763	-4.878
Hreinn lánsfjárjöfnuður	35.457	-64
Afborgun lána	-808	-1.339
Brúttó lánsfjárjöfnuður	33.659	-1.403
Lántökur	-322	36.880
Breyting á handbæru fé	33.337	35.477

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (apríl)	11,8	11,9
Kjarnaverðbólga (apríl)	10,4	12,3
Launavísitala (mars)	7,8	5,5
Heildarvelta (jan.-des. ´08)	8,3	4,6
Smásöluvelta (jan.-des. ´08)	8,3	-5,2
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	0,9	8,5

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

28. maí 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 20,7 ma.kr., sem er 49,1 ma.kr. lakari útkoma en á sama tímabili í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru rúmlega 151 ma.kr. sem er tæplega 10 ma.kr. lægri tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu rúmlega 159 ma.kr. og er frávikið því um 8 ma.kr. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 132 ma.kr. og drógust saman um 11,1% að nafnvirði og um 25,5% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Aðeins hefur hægt á samdrættinum að raunvirði milli ára en hann er þó enn mikill eða um 25,8% þegar horft er á 4 mánaða meðaltal. Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert á fyrstu fjórum mánuðum ársins frá sama tíma 2008 en þar munar mest um hærri vaxtatekjur.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 63 ma.kr. og drógust saman um 2,6% að nafnvirði frá fyrsta þriðjungi ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga tæpum 30 ma.kr., tekjuskattur lögaðila rúmlega 5 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur um 28 ma.kr.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæplega 52 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins og dróst saman um 18,8% að nafnvirði á milli ára eða um 31,9% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára enn mikil eða 31,7% (sjá mynd). Virðisaukaskattur nam um 37 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og dróst saman um 8 ma.kr. frá sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 17,9% að nafnvirði og 31,2% að raunvirði. Virðisaukaskattur í aprílmánuði einum nam tæplega 9 ma.kr. en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina janúar og febrúar. Þar af er um 0,9 ma.kr. vegna gjalddaga marsmánaðar en breyttar reglur um gjalddaga skattsins tóku gildi í mars og gilda til ársloka. Í marsmánuði var því aðeins þriðjungur virðisaukaskattsins á gjalddaga og hinir tveir þriðjungarnir áttu að koma til greiðslu í apríl og maí. Það virðast ekki allir hafa nýtt sér þessa frestun og er því einungis tæplega milljarður sem kemur inn í aprílmánuði. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 91,3% en nýskráningar bifreiða drógust saman um rétt tæplega 90% á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Greidd gjöld nema 167,7 ma.kr. og hækka um 42,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 34%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu eða um 17,2 ma.kr., þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 14,8 ma.kr. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 12,8 ma.kr. sem skýrist að mestu með 7,5 ma.kr. hækkun útgjalda atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára og 2 ma.kr. vegna útgjalda líf-

Raunbreyting skatttekna og tryggingagjalda
og skatta á vöru og þjónustu
(m.v. VNV án húsnæðis og 4 mán. hlaupandi meðaltal)



eyristrygginga. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála lækka hins vegar um 963 m.kr. milli ára. Útgjöldin eru 2,1 ma.kr. innan áætlunar og skýrist það að mestu af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 13,9 ma.kr. í apríl á móti jákvæðum lánsfjárjöfnuði upp á 23,9 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 12,5 ma.kr. og lækkar um 38,6 ma.kr. á milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 60,7 ma.kr. og lækkað stofn ríkisvíxla um 23,6 ma.kr. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeyjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Á móti námu afborganir 1,3 ma.kr. sem skiptist jafnt á milli spariskírteina og annarra lána ríkissjóðs.

Þjóðhagsstærðir og vinnuafl

Könnun á samhengi þjóðhagsstærða og vinnuaflsnotkunar einstakra atvinnugreina sem birt var í rammagrein 6 í Þjóðarbúskapnum – vorskýrslu 2009 leiðir í ljós að hægt er að notast við þær fyrrnefndu við mat á breytingum vinnuafls í sumum greinum. Gerð hefur verið athugun á sambandi einkaneyslu og vinnuaflsnotkunar í þeim greinum sem helst tengjast henni og er niðurstaðan sýnd á meðfylgjandi mynd. Einkaneysla er samsett úr neyslu íslenskra heimila hér á landi og erlendis en að sjálfsögðu hefur neysla Íslendinga erlendis engin áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli hér á landi. Á sama hátt telst neysla erlendra ferðamanna hér á landi ekki til einkaneyslunnar heldur til útflutnings á vöru og þjónustu. Sú neysla hefur hins vegar áhrif á vinnumarkaðinn í sömu greinum og tengjast einkaneyslunni mest. Sá hluti einkaneyslu Íslendinga sem fór fram erlendis árið 2008 nam 10,7% af allri einkaneyslu á meðan útgjöld erlendra manna hér á landi voru 7,1% einkaneysluútgjalda það ár. Í þjóðhagsreikningum eru útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi dregin frá einkaneysluuppgjöri sem óskiptur liður og færð til tekna í utanríkisviðskiptum.

Ársbreytingar



Heimild: Hagstofa Íslands.

Það samband sem myndin sýnir er að ef einkaneysla breytist um 1% breytist vinnuaflsnotkun í einkaneyslugreinunum um 0,62%. Þótt sambandið mætti vera sterkara er hægt að spá fyrir um breytingu á vinnuafli í þessum greinum út frá áætlaðri breytingu á einkaneyslu. Í því samhengi þarf einnig að athuga áhrif ýmissa annarra mögulegra skýringarþátta, sem geta verið breytilegir. Má þar nefna framleiðni, en hún er oft breytileg þegar efnahagslífið skiptir um gír, þar sem mælt vinnsluvirði (eða annar mælikvarði á framlag til landsframleiðslu) og vinnumagn breytast umtalsvert en ekki endilega samtímis. Miðað við hið mælda tölfræðisamband má því reikna með að vinnuaflsnotkun einkaneyslugreinanna dragist saman um 15% sem jafngildir því að störfum fækki um 10.000 til 11.000 manns árið 2009. Reikna má með að stór hluti af þeim samdrætti sé nú þegar kominn fram.

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	7,0	-11,1
Skattar á tekjur og hagnað	11,1	-2,6
Eignarskattar	-17,8	-41,6
Skattar á vöru og þjónustu	3,7	-18,8
Tryggingagjöld	4,9	-9,8
Tekjur alls	8,0	-5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,2	100,1
Heilbrigðismál	6,1	20,4
Alm.trygg. & velferðarmál	7,7	43,9
Efnahags- og atvinnumál	1,4	28,6
Menntamál	9,7	11,9
Gjöld alls	8,6	34,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	28.379	-20.720
Hreinn lánsfjárjöfnuður	26.025	-12.544
Afborgun lána	-804	-1.337
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.901	-13.881
Lántökur	9.701	43.706
Breyting á handbæru fé	33.602	29.825

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (maí)	12,3	11,6
Kjarnaverðbólga (maí)	10,8	12,2
Launavísitala (apríl)	8,2	4,4
Heildarvelta (jan.-feb.)	10,0	-19,3
Smásöluvelta (jan.-feb.)	7,3	-17,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	0,9	8,5

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

4. júní 2009

Um verð á eldsneyti

Hækkanir á vörugjöldum á eldsneyti sem Alþingi samþykkti í síðustu viku eru að sjálfsögðu gerðar af brýnni þörf og eru hluti af aðgerðum stjórnvalda til að leysa þann mikla efnahagsvanda sem við er að etja. Strax eftir að lögin tóku gildi hækkaði verð á eldsneyti sem aukinni skattheimtu nam. Þannig fór verð á bensíni strax yfir 180 kr. en það lækkaði síðan enda hefur gengi krónunnar styrkst nokkuð frá því áður en þessar hækkanir á vörugjöldum voru tilkynntar. Bensínverð er nú um 178 krónur lítrinn og díselolía kostar um 168 krónur á höfuðborgarsvæðinu. Viðbrögð við hækkuðum vörugjöldum voru eins og við var að búast en rétt er að halda til haga nokkrum staðreyndum um málið. Þrátt fyrir þessar hækkanir er verð á eldsneyti á Íslandi enn með því ódýrasta í Evrópu eins og sjá má á meðfylgjandi mynd þar sem 18 löndum er raðað eftir verði á bensíni samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Vegagerðarinnar í Danmörku (trafikken.dk). Fyrir Ísland eru upplýsingar teknar af vefsíðu n1.is 2. júní og sýna meðalverð í sjálfsafgreiðslu.

Eldsneytisverð í 18 Evrópulöndum



Heimild: Trafikken.dk - 2. júní 2009.

Bensín er um þessar mundir dýrast í Hollandi af Evrópuríkjum og kostar þar um 250 krónur hver lítri, sem er yfir 40% hærra en hér á landi. Noregur, Belgía og Danmörk eru skammt undan með verð yfir 235 krónur á lítrann, sem er um þriðjungi dýrara en hér á landi. Á myndinni má sjá að það er einungis á Spáni, í Sviss, á Írlandi og í Póllandi sem bensín er ódýrara en hér á landi og er bensínverðið lægst í Póllandi, eða um 160 krónur hver lítri. Díselolía er dýrust í Noregi og Stóra-Bretlandi, yfir 200 krónur á lítrann, sem er um 15% dýrara en hér á landi. Í 6 Evrópuríkjum er díselolía ódýrari en á Íslandi og þar af er hún ódýrust í Lúxemborg og Póllandi, eða um 142 krónur hver lítri, sem er tæplega 20% ódýrara en hér á landi.

Eftir nýorðnar hækkanir á gjöldum er hlutur hins opinbera í endanlegu verði bensíns 92,5 krónur sem er rétt um 52%. Í díselolíu er hlutur hins opinbera 84,9 krónur eða 49,5%. Ekki liggja fyrir samanburðartölur fyrir Evrópulönd í þessum efnum en samkvæmt upplýsingum Svenska Petroleum Institutt (spi.se) var hlutur ríkisins 64,5% af bensínverði í Svíþjóð í aprílmánuði eða yfir 130 krónur á lítrann. Á vef Hagstofunnar kemur fram að meðalverð á innfluttu bensíni (cif) til Íslands fyrstu 4 mánuði ársins var tæplega 51 þúsund krónur á hvert tonn sem jafngildir 38 krónum á hvern lítra. Hlutur dreifingarkostnaðar og álagningar er því nálægt 47 krónum á lítra um þessar mundir.

Vöruskiptin í maí

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam innflutningur vöru á fob virði í maí 31,7 ma.kr. sem er eilítil aukning frá apríl þegar innflutningurinn nam 29,4 ma.kr. Útflutningur vöru nam aftur á móti 38,7 ma.kr. og er það nokkur aukning frá aprílmánuði þegar útflutningur nam 31,7 ma.kr. Afgangur á vöruskiptum í maí nam því 7,3 ma.kr.

Það sem helst skýrir aukinn innflutning í maí er aukinn innflutningur á olíu og eldsneyti en þessi innflutningur er jafnan nokkuð sveiflukenndur og var með minnsta móti í apríl. Lítillegur samdráttur var aftur á móti í innflutningi hrá- og rekstrarvara en hann var nokkuð mikill í apríl. Þessi innflutningur er nú mun sveiflukenndari en áður samfara auknum innflutningi súráls.

Verðvísitala sjávarafurða í erlendri mynt 1995-2017



Heimild: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Vísbendingar eru um að verðmæti útfluttra sjávarafurða hafi verið mjög gott í maí eftir að það drósti nokkuð saman í upphafi ársins í kjölfar hríðfallandi verðs í erlendri mynt. Lágt gengi íslensku krónunnar kemur sér vel fyrir útflutningsgreinarnar en á móti kemur að verð allflestra íslenskra útflutningsafurða hefur dregist mjög saman í erlendri mynt á undanförnum mánuðum. Hvað sjávarafurðirnar varðar hefur verð ferskra botnfisksafurða lækkað mest á erlendum mörkuðum þar sem neytendur færa sig nú meira yfir í ódýrari neysluvörur. Einnig hefur gætt nokkurrar sölutregðu á undanförnum mánuðum sem gert hefur það að verkum að birgðir hafa aukist hér innanlands. Nú virðist sem mesta lækkunarferlið sé yfirstaðið í bili og meira jafnvægi sé komið á markaðinn en mjög erfitt er að spá fyrir um þróun fiskverðs þar sem framboðið er mjög háð duttlungum náttúrunnar. Einnig eru vísbendingar um að verðmæti útflutts áls sé með ágætasta móti í maí en það hríðféll í upphafi ársins og hefur verið mjög lágt samanborið við allan seinni helming sl. árs. Eftirspurn eftir álafurðum hefur dregist mikið saman í kjölfar fjármálakreppunnar og þ.a.l. heimsmarkaðsverð áls. Má því búast við að verðmæti útflutts áls verði áfram nokkuð lágt á næstu misserum en á móti kemur að þá dregst innflutningsverðmætið einnig saman þar sem verðþróun súráls hefur mjög sterka fylgni við verðþróun fullunninna álafurða.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – maí 2009



Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	7,0	-11,1
Skattar á tekjur og hagnað	11,1	-2,6
Eignarskattar	-17,8	-41,6
Skattar á vöru og þjónustu	3,7	-18,8
Tryggingagjöld	4,9	-9,8
Tekjur alls	8,0	-5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,2	100,1
Heilbrigðismál	6,1	20,4
Alm.trygg. & velferðarmál	7,7	43,9
Efnahags- og atvinnumál	1,4	28,6
Menntamál	9,7	11,9
Gjöld alls	8,6	34,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl		
Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	28.379	-20.720
Hreinn lánsfjárjöfnuður	26.025	-12.544
Afborgun lána	-804	-1.337
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.901	-13.881
Lántökur	9.701	43.706
Breyting á handbæru fé	33.602	29.825

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (maí)	12,3	11,6
Kjarnaverðbólga (maí)	10,8	12,2
Launavísitala (apríl)	8,2	4,4
Heildarvelta (jan.-feb.)	10,0	-19,3
Smásöluvelta (jan.-feb.)	7,3	-17,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	0,9	8,5

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

11. júní 2009

Samningur um Icesave

Á dögunum var undirritaður samningur við hollensk og bresk stjórnvöld um að veita Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta lán til 15 ára vegna þeirra skuldbindinga sem sjóðurinn stendur frammi fyrir vegna hruns Landsbankans. Sem skilyrði fyrir lántökunni fær tryggingasjóðurinn framselda kröfu breskra og hollenskra sparifjáreigenda í þrotabú Landsbankans. Fyrstu 7 árin þarf hvorki að greiða afborganir né vexti. Á því tímabili, og síðar, verður hægt að nýta það sem kemur úr þrotabúinu til að greiða skuldina niður án kostnaðar. Árið 2016 verður ábyrgð ríkissjóðs á eftirstöðvum skuldarinnar virk.

Gert er ráð fyrir greiðslum inn á höfuðstól með sölu á eignum Landsbankans og er miðað við að 75% af andvirði Icesave innstæðutrygginganna endurheimtist.

Þær fjárhæðir sem um er rætt eru að hámarki frá Bretum um 2.350 milljónir punda og frá Hollendingum um 1.329 milljónir evra. Í lánasamningnum er getið um hámarkstölur en lokatölurnar ráðast af lokaniðurstöðu nýrrar endurskoðunar Landsbankans á heildartapinu. Í íslenskum krónum hefur verið rætt um að fjárhæðin sé um 640-680 milljarðar króna en hún ræðst af fyrrnefndri endurskoðun sem og gengi íslensku krónunnar.

Vextir reiknast á lánið frá 1. janúar 2009, um er að ræða fasta ársvexti upp á 5,55%, þ.e. 1,25% álag ofan á lágmarksviðmiðunarvexti OECD á langtímalánum sem eru 4,30%. Bæði álagið og viðmiðunarvextirnir eru með því lægsta sem gerist með fasta langtímavexti í Evrópu.

Kostir fastvaxtasamninga umfram breytilega vexti eru eftirfarandi:

- Vaxtagreiðslur eru þekktar að svo miklu leyti sem áætlanir um endurheimtur af eignum Landsbankans standast.
- Fastir vextir eru í sögulegu lágmarki ef litið er til síðustu 50 ára.
- Breytilegir vextir geta hækkað mikið á stuttum tíma sem gæti þyngt lausafjárstöðu og afkomu ríkissjóðs verulega.

Varðandi breytilega vexti má nefna að lausafjárinnspýting seðlabanka og mikil útgáfa ríkisbréfa víða um lönd getur orðið til þess að valda verðbólguskoti sem mætt yrði með hækkun skammtímavaxta og þar með breytilegra vaxta.

Fastir og breytilegir vextir í Bretlandi 1957-2009



Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fastra og breytilegra vaxta í Bretlandi. Þar má sjá að árið 1977, við lok samdráttarskeiðs í efnahagslífi Bretlands, fóru breytilegir vextir úr um 6% í ríflega 18% og héldust síðan háir um langt árabil.

Efnahagslíf Norðurlandanna

Norðurlöndin fara ekki varhluta af hinni alþjóðlegu fjármálakreppu sem nú geisar. Spáð er nokkrum samdrætti í landsframleiðslu á öllum Norðurlöndunum á yfirstandandi ári en hvergi er þó ástandið eins erfitt og hér á landi. Virðist sem Noregur komi best úr þessu árferði en fjármálaráðuneyti Noregs spáir 1,9% samdrætti í landsframleiðslu (fastaland) á yfirstandandi ári. Í Svíþjóð er aftur á móti gert ráð fyrir 4,2% samdrætti og nýlegar vísbendingar benda til að samdrátturinn verði lítið eitt meiri þar í landi. Í Finnlandi er spáð 5% samdrætti á árinu. Í Danmörku er gert ráð fyrir 2,5% samdrætti í landsframleiðslu á yfirstandandi ári.

Vinnumarkaðurinn í Finnlandi 1990-2010



Heimild: Hagstofa Finnlands og spá finnska fjármálaráðuneytisins.

Líkt og hér á landi er atvinnuleysi að aukast hröðum skrefum. Í Finnland, þar sem kerfislægt atvinnuleysi er metið vera mjög hátt, er gert ráð fyrir svipuðu atvinnuleysi og hérlendis, eða í kringum 9-10% af vinnuafli. Atvinnuleysi jókst mjög hratt í Finnlandi við fall Sovétríkjanna eða úr ca. 3% í um 17% á þremur árum. Síðan lækkaði atvinnuleysið hægt og rólega og fór lægst í 6,4% á sl. ári en er spáð 9% á þessu ári. Í Finnlandi og Svíþjóð var „öryggisnet" atvinnulausra treyst umtalsvert þegar atvinnuleysið varð sem mest sem gerði að verkum að hvatinn til þess að fara aftur út á vinnumarkaðinn þegar umsvif í efnahagslífinu jukust á ný var ekki eins mikill og áður. Í Finnlandi hefur atvinnustigið sem var 74,1% árið 1990 hæst farið síðan í 70,6% á sl. ári eftir að það tók mikla dýfu í upphafi kreppunnar. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysið fari yfir 11% á spátímabilinu í Svíþjóð en í 5% í Danmörku á næsta ári en þar var atvinnuleysi einungis 1,8% af vinnuafli á síðastliðnu ári. Í Noregi er einnig gert ráð fyrir að atvinnuleysishlutfallið aukist en einungis lítillega og verði um 2,5-3% af vinnuafli á yfirstandandi ári.

Norðurlöndin eru lítil opin hagkerfi og eru næm fyrir samdrætti í eftirspurn viðskiptalanda sinna. Útflutningsgreinar þeirra eru mjög háðar hinni alþjóðlegri hagsveiflu og verða fyrir nokkru höggi sem skýrir samdráttinn í landsframleiðslunni. Innlend eftirspurn dregst minna saman og þar af einkaneyslan sem dregst saman um 1-2% að Noregi undanskildum en þar er spáð 2,5% vexti í einkaneyslu árið 2009. Þar virðist sem vöxtur í atvinnuleysi skili sér ekki í miklum samdrætti í einkaneyslu líkt og hér á landi enda hefur efnahagsreikningur heimila Norðurlandanna ekki beðið tjón í líkingu við efnahagsreikning íslensk ra heimila. Norðurlöndin geta því frekar gripið til sparnaðar síns til þess að viðhalda neysluvenjum auk þess sem þau ekki lifað umfram efni á undanförnum árum í sama mæli og Íslendingar hafa gert.

Settur ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu

Fjármálaráðherra hefur sett Guðmund Árnason í embætti ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu frá 11. júní til 31. desember 2009. Guðmundur er með háskólapróf í stjórnmálafræði og alþjóðastjórnmálum. Hann var skipaður deildarstjóri í forsætisráðuneyti í ársbyrjun 1992 og skrifstofustjóri í sama ráðuneyti frá ársbyrjun 1996. Guðmundur var settur ráðuneytistjóri í menntamálaráðuneyti í september 2002 og skipaður ráðuneytisstjóri í því ráðuneyti í mars 2003. Menntamálaráðherra hefur veitt Guðmundi leyfi frá störfum á meðan hann gegnir starfi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu.

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	7,0	-11,1
Skattar á tekjur og hagnað	11,1	-2,6
Eignarskattar	-17,8	-41,6
Skattar á vöru og þjónustu	3,7	-18,8
Tryggingagjöld	4,9	-9,8
Tekjur alls	8,0	-5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,2	100,1
Heilbrigðismál	6,1	20,4
Alm.trygg. & velferðarmál	7,7	43,9
Efnahags- og atvinnumál	1,4	28,6
Menntamál	9,7	11,9
Gjöld alls	8,6	34,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	28.379	-20.720
Hreinn lánsfjárjöfnuður	26.025	-12.544
Afborgun lána	-804	-1.337
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.901	-13.881
Lántökur	9.701	43.706
Breyting á handbæru fé	33.602	29.825

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (maí)	12,3	11,6
Kjarnaverðbólga (maí)	10,8	12,2
Launavísitala (apríl)	8,2	4,4
Heildarvelta (jan.-feb.)	10,0	-19,3
Smásöluvelta (jan.-feb.)	7,3	-17,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,0	8,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Indriði H. Þorláksson. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Nýleg könnun um stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja

Í upphafi mánaðar lágu fyrir niðurstöður nýrrar könnunar Capacent Gallup um stöðu og framtíðarhorfur 500 stærstu fyrirtækja á Íslandi, þar sem stuðst er við heildarlaunagreiðslur þegar stærstu fyrirtækin eru valin. Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Capacent Gallup. Könnunin var gerð á tímabilinu 19. maí til 29. maí 2009 og svarhlutfall var 47,5%. Alls tóku 212 fyrirtæki þátt í könnuninni að þessu sinni en í endanlegu úrtaki voru 446 fyrirtæki.

Líkt og í undanförnum könnunum er vísitala efnahagslífsins í lágmarki og mælist nú 0,0 stig en vísitalan nær frá 0 upp í 200 stig og túlka má 100 stig þannig að jafnmargir séu jákvæðir og neikvæðir. Nær allir forráðamenn fyrirtækjanna telja aðstæður í efnahagslífinu frekar slæmar eða mjög slæmar og eru niðurstöðurnar svipaðar hvort sem fyrirtækin eru á höfuðborgarsvæðinu eða af landsbyggðinni.

Vísitala efnahagslífsins



Ef forráðamenn fyrirtækjanna eru beðnir að hugsa sex mánuði fram í tímann eru niðurstöðurnar einnig neikvæðar og mælist vísitala efnahagslífsins 35,7 stig en hún mældist 93,4 stig í mars síðastliðnum. Það eru því mun fleiri nú en í síðustu könnun sem telja að aðstæður í efnahagslífinu muni versna á næstu sex mánuðum. Eru forráðamenn fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu minna bjartsýnir en forráðamenn fyrirtækja á landsbyggðinni. Forráðamenn fyrirtækja í bygginga- og veitustarfsemi eru einna svartsýnastir og mælist vísitala þeirra 0 stig sem þýðir að allir telja að aðstæður í efnahagslífinu muni versna á næstu sex mánuðum. Forráðamenn fyrirtækja í fjármála- og tryggingastarfsemi eru aftur á móti minna svartsýnir hvað næsta hálfa árið varðar og mælist vísitala þeirra 75 stig.

Eiginfjárhlutfall íbúðareigenda

Í nýlegri þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins er fjallað um þróun eiginfjárhlutfalls í íbúðarhúsnæði. Þar kemur fram að í heild hafa skuldir með veði í íbúðarhúsnæði numið að meðaltali um 35% af fasteignamati samkvæmt álagningu ríkisskattstjóra fyrir tekjuárin 1992 til 2007. Eiginfjárhlutfall í íbúðarhúsnæði hefur því verið um 65%. Heimilin hafa talið sig gæta sömu varúðar í fjárfestingum nýliðinna ára og áður, því þetta hlutfall hefur verið nokkuð stöðugt allan þennan tíma sem þýðir að íbúðaskuldir hækkuðu í takt við íbúðaverð. Nú er áætlað að þróun fasteignaverðs og fasteignaskulda á árunum 2008 og 2009 leiði til þess að eiginfjárhlutfallið lækki í u.þ.b. 44% í árslok 2009. Það sem veldur þessari miklu lækkun á hlutfallinu er tvennt. Nafnvirði íbúða er að lækka, og sem meiru skiptir, hafa íbúðaskuldir hækkað mikið í kjölfar verðuppfærslu á höfuðstóli lánanna vegna verðbólgu og lækkunar á gengi krónunnar, en það síðarnefnda hefur haft áhrif á gengisbundinn hluta íbúðalána.

Eiginfjárhlutfall íbúðareigenda 1992-2009



Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin áætlanir.

Eiginfjárhlutfall í íbúðarhúsnæði

Eiginfjárhlutfall (%)	Staða í árslok 2007 Fjölskyldur	Staða í árslok 2007 Nettó eign (ma.kr.)	Staða í árslok 2009* Fjölskyldur	Staða í árslok 2009* Nettó eign (ma.kr.)
100	27.000	600	27.000	540
90-99	4.441	169	2.520	89
80-89	7.386	213	4.083	114
70-79	7.879	176	4.723	107
60-69	7.809	143	5.068	91
50-59	7.606	108	4.903	70
40-49	6.979	75	4.977	57
30-39	6.918	54	4.955	42
20-29	6.424	34	4.686	27
10-19	5.714	17	4.405	15
0-9	4.343	4	4.423	5
minna en 0	7.493	-23	28.488	-183
alls	99.992	1.570	100.231	974
alls með skuld	72.992	970	73.231	434

*Áætlun.

Heimildir: Ríkisskattstjóri, Seðlabankinn og eigin útreikningar.

Í árslok 2007 nam íbúðareign samkvæmt fasteignamati 2.432 ma.kr. en íbúðaskuld 862 ma.kr. Um 100.000 heimili voru skráð fyrir íbúð. Þar af skulduðu 27.000 heimili ekkert í íbúðum sínum, en 17.500 fjölskyldur skulduðu sem nam 80% eða meira. Ef hinir skuldlausu eru undanskildir áttu 73 þúsund fjölskyldur húsnæði metið á 1.830 ma.kr. en skuldir að upphæð 861 ma.kr. Eiginfjárhlutfall þessara 73 þúsund fjölskyldna var 53% í árslok 2007 og áætlað um 40% í árslok 2008, og lauslega er áætlað að það verði komið í 27% í árslok 2009. Þróunin hefur haft mikil áhrif á fjárhagslega stöðu heimilanna, en mest hjá þeim sem mikið skulda. Til viðbótar við rýrnandi kaupmátt og aukið atvinnuleysi hefur aukning skulda og minnkandi íbúðaauður áhrif til að draga úr vilja heimilanna eða getu til að taka lán. Því hefur þrengt að neyslugetu margra fjölskyldna og gert þær viðkvæmar fyrir frekari sveiflum. Í árslok 2007 voru um 7.500 heimili með um 3,1 m.kr. að meðaltali í neikvæðu eigin fé. Nú er áætlað að þau verði orðin um 28.500 talsins með um 6,4 m.kr. að meðaltali í neikvæðu eigin fé í árslok 2009. Sú þróun segir þó ekki til um greiðslubyrði heimilanna, en benda má á upplýsingar Seðlabankans hvað það atriði varðar.

Aðgerðir stjórnvalda til að halda greiðslubyrði íbúðalána í skefjum eru ígildi lánafyrirgreiðslu og hjálpa mörgum yfir erfiðasta hjallann. Í heild er áætlað að meðaleign íslenskra fjölskyldna í íbúðarhúsnæði lækki úr 15,7 m.kr. í 9,7 m.kr á tveimur árum sem er 38% lækkun að nafnverði og 50% að raungildi. Nettó eign jókst þrátt fyrir aukna skuldsetningu þegar húsnæðisverð hækkaði, en nú stuðlar lækkun íbúðaverðs og hækkun skulda að lækkun eiginfjárhlutfallsins. Reynslan bendir til að fasteignamarkaðurinn og skuldir heimila nái jafnvægi þegar tekjur taka að aukast á ný. Því má telja líklegt að íbúðaverð og eiginfjárhlutfall fari hækkandi eftir nokkur ár.

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	7,0	-11,1
Skattar á tekjur og hagnað	11,1	-2,6
Eignarskattar	-17,8	-41,6
Skattar á vöru og þjónustu	3,7	-18,8
Tryggingagjöld	4,9	-9,8
Tekjur alls	8,0	-5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,2	100,1
Heilbrigðismál	6,1	20,4
Alm.trygg. & velferðarmál	7,7	43,9
Efnahags- og atvinnumál	1,4	28,6
Menntamál	9,7	11,9
Gjöld alls	8,6	34,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl		
Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	28.379	-20.720
Hreinn lánsfjárjöfnuður	26.025	-12.544
Afborgun lána	-804	-1.337
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.901	-13.881
Lántökur	9.701	43.706
Breyting á handbæru fé	33.602	29.825

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (maí)	12,3	11,6
Kjarnaverðbólga (maí)	10,8	12,2
Launavísitala (apríl)	8,2	4,4
Heildarvelta (jan.-feb.)	10,0	-19,3
Smásöluvelta (jan.-feb.)	7,3	-17,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,0	8,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Guðmundur Árnason. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

25. júní 2009

Tekjuþróun árið 2009

Fjármálaráðuneytið vaktar reglulega gögn um staðgreiðslu einstaklinga, bæði vegna skatttekna ríkissjóðs og til að fylgjast sem best með almennri efnahagsþróun. Tekið skal fram að þau gögn sem ráðuneytið hefur aðgang að eru ekki persónugreinanleg. Nú liggja fyrir marktæk gögn um fyrstu fjóra mánuði ársins í ár þannig að hægt sé að draga af þeim ályktanir.

Heildarfjöldi einstaklinga sem er að finna á staðgreiðsluskrám fyrstu fjögurra mánaða ársins í ár er tæplega 5% minni en á sama tímabili árið á undan. Áhrif samdráttar í efnahagslífinu eru flóknari en ætla mætti við að útskýra það þar sem atvinnulausir fá áfram tekjur í formi bóta frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá eru eldri gögnin orðin fullkomnari en hin nýrri.

Meðaltekjur eru 5,6% lægri í ár en á sama tíma í fyrra. Það stafar af minnkuðu vinnuframlagi eins og fjallað hefur verið um í ritinu Þjóðarbúskapurinn - vorskýrsla 2009. Af staðgreiðslugögnunum má sjá að efnahagsáfallið hefur komið mjög mismunandi niður á kynjunum. Þannig hafa meðaltekjur karla lækkað um 6,2% milli ára meðan þær hafa hækkað um 8,2% hjá konum. Þetta á við um parað úrtak, þ.e. þann hóp sem upplýsingar eru um fyrir bæði tímabilin. Tekjur hafa hækkað að meðaltali hjá þeim sem voru með mánaðarlaun undir 300 þúsund krónum fyrstu fjóra mánuði ársins 2008 en lækkað hjá þeim sem voru með tekjur þar fyrir ofan og því meira sem þær voru hærri. Um það bil fjórðungur launamanna er nú með innan við 90% af tekjum fyrra árs meðan þriðjungur hefur 10% meiri tekjur en þá og þaðan af meira. Það eru fleiri skýringar en launahækkanir á hækkun þeirra sem voru með litlar tekjur árið 2008. Í þessum hópi eru til dæmis þeir sem þá stunduðu hlutastörf með námi en eru nú í fullri vinnu. Laun þeirra sem voru með yfir 1 m.kr. á mánuði árið 2008 hafa lækkað um 27% að meðaltali milli ára. Það skal tekið fram að inni í staðgreiðslugögnum eru ýmsar skattskyldar greiðslur sem ekki er víst að séu reglubundin laun, t.d. útgreiðsla séreignarsparnaðar á árinu 2009. Þetta hefur þó ekki mjög mikil áhrif á heildartölur.

Frumvarp um Bankasýslu ríkisins

Í kjölfar þeirra áfalla sem urðu á fjármálamarkaði sl. haust er ríkið orðið eignaraðili í flestum stærstu fjármálafyrirtækjum landsins. Miðað við mikilvægi fjármálastofnana í nútímahagkerfi þarf ríkið að leitast við að haga eigendaákvörðunum sínum þannig að ná megi fram eðlilegum viðskiptaháttum og virkri samkeppni á fjármálamarkaði þrátt fyrir að umrædd fjármálafyrirtæki séu að stórum hluta í sömu eigu. Fyrir liggur að endurskipulagning fjármálakerfisins verður krefjandi og því er mikilvægt að ríkið setji skilyrði fyrir framlagi sínu sem miði að því að byggja upp heilbrigt og öflugt fjármálakerfi og fylgist með árangri þess með markvissum hætti. Markmiðið er að tryggja trúverðugleika ríkisins sem faglegs eiganda fjármálafyrirtækja með því að stjórnvöld séu hafin yfir vafa um pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum fyrirtækjanna. Um leið þarf að hámarka nýtingu þeirra miklu fjármuna sem ríkissjóður kemur til með að leggja fjármálafyrirtækjunum til.

Fjármálaráðherra hefur nú sett fram frumvarp til laga þar sem sérstakri stofnun, Bankasýslu ríkisins, er falið að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Bankasýsla ríkisins lýtur sérstakri stjórn, fær rekstrarfé af fjárlögum og starfar á grundvelli þeirra laga sem um starfsemina gilda, laga um Bankasýslu og eigendastefnu ríkisins. Starfsmenn stofnunarinnar munu fara með eignarhluti ríkisins og atkvæðarétt á hluthafafundum en sitja ekki sjálfir í stjórnum fjármálafyrirtækja. Lagt er til að Bankasýsla ríkisins geri samninga við fjármálastofnanir sem ríkið á eignarhluti í um viðmið í rekstri, m.a. um arðsemi af eigin fé og almennar áherslur varðandi endurskipulagningu fjármálakerfisins. Þá mun stofnunin hafa eftirlit með því að settum markmiðum verði náð.

Fjármálastofnanirnar sem ríkið á eignarhluti í eiga að vera reknar á viðskiptalegum forsendum í samkeppni á ábyrgð bankastjórna, stjórna og stjórnenda eins og önnur félög og verða þessir aðilar látnir sæta ábyrgð á rekstrinum. Í frumvarpinu er þannig leitast við að takmarka það vald sem fjármálaráðherra hefur til þess að gefa stofnununum fyrirmæli og þannig tryggja að bankastjórnir, stjórnir og stjórnendur fjármálafyrirtækja verði ekki í beinum samskiptum við fjármálaráðuneytið eða ráðherra. Þannig mun sérstök valnefnd, skipuð af stjórn Bankasýslunnar, tilnefna á grundvelli hæfni einstaklinga til setu í stjórnum og bankaráðum fyrir hönd ríkisins en stjórnarmenn ekki valdir á pólitískum forsendum. Almenningi verður gert kleift að koma nöfnum sínum og ferilskrám á framfæri við nefndina og bjóða sig þannig fram til setu í bankaráðum og stjórnum fyrir hönd ríkisins til þess að tryggja aukna breidd og þekkingu varðandi hæfni stjórnarmanna.

Þar sem ekki er ætlunin að festa í sessi eignarhald ríkisins í fjármálastofnunum heldur bregðast við stöðunni eins og hún er í dag er um tímabundið fyrirkomulag að ræða til fimm ára. Þannig er Bankasýslu ríkisins falið að undirbúa og vinna tillögur um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær fýsilegt sé að bjóða tiltekna eignarhluti til sölu á almennum markaði. Þegar endurreisn fjármálakerfisins er lokið er gert ráð fyrir því að stofnunin verði lögð niður og umsýslu þeirra eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem eftir standa verði hagað með hefðbundnum hætti í gegnum skýra eigendastefnu og eftirlit fjármálaráðuneytisins.

Eftirgjöf skulda – skattskylda eða skattfrelsi?

Undanfarin misseri hefur mikið verið rætt um eftirgjafir skulda og skattalega meðferð slíkra gjörninga, bæði vegna afleiðinga bankahrunsins og vaxandi greiðsluerfiðleika, jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum. Þessar óvenjulegu aðstæður sem upp voru komnar leiddu í ljós að nauðsyn var á skýrari ákvæðum í tekjuskattslögunum varðandi skattalega meðferð eftirgefinna skulda.

Jafnframt hefur verið lögfest á Alþingi nýtt form nauðasamninga, þ.e. nauðasamninga með greiðsluaðlögun. Í ljósi þessa var samþykkt breyting á 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt þess efnis að í stað þess að einungis eignaauki sem stafaði af eftirgjöf skulda við formlega nauðasamninga teldist ekki til tekna heldur einnig eignaauki vegna eftirgjafar skulda við nauðasamninga til greiðsluaðlögunar og sömuleiðis eignaauki vegna eftirgefinna skulda ef á annan fullnægjandi hátt væri sannað að eignir væru ekki til fyrir þeim, að uppfylltum tilteknum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

Nýverið gaf fjármálaráðherra út framangreinda reglugerð, nr. 534/2009, um skilyrði þess að eftirgjöf skulda manna utan atvinnurekstrar teljist ekki til skattskyldra tekna, í samræmi við breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. lög nr. 46/2009. Þau skilyrði eiga einungis við um tilvik þar sem ekki liggur fyrir formlegur nauðasamningur eða nauðasamningur til greiðsluaðlögunar, því eftirgjöf skulda vegna slíkra nauðasamninga er aldrei skattskyld. Að gefnu tilefni skal tekið fram að lagaákvæðið og þar með reglugerðin tekur einungis til skulda einstaklinga sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eins og heiti reglugerðarinnar gefur til kynna. Að öðru leyti skiptir tilefni skuldar ekki máli.

Reglugerðin kveður á um að liggja þurfi fyrir með formlegum hætti að eignir séu ekki til fyrir skuldum. Ítrekaðar árangurslausar innheimtutilraunir, þar með talið árangurslaust fjárnám eða allar eignir skuldara eru metnar yfirveðsettar teljast fullnægjandi sönnun þess. Meginatriðið er að einstaklingur, og eftir atvikum maki hans, eigi engar eignir sem hægt er að ganga að til greiðslu skuldarinnar eða séu að öðru leyti ekki borgunarmenn fyrir skuldinni.

Einhliða ákvörðun kröfuhafa er ekki nægilegt skilyrði fyrir niðurfellingu heldur þurfa að liggja fyrir gögn sem styðja þessa niðurstöðu og þarf skuldareigandi að gefa skattyfirvöldum upplýsingar um þær forsendur sem eftirgjöf skuldar er byggð á.

Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	7,0	-11,1
Skattar á tekjur og hagnað	11,1	-2,6
Eignarskattar	-17,8	-41,6
Skattar á vöru og þjónustu	3,7	-18,8
Tryggingagjöld	4,9	-9,8
Tekjur alls	8,0	-5,9

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	13,2	100,1
Heilbrigðismál	6,1	20,4
Alm.trygg. & velferðarmál	7,7	43,9
Efnahags- og atvinnumál	1,4	28,6
Menntamál	9,7	11,9
Gjöld alls	8,6	34,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	28.379	-20.720
Hreinn lánsfjárjöfnuður	26.025	-12.544
Afborgun lána	-804	-1.337
Brúttó lánsfjárjöfnuður	23.901	-13.881
Lántökur	9.701	43.706
Breyting á handbæru fé	33.602	29.825

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (júní)	12,7	12,2
Kjarnaverðbólga (júní)	11,0	12,8
Launavísitala (maí)	7,9	4,1
Heildarvelta (jan.-feb.)	10,0	-19,3
Smásöluvelta (jan.-feb.)	7,3	-17,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,0	8,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Guðmundur Árnason. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

2. júlí 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpa 37 milljarða króna, sem er 72,4 milljörðum lakari útkoma heldur en sama tímabil í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu fimm mánuðum ársins voru rúmlega 172 ma.kr. sem er um 22 ma.kr. minni tekjur en á sama tíma árið 2008. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu. Skatttekjur og tryggingagjöld námu rúmlega 149 ma.kr. sem endurspeglar 16,6% samdrátt að nafnvirði eða 29,6% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert frá sama tíma árið 2008 en þar skýra auknar vaxtatekjur meginmuninn.

Skattar á tekjur og hagnað námu rúmlega 71 ma.kr. og drógust saman um 4,1% að nafnvirði samanborið við fyrstu fimm mánuði ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga rúmum 36 ma.kr., tekjuskattur lögaðila tæplega 7 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur um 28 ma.kr.

Innheimta almennra veltuskatta nam rúmlega 57 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 28,2% að nafnvirði á milli ára eða 39,4% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar litið er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára 40,2%, eins og sjá má á myndinni. Virðisaukaskattur nam tæplega 39 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og dróst saman um 18 ma.kr. frá sama tíma 2008. Virðisaukaskattur í maímánuði, sem kemur að mestu af innflutningi á 2. virðisaukaskattstímabili ársins, þ.e. mars og apríl, nam aðeins tæplega 2 ma.kr. Þessi óvenjulága fjárhæð skýrist af áhrifum breyttra reglna um gjalddaga skattsins sem tóku gildi í mars sl. og gilda til ársloka. Samkvæmt þeim kom aðeins þriðjungur virðisaukaskatts á tímabilinu til greiðslu í maí en hinir tveir þriðjungarnir í júní og júlí. Hvað aðra helstu liði veltutengdra skatta varðar er samdrátturinn milli ára mestur í vörugjöldum af ökutækjum eða yfir 90%.

Greidd gjöld nema 209,1 milljarði króna og hækka um 50,0 milljarða frá fyrra ári, eða um 31,5%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu um 18,5 milljarða, þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 15,9 milljarða. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 15,4 milljarða sem skýrist að mestu með 9,6 milljarða króna hækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára, 2,2 milljarðar vegna útgjalda lífeyristrygginga sem hækka um 12,4% og barnabótum sem hækka um 963 milljónir króna milli ára. Útgjöld til menntamála aukast um 1,8 milljarða króna þar sem útgjöld til Háskóla Íslands aukast um 788 milljónir króna og útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um tæpar 500 mkr. milli ára. Breytingar í öðrum málaflokkum eru svo minni en þær sem áður hafa verið taldar.

Raunbreyting skatttekna og tryggingagjalda
og skatta á vöru og þjónustu
(m.v. VNV án húsnæðis og 4 mán. hlaupandi meðaltal)

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 32,9 milljarða króna í maí á móti 9,5 ma.kr. jákvæðum lánsfjárjöfnuði á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 31,6 milljarða króna og lækkar um 59,1 milljarða milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 88,4 milljarða og lækkað stofn ríkisvíxla um 13,6 milljarða. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeyjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Á móti námu afborganir 1,3 milljarði króna sem skiptist jafnt á milli spariskírteina og annarra lána ríkissjóðs.

Vöruskiptin í júní

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar nam innflutningur vöru 32 ma.kr. (fob) í júní sem er eilítið meiri innflutningur en í maímánuði þegar hann nam 31,3 ma.kr. Útflutningur vöru nam 40,8 ma.kr. og eykst á milli mánaða en hann nam 38,7 ma.kr. í maí. Afgangur á vöruskiptunum við útlönd er 8,8 ma.kr. í júní og 33 ma.kr. það sem af er ári. Á fyrri hluta sl. árs var aftur á móti halli á vöruskiptum við útlönd sem nam 24,4 ma.kr.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – júní 2009



Það sem helst skýrir aukinn innflutning í júní eru hrá- og rekstrarvörur, en innflutningur á þeim vörum er sveiflukenndur á milli mánaða. Einnig er nokkur aukning á innflutningi fólksbifreiða miðað við undanfarna mánuði sem er tilhneiging á þessum árstíma þótt innflutningur bifreiða sé mun minni í júní í ár en í sama mánuði á undanförnum árum. Einnig er aukning í innflutningi á mat- og drykkjarvöru en þessi liður er óteyginn til skamms tíma og dregst því lítið saman að magni til þótt verð hækki á meðan tekjur hafa staðnað. Þá skýrir lækkun á gengi krónunnar aukningu innflutningsverðmætisins á undanförnum mánuðum.

Líkt og í maí er verðmæti útfluttra sjávarafurða með besta móti í júní. Lágt gengi krónunnar kemur sér vel fyrir sjávarútveginn og vegur upp mikla verðlækkun íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt það sem af er ári. Annar útflutningur og þar á meðal útflutningur áls er óbreyttur frá því í maímánuði.

Á fyrri hluta ársins 2009 hefur vöruútflutningur dregist meira saman að magni til en miðað var við í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var 12. maí sl., m.a. vegna meiri samdráttar í útflutningi sjávarafurða. Á móti kemur að vöruinnflutningurinn hefur dregist meira saman en ætlað var og á það við um hvort tveggja almennan og sérstakan vöruinnflutning. Samanlagt má nú gera ráð fyrir að afgangurinn á vöruskiptunum í ár verði meiri en spáð var í vorspánni.

Sumarfrí
Vefrit fjármálaráðuneytisins kemur næst út fimmtudaginn 13. ágúst

Tekjur ríkissjóðs janúar – maí

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	6,9	-16,6
Skattar á tekjur og hagnað	11,4	-4,1
Eignarskattar	-21,0	-41,8
Skattar á vöru og þjónustu	3,9	-28,2
Tryggingagjöld	4,9	-10,4
Tekjur alls	3,9	-11,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – maí

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	11,9	79,9
Heilbrigðismál	8,5	18,2
Alm.trygg. & velferðarmál	9,3	42,7
Efnahags- og atvinnumál	6,8	22,8
Menntamál	9,7	10,3
Gjöld alls	9,0	31,5

Afkoma ríkissjóðs janúar – maí

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	29.889	-39.709
Hreinn lánsfjárjöfnuður	27.538	-31.599
Afborgun lána	-16.341	-1.345
Brúttó lánsfjárjöfnuður	9.547	-32.944
Lántökur	9.233	81.773
Breyting á handbæru fé	18.780	48.829

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (júní)	12,7	12,2
Kjarnaverðbólga (júní)	11,0	12,8
Launavísitala (maí)	7,9	4,1
Heildarvelta (jan.-feb.)	10,0	-19,3
Smásöluvelta (jan.-feb.)	7,3	-17,5
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,0	8,6

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Guðmundur Árnason. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

13. ágúst 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri er neikvætt um 46 ma.kr., sem er 74,5 ma.kr. lakari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 21 milljarði króna minni en í fyrra á meðan gjöldin jukust um tæpan 61 milljarð.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins voru um 205 ma.kr., 21 ma.kr. minni en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu um 219 ma.kr. og er frávikið því rúmir 14 ma.kr. Munar mest um minni skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu um 178 ma.kr. og drógust saman um 13,7% að nafnvirði á milli ára eða um 27,0% að raunvirði. Aðeins hefur hægt á samdrættinum að raunvirði milli ára og er hann nú 25,9% þegar litið er til 4 mánaða meðaltals, eins og sjá má á myndinni. Skattar á tekjur og hagnað námu tæpum 80 ma.kr. og drógust saman um 6,0% að nafnvirði frá fyrsta helmingi ársins 2008. Almennir veltuskattar námu 74 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 32,5% að raunvirði milli ára (miðað við VNV án húsnæðis). Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára enn mikil eða 23,1%, eins og sjá má af myndinni. Virðisaukaskattur nam rúmlega 51 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og dróst saman um 33,9% að raunvirði. Virðisaukaskattur í júnímánuði nam um 12,5 ma.kr. en þar af eru 3,7 ma.kr. vegna innflutnings í mars og apríl sem allajafna er innheimt í maí en færðist yfir í júní vegna nýrra reglna um greiðsludreifingu skattsins sem gilda á þessu ári. Vörugjöld af bensíni jukust um 10,1% að nafnvirði á milli ára en olíugjald dróst saman um 10,8%. Gjöld á bensín og olíu voru hækkuð um 12,5% undir lok árs 2008 og hækkuð frekar í lok maí 2009.

Raunbreyting skatttekna og tryggingagjalda
og skatta á vöru og þjónustu
(m.v. VNV án húsnæðis og 4 mán. hlaupandi meðaltal)

Greidd gjöld nema 258,6 ma.kr. og hækka um 30,8% milli ára. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu hækka mest og má rekja 19,8 ma.kr. af hækkun málaflokksins til vaxtagreiðslna ríkissjóðs. Hækkun gjalda til almannatrygginga og velferðarmála skýrist að mestu af 11,8 ma.kr. hækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sundurliðun gjalda á fyrri helmingi ársins eftir málaflokkum má sjá á vef ráðuneytisins (tengill hér að framan).

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 117,3 ma.kr. á fyrri helmingi ársins. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 45,2 ma.kr. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 136,2 ma.kr. og lækkað stofn ríkisvíxla um 19,6 ma.kr. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeyjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 ma.kr. íslenskra króna. Afborganir námu 72,1 milljörðum króna og er þar að stærstum hluta um að ræða innlausn ríkisbréfaflokka á gjalddaga í júní að fjárhæð 70,7 ma.kr.

Ríkisreikningur 2008

Ríkisreikningur fyrir árið 2008 var birtur þann 31. júlí sl. Halli á rekstri ríkissjóðs var 216 ma.kr. sem jafngildir 46% af tekjum hans og 14,7% af VLF, samanborið við 6,8% af VLF afgang árið 2007. Greiðsluþrot viðskiptabankanna þriggja í október hafði mikinn útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð en einnig drógust tekjur saman milli ára. Í árslok 2008 var eigið fé ríkissjóðs neikvætt um 342 ma.kr. en hafði verið jákvætt um tæpa 10 ma.kr. í árslok 2007. Tekjur ríkissjóðs voru 472 ma.kr. og drógust saman um 2,9% að nafnvirði og 13,6% að raunvirði, eða úr 37,4% í 32,2% af VLF. Allir helstu skattar ríkissjóðs drógust saman að raunvirði; tekjuskattar, fjármagnstekjuskattar og tryggingagjöld þó minnst en eignarskattar og óbeinir skattar meira. Virðisaukaskattur var stærsta tekjulind ríkissjóðs að vanda með um 28% af heildartekjunum. Vaxtatekjur jukust um 17 ma.kr. en arðtekjur og aðrar eignatekjur drógust verulega saman. Óreglulegir liðir eins og eignasala og söluhagnaður skiluðu ríkissjóði litlum tekjum á árinu. Gjöld ríkissjóðs voru 688 ma.kr. árið 2008, sem er 290 ma.kr. meira en árið 2007 (sjá sundurliðun í töflu). Þannig hækkuðu gjöldin í 47,0% af VLF úr 30,5% af VLF árið 2007. Að nafnvirði jukust gjöldin í heild um 73% en 53,9% að raunvirði. Í desember 2008 yfirtók ríkissjóður veðlán fjármálafyrirtækja af Seðlabanka Íslands og afskrifaði í kjölfarið umtalsverðan hluta þeirra eða 175 ma.kr. Þá nam afskrift tryggingabréfa aðalmiðlara sem gefin höfðu verið út af viðskiptabönkunum þremur 17 ma.kr. Lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs jókst töluvert á árinu 2008 sem má að stórum hluta rekja til áhrifa falls bankanna á fjárhag lífeyrissjóðanna. Samanlögð gjaldaáhrif af þessum þremur þáttum námu 234 ma.kr. á árinu 2008, en án þeirra nam vöxtur ríkisútgjaldanna aðeins 1,7% umfram almennt verðlag. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 398 ma.kr. á árinu eða 27% af VLF. Heildarlántökur ríkissjóðs námu 686 ma.kr. og var 572 ma.kr. aflað innanlands og 114 ma.kr. erlendis. Afborganir lána voru alls 232 ma.kr. Í heild voru því nýjar lántökur 454 ma.kr. umfram afborganir og af því var 450 ma.kr. aflað á innlendum markaði og 5 ma.kr. erlendis.

			Breyting milli ára		
Ma.kr.	**2007**	**2008**	**ma.kr.**	**nafn, %**	**raun, %**
Tekjur	486	472	-14	-2,9	-13,6
Skatttekjur	409	414	5	1,3	-9,9
Eignatekjur	31	43	13	40,9	25,4
Aðrar tekjur	47	15	-32	-68,9	-72,3
Gjöld	398	688	290	73,0	53,9
Rekstrargjöld	211	268	58	27,3	13,3
Tilfærslur	156	187	31	19,7	6,5
Viðhald og stofnkostnaður	25	34	9	36,4	21,3
Fjármagnstilfærslur	6	199	193	.	.
Tekjur umfram gjöld	89	-216	-305	.	.
Lánsfjárjöfnuður	-14	-398	-384	.	.
Eigið fé í árslok	10	-342	-351	.	.

Vöruskiptin í júlí

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam verðmæti innfluttrar vöru (fob) í júlí 34,9 ma.kr. og eykst innflutningurinn lítillega frá því í júní þegar hann nam 31,9 ma.kr. Útflutningur vöru nam 41,3 ma.kr. og er nánast sá sami og í júní. Vöruskiptin við útlönd voru því hagstæð um 6,4 ma.kr. í júlí.

Aukinn innflutningur í júlí skýrist af innflutningi á eldsneyti sem er jafnan sveiflukenndur. Annar innflutningur er nánast óbreyttur á milli mánaða. Varðandi útflutninginn þá eru vísbendingar um að verðmæti útfluttra sjávarafurða hafi dregist saman á milli mánaða en það var mjög hátt í júní. Á móti eru vísbendingar um aukinn útflutning á áli en álverð hefur hækkað umtalsvert að undanförnu.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	5,2	-13,7
Skattar á tekjur og hagnað	9,6	-6,0
Eignarskattar	-23,0	-40,2
Skattar á vöru og þjónustu	2,0	-20,2
Tryggingagjöld	3,5	-10,2
Tekjur alls	3,5	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	16,6	78,7
Heilbrigðismál	8,7	15,7
Alm.trygg. & velferðarmál	11,0	41,3
Efnahags- og atvinnumál	22,1	11,4
Menntamál	9,0	15,5
Gjöld alls	12,7	30,8

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní		
Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	28.081	-46.457
Hreinn lánsfjárjöfnuður	26.595	-45.248
Afborgun lána	-31.415	-72.060
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-6.800	-117.308
Lántökur	62.319	123.934
Breyting á handbæru fé	55.519	6.626

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (júlí)	13,6	11,3
Kjarnaverðbólga (júlí)	11,8	11,8
Launavísitala (júní)	8,5	3,0
Heildarvelta (jan.-apr.)	10,1	-21,0
Smásöluvelta (jan.-apr.)	2,8	-16,9
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,2	9,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Guðmundur Árnason. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

Tekjuþróun breytileg eftir tekjubilum

Fjármálaráðuneytið fylgist reglulega með staðgreiðslu af tekjum einstaklinga í þeim tilgangi að geta lagt betra mat á þróun efnahagslífsins og jafnframt tekjuþróun ríkissjóðs.

Miklar sviptingar hafa verið í tekjuöflun einstaklinga á umræddu tímabili og því er líklegt að pöruð gögn gefi betri vísbendingu um tekjuþróun einstaklinganna en heildartölur. Þannig voru um 37.000 manns á staðgreiðsluskrá í maí í fyrra sem eru það ekki nú og þá eru um 15.000 manns með laun í maí 2009 sem ekki voru á staðgreiðsluskrá í sama mánuði í fyrra. Vitað er að allmargir hafa annað hvort flutt til útlanda eða eru ekki lengur með tekjur á Íslandi. Þá er líklegt að endanleg staðgreiðsluskil maímánaðar verði ekki ljós fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Í könnun á pöruðum samanburði á upplýsingum um tæplega 190.000 einstaklinga sem höfðu einhverjar staðgreiðsluskyldar tekjur í maí 2008 og í sama mánuði í ár kemur fram að launasumma hópsins er 5,0% lægri nú en var fyrir ári meðan skattgreiðslur eru 5,6% lægri. Ráðstöfunartekjur, framtaldar tekjur að frádreginni staðgreiðslu, eru 4,8% minni en var fyrir ári síðan. Þegar tekið er tillit til 11,6% hækkunar vísitölu neysluverðs yfir tímabilið, kemur í ljós að raunlækkun tekna er 14,9% en ráðstöfunartekjur eru 14,7% lægri að raunvirði en var ári fyrr.

Tekjubreytingin kemur síður en svo jafnt við alla. Á meðfylgjandi mynd má sjá meðalþróun staðgreiðsluskyldra tekna milli maímánaða og fjölda þeirra sem tölurnar eiga við. Tekjur eru flokkaðar í bil sem hvert um sig er 50 þúsund krónur á mánuði. Ekki eru sýndar upplýsingar um þá sem hafa lægri tekjur en 100 þúsund krónur á mánuði árið 2008. Ýmislegt vekur athygli á þessari mynd. Þeir sem höfðu tekjur undir 200 þúsund krónum í maí í fyrra eru nú að meðaltali með verulega minni tekjur en þá. Hér skiptir máli að margir í allra neðstu tekjubilunum hafa verið með tekjur af hlutastörfum sem þeir hafa ekki lengur, t.d. námsmenn, en einnig að hér eru væntanlega margir sem hafa orðið atvinnulausir og þiggja atvinnuleysisbætur eða dregið hefur úr vinnutíma hjá. Þeir sem voru með tekjur á bilinu 200-250 þúsund krónur á mánuði eru eini hópurinn sem hefur enn sömu tekjur og í fyrra. Fyrir þá sem voru með tekjur yfir 250 þúsund krónum á mánuði í fyrra hafa tekjur lækkað og eftir því meira sem tekjurnar voru hærri þá. Þeir 4.500 sem voru með tekjur yfir 1 milljón á mánuði í fyrra (og sem búið er að skila staðgreiðslu fyrir nú og hafa einhverjar tekjur) eru nú með 25% minni tekjur en þeir voru með í fyrra. Þeir 500 sem voru með tekjur yfir 2 milljónir í fyrra eru nú með helming þeirrar upphæðar að meðaltali.

Paraður samanburður tekna í staðgreiðslu í maí 2008 og 2009 eftir launum í maí 2008, breyting launa, %



Ef horft er á ráðstöfunartekjur í stað tekna kemur í ljós að þær hafa ekki breyst að krónutölu milli ára fyrir hópinn sem er með frá 200 þúsund króna mánaðartekjur upp í 450 þúsund króna tekjur. Það stafar af mikilli hækkun persónuafsláttar milli ára sem vó upp hækkað skatthlutfall. Þar fyrir ofan hafa ráðstöfunartekjur lækkað meira en tekjurnar sjálfar.

Um aðgerðir stjórnvalda

Í grein „Ísland mun sigrast á erfiðleikum sínum" sem Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra skrifaði í Fréttablaðið 14. ágúst sl. benti hann á að afleiðingar banka- og fjármálahrunsins eru smátt og smátt að koma betur í ljós. Samfélagið allt hefur orðið fyrir miklu tjóni og þörf er á að axla miklar skuldabyrðar. Um leið er mikilvægt að tapa ekki trúnni á framtíðina. Íslenskt samfélag hefur alla burði til þess að sigrast á erfiðleikunum þótt miklir séu og með samstöðu getum við farið í gegnum erfiðleikana og komið íslensku samfélagi á braut uppbyggingar og framfarasóknar.

Til einföldunar má skipta undanförnum mánuðum, misserum og árum upp í fjögur tímabil: 1) Aðdraganda hrunsins, segjum frá og með árinu 2002 þegar bankarnir voru einkavæddir og til og með októberbyrjunar 2008. 2) Tímabil áfallsins sem kom í kjölfarið og lýkur með stjórnarskiptum 1. febrúar 2009. 3) Millibilsástandið sem minnihlutastjórnin glímdi við og fól í sér fjölþættar stuðningsaðgerðir til þess að verja samfélagið og búa sem best undir kosningar í lok apríl. 4) Að lokum er það tímabil beinna aðgerða og endurreisnar frá og með stjórnarskiptum í maí. Á þeim tíma hefur margt áunnist og er ástæða til að stalda við nokkur atriði:

- Víðtækar tekjuöflunar- og sparnaðaraðgerðir upp á samtals liðlega 20 milljarða króna til að aðlaga rekstur ríkissjóðs að gjörbreyttum veruleika strax í maí og júní. Í júní var kynnt áætlun um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs á árunum 2009 til 2013 og skýrsla lögð fyrir Alþingi ásamt áætlun um tekjuöflun og sparnað fyrir árið 2010 og ramma fyrir árin þar á eftir.
- Stöðugleikasáttmáli sem er mikilvægur til að tryggja samhæft framlag ríkisins, sveitarfélaganna, aðila vinnumarkaðarins, Bændasamtakanna og fleiri til endurreisnarstarfsins.
- Samningar íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld í byrjun júní leiddi Icesave-deiluna til lykta á þann hátt sem Alþingi fól framkvæmdavaldinu í desember. Alþingi er nú með þetta erfiða mál til umfjöllunar.
- Gengið var frá samningum við Norðurlöndin fjögur í byrjun júlí um gjaldeyrislán til þess að byggja upp gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans.
- Tímamótaárangur náðist með samkomulagi stjórnvalda við skilanefndir gömlu bankanna þriggja sem kynnt var 20. júlí. Einnig er unnið að endurskipulagningu sparisjóðakerfisins.
- Í lok júlí höfðu stjórnvöld uppfyllt öll skilyrði sem snéru að fyrstu endurskoðun stjórnar AGS á áætluninni. Þrátt fyrir það ákvað AGS að fresta endurskoðuninni og voru það vonbrigði, en öllum má vera ljóst að Icesave-málið var meginorsök frestunarinnar.
- Ríkisstjórnin hefur ítrekað aukið fjárframlög til embættis sérstaks saksóknara og rannsóknar hans. Þá hafa aðgerðir á vegum skattyfirvalda verið efldar, m.a. með frumvarpi um heimild til skattrannsóknarstjóra til að kyrrsetja eignir.
- Helstu eftirlitsstofnanir fjármálakerfisins, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið, hafa fengið nýja yfirstjórn og þær verið efldar.

Fjölmargt annað, sem of langt mál væri að telja upp, hefur verið gert en nefna má mótun eigendastefnu og ákvörðun um fyrirkomulag eignarhalds ríkisins á fjármálafyrirtækjum, stofnun bankasýslu og eignarumsýslufélags.

Þá er bent á að Ísland er ríkt og þróað samfélag með öfluga innviði og gott mennta- og heilbrigðiskerfi. Þá eigum við sterkar útflutningsgreinar sem njóta nú góðs af gengi krónunnar. Seðlabankinn áætlar að heildar-skuldir þjóðarbúsins erlendis muni nema um tvöfaldri landsframleiðslu í lok þessa árs. Ef einungis eru teknar eignir og skuldir ríkissjóðs fyrir árið 2009 eru hreinar skuldir um 40% af landsframleiðslu og er gert ráð fyrir að þær muni lækka jafnt og þétt.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	5,2	-13,7
Skattar á tekjur og hagnað	9,6	-6,0
Eignarskattar	-23,0	-40,2
Skattar á vöru og þjónustu	2,0	-20,2
Tryggingagjöld	3,5	-10,2
Tekjur alls	3,5	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	16,6	78,7
Heilbrigðismál	8,7	15,7
Alm.trygg. & velferðarmál	11,0	41,3
Efnahags- og atvinnumál	22,1	11,4
Menntamál	9,0	15,5
Gjöld alls	12,7	30,8

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	28.081	-46.457
Hreinn lánsfjárjöfnuður	26.595	-45.248
Afborgun lána	-31.415	-72.060
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-6.800	-117.308
Lántökur	62.319	123.934
Breyting á handbæru fé	55.519	6.626

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (júlí)	13,6	11,3
Kjarnaverðbólga (júlí)	11,8	11,8
Launavísitala (júní)	8,5	3,0
Heildarvelta (jan.-apr.)	10,1	-21,0
Smásöluvelta (jan.-apr.)	2,8	-16,9
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,2	9,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Guðmundur Árnason. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

27. ágúst 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 91 ma.kr., sem er 118,1 ma.kr. lakari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust 37,4 ma.kr. minni en í fyrra meðan gjöldin jukust um 71,6 ma.kr.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu sjö mánuðum ársins voru tæplega 227 ma.kr. sem er um 37 ma.kr. minni tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu tæplega 247 ma.kr. og er frávikið því 20 ma.kr. Munar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 197 ma.kr. sem endurspeglar 18,2% samdrátt að nafnvirði eða 30,6% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn milli ára jókst að raunvirði frá síðasta mánuði og er 31,1% þegar horft er til 4 mánaða meðaltals. Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert frá sama tíma árið 2008 en þær voru nú tæplega 29 ma.kr. sem endurspeglar 37,7% hækkun að nafnvirði. Í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir tæpum 21 ma.kr. og er frávikið því 8 ma.kr. en þar skýra auknar vaxtatekjur meginmuninn.

Skattar á tekjur og hagnað námu rúmum 84 ma.kr. og drógust saman um 11,4% að nafnvirði frá fyrsta helmingi ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga rúmum 46 ma.kr. sem endurspeglar 13,6% samdrátt að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila var rúmlega 9 ma.kr. og dróst saman um 40,6% að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Fjármagnstekjuskattur nam tæpum 29 ma.kr. sem er aukning um 10,4% milli ára en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar. Innheimta eignarskatta var tæplega 3 ma.kr. sem er samdráttur um 43,4% frá fyrra ári en þar af voru stimpilgjöld stærsti hlutinn, eða tæplega tveir ma.kr. og drógust þau saman um 52,6%.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæplega 84 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 24,7% að nafnvirði á milli ára eða 36,2% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar litið er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára 27,1%,. Virðisaukaskattur nam rúmlega 56 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og dróst saman um 23 ma.kr. frá sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 29,1% að nafnvirði eða sem samsvarar 39,9% að raunvirði. Virðisaukaskattur í júlímánuði, sem kemur að mestu af innflutningi í maí og júní, nam rúmlega 5 ma.kr sem er tæpum 9 ma.kr. lægri fjárhæð en í sama mánuði árið áður. Þetta frávik skýrist þó að hluta til vegna breyttra reglna um gjalddaga virðisaukaskattsins sem tóku gildi í mars síðastliðnum og gilda til ársloka. Samkvæmt þeim átti aðeins þriðjungur virðisaukaskatts fyrir tímabilið maí-júní að koma til greiðslu í júlí en hinir tveir þriðjungarnir í ágúst og september. Það virðast þó ekki allir hafa nýtt sér þessa frestun til fulls þar sem rúmur milljarður sem var á gjalddaga í ágúst og september var greiddur í júlí. Þá jukust vörugjöld af bensíni um 13,3% að nafnvirði á milli ára en olíugjald dróst saman um 9,8%. Gjöld á bensín og olíu voru hækkuð um 12,5% undir lok árs 2008 og hækkuð frekar í lok maí 2009. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu tæpum 3 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum voru tæplega 22 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 28,4% og hins vegar 9,4% á milli ára.

Greidd gjöld nema 308,6 ma.kr. og hækka um 71,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 31%. Milli ára hækka útgjöld mest til almannatrygginga og velferðarmála um 28,6 ma.kr. sem skýrist að mestu með 13,5 ma.kr. hækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára.

Íbúaþróun á árinu 2009

Í síðustu viku birti Hagstofa Íslands tölur um miðársmannfjölda í ár ásamt gögnum um búferlaflutninga á fyrri hluta þessa árs. Það vakti athygli að heildaríbúafjöldi landsins hafði minnkað milli ára þótt fækkunin næmi einungis rúmlega eitt hundrað manns. Þetta eru að sjálfsögðu mikil viðbrigði enda hefur þjóðinni fjölgað mjög ört á undanförnum árum, bæði vegna þess að Ísland er eitt fárra Evrópulanda þar sem fæddir eru fleiri en dánir en ekki síst vegna þess hversu mikill aðflutningur hefur verið umfram brottflutning.

Nú hafa veður skipast í lofti. Rétt er að nefna að það hefur áhrif á tölur um búferlaflutninga að stöðugt er unnið að því að leiðrétta íbúaskrár. Búferlaflutningar hafa oft verið skráðir löngu eftir að raunverulegur flutningur á sér stað og því er ekki víst að birtar tölur endurspegli nákvæmlega það sem verið hefur að gerast síðustu 6 mánuðina.

Fram hefur komið í fréttum að mjög mikið hefur verið um fæðingar og það hefur áhrif til að vega á móti áhrifum flutninga. Í tölum Hagstofunnar um miðársmannfjölda kemur fram að 1. júlí eru 4.910 börn innan við eins árs aldur. Ef svo heldur sem horfir gæti fæðingarárgangur ársins 2009 orðið yfir 5.000. Í öllu falli er ljóst að hópurinn verður sá fjölmennasti í að minnsta kosti 60 ár og sennilega frá upphafi. Sá næst fjölmennasti fæddist raunar árið 2008. Á hverju ári látast um 2.000 manns og því eru fæddir umfram dána um 3.000 sem er nálægt 1% af íbúafjöldanum. Í ár vega búferlaflutningarnir svo þungt að í heildina er um fólksfækkun að ræða.

Búist hafði verið við því að þegar draga tæki úr uppsveiflunni myndi erlent vinnuafl sem átti stóran þátt í að manna margvíslegar framkvæmdir fara af landi brott. Það rættist einkum að því er varðar stórframkvæmdirnar eystra árið 2008. Hins vegar gerðist þetta alls ekki annars staðar og þótt nú séu í fyrsta sinn fleiri brottfluttir erlendir ríkisborgarar en aðfluttir er nettótalan sé innan við 4% af heildarfjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi frá árinu 2000. Raunar er það svo að konum meðal erlendra ríkisborgar heldur áfram að fjölga. Vissulega hefur brottfluttum erlendum ríkisborgurum fjölgað þótt þeir gætu orðið færri í ár en í fyrra. Aðalbreytingin er að aðfluttum hefur fækkað meira en brottfluttum.

Á undanförnum áratugum hafa aðfluttir íslenskir ríkisborgarar einungis í undantekningartilvikum verið fleiri en brottfluttir. Flutningarnir eru að einhverju leyti í tengslum við ástandið í þjóðfélaginu og efnahagsástand í þeim löndum sem flutt er til en það eru einkum Norðurlöndin. Mestur fjöldi íslenskra ríkisborgara flutti brott á einu ári árið 1995, 3.566 en þá nam aðflutningur 1.929 manns. Á fyrri hluta ársins í ár hafa 1.902 íslenskir ríkisborgarar flutt til útlanda og reynslan er sú að brottflutningur sé meiri á seinni helmingi ársins og tengist það skólavist erlendis. Því stefnir í að árið í ár gæti orðið mesta brottflutningsár síðari tíma. Því má hins vegar ekki gleyma að mismunur brottfluttra og aðfluttra er oftast lítið hlutfall af flutningum samtals. Allmargir íslenskir ríkisborgarar hafa þannig flutt til landsins í ár og alls ekki er víst að árið verði metár í því sambandi.

Á myndinni hér fyrir neðan eru sýndir búferlaflutningar undanfarin ár ásamt spá um mögulega niðurstöðu fyrir árið í heild. Samkvæmt henni fjölgar íbúum ekki hérlendis í ár þar sem flutningarnir jafnast á við fædda umfram dána. Enda þótt íslenskir ríkisborgarar flytji í auknum mæli utan er því ekki spáð að þetta verði versta ár undanfarinna áratuga að því er varðar nettóbrottflutning þeirra. Fækkun erlendra ríkisborgara vegna búferlaflutninga í ár nemur um það bil fjölgun þeirra í fyrra.

Búferlaflutningar 2000-2009



Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	5,5	-18,2
Skattar á tekjur og hagnað	9,9	-11,4
Eignarskattar	-20,6	-43,4
Skattar á vöru og þjónustu	2,8	-24,7
Tryggingagjöld	6,3	-9,4
Tekjur alls	4,4	-14,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	20,9	66,9
Heilbrigðismál	10,6	12,9
Alm.trygg. & velferðarmál	16,5	54,2
Efnahags- og atvinnumál	31,3	8,0
Menntamál	10,9	10,7
Gjöld alls	16,3	30,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí		
Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	26.847	-91.234
Hreinn lánsfjárjöfnuður	35.450	-81.248
Afborgun lána	-37.941	-72.736
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-4.801	-153.984
Lántökur	103.376	144.011
Breyting á handbæru fé	98.575	9.973

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (ágúst)	14,5	10,9
Kjarnaverðbólga (ágúst)	12,9	10,9
Launavísitala (júlí)	9,1	2,6
Heildarvelta (jan.-apr.)	10,1	-21,0
Smásöluvelta (jan.-apr.)	2,8	-16,9
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,2	9,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Guðmundur Árnason. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is

Vefrit fjármálaráðuneytisins

3. september 2009

Fjármagnstekjur landsmanna eru að breytast

Í upplýsingum Ríkisskattstjóra vegna álagningar tekjuskatts einstaklinga kemur fram hversu miklar fjármagnstekjur einstaklingar telja fram. Á þær er lagður sérstakur skattur, fjármagnstekjuskattur, og var hann 10% á allar tekjur árið 2008. Hann hefur nú tímabundið verið hækkaður í 15% á tekjur umfram 250.000 króna lágmark. Fjármagnstekjur landsmanna höfðu vaxið mjög ört og náðu hámarki árið 2007 þegar framtaldar fjármagnstekjur námu 244 ma.kr. Árið eftir voru þær 194 ma.kr. Mikil breyting hefur orðið á samsetningu framtalinna fjármagnstekna eins og sjá má af myndinni hér fyrir neðan. Árið 2007 töldu landsmenn fram 151 ma.kr. söluhagnað en í fyrra var hann 27 ma.kr. Þetta eru afleiðingar lækkandi hlutabréfaverðs og minni umsvifa í kaupum og sölu hlutabréfa. Arðgreiðslur til einstaklinga námu 44 ma.kr. árið 2007 og þær höfðu vaxið í 52 ma.kr. árið eftir. Leigutekjur námu 5 ma.kr. í fyrra og eru minnsti flokkur fjármagnstekna. Önnur veigamikil breyting milli ára var sú að samkvæmt framtölunum voru vaxtatekjur landsmanna tæpir 45 ma.kr. árið 2007 en árið eftir voru þær 109 ma.kr. Á þessu eru nokkrar skýringar. Sú helsta er sú að nú var í fyrsta sinn lögð sú skylda á fjármálastofnanir að veita skattyfirvöldum upplýsingar um innstæður og vaxtatekjur. Þetta hafði þær afleiðingar að í stað 265 ma.kr. bankainnstæðna í árslok 2007 voru nú taldir fram 635 ma.kr. Það sýnir að umtalsverð vanhöld hafa verið á framtöldum innstæðum og vaxtatekjum enda taldi Seðlabankinn að innstæður heimilanna sem hefðu átt að koma fram á framtölum þeirra í innlendum innlánsstofnunum hefðu numið 508 ma.kr. í árslok 2007. Ári seinna var upphæðin 698 ma.kr. og í mun betra og rökréttara samræmi við framtaldar innstæður. Má því ætla að vaxtatekjur heimilanna hafi numið um 67 ma.kr. árið 2007, sem er 50% hærri fjárhæð en sú sem kom fram í framtölunum. Er þá reiknað með að vaxtatekjur af innstæðum í erlendum bönkum séu rétt taldar fram bæði árin. Innstæður heimilanna og vaxtatekjur af þeim hafa meðal annars vaxið af því að eftir bankahrunið voru miklir fjármunir sem áður voru í peningamarkaðssjóðum færðir á bankareikninga. Vaxtatekjur hafa því einnig vaxið af þeim sökum.

Fjármagnstekjur eftir tegundum



Heimild: Ríkisskattstjóri og eigin útreikningar.

Ríkissjóður hefur innheimt fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum á undanförnum árum jafnvel þótt innstæður og vaxtatekjur hafi ekki verið taldar fram. Hins vegar eru vaxtabætur tekju- og eignatengdar og því má ætla að nokkur fjöldi framteljenda hafi fengið slíkar bætur sem þeir áttu ekki rétt á. Vaxtatekjur teljast hins vegar ekki með fjármagnstekjum við útreikning barnabóta. Mestri skekkju valda rangt fram taldar vaxtatekjur á útreikningi bóta úr almannatryggingakerfinu og á dvalarkostnaði á öldrunarstofnunum.

Vöruskiptin í ágúst

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar nam innflutningur vöru 31,5 ma.kr. (fob) í ágúst. Það er talsvert minna en í júlí en svipað og í maí og júní. Verðmæti útfluttrar vöru nam 44,1 ma.kr. eða 2,4 ma.kr. meiru en í júlí. Afgangur á vöruskiptum í ágúst nam því 12,6 ma.kr.

Vísbendingar eru um að innflutningur olíu og eldsneytis hafi dregist saman í ágúst, sem og innflutningur ökutækja til einkanota. Innflutningur til neyslu er að mestu óbreyttur á milli mánaða, svo og annar innflutningur. Útflutningur sjávarafurða er áfram með besta móti eins og á undanförnum mánuðum en verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt hefur staðið nokkuð í stað undanfarið. Þá er útflutningur áls einnig með besta móti og er nokkur aukning í honum á milli mánaða en heimsmarkaðsverðs áls hefur hækkað umtalsvert að undanförnu.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla
janúar 2004 – ágúst 2009



Eigendastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Ríkið hefur sett sér eigendastefnu í fjármálafyrirtækjum og er henni ætlað að skýra fyrirætlanir ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Þetta er í fyrsta skipti sem skýr og skrifleg eigandastefna er sett fram af hálfu ríkisins. Ætlunin er að eigandastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum geti orðið fyrirmynd að almennri eigandastefnu ríkisins sem unnin verði á næstu misserum og nái til allra félaga og fyrirtækja sem ríkið á hluti í.

Sérstaklega reynir á nú þegar endurreisn íslensks fjármálakerfis stendur yfir og hefur ríkið því ákveðið að setja upp sérstakt tímabundið skipulag vegna utanumhalds um eignarhluti sem það kann að eignast í fjármálafyrirtækjum. Stefnan tekur mið af þessum sérstöku aðstæðum og er með henni leitast við að skapa trúverðugleika og traust á ríkinu sem eiganda. Slíkt traust er nauðsynlegt, bæði út á við, gagnvart almenningi, viðskiptavinum fjármálafyrirtækja og erlendum lánardrottnum og einnig inn á við, gagnvart Alþingi, framkvæmdarvaldinu, fjármálafyrirtækjunum, starfsfólki þeirra og stjórnendum.

Stefnan skiptist í fjóra meginþætti:

1. Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum.
2. Skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins, þ.e. ábyrgð hvers aðila og tengsl milli þeirra.
3. Meginreglur sem ríkið setur sér sem eigandi.
4. Kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið á hluti í.

Í kjölfar stofnunar nýju bankanna haustið 2008 með uppskiptingu eigna og skulda gömlu bankanna hefur verið kallað eftir að ríkið setji sér sérstaka stefnu sem eigandi þeirra. Áður voru nær öll fjármálafyrirtæki landsins í einkaeigu og ríkið hafði ekki tilefni til að marka sér stefnu sem eigandi að fjármálafyrirtækjum. Nú þegar ríkið á eignarhluti í nokkrum fjármálafyrirtækjum sem einnig eiga í samkeppni sín á milli er æskilegt og óhjákvæmilegt að hlutverk og ábyrgð ríkisins sem eiganda séu vel skilgreind sem og markmið með eignarhaldinu. Þá er mikilvægt að tryggja góða og arðbæra nýtingu þeirra miklu fjármuna sem ríkið leggur til íslenskra fjármálastofnana.

Eigendastefnan á vef fjármálaráðuneytisins.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Skatttekjur og trygg.gjöld	5,5	-18,2
Skattar á tekjur og hagnað	9,9	-11,4
Eignarskattar	-20,6	-43,4
Skattar á vöru og þjónustu	2,8	-24,7
Tryggingagjöld	6,3	-9,4
Tekjur alls	4,4	-14,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Almenn opinber þjónusta	20,9	66,9
Heilbrigðismál	10,6	12,9
Alm.trygg. & velferðarmál	16,5	54,2
Efnahags- og atvinnumál	31,3	8,0
Menntamál	10,9	10,7
Gjöld alls	16,3	30,2

Afkoma ríkissjóðs janúar – júlí

Milljónir króna	*2008*	*2009*
Handbært fé frá rekstri	26.847	-91.234
Hreinn lánsfjárjöfnuður	35.450	-81.248
Afborgun lána	-37.941	-72.736
Brúttó lánsfjárjöfnuður	-4.801	-153.984
Lántökur	103.376	144.011
Breyting á handbæru fé	98.575	9.973

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	*2008*	*2009*
Verðbólga (ágúst)	14,5	10,9
Kjarnaverðbólga (ágúst)	12,9	10,9
Launavísitala (júlí)	9,1	2,6
Heildarvelta (jan.-apr.)	10,1	-21,0
Smásöluvelta (jan.-apr.)	2,8	-16,9
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,2	9,1

Umsjón: Þorsteinn Þorgeirsson; netfang: thorsteinn.thorgeirsson@fjr.stjr.is — Ábm.: Guðmundur Árnason. Veffang fjármálaráðuneytisins: www.fjarmalaraduneyti.is